1. Dreifikerfi í sveitum	27 000		27 000	
2. Lánagreiðslur, framlög	75 809		170 000	
3. Jarðhitaleit	5 000		5 000	
4. Sveitarafvæðing	7 500		7 500	
Rafmagnsveitur ríkisins	12 170		—	
Ríkisútvarp-Sjónvarp	2 450		4 500	
Félagsheimilasjóður	10 352		12 400	
Lántökukostnaður vegna l. nr. 13/1981 og 13/1982	55 233		40 405	
Landhelgissjóður	8 962		11 558	
Bjargráðasjóður Íslands	4 000		16 400	
Annað	1 803		4 639	

8. Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B- hluta og fjáröflun til þeirra.

	Framkvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.	Lántökur þús. kr.
A-HLUTI				
II Hita- og vatnsveitulagnir	**9 030**		**9 030**	
Hitaveita Reykjahlíðar	3 030		3 030	
Vatnsveitur	6 000		6 000	
III Samgöngumannvirki	**755 100**		**755 100**	
Vegagerð	580 000		580 000	
Almenn hafnargerð	109 400		109 400	
Landshafnir	2 000		2 000	
Flugvallargerð	51 300		51 300	
Önnur samgöngumál	12 400		12 400	
IV Önnur opinber starfsemi	**646 869**		**646 869**	
Skólabyggingar	254 060		254 060	
Sjúkrahús	141 000		141 000	
Landbúnaðarmál	137 076		137 076	
Aðrar framkvæmdir	114 733		114 733	
Samtals A-hluti, sbr. töflu 7, verklegar framkvæmdir	**1 410 999**		**1 410 999**	
B-HLUTI				
I Raforku- og rafveitufamkvæmdir	**216 500**	**7 000**	**34 500**	**175 000**
Rafmagnsveitur ríkisins	175 000	7 000		168 000
Dreifikerfi í sveitum	27 000		27 000	
Sveitarafvæðing	14 500		7 500	7 000

	Framkvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.	Lántökur þús. kr.
II Hita- og vatnsveitulagnir	**25 000**		**5 000**	**20 000**
Hitaveitur, lán Orkusjóðs	10 000			10 000
Jarðhitaleit	15 000		5 000	10 000
III Samgöngumannvirki	**460 660**	**365 740**		**94 920**
Póstur og sími	174 140	174 140		
Ríkisútvarp	45 200	45 200		
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	241 320	146 400		94 920
IV Önnur opinber starfsemi	**59 650**	**59 650**		
Áburðarverksmiðja ríkisins	25 000	25 000		
Síldarverksmiðjur ríkisins	24 650	24 650		
Sementsverksmiðja ríkisins	10 000	10 000		
Samtals B-hluti	**761 810**	**432 390**	**39 500**	**289 920**
Samtals A- og B-hluti	**2 172 809**	**432 390**	**1 450 499**	**289 920**

9. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa
Skipting eftir tekjustofnum

	Þús. kr.	Þús. kr.
Erfðafjárskattur		40 000
Erfðafjársjóður	19 400	
Gúmmígjald		1 500
Vegasjóður	1 500	
Innflutningsgjald af bensíni		603 200
Vegasjóður	603 200	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		4 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	4 000	
Álgjald		30 000
Byggðasjóður	30 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		2 600
Menningarsjóður	2 200	
Skemmtanaskattur		18 000
Sinfóníuhljómsveit Íslands	1 800	
Félagsheimilasjóður	16 200	
Launaskattur til Byggingarsjóðs verkamanna		200 000
Byggingarsjóður verkamanna	200 000	
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		380 000
Tryggingastofnun ríkisins	380 000	

Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjöld af trillubátum og búvélum		28 000
Tryggingastofnun ríkisins	28 000	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		58 500
Atvinnuleysistryggingasjóður	58 500	
Sérleyfisgjald		400
Sérleyfissjóður	400	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		600
Gæsluvistarsjóður	600	
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		5 400
Framleiðslueftirlit sjávarafurða	5 340	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	60	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		20
Krabbameinsfélag Íslands	20	
Vitagjald		6 500
Vitastofnun Íslands	6 500	
Skipaskoðunargjald		600
Siglingamálastofnun ríkisins	600	
Bifreiðaskattur		200 000
Vegasjóður	200 000	
Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra		42 000
Framkvæmdasjóður aldraðra	42 000	
Skipulagsgjald		7 050
Skipulagsstjóri ríkisins	7 050	
Flugvallagjald		28 000
Flugmálastjórn	28 000	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H. Í.		7 870
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	7 870	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		15 600
Ríkisábyrgðasjóður	15 600	
Sérlyfjagjald		430
Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit	430	
Samúðarskeyti Landssímans		700
Minningarsjóður Landspítalans	700	
Rafmagnseftirlitsgjald		9 300
Rafmagnseftirlit ríkisins	9 300	
Verðjöfnunargjald		240 000
Orkusjóður	240 000	
Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun		1 930 270
Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun	1 909 270	
Skerðing tekjustofna	21 000	
Samtals	1 930 270	1 930 270

10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa

Skipting eftir viðtakendum

		Þús. kr.
01-171	Byggðasjóður:	
	Álgjald	30 000
02-276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:	
	Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis H. Í.	7 870
02-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands:	
	Hluti skemmtanaskatts	1 800
02-976	Menningarsjóður:	
	Miðagjald til Menningarsjóðs	2 200
02-985	Félagsheimilasjóður:	
	Hluti skemmtanaskatts	16 200
05-215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	5 340
05-272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	60
07-272	Byggingarsjóður verkamanna:	
	Hluti af launaskatti	200 000
07-301	Skipulagsstjóri ríkisins:	
	Skipulagsgjald	7 050
07-971	Erfðafjársjóður:	
	Erfðafjárskattur	19 400
08-271	Tryggingastofnun ríkisins:	
	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	380 000
	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum	28 000
08-273	Atvinnuleysistryggingasjóður:	
	Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald	58 500
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra:	
	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra	42 000
08-395	Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit:	
	Sérlyfjagjald	430
08-399	Krabbameinsfélag Íslands:	
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20
08-399	Minningarsjóður Landspítalans:	
	Samúðarskeyti Landssímans	700
08-471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	600
09-971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	15 600

		Þús. kr.
10-211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	1 500
	Innflutningsgjald af bensíni	603 200
	Bifreiðaskattur	200 000
10-332	Vitastofnun Íslands:	
	Vitagjald	6 500
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	600
10-471	Flugmálastjórn:	
	Flugvallagjald	28 000
10-672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	400
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	4 000
11-301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	9 300
11-371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	240 000
	Samtals	1 909 270

11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda

	%	%
Beinir skattar		17,1
Eignarskattar	3,0	
Tekjuskattar	14,1	
Óbeinir skattar		81,3
Gjöld af innflutningi	15,6	
Gjöld af framleiðslu	7,0	
Gjöld af seldri vöru og þjónustu	53,2	
Aðrir óbeinir skattar	5,5	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		1,3
Samtals		100,0

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1982, fjárlögum 1983 og frumvarpi til fjárlaga 1984, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti)

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**85 295**	**73 261**	**115 589**
101	Embætti forseta Íslands	7 281	3 595	5 593
201	Alþingi	63 220	57 575	87 290
301	Ríkisstjórn	11 023	7 965	16 097
401	Hæstiréttur	3 771	4 126	6 609
01	**Forsætisráðuneyti**	**72 416**	**86 925**	**117 490**
101	Aðalskrifstofa	9 776	8 615	17 888
102	Þjóðhagsstofnun	4 684	4 018	7 438
171	Byggðasjóður, framlag	52 500	69 825	83 800
901	Húsameistari ríkisins	1 220	1 572	2 787
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	4 236	2 895	5 577
02	**Menntamálaráðuneyti**	**1 538 876**	**1 866 541**	**2 825 062**
101	Aðalskrifstofa	17 651	16 839	31 040
201	Háskóli Íslands	135 136	150 197	250 675
202	Tilraunastöð háskólans á Keldum	4 338	4 465	6 122
203	Raunvísindastofnun háskólans	13 163	15 111	22 495
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	5 630	4 932	7 772
206	Orðabók háskólans	1 512	1 704	2 613
207	Íslensk málnefnd	—	345	518
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	2 833	3 719	6 159
232	Rannsóknaráð ríkisins	2 365	3 048	4 956
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	3 517	4 705	9 870
301	Menntaskólinn í Reykjavík	15 766	16 060	26 309
302	Menntaskólinn á Akureyri	13 690	13 658	22 828
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	4 215	4 590	7 135
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	20 212	21 758	33 380
305	Menntaskólinn við Sund	15 386	16 105	25 325
306	Menntaskólinn á Ísafirði	10 683	10 065	14 423
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	7 808	9 813	10 354
308	Menntaskólinn í Kópavogi — fjölbraut	6 352	7 719	15 076
319	Framhaldsskólar, almennt	732	7 923	21 652
321	Kennaraháskóli Íslands	23 386	28 256	40 091
322	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans	7 169	6 118	7 744
331	Íþróttakennaraskóli Íslands	6 789	11 696	11 339
336	Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	428	528	830
351	Fjölbrautaskólar í Reykjavík	45 243	45 495	62 598

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli ...	10 708	12 860	19 240
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	10 258	10 703	16 704
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	12 039	14 922	21 758
355	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum .	3 550	4 188	6 609
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki ...	7 905	9 731	14 577
357	Fjölbrautaskólinn á Selfossi	6 822	10 433	17 688
358	Framhaldsskóli í Neskaupstað	3 935	4 081	3 555
359	Verkmenntaskóli á Akureyri	2 630	9 100	8 000
422	Námsgagnastofnun	12 597	18 529	28 040
423	Endurskoðun námsefnis	7 878	7 713	10 813
431	Iðnfræðsluráð	3 414	4 157	5 355
501	Tækniskóli Íslands	13 331	14 806	24 006
506	Vélskóli Íslands	9 932	9 924	14 468
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	4 379	4 311	6 139
514	Iðnskólinn í Reykjavík	30 331	29 947	43 913
515	Iðnskólar utan Reykjavíkur	11 385	11 011	19 864
516	Iðnskólar, almennt	—	3 256	3 950
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	2 528	3 659	4 292
518	Fiskvinnsluskólinn	2 765	8 157	4 612
521	Hjúkrunarskóli Íslands	5 060	11 326	9 308
522	Nýi hjúkrunarskólinn	1 594	1 644	2 671
523	Fósturskóli Íslands	3 898	5 103	7 583
553	Húsgtjórnarskólar	6 278	7 212	9 923
561	Myndlista- og handíðaskólinn	4 369	4 325	6 600
562	Leiklistarskóli Íslands	3 174	2 628	4 402
563	Tónlistarfræðsla	23 973	28 853	42 303
571	Sjómannaskólahúsið	4 291	4 915	7 814
580	Samvinnuskólinn	4 744	5 218	8 309
581	Verslunarskóli Íslands	12 046	14 267	23 551
601	Héraðsskólinn Reykholti	4 188	3 696	5 311
602	Héraðsskólinn Núpi	3 264	3 272	4 589
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	2 155	1 881	2 838
604	Héraðskólinn Reykjum	4 131	3 268	4 680
605	Alþýðuskólinn Eiðum	7 905	3 854	6 303
606	Héraðsskólinn Skógum	3 404	3 166	4 617
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	2 584	2 574	3 695
609	Héraðsskólinn Laugum	3 883	3 344	5 649
610	Héraðskólar, almennt	—	7 130	8 500
621	Skálholtsskóli	1 097	1 232	1 643
700	Grunnskólar, Reykjavík	141 240	136 146	215 487
710	Grunnskólar, Reykjanesi	115 848	121 258	182 675
730	Grunnskólar, Vesturlandi	49 714	46 638	75 062
740	Grunnskólar, Vestfjörðum	30 492	35 306	49 741
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra ..	37 369	35 203	56 459

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
760	Grunnskólar, Norðurlandi eystra ..	77 004	71 584	111 330
770	Grunnskólar, Austurlandi	42 329	40 489	64 072
780	Grunnskólar, Suðurlandi	61 093	58 477	98 030
791	Grunnskólar, almennt	8 634	17 310	28 095
792	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	1 014	97 026	107 700
797	Skólar fyrir þroskaheft börn	40 196	38 195	62 691
799	Heyrnleysingjaskólinn	7 339	8 447	13 240
802	Vernd barna og ungmenna	1 540	1 610	3 397
803	Dagvistarheimli, stofnkostnaður ...	14 100	27 000	30 000
871	Unglingaheimili ríkisins	3 130	1 986	2 316
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna ..	152 523	226 943	400 000
881	Náms- og fræðimenn, framlög	4 056	5 568	7 443
883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	125	236	356
884	Jöfnun námskostnaðar	9 193	14 175	17 720
885	Fullorðinsfræðsla	425	707	707
901	Landsbókasafn Íslands	4 484	5 441	8 697
902	Þjóðminjasafn Íslands	7 857	10 748	11 361
903	Þjóðskjalasafn Íslands	2 310	3 059	4 702
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	816	791	1 391
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	269	329	559
906	Listasafn Einars Jónssonar	613	761	1 241
907	Listasafn Íslands	2 774	3 739	10 813
908	Kvikmyndasafn Íslands	332	595	906
909	Blindrabókasafn Íslands	—	2 011	3 453
931	Náttúruverndarráð	3 316	5 325	6 916
972	Ríkisútvarp, sjónvarp	2 339	2 450	4 500
973	Þjóðleikhúsið, framlög	27 110	28 313	39 934
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	9 644	9 409	14 280
975	Vísindasjóður	80	80	700
976	Menningarsjóður, framlag	1 700	1 610	2 200
977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu ..	7 403	15 000	2 000
980	Listskreytingarsjóður ríkisins	—	2 000	2 000
982	Listir, framlög	18 371	30 664	35 069
983	Ýmis vísindaleg starfsemi	114	156	155
984	Norræn samvinna	1 825	1 411	3 971
985	Félagsheimilasjóður	6 849	10 352	12 400
986	Íþróttasjóður	10 269	16 745	20 500
988	Æskulýðsmál	1 617	2 554	2 610
989	Ýmis íþróttamál	5 616	7 485	12 709
991	Húsfriðun	779	2 216	6 535
999	Ýmislegt	2 596	3 748	3 763

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
03	**Utanríkisráðuneyti**	**123 422**	**130 928**	**230 560**
101	Aðalskrifstofa	20 098	16 369	34 925
102	Varnarmáladeild	2 500	1 908	4 071
201	Lögreglustjórinn Keflavíkurflugvelli	23 789	21 935	35 239
301	Sendiráð Íslands í Bonn	2 890	3 380	6 346
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 067	3 479	6 860
303	Sendiráð Íslands í London	4 498	4 502	8 159
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	3 672	3 971	7 241
305	Sendiráð Íslands í Osló	2 960	3 655	6 843
306	Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	3 962	4 488	8 270
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	2 754	3 297	5 509
308	Sendiráð Íslands í Washington	5 291	5 735	10 703
309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ., aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York	5 993	6 588	13 684
311	Sendiráð Íslands í Brussel, fastanefnd Íslands hjá NATO	3 946	4 461	8 554
312	Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	3 240	4 055	7 995
313	Sendiráð, almennt	—	50	3 996
390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	—	—	13 641
399	Utanríkismál, ýmis starfsemi	16 450	18 854	3 985
401	Alþjóðastofnanir	18 312	24 201	44 539
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**394 032**	**573 500**	**630 307**
101	Aðalskrifstofa	4 543	4 423	9 166
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	3 124	4 260	4 250
172	Jarðasjóður	1 188	1 003	1 250
201	Búnaðarfélag Íslands	9 448	12 572	20 234
205	Veiðistjóri	2 260	1 749	2 304
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	16 789	19 835	25 543
207	Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum	4 225	5 582	8 019
231	Skógrækt ríkisins	13 726	11 708	17 084
235	Landgræðsla ríkisins	16 605	9 120	14 188
241	Landnám ríkisins	2 007	2 302	2 465
242	Mat á landbúnaðarafurðum	898	783	1 258
243	Sauðfjárveikivarnir	7 517	4 314	6 378
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	357	428	583
246	Veiðimálaskrifstofan	4 159	5 185	8 526
247	Yfirdýralæknir	6 240	7 832	12 033

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
270	Landgræðslu- og landverndaráætlun	211	21 310	27 164
271	Landgræðslusjóður	361	478	600
272	Einangrunarstöð holdanauta Hrísey	645	430	572
286	Landbúnaður, framlög	598	1 135	880
287	Stofnlánadeild landbúnaðarins	15 660	22 828	12 060
288	Jarðræktarlög, framlög	54 225	71 843	81 358
289	Jöfnunargjald	—	—	1 200
290	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	171 976	262 650	280 000
291	Búfjárrækt, framlag skv. lögum nr. 31/1973	6 875	9 976	13 233
299	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	24 043	66 210	41 456
501	Bændaskólinn Hvanneyri	10 759	11 565	17 578
502	Bændaskólinn Hólum	10 819	8 557	11 121
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	4 774	5 422	9 804
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**139 953**	**169 039**	**209 744**
101	Aðalskrifstofa	5 142	6 095	10 658
201	Fiskifélag Íslands	6 091	7 817	11 674
202	Hafrannsóknastofnun	52 018	59 786	91 833
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	9 199	10 897	15 287
215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	21 316	21 980	34 790
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1 045	1 308	1 980
272	Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	180	128	60
274	Aflatryggingasjóður	10 498	15 515	18 600
275	Fiskveiðasjóður	20 000	26 600	—
298	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	3 728	5 358	5 358
299	Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	5 403	5 506	7 413
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	5 333	8 049	12 091
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**573 155**	**517 597**	**806 648**
101	Aðalskrifstofa	6 561	6 520	11 349
102	Stjórnartíðindi	2 448	2 199	4 253
103	Kosningar	629	—	—
201	Hæstiréttur	2 291	2 382	4 254
202	Ríkissaksóknari	3 339	4 086	6 553
203	Borgardómarinn í Reykjavík	6 620	7 208	11 308
204	Borgarfógetinn í Reykjavík	8 293	7 502	13 311
205	Sakadómur Reykjavíkur	6 291	7 117	11 439
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	97 637	95 898	144 677

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	24	—	—
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	19 624	21 790	36 586
209	Dómhús í Reykjavík	—	100	50
211	Sýslumenn og bæjarfógetar	1 049	300	9 960
212	Bæjarfógeti Akranesi	7 608	4 992	7 562
213	Sýslumaður Borgarnesi	5 691	3 743	5 648
214	Sýslumaður Stykkishólmi	7 817	5 545	8 122
215	Sýslumaður Búðardal	1 715	1 973	2 848
216	Sýslumaður Patreksfirði	4 595	2 903	4 201
217	Bæjarfógeti Bolungarvík	2 004	1 577	2 593
218	Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	9 457	5 104	7 653
219	Sýslumaður Hólmavík	1 561	1 104	1 616
221	Sýslumaður Blönduósi	6 672	3 631	5 501
222	Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	7 055	3 617	5 494
223	Bæjarfógeti Siglufirði	3 662	3 445	5 031
224	Bæjarfógeti Ólafsfirði	2 377	1 640	2 943
225	Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	21 459	15 032	24 882
226	Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	8 868	5 941	9 493
227	Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	5 842	4 537	8 405
228	Bæjarfógeti Neskaupstað	2 186	2 065	3 316
229	Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	8 616	7 509	7 952
230	Sýslumaður Höfn í Hornafirði	3 324	2 408	3 723
231	Sýslumaður Vík í Mýrdal	1 788	1 702	2 456
232	Sýslumaður Hvolsvelli	4 215	3 670	5 208
233	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	8 579	6 751	10 302
234	Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	14 047	7 531	12 557
235	Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	22 154	15 092	23 681
236	Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	25 381	19 479	35 409
237	Bæjarfógeti Kópavogi	14 209	12 289	19 524
238	Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	1 258	1 279	1 883
241	Hegningarhúsið í Reykjavík	4 471	4 496	7 288
242	Vinnuhælið Litla-Hrauni	16 391	15 376	27 645
243	Vinnuhælið Kvíabryggju	2 961	3 181	5 115
244	Fangelsi við Síðumúla	3 107	3 731	5 424
247	Skilorðseftirlit ríkisins	677	751	1 235
251	Landhelgisgæsla Íslands	96 376	98 866	140 963
252	Bifreiðaeftirlit ríkisins	19 927	15 828	26 153

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
253	Almannavarnir ríkisins	2 809	1 936	3 744
254	Sjómælingar Íslands	3 197	3 595	—
255	Umferðarráð	2 059	2 798	3 770
262	Löggildingarstofan	1 318	931	1 346
281	Dómsmál, ýmis starfsemi	5 504	6 053	10 494
282	Ýmis löggæslukostnaður	6 089	3 999	5 336
283	Fangamál, ýmis kostnaður	1 664	2 413	2 610
284	Áfengis- og fíkniefnamál	143	143	237
301	Þjóðkirkjan	47 014	51 238	—
301	Biskup Íslands	—	—	5 839
302	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	5	—	1 382
303	Prestaköll og prófastdæmi	154	—	65 167
304	Ýmis kirkjuleg málefni	—	—	8 357
371	Kirkjubyggingasjóður	770	1 000	1 200
372	Kirkjugarðasjóður	1	1	—
373	Kristnisjóður	1 731	1 600	1 600
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**246 508**	**492 747**	**696 448**
101	Aðalskrifstofa	5 024	5 055	9 252
271	Húsnæðisstofnun ríkisins	53 770	141 514	200 000
272	Byggingarsjóður verkamanna	104 635	158 050	200 000
301	Skipulagsstjóri ríkisins	5 847	8 389	12 474
302	Ríkissáttasemjari	2 593	2 402	3 978
371	Lánasjóður sveitarfélaga	4 145	5 510	—
399	Vatnsveitur	5 189	5 000	6 000
700	Málefni fatlaðra	—	—	40 303
750	Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík	—	—	26 302
760	Skálatún, Mosfellssveit	—	—	24 879
770	Tjaldanes, Mosfellssveit	—	—	8 833
780	Sólborg, Akureyri	—	—	33 597
790	Sólheimar, Grímsnesi	—	—	13 812
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	—	—	40 000
951	Brunamálastofnun ríkisins	÷6	—	—
952	Endurhæfingarráð	638	707	—
953	Jafnréttisráð	869	722	1 119
954	Vinnueftirlit ríkisins	757	—	—
971	Erfðafjársjóður, framlag	9 832	16 185	19 400
972	Bjargráðasjóður Íslands	4 900	8 522	21 800
976	Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	21 536	39 960	—
977	Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	10 250	19 803	—
978	Heimili fyrir þroskahefta	—	51 084	—
981	Vinnumál	7 740	11 373	14 392
982	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	1 311	1 500	1 500
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	7 478	16 971	18 807

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**3 503 377**	**4 946 564**	**6 734 293**
101	Aðalskrifstofa	7 404	7 135	11 542
271	Tryggingastofnun ríkisins	2 547 431	3 480 975	4 666 000
273	Atvinnuleysistryggingasjóður	91 603	120 000	175 500
274	Eftirlaunasjóður aldraðra	12 930	14 570	21 130
301	Landlæknir	3 466	3 435	5 189
302	Ríkisspítalar, skrifstofa	14 650	12 981	21 365
310	Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar	—	2 917	—
311	Rannsóknastofa háskólans	14 304	12 385	19 251
312	Blóðbankinn	7 716	6 090	11 100
319	Matvælarannsóknir ríkisins	2 743	—	—
321	Geislavarnir ríkisins	657	—	—
322	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	1 803	—	—
323	Tryggingaeftirlitið	492	—	—
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	7 664	8 559	12 185
325	Hollustuvernd ríkisins	1 463	7 963	12 990
371	Landspítalinn	366 556	422 839	615 991
372	Landspítalinn, kvennadeild	59 575	65 890	102 711
373	Kleppsspítali	92 259	109 048	166 337
374	Vífilsstaðaspítali	35 594	39 038	58 524
375	Kristneshæli	13 391	16 410	25 284
376	Kópavogshæli	48 099	51 308	81 125
377	Vistheimilið Gunnarsholti	6 984	5 222	7 509
378	Læknishéraðasjóður	461	450	700
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	68 163	147 898	124 285
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	29 700	40 000	42 000
386	St. Jósepsspítali, Landakoti	—	155 393	237 199
387	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	—	135 079	207 481
391	Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	44 719	51 108	72 675
392	Berklavarnir	474	—	—
393	Skólayfirlæknir	224	—	—
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	775	639	937
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	15 237	20 792	24 498
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	1 526	3 282	3 325
481	Bindindisstarfsemi	1 076	1 406	1 867
501	Ljósmæðraskóli Íslands	440	1 515	2 137
502	Þroskaþjálfaskóli Íslands	1 580	2 237	3 456
09	**Fjármálaráðuneyti**	**423 873**	**1 162 585**	**753 421**
101	Aðalskrifstofa	12 180	12 873	19 722
103	Ríkisbókhald	10 255	8 751	14 402
104	Ríkisfjárhirsla	2 930	2 563	5 134
201	Ríkisskattstjóri	9 358	10 936	17 348
202	Skattstofan í Reykjavík	15 878	18 024	26 630
203	Skattstofa Vesturlands	2 256	2 551	4 021
204	Skattstofa Vestfjarða	1 881	2 461	3 910
205	Skattstofa Norðurlands vestra	2 350	2 554	3 981

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
206	Skattstofa Norðurlands eystra	3 908	4 719	7 172
207	Skattstofa Austurlands	2 152	2 476	3 730
208	Skattstofa Suðurlands	2 302	2 746	4 241
209	Skattstofa Vestmannaeyja	1 233	1 137	1 768
211	Skattstofa Reykjaness	5 201	6 225	9 456
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	13 473	12 358	19 968
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	2 369	2 650	4 047
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	5 268	5 235	7 929
261	Tollstjórinn í Reykjavík	15 938	15 870	25 867
263	Tollgæsla	19 858	19 655	31 879
282	Tollamál	1 546	6 350	5 933
381	Uppbætur á lífeyri	140 918	225 963	256 646
382	Eftirlaun samkvæmt launalögum	1 720	1 124	3 500
383	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	967	1 483	1 483
384	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur	605	923	923
402	Fasteignamat ríkisins	6 249	6 893	10 240
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	331	37 000	42 250
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	÷6	—	—
971	Ríkisábyrgðasjóður	23 296	20 000	30 000
981	Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði	13 861	2 580	—
981	Laugavegur 166	—	—	6 000
988	Láglaunabætur, fjárveiting undir stofnun 09 989	50 257	—	—
989	Launa- og verðlagsmál	—	511 600	69 000
990	Efnahagsráðstafanir	—	130 000	—
999	Ýmislegt	55 339	84 885	116 241
10	**Samgönguráðuneyti**	**957 985**	**1 212 141**	**1 397 236**
101	Aðalskrifstofa	4 135	4 152	7 197
211	Vegagerð ríkisins	633 030	838 000	949 000
321	Strandferðir, framlög	41 060	70 486	55 961
325	Rekstrardeild ríkisskipa	2 762	3 323	—
331	Vita- og hafnarmálaskrifstofa	6 118	4 527	7 063
332	Vitastofnun Íslands	14 820	18 589	25 780
333	Hafnarmál	77 798	122 736	134 912
341	Siglingamálastofnun ríkisins	9 132	9 629	16 067
342	Sjóslysanefnd	519	404	626
471	Flugmálastjórn	90 601	102 709	141 981
485	Ýmis framlög	1 611	2 363	1 800
486	Aðstoð við Flugleiðir hf.	44 375	—	—
651	Ferðamálaráð	6 621	6 299	6 500
652	Veðurstofa Íslands	20 283	26 388	46 284
656	Landmælingar Íslands	4 279	2 136	3 665
672	Sérleyfissjóður	841	400	400

		Reikningur 1982 þús. kr.	Fjárlög 1983 þús. kr.	Frumvarp 1984 þús. kr.
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**341 626**	**460 838**	**922 269**
101	Aðalskrifstofa	5 151	5 624	9 200
201	Iðntæknistofnun Íslands	10 123	12 755	18 898
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	7 796	8 649	12 069
204	Verkstjórnarnámskeið	361	415	500
205	Stjórnunarnámskeið	341	477	580
206	Námskeið í stjórn vinnuvéla	497	421	650
207	Eftirmenntun í iðju og iðnaði	912	1 300	1 755
221	Lánasjóðir iðnaðarins	11 870	17 189	5 000
222	Aðlögunargjald	16	—	—
234	Lagmetisiðjan Siglósíld	900	2 500	—
235	Fyrirtæki og stofnanir, framlög	2 067	2 894	2 900
240	Iðnaðarrannsóknir	3 007	4 000	10 000
289	Jöfnunargjald	37 770	43 355	77 000
299	Iðja og iðnaður, framlög	9 901	5 470	7 535
301	Orkustofnun	45 107	57 631	74 048
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	8 954	7 979	12 584
311	Landsvirkjun, eiginfjárframlag	5 220	—	—
321	Rafmagnsveitur ríkisins	19 750	12 170	—
371	Orkusjóður	165 197	237 409	452 050
399	Ýmis orkumál	6 686	40 600	237 500
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**849 076**	**884 645**	**1 098 974**
101	Aðalskrifstofa	5 684	6 484	12 113
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	805 406	839 000	1 010 000
202	Olíunotkun til húshitunar, styrkur	29 296	29 200	61 500
902	Verðlagsstofnun	8 035	9 456	14 135
903	Skráning hlutafélaga	724	505	1 226
999	Viðskiptamál, ýmis verkefni	69	—	—
13	**Hagstofa Íslands**	**6 920**	**9 102**	**14 204**
101	Aðalskrifstofa	5 089	6 801	10 542
102	Þjóðskráin	1 831	2 301	3 662
14	**Ríkisendurskoðun**	**9 014**	**10 755**	**17 540**
101	Aðalskrifstofa	9 014	10 755	17 540
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**	**213 332**	**375 790**	**856 427**
101	Aðalskrifstofa	4 307	5 759	9 840
181	Ríkisbifreiðar, framlög	—	1 000	1 500
182	Tölvumál	570	4 031	5 087
991	Ýmis lán ríkissjóðs	208 455	365 000	840 000
	Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	9 478 860	12 972 958	17 426 212

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1984 felst breytt stefna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum frá því sem verið hefur síðustu ár. Í frumvarpinu koma í senn fram ýmsir höfuðþættir í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næsta ári og viðleitni hennar til að draga úr ríkisumsvifum án þess þó að skerða mikilvæga félagslega þjónustu. Jafnframt er gerð alvarleg tilraun til að setja fram raunhæf, marktæk fjárlög, en skort hefur á hin síðustu ár að fjárlögin gæfu rétta mynd af raunverulegu umfangi í starfsemi ríkisins og væru það hagstjórnartæki, sem efni standa til.

Á sl. vori hóf ríkisstjórnin feril sinn með því að lækka skatta en á undanförnum árum hafa skattar verið hækkaðir og nýir lagðir á. Með þessu móti gengur ríkið á undan þegar kreppir að og léttir jafnframt byrðum af heimilunum sem óumflýjanlega þyngjast þegar markmiðið er að hemja verðbólguna og draga samtímis úr erlendri skuldasöfnun. Lækkandi þjóðartekjur gera þessa stefnu erfiðari en jafnframt meira knýjandi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir svo m. a. um ríkisfjármál:

„Gerð fjárlaga fyrir árið 1984 miðist við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálunum.“ Þá segir einnig: „Gagnger endurskoðun fari fram á ríkisfjármálunum við undirbúning og gerð fjárlaga framvegis með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifum og útgjöldum. Skipan tolla og aðflutningsgjalda verði einfölduð, uppsöfnunaráhrifum eytt og stefnt að lækkun þeirra.“

Í þessu fjárlagafrumvarpi er framangreindri stefnu fylgt. Á hinn bóginn er ástand efnahags- og ríkisfjármála miklum mun verra en nokkurn óraði fyrir þegar ríkisstjórnin var mynduð. Svigrúm er því ekki til meiri skattalækkana á næsta ári en þegar er orðið, en frumvarpið er við það miðað, að skattbyrði heimilanna vegna tekju- og eignarskatta haldist óbreytt í hlutfalli við tekjur. Þetta verður framkvæmt með beitingu skattvísitölu og breytingu á skattþrepum.

Á síðustu árum hefur efnahagslífið einkennst af eyðslu þjóðarinnar umfram efni. Þannig var viðskiptahalli gagnvart útlöndum 10% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1982. Óhjákvæmilegt er að draga úr þjóðarútgjöldum, þannig að þau fari ekki fram úr þjóðartekjum. Á sama tíma felur samdráttur í þjóðartekjum og heildareftirspurn í sér stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóð af aðflutningsgjöldum og söluskatti. Áætlað hefur verið að tekjutap nemi skv. frumvarpinu um 1800 m. kr. miðað við raunverulegar tekjur ríkissjóðs af þessum sköttum á árinu 1982. Þegar haft er í huga, að heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 17,4 milljarðar skv. frumvarpinu, er ljóst, að þetta tekjutap ásamt skattalækkun, sem ákveðin hefur verið á yfirstandandi ári og er áætluð 650—700 m. kr. á næsta ári, setur útgjöldum mjög þröngar skorður. Þessar aðstæður og sú stefna ríkisstjórnarinnar að minnka ríkisumsvif krefst aðhalds og endurskipulagningar ríkisútgjalda. Þeirri stefnu er fylgt í frumvarpinu. Sú stefnubreyting í skatta- og ríkisfjármálum, sem áður er lýst, verður ekki framkvæmd í einu vetfangi. Hana þarf að framkvæma í áföngum.

Þetta fjárlagafrumvarp ber merki þess hættulega ástands sem ríkti þegar ríkisstjórnin tók við á sl. vori. Þjóðarframleiðsla hefur dregist saman annað árið í röð og er því spáð, að þessi samdráttur muni nema um 10% á mann á árunum 1982 og 83. Verðbólga stefndi langt yfir 100%, sem haft hefði í för með sér m. a. óbærilega greiðslubyrði atvinnuvega og einstaklinga. Atvinnubrestur hefði fylgt í kjölfarið, ef ekki hefði verið að gert. Erlend skuldasöfnun var orðin stóralvarleg og langt umfram það sem hægt er að réttlæta með lántökum til arðbærra framkvæmda. Jafnvel á metaflaárunum 1980 og 1981 varð halli á

viðskiptum þjóðarinnar við útlönd miðað við þjóðarframleiðslu. Á árinu 1982 var þessi halli enn alvarlegri. Undanfarin ár hafa því verði tekin erlend lán til eyðslu umfram efni. Áætlaðar heildarskuldir þjóðarbúsins erlendis verða u. þ. b. 60% af þjóðarframleiðslu um næstu áramót. Slíkri eyðsluskuldasöfnun verður að linna svo að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar verði ekki hætt.

Þessi óhagganlega staðreynd setur allri efnahagsstjórn, gerð lánsfjáráætlunar og fjárlaga mjög þröngan ramma. Nýjar erlendar lántökur, sem áformaðar eru skv. drögum að lánsfjáráætlun, eru verulega minni en lántökur eru taldar verða í raun á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin hefur sett sér það meginmarkmið að skuldir þjóðarbúsins út á við aukist ekki á næsta ári frá því sem verður í lok þessa árs. Þetta, ásamt tekjutapi ríkissjóðs af söluskatti og aðflutningsgjöldum, þrengir gífurlega allt svigrúm til framkvæmda, almennra útgjalda og skattalækkana á næsta ári.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum hinn 26. maí sl. greip hún strax til róttækra efnahagsráðstafana. Þessar ráðstafanir, sem öllum eru kunnar, beindust að því að draga ört úr verðbólgu, minnka viðskiptahallann við útlönd og tryggja afkomu atvinnuveganna og þar með atvinnuöryggi. Árangur þessara aðgerða hefur þegar komið í ljós. Þannig var árshraði verðbólgunnar í september kominn niður fyrir 30% samanborið við tölur sem voru verulega yfir 100% á tímabilinu febrúar til ágústloka. Vextir hafa verið lækkaðir, atvinna verið viðunandi og dregið úr viðskiptahalla á síðari hluta ársins.

Ríkisstjórnin hefur einsett sér að fylgja þessum árangri eftir, koma jafnvægi á í þjóðarbúskapnum og ná verðbólgunni niður á svipað stig og gerist í viðskiptalöndum okkar og leggja þannig grunn að aukinni þjóðarframleiðslu og bættum lífskjörum alls almennings. Þetta krefst samstillts átaks þjóðarinnar allrar. Meðal annars verður að stilla peningalaunahækkunum í hóf, lækka ríkisútgjöld að raungildi og ná sem mestu jafnvægi í peninga- og ríkisfjármálum.

Í stefnuyfirlýsingu sinni skilgreinir ríkisstjórnin grundvöll efnahagsstefnu sinnar með eftirfarandi hætti:

„Festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgjörð ákvarðana í efnahagslífinu. Að loknum aðlögunartíma beri aðilar vinnumarkaðarins ábyrgð á samningum um kaup og kjör í ljósi opinberrar stefnu í gengis- og kjaramálum."

Í stefnuyfirlýsingunni kemur einnig fram, að ríkisstjórnin muni í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984 og í ljósi þjóðhagsáætlunar marka stefnu í ríkisfjármálum, peninga-, launa- og gengismálum. Miðað við að unnt verði að halda gengi krónunnar sem stöðugustu á árinu 1984 og ná settu marki í verðbólgumálum er svigrúm til launahækkana ekki meira en 4—6% að meðaltali á árinu 1984. Í samræmi við þetta hefur ríkisstjórnin ákveðið að marka stefnu í launamálum gagnvart starfsmönnum ríkisins í þessu frumvarpi og eru forsendur fjárlagafrumvarpsins í meginatriðum þær, að laun hækka frá desemberverðlagi um 6% og önnur rekstrargjöld um 4%.

Með slíkri stefnumörkun er brotið blað í efnahagsstjórn hér á landi. Stefnan er opinberlega mörkuð og allir aðilar geta þannig tekið ákvarðanir út frá þeirri viðmiðun. Það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að hvika ekki frá þeirri stefnu. Þar með hvílir sú ábyrgð á öðrum aðilum í hagkerfinu að gæta þess að ekki sé farið út fyrir þau mörk sem samræmast jafnvægi í þjóðarbúskapnum og áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Markmiðið er að sjálfsögðu að skapa skilyrði til aukinnar framleiðni og framleiðslu á ný, en það er eina raunhæfa leiðin til bættra lífskjara og atvinnuöryggis. Þetta fjárlagafrumvarp er snar þáttur í þessari heildarstefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Á árinu 1983 verður umtalsverður halli á ríkissjóði. Tekjutap ríkissjóðs vegna samdráttar þjóðartekna er verulegt og verðbólgan fór langt fram yfir „reiknitölu" fjárlaga. Ekki voru nægjanlegar ráðstafanir gerðar til þess að fjárlög yrðu raunhæf í ört vaxandi verðbólgu og í samræmi við veruleikann. Við slíkar aðstæður er ógerningur að beita fjárlögum og greiðsluáætlunum til þess að hafa heildarstjórn á ríkisfjármálum og hafa þá yfirsýn sem er forsenda fyrir aðhaldssömum rekstri ráðuneyta og stofnana.

Í þessu fjárlagafrumvarpi eru tekin upp ný og breytt vinnubrögð. Þar er hvarvetna beitt ströngu aðhaldi, en þeir þættir í rekstri ráðuneyta og stofnana sem ætlunin er að haldist óbreyttir eru metnir á sem raunhæfastan hátt miðað við upplýsingar úr ríkisreikningi um hvað starfsemin raunverulega kostar.

Í því skyni að auka sparnað og stuðla að rekstrarjöfnuði hafa launaliðir stofnana verið lækkaðir frá þessu raungildi um 2,5% og önnur rekstrargjöld um 5%. Ráðuneyti og stofnanir munu fá fyrirmæli um að draga saman seglin á sínu sviði sem þessu nemur. Settar verða reglur um starfsmannahald sem m. a. taka til endurráðninga starfsmanna og yfirvinnu. Sparnaður ráðuneyta og stofnana næst ekki endilega með jafnri niðurfærslu allra útgjaldaliða heldur með heildarlækkun útgjalda hvers ráðuneytis. Á þessum forsendum verða ráðuneyti og ríkisstofnanir bæði í A- og B-hluta að gera greiðsluáætlanir fyrir árið 1984.

Ríkt verður gengið eftir því að rekstur ríkiskerfisins verði í samræmi við þessar greiðsluáætlanir og aukafjárveitingar ekki veittar nema í algerum undantekningartilvikum. Með þessari nýbreytni er ætlunin að ná fram í samvinnu við einstök ráðuneyti meiri festu og aðhaldi í stjórn ríkisfjármála.

Tekjur skv. fjárlagafrumvarpinu eru áætlaðar 17 435 m. kr. Útgjöld eru áætluð 17 426 m. kr. Á tekjuhlið er gert ráð fyrir lækkun tekna vegna niðurfellingar skatts á ferðamannagjaldeyri, lækkunar aðflutningsgjalda, aukinnar heimildar til niðurfellingar söluskatts og þeirrar lækkunar tekjuskatts sem ákveðin var á yfirstandandi ári. Tekjur af aðflutningsgjöldum og söluskatti eru að öðru leyti áætlaðar í samræmi við þær þjóðhagsforsendur er koma fram í þjóðhagsspá fyrir árið 1984. Í þeim felst 4–5% samdráttur í veltu og innflutningi að raungildi frá árinu í ár. Áætlun um tekjuskatt einstaklinga er við það miðuð að skattalækkun sú sem orðin er haldist á næsta ári og að skattbyrði þyngist ekki miðað við greiðsluár. Í þessu skyni verður að breyta skattþrepum. Þá er einnig stefnt að öðrum breytingum á skattalögum, svo sem varðandi skattlagningu hlutafjár. Frumvarp um það efni, svo og um skattvísitölu fyrir árið 1984, verður lagt fyrir Alþingi fljótlega.

Við ríkjandi aðstæður er ekki unnt að lækka skatta meira en gert hefur verið. Á hinn bóginn er stefnt að frekari skattalækkun í áföngum síðar, m. a. niðurfellingu skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og fleiri gjalda.

Ljóst er að tekjubrestur vegna samdráttar í aðflutningsgjöldum og söluskatti hefði haft í för með sér mikinn rekstrarhalla hjá ríkissjóði skv. frumvarpinu ef veruleg lækkun útgjalda kæmi ekki til. Áður hefur verið getið um sparnað í launa- og rekstrarútgjöldum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulega minni framlögum til ýmissa sjóða miðað við gildandi lög, svo og lækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda og heilbrigðis- og tryggingamála, auk þess sem niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum eru áætlaðar hinar sömu að krónutölu og í ár. Gert er ráð fyrir því að sambærileg skerðing verði á ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna og varð á síðari hluta þessa árs. Þá er gert ráð fyrir því að ýmsar ríkisstofnanir selji þjónustu sína á eðlilegu verði og að sértekjur þeirra hækki í samræmi við það.

Strangs aðhalds er gætt við áætlun útgjalda í öllu frumvarpinu. Að meginstefnu til er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þess að ráða í nýjar stöður. Þó er gert ráð fyrir nýjum stöðum á stofnunum fatlaðra og þroskaheftra og í skólakerfinu. Í athugun er að fresta gildistöku ýmissa nýrra laga sem hafa mikinn kostnað í för með sér og að flytja verkefni og

tekjustofna í áföngum til sveitarfélaga á næstu árum. Þá er stefnt að fleiri kerfisbreytingum og athuga starfsemi ráðuneyta og stofnana með tilliti til hagræðingar og sparnaðar. Aukið verður aðhald og eftirlit með utanlandsferðum ríkisstarfsmanna og nýjar reglur settar um notkun ríkisstofnana á bifreiðum og greiðslu til starfsmanna fyrir akstur. Þá er sala á eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum þáttur í þeirri stefnu stjórnvalda að draga úr ríkisumsvifum. Margar þessara aðgerða eru þess eðlis, að þær þurfa eðlilega nokkurn undirbúningstíma og koma aðeins að takmörkuðu leyti fram í beinum sparnaði eða lækkun útgjalda í þessu frumvarpi.

Stefnt er að umfjöllun á Alþingi um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 samtímis fjárlagafrumvarpi. Brýnt er að mótuð verði heilsteypt stefna í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingu og lánsfjármálum, en slíka samræmda stefnu hefur mjög skort undanfarin ár. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er mjög mikil 1984 og skýrist það af ýmsu. Afborganir af lánum ríkissjóðs verða alls um 1 140 m. kr. eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þar er m. a. um að ræða greiðslu á skyldusparnaði frá árinu 1978 að upphæð um 290 m. kr. Þá nema afborganir af lánum vegna byggðalína alls 150 m. kr. Auk þess nema vaxtagreiðslur vegna sömu lána um 270 m. kr. Afborganir og vextir byggðalínulána hafa ekki áður verið færðar í A-hluta fjárlagafrumvarpsins.

Mjög háar afborganir ríkissjóðslána 1984 leiða til þess að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er veruleg enda ekki afgangur á rekstrarreikningi. Þetta eykur þann vanda að ná greiðslujöfnuði í ríkisfjármálum, auk þess sem lánsfjárþörf ríkissjóðs er mjög umtalsverð og verður að beinast að innlendum lánsfjármarkaði. Efling innlends lánsfjármarkaðar er nú í athugun sem hluti af gerð lánsfjáráætlunar næsta árs. Þetta er eitt erfiðasta viðfangsefni stjórnvalda.

Vegna óvissu í þessum málum eru þrír framkvæmdaþættir áfram til úrlausnar og þeim því ekki gerð full skil í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á húsnæðismál. Ríkisstjórnin skipaði nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verður lagt fyrir Alþingi í þingbyrjun. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að öll lán hjá Byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð um 50% um næstkomandi áramót, lánstími lengdur og lánin afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Þetta eykur fjárþörf til Húsnæðisstofnunar ríkisins verulega, en hér er um að ræða málaflokk, sem verið hefur í algerri sjálfheldu, sem mikils er um vert að brjótast úr, sérstaklega fyrir ungt fólk, sem er að hefja lífsstarfið. Með þessum aðgerðum er einnig að því stefnt að jafna aðstoð ríkisins við þá sem byggja eigið húsnæði og þeirra sem fá svonefnt félagslegt húsnæði í verkamannabústöðum.

Í öðru lagi er stefnt að því að halda uppi öflugum framkvæmdum í vegamálum. Stefnt er að því að útgjöld til vegamála nemi allt að 2,2% af þjóðarframleiðslu 1984 en þetta er málaflokkur sem ríkisstjórnin vill skoða í samhengi við færar fjáröflunarleiðir. Að svo komnu máli miðast gjaldatala vegagerðar við tekjur af mörkuðum tekjustofnum og hreinu ríkisframlagi. Í þriðja lagi er lánsfjáröflun til ýmissa orkufyrirtækja, sérstaklega Landsvirkjunar, í athugun. Því koma ekki í B-hluta frumvarpsins fram áform um fjárfestingu á árinu 1984.

Um fyrirætlanir á öðrum sviðum en hér eru nefnd er fjallað í athugasemdum hér að neðan en ljóst er að fjárfesting hins opinbera dregst saman að raungildi allt að 8–9% miðað við fyrirliggjandi áform.

Meginatriðið er að erlendar skuldir haldi ekki áfram að aukast. Því verða ýmsar þarfar framkvæmdir að bíða þess að á ný rofi til í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin vinnur nú markvisst að því að ná tökum á efnahagslífi landsmanna og fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur. Þetta fjárlagafrumvarp er mikilvægur liður í þeirri viðleitni og verður að skoðast í ljósi þess mikla og sérstaka vanda sem nú blasir við í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1983 OG ENDURSKOÐAÐA ÁÆTLUN 1983

Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarp, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis á árunum 1983 og 1984. Til grundvallar liggur mörkuð stefna ríkisstjórnarinnar annars vegar frá því í maí 1983 með setningu bráðabirgðalaga nr. 56/1983, um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, og hins vegar stefna ríkisstjórnarinnar um breytingu launa og verðlags á árinu 1984.

Launaáætlun einstakra stofnana er í frumvarpinu í samræmi við áætlað launastig á árinu 1984, og er þá miðað við að laun hækki um 8% 1. júní og 4% 1. október 1983. Að auki er gengið út frá að laun á árinu 1984 verði 6% hærri en í árslok 1983. Laun opinberra starfsmanna hækka því að meðaltali um 14,5—15,0% milli áranna 1983 og 1984. Hins vegar hafa launaáætlanir fyrir einstakar stofnanir verið lækkaðar um sem nemur 2,5%, sem er liður í sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að verðlag á árinu 1984 verði að meðaltali 4% hærra en í árslok 1983. Er þá m. a. gengið út frá að hækkunarþörf á opinberri þjónustu hafi að fullu komið fram fyrir lok þessa árs. Hækkun milli áranna 1983 og 1984 á helstu mælistikum innlends verðlags er því sú, að byggingarvísitala hækki um 22—23% og að hækkun verðlags á almennum rekstrargjöldum stofnana nemi svipuðu hlutfalli.

Tekju- og gjaldahlið frumvarpsins er reist á þeim verðlagsforsendum sem hér hafa verið raktar. Áætlun um tekjuhlið frumvarpsins mótast jafnframt af þjóðhagsforsendum um þróun kaupmáttar og ýmissa þjóðhagsstærða. Sýnt er að velta muni dragast saman um 4—5% en velta ræður meiru um tekjuöflun ríkissjóðs en flest annað. Tekjur af beinum sköttum eru miðaðar við að skattbyrði milli áranna 1983 og 1984 aukist ekki og verður skattheimta ákveðin í samræmi við það. Frumvarp um skattvísitölu og skattþrep verður lagt fyrir Alþingi síðar.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af aðhaldssemi í fjárframlögum. Launaliður er skertur um 2,5% frá áætlun og sömuleiðis almenn rekstrargjöld um 5%. Markvisst hefur verið dregið úr framlögum til sjóða, eru þau ýmist felld niður eða þá að hækkanir eru innan mjög þröngra marka. Framlög til verklegra framkvæmda eru að raungildi verulega dregin saman eða með öllu felld niður. Rekstrar- og neyslutilfærslur miðast við það að ýtrasta sparnaðar verði gætt.

Í inngangi athugasemdanna með frumvarpinu eru sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar skýrðar. Áætlanir um rekstur B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs eru miðaðar við sömu verðlagsforsendur og eiga við um A-hluta frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að sparnaðaráform þau sem rakin hafa verið varðandi laun og önnur rekstrargjöld nái einnig til fyrirtækja í B-hluta. Mun það m. a. koma fram við ákvörðun á gjaldskrám þessara fyrirtækja á næsta ári. Um rekstur B-hluta fyrirtækja mun að venju verða nánar fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Í nokkrum tilvikum er ólokið umfjöllun um fjárfestingar- og lánsfjármál orkufyrirtækja og húsnæðismálakerfisins. Um þessi mál mun m. a. verða fjallað í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1984.

Í eftirfarandi athugasemdum um gjalda- og tekjuhlið frumvarpsins er sýndur samanburður á fjárlögum fyrir árið 1983, endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984. Vegna gjörólíkra verðlagsforsendna í fjárlögum ársins 1983 og þess sem verður í reynd er samanburður þessa frumvarps marktækari um heildarniðurstöðu ríkisútgjalda sé miðað við áætlaða afkomu ríkissjóðs í ár heldur en fjárlög 1983.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrareikningi 1984 eru áætluð 17 426 m. kr. og er það 34,3% hækkun frá fjárlögum 1983 en aðeins 10,0% hækkun frá áætlaðri útkomu ríkissjóðs 1983 eins og hún er metin í ágúst 1983. Frá því fjárlög ársins 1983 voru afgreidd á Alþingi í desember 1982 hafa fjölmargar veigamiklar ákvarðanir í ríkisfjármálum verið teknar. Útgjaldaáætlun fyrir árið 1984 borin saman við endurskoðaða áætlun um gjöld ársins 1983 gefur lýsandi mynd af þeirri aðhaldssemi í útgjöldum til allra málaflokka þegar verðlagsbreyting milli áranna 1983 og 1984 er höfð í huga.

Endurskoðuð áætlun ársins 1983 er reist á athugun frá því í júní 1983 að viðbættum öllum þekktum breytingum til þess er fjárlagafrumvarpið er samið.

Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á helstu tegundum útgjalda. Á eftir fer stutt yfirlit um einstaka gjaldaflokka ásamt meginskýringum um þá stefnu sem fram kemur í frumvarpinu. Fjárhæðir eru tilfærðar í milljónum króna en allar fjárhæðir í 1.—6. grein frumvarpsins eru í þúsundum króna.

	Fjárlög 1983 (1)	Endurskoðuð áætlun 1983 (2)	Frumvarp 1984 (3)	Hækkun (3) / (1)	Hækkun (3) / (2)
Laun	3 752	4 263	4 875	29,9	14,4
Önnur rekstrargjöld	943	1 570	1 825	93,5	16,2
Viðhald	361	361	404	11,9	11,9
Vextir	365	590	840	130,1	42,4
Almannatryggingar	3 481	4 182	4 666	34,0	11,6
Niðurgreiðslur	839	1 033	1 010	20,4	—
Útflutningsuppbætur	263	225	280	6,5	24,4
Efnahagsráðstafanir	130	—	—	—	—
Niðurgreiðslur á rafhitun	35	185	230	—	24,3
Verðjöfnunargjald á raforku	120	200	240	100,0	20,0
Aðrar rekstrartilfærslur	897	1 304	1 143	27,2	—
	11 186	13 913	15 513	38,7	11,5
Sértekjur	256	350	537	109,8	53,4
Rekstrarliðir samtals	10 930	13 563	14 976	37,0	10,4
Framkvæmdaframlög:					
Verklegar framkvæmdir	1 172	1 409	1 411	20,4	—
Þ. a. vegagerð	(437)	(545)	(580)	32,7	6,4
Fjárfestingarstyrkir	88	88	88	—	—
Þ. a. vegagerð	(71)	(68)	(70)	—	—
Framlög til sjóða og lána	783	783	951	21,5	21,5
Framkvæmdaframlög alls	2 043	2 280	2 450	19,9	7,6
Útgjöld samtals	12 973	15 843	17 426	34,3	10,0

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur í heild 4 875 m. kr. og er það 29,9% hækkun frá fjárlögum 1983 en 14,4% hækkun frá áætlaðri útkomu 1983. Laun einstakra stofnana eru áætluð á verðlagi á árinu 1984 eins og fram er komið. Í fjárlögum ársins 1983 var sá háttur aftur á móti á hafður að áætla fyrir launabreytingum innan fjárlagaársins á sérstökum lið fjármálaráðuneytisins, alls 482 m. kr. Þróun launa frá fjárlögum 1983 er sem hér segir: Grunnlaun opinberra starfsmanna hækkuðu um 2,1% 1. jan. 1983. Áhrif sérkjarasamninga á árinu 1982 við fjölmenna hópa opinberra starfsmanna eru metin til 7—10% hækkunar grunnlauna. Verðbótavísitala launa hefur breyst þannig, að 1. mars 1983 nam hækkunin 14,74% og skv. ákvæðum laga nr. 56/1983 hækkuðu laun um 8% 1. júní og hækka um 4% 1.

okt. 1983. Á árinu 1984 er reiknað með 6% veginni hækkun eins og fram er komið, alls 300 m. kr. fyrir A-hluta ríkissjóðs. Í kaflanum um meginforsendur frumvarpsins kemur fram að gert er ráð fyrir að ná fram sparnaði í launum er nemur 2,5% á næsta ári. Lækkar því launatala allra stofnana um 2,5% frá því sem annars hefði verið. Miðað við ofangreindar forsendur lætur nærri að launaliðir einstakra stofnana í A-hluta fjárlaga hækki um 47,5% frá fjárlögum 1983.

Hækkun launaliðar vegna fjölgunar á stöðugildum er óveruleg eins og frumvarpið ber með sér í athugasemdum hér að neðan. Óhjákvæmilegt er þó að taka tillit til þeirra stöðugilda sem heimiluð voru við afgreiðslu fjárlaga ársins 1983 en falla ekki að öllu leyti til á þessu ári. Á þetta við um stöður í heilbrigðiskerfinu og á stofnunum fatlaðra, en þar varð nokkur fjölgun starfsmanna við afgreiðslu fjárlaga 1983. Í frumvarpinu fjölgar stöðum aðallega með eftirfarandi hætti: Teknar verða í notkun nýjar stofnanir fatlaðra og leiðir það til þess að áætlað er fyrir um fimmtíu nýjum stöðugildum. Þá er óhjákvæmilegt að stöðum kennara fjölgi nokkuð, en það er að hluta vegna áhrifa kjarasamninga um styttingu kennsluskyldu og að hluta vegna fjölgunar nemenda. Aðrar breytingar á starfsmannahaldi eru minniháttar. Eins og áður sagði er mörkuð sú stefna um aðhald ríkisútgjalda á árinu 1984 að lækka launalið allra stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs um 2,5%. Sparnaður í A-hluta er alls áætlaður 122 m. kr. Þá má nefna að grunnlaun starfsmanna utanríkisþjónustunnar hafa verið lækkuð um 9% frá árinu 1983. Er þetta gert til samræmis við skerðingu launa hérlendis og skerðingu námslána. Settar verða reglur um starfsmannahald ríkisins sem m. a. taka til endurráðningar í stöður, sumarafleysinga og yfirvinnu. Launaliðurinn í heild er talinn hækka um 14,4% frá áætlaðri útkomu 1983. Til samanburðar er vegin meðallaunahækkun milli áranna 1983 og 1984 metin 14,5—15,0%.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaliður nemur alls 1 825 m. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1983 882 m. kr. eða 93,5%. Við áætlun þessa liðar er sá háttur hafður á að stofnanir og fyrirtæki áætla rekstrargjöld á því verðlagi er gilti í maí/júní 1983. Rekstrargjöld eru síðan færð upp með tilliti til verðlagsbreytinga á hliðstæðan hátt og á við um launaliðinn. Rekstrargjöld eru færð upp um 26% frá maí/júní til áramóta 1983, en þá er bætt við 4% veginni hækkun á árinu 1984 í samræmi við forsendur frumvarpsins um verðlagsbreytingar á næsta ári. Tvennt þarf sérstaklega að nefna. Í fyrsta lagi var ákveðið við áætlun á öðrum rekstrargjöldum fyrir árið 1984 að taka mið af niðurstöðu ríkisreiknings árin 1981 og 1982. Með þessu hefur verið leitast við að áætla rekstrarumfang stofnana á næsta ári út frá raunverulegum útgjöldum. Af þessu leiðir að rekstrargjöld hjá einstökum stofnunum hækka mjög mismikið og í mörgum tilvikum langt umfram áætlaða verðlagshækkun milli áranna 1983 og 1984. Í almennum athugasemdum um einstakar stofnanir er ekki talin ástæða til umfjöllunar um þessa ákvörðun sérstaklega. Í öðru lagi er til þess ætlast að stofnanir og fyrirtæki leiti sparnaðar og hagræðingar í almennum rekstri. Í samræmi við þetta eru önnur rekstrargjöld stofnanna lækkuð um 5% eða alls í A-hluta ríkissjóðs um 95 m. kr.

Viðhald. Viðhaldsliður er í heild 404 m. kr. í frumvarpinu og er það 11,9% hækkun frá fjárlögum ársins 1983. Þessi litla hækkun á viðhaldi skýrist af tvennu: Í fyrsta lagi er fjármögnun vegagerðar að öðru leyti en því er tekur til markaðra tekjustofna og ríkisframlags enn óákveðin og hækkar vegaviðhald þannig aðeins um 13,5%. Í öðru lagi hefur nú verið áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa undir daggjöldum hjá Tryggingastofnun ríkisins en var í fjárlögum 1983 áætlað sem sérstakur liður. Að þessu undanskildu hækkar almennt viðhald um 136 m. kr. sem er hækkun um 47,6% frá fjárlögum 1983.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar 840 m. kr. eða 130,1% hærri fjárhæð en í fjárlögum og 42,4% hærri fjárhæð en endurskoðuð áætlun 1983

miðast við. Áætlunin byggist á forsendum frumvarpsins um þróun verðlags og gengis. Sá þáttur sem mestu veldur um hækkun vaxta er, að á árinu 1983 var ákveðið að lán vegna byggðalínuframkvæmda teldust til ríkissjóðslána. Vaxtagreiðslur af þessum lánum einum nema alls 267 m. kr. eða um þriðjungi allra vaxtagreiðslna. Ekki er áætlað fyrir vöxtum af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabanka í árslok 1983, enda óákveðið hvernig með verður farið.

Almannatryggingar. Heildarframlag til almannatrygginga er áætlað 4 666 m. kr. og hækkar um 34% frá fjárlögum 1983, en 11,6% frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983. Gengið er út frá sömu forsendum um verðlag og eiga við laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Framlag til lífeyristrygginga áætlast 2 263 m. kr. sem er um 30% hækkun frá fjárlögum 1983. Gert er ráð fyrir 2% magnaukningu frá fyrra ári og er það byggt á reynslu undanfarinna ára. Útgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 2 375 m. kr. og er það 37,4% hækkun frá fjárlögum. Vegna slysatrygginga áætlast 28 m. kr. og er það 86% hækkun frá fjárlögum. Útgjöld til almannatrygginga eru lækkuð um 300 m. kr. og er fyrirhugað að lækkun útgjalda verði náð bæði á sviði lífeyristrygginga en þó sérstaklega í sjúkratryggingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun leggja fram tillögur um þetta atriði.

Niðurgreiðslur. Framlag til þessa liðar nemur alls 1 010 m. kr., en hliðstæð fjárhæð í fjárlögum 1983 nam 839 m. kr., þar af 33 m. kr. til lífeyrissjóðs bænda. Á árinu 1983 hafa verið teknar ákvarðanir sem leitt hafa til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Er þannig gert ráð fyrir að heildarútgjöld til niðurgreiðslna á vöruverði nemi samtals 1 033 m. kr. Ákvarðanir sem hér um ræðir eru: Þátttaka ríkissjóðs í vaxta- og geymslugjaldi sem talið er að kosti 178 m. kr. en ekki var áætlað fyrir vaxta- og geymslugjaldi í fjárlögum 1983. Sérstök niðurgreiðsla á 2 200 tonnum kindakjöts sem mun kosta um 16 m. kr. Á árinu 1984 er áætlað að til niðurgreiðslna á vöruverði verði varið 964 m. kr. og að framlag til lífeyrissjóðs bænda nemi 46 m. kr.

Útflutningsuppbætur. Á árinu 1983 er talið að útflutningsbótaréttur vegna 10% marksins nemi um 315—330 m. kr. Samdráttur í framleiðslu leiðir hins vegar til þess að einungis 225 m. kr. verða nýttar á árinu 1983 vegna framleiðsluársins 1982/83. Útgjöld á árinu 1984 eru áætluð 280 m. kr. í samræmi við horfur um framleiðslu á árinu 1983/84 og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Efnahagsráðstafanir. Í fjárlögum 1983 voru áætlaðar 130 m. kr. til þess að mæta útgjöldum tengdum efnahagsaðgerðum. Fjárveiting ársins 1983 var að hluta ráðstafað til þess að greiða uppbætur á lægstu laun. Ekki er áætlað fyrir sérstöku framlagi af þessu tagi á árinu 1984.

Niðurgreiðsla vegna rafhitunar. Í frumvarpinu er alls gert ráð fyrir 230 m. kr. renni til þessa verkefnis á árinu 1984. Á öðrum fjárlagalið er áætlað fyrir 61 m. kr. til niðurgreiðslu á olíu vegna húshitunar. Samtals fara því 291 m. kr. til lækkunar á húshitunarkostnaði. Í fjárlögum ársins 1983 voru 35 m. kr. ætlaðar til niðurgreiðslu á rafhitun en núverandi ríkisstjórn tók þá ákvörðun að stórauka niðurgreiðslur á rafhitun. Ákveðið hefur verið að verja 185 m. kr. til þessa málefnis á árinu 1983.

Aðrar rekstrartilfærslur. Alls nema aðrar rekstrartilfærslur 1 143 m. kr. og er það 27,2% hækkun frá fjárlögum. Hér er um að ræða ýmiss konar tilfærslur til neyslu og rekstrar sem ekki eru tilfærðar annars staðar í yfirlitinu hér á undan. Þyngst vega framlög til fyrirtækja og

sjóða í B-hluta frumvarpsins. Einstök framlög hækka mismikið en sérstaklega skal getið framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem nemur 400 m. kr. og hækkar um 173 m. kr. eða 76,2% frá fjárlögum. Um önnur framlög er fjallað í greinargerðinni hér að neðan. Áætluð fjárhæð á þessum lið í endurskoðaðri áætlun 1983 er alls 1 304 m. kr. Nokkurrar óvissu gætir um skiptingu rekstrarútgjalda milli gjaldategunda. Í lok ársins kann því svo að fara að nokkur tilfærsla verði milli gjaldaliðanna rekstrartilfærslur og önnur rekstrargjöld.

Sértekjur. Áætlaðar sértekjur stofnana nema alls 537 m. kr. og er það 109,8% hækkun frá áætluðum sértekjum í fjárlögum 1983. Til samræmis við raunhæfara mat á rekstrargjöldum stofnana hafa sértekjur þeirra verið lagfærðar með tilliti til rauntalna liðinna ára. Stofnanir áætluðu sértekjur á verðlagi í maí/júní s. l. Til samræmis við uppfærslu launa og rekstrargjalda hafa sértekjur verið færðar upp til næsta árs um 19% frá áætlunartölu.

Framkvæmdaframlög. Framkvæmdaframlög nema samtals 2 450 m. kr. og er það 19,9% hækkun frá fjárlögum 1983. Þar af eru verklegar framkvæmdir 1 411 m. kr. og hækka þau um 20,4% frá fjárlögum 1983. Við ákvörðun framlaga til verklegra framkvæmda hafa eftirfarandi meginforsendur verið lagðar til grundvallar: Framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækka að jafnaði um 11% frá fjárlögum 1983. Á það m. a. við um fjárveitingar til grunnskóla, dagvistarheimila, sjúkrahúsa, flugvalla og hafnargerðar. Framlög til þeirra framkvæmda, þar sem gerðir hafa verið bindandi verksamningar, eru við það miðuð að unnt sé að uppfylla ákvæði þeirra samninga. Nánari grein er gerð fyrir þessum þáttum í greinargerð viðkomandi stofnana.

Fjárfestingarstyrkir eru í heild óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1983. Er það í samræmi við eina af meginforsendum frumvarpsins um að framlög til einstaklinga og samtaka séu sem mest óbreytt frá árinu 1983.

Framlög til sjóða og lánagreiðslna nema samtals 951 m. kr. og er það hækkun um 21,5% frá fjárlögum 1983. Varðandi framlög til sjóða hefur verið stuðst við eftirfarandi forsendur: Framlög til atvinnuvegasjóða hafa verið felld með öllu niður. Þá hækkka framlög til nokkurra sjóða um 10% og til annarra um 20%. Eina undantekningin frá þessu eru framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Framlög ríkissjóðs eru því verulega skert frá því sem gildandi lög um sjóðina kveða á um. Verður því eins og áður nauðsynlegt að leita sérstaks samþykkis Alþingis fyrir þeirri skerðingu á framlögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og áður er að vikið er fjármögnun til vegagerðar að hluta óráðin. Heildargjaldfærsla til vegagerðar nemur því 949 m. kr. í frumvarpinu en samsvarandi fjárhæð var 838 m. kr. í fjárlögum. Við afgreiðslu Alþingis á vegáætlun fyrir árið 1983 var ákveðið að til vegamála rynnu alls 1 049 m. kr. á árinu 1983. Óráðin fjáröflun til vegagerðar 1984 leiðir m. a. til þess að framkvæmdatölur vegagerðar hækka óverulega frá fjárlögum 1983 og endurskoðaðri áætlun ársins 1983. Samanburður á framkvæmdaframlögum milli áranna 1983 og 1984 er því ekki að öllu leyti marktækur.

Tekjuhlið

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1984 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er meðal annars reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem getið er um hér að framan, og áætlun um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1983.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar samtals 17 435 m. kr. samanborið við 14 865 m. kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983 og 13 007 m. kr. í fjárlögum ársins 1983. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1984 frá endurskoðaðri áætlun fyrir 1983 nemur 2 570 m. kr., eða 17,3%, en hækkunin frá fjárlögum 1983 er hins vegar 34%. Til

samanburðar má nefna, að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru taldar munu aukast um 58,3% frá 1982. Hér á eftir er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun helstu tekjustofna ríkissjóðs á árinu 1983 svo og áætlun fyrir árið 1984.

	1981	1982	Fjárlög 1983	Endurskoðuð áætlun 1983	Frumvarp 1984
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m. kr.	5 995	9 389	13 007	14 865	17 435
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	56,6	38,5	58,3	17,0

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1983 tæplega 234 m. kr., sem er meira en tvöföldun frá árinu áður. Álagning eignarskatts á félög hækkaði mun minna, eða um tæplega 55%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1983 yrði samkvæmt þessu um 82% hærri en 1982, en á fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir um 74% hækkun milli áranna 1982 og 1983.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1984 er miðuð við þá meginforsendu, að skattbyrði milli áranna 1983 og 1984 aukist ekki og verður skattvísitala og aðrir þættir, sem varða álagningu eignarskatts, ákveðnir í samræmi við það, meðal annars með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 260 m. kr. og innheimta eignarskatts félaga 160 m. kr. á árinu 1984.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði um 50 m. kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Í tekjuáætlun 1984 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir 1984 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í þessu felst að innheimta skattsins er áætluð 65 m. kr. 1984, að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1983, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 2 525 m. kr. Hækkun frá frumálagningartölum fyrra árs nemur um 51%. Hækkun barnabóta nam hins vegar um 88% og hækkun persónuafsláttar um 80% og gætti þar áhrifa bráðabirgðalaga nr. 56 frá 27. maí 1983, þar sem kveðið var á um sérstaka hækkun barnabóta og persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts á árinu 1983. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hækkaði af þessum sökum minna en brúttóálagningin, eða um 46%, miðað við frumálagningu 1982. Miðað við svipað innheimtuhlutfall á þessu ári og í fyrra er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga á þessu ári nemi um 1 475 m. kr.

Áætlun frumvarpsins um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1984 er við það miðuð að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum greiðsluárs, og verður skattvísitala ákveðin í samræmi við það. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að innheimta tekjuskatts á árinu 1984 verði 1 885 m. kr. eða rúmlega 28% hærri en á þessu ári. Er þá gengið út frá svipuðu innheimtuhlutfalli og á þessu ári að teknu tilliti til innheimtueftirstöðva fyrri ára.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nemur 88 m. kr., sem er tæplega 57% hækkun frá álagningu fyrra árs. Við áætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum og í tekjuskattsáætluninni hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að álagning gjaldsins nemi um 104 m. kr. og að nettóinnheimta álagningar og eftirstöðva verði um 100 m. kr.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður tekjuskattur á félög rúmlega 460 m. kr. á þessu ári, sem er um 55% hækkun frá fyrra ári. Hér er um frumálagningartölur að

ræða og miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að endanlegar álagningartölur verði talsvert lægri. Miðað við svipaðan mun á frumálagningu og endanlegri álagningu og í fyrra, en heldur slakari innheimtu, er áætlað að innheimta tekjuskatts félaga nemi um 285 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1984 er gengið út frá svipuðum forsendum um skattbyrði og gert var hér að framan. Samkvæmt því er talið að innheimta tekjuskatts félaga á næsta ári nemi um 340 m. kr.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1983 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 1 496 m. kr. Þessi áætlun var reist á ákveðnum reikniforsendum um verðlags- og gengisbreytingar. Enn fremur almennum þjóðhagsforsendum, sem gerðu ráð fyrir talsverðum samdrætti í almennum vöruinnflutningi, svo og verulegum samdrætti í bílainnflutningi frá því sem var 1982. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að almennar tolltekjur verði talsvert hærri en reiknað var með á fjárlögum, eða um 1 745 m. kr. Hér kemur einkum tvennt til. Annars vegar hafa verðlags- og gengisbreytingar orðið mun meiri en reikniforsendur fjárlaganna miðuðust við. Á móti vegur hins vegar að samdráttur í veltu hefur orðið meiri en þá var gert ráð fyrir. Þannig lætur nærri, að fyrstu átta mánuði ársins hafi tolltekjur ríkissjóðs dregist saman að raungildi um meira en fimmtung frá sama tíma í fyrra miðað við almennar verðbreytingar á þessu tímabili. Þessu til viðbótar má nefna að á síðari hluta ársins hafa tollar á ýmsum vöruflokkum verið lækkaðir. Samdráttar í innflutningi gætir einkum í bílainnflutningi, og er nú talið að tolltekjur af bílum verði aðeins um 10% meiri á þessu ári en í fyrra, þrátt fyrir tæplega 90% hækkun meðalverðs á bílum í krónum talið milli 1982 og 1983. Í þessu felst um 45% samdráttur frá fyrra ári. Tollhlutfall virðist á hinn bóginn vera svipað og 1982.

Í áætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í veltu frá því sem talið er að verði að meðaltali á þessu ári, um 4–5%. Samkvæmt þessu, svo og með hliðsjón af þeim forsendum sem raktar eru hér að framan, er áætlað að almennar tolltekjur nemi 1 860 m. kr., eða tæplega 7% meira en í áætlun fyrir árið 1983. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs yrði samkvæmt þessu um 10,7% á næsta ári, samanborið við 11,7% í áætlun fyrir þetta ár, 13,1% 1982 og 13,5% 1981.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 463 m. kr. 1983 og er þá gengið út frá óbreyttri bensínsölu frá fyrra ári, eða 127 milljónum lítra. Í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með svipaðri bensínsölu og innflutningsgjöld samkvæmt því áætluð 605 m. kr.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum 1983 áætlað 110 m. kr. Var þá miðað við gjaldhlutfallið eins og það var ákveðið með reglugerð nr. 466/1982, eða um 16–17% af cif-verðmæti, svo og með hliðsjón af forsendum um bílainnflutning á árinu 1983. Með reglugerð nr. 481/1983 var gjaldhlutfallið lækkað um 8 prósentustig frá 1. júlí síðastliðnum. Með hliðsjón af þessari lækkun má ætla að gjaldhlutfallið sé nú að meðaltali um 8–9% af cif-verðmæti. Þar sem nú er gert ráð fyrir meiri samdrætti í bílainnflutningi en talið var við fjárlagaáætlunina, svo og að teknu tilliti til lækkunar gjaldhlutfallsins, er nú áætlað að innheimtar tekjur af innflutningsgjaldi af bílum verði um 74 m. kr. á þessu ári.

Miðað við óbreytt gjaldhlutfall á næsta ári og svipaðan bílainnflutning og á þessu ári er áætlað að tekjur af gjaldinu á næsta ári gætu numið um 52 m. kr.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 2 472 m. kr. á þessu ári, samanborið við 2 159 m. kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1982 er um 41%, samanborið við tæplega 49% hækkun milli áranna 1981 og 1982. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 2 716 m. kr. á árinu 1984, eða tæplega 10% meiri en á þessu ári. Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld um 15,6% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1984, samanborið við 16,6% í áætlun þessa árs, 18,7% 1982 og 19,6% 1981.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar tæplega 1 158 m. kr. á árinu 1983. Álgjald er áætlað tæplega 25 m. kr. á þessu ári. Er þá miðað við 78 000 tonna framleiðslu, lágmarksgjald 20 dollara á hvert tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda. Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum er áætlað 950 m. kr. 1983 og sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu 130 m. kr.

Í áætlun fyrir árið 1984 er álgjald talið geta skilað 30 m. kr., miðað við óbreyttar forsendur. Í heild eru skattar af framleiðslu taldir geta numið 1 228 m. kr. á árinu 1984 og er þá miðað við þær þjóðhagsforsendur sem áður voru raktar. Í þessu felst um 6% hækkun frá áætlun 1983.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Heildartekjur undir þessum lið voru í fjárlögum 1983 áætlaðar 6 420 m. kr. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 7 695 m. kr., eða um 20% hærri. Áætlun um gjöld byggð á söluskattsgrunni fyrir árið 1984 er reist á þeim þjóðhagsforsendum sem raktar voru hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að innheimt sölugjald nemi um 6 880 m. kr. á næsta ári, eða um 21% hærra en í áætlun fyrir árið 1983. Skýringin á mun meiri hækkun söluskattstekna á næsta ári en tolltekna felst meðal annars í því að innlendar verðbreytingar frá meðaltali þessa árs til áætlaðs meðalverðlags 1984 eru mun meiri en sem nemur breytingum á innflutningsverði í krónum talið, auk þess sem gert er ráð fyrir heldur minni samdrætti í söluskattsveltu en í innflutningi. Hlutur sölugjalds í heildartekjum ríkissjóðs 1984 yrði samkvæmt þessu rúmlega 39% samanborið við rúmlega 38% 1983 og 36% 1982. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er hér ekki meðtalinn, en hann er áætlaður 415 m. kr. 1983 og 500 m. kr. 1984.

Af öðrum helstu tekjustofnum undir þessum lið má nefna að launaskattur er áætlaður 890 m. kr. 1984, samanborið við 700 m. kr. á þessu ári. Rekstrarhagnaður ÁTVR er áætlaður 980 m. kr. á næsta ári, samanborið við 915 m. kr. í endurskoðaðri áætlun 1983.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 929 m. kr. á þessu ári. Helstu breytingar frá fjárlögum felast í meiri tekjum af stimpilgjaldi og bifreiðaskatti en áður var reiknað með, en á móti vegur hins vegar að sérstakt 10% álag á ferðamannagjaldeyri var fellt niður með bráðabirgðalögum nr. 62 29. júlí síðastliðinn. Áætlað tekjutap vegna niðurfellingarinnar er talið nema 25–30 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1984 eru heildartekjur undir þessum lið taldar nema 951 m. kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða 24 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1984 er gert ráð fyrir talsverðri hækkun, upp í 57 m. kr., einkum vegna aukinna tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 220 m. kr. á þessu ári og í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með sömu fjárhæð.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs árið 1984 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1983 og endurskoðaða tekjuáætlun fyrir árið 1983.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1983–1984.

Innheimtar tekjur í m. kr.

	Fjárlög 1983	Endurskoðuð áætlun 1983	Frumvarp 1984
1. Eignarskattar	**354**	**417**	**525**
2. Tekjuskattar	**2 068**	**1 951**	**2 467**
3. Gjöld af innflutningi	**2 159**	**2 472**	**2 716**
a) Almenn aðflutningsgjöld	1 496	1 745	1 860
b) Bensín- og gúmmígjald	407	463	605
c) Innflutningsgjald af bifreiðum	110	74	52
d) Annað	146	190	199
4. Skattar af framleiðslu	**980**	**1 157**	**1 228**
a) Sérstakt vörugjald	910	1 080	1 140
b) Annað	70	77	88
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	**6 420**	**7 695**	**9 271**
a) Sölugjald	4 610	5 685	6 880
b) Launaskattur	590	700	890
c) ÁTVR	830	915	980
d) Annað	390	395	521
6. Aðrir óbeinir skattar	**797**	**929**	**951**
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	**24**	**24**	**57**
8. Ýmsar tekjur	**205**	**220**	**220**
Samtals	13 007	14 865	17 435
Beinir skattar	2 422	2 368	2 992
Óbeinir skattar	10 356	12 253	14 166
Aðrar tekjur	229	244	277

Heildarinnheimta ríkissjóðs á árinu 1983 er áætluð 14 865 m. kr. eða rúmlega 58% meiri en 1982. Hækkunin á næsta ári er hins vegar mun minni, eða rúmlega 17% miðað við endurskoðaða tekjuáætlun 1983, 34% miðað við fjárlög 1983. Hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er samkvæmt yfirlitinu talinn 17,2% 1984, en 15,9% 1983 (18,6% í fjárlögum 1983). Hlutur óbeinna skatta er talinn verða 81,2% 1984, en 82,4% 1983 (79,6% í fjárlögum 1983).

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar A- og B-hluta ríkissjóðs. Innsteymi umfram útstreymi á lánahreyfingum nemur 30 600 þús. kr. Þessu veldur slæm rekstrarafkoma ríkissjóðs auk neikvæðrar hreyfingar á viðskiptareikningum sem er áætluð 20 000 þús. kr. Við samanburð á lánahreyfingum milli ára ber að hafa í huga að tilfærsla hefur orðið á lánum úr B-hluta yfir í A-hluta ríkissjóðs í tengslum við sölu byggðalína til Landsvirkjunar.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. er sýnd heildarfjáröflun til A- og B-hluta ríkissjóðs og er hún áætluð 2 358 421 þús. kr. á árinu 1984. Þar af er fyrirhuguð fjáröflun af útgáfu nýrra spariskírteina að fjárhæð 200 000 þús. kr. og innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé sem nemur 636 700 þús. kr. Innlausn eldri spariskírteina er áætluð 170 000 þús. kr., þar af 109 306 þús. kr. vegna lokagjalddaga 2. flokks, sem var útgefinn 1970. Önnur innlend og erlend lánsfjáröflun nemur alls 1 521 721 þús. kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 mun gerð nákvæm grein fyrir lántökuáformum ríkissjóðs umfram það sem hér kemur fram. Þá nemur afborgun Landsvirkjunar af láni sem ríkissjóður veitti fyrirtækinu við yfirtöku þess á eignum

byggðalína 103 000 þús. kr. Aðrar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 5 000 þús. kr. Heildarinnstreymi á lánahreyfingum til A-hluta nemur því 1 248 000 þús. kr. Heimildar til innlendrar lántöku umfram þá sem aflað er samkvæmt 6. gr. frumvarpsins og heimildar til erlendrar lántöku mun leitað með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Lánahreyfingar út

Útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs er tvíþætt: Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs og afborganir af áhvílandi lánum. Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 75 000 þús. kr. á árinu 1984. Hér er um að ræða eftirtalin framlög: 1) Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbankans í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7 500 þús. kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta þriðja greiðslan af tólf. 2) Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur alls 3 660 þús. kr., vegna væntanlegra ákvarðana aðildarríkjanna um 7. stofnfjárframlagið til stofnunarinnar. Á árinu 1983 runnu 3 660 þús. kr. til IDA. Auk þess voru teknar 3 660 þús. kr. að láni hjá Seðlabanka Íslands til að ljúka greiðslu 6. stofnfjárframlags Íslands til stofnunarinnar. 3) Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutafjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—1987 verður hlutafjárframlag Íslands 11 856 þús. kr., föst upphæð á ári hverju. 4) Á fundi Norðurlandsráðs 1983 var samþykkt að auka hlutafé Norræna fjárfestingarbankans úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR. Framlag Íslands þarf að nema jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984—1986. Hlutafjárframlag Íslands 1984 er því áætlað 3 306 þús. kr. 5) Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 45/1983 var ríkisstjórninni heimilað að greiða helming afborgana og vaxta af 80 000 þús. kr. láni sem Áburðarverksmiðja ríkisins tók á árinu 1983 og skyldi litið á þær greiðslur sem stofnfjárframlag ríkissjóðs til saltpéturssýruverksmiðju. Áætlaðar greiðslur ríkissjóðs af þessari skuldbindingu nema 25 500 þús. kr. á árinu 1984. 6) Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 23 178 þús. kr. Afborganir ríkissjóðs af áhvílandi lánum eru áætlaðar alls 1 142 400 þús. kr. Vegna þröngrar greiðslufjárstöðu ríkissjóðs er ekki gert ráð fyrir neinum afborgunum af lánum í Seðlabankanum á árinu 1984. Afborganir af byggðalínulánum nema alls 150 400 þús. kr. Hér er um að ræða tilflutning úr B-hluta yfir í A-hluta ríkissjóðs. Í tengslum við sölu ríkisins á byggðalínum o. fl. til Landsvirkjunar voru áhvílandi lán á þeim færð yfir í A-hluta ríkissjóðs, en hingað til hefur allur fjármagnskostnaður af byggðalínum verið færður hjá Orkusjóði í B-hluta. Afborganir til annarra aðila nema 992 000 þús. kr. Hér er um verulega aukningu að ræða miðað við þennan lið á fjárlögum 1983, sem skýrist að miklu leyti af því að á árinu 1984 ber ríkissjóði að leysa inn skyldusparnað frá árinu 1978, alls 288 800 þús. kr., sbr. yfirlit í lok þessa kafla athugasemdanna. Heildarútstreymi á lánahreyfingum nemur því alls 1 217 400 þús. kr.

Heildarráðstöfnun lánsfjár til A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 2 188 421 þús. kr. Áætluð lánsfjárþörf A-hluta nemur 1 140 000 þús. kr. og er hér um verulega hækkun að ræða frá lánsfjárlögum 1983, þar sem sambærileg fjárhæð nam 525 000 þús. kr. Lánsfjárráðstöfun til B-hluta er áætluð 1 048 421 þús. kr., en nam samkvæmt lánsfjárlögum 1983 alls 1 197 730 þús. kr.

Hér á eftir fer skipting lánsfjáröflunar til A-hluta ríkissjóðs og einstakra B-hluta stofnana samkvæmt lánsfjárlögum 1983 og frumvarpi til fjárlaga 1984. Að auki er gerð sérstök grein fyrir hverjum lið um sig varðandi lántökuáform á árinu 1984.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs skv. fjárlögum 1983 og frumvarpi til fjárlaga 1984

	Lánsfjár-lög 1983 þús. kr.	Fjárlaga-frumvarp 1984 þús. kr.
A-hluti:		
Lántökuþörf A-hluta ríkissjóðs	525 000	1 140 000
B-hluti:		
Byggðasjóður	100 000	120 000
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1 000	1 000
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	10 000	12 000
Jarðasjóður	5 000	—
Lánasjóður íslenskra námsmanna	138 000	258 437
Lagmetisiðjan Siglósíld	4 000	—
Skipaútgerð ríkisins	9 800	—
RARIK, almennar framkvæmdir	138 630	168 000
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	60 000	—
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	219 400	358 214
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	25 000	—
Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld	21 800	—
Orkusjóður, fjármagnsútgjöld byggðalína	224 500	—
Orkusjóður, hitaveitulán	7 500	10 000
Orkusjóður, jarðhitaleit	10 000	10 000
Orkusjóður, sveitarafvæðing	13 000	7 000
Iðnaðarrannsóknir	3 000	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	36 000	—
Sementsverksmiðja ríkisins	28 000	—
Landssmiðjan	12 000	—
Áburðarverksmiðjan	43 400	
Póstur og sími, vörukaupalán	4 900	—
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	49 600	—
Fljótsdalsvirkjun	26 400	—
Flugmálastjórn	6 800	—
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	—	103 770
Lántökuþörf B-hluta stofnana	1 197 730	1 048 421

A-hluti fjárlaga

Í athugasemdum með frumvarpinu hefur komið fram að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs verður allnokkur á árinu 1983. Í lánsfjárlögum var stefnt að 525 000 þús. kr. lánsfjáröflun á innlendum markaði. Fyrirsjáanlegt er að sú fjárþörf nemur mun hærri fjárhæð á árinu 1983. Í þessu frumvarpi eru lántökur A-hluta miðaðar við 1 140 000 þús. kr. og er það nauðsynlegt til að ná greiðslujöfnuði.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Gert er ráð fyrir að heildarráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1984 nemi 1,0% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs, en framlag til sjóðsins hefur verið skert á sama hátt og til annarra fjárfestingarlánasjóða. Fjáröflun til sjóðsins fæst með 83 800 þús. kr. fjárveitingu og 120 000 þús. kr. lánsfjáröflun. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um sjóðinn hér á eftir.

Landakaup kaupstaða og kauptúna. Á árinu 1981 var ráðist í að styrkja sjóð þann er veitir lán til landakaupa sveitarfélaga. Í þessu skyni er áformað að afla sjóðnum heimildar til 1 000 þús. kr. lántöku á árinu 1984.

Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna. Í ársbyrjun 1983 var tekin ákvörðun um að reisa nýbyggingu fyrir Iðntæknistofnun Íslands á Keldnaholti og sameina þar með starfsemi stofnunarinnar sem hefur verið á nokkrum stöðum. Fjármögnun framkvæmdarinnar er fyrirhuguð þannig að Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna leggur til meirihluta ráðstöfunarfjár síns á árinu 1984 en að auki er sjóðnum heimiluð lántaka alls að fjárhæð 12 000 þús. kr. Með þessum fjármunum verður að mestu hægt að ljúka við byggingu hússins.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Heildarfjárþörf lánasjóðsins er áætluð 658 437 þús. kr. og er henni mætt með 400 000 þús. kr. fjárveitingu, en að auki er ráðgert að afla sjóðnum lántökuheimildar að fjárhæð 258 437 þús. kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneyti.

RARIK, almennar framkvæmdir. Framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1984 eru fyrirhugaðar fyrir alls 175 000 þús. kr. Fjármögnun framkvæmda Rafmagnsveitnanna er fyrirhuguð annars vegar með öflun lánsfjárheimildar að fjárhæð 168 000 þús. kr. og hins vegar eru áætlaðar tekjur af heimtaugargjöldum 7 000 þús. kr. Til frekari sundurliðunar á skiptingu fjárins á einstakar framkvæmdir vísast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984.

Kröfluvirkjun, fjármagnskostnaður. Heildarfjármagnskostnaður af eldri lánum Kröfluvirkjunar er áætlaður alls 401 500 þús. kr. á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að rekstur virkjunarinnar skili 43 285 þús. kr. upp í fjármagnskostnaðinn, en þess sem á vantar verður aflað með lánsfjárheimild að fjárhæð 358 214 þús. kr.

Orkusjóður, hitaveitulán. Einn þáttur fjármögnunar framkvæmda við hita- og fjarvarmaveitur er lánveiting Orkusjóðs. Gert er ráð fyrir 10 000 þús. kr. lántöku Orkusjóðs á árinu 1984 sem hann mun síðan endurlána til hitaveitufyrirtækja.

Orkusjóður, jarðhitaleit. Gert er ráð fyrir að útlánageta til jarðhitaleitar nemi alls 15 000 þús. kr. á árinu 1984. Fjármögnun vegna þessa verkefnis er 5 000 þús. kr. fjárveiting úr A-hluta ríkissjóðs, auk 10 000 þús. kr. lántöku.

Orkusjóður, sveitarafvæðing. Framlag A-hluta ríkissjóðs til sveitarafvæðingar nemur 7 500 þús. kr. Jafnframt mun leitað heimildar til 7 000 þús. kr. lántöku til fjármögnunar á brýnum framkvæmdum við rafvæðingu afskekktra sveita.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Fyrirhugaðar framkvæmdir við flugstöðvarbygginguna eru áætlaðar alls 241 320 þús. kr. á árinu 1984. Samkvæmt samningi munu Bandaríkin fjármagna hluta byggingarkostnaðarins og nemur þeirra hluti í fjármögnun framkvæmda á árinu 1984 alls 146 400 þús. kr. Hluti Íslendinga af áætluðum byggingarkostnaði ársins 1984 er 94 920 þús. kr. sem afla þarf lántökuheimildar fyrir. Að auki þarf að leita heimildar til 8 850 þús. kr. lántöku til þess að endurgreiða bráðabirgðalán sem tekið var í Seðlabankanum á árinu 1983 til að hægt yrði að hefja framkvæmdir við bygginguna á þessu ári. Lántökuþörf til flugstöðvarinnar nemur því alls 103 770 þús. kr. á árinu 1984.

Að lokum er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1983 (í millj. kr.):

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting
Lán hjá Seðlabanka Íslands	**60,0**	—	**−60,0**
Greiðslur af skuldabréfum	60,0	—	−60,0
Önnur lán	**329,0**	**1 142,4**	**813,4**
Innlend lán, óverðtryggð	3,8	25,4	21,6
Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu	70,7	77,7	7,0
Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu	59,4	283,7	224,3
Lán verðtryggð skv. framfærsluvísitölu	21,2	288,8	267,6
Happdrættisskuldabréf verðtr. skv. vísitölu framfærslukostnaðar	96,5	227,8	131,3
Erlend lán og gengistryggð	55,4	189,0	133,6
Ýmis lán, ósundurliðuð	22,0	50,0	28,0
Samtals	389,0	1 142,4	753,4

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1983. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1983. Ekki verður fjallað sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur sínar að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	73 261	115 589	42 328	57,8

301 Ríkisstjórn. Fjárveiting nemur samtals 16 097 þús. kr., sem er hækkun um 8 132 þús. kr. Laun hækka um 4 748 þús. kr., eða 64,4%, og verða 12 113 þús. kr. Þar af eru 310 þús. kr. vegna þess að áætlað er fyrir einum aðstoðarmanni ráðherra umfram það sem gert var í fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld verða 3 984 þús. kr., sem er hækkun um 3 384 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	8 615	17 888	9 273	107,6
Annað	78 310	99 602	21 292	27,2
Samtals	86 925	117 490	30 565	35,2
Þar af markaður tekjustofn	17 000	30 000	13 000	76,5

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

101 Aðalskrifstofa. Framlag til aðalskrifstofunnar hækkar um 9 273 þús. kr. og verður 17 888 þús. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1983 og frumvarpi 1984.

Viðfangsefni	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Yfirstjórn	3 736	7 392	3 656
0102 Stjórnarráðshús	265	1 547	1 282
0103 Fálkaorðan	25	—	-25
0106 Ráðherrabústaður, viðhald	300	150	-150
0107 Ráðherrabústaður, rekstur	250	561	311
0109 Ráðherrabústaður, Þingvöllum	160	258	98
0110 Hrafnseyri	50	150	100
0111 Norðurlandaráð, skrifstofa ráðherranefndar	2 309	6 530	4 221
0112 Öryggismálanefnd	1 000	1 000	—
0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar	270	300	30
0114 Stjórnarskrárnefnd	250	—	-250
Samtals	8 615	17 888	9 273

Eins og fram kemur í ofangreindu yfirliti þá falla tvö viðfangsefni niður, þ. e. *0103 Fálkaorðan* sem áætlað er fyrir á fjárlagalið 00–101 Embætti forseta Íslands og *0114 Stjórnarskrárnefnd.* Framlag til viðfangsefnisins *stjórnarráðshús* hækkar verulega eða alls um 1 282 þús. kr., þar af eru 800 þús. kr. sem ætlaðar eru til viðhalds á stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Framlag verður alls 5 577 þús. kr., sem er hækkun um 2 682 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 185 þús. kr. og verða 1 858 þús. kr. og hefur þá verið tekið mið af greiddum launum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 837 þús. kr. og verða 1 257 þús. kr. Viðhald verður 500 þús. kr., sem er hækkun um 130 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 739 þús. kr. og verður 2 439 þús. kr. Ráðgert er að verja fjárveitingu til stofnkostnaðar þannig, að 800 þús. kr. fari til kaupa á bifreið, 400 þús. kr. til lífrannsókna í Þingvallavatni, 869 þús. kr. til byggingar starfsmannahúss, 70 þús. kr. til kaupa á dráttarvagni og 300 þús. kr. til kortagerðar. Sértekjur hækka um 209 þús. kr. og verða 477 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	16 839	31 040	14 201	84,3
Fræðslumál	1 682 710	2 580 657	897 947	53,4
Söfn listir og önnur menningarstarfsemi	166 992	213 365	46 373	27,8
Samtals	1 866 541	2 825 062	958 521	51,4
Þar af markaðir tekjustofnar	17 105	28 070	10 965	64,1

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins hækka sem hér segir: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands verður 7 870 þús. kr., sem er hækkun um 3 165 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilasjóðs, hækkar um 7 000 þús. kr., og verður 18 000 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 800 þús. kr., og verður 2 200 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

201 Háskóli Íslands. Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 100 478 þús. kr. og verður 250 675 þús. kr., sem er hækkun um 66,8% frá fjárlögum 1983. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 63 146 þús. kr. og verða 178 061 þús. kr., sem er hækkun um 55% frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld verða 64 016 þús. kr. og hækka um 36 265 þús. kr. eða 130,6% frá fjárlögum 1983. Þá verður gjaldfærður stofnkostnaður 62 275 þús. kr. sem er hækkun um 20 675 þús. kr. Liðurinn sértekjur hækkar um 19 608 þús. kr. og verður 53 677 þús. kr. Launaliður hækkar u. þ. b. 8 000 m. kr. umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Skýring þess er sú, að gert er ráð fyrir aukinni auka- og forfallavinnu á viðfangsefninu yfirstjórn. Þá hækka launagreiðslur vegna stundakennslu umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og hefur þá verið höfð hliðsjón af kennslumagni skólaárið 1982/1983. Eins og fram er komið hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 130,6% frá fjárlögum 1983. Við áætlun rekstrargjalda er tekið mið af reikningsniðurstöðu ársins 1983, ásamt útkomu á fyrri hluta ársins 1983. Ekki er talin þörf á að fjalla sérstaklega um framlög til einstakra deilda skólans, þar sem fyrrnefndar hækkanir umfram verðlagsforsendur skiptast nokkuð jafnt á allar deildir skólans.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 62 275 þús. kr. á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárins verði með eftirfarandi hætti:

Fjármögnun:		þús. kr.
Inneign 1. janúar 1984		295
Framlag H.H.Í.		40 480
Fjárveiting		21 500
Ráðstöfun:	Samtals	62 275
A. Almennt		
Viðhald húsa og lóða		5 200
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu		4 200
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð		500
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar		700
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða		1 500
Úrbætur í síma- og öryggismálum		500
	Samtals	12 600
B. Nýbyggingar		
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð		49 675
	Samtals A + B	62 275

Bein fjárveiting úr ríkissjóði að fjárhæð 21 500 þús. kr. eru eftirstöðvar samkvæmt yfirlýsingu sem fjárveitinganefnd Alþingis gaf í október 1978, og var þá gert ráð fyrir fjárveitingu til Háskólans að jafnvirði 9 000 þús. kr. miðað við verðlag í október 1978.

203 Raunvísindastofnun háskólans. Framlag hækkar um 7 384 þús. kr. og verður 22 495 þús. kr. Eins og getið er um í inngangskafla þessara athugasemda er leitast við að áætla önnur rekstrargjöld og sértekjur í samræmi við raunverulegt umfang starfsemi stofnana. Þetta hefur verið gert um fjárframlög til Raunvísindastofnunar háskólans. Breytingar á starfsemi stofnunarinnar eru ekki áformaðar en geta þarf eftirfarandi. Viðfangsefnið *sérstök verkefni* er nú fellt niður en fjárveiting til þessa verkefnis rann til vindorkurannsókna og rannsókna á innlendu eldsneyti. Varðandi viðfangsefnið *rekstur fasteigna* er rétt að taka fram að 500 þús. kr. eru ætlaðar til viðhalds og 500 þús. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað. Á fé þetta að renna til nauðsynlegra endurbóta og framkvæmda við þak húss stofnunarinnar. Að öðru leyti miðast framlög við óbreytt umfang milli ára.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Framlag hækkar um 2 440 þús. kr. og verður 6 159 þús. kr. Laun hækka um 1 116 þús kr. eða 45,7% og verða 3 555 þús.kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 754 þús. kr. og verða 1 454 þús.kr. Er þar að hluta til um að ræða almenna hækkun á rekstrargjöldum í samræmi við reikningsniðurstöður og hins vegar er nokkur viðbót til að mæta kostnaði vegna aukins húsrýmis Náttúrugripasafnsins. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 550 þús. kr. og verður 1 050 þús. kr. Er ætlað að því fé verði varið til innréttinga á viðbótahúsnæði safnsins.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag til Rannsóknaráðs ríkisins nemur alls 4 956 þús. kr. og hækkar um 1 908 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 806 þús. kr. eða 44,8% og nema alls 2 603 þús. kr. Rekstrargjöld eru samtals 3 070 þús. kr. og er þar um að ræða hækkun frá fjárlögum að fjárhæð 1 347 þús. kr. Þá nemur framlag til viðhalds og stofnkostnaðar alls 200 þús. kr. og hækkar framlagið um 85 þús. kr. Sértekjur, sem að meginstofni eru til komnar vegna *upplýsingamála,* eru 917 þús. kr. og hækka um 330 þús. kr. Viðfangsefni hjá stofnuninni eru hin sömu og 1983 en fram kemur nokkur áherslubreyting. Framlag til viðfangsefnisins *rannsóknir og þróunarstarfsemi* hækkar verulega, en framlag til *skipulags og þróunarmála* svo og til *nýtingar náttúruauðæfa* dragast saman að tiltölu. Undir viðfangsefninu *upplýsingamál* eru áætlaðar sérstaklega 250 þús. kr. til samstarfsnefndar um upplýsingamál.

Í ályktun Rannsóknaráðs ríkisins til ríkissjórnarinnar með Langtímaáætlun 1982–87 um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna segir m. a.:

„Rannsóknaráð telur nauðsynlegt að atvinnufyrirtæki taki aukinn þátt í framkvæmd og fjármögnun rannsóknaverkefna. Stuðlað verði að því m. a. með eftirgreindum hætti:

— Mótuð verði starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina er hvetji til nýjunga og umbóta í atvinnulífinu. Samhliða því verði stefnt að aukinni þátttöku atvinnufyrirtækja í framkvæmd og fjármögnun rannsóknaverkefna.

— Rannsóknastofnanir afli eigin tekna eins og unnt er með verkefnum sem viðskiptavinir greiði fyrir, eða studd eru af framlögum opinberra sjóða, enda verði framlög á fjárlögum til stofnanna ekki rýrð."

Á undanförnum árum hefur markvisst verið stefnt að aukningu á sjálfsaflatekjum rannsóknastofnana. Það er þó íhugunarefni hvar mörkin milli grundvallarannsókna og hagnýtra rannsókna liggja, en hinar síðarnefndu eru að öllu jöfnu ákvarðandi um tekjur rannsóknastofnana. Í þessu fjárlagafrumvarpi er stefnt að sem raunhæfustum gjaldafjárhæðum svo og tekjutölum. Því hækka rekstrarliðir og sértekjur rannsóknastofnana hlutfallslega mjög mikið. Eftirfarandi yfirlit sýnir heildarútgjöld og sértekjur helstu rannsóknastofnana sem fram í fjárlagafrumvarpinu.

		Heildargjöld	Sértekjur	Sértekjur % af gjöldum
02–202	Tilraunastöð háskólans að Keldum	18 379	12 257	66,7
04–206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	28 985	3 442	11,9
05–202	Hafrannsóknastofnun	93 988	2 155	2,3
05–203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	18 620	3 333	17,9
11–201	Iðntæknistofnun Íslands	33 392	14 494	43,4
11–203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	22 779	10 710	47,0
11–301	Orkustofnun	118 548	44 500	37,5
	Samtals	334 691	90 891	27,2

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Fjárveiting til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna hækkar um 5 165 þús. kr. Verður fjárveitingin 9 870 þús. kr. og hækkar um 109,7% frá fjárlögum 1983. Skýring þessarar hækkunar er sú að gert er ráð fyrir sérstöku framlagi úr ríkissjóði að fjárhæð 2 000 þús. kr. sem eru eftirstöðvar af söluandvirði hluta húseignarinnar Skipholt 37, en ríkissjóður yfirtók nefndan eignarhluta af Iðntæknistofnun Íslands sem var skráður eigandi. Ráðstöfunarfé sjóðsins á næsta ári fer í að greiða afborganir og vexti af eldri lánum, samtals að fjárhæð 2 233 þús. kr., og til framkvæmda á Keldnaholti fara 7 637 þús. kr. Gert er ráð fyrir að aflað verði lántökuheimildar til sjóðsins að fjárhæð alls 12 000 þús. kr., og mun það renna til framkvæmda við hús Iðntæknistofnunar Íslands sem er í byggingu.

301–307 **Menntaskólar.** Eins og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 verður hér fjallað um alla menntaskóla sameiginlega. Heildarfjárveiting nemur nú 139 754 þús. kr. og hækkar um 47 705 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Samtals hækkar launaliður skólanna um 42 802 þús. kr., sem er 56,2% hækkun frá fjárlögum 1983. Sú upphæð byggir nokkurn veginn á sama nemendafjölda og gert var ráð fyrir á s. l. ári, en þó er um fjölgun að ræða í nokkrum skólum en í öðrum fækkar. Miklar launaflokkatilfærslur hafa átt sér stað frá s. l. ári og einnig hefur kennsluskylda kennara verið lækkuð úr 27 kennslustundum á viku í 26 kennslustundir. Nokkur önnur smærri atriði í kjarasamningum kennara leiða einnig til þess að launaliður þessara skóla hækkar umfram almenna launataxtahækkun. Önnur rekstrargjöld nema samtals 15 874 þús. kr. og hækka um 8 518 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Er þetta í samræmi við leiðréttingar þær sem gerðar hafa verið á þessum gjaldalið. Framlag til stofnkostnaðar nemur samtals 9 164 þús. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt: Til Menntaskólans í Reykjavík renna 250 þús. kr., til Menntaskólans á Akureyri 535 þús. kr. og til Menntaskólans við Hamrahlíð 250 þús. kr. vegna tækjakaupa o. fl. Til Mennntaskólans á Ísafirði renna 6 629 þús. kr., þar af eru 4 971 þús. kr. áætlaðar í frágang annarrar hæðar og 1 658 þús. kr. vegna ýmiss konar búnaðar. Til Menntaskólans á Egilsstöðum renna 1 500 þús. kr. sem er vegna frágangs heimavistar og til kaupa á búnaði. Sértekjur skólanna áætlast 4 180 þús. kr. sem er hækkun um 2 189 þús. kr. frá fyrra ári.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi – fjölbraut.** Fjárveiting nemur samtals 15 076 þús. kr. Launaliður er 10 920 þús. kr. og hækkar um 3 896 þús. kr. eða 55,4%. Önnur rekstrargjöld nema 599 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag er alls 3 557 þús. kr. Á árinu 1983 náðist samkomulag við Kópavogsbæ um tilhögun framhaldsskólanáms í bænum. Makaskipti á eignum fóru fram og nú er ákveðið að Víghólaskóli verði nýttur til framhaldsnámsins. Skólinn þarfnast nokkurra viðgerða og eru áætlaðar 2 000 þús. kr. til viðgerða utan húss. Þá eru 757 þús. kr. ætlaðir til kaupa á húsgögnum og nauðsynlegum búnaði og 800 þús. kr. til hönnunar á nýju húsi fyrir kennslu í matvæla- og framreiðslufræði.

319 **Framhaldsskólar, almennt.** Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 21 652 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1983 um 13 729 þús. kr. Launaliðurinn nemur 15 792 þús. kr. og er það 11 843 þús. kr. hækkun. Á launaliðnum eru ýmsir þættir svo sem laun prófdómara, forfallakennsla og orlofsgreiðslur til kennara, en þær greiðslur hækka umfram almennar launahækkanir vegna þess að gert er ráð fyrir að fleiri kennarar fari í námsorlof en ráð var fyrir gert við fjárlagagerð fyrir árið 1983. Auk þess er á launalið áætlað fyrir útgjöldum vegna óvæntrar nemendafjölgunar í framhaldsskólum alls 8 000 þús. kr., en slík áætlun var ekki í fjárlögum s. l. árs. Þá eru 100 þús. kr. til athugunar á hagkvæmni og aðstöðu fyrir fiskvinnsluskóla á Siglufirði. Til viðhalds skólanna áætlast 3 500 þús. kr. og er það 1 650 þús. kr. hækkun frá fjárlögum fyrra árs. Framlag til stofnkostnaðar er 1 698 þús. kr. og er það til minni háttar tækja- og húsbúnaðarkaupa.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Heildarframlag er samtals 40 091 þús. kr. og hækkar um 11 835 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 27 244 þús. kr. og hækkar um 8 870 þús. kr. eða 48,2%. Nýjar heimilaðar stöður eru tvær lektorstöður til eins árs og hálf staða ritara. Framlag vegna réttindanáms grunnskólakennara fellur nú alveg niður. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 720 þús. kr. og nema 8 470 þús. kr. Framlag til viðhalds nemur 270 þús kr. og til stofnkostnaðar renna 5 000 þús. kr. sem skiptast á eftirfarandi hátt: vegna nýbyggingar er varið 2 500 þús. kr. til húsgagnakaupa o. fl. og 675 þús. kr. vegna innréttinga. Þá eru 1 305 þús. kr. ætlaðar vegna breytinga á fyrirlestrasal, og kennaraherbergjum og 520 þús. kr. vegna búnaðar í kennslustofur. Sértekjur eru áætlaðar 893 þús. kr.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans nemur samtals 11 339 þús. kr. Launaliður nemur 3 440 þús. kr. og hækkar um 1 490 þús. kr. sem er töluvert umfram almennar launahækkanir. Helstu skýringar eru aukið kennslumagn og ein staða vegna eftirlits, en í fjárlögum 1983 var áætlað 0,75 stöðugildi vegna þess. Eftirlitsmaður þessi á jafnframt að vinna við Hússtjórnarskóla Suðurlands en rétt þykir að áætla fyrir stöðunni í heild á einum stað. Hækkun rekstrargjalda nemur 484 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 7 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við íþróttahús.

351 **Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Fjárveiting til skólanna nemur samtals 62 598 þús. kr. og hækkar um 17 103 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður hækkar um 18 090 þús. kr. eða 51,9%. Er það í hátt við almennar launahækkanir í framhaldsskólum en minnkun á kennsluskyldu og miklar flokkatilfærslur hjá kennurum leiða til meiri hækkana hjá þessum stofnunum en ýmsum öðrum. Önnur rekstrargjöld nema 3 735 þús. kr. Framlag til viðhalds er 575 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 5 350 þús. kr. Hvort tveggja er þetta vegna *Fjölbrautaskólans í Breiðholti.* Eru 5 000 þús. kr. vegna E-álmu skólans en 350 þús. kr. vegna lóðar verkstæðishúss.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Fjárveiting nemur samtals 19 240 þús. kr. Launaliður áætlast 16 159 þús. kr. sem er 5 084 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Áætlun gerir ráð fyrir færri nemendum í dagskóla en búist var við við fjárlagagerð 1983 en nokkur aukning er í öldungadeild. Önnur rekstrargjöld hækka um 841 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur samtals 1 525 þús. kr. Þar af eru 1 475 þús. kr. vegna endurbóta á gamla Flensborgarskólahúsinu.

354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Heildarframlag nemur 21 758 þús. kr. sem er 6 836 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1983. Launaliður hækkar um 5 121 þús. kr. sem er í hátt við almennar launahækkanir í framhaldsskólum. Rekstrargjöld nema 1 494 þús. kr. og til viðhalds fara 75 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag er 5 000 þús. kr. og er vegna áframhaldandi framkvæmda við byggingu verknámshúss.

355 **Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum.** Heildarfjárveiting nemur 6 609 þús. kr. og hækkar um 2 421 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 916 þús. kr. eða 58,3%, sem er umfram almenna launahækkun samsvarandi stofnana enda gert ráð fyrir nemendafjölgun. Í samningi um skólahald á framhaldsskólastigi í Vestmannaeyjum er kveðið á um að skipuleggja skuli námið sem eina heild og leggja áherslu á að kennsla verði sameiginleg fyrir nemendur á hinum ýmsu námssviðum, þar sem unnt er að koma því við. Hér var átt við sameiningu Gagnfræðaskólans, Iðnskólans og Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. Á þetta er minnt hér vegna áætlaðs kennslumagns á viku sem ætti að vera nægilegt sé námið skipulagt samkvæmt ofansögðu. Til annarra rekstrargjalda renna 560 þús. kr., til viðhalds 100 þús. kr. og í gjaldfærðan stofnkostnað 750 þús. kr. til tækjakaupa.

356 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Framlag til skólans nemur nú 14 577 þús. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1983 4 846 þús. kr. Launaliður hækkar um 3 036 þús. kr. eða 70,7%. Er það nokkuð umfram almennar launahækkanir enda gert ráð fyrir töluverðri nemendafjölgun. Önnur rekstrargjöld nema 1 022 þús. kr. og til viðhalds fara 28 þús. kr. Til stofnkostnaðar er framlag 6 200 þús. kr. og eru 5 200 þús. kr. vegna framkvæmda við heimavist skólans en 1 000 þús. kr. vegna kennslutækja í verknámshúsi.

357 **Fjölbrautaskólinn á Selfossi.** Framlag til skólans nemur 17 688 þús. kr. og hækkar um 7 255 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 5 543 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir. Gert er ráð fyrir töluverðri nemendaaukningu og að auki bætist fjórði árgangur við skólann. Til annarra rekstrargjalda fara 996 þús. kr. og 36 þús. kr. til viðhalds. Stofnkostnaður er samtals 5 000 þús. kr. og fer til byggingar kennsluhúss.

359 **Verkmenntaskóli á Akureyri.** Framlag til skólans er allt vegna stofnkostnaðar og nemur 8 000 þús. kr. Framlag þetta er til áframhaldandi byggingarframkvæmda við skólann.

515 **Iðnskólar utan Reykjavíkur.** Heildarframlag er 19 864 þús. kr. og skiptist þannig: Iðnskólinn í Hafnarfirði 4 980 þús. kr., Iðnskólinn á Akureyri 9 325 þús. kr., aðrir iðnskólar 3 160 þús. kr., sveinspróf 1 975 þús. kr. og endurmenntun 424 þús. kr. Í heild hækkar framlag til þessa fjárlagaliðar um 8 853 þús. kr. sem er töluvert umfram almennar verðlags- og launahækkanir. Helsta skýring er sú að framlag vegna sveinsprófa féll niður við síðustu fjárlagagerð en er nú tekið upp aftur. Einnig er um nokkra nemendaaukningu að ræða.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Heildarfjárveiting nemur 9 308 þús. kr. og er það lækkun frá fjárlögum 1983 um 2 018 þús. kr. Lækkun þessi er öll á launalið og er vegna breytinga á námsstöðu hjúkrunarnema. Undanfarin ár hafa hjúkrunarnemar haft vinnuskyldu og fengið greidd nemalaun í verklegu námi sem starfsmenn sjúkrahúsa. Auk þess hafa þeir fengið laun á meðan á bóklega hluta námsins stendur og hafa þau verið áætluð á Hjúkrunarskóla Íslands. Nú fellur sú áætlun næstum niður þar eð einungis er einn hópur eftir samkvæmt gamla kerfinu. Nýja kerfið er í aðalatriðum frábrugðið hinu eldra að því leyti að hjúkrunarnemar fá ekki lengur greidd laun sem starfsmenn á sjúkrastofnunum og ekki heldur fyrir bóklega hluta námsins. Verklega námið verður hér eftir fólgið í leiðsögn í umsjá kennara og leiðir þetta til aukins kennslumagns frá því sem áður var. Fjárþörf hjúkrunarnema verður því hér eftir mætt á sama hátt og fjárþörf annarra námsmanna. Í þeirri áætlun sem hér er gerð felst því aukinn kennslukostnaður en á móti falla að mestu leyti niður laun nemenda fyrir bóklegt nám.

523 **Fósturskóli Íslands.** Heildarfjárveiting er 7 583 þús. kr. og hækkar um 2 480 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 5 819 þús. kr., önnur rekstrargjöld 810 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 1 000 þús. kr. sem ætlaðar eru til viðgerða á skemmdum útveggjum og gluggum.

571 **Sjómannaskólahúsið.** Fjárveiting hækkar um 2 899 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 7 814 þús. kr. Laun hækka um 756 þús. kr. og verða 2 713 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 159 þús. kr. og verða 2 117 þús. kr. Að lokum eru veittar

2 984 þús. kr. á gjaldfærðan stofnkostnað og er það 984 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Þessum gjaldalið er ætlað að standa undir áframhaldandi viðhaldsframkvæmdum á húsinu á árinu 1984.

610 Héraðsskólar, almennt. Framlag á þessum fjárlagalið hækkar um 1 370 þús. kr. og verður 8 500 þús. kr. Fjárveitingin rennur til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar í framhaldsskólum. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700–780 Grunnskólar, rekstur. Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 307 755 þús. kr. eða 56,5% frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 282 507 þús. kr. eða 56,1% og er það nokkuð umfram almennar launahækkanir. Skýrist hækkunin af eftirfarandi:

1. Sérkjarasamningar við grunnskólakennara s. l. haust leiddu til þess að þeim var raðað í hærri launaflokka en verið hafði og má reikna með að meðallaunaflokkur grunnskólakennara sé nú 18. launaflokkur. Þessi hækkun hefur áhrif á allar greiðslur sem miðast við laun, m. a. svonefnd kvótaframlög. Þá lækkar kennsluskylda kennara. Frá hausti 1983 lækkar kennsluskylda kennara í 7.–9. bekk grunnskóla úr 30 kennslustundum á viku í 29 stundir og kennara í 1.–6. bekk úr 32 kennslustundum á viku í 30,5 stundir. Við fjárlagagerð 1984 er reiknað meðaltal 30 stundir í stað 31 stundar 1983.
2. Bekkjadeildum fjölgar nokkuð eða um 14. Nemendum fjölgar úr 40 221 í 40 336 eða um 115.
3. Aukning sérkennslu.
4. Kostnaður vegna forfallakennslu er hækkaður og er þar um leiðréttingu að ræða miðað við fyrri ár.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu launakostnaðar á helstu launaþætti í einstökum fræðsluumdæmum (í þús. kr.):

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Samtals
Fræðsluskrifstofa .	439	439	439	439	413	439	439	439	3 486
Sálfræðiþjónusta ..	1 826	525	383	197	209	445	236	165	3 986
Almenn kennsla ..	160 216	151 060	51 676	38 813	39 153	81 650	47 152	69 132	638 852
Stuðningskennsla .	10 505	7 566	2 210	1 496	1 656	3 562	1 929	3 024	31 948
Forfallakennsla ...	8 828	3 997	1 324	674	849	2 124	1 124	1 350	20 270
Orlof kennara	2 207	1 221	488	244	244	732	488	488	6 112
Önnur laun	3 995	5 026	7 047	3 705	4 172	9 464	5 778	5 626	44 813
Námsstjórar	—	168	168	163	163	168	168	163	1 161
Sérkennsla	15 266	—	3 894	—	1 411	2 294	1 557	3 294	27 716
Framhaldsskólar ..	8 133	—	—	—	—	—	—	—	8 133
Samtals	211 415	170 002	67 629	45 731	48 270	100 878	58 871	83 681	786 477

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi fræðsluskrifstofa og sálfræðiþjónustu frá síðustu fjárlögum. Í launalið fræðsluskrifstofa felast eingöngu þau laun sem ríkissjóði ber að greiða að fullu samkvæmt grunnskólalögum, en það eru föst laun fræðslustjóra ásamt yfirvinnu, persónuuppbót, orlofsframlagi og launatengdum gjöldum. Ríkissjóði ber að greiða helming kostnaðar við ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt. Reiknað er með fjölda stöðugilda við þessa þjónustu sem hér segir: Í Reykjavík 12,5, Reykjanesi 3,67, Norðurlandi eystra 3,0, Vesturlandi 2,5, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi 1,5 í hverju umdæmi og Suðurlandi 1,0. Samtals 27,17 stöðugildi, sem ríkissjóður greiðir að hálfu og er það óbreytt starfsemi frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 24 042 þús. kr. og eru

áætluð 62 685 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga, sem er framlag ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu samkvæmt 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, hækkar um 1 206 þús. kr. og verður 3 694 þús. kr.

791 Grunnskólar, almennt. Heildarframlag nemur 28 095 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1983 um 10 785 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er *unglingaheimili, skóli* en niður fellur viðfangsefnið *fræðslusýningar um fötluð börn.* Samtals eru viðfangsefnin níu eins og þau eru í fjárlögum yfirstandandi árs og skiptist framlagið niður samkvæmt eftirfarandi töflu sem sýnir einnig samanburð við fjárlög 1983.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0109	Framhaldsdeildir í grunnskólum	10 762	16 242	5 480
0110	Stjórnskipaðir prófdómarar	1 790	2 728	938
0115	Umferðarfræðsla í skólum	304	632	328
0116	Sundskylda í skólum	3 800	7 000	3 200
0117	Skíðakennsla í skólum	49	65	16
0118	Unglingafræðsla	20	30	10
0120	Rannsókn á áhrifum skólaskyldu	100	281	181
0121	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	265	401	136
0122	Fræðslusýningar um fötluð börn	220	—	−220
0125	Unglingaheimili, skóli	—	716	716
	Samtals	17 310	28 095	10 785

792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög. Fjárveiting hækkar um 10 674 þús. kr. og verður 107 700 þús. kr. Hækkun framlagsins er 11% frá fjárlögum 1983 og er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki að jafnaði um 11% frá fjárlögum 1983. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins til einstakra framkvæmda.

797 Skólar fyrir þroskaheft börn. Liðurinn hækkar um 24 496 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 62 691 þús. kr. Laun hækka um 15 759 þús. kr. og verða 42 903 þús. kr. Er það nokkur hækkun umfram almennar launahækkanir og stafar af eftirfarandi:

1. Endurmat á fötlun nemenda hefur leitt til þess að fleiri þeirra teljast hafa við meiri fötlun og erfiðleika að stríða en áður var talið. Leiðir þetta til fjölgunar kennslustunda um 100 frá fjárlögum 1983 eða sem svarar til u. þ. b. 3,8 reiknaðra kennarastöðugilda.
2. Við meðferð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1983 á Alþingi tók fjárveitinganefnd inn nýjan eða aukinn kennsluþátt á kennslu fullorðinna við þjálfunarskólana við Sólborg, Bjarkarás og Kópavogshæli. Í þessu frumvarpi bætist við fullorðinsfræðsla í Safamýrarskóla, um 40 stundir á viku, og að viðbættri aukningu þessarar fræðslu í öðrum þjálfunarskólum ríkisins verður aukningin 85 kennslustundir eða sem svarar til sem næst 3,3 kennarastöðugilda.
3. Uppi eru hugmyndir um að í stað ráðningar kennara verði ráðið aðstoðarfólk í störf tengd kennslu í ríkari mæli en verið hefur, og er í þessu skyni veitt fé til árslauna þriggja aðstoðarmanna í Safamýrarskóla.
4. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga á Alþingi var tekin inn fjárveiting til rekstrar skóladagheimilis hálft árið að Lindarflöt 41 í Garðabæ. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir heils árs rekstri.

5. Sérkjarasamningar haustið 1982 leiddu m. a. til þess að kennarar röðuðust í hærri launaflokka en verið hefur og kennsluskylda lækkaði. Ofangreindir liðir leiða til hækkunar launakostnaðar sem hér segir og eru launatengd gjöld meðtalin (í þús. kr.):

1. Endurmat á fötlun nemenda	900
2. Aukning fullorðinsfræðslu	850
3. Aðstoðarfólk í Safamýrarskóla	680
4. Aukning á rekstri skóladagheimilis um hálft ár	425
Samtals	2 855

Eftir verður þá launahækkun sem nemur 12 904 þús. kr. eða 47,5% að launabreytingum samkvæmt kjarasamningum meðtöldum.

Önnur rekstrargjöld hækka um 4 352 þús. kr. og verða 8 840 þús. kr. Skiptist fjárhæðin þannig á einstök viðfangsefni (í þús. kr.):

0102	Öskjuhlíðarskólinn	1 444
0103	Kjarvalshús, greiningarstöð	724
0104	Þjálfunarskólar	1 302
0105	Dagvistun forskólabarna	30
0106	Sameiginleg þjónusta	5 340
	Samtals	8 840

Eins og kemur fram á þessu yfirliti eru 60,4% annarra rekstrargjalda á viðfangsefni 0106 en af fjárhæðinni 5 340 þús. kr. eru 4 450 þús. kr. vegna aksturs skólabarna. Tilsvarandi fjárhæð í fjárlögum 1983 er 2 380 þús. kr. og reyndist 1 944 þús. kr. í reikningi 1982.
Viðhald er áætlað 847 þús. kr. Stærstu liðirnir eru 400 þús. kr. ætlaðar til viðgerðar á byggingargalla húss Öskjuhlíðarskóla, 200 þús. kr. til viðgerðar á húseign Sólborgar á Akureyri og 150 þús. kr. til klæðningar útveggja á Reynilundi 4. 67 þús. kr. er til viðhalds á Kjarvalshúsi, 20 þús. kr. á Kópavogshæli og 10 þús. kr. á Safamýrarskóla. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 420 þús. kr. Eru ætlaðar til tækjakaupa hjá Öskjuhlíðarskóla 150 þús. kr., Kjarvalshúsi 135 þús. kr., Kópavogshæli 50 þús. kr., Sólborg 45 þús. kr. og Reynilundi 40 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga hækka um 3 087 þús. kr. og verða 7 187 þús. kr. Er þar um að ræða kostnað við vistun og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum reknum af sveitarfélögum. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 1 040 þús. kr. og verða 3 046 þús. kr. Um er að ræða þrjá liði. Til að greiða dvalarkostnað þroskaheftra barna sem vistuð eru hjá vistunarforeldrum eru ætlaðar 2 746 þús. kr., en gerður hefur verið samingur um þessar greiðslur og skulu þær fylgja launabreytingum. Til sumardvalar þroskaheftra barna eru ætlaðar 260 þús. kr., hækkun um 60 þús. kr. Báðir þessir liðir eru undir viðfangsefninu *0106 Sameiginleg þjónusta.* Þriðji liðurinn er framlag til íslensku *Blissnefndarinnar* (viðfangsefni 0107) 40 þús. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1983. Sértekjur hækka um 277 þús. kr. og verða 552 þús. kr. Um er að ræða endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna útlagðs kostnaðar við tannviðgerðir (131 þús. kr.) og vistanir barna hjá vistforeldrum (421 þús. kr.).

Skipting stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

Viðfangsefni		Reiknuð stöðugildi	Fjárveiting (í þús. kr.)
0102	**Öskjuhlíðarskóli**	**45,94**	**16 389**
0103	**Kjarvalshús, greiningarstöð**	**13,00**	**4 653**
0104	**Þjálfunarskólar**	**78,09**	**24 405**
	Kópavogshæli	21,50	5 437
	Sólheimar	2,00	765
	Geðdeild Hringsins	10,00	2 922
	Bjarkarás	7,92	2 525
	Safamýrarskóli	23,00	8 098
	Tjaldanes	1,67	679
	Sólborg	12,00	3 979
0105	**Dagvistun forskólabarna**	**1,00**	**7 503**
0106	**Sameiginleg þjónusta**	**4,33**	**9 701**
	Sameiginlegur kostnaður	—	4 728
	Dvalarkostnaður, vistanir	—	2 325
	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	2,50	1 342
	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	1,83	1 046
	Sumardvöl	—	260
0107	**Bliss-nefnd**	**—**	**40**
	Samtals	142,36	62 691

Í þessari upptalningu stöðugilda eru bæði heimilaðar stöður og „reiknuð" kennarastöðugildi miðuð við kennslumagn. Einnig eru taldar nokkrar stöður sem fjárveiting er veitt til þó að þær hafi ekki verið heimilaðar af Ráðninganefnd ríkisins. Þau stöðugildi sem ekki eru vegna kennslu eru 27,83 talsins og skiptast þannig: Öskjuhlíðarskóli 10,5, Kjarvalshús 12,0, Kópavogshæli 0,5, dagvist forskólabarna 1,0, fjölskylduheimilið að Reynilundi 2,0 og skóladagheimilið að Lindarflöt 1,83. Stöður aðstoðarmanna sem fjárveiting er miðuð við í Safamýrarskóla eru ekki taldar með. Reiknuðum stöðugildum kennara fjölgar um 8,53 frá fjárlögum 1983.

802 Vernd barna og ungmenna. Fjárveiting nemur alls 3 397 þús. kr. og hækkar um 1 787 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Þar af er stofnkostnaðarframlag 1 090 þús. kr. vegna flutnings meðferðarheimilis frá *Smáratúni í Fljótshlíð* að *Torfastöðum í Biskupstungum*. Framlag þetta er til þess að ljúka viðbyggingu við íbúðarhús. Viðfangsefnaskipting er eftirfarandi ásamt breytingum frá fjárlögum.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting í þús. kr.
0102	Barnaverndarráð	962	1 457	495
0106	Framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms	5	-	÷5
0107	Sumardvalarheimili	43	43	0
0109	Meðferðarheimili Torfastöðum (Smáratún)	600	1 897	1 297
	Samtals	1 610	3 397	1 787

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Fjárveiting hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 30 000 þús. kr. Hækkar fjárveitingin þannig um 11% frá fjárlögum 1983, sem er í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsinss að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki að jafnaði um 11% frá fjárlögum 1983. Fjárveitinganefnd Alþingis mun venju samkvæmt gera tillögu um skiptingu fjárins til einstakra framkvæmda.

871 Unglingaheimili ríkisins. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 330 þús. kr. og verður 2 316 þús. kr. Fjárveitingin felur í sér 16,6% hækkun frá fjárlögum 1983. Helsta breyting á meðferð fjárlagatillagna unglingaheimilisins felst í því að nú er áætlað fyrir launum af kennslukostnaði stofnunarinnar undir *grunnskólum almennt,* fjárlagaliður 02–791, í samræmi við tillögu menntamálaráðuneytisins þar að lútandi. Í fjárlögum 1983 hafði stofnunin 20,5 stöðugildi, en þessi tilflutningur hefur í för með sér að þeim fækkar um 1,0 eða 19,5 stöðugildi í þessu frumvarpi. Laun hækka um 1 241 þús. kr. og verða 5 622 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 564 þús. kr. og verða 1 264 þús. kr. Viðhald hækkar um 70 þús. kr. og verður 480 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar mynda vistgjöld sem sveitarfélög greiða, en þau miðast við ákveðinn hundraðshluta af daggjöldum Borgarspítalans. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 610 þús. kr. og verða 5 290 þús. kr.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Á árinu 1983 hefur sjóðurinn átt í miklum fjárhagserfiðleikum og ekki haft bolmagn til að sinna lánveitingum í samræmi við úthlutunarreglur sínar. Vandann má annars vegar rekja til mun meiri gengis- og verðlagsbreytinga en fjárlög 1983 gerðu ráð fyrir og hins vegar að lánsumsóknum fjölgaði verulega umfram áætlun. Til lausnar vandanum var þeim tilmælum beint til námsmanna að þeir yrðu að taka á sig kjaraskerðingar í hátt við aðra landsmenn. Að auki var lagt til að úthlutunarreglum sjóðsins yrði breytt á þann veg að auka tekjuumreikning námsmanna, en það á að hvetja námsmenn til að afla eigin tekna í ríkari mæli en nú tíðkast. Við meðferð fjárlagatillagna sjóðsins fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að sama skerðing gildi áfram við úthlutun námslána. Auk þess er gert ráð fyrir 8% fjölgun lána frá fyrra ári. Fjárveiting til sjóðsins hækkar um 173 057 þús. kr. eða 76,2% frá fjárlögum 1983 og verður hún 400 000 þús. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað 258 387 þús. kr. lántökuheimildar í lánsfjárlögum 1984 og er það 87,2% aukning frá árinu 1983.

881 Náms- og fræðimenn, framlög. Framlög til þessa liðar nema samtals 7 443 þús. kr. sem er hækkun um 1 875 þús. kr. frá síðustu fjárlögum. Þá voru viðfangsefni fjórtán talsins en eru þú þrettán þar sem *styrkur til Íslendings til náms í tungu Grænlendinga* fellur niður. Flest framlög til viðfangsefna eru óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs en breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting í þús. kr.
0105 Styrkur til Íslendings til náms í tungu Grænlendinga	1	–	+1
0112 Félagsstofnun stúdenta	1 632	2 678	1 046
0114 Stúdentagarðar, viðhald	2 670	3 500	830
Samtals	4 303	6 178	1 875

Framlög undir þessum lið koma til nánari athugunar í fjárveitinganefnd Alþingis.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Framlag hækkar um 613 þús. kr. og verður 11 361 þús. kr. Sú breyting verður nú á að viðfangsefnið *byggða- og minjasöfn* er flutt af þessum lið á liðinn 02–991 *Húsfriðun.* Er þetta gert samkvæmt tillögum þjóðminjavarðar og menntamálaráðuneytisins. Í gildandi fjárlögum voru þessu viðfangsefni ætlaðar 3 040

þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun framlags til safnsins er 3 653 þús. kr. Í eftirfarandi töflu koma fram þær breytingar um áætlaðar eru frá fjárlögum 1983.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun Þús. kr.
0101	Þjóðminjasafn	5 875	9 262	3 387
0102	Örnefnastofnun	739	1 196	457
0103	Sjóminjasafn	1 200	1 200	0
0104	Byggða- og minjasöfn	3 040	–	−3.040
		10 854	11 658	804
÷ Sértekjur		106	297	191
	Samtals	10 748	11 361	613

905 Listasafn Ásgríms Jónssonar. Fjárveiting til safnsins verður 559 þús. kr. og er það 230 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Einstakir liðir hækka þannig: Laun 123 þús. kr. og verða 392 þús. kr., önnur rekstrargjöld 29 þús. kr. og verða 75 þús.kr., gjaldfærður stofnkostnaður 96 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Að lokum hækkuðu sértekjur úr 27 þús. kr. og verða 42 þús. kr. Framlagið til gjaldfærðs stofnkostnaðar hækkar verulega, en því er ætlað að verja til kaupa á þjófavarnakerfi fyrir safnið.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Framlag hækkar um 480 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 1 241 þús. kr. Laun hækka um 163 þús. kr. eða 50,7% og verða 484 þús. kr. Önnur rekstargjöld hækka um 131 þús. kr. og verða 211 þús. kr. Viðhald hækkar um 240 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhaldsféð er ætlað til áframhaldandi framkvæmda við viðgerð hússins sem unnið hefur verið að í áföngum á undanförnum árum. Gjaldfærður stofnkostnaður er felldur niður en hann nam 10 þús. kr. í fjárlögum 1983. Að lokum hækka sértekjur um 44 þús. kr. og verða 54 þús. kr.

907 Listasafn Íslands. Framlag, hækkar um 7 074 þús. kr. og verður 10 813 þús. kr. Laun hækka um 726 þús. kr. eða 53,2% og verða 2 089 þús. kr. Er það í takt við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 360 þús. kr. og verða 1 743 þús. kr. Á árinu 1984 verða eitt hundrað ár liðin frá stofnun Listasafns Íslands. Til að minnast þessarra tímamóta eru 700 þús. kr. af öðrum rekstrargjöldum ætlaðar til útgáfu listaverkaskrár o. fl. Þá eru 1 043 þús. kr. ætlaðar til að standa straum af hefðbundnum rekstrarkostnaði. Viðhald hækkar um 62 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 7 000 þús. kr. Þar af eru 1 000 þús. kr. ætlaðar til listaverkakaupa en 6 000 þús. kr. til framkvæmda við nýbyggingu safnsins. Sértekjur eru áætlaðar 119 þús. kr. og hækka um 74 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

909 Blindrabókasafn Íslands. Með lögum nr. 35 frá 7. maí 1982 var stofnað Blindrabókasafn Íslands og í samræmi við það var stofnunin færð sem sérstakur fjárlagaliður í fjárlögum 1983. Heimiluð stöðugildi eru 6,0. Fjárveiting til Blindrabókasafnsins hækkar um 1 442 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 3 453 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun 689 þús. kr., önnur rekstrargjöld 572 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 300 þús. kr. og sértekjur 119 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar verulega umfram verðlagsforsendur frumvarpsins eða um 100%, en þessu fé skal varið til að auka við tækjakost safnsins.

972 Ríkisútvarp, sjónvarp. Framlag úr ríkissjóði nemur 4 500 þús. kr. sem er til greiðslu vaxta- og afborgana af lánum sem tekin voru á árunum 1979—1981. Fjárveitinganefnd Alþingis mun taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við endanlega afgreiðslu fjárlaga svo sem verið hefur.

975 Vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru annars vegar framlag ríkissjóðs og hins vegar hluti af Arðsjóði Seðlabankans. Framlag ríkissjóðs 1983 nam 80 þús. kr. en í frumvarpinu er miðað við framlag að fjárhæð 700 þús. kr.

977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu. Framlag til byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu verður 2 000 þús. kr. sem er lækkun fjárveitingar um 13 000 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Fjárhæð þessi er fyrst og fremst ætluð til að ljúka þeim verkefnum sem staðið hafa yfir á þessu ári.

982 Listir, framlög. Heildarframlag til þessa fjárlagaliðar nemur 35 069 þús. kr. og hækkar um 4 405 þús. kr. Viðfangsefni eru 48 talsins en voru 50 í fjárlögum fyrir árið 1983. Þrjú viðfangsefni falla niður og eru það: *0414 Alþjóðaráðstefna myndlistarmanna, 0504 Fjalakötturinn* og *0838 Norræn sumarvinnustofa.* Eitt viðfangsefni bætist við, *0235 Bókmenntaverðlaun.* Þar er gert ráð fyrir framlagi til bókmenntaverðlauna tengdum minningu Jóns Sigurðssonar. Máli þessu er vísað til meðferðar Alþingis. Framlög til flestra viðfangsefna eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1983 en breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0223	Launasjóður rithöfunda	3 600	4 600	1 000
0235	Bókmenntaverðlaun	–	300	300
0413	Listasafn alþýðu	380	900	520
0414	Alþjóðaráðstefna myndlistarmanna	25	–	÷ 25
0504	Fjalakötturinn	30	–	÷ 30
0601	Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	1 200	1 500	300
0719	Listamannalaun, úthlutað af nefnd sem Alþingi kýs skv. lögum nr. 29/1967	1 700	2 200	500
0818	Starfslaun listamanna	2 500	3 200	700
0836	Listir og menningarmál almennt	500	1 500	1 000
0838	Norræn sumarvinnustofa	60	–	÷ 60
0844	Listsýning í Feneyjum	–	200	200
	Samtals	9 995	14 400	4 405

984 Norræn samvinna. Framlag nemur samtals 3 971 þús. kr. og hækkar um 2 560 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Viðfangsefni eru sjö talsins og fjölgar um eitt sem er: *0105 Dreifing sjónvarpsefnis.* Er hér um að ræða þáttöku Íslendinga í norrænu samstarfi um dreifingu sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um gervitungl. Breytingar á fjárframlögum frá fjárlögum 1983 eru eftirfarandi:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0104	Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun	1 164	2 637	1 473
0105	Dreifing sjónvarpsefnis	—	1 087	1 087
	Samtals	1 164	3 724	2 560

986 Íþróttasjóður. Framlag hækkar um 3 755 þús. kr., eða 22,4% og verður 20 500 þús. kr. *Rekstrarstyrkir* hækka um 355 þús. kr. og verða alls 1 500 þús. kr. Til *byggingar íþróttamannvirkja* er áætlað að renni 19 000 þús. kr. og hækkar það framlag um 3 400 þús. kr. Svo sem venja er mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur um skiptingu fjárveitingarinnar.

988 Æskulýðsmál. Framlag á þessum lið hækkar um 56 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *KFUM, starfsemi í Vatnaskógi* hækkar um 30 þús. kr. og verður 68 þús. kr. Þá hækkar framlag til *KFUK, starfsemi í Vindáshlíð* um 25 þús. kr. og verður 59 þús. kr. Framlög til annarra viðfangsefna á þessum lið eru óbreytt frá fjárlögum 1983.

989 Ýmis íþróttamál. Framlög eru samtals 12 709 þús. kr. sem er 5 224 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Þá voru viðfangsefni tólf talsins en eru nú ellefu. Tvö viðfangsefni falla niður. Þau eru *0123 Forseti FIDE* og *0125 Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri.* Eitt nýtt viðfangsefni bætist við sem er *0126 Bridgesamband Íslands.* Áður var áætlað fyrir þessu viðfangsefni á fjárlagalið 02-999 Ýmislegt. Breytingar á framlögum eru eftirfarandi:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102 Íþróttasamband Íslands	6 000	10 800	4 800
0109 Íþróttamál fatlaðra	375	675	300
0110 Ólympíunefnd	150	450	300
0123 Forseti FIDE	160	—	-160
0125 Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri	21	—	-21
0126 Bridgesamband Íslands	—	5	5
Samtals	6706	11 930	5 224

991 Húsfriðun. Hækkun framlaga frá fjárlögum 1983 er 4 319 þús. kr. og nema heildarframlög 6 535 þús. kr. Eitt viðfangsefni bætist við en það er *0104 Byggða- og minjasöfn* sem var áður áætlað fyrir undir fjárlagalið 02—902 Þjóðminjasafn Íslands. Breytingar á framlögum eru eftirfarandi.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Húsfriðunarsjóður	816	1 235	419
0102 Viðeyjarstofa og Nesstofa	500	750	250
0103 Bernhöftstorfa	900	900	—
0104 Byggða- og minjasöfn	—	3 650	3 650
Samtals	2 216	6 535	4 319

999 Ýmislegt. Heildarframlög eru 3 763 þús. kr. og 15 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1983. Viðfangsefni eru samtals 48 og fækkar um eitt, *0221 Bridgesamband Íslands* sem færist yfir á fjárlagalið 02–989 Ýmis íþróttamál. Fjárveiting til þess var 5 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Framlög til hinna ýmsu viðfangsefna undir þessum lið eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1983 að frátöldu viðfangsefninu *0307 Eyðing vargfugls* en það framlag hækkar um 20 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	18 277	38 996	20 719	113,4
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	21 935	35 239	13 304	60,6
Sendiráðin	47 661	94 160	46 499	97,6
Alþjóðastofnanir	43 055	62 165	19 110	44,4
Samtals	130 928	230 560	99 632	76,1

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 34 925 þús. kr. og er það hækkun um 18 556 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra viðfangsefna á vegum aðalskrifstofunnar, annars vegar í fjárlögum 1983 og hins vegar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101	Yfirstjórn	12 807	25 568	12 761
0102	Samningar við erlend ríki	100	258	158
0103	Alþjóðaráðstefnur	1 500	4 123	2 623
0104	Kjörræðismenn	127	309	182
0105	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	570	1 176	606
0107	Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráðin	100	206	106
0108	Markaðsmál	995	3 464	2 469
0109	Kynning á menningu Norðurlanda	170	—	– 170
		15 369	35 104	18 735
	– Sértekjur	—	179	179
	Fjárveiting	15 369	34 925	18 556

Öll viðfangsefni hækka heldur meira en sem nemur verðlagsbreytingum hér innanlands. Skýring þessa er sú að kostnaður er að mestu leyti háður gengisbreytingum íslensku krónunnar. Um einstök viðfangsefni er þetta að segja: Fjárveiting til *yfirstjórnar* hækkar jafnmikið og raun ber vitni þar sem niðurstöðutala ríkisreiknings 1982 hefur verið höfð til hliðsjónar við áætlun á öðrum rekstrargjöldum. Launaliður hækkar hins vegar í samræmi við launaforsendur frumvarpsins, enda er starfsmannahald óbreytt. Framlag til *markaðsmála* er vegna kostnaðar við starfsemi viðskiptafulltrúa við sendiráðið í London. Þá fellur niður *kynning á menningu Norðurlanda,* enda var þar um tímabundið verkefni að ræða.

102 Varnarmáladeild. Fjárveiting til Varnarmáladeildar verður 4 071 þús. kr., sem er hækkun um 2 163 þús. kr. eða 113,3% frá fjárlögum ársins 1983. Laun hækka um 823 þús. kr. eða 61,8% og verða 2 154 þús. kr. Þessi hækkun er nokkuð umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins en það skýrist af því að í fjárlögum 1983 var um nokkra vanáætlun á launaflokkum að ræða. Rekstrargjöld hækka að öðru leyti um 1 407 þús. kr. og verða 2 012 þús. kr. Sértekjur hækka um 67 þús. kr. og verða 95 þús. kr.

301—313 Sendiráðin. Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 94 160 þús. kr. og er það hækkun um 46 499 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður sendiráðanna hækkar samtals um 26 938 þús. kr. eða sem svarar til 86% hækkunar frá fjárlögum 1983. Hækkun þessi á launalið á eingöngu rót sína að rekja til gengisbreytinga íslensku krónunnar að undanskilinni aukningu um hálft stöðugildi ritara við sendiráðið í Stokkhólmi. Önnur rekstrargjöld hækka um 17 128 þús. kr. eða 114,6% frá fjárlögum 1983 og hefur þá verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1982. Viðhald hækkar um 1 648 þús. kr. og verður samtals að fjárhæð 2 664 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 785 þús. kr. og verður 1 332 þús. kr. Í þessu frumvarpi er gerð sú breyting að áætlað er fyrir viðhaldi og gjaldfærðum stofnkostnaði sendiráðanna undir liðnum *sendiráð, almennt* og falla þessar gjaldategundir því niður hjá einstöðum sendiráðum. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðuneytið geri tillögur um skiptingu fjárins til fjárveitinganefndar.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til þessa verkefnis var áður undir liðnum *03—399 Utanríkismál, ýmis starfsemi.* Nú hefur hins vegar verið ákveðið að Þróunarsamvinnustofnun Íslands verði sérstakur fjárlagaliður. Framlag til stofnunarinnar er 13 641 þús. kr. og er það óbreytt frá fjárlögum 1983. Tillaga um ráðstöfun fjárins á árinu 1984 liggur ekki fyrir.

399 Utanríkismál, ýmis starfsemi. Fjárveiting á þessum lið verður samtals að fjárhæð 3 985 þús. kr. Framlag til einstakra verkefna er sem hér segir:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	13 641	—	− 13 641
0102	Flóttamannaráð Íslands	108	—	− 108
0103	Lögberg-Heimskringla	106	244	138
0104	Samskipti við Vestur-Íslendinga	332	166	− 166
0105	Félag Sameinuðu þjóðanna	17	—	− 17
0106	Háskóli sameinuðu þjóðanna	2 650	3 575	925
0108	Sérstök matvælaaðstoð	2 000	—	− 2 000
	Samtals	18 854	3 985	− 14 869

Þróunarsamvinnustofnun Íslands flyst eins og áður segir yfir á sérstakan fjárlagalið, 03−390. Framlag til *Lögbergs-Heimskringlu* lækkar um 166 þús. kr. þar sem hluta þess verkefnis sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1983 er nú lokið. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 78,8% og er framlagið þá miðað við verðlag á miðju árinu 1984. Önnur framlög falla niður.

401 Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga til alþjóðastofnana er samtals að fjárhæð 20 338 þús. kr. og verður framlagið alls 44 539 þús. kr. Hækkun á þessum lið er eingöngu vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar svo og breyttri kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	9 686	14 666	4 980	51,4
Búnaðarmál	538 270	577 138	38 868	7,2
Skólar	25 544	38 503	12 959	50,7
Samtals	573 500	630 307	56 807	9,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins verður 9 166 þús. kr., sem er hækkun um 4 743 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 570 þús. kr. og verða 4 559 þús. kr. Er það í samræmi við almennar launaforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 173 þús. kr. og verða 4 607 þús. kr. Hefur þá verið áætlað sérstaklega fyrir Evrópuráðstefnu FAO í Reykjavík dagana 17.—21. september 1984 (1 000 þús. kr.).

171 Jarðeignir ríkisins. Framlag ríkissjóðs verður 4 250 þús. kr. sem er lækkun fjárveitingar um 10 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 Jarðasjóður. Framlag ríkissjóðs verður 1 250 þús. kr. og hækkar um 247 þús. kr. eða 24,6% frá fjárlögum 1983. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.

201 Búnaðarfélag Íslands. Framlag til Búnaðarfélagsins hækkar um 7 662 þús. kr. og verður 20 234 þús. kr. sem er hækkun um 60,9% frá fjárlögum 1983. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 3 957 þús. kr. eða 51,8%, önnur rekstrargjöld hækka um 4 075 þús. kr. Yfirfærslur falla niður en voru 240 þús. kr. Sértekjur hækka um 130 þús. kr. og verða 1 309 þús. kr. Í fjárlögum undanfarandi ára hefur starfseminni verið skipt í allmörg viðfangsefni sem mörg hver eru tengd, eðli sínu samkvæmt. Rétt þykir að draga viðfangsefnin saman og fækka þeim. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjórum viðfangsefnum, en þau eru:

	Stöðugildi	Fjárveiting 1984 þús. kr.
0101 Yfirstjórn	5,5	5 220
0102 Ráðunautar	16,48	8 573
0103 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	9,68	5 060
0104 Ýmis framlög	—	1 381
Samtals	31,66	20 234

Áætlað er fyrir 31,66 heimiluðum stöðugildum á launalið stofnunarinnar, en það er sami fjöldi og áætlað var fyrir í fjárlögum 1983.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag til stofnunarinnar verður 25 543 þús. kr. Er hækkun framlagsins 5 708 þús. kr. eða 28,7% frá fjárlögum 1983. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 4 703 þús. kr. og verða 14 918 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 752 þús. kr. eða 46,1%, sem er nokkuð undir almennum verðlagsforsendum frumvarpsins. Það skýrist af því að ekki er gert ráð fyrir viðfangsefninu *tilraunabú, óskipt,* en í fjárlögum 1983 var áætlað fyrir 1 500 þús. kr. til þessa viðfangsefnis. Að þessum lið frátöldum hækka rekstrargjöld um 95,3%. Viðhald hækkar um 261 þús. kr. og verður 491 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 371 þús. kr. og verður 1 292 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir 380 þús. kr. framlagi til fjósbyggingar að Stóra-Ármóti. Framlag til tilraunastöðva, sem fram kemur í B-hluta frumvarpsins, hækkar um 72 þús. kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	þús. kr.	Breyting %
3001 Hestur	740	1 027	287	38,8
3002 Reykhólar	390	530	140	35,9
3003 Möðruvellir	1 402	688	−714	−50,9
3004 Skriðuklaustur	603	814	211	35,0
3005 Sámsstaðir	361	509	148	41,0
Samtals	3 496	3 568	72	2,0

Þá hækka sértekjur um 2 451 þús. kr. og verða 3 442 þús. kr.

207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Framlag til þessa verkefnis hækkar um 2 437 þús. kr. og verður 8 019 þús. kr. Nú er gert ráð fyrir 40 stöðum allt árið 1984, en í fjárlögum 1983 var hins vegar áætlað fyrir 36 stöðum allt árið 1983 og 4 stöðum frá 1. júlí 1983. Nettóaukning á launalið jafngildir því í raun aukningu útgjalda sem svarar til 2ja stöðugilda.

231 Skógrækt ríkisins. Framlag til stofnunarinnar nemur alls 17 084 þús. kr. og hækkar það frá fjárlögum 1983 um 5 376 þús. kr. eða 45,9%. Laun hækka um 3 750 þús. kr. og verða 12 449 þús. kr. sem er 43,1% hækkun frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 286 þús. kr. og nema alls 6 786 þús. kr. Þar af eru 60 þús. kr. ætlaðar til áframhaldandi söfnunar á borsýnum og til rannsókna á árhringjum trjáa. Liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verða samtals 3 274 þús. kr. og hækka um 930 þús. kr. frá fjárlögum. Þá lækkar liðurinn *til einstaklinga og samtaka* um 55 þús. kr. og verður 525 þús. kr. Sértekjur verða 5 950 þús. kr. og hækka um 3 535 þús. kr. Er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins að auka sértekjur stofnana og áætla þær eins og aðra liði sem raunhæfast.

241 Landnám ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 163 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 2 465 þús. kr. Laun hækka um 36 þús. kr. eða 2,2% og verða 1 659 þús. kr., sem er verulega undir verðlagsforsendum frumvarpsins. Lækkunin skýrist af því að um áramót 1982/1983 fluttist teikniþjónusta, sem innt hefur verið af hendi fyrir bændur hjá stofnuninni, yfir til Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Hér er því ekki áætlað fyrir tækniteiknara og verkfræðingi sem sáu um þessa þjónustu. Önnur rekstrargjöld hækka um 429 þús. kr. og verða 747 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar samtals um 41 þús. kr. og verður 49 þús. kr. Fjárveiting til grænfóðurverksmiðja fellur niður en hún nam 335 þús. kr. í fjárlögum 1983. Framlag til einstaklinga og samtaka verður 150 þús. kr. sem ráðstafað verður til Hólsfjallaáætl-

unar. Yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega falla niður en þær námu 350 þús. kr. í fjárlögum 1983 og rann fjárveitingin til viðfangsefnanna *íbúðarhús, bygging* og skipulagning. Þá lækka sértekjur um 342 þús. kr. og verða 140 þús. kr. Lækkunin skýrist af því að teiknþjónusta sú sem innt var af hendi hjá stofnuninni og myndaði stærstan hluta sértekna hefur verið flutt, sem fyrr segir.

246 Veiðimálaskrifstofan. Framlag til stofnunarinnar verður 8 526 þús. kr., sem er hækkun um 3 341 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 338 þús. kr. eða 47,6% og verða 4 146 þús. kr., sem er í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 455 þús. kr. og verða 2 917 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 65 þús. kr. og verður 230 þús. kr. Yfirfærslur til B-hluta, en þar er um að ræða framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði, hækkar um 1 106 þús. kr. og verða 1 406 þús. kr. Fjárveitingunni er ætlað að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru vegna virkjunar borholu 4 í Kollafirði. Framlag til Fiskræktarsjóðs hækkar um 150 þús. kr. og verður 600 þús. kr., en sjóðurinn styrkir byggingu fiskræktar- og fiskeldismannvirkja. Sértekjur eru áætlaðar 773 þús. kr., en ekki var áætlað fyrir þeim í fjárlögum 1983.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækkar um 5 854 þús. kr. og verður framlag samtals 27 164 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlagafrumvarpi 1984 og hins vegar í fjárlögum 1983.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0102	Landgræðsluáætlun, RALA	1 465	2 318	58,2
0103	Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	2 700	3 553	31,6
0104	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	11 470	15 110	31,7
0105	Landgræðsluáætlun, Ýmis starfsemi	480	760	58,3
0109	Fyrirhleðslur	4 485	4 488	—
0110	Sjóvarnargarðar	710	935	31,7
	Samtals	21 310	27 164	27,5

Í samþykktri þingsályktunartillögu um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982–1986 er kveðið á um árlegar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í nefndri tillögu er gert ráð fyrir að verðbætur greiðist á framlög áranna 1983–1986 er miðist við framlög ársins 1982. Í fjárlögum 1983 var áætlað fyrir 42% verðbreytingu milli áranna 1982/1983. Í reynd hefur verðbreyting hins vegar orðið 87% milli áranna 1982/1983. Með fjárveitingu á árinu 1984, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og greiðslum á árinu 1983 hafa ofangreind verkefni fengið verðbætur ársins 1983 að fullu greiddar. Verðbætur vegna ársins 1984 koma samkvæmt þessari málsmeðferð til greiðslu á árinu 1985.

286 Landbúnaður, framlög. Framlag nemur alls 880 þús. kr. og lækkar um 255 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Framlög til viðfangsefnanna *jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir og Framleiðslusjóður landbúnaðarins* eru óbreytt frá fjárlögum, þ. e. 130 þús. kr. og 750 þús. kr. Niður falla framlög til viðfangsefnanna *Búnaðarbanki Íslands, veðdeild,* sem var 250 þús. kr. í fjárlögum, og *nautgriparæktarsambönd* 5 þús kr. Framlag til *Veðdeildar Búnaðarbankans* fellur niður í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um framlög til stofnlánasjóða atvinnuvega.

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins. Framlag ríkissjóðs til hinnar almennu starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fellur niður og er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að fella að mestu niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983 var framlag til stofnlánadeildarinnar hækkað um 2 000 þús. kr. í meðförum Alþingis. Umrædd hækkun var til komin vegna framlags til lífeyrissjóðs bænda til eftirlaunagreiðslna skv. II. kafla laga um lífeyrissjóð bænda. Framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar er nú 12 060 þús. kr. Rennur það óskipt til Lífeyrissjóðs bænda og er það í samræmi við II. kafla fyrrnefndra laga.

288 Jarðræktarlög, framlög. Fjárveiting verður 81 358 þús. kr. og er það hækkun um 9 515 þús. kr. eða 13,2% frá fjárlögum 1983. Framlög til einstakra viðfangsefna verða sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0101 Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur	44 863	49 800	11,0
0102 Framræsla	6 320	7 000	10,7
0103 Nýjar búgreinar og hagræðing	15 422	17 100	10,9
0104 Rekstrargjöld	5 238	7 458	42,4
Samtals	71 843	81 358	13,2

Þrír fyrrnefndu liðirnir fylgja þeirri meginstefnu frumvarpsins að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki um sem næst 11% milli ára. Viðfangsefnið *rekstrargjöld* fylgir að mestu leyti breytingum á launum og hækkar því í samræmi við launaforsendur frumvarpsins, en fjárveitingunni er að mestu varið til greiðslu á launum jarðræktarráðunauta.

289 Jöfnunargjald. Hér er um nýjan lið að ræða og er fjárveiting ákveðin 12 000 þús. kr. Fer hún til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af útfluttum loðdýraafurðum samkvæmt nánari reglum þar um.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Útflutningsuppbætur vegna framleiðslu ársins 1983/1984 eru áætlaðar samtals 280 000 þús. kr. og hækkar fjárveitingin um 17 350 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Á árinu 1983 er talið að útflutningsbótaréttur nemi 315—330 000 þús. kr. en vegna samdráttar í framleiðslu er talið að einungis 225 000 þús. kr. verði nýttar á því ári vegna framleiðsluársins 1982/1983. Útgjöld á árinu 1984 eru áætluð í samræmi við horfur um framleiðslu á árinu 1983/1984 og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Miðað er við að ekki komi til fullnýtingar verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu 1984 fremur en 1983 en hún var 10% af verðmæti landbúnaðarvara.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Fjárveiting lækkar um 24 754 þús. kr. og verður 41 456 þús. kr. Einstök framlög breytast þannig milli ára:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102	Garðyrkjufélag Íslands	2	—	−2
0103	Norræna búfræðifélagið	3	—	−3
0105	Landssamband ísl. hestamannafélaga, til leiðbeininga um hestamennsku	10	10	—
0109	Æðarræktarfélag Íslands	3	—	−3
0110	Félag áhugamanna um fiskrækt	1	—	−1
0113	Efnarannsóknastofa Norðurlands	20	20	—
0114	Rannsóknarstöðin Katla, Víkurbakka	2	—	−2
0115	Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöðvar	146	146	—
0118	Skógræktarfélag Íslands	60	60	—
0119	Lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982	55 233	40 405	−14 828
0120	Landvernd	300	150	−150
0121	Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu	80	80	—
0122	Ýmis verkefni	100	260	160
0123	Niðurskurður sauðfjár	10 000	—	−10 000
0126	Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	250	325	75
	Samtals	66 210	41 456	−24 754

Eins og fram kemur í yfirlitinu falla sex viðfangsefni niður. Liðurinn *lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982* lækkar um 14 828 þús. kr. og stafar lækkunin af því að lán þau sem tekin voru skv. lögum nr. 9/1980 hafa nú verið að fullu greidd. Liðurinn *niðurskurður sauðfjár* fellur niður, enda var þar um tímabundið verkefni að ræða í sambandi við efnahagsráðstafanir fyrri ríkisstjórnar frá því í ágúst 1982. Ekki er talin ástæða til að fjalla frekar um aðra liði.

501 Bændaskólinn Hvanneyri. Fjárveiting verður 17 578 þús. kr. sem er hækkun um 6 013 þús. kr. eða 51,9% frá fjárlögum ársins 1983. Hækkunin skiptist á eftirfarandi hátt á gjaldategundir. Laun hækka um 3 930 þús. kr. og verða 11 414 þús. kr., sem er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins um hækkun á launalið. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 823 þús. kr. og verða 11 205 þús. kr. Viðhald hækkar um 527 þús. kr., verður 1 314 þús. kr. og rennur til ýmissa verkefna. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 525 þús. kr. og verður 4 950 þús. kr. Fyrirhugað er að verja framlagi til viðhalds- og stofnkostnaðar á eftirfarandi hátt:

		Viðhald	Gjaldfærður stofnkostn.
0102	Yfirstjórn	150	250
0103	Rekstur skóla	780	4 500
0104	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	84	—
0105	Búrekstur	300	200
	Samtals	1 314	4 950

Gjaldfærðum stofnkostnaði á viðfangsefninu *yfirstjórn* er fyrirhugað að ráðstafa þannig að 150 þús. kr. fari til rafveituframkvæmda og 100 þús. kr. til bútæknisafns. Á viðfangsefninu *rekstur skóla* er áformað að ráðstafa stofnkostnaðarfé þannig að 4 000 þús. kr. fari til áframhaldandi framkvæmda við rannsóknahús og 500 þús. kr. til gamla skólahússins. Á liðnum *búrekstur* er fyrirhugað að 200 þús. kr. fari til frumathugunar á byggingu loðdýrahúss. Sértekjur verða 11 305 þús. kr. sem er hækkun um 6 792 þús. kr. frá fjárlögum 1983.

502 Bændaskólinn Hólum. Fjárveiting til Bændaskólans á Hólum verður 11 121 þús. kr., sem er hækkun um 2 564 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 727 þús. kr. og verða 4 721 þús. kr., þar af eru 72 þús. kr. vegna hálfrar stöðu sérhæfðs aðstoðarmanns, sem áætlað er fyrir undir öðrum dagvinnulaunum. Önnur rekstrargjöld verða 4 981 þús. kr., sem er hækkun um 3 468 þús. kr. Viðhald hækkar um 300 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 121 þús. kr. og verður 3 189 þús. kr. Fyrirhugað er að verja honum þannig að 2 900 þús. kr. fara til þess að ljúka þjónustubyggingu við hesthús og 289 þús. kr. til annarra verkefna. Sértekjur skólans hækka um 2 810 þús. kr. og verða 3 570 þús. kr.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins. Fjárveiting til skólans verður 9 804 þús. kr., sem er hækkun um 4 382 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 614 þús. kr. eða 48,2% og verða 4 957 þús. kr., sem er í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 2 988 þús. kr., sem er hækkun um 1 597 þús. kr. Viðhald hækkar um 685 þús. kr. og verður 1 035 þús. kr. Þar af er gert ráð fyrir að 860 þús. kr. fari til viðhalds gróðurhúsa, 100 þús. kr. til viðhalds á skólastjórabústað og 75 þús. kr. til viðhalds á öðrum byggingum. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 977 þús. kr. og verður 2 015 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveitingu til stofnkostnaðar verði ráðstafað þannig að 1 250 þús. kr. fari til byggingar heimavistar, 600 þús. kr. til endurbyggingar gróðurhúsa og 165 þús. kr. til kaupa á tæknibúnaði í garðyrkjustöð og annarra verkefna. Sértekjur hækka um 491 þús. kr. og verða 1 191 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	6 095	10 658	4 563	74,9
Útvegsmál	154 895	186 995	32 100	20,7
Annað	8 049	12 091	4 042	50,2
Samtals	169 039	209 744	40 705	24,1
Þar af markaður tekjustofn	5 400	5 400	—	—

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem er 5 400 þús. kr. Gjaldið skiptist þannig milli viðtakenda: Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging fær 60 þús. kr., sem er lækkun um 68 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 5 340 þús. kr. af gjaldinu og er það hækkun um 68 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Heildarfjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins verður 10 658 þús. kr., sem er hækkun um 4 563 þús. kr. eða 74,8% frá fjárlögum ársins 1983. Rekstrarliðir aðrir er stofnkostnaður hækka um 4 513 þús. kr. og verða 10 458 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 50 þús. kr. og verður 200 þús. kr. Fénu verður m. a. varið til kaupa á tölvuskjá og prentara sem tengjast á tölvu Fiskifélags Íslands.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar verður 91 833 þús. kr. og er það 32 047 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Í frumvarpinu er sú breyting gerð, að framlag til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar er ekki skipt á einstakar deildir og útibú. Stofnuninni er þess í stað veitt fé til þessara útgjaldaliða undir viðfangsefnunum *4001 Stofnkostnaður deilda og útibúa* og *4002 Viðhald deilda og útibúa.* Með þessum hætti er Hafrannsóknastofnun gert kleift að ráðstafa fjármagninu í samræmi við þann forgang sem henta þykir hverju sinni. Skiparekstur stofnunarinnar miðast við rannsóknaskipin *R/S Bjarna Sæmundsson, R/S Árna Friðriksson* og *R/S Dröfn* og 9 mánaða úthald á hverju þeirra. Ekki er veitt fé til úthalds á *R/S Hafþóri,* hins vegar er undir viðfangsefninu *3005 Annar skiparekstur* áætlað á öðrum rekstrargjöldum fyrir fimm mánaða úthaldi skips. Þetta hefur í för með sér tilfærslur milli gjaldategunda hjá stofnuninni en fjárveitingin skiptist með eftirtöldum hætti: Laun verða 42 489 þús. kr. og er það 9 895 þús. kr. eða 30,3% hækkun frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 14 478 þús. kr. og verða 34 361 þús. kr. Viðhald hækkar um 4 712 þús. kr. og verður 8 445 þús. kr. Hér er um verulega hækkun umfram verðlagsforsendur frumvarpsins að ræða, sem skýrist af því að áætlað er fyrir meiri háttar viðhaldi á *R/S Bjarna Sæmundssyni* á árinu 1984 eða alls 6 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 217 þús. kr. og verður 8 693 þús. kr., þar af 3 945 þús. kr. vegna hafrannsóknaskipanna. Loks hækka sértekjur stofnunarinnar um 255 þús. kr. og verða 2 155 þús. kr.

215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Fjárveiting til Framleiðslueftirlitsins verður 34 790 þús. kr. og er það 12 810 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1983 sem nemur 0,4 nýjum stöðugildum ferskfiskeftirlitsmanna, þ. e. 0,2 stöðugildi á Dalvík, 0,1 stöðugildi á Ólafsfirði og 0,1 stöðugildi á Höfn í Hornafirði. Grunnheimildir stofnunarinnar eru nú 80,2 stöðugildi. Framlag til stofnunarinnar skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækka um 7 065 þús. kr. og verða 23 920 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 6 750 þús. kr. og verða 12 450 þús. kr., viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru óbreytt frá fjárlögum 1983 eða samtals 205 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 005 þús. kr. og verða 1 785 þús. kr.

274 **Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 3 085 þús. kr. eða 19,8% frá fjárlögum 1983, sbr. lög nr. 44/1983. Verður framlagið þar með 18 600 þús. kr. Um aflatryggingasjóð gilda að stofni til lög nr. 5/1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum. Framlag ríkissjóðs hefur verið skert samkvæmt meginforsendu frumvarpsins um framlög til sjóða.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs fellur niður í frumvarpinu en framlag var 26 600 þús. kr. í fjárlögum 1983. Niðurfelling framlagsins er í samræmi við þá meginforsendu sem sett er um framlög til sjóða.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Fjárveiting verður 7 413 þús. kr. sem er hækkun um 1 907 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framlög samkvæmt frumvarpinu og fjárlögum 1983 eru sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Sjóvinnunámskeið	182	242	60
0102 Skólabátar	150	150	—
0103 Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	10	200	190
0109 Veiðieftirlit	3 917	5 899	1 982
0112 Tækninámskeið	60	—	−60
0118 Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum	422	422	—
0119 Mörkun fiskveiðistefnu	765	500	−265
Samtals	5 506	7 413	1 907

Framlag til eftirlits með hvalvinnslustöðvum eykst um 190 þús. kr. og er það vegna aukinnar þátttöku í eftirliti samkvæmt alþjóðasamkomulagi. Útgjöld vegna *veiðieftirlits* hækkar um 1 982 þús. kr. og er það í samræmi við launaforsendur frumvarpsins.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	8 719	15 602	6 883	78,9
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	455 039	707 501	252 462	55,5
Þjóðkirkjan	53 839	83 545	29 706	55,2
Samtals	517 597	806 648	289 051	55,8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 5 809 þús. kr. og verður 13 311 þús. kr. Laun verða 9 268 þús. kr. og hækka um 3 044 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 549 þús. kr. og verða 2 739 þús. kr., þá hækkar viðhald um 26 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 254 þús. kr. og hækkar um 1 190 þús. kr. Fé þetta er ætlað til kaupa og uppsetningar á símaskiptiborði fyrir stofnunina.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 48 779 þús. kr. og verður 144 677 þús. kr. Laun hækka um 41 690 þús. kr. og verða 123 625 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsmannahaldi en heimiluð stöðugildi er alls 274,0. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 843 þús. kr. og verða 17 913 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka frá gildandi fjárlögum samkvæmt verðlagsforsendum. Að svo stöddu er ekki tekið mið af niðurstöðum ríkisreiknings undanfarin ár, en á sérstökum lið fjármálaráðuneytisins (09−989) er áætlað fyrir fé til leiðréttingar á rekstrargjöldum. Sjá einnig athugasemd um embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Viðhald hækkar um 1 200 þús. kr. og verður 4 520 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 703 þús. kr. og verður 3 328 þús. kr. Fjárveitingunni verður varið til eftirtalinna verkefna:

2 800 þús. kr. til endurnýjunar bifreiða og bifhjóla almennu löggæslunnar, og 528 þús. kr. eru ætlaðar til ýmissa smærri stofnkostnaðarverkefna hjá embættinu. Sértekjur hækka um 1 657 þús. kr. og verða 4 709 þús. kr.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins. Fjárveiting hækkar um 14 796 þús. kr. og verður 36 586 þús. kr. Laun hækka um 9 264 þús. kr. og verða 26 539 þús. kr. Stöðugildi hjá stofnuninni eru alls 47,0 sem er óbreytt frá fyrra ári. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 892 þús. kr. og verða 7 345 þús. kr., og viðhald hækkar um 260 þús. kr. og verður 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur alls 2 500 þús. kr. og er það hækkun um 1 608 þús. kr. frá fjárlögum. Þar af eru 2 200 þús. kr. ætlaðar til endurnýjunar bifreiða en 300 þús. kr. til annarra stofnkostnaðarverkefna. Sértekjur eru áætlaðar 298 þús. kr. og hækka um 228 þús. kr., enda gert ráð fyrir tekjum af sölu eldri bifreiða.

211-237 Sýslumenn og bæjarfógetar. Framlög hækka um 90 801 þús. kr. og verða 234 381 þús. kr. Laun hækka um 54 605 þús. kr. og verða 168 622 þús. kr. Stöðugildum er ekki fjölgað svo að hér er einvörðungu um verðlagsuppfærslur að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 979 þús. kr. og verða 43 802 þús. kr. Varðandi önnur rekstrargjöld er rétt að taka fram eftirfarandi:

a) Fyrir kostnaði vegna tekjubókhaldskerfis er áætlað undir liðnum *211 Sýslumenn og bæjarfógetar*. Til þess verkefnis renna 9 500 þús. kr. Ekki hefur verið áætlað fyrir þessum kostnaði áður.
b) Í kaflanum um meginforsendur frumvarpsins er þess getið að grundvöllur annarra rekstrargjalda stofnana hafi verið endurskoðaður með hliðsjón af raunverulegu umfangi rekstrar. Þetta á þó ekki við um sýslumenn og bæjarfógeta. Þess í stað er nokkur fjárhæð áætluð á lið fjármálaráðuneytisins *09–989 Vegna launa og verðlagsmála* til leiðréttingar rekstrargjalda embættanna. Þessu fé verður dreift á einstök embætti að undangenginni athugun á tilhögun skila innheimtumanna ríkissjóðs á ríkistekjum.

Viðhald hækkar um 2 523 þús. kr. og verður 4 908 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 13 741 þús. kr. og verður alls 22 626 þús. kr. Helstu framkvæmdaframlög eru: 1 000 þús. kr. til byggingar stjórnsýsluhúss í Búðardal, 500 þús. kr. vegna húsnæðis fyrir löggæslu á Ólafsfirði, 2 850 þús. kr. til lagfæringar á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri, 4 100 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á Seyðisfirði, 200 þús. kr. til endurbóta á húsnæði bæjarfógetaskrifstofunnar á Neskaupstað, 2 300 þús. kr. eru ætlaðar til innréttinga og frágangs á skrifstofuhúsnæði á Eskifirði, 300 þús. kr. til byggingar bílageymslu í Vík í Mýrdal, 1 050 þús. kr. til frágangs lögreglustöðvar á Hvolsvelli, 500 þús. kr. eru ætlaðar til endurbóta á húsnæði sýsluskrifstofunnar á Selfossi og 300 þús. kr. til endurbóta á húsnæði löggæslunnar á sama stað. Til lagfæringar á þakleka og endurbóta á húsnæði bæjarfógetaskrifstofunnar í Keflavík eru ætlaðar 1 200 þús. kr. og til framkvæmda við húsnæði er keypt var fyrir löggæsluna í Hafnarfirði eru ætlaðar 6 000 þús. kr. Til fullnaðarfrágangs á húsnæði bæjarfógetans í Kópavogi og til kaupa á símstöð fyrir það embætti eru ætlaðar 1 500 þús. kr. Þá eru 826 þús. kr. ætlaðar til smærri verkefna hjá embættunum. Sértekjur hækka um 1 348 þús. kr. og verða alls 3 878 þús. kr.

242 Vinnuhælið Litla-Hrauni. Framlag hækkar um 12 269 þús. kr. og verður 27 645 þús. kr. Laun hækka um 6 283 þús. kr. og verða 18 619 þús. kr. Hér er einvörðungu um verðlagsuppfærslu að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 765 þús. kr. og verða 11 205 þús. kr., og viðhald hækkar um 275 þús. kr. og verður 675 þús. kr. Gjaldfærður

stofnkostnaður hækkar um 2 200 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Þar af eru 2 000 þús. kr. ætlaðar til að bæta skrifstofuaðstöðu fyrir stofnunina. 500 þús. kr. eru ætlaðar til endurnýjunar á vörubifreið stofnunarinnar. Sértekjur hækka um 3 254 þús. kr. og verða 5 354 þús. kr.

251 **Landhelgisgæsla Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 42 097 þús. kr. og verður 140 963 þús. kr. Miðað er við rekstur þriggja skipa samtals í 33 mánuði, þ. e. *Ægir* og *Týr* í 12 mánuði hvort skip og *Óðinn* í 9 mánuði. Hjá *fluggæslu* er gert ráð fyrir rekstri þriggja flugvéla samtals í 1 200 flugstundir. Fyrirhugað úthald skipa og flugvéla stofnunarinnar á árinu 1984 er það sama og fjárlög 1983 gerðu ráð fyrir. Þá er gerð sú breyting að Sjómælingar Íslands, sem verið hefur sjálfstæð ríkisstofnun, er nú flutt undir Landhelgisgæslu sem sérstakt viðfangsefni. Launaliður verður 58 159 þús. kr., sem er hækkun um 19 991 þús. kr. frá fjárlögum eða sem svarar til 52,4% hækkunar. Rekstrargjöld hækka um 9 870 þús. kr. eða 22,2%, frá fjárlögum. Hækkun þessi, sem er undir verðlagsforsendum frumvarpsins, er til komin vegna þess að felldar hafa verið niður allar húftryggingar af skipum og flugvélum stofnunarinnar. Þetta lækkar fyrirhuguð útgjöld stofnunarinnar um 17 600 þús. kr. Að öðru leyti hækka önnur rekstrargjöld í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 9 705 þús. kr. og verður 16 283 þús. kr. Stærsta verkefnið er á vegum fluggæslu þar sem yfirfara þarf hreyfla flugvélarinnar TF-SÝN og er kostnaður við þá viðgerð áætlaður um 8 000 þús. kr. Að öðru leyti er um venjubundið viðhald að ræða. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 2 289 þús. kr. sem er hækkun um 1 360 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Þar af eru 1 000 þús. kr. ætlaðar til áframhaldandi athugunar á starfsaðstöðu stofnunarinnar. Framlag til Landhelgissjóðs verður 11 558 þús. kr. sem er hækkun um 2 596 þús. kr. Fjárveiting þessi er til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum sjóðsins sem tekin hafa verið vegna skipa- og flugvélakaupa stofnunarinnar. Þá hækka sértekjur um 1 425 þús. kr. og verða 1 547 þús. kr.

252 **Bifreiðaeftirlit ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 10 325 þús. kr. eða 65,2% og verður 26 153 þús. kr. Laun verða 18 634 þús. kr., sem er hækkun um 5 752 þús. kr. eða 44,6%. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 890 þús. kr. og verða 17 929 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 327 þús. kr. og verður 1 464 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 6 644 þús. kr. og verða 11 874 þús. kr. Dómsmálaráðuneytið stefnir að því að láta fara fram sérstaka athugun á skipulagi og verklagsaðstæðum bifreiðaskoðunar og hefur óskað eftir því að fjárlaga- og hagsýslustofnun standi að þeirri athugun. Enn fremur hefur ráðuneytið hug á breyttri framkvæmd á bifreiðaskoðun, svo sem að fella niður aðalskoðun á nýjum og nýlegum bifreiðum.

253 **Almannavarnir ríkisins.** Framlag hækkar um 1 808 þús. kr. og verður 3 744 þús. kr. Laun hækka um 504 þús. kr. og verða 1 501 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 087 þús. kr. og verða 1 743 þús. kr., og viðhald hækkar um 38 þús. kr. og verður 70 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 150 þús. kr. og verður 350 þús. kr. og er framlagið ætlað til áframhaldandi uppbyggingar á fjarskiptakerfi almannavarna. Yfirfærslur til sveitarfélaga hækka um 29 þús. kr. og verða 80 þús. kr.

254 **Sjómælingar Íslands.** Verkefni Sjómælinga Íslands hafa verið færð undir Landhelgisgæsluna sem sérstakt viðfangsefni. Fellur því fjárveiting niður á þessum lið en áætlað er fyrir starfseminni á lið 06–251–0110.

301 Biskup Íslands. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið áætlað fyrir framlögum til þjóðkirkjunnar undir einum fjárlagalið, *06–301 Þjóðkirkjan.* Í ríkisbókhaldi hefur þessi liður hins vegar verið þrískiptur. Við undirbúning fjárlagafrumvarps 1984 þótti því rétt að skipta þjóðkirkjunni á fjóra fjárlagaliði, þ. e. *301 Biskup Íslands, 302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, 303 Prestaköll og prófastdæmi* og *304 Ýmis kirkjuleg málefni.* Heildarfjárveiting til þessara fjárlagaliða verður 80 745 þús. kr., sem er hækkun um 29 507 þús. kr. eða 57,6% frá fjárlögum 1983. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum fjárlagalið fyrir sig til skýringar á hækkunum framlaga. Framlag til *301 Biskup Íslands* verður 5 839 þús. kr. sem er hækkun um 2 563 þús. kr. eða 78,2% frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 889 þús. kr. og verða 2 836 þús. kr. Á launalið er áætlað fyrir 7,0 heimiluðum stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 783 þús. kr. og verða 2 717 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir að 600 þús. kr. fari til uppgjörs við ýmsa sjóði sem eru í vörslu embættisins. Viðhald og stofnkostnaður lækka um 109 þús. kr. og verða 286 þús. kr.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Framlag til þessa liðar verður 1 382 þús. kr. sem er hækkun um 470 þús. kr. eða 51,5% frá fjárlögum 1983. Á launalið er áætlað fyrir 2,5 heimiluðum stöðugildum, en alls verður launaliður 792 þús. kr., sem er hækkun um 243 þús. kr. eða 44,3%. Hækkun launa er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Aðrir rekstrarliðir verða 590 þús. kr., og hækkar framlagið um 227 þús. kr. frá sambærilegri fjárveitingu í fjárlögum 1983.

303 Prestaköll og prófastdæmi. Fjárveiting verður 65 167 þús. kr., sem er hækkun um 21 791 þús. kr. eða 50,2% frá sambærilegri fjárveitingu í fjárlögum 1983. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna frá fjárlögum 1983 til frumvarpsins 1984:

Viðfangsefni:		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.	Breyting %
0101	Prestar og prófastar	31 636	49 449	17 813	56,3
0102	Byggingar á prestsetrum	3 500	4 250	750	21,4
0103	Kaup á eignum á kirkjujörðum	70	100	30	42,8
0104	Viðhald embættisbústaða	8 000	11 000	3 000	37,5
0105	Útihús á prestsetrum	100	250	150	150,0
0113	Byggingaeftirlit	70	118	48	68,5
	Samtals	43 376	65 167	21 791	50,2

Á launalið viðfangsefnisins *0101 Prestar og prófastar* er áætlað fyrir 119,5 heimiluðum stöðugildum.

304 Ýmis kirkjuleg málefni. Framlag til þessa fjárlagaliðar verður 8 357 þús. kr., sem er hækkun um 4 683 þús. kr. frá sambærilegri fjárhæð í fjárlögum 1983. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingu á framlögum til einstakra viðfangsefna frá fjárlögum 1983 til frumvarps 1984:

Viðfangsefni:		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102	Kirkjuráð	40	75	35
0103	Kirkjuþing	213	374	161
0104	Alþjóðasamvinna	170	200	30
0105	V-íslenskar kirkjur	6	—	−6
0106	Álag v/afhendingar kirkna	150	150	—
0107	Utanfarir presta	20	50	30
0108	Biskups- og prestabókasöfn	2	—	−2
0109	Eftirlaun presta og ekkna, viðbót	73	110	37
0112	Sumarbúðir	110	150	40
0114	Kirkjugarðaeftirlit	207	320	113
0121	Skálholtsstaður	350	450	100
0122	Hallgrímskirkja í Reykjavík	1 000	4 300	3 300
0124	Útgáfustarfsemi	14	32	18
0125	Hið ísl. biblíufélag	115	115	—
0126	Umbætur á kristindómsfræðslu í skólum	2	—	−2
0127	Rit presta í Hólastifti	1	—	−1
0129	Saurbæjarkirkja	1	—	−1
0130	Kirkjukórasamband Íslands	3	—	−3
0133	Minningarkapella um séra Jón Steingrímsson	2	—	−2
0135	Hólar í Hjaltadal	120	120	—
0136	Hjálparstofnun kirkjunnar	80	80	—
0137	Húsmæðraskólinn Löngumýri	120	439	319
0139	Prestastefna	15	15	—
0140	Fastanefndir þjóðkirkjunnar	12	15	3
0141	Dómprófastur í Reykjavík	48	62	14
0142	Kirkjuorgel	800	1 300	500
	Samtals	3 674	8 357	4 683

Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir 2,0 stöðum. Annarri á viðfangsefni *0114 Kirkjugarðaeftirlit* en hinni á viðfangsefni *0137 Húsmæðraskólinn Löngumýri.* Í fjárlögum 1983 var áætlað fyrir síðari stöðunni á fjárlagalið *02−553 Hússtjórnarskólar.*

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	5 055	9 252	4 197	83,0
Húsnæðismál	299 564	400 000	100 436	33,5
Önnur félagsmál	188 128	287 196	99 068	52,7
Samtals	492 747	696 448	203 701	41,3
Þar af markaðir tekjustofnar	180 107	226 450	46 343	25,7

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir frá fjárlögum 1983: Markaður tekjustofn til Byggingarsjóðs verkamanna verður 200 000 þús. kr., sem er hækkun um 41 950 þús. kr. Skipulagsgjald, sem rennur til Skipulagsstjóra ríkisins, hækkar um 1 178 þús. kr. og verður 7 050 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti, sem fer til Erfðafjársjóðs, hækkar um 3 215 þús. kr., og verður 19 400 þús. kr. Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlag hækkar um 4 197 þús. kr. og verður 9 252 þús. kr. Laun hækka um 2 059 þús. kr. og verða 5 426 þús. kr. Stöðugildum fjölgar um 1,0 stöðu fulltrúa og 0,6 stöðu skrifstofumanns. Launakostnaður tengdur þessum stöðugildum nemur 466 þús. kr. Auk þess flyst eitt stöðugildi skrifstofumanns af öðrum dagvinnulaunum yfir á föst laun. Þá má rekja 1 613 þús. kr. hækkun launa til verðlagsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 087 þús. kr. og verða 3 735 þús. kr. Viðhald hækkar um 40 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 11 þús. kr. og verður 41 þús. kr.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna. Fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna nema alls 400 000 þús. kr. og er það 100 436 þús. kr. eða 33,5% hækkun frá fjárlögum 1983 og skiptist þannig (í þús. kr.):

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
Byggingarsjóður ríkisins	141 514	200 000	58 486
Byggingarsjóður verkamanna	158 050	200 000	41 950
Samtals	299 564	400 000	100 436

Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um lánskjör og lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins. Í september 1983 var gerð ríkisstjórnarsamþykkt sem felur m. a. í sér hækkun allra lána Byggingarsjóðs ríkisins um 50% frá 1. janúar 1984, lengingu á lánstíma og breyttar endurgreiðslureglur. Ljóst er að ofangreind samþykkt eykur mjög á fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 mun hins vegar gerð nákvæm grein fyrir viðbótarfjárþörf húsbyggingarsjóðanna og hvernig henni skuli mætt.

371 Lánasjóður sveitarfélaga. Framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður í frumvarpinu og er það í samræmi við eina meginforsendu frumvarpsins um að dregið verði úr sjóðaframlögum. Framlag í fjárlögum 1983 nam 5 510 þús. kr.

399 Vatnsveitur. Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar um 1 000 þús. kr. eða 20% frá fjárlögum 1983. Verður fjárveiting til þessa verkefnis því 6 000 þús. kr.

700—790 Málefni fatlaðra. Sú breyting er nú gerð á framsetningu þessa málaflokks að honum er skipt á sex fjárlagaliði, 700, 750, 760, 770, 780 og 790, í stað tveggja á fjárlögum 1983, það er 977 og 978. Framsetning er sem mest samræmd þeim verkefnum sem upp eru talin í lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Heildarkostnaður hækkar úr 70 877 þús. kr. í fjárlögum 1983 í 147 726 þús. kr. eða um 108,4%. Tekin er inn fjárveiting til 15 nýrra heimila fyrir fatlaða, þar af fjögur sem áður hafa fengið rekstrarfé greitt með daggjöldum. Í fjárlögum 1983 eru reiknuð stöðugildi á þessum heimilum 246,75 en eru í þessu frumvarpi 331,3 eða fjölgun um 84,55 stöðugildi. Þau skiptast þannig að á nýjum heimilum eru 44,9, á

heimilum sem áður nutu daggjalda 34,55 og fjölgun áætlaðs starfsliðs hjá svæðisstjórnum 5,2 stöðugildi. Auk þessa eru nokkrar tilfærslur á reiknuðum stöðugildum milli einstakra stofnana og heimila. Þær stofnanir og heimili sem áformað er að veita fé til eru þessi (fjárhæðir í þús. kr.):

			Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	−Sértekjur	Fjárveiting
0101	**Stjórnarnefnd, samráðsnefnd**		**—**	**226**	**—**	**226**
0102	**Samráðsnefnd um ferlimál fatlaðra**		**—**	**526**	**—**	**526**
0103	**Svæðisstjórnir:**		**15,05**	**7 140**	**—**	**7 140**
	Reykjavík		3,50	1 354	—	1 354
	Reykjanes		1,50	637	—	637
	Vesturland		2,00	734	—	734
	Vestfirðir		1,25	851	—	851
	Norðurland vestra		2,00	1 043	—	1 043
	Norðurland eystra		2,50	1 358	—	1 358
	Austurland		1,30	572	—	572
	Suðurland		1,00	591	—	591
0104	**Sambýli:**		**40,45**	**10 865**	**—**	**10 865**
	Drekavogi 6, Reykjavík		4,00	1 503	—	1 503
	Háteigsvegi 6, Reykjavík		1,85	551	—	551
	Sigluvogi 5, Reykjavík		3,00	839	—	839
	Auðarstræti 15, Reykjavík		3,60	1 070	—	1 070
	Víðihlíð 11, Reykjavík	*	4,00	541	—	541
	Akranesi	*	4,00	1 008	—	1 008
	Siglufirði	*	4,00	872	—	872
	Byggðavegi 91, Akureyri		5,00	1 518	—	1 518
	Borgarhlíð 3, Akureyri		4,00	1 177	—	1 177
	Egilsstöðum	*	3,00	664	—	664
	Árvegi 8, Selfossi		4,00	1 122	—	1 122
0105	**Verndaðir vinnustaðir**		**24,00**	**21 187**	**10 283**	**10 904**
	Ás, Reykjavík		4,00	1 978	—	1 978
	Hrísalundur, Akureyri		7,00	6 357	2 558	3 799
	Bjarg, Akureyri	*	3,50	9 856	7 524	2 332
	Vestmannaeyjum	*	2,00	685	157	528
	Árvegi 6, Selfossi		2,00	517	44	473
	Kópavogi	*	5,50	1 794	—	1 794
0106	**Dagvistun (afþreyingarheimili)**		**36,35**	**20 659**	**—**	**20 659**
	Lækjarás, Reykjavík		7,60	4 099	—	4 099
	Lyngás, Reykjavík	**	14,75	9 088	—	9 088
	Bjarkarás	**	14,00	7 472	—	7 472
0107	**Leiktækjasöfn:**		**3,70**	**1 608**	**241**	**1 367**
	Borgarnesi		0,50	232	35	197
	Blönduósi		1,00	403	60	343
	Siglufirði		1,00	370	55	315
	Akureyri		0,60	379	57	322
	Keflavík		0,60	224	34	190
0108	**Þjónustumiðstöðvar**		**23,85**	**7 141**	**—**	**7 141**
	Bræðratunga, Ísafirði	*	9,00	2 363	—	2 363
	Vonarland, Egilsstöðum		14,85	4 778	—	4 778
0109	**Skammtímavistun:**		**9,90**	**2 536**	**380**	**2 156**
	Víðihlíð 9, Reykjavík	*	4,90	781	117	664
	Egilsá, Skagafirði	*	1,00	308	46	262
	Keflavík	*	4,00	1 447	217	1 230

			Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	−Sértekjur	Fjárveiting
0110	**Heimili fyrir einhverf börn:**		**12,00**	**6 582**	**101**	**6 481**
	Trönuhólum 1, Reykjavík		12,00	6 582	101	6 481
0111	**Meðferðarheimilið Lambhagi, Selfossi**	**	**5,00**	**1 715**	**60**	**1 655**
0112	**Gistiheimili:**		**0,80**	**490**	**—**	**490**
	Þroskahjálp, Reykjavík	**	0,80	490	—	490
0113	**Kostnaður skv. 10. gr. laganna**		**—**	**3 489**	**—**	**3 489**
0114	**Vistheimili**		**160,20**	**76 735**	**2 108**	**74 627**
	Skálatún, Mosfellssveit		54,00	25 276	397	24 879
	Tjaldanes, Mosfellssveit		21,70	8 833	—	8 833
	Sólborg, Akureyri		57,00	28 148	1 045	27 103
	Sólheimar, Grímsnesi		27,50	14 478	666	13 812
		Samtals	331,30	160 899	13 173	147 726

* Nýtt frá fjárlögum 1983.
** Áður greitt með daggjöldum, nýtt á þessum fjárlagalið.

Verður nú vikið að einstökum viðfangsefnum:

0101 Stjórnarnefnd, samráðsnefnd. Samráðsnefnd er ný og hækkar kostnaður úr 96 þús. kr. í 226 þús. kr. við báðar nefndirnar.

0102 Samráðsnefnd um ferlimál fatlaðra. Nýtt viðfangsefni og er kostnaður áætlaður 526 þús. kr.

0103 Svæðisstjórnir. Áætlað er að starfsliði fjölgi nokkuð eða sem nemur 5,2 reiknuðum stöðugildum. Kostnaður hækkar úr 2 719 þús. kr. í 7 140 þús. kr.

0104 Sambýli. Gert er ráð fyrir að sambýlum fjölgi um fjögur og að þau verði ellefu. Kostnaður hækkar um 6 586 þús. kr. og verður 10 865 þús. kr. Í fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir að sveitarfélög greiddu 15% af rekstrarkostnaði sambýla (719 þús. kr.) en ný lög um málefni fatlaðra gera ekki ráð fyrir að sveitarfélög taki þátt í kostnaði af rekstri sambýlanna. Þá veldur það nokkru um hækkun á rekstrarkostnaði sambýla að í fjárlögum 1983 er ekki gert ráð fyrir rekstri þeirra allt árið 1983.

0105 Verndaðir vinnustaðir. Gert er ráð fyrir sex vernduðum vinnustöðum í frumvarpinu en þeir voru þrír í fjárlögum 1983. Kostnaður er áætlaður 10 904 þús. kr. en er 3 068 þús. kr. í fjárlögum 1983. M.a. er ekki lengur gert ráð fyrir 15% framlagi frá sveitarfélögum. Reiknuðum stöðugildum fjölgar um 12,5.

0106 Dagvistir (afþreyingarheimili). Þessum heimilum fjölgar úr einu í þrjú og var kostnaður við bæði viðbótarheimilin greiddur af daggjöldum. Eru þau því ný með beinum fjárveitingum í frumvarpinu. Kostnaður við þetta viðfangsefni er áætlaður 20 659 þús. kr. en var 1 822 þús. kr. eftir að viðkomandi sveitarfélagi hafði verið áætlað að greiða 15% af rekstrarkostnaði. Nú er ekki gert ráð fyrir greiðslum frá sveitarfélögum. Reiknuðum stöðugildum fjölgar um 29,65 og verða þau 36,35.

0107 Leiktækjasöfn. Gert er ráð fyrir sama fjölda og í fjárlögum 1983 eða fimm. Kostnaður hækkar um 774 þús. kr. og verður 1 367 þús. kr. Sértekjur á þessu viðfangsefni, 241 þús. kr., eru 15% mótframlag frá sveitarfélögum.

0108 Þjónustumiðstöðvar. Á þessu viðfangsefni eru nú tvær stofnanir, þ.e. Bræðratunga á Ísafirði og Vonarland á Egilsstöðum, en sú stofnun er í fjárlögum 1983. Kostnaður hækkar úr 3 093 þús. kr. í 7 141 þús. kr. Sveitarfélögum var í fjárlögum 1983 ætlað að bera 15% kostnaðar við rekstur Vonarlands, en í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir fé frá sveitarfélögum.

0109 Skammtímavistun. Undir þessu viðfangsefni eru þrjú heimili, öll ný í fjárlagafrumvarpi. Kostnaður er áætlaður 2 156 þús. kr. og stöðugildi reiknuð 9,9. Sértekjur, 380 þús. kr., eru mótframlög viðkomandi sveitarfélaga (15%).

0110 Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1. Fjárveiting til heimilisins hækkar um 4 687 þús. kr. og verður 6 401 þús. kr. Hækkunin stafar fyrst og fremst af ófullkominni tillögugerð við meðferð fjárlaga fyrir árið 1983. Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda um tvö og verða þau samtals tólf. Ráðninganefnd ríkisins veitti í janúar 1983 heimild fyrir þeim tíu stöðugildum sem eru í fjárlögum 1983.

0111 og 0112 Meðferðarheimilið Lambhagi, Selfossi, og Gistiheimili Þroskahjálpar, Reykjavík, eru nú í fyrsta skipti með beina fjárveitingu en fengu áður greiðslur af daggjöldum. Kostnaður við bæði heimilin er áætlaður 2 145 þús. kr. og stöðugildi reiknuð 5,8.

0113 Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983. Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð við ákvæði 15. gr. laga nr. 47/1979. Fjárveitingin hækkar um 1 150 þús. kr. og verður 3 489 þús. kr.

0114 Vistheimili. Undir þessu viðfangsefni eru þau fjögur vistheimili sem eru undir liðnum *978 Heimili fyrir þroskahefta* í fjárlögum 1983, þ.e. Skálatún, Tjaldanes, Sólborg og Sólheimar. Fjárveiting hækkar úr 51 084 þús. kr. í 74 627 þús. kr. eða um 23 543 þús. kr. (46,1%). Laun og önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins en fjárveiting til viðhalds lækkar um 1 101 þús. kr. Ætlast er til að Framkvæmdasjóður fatlaðra veiti fé til meiriháttar viðhalds og endurbyggingar á húsum. Stjórn ríkisspítalanna hefur yfirumsjón með rekstri Tjaldanesheimilisins.

795 **Framkvæmdasjóður fatlaðra.** Samkvæmt IX. kafla laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal stofna sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sjóðurinn yfirtekur Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, sbr. lög nr. 47/1979, og skuldbindingar hans. Hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er að fjármagna þær framkvæmdir sem taldar eru í 1. mgr. 26. og 27. gr. laganna og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Um framkvæmdir sem fjármagnaðar eru af sjóðnum gilda ákvæði laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda að undanskildum framkvæmdum skv. 1. mgr. 27. gr. Samkvæmt framanrituðu fellur framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra því niður, en það nam 39 960 þús. kr. í fjárlögum 1983. Í 35. gr. laganna um málefni fatlaðra er kveðið á um framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þar segir að ríkissjóður skuli árlega næstu fimm ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 55 000 þús. kr. miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Fjárveiting til sjóðsins er í frumvarpinu ákveðin 40 000 þús. kr., sem er skerðing framlags frá því sem um getur í lögum um málefni fatlaðra. Er skerðing þessi í samræmi við eina meginforsendu frumvarpsins um framlög ríkissjóðs til sjóða. Þá er vakin athygli á að tekjur Erfðafjársjóðs renna til sjóðsins, en gert er ráð fyrir að tekjur Erfðafjársjóðs verði um 21 400 þús. kr. á árinu 1984, þar af 19 400 þús. kr. sem fjárveiting úr ríkissjóði.

951 Brunamálastofnun ríkisins. Rekstur stofnunarinnar er kostaður af brunavarnariðgjöldum, sbr. lög nr. 74/1982. Ekki er gert ráð fyrir öðrum fjárframlögum til stofnunarinnar. Launaútgjöld hækka um 1 170 þús. kr. og verða 2 178 þús. kr. Ráðninganefnd samþykkti síðla árs 1982 fjölgun stöðugilda við stofnunina um tvö. Laun tengd þessum tveim stöðugildum nema 562 þús. kr. Hækkun launaútgjalda vegna verðlagsbreytinga svarar til 608 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 661 þús. kr. og verða 996 þús. kr. Viðhald hækkar um 40 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 95 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Sértekjur hækka um 1 966 þús. kr. og verða 3 374 þús. kr.

972 Bjargráðasjóður Íslands. Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands verður 21 800 þús. kr. sem er hækkun um 13 278 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Samkvæmt lögum nr. 57/1980, um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð Íslands, er kveðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Framlag til sjóðsins hefur verið skert frá áðurnefndum lögum. Þannig nemur fjárveiting til starfsemi sjóðsins 1984 5 400 þús. kr., sem er hækkun um 20% frá fjárlögum 1983, og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins um framlög til sjóða. Til viðbótar áðurgreindu framlagi er sérstök fjárveiting að fjárhæð 16 400 þús. kr. samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ríkissjóður greiði Bjargráðasjóði mismuninn á fjármagnskostnaði sem sjóðurinn verður fyrir vegna svokallaðra harðæris- og óveðurslána sem tekin voru á árunum 1980 til 1982.

981 Vinnumál. Fjárveiting hækkar um 3 019 þús. kr. og verður 14 392 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra aðila á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlögum 1983 og hins vegar í frumvarpi 1984.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102	Félagsdómur	208	302	94
0104	Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi o.fl.	1 688	2 190	502
0106	Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna	2 520	3 280	760
0107	Alþýðusamband Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	1 020	1 330	310
0108	Orlofsheimili BSRB	950	1 240	290
0109	Félagsmálaskóli alþýðu	1 425	1 850	425
0110	Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMSS og BSRB	1 350	1 750	400
0111	Iðnnemasamband Íslands	39	50	11
0116	Alþýðusamband Íslands vegna orlofsmála	210	270	60
0117	Alþýðusamband Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	42	60	18
0118	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	450	600	150
0121	Þátttaka í starfi ILO	170	—	−170
0130	Sjómannadagsráð	81	100	19
0131	Fræðslumál BSRB	415	540	125
0132	Fræðslumál BHM	63	80	17
0133	Fræðslumál annarra	80	100	20
0134	Sjómannasamtök, lögskráning	200	200	—
0135	Vinnuverndarmál	350	—	−350
0136	Upplýsingastarfsemi um kjaramál	112	150	38
0137	Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	—	300	300
	Samtals	11 373	14 392	3 019

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Framlög hækka um 1 836 þús. kr. og verða 18 807 þús. kr. Framlög til einstakra liða breytast milli ára sem hér segir:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102	Barnaheimili og hæli	12	—	−12
0113	Slysavarnafélag Íslands	2 040	3 000	960
0120	Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1974	6 986	9 000	2 014
0122	Leigjendasamtökin	100	65	−35
0136	Rauðsokkahreyfingin	14	—	−14
0138	Náttúrulækningafélag Íslands	105	—	−105
0146	Samtök aldraða	210	—	−210
0151	Norrænn byggingardagur	100	—	−100
0153	Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar	3 467	3 030	−437
0154	Almannavarnir í Mývatnssveit	150	—	−150
0155	Grímseyjarhreppur, styrkur vegna tilraunavindmyllu	75	—	−75
	Samtals	13 259	15 095	1 836

Aðrir liðir en getið er um hér að ofan eru óbreyttir frá fjárlögum 1983.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	7 135	11 542	4 407	61,8
Tryggingamál	3 615 545	4 862 630	1 247 085	24,5
Heilbrigðismál	1 315 444	1 849 336	533 892	40,5
Annað	8 440	10 785	2 345	27,8
Samtals	4 946 564	6 734 293	1 787 729	36,1
Þar af markaðir tekjustofnar	374 360	510 250	135 890	36,3

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru lífeyristryggingagjald atvinnurekenda, sem verður 380 000 þús. kr., sem er hækkun um 100 000 þús. kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda sem hækka um 13 400 þús. kr., og verða 28 000 þús. kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem hækkar um 20 330 þús. kr., og verður 58 500 þús. kr., hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 160 þús. kr., og verður 600 þús. kr. Sérlyfjagjald verður 430 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1983. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta verður óbreytt frá fjárlögum 1983 eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans verða 700 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1983. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 2 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður þessara tryggingaþátta dregnar saman og hækkanir frá fjárlögum og áætlaðri útkomu 1983 sýndar:

Almannatryggingar 1983 og 1984 (í m. kr.)

	Fjárlög 1983 (1)	Endurskoðuð áætlun 1983 (2)	Frumvarp 1984 (3)	Breytingar (3)/(1)	Breytingar % (3)/(2)
Slysatryggingar	15	15	28	86,7	86,7
Lífeyristryggingar	1 740	1 995	2 263	30,1	13,4
Sjúkratryggingar	1 726	2 152	2 375	37,5	10,4
Samtals	3 481	4 162	4 666	34,0	12,1

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 201/1981 er áætluð 28 m. kr. og lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda er áætlað 380 m. kr., en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 1 185 m. kr. eða 34% frá fjárlögum, en frá endurskoðaðri áætlun fyrir 1983 um 504 m. kr. eða 12,1%. Forsendur um verðlag á útgjaldaliðum almannatryggingar eru hinar sömu og við eiga um laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Við samanburð á fjárlögum 1983 og frumvarpstölum þarf að hafa í huga að í fjárlagafjárhæðunum voru innifalin 12,75% vegna verðlagshækkana 1983.

Heildarútgjöld lífeyristrygginga eru talin verða 2 263 m. kr., auk þess bætast við 212 m. kr. vegna greiðslu barnsmeðlaga sem Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir en sveitarfélögin endurgreiða. Útgjöld lífeyristrygginga samkvæmt fjárlögum 1983 og frumvarpi 1984 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1983 og 1984 (í m. kr.)

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breytingar m. kr.	Breytingar %
Gjöld:					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur	1 481	1 912	431	29,1
	Elli- og örorkulífeyrir	753	910	157	20,8
	Tekjutrygging	498	697	199	40,0
	Uppbót	121	160	39	32,2
	Heimilisuppbót	44	63	19	43,2
	Bensínstyrkur	–	9	9	–
	Örorkustyrkur	65	73	8	12,3
104	Barnalífeyrir	48	54	6	12,5
105, 107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	44	54	10	22,7
106	Framlög til einstæðra foreldra	40	59	19	47,5
108	Fæðingarorlof	106	154	48	45,3
120	Meðlög	163	212	49	30,1
171	Rekstrarkostnaður	21	30	9	42,8
	Samtals	1 903	2 475	572	30,1
Tekjur:					
180	Framlög ríkissjóðs	1 740	2 263	523	30,1
181	Meðlög, sveitarfélög	163	212	49	30,1
	Samtals	1 903	2 475	572	30,1

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga skýrast af þrennu. Almennt er gert ráð fyrir 2% magnaukningu bóta á árinu 1984 vegna fjölgunar bótaþega og er það byggt á reynslu liðinna ára. Þá er útgjaldaaukning vegna bótahækkunar, en bætur lífeyristrygginga hafa hækkað með eftirfarandi hætti á árinu 1983: 1. janúar hækkuðu almennar bætur um 2,1% en auk þess hækkaði tekjutrygging um 2,68% og heimilisuppbót um 4,5%. 1. mars hækkuðu almennar bætur um 14,74%, 1. júní um 8% og þá hækkuðu mæðralaun með einu barni um 100% og með tveim börnum um 30%. Áætlað er fyrir 4% hækkun bóta 1. október og 6% hækkun á árinu 1984 og er þetta í samræmi við forsendur um hækkun launa. Að lokum er þess að geta að útgjöld lífeyristrygginga hafa verið lækkuð um 60 m. kr. frá því sem felst í gildandi reglum, og mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða með hvaða hætti sá sparnaður í útgjöldum næst. Áætluð útgjöld lífeyristrygginga eru í heild 13,4% hærri en endurskoðuð áætluð ársins 1983 gerir ráð fyrir. Ekki eru tök á því að bera einstaka útgjaldaflokka saman á þessum grundvelli en heildarhækkunin er í samræmi við forsendur um fjölgun bótaþega og hækkun launa milli áranna 1983 og 1984. Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1984 nema alls 2 375 m. kr. Sundurliðun útgjalda sjúkratrygginga á helstu útgjaldaliði kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1983 og 1984 (í m. kr.)

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting m. kr.	Breyting %
Gjöld:					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	1 217	1 536	319	26,2
302	Vistgjöld á stofnunum þroskaheftra	10	–	−10	
303-306	Hjálpartæki	54	59	5	9,3
310	Lækniskostnaður	120	175	55	45,8
311	Tannlæknakostnaður	93	140	47	50,5
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður	90	190	100	111,1
315	Lyfjakostnaður	280	460	180	64,3
316	Sjúkradagpeningar	60	75	15	25,0
370	Rekstrarkostnaður	19	30	11	57,8
	Samtals	1 943	2 665	722	37,2
Tekjur:					
380	Hlutur ríkissjóðs	1 726	2 375	649	37,6
	Hlutur sveitarfélaga	217	290	73	33,6
	Samtals	1 943	2 665	722	37,2

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 89% en hlutur sveitarfélaga um 11%. Er þetta svipað hlutfall og á síðasta ári. Hækkun einstakra liða sjúkratrygginganna er allbreytileg en hliðsjón er höfð af þróun útgjalda á síðastliðnu ári og það sem af er árinu 1983. Vistgjöld á sjúkrahúsum eru alls talin nema 1 536 m. kr. og hækkun útgjalda frá fjárlögum er 26,2%. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun leita leiða til sparnaðar í rekstri sjúkrahúsanna um allt að 150 m. kr. og hækka útgjöld því ekki meir en raun ber vitni. Margvíslegar hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa frá því fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1983. Í fjárlögum 1983 var áætluð vegin taxtahækkun rekstrardaggjalda á árinu 1983 14,5% en horfur eru á að sú hækkun verði 26,9%. Taxtar hafa breyst þannig: 1. des. 1982 13,5%, en áætlað var fyrir 7,5% í fjárlögum, 1. janúar 1983 2,6%, 1. mars

15,5%, 1. júní 12,5%, og áætlað er að taxtar hækki um 7,3% 1. okt. n. k. Grunngjald flestra sjúkrahúsa hækkaði um 4% 1. júní og var það gert vegna verulegs hallareksturs húsanna 1982. Í fjárlögum 1983 var á sérstökum lið, 08-381, áætlað fyrir viðhaldi á sjúkrahúsum. Með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 var ákveðið að viðhald sjúkrahúsa skuli framvegis greiða í hlutföllunum 85:15 af ríki og sveitarfélögum. Viðhald sjúkrahúsa er því í frumvarpinu áætlað sem hluti daggjalda á árinu 1984. Útgjöld sjúkratrygginga vegna annarra útgjaldaþátta en vistgjalda hækka mjög misjafnlega. Ekki er talin ástæða til sérstakrar umfjöllunar um einstaka liði, en áætlun þeirra er reist á því að gjaldskrár neytenda, þ. e. fyrir lyf, læknishjálp o. fl., hækki í hátt við verðlagsbreytingar milli ára og að 90 m. kr. sparist með einum eða öðrum hætti í útgjöldum ríkissjóðs vegna sömu útgjaldaþátta. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun vinna að tillögum um framkvæmd þessa sparnaðar.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins nemur samtals 175 500 þús. kr. sem er hækkun um 55 500 þús. kr. eða 46,2% frá fjárlögum 1983. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins er 58 500 þús. kr. og færist það jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs nemur tvisvar sinnum framlagi atvinnurekenda eða samtals 117 000 þús. kr.

274 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Framlag ríkissjóðs verður 21 130 þús. kr. sem er hækkun um 6 560 þús. kr. eða 45% frá fjárlögum 1983. Hækkun framlagsins er nokkurn veginn í hátt við almennar launaforsendur frumvarpsins og skýrist af því að útgjöld sjóðsins verðbætast á sama hátt og launagreiðslur.

302, 311, 312, 371–377, 501 **Ríkisspítalar.** Heildarframlög til þessara stofnana nema 1 111 334 þús. kr. og hækka um 368 608 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliðir nema samtals 786 865 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting launaliðar milli stofnana og hlutfallsleg hækkun frá fjárlögum 1983.

	Fjárlög 1983 Þús. kr.	Frumvarp 1984 Þús. kr.	Breyting %
Landspítali	273 958	410 116	49,7
— kvennadeild	45 679	67 359	47,4
Vífilsstaðaspítali	30 251	43 959	45,3
Kleppsspítali	83 388	123 550	48,1
Kópavogshæli	39 768	60 069	51,0
Gunnarsholt	2 950	4 454	50,9
Rannsóknastofa H.Í.	20 489	30 491	48,8
Blóðbankinn	6 125	8 933	45,8
Skrifstofa ríkisspítala	10 962	16 348	49,1
Ljósmæðraskólinn	1 452	2 031	39,8
Kristneshæli	12 521	19 555	56,1
Samtals	527 543	786 865	49,2

Hækkun launaliðar er samtals 259 322 þús. kr. eða 49,2%. Hluti þessarar hækkunar er vegna kjarasamninga sem gerðir voru síðla árs 1982 við ríkisstarfsmenn en leiðréttingar vegna þeirra komust ekki inn í fjárlagatölur fyrir árið 1983. Þessir samningar leiddu einnig til þess að álag á föst laun grunnheimilda vegna veikinda, sumarleyfa og annarra afleysinga er nú hækkað í 20,5% en það var 18% í fjárlögum 1983. Kostnaðarauki samfara nýjum stöðum sem heimilaðar voru af Alþingi 1983 er rúmlega 9 000 þús. kr. og sést í eftirfarandi yfirliti hvernig þær skiptast á hinar ýmsu stofnanir.

Grunnheimildir — aukning

	Fjárlög 1983	Af fjárlagalið 08-310	Viðbætur skv. frumvarpi 1984	Tilfærslur	Stöður alls
Landspítali	924,05	6,75	36	+1	967,8
— kvennadeild	139,0	—	15	−1	153,0
Vífilsstaðaspítali	118,15	—	—	—	118,15
Kleppsspítali	292,7	—	10	—	302,7
Kópavogshæli	182,2	7,0	—	—	189,2
Vistheimilið Gunnarsholti	12,0	—	—	—	12,0
Rannsóknastofa H.Í.	62,7	1,0	—	—	63,7
Blóðbankinn	21,7	—	—	—	21,7
Skrifstofa ríkisspítala	46,5	—	—	—	46,5
Kristneshæli	48,0	4,0	—	—	52,0
Samtals	1 847,0	18,75	61,0	0	1 926,75

Viðbætur í þessu frumvarpi eru allar vegna breytinga á námsstöðu hjúkrunar- og ljósmæðranema sem ekki hafa lengur starfsskyldu á sjúkrahúsum. Samtals falla 95 nemastöður út af launaskrá hjá ríkisspítölunum en í stað þeirra fjölgar grunnheimildum um 61 stöðu, 39 hjúkrunarfræðinga, 17 sjúkraliða og 5 ljósmæður.

Álag á föst laun grunnheimilda vegna veikinda, sumarleyfa og annarra afleysinga er 20,5% nú en var 18% í fjárlögum 1982. Eins og áður sagði kom þessi hækkun til vegna ákvæða í kjarasamningum á árinu 1982. Auk þess er miðað við að 44,1% bætist við vegna yfirvinnu og vaktagreiðslna. Samtals felur frumvarpið því í sér að jafnaði 64,6% álag á föst laun grunnheimilda. Önnur rekstrargjöld nema 377 792 þús. kr. og hækka um 169 155 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Þetta er rúmlega 80% hækkun, en við samanburð verður að taka tillit til leiðréttinga sem gerðar voru á framlögum ársins 1983 vegna breyttra verðlagsforsendna. Hið sama á við þegar áætlaðar sértekjur eru bornar saman við sértekjur í fjárlögum 1983, en hækkun milli ára er 54 159 þús. kr. og nema þær samtals 107 323 þús. kr. Hvort tveggja er þetta á áætluðu verðlagi ársins 1984. Framlag til viðhalds allra stofnanana er áætlað á fjárlagalið *371 Landspítali*, og nemur sú upphæð 24 000 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum fyrra árs er 4 493 þús. kr. eða um 23%. Í gjaldfærðan stofnkostnað eru áætlaðar 30 000 þús. kr. og er sú upphæð einnig færð óskipt á fjárlagalið *371 Landspítali*. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis fjalli um skiptingu á framlagi til viðhalds og stofnkostnaðar. Gjaldfærður stofnkostnaður skiptist sem hér segir í þús. kr.:

A. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð:		
1. Geðdeild	9 100	
2. Bygging W	600	
3. Bygging K	2 300	
4. Tækjakaup	5 000	17 000
B. Stjórnarnefnd ríkisspítala:		
1. Almennar framkvæmdir	7 500	
2. Sérstök verkefni og stærri tækjakaup	5 500	13 000
Samtals		30 000

310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar. Framlag til þessa liðar fellur nú niður en það var 2 917 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1983. Fjárveiting á þessum fjárlagalið hefur á undanförnum árum verið ætluð fyrir nýjum stöðum á ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum og hefur fjárveitinganefnd Alþingis síðan fjallað um skiptingu fjárveitingarinnar.

324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.** Heildarfjárveiting nemur 12 185 þús. kr. og hækkar um 3 626 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 5 602 þús. kr. og hækkar um 1 838 þús. kr., sem er nokkurn veginn í samræmi við almennar launahækkanir á tímabilinu. Heimilaðar stöður eru 17,5 talsins og er það sami stöðufjöldi og í fjárlögum yfirstandandi árs. Önnur rekstrargjöld nema 2 214 þús. kr. og hækka um 846 þús. kr. Til viðhalds renna 50 þús. kr. og til stofnkostnaðar 600 þús. kr. til tækjakaupa. Framlag til kaupa á heyrnartækjum er 4 100 þús. kr. og er fært á gjaldalið *til einstaklinga og samtaka.* Að lokum eru áætlaðar sértekjur 381 þús. kr.

325 **Hollustuvernd ríkisins.** Fjárveiting til stofnunarinnar verður 12 990 þús. kr. og er það 5 027 þús. kr. eða 63,1% hækkun frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 3 511 þús. kr. og verða 9 444 þús. kr. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1983 nýtt stöðugildi sérfræðings til eftirlits með innflutningi á matvælum og eru grunnheimildir stofnunarinnar því alls 25,3 stöðugildi. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 577 þús. kr. og verða 3 977 þús. kr. Viðhald hækkar um 35 þús. kr. og verður 135 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 250 þús. kr. og verður 400 þús. kr. Að lokum hækka sértekjur stofnunarinnar um 346 þús. kr. og verða 966 þús. kr.

381 **Sjúkrahús og læknisbústaðir.** Framlög nema samtals 124 285 þús. kr. og hækka um 23 613 þús. kr. Viðfangsefni eru fimm talsins en voru tíu í fjárlögum 1983. Eftirtalin viðfangsefni falla niður: *0305 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur, 0308 St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur, 0312 Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi, 0313 Krabbameinsfélag Íslands, byggingarstyrkur og 0304 Viðhald sjúkrahúsa,* en samkvæmt nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 greiðir ríkissjóður 85% viðhaldskostnaðar en sveitarfélög 15%. Áætlað er fyrir þessum útgjaldaþætti á vistgjöldum sjúkrastofnana á lið Tryggingastofnunar ríkisins. Breytingar á framlögum koma fram í eftirfarandi töflu:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0301	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa	100 220	111 000	10 780
0302	Röntgentæki	680	800	120
0304	Viðhald skv. lögum nr. 57/1978	31 300	—	−31 300
0305	Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur	3 000	—	−3 000
0306	Heilsuverndarstöðvar, styrkur	4 236	4 985	749
0308	St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur	50	—	−50
0311	DAS Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur, fjórða greiðsla af sex	2 912	3 500	588
0312	Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi	1 000	—	−1 000
0313	Krabbameinsfélag Íslands, byggingarstyrkur	3 000	—	−3 000
0314	SÁÁ, byggingarstyrkur	1 500	4 000	2 500
	Samtals	147 898	124 285	−23 613

385 **Framkvæmdasjóður aldraðra.** Framlag nemur alls 42 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 000 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Með lögum nr. 91/1982 um málefni aldraðra er ákveðið að markaðar tekjur sjóðsins miðist við tiltekna fjárhæð sem breytist með skattvísitölu. Framlagið er sama fjárhæð og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.

386 **St. Jósefsspítali Landakoti.** Heildarframlag nemur 237 199 þús. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1983 um 81 806 þús. kr. Laun nema 165 974 þús. kr. og hækka um 56 181 þús. kr. eða 51,1%. Þetta er hækkun umfram almennar launahækkanir og eru eftirfarandi skýringar á því: Miklar launaflokkatilfærslur hafa átt sér stað á tímabilinu. Hluti þeirra kom til framkvæmda á árinu 1983 og var launaliður fjárlaga 1983 leiðréttur með tilliti til þess. Fyrir launum til afleysinga er nú áætlað 20,5% á föst laun grunnheimilda en var 18% í áætlun s. l. árs. Þessi breyting er vegna sérkjarasamninga sem gerðir voru seint á árinu 1982. Yfirvinna og álagshlutfall er nú 42% en var 36% í fjárlögum 1983. Á móti kemur að nú er ekki áætlað fyrir afleysingum til viðbótar við laun sérfræðinga við sjúkrahúsið, en þeir starfa samkvæmt sérsamningum við sjúkrahúsið og taka ekki föst mánaðarlaun. Áætlunin nú byggir á sama stöðufjölda og áætlun 1983 eða 370,0 grunnheimildum. Önnur rekstrargjöld áætlast 86 030 þús. kr. og sértekjur 23 205 þús. kr. Hvort tveggja er á áætluðu meðalverðlagi ársins 1984. Til viðhalds renna 5 400 þús. kr. og til stofnkostnaðar 3 000 þús. kr.

387 **Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.** Fjárveiting til sjúkrahússins nemur samtals 207 481 þús. kr. og hækkar um 72 402 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 137 929 þús. kr. og hækkar um 47 655 þús. kr. eða 52,7%, sem er umfram almennar launahækkanir. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 byggðist launaliður á 325 grunnheimildum. Síðan var 22,5 stöðuheimildum bætt við í meðförum Alþingis vegna nýrrar sjúkradeildar sem tók til starfa fyrri hluta árs 1983. Kostnaður samfara þessum 22,5 stöðum var því ekki heils árs kostnaður í fjárlögum 1983, en er það nú. Að auki bætist ein stöðuheimild við, en það er staða sérfræðings í röntgenlækningum. Heimild hefur verið fyrir stöðu þessari allt frá árinu 1979 en hún hefur ekki verið nýtt fyrr en nú. Stöðuheimildir eru því samtals 348,5. Aðrar skýringar á hækkun launa eru launaflokkatilfærslur vegna sérkjarasamninga á árinu 1982, en launaliður fjárlaga var síðar leiðréttur vegna þess. Afleysingarhlutfall sem bætt er ofan á föst laun grunnheimilda hefur verið hækkað í 20,5% úr 18% vegna áðurnefndra sérkjarasamninga. Eiga þessi fjögur atriði að skýra að fullu hækkun launa umfram almennar launahækkanir. Til viðbótar 20,5% vegna afleysinga og veikinda leggjast 44,1% ofan á föst laun grunnheimilda til að mæta yfirvinnu- og vaktaálagsgreiðslum. Þetta hlutfall er hið sama og í fjárlögum 1983, og telja forráðamenn sjúkrahússins að það hlutfall sé nærri lagi eftir ýmsar hagræðingaraðgerðir sem gerðar hafa verið til lækkunar aukavinnu. Önnur rekstrargjöld nema 68 641 þús. kr. og sértekjur 9 289 þús. kr. hvort tveggja á áætluðu meðalverðlagi ársins 1984. Til viðhalds er veitt 8 200 þús. kr. og til stofnkostnaðar 2 000 þús. kr.

399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.** Hækkun framlags frá fjárlögum 1983 er 3 706 þús. kr. og nemur það samtals 24 498 þús. kr. Viðfangsefni eru 30 talsins en voru 36 á s. l. ári. Sjö viðfangsefni falla niður. Þau eru: *0133 Tækniaðstoð við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála, 0134 Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun, 0148 Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, 0149 Rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa, 0151 Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup, 0155 Námslaun lækna-*

stúdenta og 0158 Alþjóðaár aldraðra. Eitt viðfangsefni bætist við sem er *0207 Framkvæmdastjórn WHO.* Í eftirfarandi töflu er getið breytinga sem orðið hafa frá fjárlögum 1983. Aðrir liðir eru óbreyttis að krónutölu.

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102	Norræn samvinna í lyfsölumálum	53	80	27
0104	Evrópska lyfjaskráin	64	96	32
0110	Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnarlögum um ónæmisaðgerðir	1 496	1 863	367
0111	Matvælarannsóknir	105	169	64
0112	Manneldisráð	319	457	138
0113	Kynsjúkdómavarnir, lög nr. 16/1978	122	181	59
0114	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	328	452	124
0127	Sjúkraflug	670	800	130
0128	Rhesusvarnir	272	395	123
0129	Blóðrannsóknir ungbarna	352	438	86
0133	Tækniaðstoð við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála	40	—	−40
0134	Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun	79	—	−79
0135	Námsferðir héraðslækna og embættislækna	193	312	119
0136	Ljósmæðralaun	2 396	3 643	1 247
0137	Skólar heilbrigðisstétta	2 535	3 768	1 233
0148	Útbreiðsla atvinnusjúkdóma	125	—	−125
0149	Rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa	67	—	−67
0151	Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup	250	—	−250
0152	Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini	98	75	−23
0154	Útgáfa Lyfjaverðskrár	70	105	35
0155	Námslaun læknastúdenta	30	—	−30
0157	Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum	1 500	1 000	−500
0158	Alþjóðaár aldraðra	70	—	−70
0201	Lyfjaverðlagsnefnd	270	428	158
0202	Lyfjanefnd	848	1 297	449
0203	Eiturefnanefnd	220	350	130
0205	Daggjaldanefnd	296	478	182
0207	Framkvæmdastjórn WHO	—	187	187
	Samtals	12 868	16 574	3 706

471 Gæsluvistarsjóður. Framlag er samtals 3 325 þús. kr. og hækkar um 43 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framlagið skiptist þannig milli þriggja viðfangsefna en eitt viðfangsefni fellur niður frá s. l. ári, *0103 Bláa bandið.*

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101	Gæsluvistarsjóður	3 000	3 000	—
0103	Bláa bandið	36	—	−36
0104	Vernd, félagssamtök	36	50	14
0105	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	210	275	65
	Samtals	3 282	3 325	43

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	24 187	39 258	15 071	62,3
Toll- og skattheimta	115 947	177 880	61 933	53,4
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	229 493	262 552	33 059	14,4
Annað	792 958	273 731	−519 227	−65,5
Samtals	1 162 585	753 421	−409 164	−35,2
Þar af markaður tekjustofn	13 000	15 600	2 600	20,0

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða, sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka fjármálaráðuneytisins.

203 Skattstofa Vesturlands. Framlag til skattstofunnar verður 4 021 þús. kr., sem er hækkun um 1 470 þús. kr. eða 57,6%. Laun hækka um 837 þús. kr. eða 36,2%. Önnur rekstrargjöld hækka um 670 þús. kr. og hefur þá verið tekið sérstakt tillit til aukinna útgjalda vegna flutnings í nýtt og stærra húsnæði. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 32 þús. kr. og verður 60 þús. kr. Sértekjur verða 119 þús. kr., sem er hækkun um 69 þús. kr.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld. Fjárveiting hækkar um 7 610 þús. kr. og verður 19 968 þús. kr. Rekstrarliðir aðrir en stofnkostnaður hækka um 7 300 þús. kr. og verða 19 658 þús. kr. Fjárveiting þessi stendur undir kostnaði við úrvinnslu á skattskrám, prentun á eyðublöðum og kaupum á fasteignaskrám. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 310 þús. kr. en var enginn í fjárlögum 1983. Gert er ráð fyrir að honum verði ráðstafað til kaupa á tölvuskjá og prentara.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík. Gjaldheimtan er rekin sameiginlega af ríki og Reykjavíkurborg og greiðir ríkissjóður helming af rekstrarkostnaði á móti Reykjavíkurborg. Á fjárlögum undanfarandi ára hefur einungis verið áætlað fyrir hluta ríkisins. Við undirbúning fjárlagafrumvarps 1984 þótti rétt að áætla einnig fyrir hluta Reykjavíkurborgar gjalda- og teknamegin, svo að sjá mætti raunverulegan rekstrarkostnað við stofnunina. Framlag til gjaldheimtunnar hækkar um 2 694 þús. kr. eða 51,4% og verður 7 929 þús. kr. Rekstrarliðir hækka um 16 354 þús. kr. og verða samtals 24 089 þús. kr. Sértekjur hækka um 13 660 þús. kr. og verða 16 160 þús. kr.

282 Tollamál. Fjárveiting verður 5 933 þús. kr., sem er lækkun um 417 þús. kr. Þessum fjárlagalið er skipt í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður* en fjárveiting til þess hækkar um 2 233 þús. kr. og verður 3 433 þús. kr., þar af eru laun 449 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir launum til þessa viðfangsefnis fyrr. Er hér um að ræða kostnað vegna vinnu við endurskoðun tollskrár og samræmingar á því sviði. Að öðru leyti fer fjárveiting til greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrslna, upplýsingabæklinga og tollskrár. Hitt viðfangsefnið er *tollamál-tölvuvæðing*, en fjárveiting til þess lækkar um 2 650 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr., sem áætlað er að ráðstafa til kaupa á nýju tölvukerfi til tollafgreiðslu, en frá árinu 1981 hefur verið unnið að undirbúningi að tölvuvæðingu hjá tollyfirvöldum.

381 Uppbætur á lífeyri. Framlag verður 256 646 þús. kr., sem er hækkun um 30 683 þús. kr. eða 13,5% frá fjárlögum 1983. Ofangreind hækkun er undir verðlagsforsendum frumvarpsins og er skýring þess sú að við áætlun fyrir árið 1984 var stuðst við raunveruleg útgjöld 1982 og fyrstu sex mánuði ársins 1983.

402 Fasteignamat ríkisins. Framlag hækkar um 3 347 þús. kr. og verður 10 240 þús. kr. Laun hækka um 3 223 þús. kr. eða 46,9% og verða 10 089 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 353 þús. kr. og verða 6 153 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í rekstri stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 100 þús. kr. og verður 250 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 23 þús. kr. og verður 400 þús. kr. Auk minni háttar verkefna er gert ráð fyrir að fjárveiting dugi til að greiða upp nýja símstöð fyrir stofnunina. Sértekjur hækka um 2 352 þús. kr. og verða 6 652 þús. kr.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárveiting á þessum lið í fjárlögum 1983 var samtals að fjárhæð kr. 511 600 þús. kr. Annars vegar voru 481 600 þús. kr. á launalið til að mæta grunnlauna- og verðbótahækkunum hjá stofnunum á árinu 1983. Hins vegar voru áætlaðar 30 000 þús. kr. á öðrum rekstrargjöldum til að mæta óvissuþáttum tengdum verðlagsmálum á árinu 1983. Fjárveiting er nú samtals að fjárhæð 69 000 þús. kr., þar af eru laun 5 000 þús. kr. sem eru m. a. til að mæta launum starfsmanna Rekstrardeildar ríkisskipa, sem flytjast yfir til Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands og Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna (sjá nánar lið 10-325 í athugasemdum þessum). Þá eru áætlaðar 64 000 þús. kr. til að mæta rekstrargjaldahækkunum hjá sýslumanna- og bæjarfógetaembættum á næsta ári.

990 Efnahagsráðstafanir. Liður þessi fellur nú niður. Fjárveiting í fjárlögum 1983 nam samtals 130 000 þús. kr. og var varið til ýmissa ráðstafana í efnahagsmálum, sbr. yfirlýsingu fyrrverandi ríkisstjórnar við setningu bráðabirgðalaga um efnahagsráðstafanir í ágúst 1982.

999 Ýmislegt. Fjárveiting til þessa liðar hækkar um 31 356 þús. kr. og verður 116 241 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti má sjá hver breyting fjárveitinga til einstakra viðfangsefna er frá fjárlögum 1983 til frumvarps 1984:

	Viðfangsefni	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Mismunur þús. kr.
0102	Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld	6 365	16 436	10 071
0103	Til blaðanna skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	4 000	—	−4 000
0104	Ýmis sameiginlegur kostnaður	1 000	2 319	1 319
0106	Skýrsluvélakostnaður v/tekjubókhalds	—	5 603	5 603
0107	Skýrsluvélakostnaður v/launagreiðslna	8 660	13 695	5 035
0108	Kjarasamningar	637	969	332
0111	Dómkröfur og málskostnaður	1 100	1 500	400
0112	Tryggingabætur skv. kjarasamningum	400	525	125
0113	Milliþinganefndir	125	194	69
0114	Þungaskattsálagning með ökumælum	298	345	47
0120	Lífeyrissjóður sjómanna	300	450	150
0121	Lífeyrissjóður bænda	10 000	20 100	10 100
0130	Kjararannsóknir	100	170	70
0141	Óviss útgjöld	42 000	43 000	1 000
0145	Húsnæðisbreytingar v/fatlaðra	1 400	1 400	—
0146	Sjóefnavinnsla v/yfirtöku lána	1 200	—	−1 200
0150	Bókhaldskerfi ríkisins	5 000	5 000	—
0303	Ýmis innheimtukostnaður	2 300	4 535	2 235
	Samtals	84 885	116 241	31 356

Eins og fram kemur í ofangreindu yfirliti falla tvö viðfangsefni niður frá fjárlögum 1983, en þau eru *0103 Til blaðanna, skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar* og *0146 Sjóefnavinnslan, vegna yfirtöku lána.* Á hinn bóginn er eitt nýtt viðfangsefni tekið upp og er það *0106 Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds.*

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	4 152	7 197	3 045	73,3
Vegamál	838 000	949 000	111 000	13,2
Önnur samgöngumál	369 989	441 039	71 050	19,2
Samtals	1 212 141	1 397 236	185 095	15,2
Þar af markaðir tekjustofnar	614 380	840 200	225 820	36,8

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Bifreiðaskattur er áætlaður 200 000 þús. kr., gúmmígjald 1 500 þús. kr., og innflutningsgjald af bensíni 603 200 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 804 700 þús. kr., og er það hækkun um 236 400 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Vitagjald hækkar um 1 200 þús. kr., og verður 6 500 þús. kr. Skipaskoðunargjald verður 600 þús. kr., sem er lækkun um 780 þús. kr., frá fjárlögum 1983. Flugvallagjald lækkar um 11 000 þús. kr., og verður 28 000 þús. kr. Sérleyfisgjald er óbreytt og verður 400 þús. kr.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

211 Vegagerð ríkisins. Framlag til vegamála nemur alls 949 000 þús. kr. Að svo stöddu miðast framlagið aðeins við tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegamála og beinu ríkisframlagi. Svo sem fram kemur í inngangi athugasemda með frumvarpinu eru nokkrir þættir lánsfjármála óafgreiddir, þ. á m. lánsfjáröflun til vegagerðar. Fjármögnun af mörkuðum tekjustofnum er samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins þannig, að af bensíngjaldi eru áætlaðar tekjur 603 200 þús. kr., gúmmígjaldi 1 500 þús. kr. og bifreiðaskatti 200 000 þús. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur alls 144 300 þús. kr.

321 Strandferðir, framlög. Framlög á þessum fjárlagalið verða alls 55 961 þús. kr., sem er lækkun um 14 525 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Framlag til Skipaútgerðar ríkisins verður 25 000 þús. kr., sem er lækkun um 14 525 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Um rekstur Skipaútgerðarinnar verður ekki fjallað frekar á þessu stigi, enda munu málefni fyrirtækisins koma til athugunar hjá fjárveitinganefnd Alþingis fyrir afgreiðslu fjárlaga 1984. Styrkir til flóabáta og völuflutninga verða 30 961 þús. kr., sem er sama upphæð og í fjárlögum 1983. Samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu styrkja til viðtakenda.

325 Rekstrardeild ríkisskipa. Í október 1981 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að endurskoða reglur um Rekstrardeild ríkisskipa en hún var stofnuð árið 1970. Niðurstaða nefndarinnar var á þá leið að afnema bæri fyrrnefndar reglur og leggja Rekstrardeild ríkisskipa niður. Við það yrðu verkefni deildarinnar að mestu leyti færð inn til þeirra stofnana sem hún þjónaði. Stofnanir sem hér um ræðir eru: Landhelgisgæslan, Hafrannsóknastofnun og Skipaútgerð ríkisins. Ráðherra og ríkisstjórn féllust

á tillögu nefndarinnar og í framhaldi af því var ákveðið að Rekstrardeildin yrði lögð niður frá og með 1. október 1983. Framlag til stofnunarinnar fellur því niður en fjárveiting nam 3 323 þús. kr. í fjárlögum 1983. Á fjárlagalið fjármálaráðuneytisins er áætlað fyrir 5 000 þús. kr. og er fjárhæðin ætluð til þess að mæta aukningu útgjalda einstakra stofnana í kjölfar breytingarinnar. Nú er unnið að uppgjöri á fjárhag Rekstrardeildarinnar.

331 **Vita- og hafnarmálaskrifstofa.** Fjárveiting skrifstofu Vita- og hafnarmála hækkar um 2 536 þús. kr. og verður samtals 7 063 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 6 161 þús. kr. og verða 14 488 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 900 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. sem ráðgert er að verja á eftirfarandi hátt: Lokaframkvæmdir við rishæð húsnæðis stofnunarinnar að Seljavegi 1 300 þús. kr. og 200 þús. kr. til tækjakaupa. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 4 525 þús. kr. og verða 8 925 þús. kr.

332 **Vitastofnun Íslands.** Fjárveiting hækkar um 7 191 þús. kr. og verður 25 780 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig niður á einstök viðfangsefni:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0102	Rekstur vita	12 189	18 434	51,2
0104	Sjómerki	750	1 198	59,7
0105	Vitabyggingar	2 850	3 700	29,8
0106	Rekstur vitaskips	5 300	7 089	33,8
		21 089	30 421	44,3
	÷Sértekjur	2 500	4 641	85,6
	Fjárveiting	18 589	25 780	38,7

Ekki er talin ástæða til að fjölyrða um einstök viðfangsefni nema hvað gert er ráð fyrir sama úthaldi vitaskips og var í fjárlögum 1983 eða 6 vikum.

333 **Hafnarmál.** Fjárveiting til hafnarmála hækkar um 12 176 þús. kr. og verður samtals 134 912 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig niður á viðfangsefni árin 1983 og 1984:

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0102	Hafnarrannsóknir og mælingar	840	1 494	77,9
0103	Hafnarmannvirki og lendingarbætur	98 600	109 400	11,0
0104	Ferjubryggjur	2 000	2 200	10,0
0105	Landshafnir, endurgreiðsla lána	1 463	2 963	102,5
0107	Hafnarbótasjóður	10 353	12 450	20,3
0108	Sjóvarnargarðar	4 080	5 000	22,5
0109	Landshöfn Þorlákshöfn	3 000	—	—
0110	Landshöfn Rifi	500	500	—
0111	Landshöfn Keflavík-Njarðvík	2 000	1 500	−25,0
		122 836	135 507	10,3
	÷Sértekjur	100	595	495,0
	Fjárveiting	122 736	134 912	10,0

Framlög til *hafnarmannvirkja og lendingarbóta* svo og *ferjubryggja* fylgja þeirri meginstefnu frumvarpsins að fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka hækki að öllu jöfnu ekki meira en sem svarar 11% milli ára. Sama máli gegnir um *Hafnarbótasjóð*. Það er miðað við þá forsendu að framlagið hækki um 20% milli ára, sbr. fyrrnefnda stefnu frumvarpsins um framlög til fjárfestingarlánasjóða.

341 Siglingamálastofnun ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 6 438 þús. kr. og verður 16 067 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka um 7 169 þús. kr. og verða 17 423 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 425 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr., sem fyrirhugað er að verja til kaupa á tölvubúnaði fyrir stofnunina. Þá hækka sértekjur um 2 156 þús. kr. og verða 2 856 þús. kr.

471 Flugmálastjórn. Framlag hækkar um 39 272 þús. kr. og verður 141 981 þús. kr. Laun hækka um 19 771 þús. kr. eða 51,0% og verða 58 519 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 20 271 þús. kr. og verða 39 839 þús. kr. og þá hækkar viðhald um 2 300 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 050 þús. kr. eða 10,9% og verður 51 300 þús. kr. Sértekjur hækka um 8 120 þús. kr. og verða 15 677 þús. kr. Fjárveitingu til þessar stofnunar var skipt eftir viðfangsefnum í fyrsta skipti við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1983. Viðfangsefni voru þá sex. Nú er viðfangsefninu *flugöryggisþjónusta* skipt í tvennt: *Flugleiðsöguþjónustu* og *flugumferðarþjónustu:* Þannig skiptast þau stöðugildi sem og aðrir rekstrarþættir er áður voru á *flugöryggisþjónustu* á þessi tvö viðfangsefni. Auk þess er farið að tillögum stofnunarinnar varðandi smávægilegar tilfærslur stöðugilda. Skipting heimilaðra stöðugilda, útgjalda, sértekna og heildarfjárveitingar á einstök viðfangsefni fyrir 1984 er sýnd í meðfylgjandi yfirliti:

		Stöðu-gildi	Útgjöld þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.
0101	Yfirstjórn	13	11 784	3 143	8 641
0102	Loftferðaeftirlit	4	2 449	638	1 811
0104	Reykjavíkurflugvöllur	26	16 806	5 518	11 288
0105	Flugvalladeild	32,24	33 336	1 943	31 393
0106	Framkvæmdir, óskipt	—	51 300	—	51 300
0107	Flugleiðsöguþjónusta	18	15 630	3 190	12 440
0108	Flugumferðarþjónusta	45	26 353	1 245	25 108
	Samtals	138,24	157 658	15 677	141 981

485 Ýmis framlög. Framlag lækkar um 563 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. Framlag til viðfangsefnis 0103 *Slysavarnarfélag Íslands, v/tilkynningarskyldu fiskiskipa* hækkar um 437 þús. kr. og verður 1 730 þús. kr. Liður 0104 *Velferðarráð sjómanna* verður 70 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1983. Þá fellur niður viðfangsefnið 0102 *Flugbjörgunarsveitir,* en framlag til þess nam 300 þús. kr. í fjárlögum 1983, einnig falla niður 0105 *Fræðsluefni um öryggismál sjómanna og* 0110 *Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip,* en í fjárlögum 1983 var framlag til þeirra 300 þús. kr. og 400 þús. kr.

651 Ferðamálaráð. Fjárveiting nemur alls 6 500 þús. kr. sem er hækkun um 201 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun, önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 2 034 þús. kr. og verða 7 034 þús. kr. Í fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir 1 439 þús. kr. fjárveitingu til ferðamálasjóðs, framlag þetta skiptist annars vegar í almennt framlag til ferðamálasjóðs að fjárhæð 439 þús. kr. og hins vegar í 1 000 þús. kr. fjárveitingu sem verja átti til sérstakra verkefna. Framlag til ferðamálasjóðs fellur nú niður, sem er í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um framlög til atvinnuvegasjóða. Að lokum eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 534 þús. kr., sem er hækkun um 394 þús. kr. frá fjárlögum 1983.

652 **Veðurstofa Íslands.** Framlag til Veðurstofu Íslands hækkar um 19 896 þús. kr., eða um 75,3% frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 11 495 þús. kr. eða 50,5% og verða 34 221 þús. kr. Eitt stöðugildi var fært af viðfangsefni *0105 Veðurfarsdeild* yfir á nýtt viðfangsefni *0116 Tölvudeild*, en þar er einnig gert ráð fyrir 203 þús. kr. til tímabundinnar ráðningar starfsmanns vegna tölvuvæðingar á stofnuninni. Hækkun launaliðar skýrist að öðru leyti af almennum verðlagsforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 18 396 þús. kr., sem er hækkun um 8 575 þús. kr. Í frumvarpinu er áætlað fyrir öllu viðhaldi og stofnkostnaði á sérstöku viðfangsefni *0117 Viðhald og stofnkostnaður deilda* í stað þess að skipta þessum kostnaði á einstök viðfangsefni eins og gert hefur verið á fjárlögum undanfarandi ára. Viðhald hækkar um 622 þús. kr. og verður 1 291 þús. kr. Stofnkostnaður hækkar um 4 644 þús. kr. og verður 6 120 þús. kr., þar af eru 5 320 þús. kr. til tölvukaupa en á árinu 1982 var tekin ákvörðun um endurskipulagningu á tölvumálum stofnunarinnar. Þá hækka sértekjur um 5 440 þús. kr. og verða 13 744 þús. kr., en þar er um að ræða mótframlag ICAO vegna veðurþjónustu við millilandaflug.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	5 624	9 200	3 576	63,6
Iðnaðarmál	99 425	136 887	37 462	37,7
Orkumál	355 789	776 182	420 393	118,2
Samtals	460 838	922 269	461 431	100,1
Þar af markaðir tekjustofnar	130 450	253 300	122 850	94,2

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðarsjóðsgjald hækkar um 1 000 þús. kr., og verður 4 000 þús. kr. Rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 1 850 þús. kr., og verður 9 300 þús. kr. Verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 120 000 þús. kr., og verður 240 000 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingum framlaga málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins.

201 **Iðntæknistofnun Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 6 143 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 18 898 þús. kr. Á liðnum árum hefur starfsemi Iðntæknistofnunar verið til húsa á þrem stöðum og af því skapast augljóst óhagræði fyrir rekstur hennar. Að undanförnu hefur verið unnið að endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar, m. a. með því að koma starfseminni undir eitt þak á Keldnaholti. Sú breyting er gerð frá fjárlögum 1983 að viðfangsefnið *staðlar* er fellt niður og verða viðfangsefni nú þrjú: 0101 *Yfirstjórn*, 0102 *Iðntækniþjónusta* og 0103 *Nýiðnaðarrannsóknir*. Launakostnaður stofnunarinnar er áætlaður 17 897 þús. kr. og er það 5 460 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Heimiluð stöðugildi eru 38,5 en að auki eru heimilaðir 12,75 starfsmenn með tímabundinni verkefnaráðningu. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 510 þús. kr. og verða 11 220 þús. kr. Viðhald hækkar um 40 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 370 þús. kr. og verður 4 125 þús. kr. Hér er um verulega hækkun að ræða frá fjárlögum 1983, en stór hluti stofnkostnaðarins fer til tækjakaupa, t. d. við húsgagna- og innréttingaprófanir, nýiðnaðarrannsóknir o. fl. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 8 237 þús. kr. og verða 14 494 þús. kr.

204 **Verkstjórnarnámskeið** Framlag hækkar um 85 þús. kr. og verður 500 þús. kr. Laun hækka um 221 þús. kr. og verða 656 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 72 þús. kr. og verða 150 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir auknum umsvifum. Viðhald hækkar um 25 þús. kr. og verður 30 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar sömuleiðis um 25 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Áætlað er að sértekjur hækki um 258 þús. kr. og verði 386 þús. kr. og er þeim ætlað að standa undir ríflega 40% rekstrarkostnaðar í stað 20% áður.

221 **Lánasjóðir iðnaðarins.** Fjárveiting í fjárlögum 1983 var samtals 17 189 þús. kr. Annars vegar var framlag til *Iðnlánasjóðs* að fjárhæð 625 þús. kr. og hins vegar fjárveiting að upphæð 16 564 þús. kr. til *Iðnrekstrarsjóðs*. Fjárveiting til *Iðnlánasjóðs* fellur niður í frumvarpinu og framlag til *Iðnrekstrarsjóðs* verður 5 000 þús. kr. sem er lækkun um 11 564 þús. kr. Samtals lækkar því fjárveiting á þessum fjárlagalið um 12 189 þús. kr. Ákvörðun um framlag til tveggja ofangreindra sjóða er í samræmi við forsendur frumvarpsins um að draga sem mest úr framlögum til sjóða.

234 **Lagmetisiðjan Siglósíld.** Framlag til fyrirtækisins fellur niður en það nam samtals 2 500 þús. kr. í fjárlögum 1983. Enn fremur var fyrirtækinu heimiluð lántaka að fjárhæð 4 000 þús. kr. 1983. Ekki er gert ráð fyrir lántökuheimild fyrirtækinu til handa árið 1984. Á árinu 1983 var gerður samningur við fyrirtækið Þormóð ramma og því falinn rekstur Lagmetisiðjunnar.

240 **Iðnaðarannsóknir.** Fjárveiting hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Auk fyrrnefndrar fjárveitingar var lánsfjárheimild að upphæð 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1983. Á árinu 1984 er eingöngu gert ráð fyrir 10 000 þús. kr. fjárveitingu.

299 **Iðja og iðnaður.** Framlag hækkar um 2 065 þús. kr. og verður 7 535 þús. kr. Framlag til *iðnráðs* er óbreytt eða 70 þús. kr. Framlag til *Heimilisiðnaðarfélags Íslands* er einnig óbreytt eða 20 þús. kr. Framlag til *eflingar iðnaðar og tækninýjunga* hækkar um 800 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. Framlag til *ullar og skinnaverkefnis* fellur niður en er 240 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Framlag til *Byggingarþjónustu* hækkar um 70 þús. kr. og verður 350 þús. kr. Framlag til *iðnþróunarverkefna* hækkar um 550 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Til *iðnráðgjafa* er ráðstafað 2 595 þús. kr. og hækkar það framlag um 885 þús. kr.

301 **Orkustofnun.** Heildarframlag nemur 74 048 þús. kr. og hækkar um 16 417 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður byggir á 111,85 stöðugildum sem skiptast í 89,75 fastar stöður og 22,1 stöður vegna sérstakra verkefna. Í eftirfarandi yfirliti sést hvernig stöður þessar skiptast á deildir:

	Fastar stöður	Tímabundnar verkefna-ráðningar	Stöður alls
Stjórnsýsludeild	21,0	4,0	25,0
Vatnsorkudeild	32,5	9,6	42,1
Jarðhitadeild	36,25	8,5	44,75
Samtals	89,75	22,1	111,85

Samtals nemur launaliður 44 354 þús. kr. og hækkar um 14 402 þús. kr. eða 48%. Tilfærsla hefur orðið á tveim föstum stöðum frá vatnsorkudeild til stjórnsýsludeildar og tímabundnum stöðum fjölgar um eina, sem er staða vatnaverkfræðings í vatnsorkudeild til fjögurra ára. Önnur rekstrargjöld eru 70 945 þús. kr. og sértekjur 44 500 þús. kr. Hvort tveggja er áætlað á meðalverðlagi ársins 1984 og tillit tekið til

umsvifa undanfarin ár. Til viðhalds áætlast 879 þús. kr. og til stofnkostnaðar 2 370 þús. kr. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna*, sem starfar innan Orkustofnunar, er áætlað undir lið utanríkisráðuneytisins 03–399, *Utanríkismál, ýmis starfsemi.*

321 Rafmagnsveitur ríkisins. Fjárveiting til Rafmagnsveitna ríkisins fellur niður á árinu 1984, en hún nam 12 170 þús. kr. í fjárlögum 1983.

371 Orkusjóður. Framlag hækkar um 214 641 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 452 050 þús. kr. Fjárveitingin skiptist með eftirtöldum hætti á einstök viðfangsefni: *Verðjöfnunargjald* af raforku hækkar um 120 000 þús. kr. og verður 240 000 þús. kr., þar af renna 80% af gjaldinu til Rafmagnsveitna ríkissins og 20% til Orkubús Vestfjarða. Framlag til *styrkingar dreifikerfis í sveitum* er óbreytt eða 27 000 þús. kr. Framlag til *lánagreiðslna* hækkar um 94 191 þús. kr. og verður 170 000 þús. kr. Meginskýringu þessarar miklu hækkunar er einkum að rekja til verulegrar hækkunar á erlendum gjaldmiðlum, en stór hluti lánagreiðslnanna er af gengisbundnum lánum. Framlag til viðfangsefnisins *lán til jarðhitaleitar* er óbreytt og verður 5 000 þús. kr. Að auki er gert ráð fyrir 10 000 þús. kr. lántöku Orkusjóðs í B-hluta frumvarpsins, þannig að lánveitingar til jarðhitaleitar geta numið 15 000 þús. kr. á árinu 1984. Fjárveiting til *rekstrar Orkusjóðs* hækkar um 150 þús. kr. og verður 550 þús. kr. Framlag til *Hólsfjallabæja* hækkar um 300 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. Fjárveiting til *sveitarafvæðingar* er óbreytt og verður 7 500 þús. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir 7 000 þús. kr. lántöku í þessu skyni í B-hluta frumvarpsins, þannig að ráðstöfunarfé til rafvæðingar í sveitum nemur alls 14 500 þús. kr. Að lokum er framlag til liðarins *lán til einkarafstöðva* óbreytt og verður 1 000 þús. kr.

399 Ýmis orkumál. Framlag hækkar um 196 900 þús. kr. og verður 237 500 þús. kr. Framlag til *orkusparnaðar* hækkar um 1 200 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Framlag til *jöfnunar- og lækkunar hitakostnaðar skv. lögum nr. 53/1980* hækkar um 700 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr. Framlag til *niðurgreiðslu vegna rafhitunar* hækkar um 195 000 þús. kr. og verður 230 000 þús. kr. Þá er framlag til *setlagarannsókna* óbreytt 2 000 þús. kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	6 484	12 113	5 629	86,8
Niðurgreiðslur	839 000	1 010 000	171 000	20,4
Annað	39 161	76 861	37 700	96,3
Samtals	884 645	1 098 974	214 329	24,2

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis og verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði. Niðurgreiðslur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar 964 000 þús. kr. Þar við bætist framlag til lífeyrissjóðs bænda að fjárhæð 46 000 þús. kr. Heildarfjárveiting á þessum lið nemur því 1 010 000 þús. kr. sem er hækkun um 171 000 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Í endurskoðaðri áætlun um ríkisútgjöld á árinu 1983, sem gerð var í júní s. l., voru niðurgreiðslur áætlaðar 1 017 000 þús. kr. Þá bætast við 16 000 þús. kr. vegna sérstakrar sölu á dilkakjöti, en ákvörðun um það var tekin af ríkistjórninni í ágúst 1983. Þannig lækkar fjárveiting til niðurgreiðslna á næsta ári um 23 000 þús. kr. frá því sem gert er ráð fyrir að þær verði í ár.

202 Olíunotkun til húshitunar, styrkur. Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar er í fjárlögum 1983 29 200 þús. kr. Var þá miðað við 18 000 ársfjórðungslega styrki og hafði styrkjum þá fækkað verulega frá árinu 1982 aðallega vegna tengingar hitaveitna víða um land. Í frumvarpinu er fjárveiting samtals 61 500 þús. kr. er þá miðað við 13 000 ársfjórðungslega styrki til einstaklinga á næsta ári, auk þess fá rafveitur og skólar styrki.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	10 790	16 427	5 637	52,2
Ýmis lán ríkissjóðs	365 000	840 000	475 000	130,1
Samtals	375 790	856 427	480 637	127,9

Verður nú nánar vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga frá fjárlögum 1983.

991 Ýmis lán ríkissjóðs. Vextir af lánum ríkissjóðs hækka um 475 000 þús. kr. og verða 840 000 þús. kr. Vextir af lánum í Seðlabankanum hækka um 45 000 þús. kr. og er öll hækkunin vegna vaxta af yfirdrætti ríkissjóðs á viðskiptareikningi hans í bankanum. Áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 430 000 þús. kr. og verði 701 000 þús. kr. Af þessari hækkun eru 267 300 þús. kr. vegna vaxta af byggðalínulánum en á árinu 1982 var ákveðið að ríkissjóður yfirtæki greiðslur af þessum lánum frá Orkusjóði og var gengið frá yfirtökunni 1983. Vaxtafjárhæðin skiptist þannig eftir verðtryggingu lána (í þús. kr.):

Vextir af lánum í Seðlabanka Íslands	**139 000**
Vextir af skuldabréfum	9 000
Vextir af yfirdrætti	130 000
Vextir af öðrum lánum	**701 000**
Af innlendum lánum óverðtryggðum	26 100
Af lánum verðtr. skv. byggingarvísitölu	42 700
Af lánum verðtr. skv. lánskjaravísitölu	201 000
Af lánum verðtr. skv. framfærsluvísitölu	22 300
Af lánum verðtr. skv. framfærsluv. á höfuðstól (happdr. lán)	1 500
Af erlendum lánum og gengistryggðum	377 400
Af ótilgreindum lánum	30 000
Samtals	840 000

Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir fjárhæð til að mæta ýmsum óvæntum vaxtagjöldum umfram forsendur frumvarpsins sem ekki eru fyrirséðar við samningu þess. Má þar nefna vaxtabreytingar, en mörg lán eru með breytilegum vöxtum, gengisbreytingar, breytingar á vísitölum, yfirtökur lána af ýmsum ástæðum o. s. frv. Nemur fjárhæðin 30 000 þús. kr.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð
A-HLUTI

Aðfangaeftirlit
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínu-flóttamenn
Áfengisvarnir
Aflatryggingasjóður
Almannavarnir ríkisins
Almenn landgræðsla
Almenn löggæsla
Alþingi
Alþingistíðindi, útgáfukostnaður
Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn
Alþjóðagerðardómurinn í Haag
Alþjóðahafrannsóknir
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
Alþjóðahvalveiðiráðið
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið
Alþjóðajarðfræðisambandið
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin
Alþjóðalandfræðisambandið
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn
Alþjóðanáttúruverndarsambandið
Alþjóðaráð Rauða krossins
Alþjóðaráðstefnur, þátttaka á vegum utanríkisráðuneytisins
Alþjóðasamband um byggingaskipulag
Alþjóðasamband sakamálalögreglu
Alþjóðasiglingamálastofnunin
Alþjóðasjómælingastofnunin
Alþjóðaskákmót
Alþjóðastofnanir
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga
Alþjóðaveðurfræðistofnunin
Alþjóðavinnumálastofnunin
Alþýðuleikhúsið
Alþýðusamband Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu
Alþýðusamband Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf
Alþýðusamband Íslands vegna orlofsmála
Alþýðuskólinn Eiðum
Amtbókasafn vegna skylduskila
Atlantshafsbandalagið
Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag

Áfengis- og fíkniefnamál
Áfengisvarnir
Ármúlaskóli

Bandalag íslenskra farfugla
Bandalag íslenskra leikfélaga
Bandalag íslenskra listamanna
Bandalag íslenskra skáta
Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns
Barnaverndarráð
Bernarsambandið
Bernhöftstorfa
Bifreiðaeftirlit ríkisins
Bifreiðastjóra- og ökukennaranámskeið
Bindindisstarfsemi
Biskup Íslands
Biskupsbústaður
Bjargráðasjóður Íslands
Bláa bandið
Blindrabókasafn Íslands
Blindrafélagið
Blindravinafélagið
Blissnefnd
Blóðbankinn
Blóðrannsóknir ungbarna
Borgardómarinn í Reykjavík
Borgarfógetinn í Reykjavík
Bókhaldskerfi ríkisins
Bókmenntaverðlaun
Bréfaskólinn
Bridgesamband Íslands
Brunamálastofnun ríkisins
Brúðuleikhús
Búfé
Búfjárrækt, framlag skv. lögum nr. 31/1973
Búfjársjúkdómar
Búnaðarfélag Íslands
Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýsu
Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð
Búrekstur
Bútækni
Byggða- og minjasöfn
Byggðasafn að Reykjum í Hrútafirði
Byggðasjóður, framlag
Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög
Bygging íþróttamannvirkja
Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa
Byggingar á prestssetrum
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
Byggingarsjóður verkamanna
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu

Byggingarþjónustan
Bæjarfógeti Akranesi
Bæjarfógeti Bolungarvík
Bæjarfógeti Kópavogi
Bæjarfógeti Neskaupstað
Bæjarfógeti Ólafsfirði
Bæjarfógeti Siglufirði
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum
Bændaskólinn Hólum
Bændaskólinn Hvanneyri

Cornell-háskólinn í Bandaríkjunum

Daggjaldanefnd
Dagvistun forskólabarna
DAS, byggingarstyrkur
Dómhús í Reykjavík
Dómkröfur og málskostnaður
Dómprófastur í Reykjavík
Dómsmál, ýmis starfsemi
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum
Dreifing sjónvarpsefnis
Dýralæknisbústaðir
Dýrasöfn
Dýraverndunarfélag Íslands

Eðlisfræðifélag Íslands
Efnahags- og framfarastofnunin
Efnarannsóknastofa Norðurlands
Eftirlaun presta og ekkna, viðbót
Eftirlaun samkvæmt launalögum
Eftirlaunasjóður aldraðra
Eftirlit með vínveitingahúsum
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki á vegum FAO
Eftirmenntun í iðju og iðnaði
Einangrunarstöð holdanauta Hrísey
Eiturefnanefnd
Embætti forseta Íslands
Endurskoðun höfundarlaga
Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi
Erfðafjársjóður, framlag
Erfðafræðinefnd H. Í.
Evrópska lyfjaskráin
Evrópuráðið
Evrópuráðið, þingmannafundir
Exem- og psoriasissjúklingar
Eyðing vargfugls

Fangahjálp
Fangamál, ýmis kostnaður

Fangelsi við Síðumúla
Farkennsla í íþróttum
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf
Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðismannsskrifst. Íslands í New York
Fastanefndir þjóðkirkjunnar
Fasteignamat ríkisins
Ferðaleikhúsið
Ferðamálaráð
Ferjubryggjur
Ferlinefnd fatlaðra
Félag astmasjúklinga
Félag heyrnarlausra
Félag íslenskra myndlistarmanna
Félag kvikmyndagerðarmanna
Félagsdómur
Félagsheimilasjóður
Félagsmál, ýmis starfsemi
Félagsmálanámskeið
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Félagsmálaskóli alþýðu
Félagsstofnun stúdenta
Félagsvísindadeild H. Í.
Félög Íslendinga á Norðurlöndum
Fiskifélag Íslands
Fiskimjölsverksmiðjur, mengunarvarnir
Fiskiræktardeild
Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu
Fiskvinnsluskólinn
Fíkniefnanefnd
Fjárlaga- og hagsýslustofnun
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
Fjölbrautaskólar í Reykjavík
Fjölbrautaskólinn á Akranesi
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki
Fjölbrautaskólinn á Selfossi
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli
Flóabátar og vöruflutningar
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
Flugleiðsöguþjónusta
Flugmálastjórn
Flugumferðarþjónusta
Flugvalladeild
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra
Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Fósturskóli Íslands
Framhaldsdeildir í grunnskólum
Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis

Framhaldsskólar, almennt
Framhaldsskóli í Neskaupstað
Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
Framkvæmdasjóður aldraðra
Framkvæmdasjóður fatlaðra
Framkvæmdastjórn WHO
Framkvæmdir á flugvöllum
Framkvæmdir í Fljótsdal
Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Framleiðslueftirlit sjávarafurða
Framræsla
Friðlýsingarsjóður
Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit
Fríverslunarsamtök Evrópu
Fræðslumál BHM
Fræðslumál BSRB
Fræðslumál annarra
Fræðslustarfsemi Náttúruverndarráðs
Fuglaverndunarfélag Íslands
Fullorðinsfræðsla
Fyrirhleðslur
Fyrirtæki og stofnanir, framlög
Fyrrverandi barnakennarar
Fæðurannsóknir

Garðyrkjuskóli ríkisins
GATT
Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga
Geðverndarfélag Íslands
Geysir í Haukadal
Gigtarfélag Íslands
Gistiheimili Þroskahjálpar
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun
Gjaldheimtan í Reykjavík
Gjöf Jóns Sigurðssonar
Gróðrarstöðvar
Grunnskólar, almennt
Grunnskólar, Austurlandi
Grunnskólar, Norðurlandi eystra
Grunnskólar, Norðurlandi vestra
Grunnskólar, Reykjanesi
Grunnskólar, Reykjavík
Grunnskólar, Suðurlandi
Grunnskólar, Vestfjörðum
Grunnskólar, Vesturlandi
Guðfræðideild H. Í.
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur
Gæslulið S.þ. fyrir botni Miðjarðarhafs
Gæslulið S.þ. í Líbanon
Gæsluvistarsjóður, framlag

Hafísrannsóknir
Hafnabótasjóður, framlag
Hafnarmannvirki og lendingarbætur
Hafnarmál
Hafnarrannsóknir og mælingar
Hafrannsóknastofnun
Hagdeildir ASÍ, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og BSRB
Hagsmunasamtök einstæðra foreldra
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa
Hallgrímskirkja í Reykjavík
Háskólabókasafn
Háskóli Íslands
Háskóli Sameinuðu þjóðanna
Hegningarhúsið í Reykjavík
Heiðurslaun listamanna
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Heilsuverndarstöðvar, styrkur
Heimili fyrir einhverf börn Trönuhólum 1
Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
Heimilisiðnaðarskólinn
Heimspekideild H. Í.
Heyrnarhjálp, félag
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
Heyrnleysingjaskólinn
Héraðsbókasöfn
Héraðsdýralæknar
Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar
Héraðsskjalasafn á Egilsstöðum
Héraðsskólar, almennt
Héraðsskólinn Laugarvatni
Héraðsskólinn Laugum
Héraðsskólinn Núpi
Héraðsskólinn Reykholti
Héraðsskólinn Reykjanesi
Héraðsskólinn Reykjum
Héraðsskólinn Skógum
Hið íslenska biblíufélag
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Hjartavernd
Hjálparstofnun kirkjunnar
Hjónagarðar, hönnun
Hjúkrunarkennaranám á Norðurlöndum, styrkur
Hjúkrunarskóli Íslands
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur
Hollustuvernd ríkisins
Hólar í Hjaltadal
Hólsfjallaáætlun
Hólsfjallabæir
Hótel- og veitingaskóli Íslands
Hrafnseyri

Hreindýraeftirlit
Húsameistari ríkisins
Húsfriðun
Húsfriðunarsjóður
Hús Guðmundar Böðvarssonar
Hús Jóns Sigurðssonar
Húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra
Húsnæðisstofnun ríkisins
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands
Hússtjórnarskólar
Hvalvinnslustöðvar, eftirlit
Hæstiréttur
Hæstiréttur
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga
Höfundamiðstöð

Iðja og iðnaður, framlög
Iðnaðarrannsóknir
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa
Iðnfræðsluráð
Iðnnemasamband Íslands
Iðnráð
Iðnráðgjafar
Iðnrekstrarsjóður
Iðnskólar, almennt
Iðnskólar utan Reykjavíkur
Iðnskólinn í Reykjavík
Iðntæknistofnun Íslands
Iðnþróunarverkefni
Iðnþróun og tækninýjungar

Íslensk-ensk orðabók
Íslensk grafik
Íslensk málnefnd
Íslenska óperan
Íslenska stærðfræðifélagið
Íslenska tónverkamiðstöðin
Íslenski dansflokkurinn
Íslenskir menningardagar í Berlín
Íslenskir ungtemplarar
Íþróttakennaraskóli Íslands
Íþróttamál fatlaðra
Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar
Íþróttasamband Íslands
Íþróttasjóður

Jafnréttisráð
Jarðasjóður
Jarðeignir ríkisins, framlög
Jarðrækt
Jarðræktarlög, framlög

Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir
Júgurbólgurannsóknir
Jöfnun námskostnaðar
Jöfnunargjald í landbúnaði
Jöfnunargjald
Jöfnun og lækkun hitakostnaðar skv. lögum nr. 53/1980
Jöklarannsóknir og mælingar
Kaup á eignum á kirkjujörðum
Kennaraháskóli Íslands
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala
KFUM og KFUK, landssamband
KFUM, starfsemi í Vatnaskógi
KFUK, starfsemi í Vindáshlíð
Kirkjubyggingasjóður
Kirkjugarðaeftirlit
Kirkjuráð
Kirkjuþing
Kjararannsóknir
Kjarasamningar
Kjarvalshús, greiningarstöð
Kjörræðismenn
Kleppsspítali
Korpa og Þormóðsdalur
Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975
Kópavogshæli
Krabbameinsfélag Íslands
Kristneshæli
Kristnisjóður
Kvenfélagasamband Íslands
Kvenréttindafélag Íslands
Kvennaathvarf
Kvennaáratugssjóður S.þ.
Kvikmyndasafn Íslands
Kvikmyndasjóður
Kvikmyndir til landkynningar
Kynning á ísl. bókmenntum erlendis
Kynning á ísl. kvikmyndum erlendis
Kynning á ísl. leiklist erlendis
Kynning á ísl. myndlist erlendis
Kynning á ísl. tónlist erlendis
Kynning á norrænum bókmenntum í Bandaríkjunum
Kynsjúkdómavarnir, lög nr. 16/1978

Lagadeild H. Í.
Lagasafn, útgáfa
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur
Landakotsspítali
Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa
Landbúnaður, framlög

Landgræðsla ríkisins
Landgræðslu- og landverndaráætlun
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins
Landgræðsluáætlun, RALA
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi
Landgræðslusjóður
Landgræðsluverðir
Landhelgisgæslan
Landhelgissjóður
Landlæknir
Landmælingar Íslands
Landnám ríkisins
Landnýting
Landsbókasafn Íslands
Landshafnir, afborganir lána
Landshöfn Keflavík — Njarðvík, framkvæmdir
Landshöfn Rifi, framkvæmdir
Landspítalinn
Landspítalinn, kvennadeild
Landssamband ísl. hestamannafélaga
Landssamband hjálparsveitar skáta
Landvernd
Laugavegur 166
Launa- og verðlagsmál
Launasjóður rithöfunda
Lán til einkarafstöðva
Lán til jarðhitaleitar
Lánasjóðir iðnaðarins
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982
Leigjendasamtökin
Leikfélag Akureyrar
Leikfélag Reykjavíkur
Leiklistarráð
Leiklistarskóli Íslands
Leiklistarstarfsemi
Leiktækjasöfn
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla
Listahátíð í Reykjavík, gegn jafnháu framlagi Reykjavíkurborgar
Listamannalaun
Listasafn alþýðu
Listasafn Ásgríms Jónssonar
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Listasöfn
Listiðnaðarmál
Listir, framlög
Listir og menningarmál
Listkynning
Listskreytingarsjóður ríkisins

Listsýning í Feneyjum
Lífeyrissjóður bænda
Lífeyrissjóður sjómanna
Ljósmæðralaun
Ljósmæðraskóli Íslands
Loftferðaeftirlit
Lúðrasveitir
Lyfjaeftirlit ríkisins
Lyfjafræði lyfsala
Lyfjanefnd
Lyfjaverðskrá, útgafa
Lyfsölusjóður
Lyfjaverðlagsnefnd
Læknadeild H. Í.
Læknaráð
Læknishéraðasjóður
Lögberg — Heimskringla
Löggildingarstofan
Lögreglubifreiðar
Lögregluskóli
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Lögreglustjórinn Keflavíkurflugvelli

Manneldisráð
Mannfjöldasjóður S.þ.
Mannfræðistofnun H. Í.
Mat á landbúnaðarafurðum
Matsnefnd eignarnámsbóta
Matsnefnd vínveitingahúsa
Matthíasarsafnið, Akureyri
Matvælarannsóknir
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna
Málefni fatlaðra
Meðferðarheimilið Torfastöðum
Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga
Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1974
Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
Menningarsjóður, framlag
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Menntaskólinn á Akureyri
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn á Laugarvatni
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi
Milliþinganefndir

Minningarlundir og skrúðgarðar
Minningarsjóður Landspítalans
Minningarstofa Bjarna Þorsteinssonar, Siglufirði, stofnkostnaður
Minnisvarði um Egil Skallagrímsson
Minnisvarði um Þorvald víðförla og Friðrik biskup
Mógilsá, skógræktartilraunir
MS-félag Íslands
Myndhöggvarafélagið
Myndlista- og handíðaskólinn
Myndlistarskólar, styrkir
Mæðrastyrksnefndir
Mörkun fiskveiðistefnu

Námsflokkar
Námsferðir héraðslækna og embættislækna
Námsgagnastofnun
Náms- og fræðimenn, framlög
Námskeið fangavarða
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum
Námskeið í stjórn vinnuvéla
Námskynning
Náttúrufræðistofnun Íslands
Náttúrugripasafn Akureyrar
Náttúrugripasafn Neskaupstaðar
Náttúrugripasafn Vestmannaeyja
Náttúrugripasafn á Selfossi
Náttúrugripasafnið í Borgarnesi
Náttúruminjaskrá
Náttúruverndarráð
Náttúruverndarstofur
Náttúruverndarþing
Nemendaskipti
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna
Niðurgreiðslur á vöruverði
Niðurgreiðslur vegna rafhitunar
Norðurlandaráð, skrifstofa ráðherranefndar
Nord-Kalott
Norræn nefnd um neytendamál
Norræn samvinna
Norræn samvinna á sviði sakfræði
Norræn samvinna í lyfsölumálum
Norræna félagið
Norrænt samstarf
Norrænt dómasafn
Northern Scholars Committee
Nýi hjúkrunarskólinn
Nýjar búgreinar og hagræðing
Nýlistarsafn

Olíunotkun til húshitunar, styrkur
Orðabók háskólans

Orkusjóður
Orkusparnaður
Orkustofnun
Orator
Orlofsheimili BSRB
Orlofsheimili verkalýðssamtakanna, bygging
Oslóarsamningurinn um varnir gegn mengun
Ólympíunefnd
Óviss útgjöld

Parísarsamningur um varnir gegn mengun
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar
Prestar og prófastar
Prestastefna
Próf skjalþýðenda

Rafmagnseftirlit ríkisins
Rannsókn á áhrifum skólaskyldu
Rannsóknaráð ríkisins
Rannsóknarlögregla ríkisins
Rannsóknastofa háskólans
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Rannsóknastörf við Mývatn
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls
Rauði kross Íslands
Raunvísindastofnun háskólans
Ráðherrabústaður Þingvöllum
Ráðherrabústaður Tjarnargötu
Ráðunautar
Reiknistofnun H. Í.
Reykholtsstaður
Reykjavíkurflugvöllur
Rhesusvarnir
Rithöfundasamband Íslands
Rithöfundasjóður Íslands
Ríkisábyrgðasjóður
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota
Ríkisbifreiðar, framlag
Ríkisbókhald
Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa
Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging
Ríkisfjárhirsla
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli
Ríkisreikningur, yfirskoðunarmenn
Ríkissaksóknari
Ríkissáttasemjari
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd
Ríkisskattstjóri

Ríkisspítalar, skrifstofa
Ríkisstjórn
Ríkisútvarp, sjónvarp
Rjómabúið á Baugstöðum, viðhald
Röntgentæki

Safnahús á Blönduósi
Safnahús á Húsavík
Safnahús á Sauðárkróki
Safnahús í Borgarnesi
Safnahúsið við Hverfisgötu
Safnastofnun Austurlands, vegna Skriðuklausturs
Safngripaviðgerðir, námsvistargjald
Sakadómur Reykjavíkur
Samband ísl.karlakóra
Samband ísl. náttúruverndarfélaga
Sambýli
Sameindalíffræðiþing Evrópu
Sameinuðu þjóðirnar
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa
Samningar við erlend ríki
Samskipti við Vestur-Íslendinga
Samstarf á sviði menningarmála samkvæmt samnorrænni fjárhagsáætlun
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið
Samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi
Samvinnuskólinn
Sauðfjárveikivarnir
Sendiráð, almennt
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði
Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn
Sendiráð Íslands í London
Sendiráð Íslands í Moskvu
Sendiráð Íslands í Osló
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi
Sendiráð Íslands í Washington
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka
Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn
Sérstök þróunarverkefni
Sérleyfissjóður
Setlagarannsóknir
Setu- og varadómarar
Siglingadómur
Siglingamálastofnun ríkisins
Sinfóníuhljómsveit Íslands
SÍBS
Sjálfsbjörg
Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa
Sjómannadagsráð

Sjómannasamtök
Sjómannaskólahúsið
Sjómannastofur
Sjómerki
Sjóminjasafn
Sjómælingar og sjókortagerð
Sjóslysanefnd
Sjóvarnargarðar
Sjóvinnunámskeið
Sjúkraflug
Sjúkrahús og læknisbústaðir
Sjúkrakostnaður refsifanga
Skammtíma- og dagvistanir
Skattstofa Austurlands
Skattstofa Norðurlands eystra
Skattstofa Norðurlands vestra
Skattstofa Reykjaness
Skattstofa Suðurlands
Skattstofa Vestfjarða
Skattstofa Vestmannaeyja
Skattstofa Vesturlands
Skattstofan í Reykjavík
Skattstofur, sameiginleg útgjöld
Skáksamband Íslands
Skálatún, Mosfellssveit
Skálholtsskóli
Skálholtsstaður
Skilorðseftirlit ríkisins
Skipaútgerð ríkisins
Skipulagsstjóri ríkisins
Skíðakennsla í skólum
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum
Skógarvarsla
Skóggræðsla
Skóggræðsla fyrir einstaklinga
Skógrækt ríkisins
Skógræktarfélag Íslands
Skólabátar
Skólar fyrir þroskaheft börn
Skólar heilbrigðisstétta
Skráning hlutafélaga
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna
Skrifstofu- og alþingiskostnaður
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds
Slysavarnarfélag Íslands
Snjóflóðavarnir
Sólborg, Akureyri
Sólheimar, Grímsnesi
St. Jósefsspítali, Landakoti

Starfsemi stúdenta
Starfslaun listamanna
Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld
Stjórnarráðshús
Stjórnartíðindi
Stjórnskipaðir prófdómarar
Stjórnunarnámskeið
Stofnlánadeild landbúnaðarins
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Stóra-Ármót
Stórmeistarar í skák
Stórstúka Íslands
Strandferðir, framlög
Stúdentagarðar,viðhald
Styrking dreifikerfis í sveitum
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
Styrktarfélag vangefinna
Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum
Styrkur til færeysks fræðimanns
Styrkur til færeysks rithöfundar til dvalar á Íslandi
Styrkur til grænlensks stúdents
Styrkur til útgáfustarfa
Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Sumarbúðir
Sumardvalarheimili
Sundskylda í skólum
Surtseyjarfélagið
Sveitarafvæðing
Svifflugfélag Íslands
Svæðisstjórnir
Sýslumenn og bæjarfógetar
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík
Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi
Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði
Sýslumaður Blönduósi
Sýslumaður Borgarnesi
Sýslumaður Búðardal
Sýslumaður Hólmavík
Sýslumaður Hvolsvelli
Sýslumaður Höfn í Hornafirði
Sýslumaður Patreksfirði
Sýslumaður Stykkishólmi

Sýslumaður Vík í Mýrdal
Sædýrasafnið í Hafnarfirði
Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Taflfélag Reykjavíkur
Tannlæknadeild H.Í.
Tilkynningarskylda fiskiskipa
Tilraunabúið Hesti
Tilraunastöð háskólans á Keldum
Tilraunastöðin Möðruvöllum
Tilraunastöðin Reykhólum
Tilraunastöðin Sámsstöðum
Tilraunastöðin Skriðuklaustri
Tilraunir við rótarskóga
Tímaritið Jökull
Tjaldanes, Mosfellssveit
Tollamál
Tollasamvinnuráðið
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli
Tollgæslan
Tollstjórinn í Reykjavík
Tónlistardagar
Tónlistarfræðsla
Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir
Tónlistarskólinn í Reykjavík
Tónskóli þjóðkirkjunnar
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum
Tryggingaeftirlitið
Tryggingastofnun ríkisins
Tæknideild og námskeið í meðferð fiskleitartækja
Tækniskóli Íslands
Tölvumál

Ull og gærur
Umferðarfræðsla í skólum
Umferðarráð
Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini
Unglingafræðsla
Unglingaheimili ríkisins
Unglingaheimili, skóli
Ungmennasamband Íslands
Uppbætur á lífeyri
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi
Upplýsingastarfsemi um kjaramál
Utanfarir presta
Utanríkismál, ýmis starfsemi
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Úrvinnsla gagna, RALA
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins
Útgáfa handbókar um skólaíþróttir
Útgáfa hæstaréttardóma
Útgáfa lyfjaverðskrár
Útgjöld samkv. sérstökum lögum og heimildarlögum
Útihús á prestsetrum
Útivist
Útivistarsvæði
Útlendingaeftirlit

Varnarmáladeild
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar
Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar
Vatnsveitur
Veðurstofa Íslands
Veðurþjónusta vegna millilandaflugs
Vefnaðar- og listiðnaðarskóli Sigrúnar Jónsdóttur
Vegagerð ríkisins
Veiðieftirlit
Veiðimálaskrifstofan
Veiðistjóri
Velferðarráð sjómanna
Verðjöfnunargjald
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða
Verðlagsráð sjávarútvegsins
Verðlagsstofnun
Verkfræðideild H.Í.
Verkmenntaskóli á Akureyri
Verkstjórnarnámskeið
Vernd, félagssamtök
Vernd barna og ungmenna
Verndaðir vinnustaðir
Verslunarskóli Íslands
Vélskóli Íslands
Viðeyjarstofa og Nesstofa
Viðskiptadeild H.Í.
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa
Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum
Vinnueftirlit ríkisins
Vinnuhælið Kvíabryggju
Vinnuhælið Litla-Hrauni
Vinnumál
Vistheimilið Gunnarsholti
Vistun kvenfanga
Vita- og hafnarmálaskrifstofa
Vitabyggingar
Vitar, rekstur
Vitaskip, rekstur
Vitastofnun Íslands
Vífilstaðaspítali
Vísinda- og fræðimenn
Vísindasjóður

Yfirdýralæknir
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings
Ylrækt og garðrækt

Ýmis framlög, menntamál
Ýmis framlög á sviði félagsmála
Ýmis framlög á sviði landbúnaðarmála
Ýmis framlög á sviði samgöngumála
Ýmis íþróttamál
Ýmis heilbrigðismál, framlög
Ýmis kirkjuleg málefni
Ýmis lán ríkissjóðs
Ýmis löggæslukostnaður
Ýmis orkumál
Ýmis utanríkismál
Ýmis vísindaleg starfsemi
Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
Ýmsir sérsjóðir Sameinuðu þjóðanna

Zontaklúbbur Akureyrar, vegna Nonnahúss

Þingfararkaup alþingismanna
Þingmannasamtök NATO
Þjálfunarskólar
Þjóðdansafélagið
Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum
Þjóðgarðurinn Skaftafelli
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
Þjóðhagsstofnun
Þjóðleikhúsið, framlög
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands
Þjóðskráin
Þjónustumiðstöðvar
Þroskahjálp, landssamtök
Þroskaþjálfaskóli Íslands
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna
Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Þungaskattsálagning með ökumælum
Þýðingarsjóður

Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans
Æskulýðsmál
Æskulýðsráð ríkisins
Æskulýðssamband Íslands
Æskulýðsstarf

Öleftirlit
Örnefnastofnun
Öryggismálanefnd
Öryrkjabandalag Íslands
Öskjuhlíðarskólinn

B-HLUTI

Aflatryggingasjóður
Arnarhvoll
Atvinnuleysistryggingasjóður

Áburðarverksmiðja ríkisins
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Bjargráðasjóður Íslands
Borgartún 7
Brunabótafélag Íslands
Byggðasjóður
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
Byggingarsjóður ríkisins
Byggingarsjóður verkamanna
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu

Einangrunarstöð holdanauta Hrísey
Erfðafjársjóður

Ferðaskrifstofa ríkisins
Fiskimálasjóður
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli
Fóðuriðjan Ólafsdal
Fóður- og fræframleiðslan Gunnarsholti
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli

Grænfóðurverksmiðja í Flatey, A-Skaftafellssýslu
Gæsluvistarsjóður

Hafnarbótasjóður
Happdrætti Háskóla Íslands
Háskólabíó

Innkaupastofnun ríkisins

Jarðasjóður
Jarðboranir ríkisins
Jarðeignir ríkisins
Jarðvarmaveitur ríkisins

Kirkjubyggingasjóður
Kirkjugarðasjóður
Kristnisjóður
Kröfluvirkjun

Lagmetisiðjan Siglósíld
Landakaup kaupstaða og kauptúna
Landgræðslusjóður
Landhelgissjóður
Landshöfn Keflavík—Njarðvík
Landshöfn Rifi
Landshöfn Þorlákshöfn
Landssmiðjan
Landsvirkjun
Laxeldisstöðin Kollafirði
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Lánasjóður sveitarfélaga
Lyfjabúð háskólans
Lyfjaverslun ríkisins
Læknishéraðasjóður
Lögbirtingablað

Menningarsjóður

Námsgagnastofnun, skólavörubúð

Orkusjóður

Póst- og símamálastofnunin

Rafmagnsveitur ríkisins
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging
Ríkisábyrgðasjóður
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
Ríkisspítalar,þvottahús
Ríkisútvarpið, hljóðvarp
Ríkisútvarpið, sjónvarp

Sala varnarliðseigna
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
Sementsverksmiðja ríkisins
Sérleyfissjóður
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Síldarverksmiðjur ríkisins
Skipaútgerð ríkisins
Stórólfsvallarbúið
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar

Tilraunabúið Hesti
Tilraunastöðin Möðruvöllum
Tilraunastöðin Reykhólum
Tilraunastöðin Sámsstöðum
Tilraunastöðin Skriðuklaustri
Tollstöðvarhús
Tryggingastofnun ríkisins

Umferðarmiðstöðin .....
Unglingaheimili ríkisins .....

Vegagerð ríkisins, áhaldahús .....
Vitamálastjórn, áhaldahús .....
Vísindasjóður .....

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs .....

Þjóðleikhúsið .....

Sþ. 2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl St. Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega og skila sameinuðu Alþingi skýrslu um orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi og tillögum til úrbóta.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa að undanförnu átt sér stað um hið háa raforkuverð til heimilisnota hér á landi. Í sjónvarpsfréttum fyrir skömmu komu fram athyglisverðar upplýsingar sem bentu til að raforkuverð til almennings hér á landi væri verulega hærra en í öðrum löndum þar sem skilyrði til raforkuframleiðslu eru hvergi nærri eins hagkvæm og fullyrt hefur verið að hér sé.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að nauðsyn beri til að skipa nefnd sérfræðinga til að kanna þessi mál gaumgæfilega, þannig að leitt verði í ljós hverjar séu hinar raunverulegu ástæður hins háa orkuverðs hér á landi. Það er vissulega mjög alvarlegt mál ef raforka framleidd með afli íslenskra fallvatna er nú ekki lengur samkeppnisfær við innflutta orku, svo sem olíu og gas. Þannig munu nú allmörg veitingahús í Reykjavík nota gas til eldunar í stað rafmagns, vegna þess að það er töluvert ódýrara. Þetta hlýtur að vera alvarlegt umhugsunarefni.

Nauðsynlegt er að fram komi skýrt og skilmerkilega hverjar ástæður eru til þess að íslensk raforka fer nú halloka fyrir erlendu, innfluttu gasi. Er orsakanna að leita í óhóflegri skattlagningu orkunnar? Er virkjunarkostnaður óeðlilega hár? Er yfirbygging orkufyrirtækjanna, Orkustofnunar, Landsvirkjunar og RARIK, of mikil? Er þar gætt aðhalds og hagsýni í rekstri? Er dreifingarkostnaður orkunnar óeðlilega hátt hlutfall þess verðs sem almenningur greiðir? Þessar eru meðal þeirra spurninga sem vakna þegar rætt er um hið háa raforkuverð.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um sölu ríkisbanka.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla lagaheimildar til að selja Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til hlutafélaga, enda verði eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Kaupandi sé hlutafélag með meira en 1000 hluthöfum og má enginn hluthafi eiga meira en tvo af hundraði hlutafjár.
2. Kaupandi setji fullkomnar tryggingar fyrir skuldbindingum bankans.
3. Söluverð sé viðunandi fyrir ríkissjóð.
4. Kaupanda verði einungis heimilt að kaupa einn banka.

Greinargerð.

Íslensku ríkisbankarnir eru ekki afsprengi félagsmálastefnu í þágu hins almenna launamanns. Upphaf þeirra má hins vegar rekja til þrýstings stóreignamanna á öndverðri þessari öld, manna sem skorti fjármagn á hagstæðum kjörum til uppbyggingar eigin atvinnurekstrar. Upp frá því hefur meginhlutverk þessara þriggja stofnana verið að þjóna fyrirtækjum með úthlutun fjármagns.

Sú hefð komst fljótt á að stjórnmálaflokkarnir hefðu rétt til áhrifa á stjórn bankanna í réttu hlutfalli við kjörfylgi í þingkosningum. Allar götur síðan hafa þeir skipað fulltrúa sína, þingmenn eða aðra flokksgæðinga, í svonefnd bankaráð sem leggja eiga arðsemis- og öryggismat á stærstu útlán ríkisbankanna. Enn fremur er það á allra vitorði að sjálfir bankastjórnarnir eru ráðnir eftir beinhörðum flokkspólitískum sjónarmiðum. Mannkostir og hæfni eru hikstalaust látin víkja fyrir pólitískum hagsmunum þegar valið er til þessara valdamiklu ábyrgðarstarfa.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga kemur ekki á óvart að stofnanir þessar skuli liggja undir ámæli fyrir að taka annarleg sjónarmið fram yfir arðsemis- og sanngirnissjónarmið. Kjarni málsins er einmitt sá að virkni í stjórnmálasamtökum, að ekki sé talað um þingmennsku, samrýmist ekki eðli þess starfs sem ætlast er til að æstu menn bankanna inni af hendi.

Bandalag jafnaðarmanna lítur svo á að það sé meiriháttar þrifnaðarráðstöfun að losa þessar stofnanir undan stýrimennsku stjórnmálamanna. Stjórnmálamenn eiga að afla sér og sínum samtökum fylgis á öðrum vettvangi. Hin viðkvæmu stjórnunarstörf bankanna eru betur komin í höndum faglegra starfsmanna fjær flokkavaldinu. Slíkir menn eiga þess utan ekki atvinnuöryggi sitt og frama undir vinsældum kjósenda. Þess vegna ætti þeim að gefast betra næði til að ígrunda og leggja skynsamlegt mat á lánsfjárbeiðnir.

Það er því tillaga Bandalags jafnaðarmanna að ríkisbankarnir þrír, Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, verði seldir í hendur almenningshlutafélögum er lúti gildandi lögum þar um. Þessi skipan mála gerir starfsfólki, sparifjáreigendum og öllum almenningi kleift að eignast hlut í bönkunum. Slík almenningshlutafélög hljóta, eðli málsins samkvæmt, að nýta innistæður sparifjáreigenda með sem skynsamlegustum hætti.

Sem fyrr greinir er það skoðun Bandalags jafnaðarmanna að ríkisbankarnir í núverandi mynd séu óeðlilega mikið á valdi hins naglfasta samtryggingarkerfis flokkanna. Eins og málum er háttað nú sjá þessar stofnanir sér minni hag í samkeppni en samræmdum

þvingunaraðgerðum gegn neytendum. Saman leggja þeir á ráðin um óeðlilega verðlagningu á sjálfsögðustu þjónustu. Þá bindast þeir samtökum um samræmdan lokunartíma sem hentar afar illa öðrum en þeim sem standa í sjálfstæðum atvinnurekstri eða geta leyft sér að vera lausir við vinnu. Þessar skömmtunarstofnanir flokkanna taka ekki mið af þörfum hins vinnandi fólks.

Bandalag jafnaðarmanna vill uppstokkun í þessu kerfi. Það vill með hinni nýju skipan gera bankana að hagkvæmari þjónustustofnunum í þágu hins almenna neytanda, — þjónustustofnunum sem sóa ekki fjármunum fólksins í pólitísk gæluverkefni og aðrar tómstundahítir flokkanna. Stjórnmálaátökin verður að færa út úr bönkunum.

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um gerð frumvarps um framkvæmd byggðastefnu.

Flm.: Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd, samkvæmt tilnefningu, til að semja frumvarp til laga um framkvæmd byggðastefnu. Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Byggða- og áætlanadeild núverandi Framkvæmdastofnunar ríkisins verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
2. Starf byggða- og áætlanadeildar verði tengt skipulagsstarfi á vegum Skipulags ríkisins og sveitarfélaga með löggjöf.
3. Starfsvið byggða- og áætlanadeildar verði skýrt afmarkað sem og gerð byggðaáætlana.
4. Lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar hætti störfum. Byggðasjóður verði lagður niður.
5. Alþingi ákvarði, þegar eftir því er leitað, upphæðir á fjárlögum til einstakra byggðaáætlana.

Nefndin skal skipuð 9 mönnum, einum frá hverjum þingflokki og þremur frá Sambandi íslenskra sveitarfélga. Skal nefndin skila áliti fyrir marslok 1984.

Greinargerð.

Tillaga þessi tekur mið af því stefnumáli Bandalags jafnaðarmanna að skilja beri betur að starfsvið ríkis og sveitarfélaga í anda lýðræðis og opnara stjórnkerfis með hagkvæmni og frelsi í smáum einingum í huga.

Bandalag jafnaðarmanna telur byggðastefnu nauðsynlega og að verkefni hennar sé að stuðla að fullnýtingu þeirra möguleika, sem hvert hérað landsins og íbúar þess búa yfir, til arðbærs vaxtar í atvinnulífi og þjónustu, ásamt mótun heilbrigðs samfélags og umhverfis. Aðgerðir yfirvalda eiga að ryðja úr vegi hindrunum, sem hefta óeðlilega þróun byggðar, og gera sem flestum einstaklingum mögulegt að velja búsetu og starf að óskum. Stefunmörkun í byggðamálum er nú í raun og veru engin. Í hugum flestra er byggðastefna í dag nánast samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamleg þjóðfélagsmarkmið.

Við gerð byggðastefnu verður að afmarka skýrt þrjá verkþætti, þ. e. áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegun. Áætlanagerðin yrði að vera tvíþætt, þ. e. landsáætlun og héraðaáætlun. Hvað varðar áætlanagerð telur Bandalag jafnaðarmanna nauðslynlegt að Byggðadeild verði gerð að sjálfstæðri stofnun sem vegna hlutverks síns á heima undir stjórn

félagsmálaráðuneytis. Því næst er nauðsynlegt að afmarka hlutverk deildarinnar með reglugerð sem tæki mið af eftirtöldum atriðum:

1. Gerð byggðaáætlana.
2. Umfjöllun um opinberar aðgerðir og áhrif þeirra á þróun byggðar. Umsagnir um aðsend málefni, athuganir að eigin frumkvæði um ýmis mál, sem áhrif hafa á byggðaþróun, og tillögugerð um atriði sem betur mættu fara.
3. Bein samskipti við fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga um ýmis verkefni og upplýsingamiðlun, ráðgjöf og athuganir við stofnun nýrra fyrirtækja, athugun á rekstrarskilyrðum og þátttaka í almennri viðleitni heimamanna til atvinnuaukningar og úrbóta í byggðaþróun.
4. Skýrsla til Alþingis um það hvar Byggðadeild álítur að þörf sé mest á að beina fjármagni og til hvaða verkefna.
5. Rannsóknir í byggðamálum. Það er nauðsynlegt að færa saman á einn stað almennar upplýsingar um ástand og þróun í byggð landsins. Einnig þarf að safna saman þekkingu á ýmsum atriðum og aðstæðum, draga saman niðurstöður og gera tillögur til úrbóta. Stuðla verður að vaxandi rannsóknastarfsemi í samvinnu við Háskóla Íslands. Almenn útbreiðsla upplýsinga, t. d. með útgáfu tímarits.

Þegar talað er um nauðsyn áætlanagerðar þá er ekki verið að tala um framleiðsluskipulag eins og það þekkist austan tjalds. Það vill brenna við að íslenskir sjórnmálamenn líti þannig á þær áætlanir sem þegar hafa verið gerðar af Byggðadeild. Áætlanirnar eiga að vera vettvangur til þess að setja fram kosti um framtíðarþróun einstakra byggða og afleiðingu vals á milli leiða. Þær eru nauðsynlegar sem viðmiðun vegna þeirrar samræmingar sem vera þarf á milli hinna ýmsu greina atvinnulífs og félagslegrar þjónustu. Þess vegna geta þær aldrei verið beinn grundvöllur til útlánastarfsemi.

Semja verður ákveðnar vinnu- og viðmiðunarreglur fyrir gerð byggðaáætlana. Áætlanir þessar verða að fá formlegt gildi með lögum eða reglugerð. Þess vegna verða menn að gera sér grein fyrir því hvernig áætlanir á að gera, hvað á að áætla. Gera þarf áætlanir fyrir hvert hérað landsins. Aðgengilegast er að afmarka hérað sem svæði umhverfis þéttbýlisstað, nema þar sem byggð er dreifð og þéttbýlisstaðir litlir, þá má hugsa sér að gera áætlun fyrir fleiri en eitt hérað. Áætlanirnar verður að vinna í sem nánustu samstarfi við heimaaðila. Til þess að slíkt samstarf geti orðið virkt þarf að taka til sérstakrar athugunar möguleika á því að setja á stofn áætlananefndir í hverju héraði. Í þessu sambandi verður nauðsynlegt að endurskoða löggjöf um skipulagsmál þannig að náið samhengi verði á milli byggingaskipulags og áætlanagerðar Byggðadeildar.

Helstu efnisþættir byggðaáætlana ættu að vera:

1. Mannfjölda- og mannaflaþróun.
2. Ástand grundvallaratvinnulífs.
3. Möguleikar til atvinnuaukningar.
4. Húsnæðismál.
5. Þjónustustig.
6. Ástand og horfur í vegamálum, hafnamálum, flugvalla- og orkumálum.
7. Menntakerfi og heilbrigðisþjónusta.
8. Menningarlíf, útivist og þess háttar.

Í byggðaáætlun ætti að setja fram: 1) Markmið, þ. e. að hverju á að stefna. 2) Möguleika, þ. e. hvað er hægt að gera til að ná markmiðunum. 3) Niðurstöður, þ. e. hverjar eru nauðsynlegar forsendur þess að möguleiki geti orðið að raunveruleika. Síðan þarf að gera grein fyrir kostnaði, þ. e. hvað kosta aðgerðir og hverjar eru nytsemdirnar?

Hlutverk byggðaáætlana er að vera rammi um nauðsynlega samræmingu aðgerða varðandi það hérað sem áætlunin nær til, með sérstakri áherslu á aðgerðir til eflingar

atvinnulífs. Það er því nauðsynlegt að þessar áætlanir fái lögbundna stöðu í stjórnkerfinu. Hjá því verður ekki komist. Ákvörðun um val milli leiða er tekin af heimamönnum, þ. e. sveitarstjórnum á viðkomandi áætlanasvæði.

Þegar byggða- og áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa verið settar undir umsjón félagsmálaráðuneytis telur Bandalag jafnaðarmanna eðlilegt að lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hætti störfum. Bein tengsl milli gerðar byggðaáætlana og útlánastofnunar af því tagi, sem Framkvæmdastofnun ríkisins er, er beinlínis óeðlileg og óheilbrigð. Reynsla undanfarinna ára af Framkvæmdastofnun og kommissörum hennar hefur ekki sannað ágæti þessarar ráðstöfunar. Lánveitingar Framkvæmdastofnunar hafa tekið mið af pólitískum stundarhagsmunum, en ekki efnahagslegum langtímahagsmunum. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands fer Alþingi með fjárveitingavald og það hefur sýnt sig að þetta aukna fjárveitingavald, sem Framkvæmdastofnun er, þar sem alþingismenn sitja á stólum útlánastjóra, hefur verið til hreinnar óþurftar fyrir þjóðarbúið.

Samhliða því að Framkvæmdastofnun hætti störfum mætti leggja niður alla þá lánasjóði sem henni eru tengdir.

Eins og áður er á minnst verða heimamenn að vera ábyrgir fyrir áætlanagerðinni sjálfir og ákvörðun um val milli leiða. Þá fyrst er hægt að gera sér grein fyrir kostnaði þess sem gera á. Ef nauðsynlegt þykir að leita til Alþingis um fjármögnun framkvæmda er eðlilegt að byggðaáætlun öðlist lagalegt gildi eins og áður var nefnt. Þar með skuldbinda aðilar sig að fylgja ákvörðunum sínum fram. Fjárveitingar Alþingis til byggðamála yrðu þá veittar á fjárlögum til einstakra byggðaáætlana.

Að mati Bandalags jafnaðarmanna er ekki hægt að setja því ákveðnar skorður fyrir fram hvaða hlutdeild Alþingi á í því að fjármagna byggðaáætlanir. Byggðaáætlun er samræming aðgerða á mörgum sviðum og því verður að ganga út frá því í upphafi að hægt sé að fjármagna mjög marga þætti hennar úr eigin sjóðum heimamanna eða með peningum fengnum að láni í bönkum. Það gefur auga leið að fjárveitingar ríkisins eða Alþingis til byggðamála eru opinber viðurkenning á þjóðhagslegri hagkvæmni slíkra aðgerða og því teknar fram yfir aðgerðir á einhverjum öðrum sviðum samneyslu. Ef menn vilja halda því fram að það sé eðlilegt að nota skattpeninga landsmanna til útlánastarfsemi, líkt og gert hefur verið í Framkvæmdastofnun, þ. e. a. s. í Byggðasjóði og Framkvæmdasjóði, þá verða menn líka að hugleiða það hvort ekki sé eðlilegt að skila landsmönnum aftur vöxtunum af þessari útlánastarfsemi til þess að hún geti haft áhrif til lækkunar á opinberum gjöldum þeirra.

Þar sem mál þetta varðar sveitarstjórnarmenn mjög miklu er gert ráð fyrir því, miðað við núverandi aðstæður, að þeir eigi þriðjung fulltrúa í nefnd þeirri sem fjalla mun um mál þetta. Mikil umræða hefur farið fram á undanförnum árum um skipan sveitarstjórnamála. Þrátt fyrir tillöguflutning af ýmsu tagi á undanförnum árum hefur ekki enn fengist nein endanleg niðurstaða í mál þessi og því ekki tímabært að blanda þeim inn í umræðu um byggðastefnu. Forsendur byggðaáætlana eru magvíslegar og hreppaskipting ekki nema ein þeirra. Aðalatriðið er að markmið byggðastefnu séu skýr og augljós, þau varða fólk og þá skipta hreppamörk ekki öllu máli. Fjárveitingar Alþingis til byggðamála eiga að ráðast hverju sinni af þjóðarhagsmunum, hvort heldur um er að ræða fjárhagslega eða félagslega.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um rétt heimavinnandi til lífeyris, gagnkvæman makalífeyri og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Karl St. Guðnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að beita sér fyrir því í samráði við lífeyrissjóðina, að nú þegar verði komið á samræmdum ákvæðum allra lífeyrissjóða um eftirfarandi þætti í starfsemi þeirra:

1. Makalífeyrir verði gagnkvæmur hjá lífeyrissjóðunum, þannig að bæði kynin njóti sambærilegra réttinda til makalífeyris eftir því sem reglur lífeyrissjóðanna kveða á um.
2. Áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sérreikninga þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Sérhver aðili fái þannig greiddan lífeyri í samræmi við áunnin stig. Þeir, sem eru heimavinnandi og fráskildir, fari ekki varhluta af áunnum lífeyri.
3. Upplýsingaskyldu lífeyrissjóða gagnvart sjóðfélögum á þann hátt að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi hjá lífeyrissjóðunum.

Greinargerð.

Þótt segja megi að ýmsir áfangar hafi náðst á undanförnum árum í lífeyrisréttindamálum, þá er ekki fyrirsjáanlegt samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn eða samstaða um viðunandi framtíðarskipan lífeyrismála.

Lífeyrissjóðsmálin hafa mörg undanfarin ár verið í deiglunni hjá verkalýðshreyfingunni, á Alþingi og víðar og er það í raun óviðunandi ástand að ekki hafi enn fengist nein niðurstaða um framtíðarskipan lífeyrismála, svo ítarlega athugun og umfjöllun sem þetta mál hefur fengið, en frá 1976 hefur verið starfandi endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins sem fjármálaráðuneytið skipaði.

Á 103. löggjafarþingi 1980 lögðu nokkrir þingmenn Alþýðuflokksins fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan lífeyrissjóðsmála. Meginefni þeirrar tillögu var að komið yrði á samfelldu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn og gerð yrði grundvallarbreyting á lífeyrisréttindakerfi þjóðarinnar í því skyni að tryggja öllum sambærileg réttindi og viðunandi afkomuöryggi að lokinni starfsævi. Í þeirri tillögu voru lagðar fram grundvallarhugmyndir í 10 liðum um framtíðarskipan lífeyrismála.

Þess má einnig geta að Guðmundur H. Garðarsson og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt frumvarp á nokkrum þingum um Lífeyrissjóð Íslands.

Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér um ræðir, er tekið á þrem afmörkuðum þáttum lífeyrismála sem flm. telja að hægt væri að ná samstöðu um á Alþingi og við lífeyrissjóðina, þó að niðurstaða hafi ekki fengist um heppilega framtíðarlausn alls lífeyrisréttindakerfisins. Með þessu móti yrðu sniðnir af augljósir gallar og raunar óþolandi misrétti sem er í lífeyriskerfinu.

Þeir ágallar lífeyrisréttindakerfisins, sem hér er gerð tillaga um lagfæringu á, snerta makalífeyri og réttindi fráskilinna og heimavinnandi fólks.

Í fyrsta lagi er lagt til að komið verði á samræmdum ákvæðum allra lífeyrissjóða um makalífeyri á þann hátt að bæði kynin njóti sambærilegra réttinda til makalífeyris.

Nokkuð er mismunandi hjá lífeyrissjóðunum hver makalífeyririnn er og hvort greiddur er gagnkvæmur makalífeyrir hjá hinum einstöku sjóðum. Einkum eru það lífeyrissjóðir innan Sambands almennra lífeyrissjóða sem ekki greiða gagnkvæman makalífeyri, að Lífeyrissjóði Starfsmannafélagsins Sóknar undanskildum.

Í samræmdri reglugerð fyrir SAL-sjóðina eru ákvæðin um makalífeyri þannig að ef sjóðfélagi, sem naut elli- og örorkulífeyris eða hafði greitt í sjóðinn a. m. k. í 6 mánuði undanfarandi 12 mánuði, **lætur eftir sig ekkju** á hún rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hún verið orðin 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélagi varð 60 ára að aldri. Ef um er að ræða að sjóðfélagi láti eftir sig barn innan 8 ára aldurs hefur lengd hjúskapartímans ekki áhrif.

Öðru máli gegnir um ekklana og er langt frá því að þeir njóti sömu réttinda. Við fráfall eiginkonu fær maki aðeins greiddan makalífeyri í 2 ár samkvæmt reglugerðarákvæðum SAL-sjóðanna, án tillits til þess hversu lengi sem hún hefur verið á vinnumarkaðinum og greitt lengi iðgjald. Þó er heimildarákvæði um að greiða ekkli makalífeyri allt að þeim lífeyri sem ekkja ætti rétt á ef ekkill hefur skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi taldist aðalfyrirvinna heimilisins.

Iðgjöld og réttindi eiginkonu eru því lítils metin gagnvart eftirlifandi maka, en það leiðir til þess að ekklar hafa verulega skertan makalífeyri. Þetta er auðvitað allsendis óviðunandi því að grundvallaratriði í lífeyrismálum hjóna, sem og öðrum réttindamálum í þjóðfélaginu, jafnt á vinnustað sem annars staðar, er að bæði kynin njóti að öðru jöfnu sambærilegs réttar.

Þegar þróunin er orðin sú að báðir foreldrar þurfa að vera úti á vinnumarkaðinum, — oft og tíðum til að hægt sé að standa undir allra brýnustu nauðþurftum, — er ljóst að við fráfall annars makans leggst framfærsla heimilisins með tvöföldum þunga á eftirlifandi maka, hvort sem það er karl eða kona.

Sömu rök gilda gagnvart því ákvæði þessarar þingsályktunartillögu að leiðrétta ótrygga stöðu heimavinnandi foreldra.

Á 34. þingi A.S.Í. 1980 var samþykkt ályktun um að skora á alla lífeyrissjóði að breyta reglugerðum sínum á þann veg, að réttur til makalífeyris væri gagnkvæmur, og afnema það misrétti sem felst í núverandi löggjöf.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu taka eindregið undir þessa kröfu A.S.Í.-þings. Með samþykkt tillögunnar mundu stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að knýja á um að reglugerðarákvæðum þeirra lífeyrissjóða, sem þegar búa við kyngreindan makalífeyri, verði breytt þannig að bæði kynin hafi sömu réttindi hjá öllum starfandi lífeyrissjóðum.

Í öðru lagi er kveðið á um hvernig fara eigi með lífeyrisgreiðslur hjóna og sambúðarfólks, þannig að fráskildir og heimavinnandi fari ekki varhluta af áunnum lífeyri.

Þeir sem eru heimavinnandi, en það eru einkum konur enn sem komið er, og hafa ekki verið á vinnumarkaðinum, eða aðeins um mjög skamman tíma, búa við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi lífeyrisgreiðslur.

Staðan er nú þannig að í skilnaðarmálum er sá aðili, sem ekki hefur verið á vinnumarkaðinum, réttindalaus. Fráskilan kona hefur t. a. m. engan rétt og á enga kröfu til lífeyris fyrir sig frá lífeyrissjóðunum við fráfall mannsins. Kona, sem þannig er ástatt um, á aðeins rétt á lífeyri almannatrygginga. Hjá hinu opinbera er réttindastaða slíkra kvenna þó nokkru betri að því er makalífeyri varðar, því að ef sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr, skiptist makalífeyririnn milli beggja kvenna í beinu hlutfalli við þann tíma sem hvor um sig hefur verið gift hinum látna sjóðfélaga meðan hann ávann sér lífeyrisréttindin.

Hér er auðvitað um óþolandi og fráleitt misrétti að ræða og því er lagt til að í samráði við lífeyrissjóðina beiti stjórnvöld sér fyrir því að bæði kynin njóti sambærilegra lífeyrisréttinda þó að annar aðilinn sé heimavinnandi. Vitna má í þessu sambandi til ályktunar ASÍ-þings, en þar segir svo:

„Þess verði gætt að jöfnuður sé á milli lífeyrisréttinda hjóna eða sambúðarfólks, án tillits til þess hvort aflar réttindanna."

Það er skoðun flm. að hér sé um svo eðlilega kröfu að ræða og svo sjálfsagt réttindamál að löggjafarvaldið geti ekki hjá því komist að beita sér fyrir því að umsvifalaust verði tekið á þessu máli.

Í lögum um skráningu lífeyrisréttinda, 6. gr., er eftirfarandi ákvæði: „Lífeyrisskráin skal veita upplýsingar um greiðslur iðgjalda og lífeyrisréttinda. Þá skal skráin gefin út árlega yfirlit um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur landsmanna.“ — Lög þessi voru samþykkt 1980, en samkvæmt upplýsingum, sem flm. þessa frumvarps hafa aflað sér, munu enn líða nokkur ár þar til umrætt yfirlit um lífeyrisréttindi verður gefið út. Einnig er nokkuð ljóst að samkvæmt þessum lögum verður um eina heildarskrá að ræða yfir öll lífeyrisréttindi landsmanna, en ekki er gert ráð fyrir að hver sjóðfélagi, sem einhver lífeyrisréttindi á hjá einum eða fleiri lífeyrissjóðum, fái árlega sent yfirlit yfir áunninn rétt sinn hjá lífeyrissjóðunum eins og þessi þingsályktunartillaga kveður á um.

Á því er mikill munur hvort um eina heildarskrá er að ræða til afnota fyrir lífeyrissjóðina eða hvort hver og einn sjóðfélagi fær sjálfkrafa sent yfirlit um stöðu sína án þess að þurfa sérstaklega að leita eftir því. Það fyrirkomulag að senda hverjum og einum sjóðfélaga árlegt yfirlit er nauðsynlegt til þess að sjóðfélagar séu vakandi um rétt sinn og hugi frekar að því að gera ráðstafanir sem tryggi þeim viðunandi lífsviðurværi á elliárunum.

Flm. er kunnugt að nokkrir lífeyrissjóðir innan vébanda Sambands almennra lífeyrissjóða hafa þegar komið á því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, og sent hverjum sjóðfélaga yfirlit. Er það til fyrirmyndar og hefur mælst vel fyrir og borið góðan árangur. — Þar sem þegar er vitað að nokkur ár tekur að safna saman á einn stað lífeyrisréttindum úr öllum sjóðunum er nauðsynlegt að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til þess að komið verði á samræmdum ákvæðum hjá öllum lífeyrissjóðum. Þá yrði um það að ræða að hver og einn sjóður hefði þessa skyldu, ef við yrði komið, a. m. k. þangað til skrásetningu lífeyrisréttinda hjá öllum sjóðum er að fullu lokið.

Það er ljóst að þó að heildarskrásetning taki nokkur ár gætu margir sjóðir verið tilbúnir að veita sjóðfélögum þessa sjálfsögðu þjónustu mun fyrr, en það er einmitt tilgangur þess ákvæðis tillögunnar, sem að þessu lýtur, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, í samráði við lífeyrissjóðina, að svo skuli gert. Einnig skal á það bent hér að nauðsynlegt er að hyggja að því hvort 6. gr. laga um skráningu lífeyrisréttinda tryggi að hverjum sjóðfélaga verði árlega sent yfirlit þegar heildarskráning réttinda liggur fyrir. Sé svo ekki verður að taka af um það öll tvímæli í lögum um skráningu lífeyrisréttinda.

Til þess að gefa vísbendingu um, hvað hér er brýnt mál á ferðinni, má benda á að í nafnaskrá lífeyrissjóða frá 6. ágúst 1982, sem fjármálaráðuneytið lét gera, kemur fram að sami maður getur átt réttindi í allt að 13 lífeyrissjóðum. Því er ljóst að fólk á erfitt með, og reyndar næsta útilokað, að átta sig á réttindum sínum þegar um er að ræða réttindi hjá fleiri en einum lífeyrissjóði. Ekki síst er þetta erfitt þar sem réttindagreiðslur eru mjög misjafnar hjá sjóðunum.

Afskipti stjórnvalda af starfsemi lífeyrissjóða hafa til þessa falist í því að reglugerðir sjóðanna hafa verið sendar fjármálaráðuneytinu til staðfestingar, en það mun gert á grundvelli ákvæða D-liðs 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ekki er því óeðlilegt að þessi leið verði nú valin meðan ekki hefur náðst eining um framtíðarskipan lífeyrismála eða lagasetningu þar að lútandi. En lagt er til að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því, í samráði við lífeyrissjóðina, að þessir ágallar lífeyrisréttindakerfisins verði nú þegar leiðréttir sérstaklega, þ. e. þeir sem snerta makalífeyri og réttindaleysi þeirra sem eru heimavinnandi, auk þess sem samræmdar reglur verði settar í reglugerðir lífeyrissjóða um aukna upplýsingaskyldu til sjóðfélaga. Samþykkt þessarar tillögu, — þar sem fram kæmi vilji löggjafarvaldsins í þessu efni, — gæti stuðlað að því að svo verði gert.

Sþ 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Flm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Árni Johnsen, Björn Dagbjartsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Gunnar G. Schram, Lárus Jónsson, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Valdimar Indriðason, Þorsteinn Pálsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, og ekki síst kjarnorkuveldin, sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela utanríkisráðherra að láta gera úttekt á þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum.

Greinargerð.

Meiri samstaða ríkir nú en oft áður um stefnuna í öryggismálum Íslands. Grunnþættir hennar eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Hugmyndir hafa komið fram um aukna þátttöku Íslands í eigin vörnum innan þessa ramma og eru umræður um þær alkunnar. Á öryggismálum eru tvær hliðar, ef þannig má að orði komast: annars vegar sú er lýtur að því að tryggja öryggið með varnarviðbúnaði og hins vegar sú er lýtur að afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Til marks um það, hve þessir þættir eru nátengdir, er ákvörðun utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins frá 12. desember 1979 um endurnýjun á meðallangdrægum kjarnorkuherafla á vegum bandalagsins í Evrópu og að teknar verði upp viðræður um niðurskurð slíkra vopna í álfunni.

Á Alþingi hafa á undanförnum áratugum komið fram ýmsar tillögur um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar. Það er einkenni þessara tillagna, að rökstuðningur fyrir þeim byggist fremur á óskhyggju en raunsæju mati á vænlegum leiðum. Flestar bera tillögurnar þess og merki, að þær eru af erlendum uppruna og taka ekki beinlínis mið af innlendu mati og íslenskum öryggishagsmunum. Allir eru sammála um það, að varhugavert sé að láta óskhyggju ráða ferðinni í umræðum um stríð og frið. Eftir því sem innlend þekking á herfræðilegum þáttum hefur aukist hefur samstaða um stefnu þjóðarinnar í öryggismálum vaxið. Æskilegt er að sama þróun verði í afstöðunni til afvopnunarmála. Á því sviði þurfa að liggja fyrir skýrir og þaulhugsaðir kostir.

Friðarumræðurnar, sem sett hafa verulegan svip á stjórnmálalíf á Vesturlöndum undanfarin misseri, snúast í raun um það, með hvaða hætti á að takmarka vígbúnað og skera niður vopnakerfi. Um þessi mál er rætt hvarvetna þar sem stjórnmálamenn og stjórnarerindrekar hittast á alþjóðavettvangi. Íslendingar hafa lítið sem ekkert látið að sér kveða á þessu sviði, enda lítið verið stuðlað að mótun sameiginlegrar stefnu í þessum málum. Venjulega láta Íslendingar sér nægja að benda á það, að þeir séu vopnlaus þjóð og meiri afvopnunarsinna sé ekki unnt að finna. Svo einfaldar röksemdir duga ekki lengur, hvorki í umræðum innanlands né utan. Það þarf að móta markvissa og samræmda stefnu Íslands í afvopnunarmálum þar sem tekið er mið af íslenskum hagsmunum. Forsenda þess, að slík stefna verði mótuð, er sú alhliða úttekt sem hér er hvatt til að gerð verði.

Það vekur athygli, þegar lesið er erindisbréf Öryggismálanefndar sem skipuð var á grundvelli samkomulags milli Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks

haustið 1978, að þar er hvergi vikið beint að afvopnunarmálum þótt nefndinni sé að vísu falið að fjalla um „hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi". Afvopnunarmál spanna miklu víðtækara svið en þetta, eins og fram kom til dæmis á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sumarið 1982 og til umræðu hefur verið á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Í hvorugu tilviki hafa Íslendingar kynnt hugmyndir um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar sem byggðar eru á þeirra eigin mati og niðurstöðum. Íslendingar eiga óbeina aðild í gegnum Atlantshafsbandalagið að viðræðunum í Vínarborg um jafnan og gagnkvæman samdrátt venjulegs herafla í Mið-Evrópu (MBFR-viðræðurnar), og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hafa þeir einstakt tækifæri til að fylgjast með viðræðum Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna í Genf annars vegar um niðurskurð langdrægra kjarnorkuvopna (START) og hins vegar um niðurskurð meðallangdrægra kjarnorkuvopna (INF). Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í opinberum umræðum hér á landi, hvaða áhrif þessar viðræður hafa beint á stöðu Íslands. Fram hafa komið athyglisverðar hugmyndir um takmörkun vígbúnaðar í hafinu, meðal annars þess efnis, að eldflaugakafbátar búnir langdrægum eldflaugum fái griðastað á afmörkuðum hafsvæðum. Þessar hugmyndir hafa lítt eða ekkert verið kynntar hér á landi og þannig mætti áfram telja.

Í Öryggismálanefnd sitja fulltrúar allra þingflokka. Nefndin hefur ekki tillögurétt samkvæmt erindisbréfi sínu, heldur á hún að afla gagna og gefa út álitsgerðir um öryggismál íslenska lýðveldisins. Ekki væri óeðlilegt, næði sú tillaga, sem hér er flutt, fram að ganga, að utanríkisráðherra fengi Öryggismálanefnd til að semja þá skýrslu sem í tillögunni er getið. Við það starf mundi einnig reyna á samstöðu stjórnmálaflokkanna og stuðning þeirra við frekari framgang málsins.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild er hefur það hlutverk að veita lán til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa sérstök staðbundin vandamál fyrirtækja í sjávarútvegi. Skal fjárhagur þessarar deildar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins. Lán úr þessari deild skulu veitt samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs. Skulu lánin veitt með þeim tryggingum, veði eða ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfsskuldarábyrgð á láni allt að 120 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt er sú deild Fiskveiðasjóðs, sem um er rætt í 1. gr., tekur.

Í stað þess að veita ríkisábyrgð skv. 1. mgr. er ríkisstjórninni heimilt að taka þargreinda fjárhæð að láni og endurlána hana Fiskveiðasjóði.

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. þessari gr. er fjármálaráðherra óbundinn af þeim ákvæðum um tryggingar er almennt gilda við veitingu ríkisábyrgðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. gr. laga þessara þ. á m. um lánsskilyrði, lánshæfni, lánakjör og tryggingu lána.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að til að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi beri brýna nauðsyn til að veita ýmsum fyrirtækjum í útgerð og fiskiðnaði, sem glíma við sérstök vandamál, fjárhagsfyrirgreiðslu, er varið verði til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild er hefur það hlutverk að veita lán til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa sérstök staðbundin vandamál fyrirtækja í sjávarútvegi. Skal fjárhagur þessarar deildar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins. Lán úr þessari deild skulu veitt samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs. Skulu lánin veitt með þeim tryggingum, veði eða ábyrgðum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfsskuldarábyrgð á láni allt að 120 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt er sú deild Fiskveiðasjóðs, sem um er rætt í 1. gr., tekur.

Í stað þess að veita ríkisábyrgð skv. 1. mgr. er ríkisstjórninni heimilt að taka þargreinda fjárhæð að láni og endurlána hana Fiskveiðasjóði.

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. þessari gr. er fjármálaráðherra óbundinn af þeim ákvæðum um tryggingar er almennt gilda við veitingu ríkisábyrgðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. gr. laga þessara þ. á m. um lánskilyrði, lánshæfni, lánakjör og tryggingu lána.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þó skulu 4% af þessum kostnaðarhlut koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir eða minni, en 25% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 9% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 10% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður og endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar allt að 560 milljónum króna, sem veitt hafa verið á tímabilinu frá 1. nóvember 1982 til 31. maí 1983.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. taka þó aðeins til afla, sem landað er frá og með 1. júní 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1/1983, um Olíusjóð og olíugjald o. fl., að öðru leyti en því, að 1.—4. gr. þeirra laga gilda um afla, sem landað er til maíloka 1983, og er ríkissjóði heimilt að veita allt að 50 milljón króna sjálfskuldarábyrgð umfram heimild í 3. gr. þeirra laga fyrir láni, sem Olíusjóður fiskiskipa kynni að þurfa að taka vegna greiðsluskuldbindinga til þess tíma. Skal lán þetta undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að mæta rekstrarvanda í sjávarútvegi, einkum í útgerð fiskiskipa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þó skulu 4% af þessum kostnaðarhlut koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir eða minni, en 25% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 9% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 10% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður og endurgreiða stimpilgjald af skuldabreytingarlánum útgerðar allt að 560 milljónum króna, sem veitt hafa verið á tímabilinu frá 1. nóvember 1982 til 31. maí 1983.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. taka þó aðeins til afla, sem landað er frá og með 1. júní 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1/1983, um Olíusjóð og olíugjald o. fl., að öðru leyti en því, að 1.—4. gr. þeirra laga gilda um afla, sem landað er til maí loka 1983, og er ríkissjóði heimilt að veita allt að 50 milljón króna sjálfskuldarábyrgð umfram heimild í 3. gr. þeirra laga fyrir láni, sem Olíusjóður fiskiskipa kynni að þurfa að taka vegna greiðsluskuldbindinga til þess tíma. Skal lán þetta undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um afsögn þingmennsku.

Flm.: Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á háttvirtan 6. þm. Reykvíkinga, Ellert B. Schram, að segja af sér þingmennsku.

Greinargerð.

Háttvirtur 6. þm. Reykvíkinga, Ellert B. Schram, hefur lýst þeirri ósk sinni að fá leyfi frá þingmennsku. Samhliða þeirri ósk hefur hann látið frá sér fara í blöðum og útvarpi yfirlýsingar um ástæður þessarar beiðni.

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu verður leyfisbeiðnin ekki slitin úr samhengi við þessar yfirlýsingar. Þingmaðurinn gaf kost á sér við kjör til Alþingis og hlaut kosningu. Samt sem áður lítur hann ekki á það sem nægilegt umboð heldur kýs hann að „nota starfskrafta sína þar sem eftir þeim er óskað“ (Tíminn, 6. okt.), en það mun vera hjá Dagblaðinu/Vísi. Eftir tíu ára þingmennsku fyllist hann „langvarandi leiða og vonbrigðum yfir því að hafa ekkert að gera“ (Helgarpósturinn 6. okt.), þá nýorðinn þingmaður enn einu sinni.

Í yfirlýsingum þingmannsins kemur greinilega fram, svo ekki verður um villst, að hann bauð sig ekki fram til þingmennsku heldur var hann að „leggja fram krafta sína í þágu flokksins og þessarar ríkisstjórnar", sem reyndar vekur þá spurningu hvort hafi verið búið að mynda þessa ríkisstjórn fyrir kosningar. Þingmaðurinn leit ekki á framboð sitt til Alþingis sem yfirlýsingu um að vilja vinna að því að setja landinu lög, heldur gaf hann kost á sér til ábyrgðarstarfa innan Sjálfstæðisflokksins eða ríkisstjórnarinnar. Þingmennska ein finnst honum sambærileg við störf „messagutta" og segir fullum fetum að starf löggjafans sé „að gera ekki neitt".

Bandalag jafnaðarmanna harmar mjög þá tilhneigingu manna að líta á Alþingi sem afgreiðslustofnun eingöngu fremur en stefnumótandi aðila í löggjöf. Þessu verður ekki breytt nema þingmennska hætti að vera ávísun á áhrifastöður hjá framkvæmdavaldi. Þá fyrst geta þingmenn kallað framkvæmdavaldið til ábyrgðar af siðferðilegum styrk.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um verðlagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 skulu verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir, aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði breytir ekki verðmyndun á vöru og þjónustu, sem heyrir undir Verðlagsstofnun og hefur verið undanþegin sérstakri meðferð Verðlagsráðs. Að því er launakostnað varðar er óheimilt að miða verð eða gjaldskrá við hærri laun en ákveðin eru með bráðabirgðalögum nr. 54/1983, um launamál. Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 er og óheimilt að breyta þeim álagningarreglum eða greiðslukjörum, er voru í gildi 25. maí 1983, ef slíkt er kaupendum eða neytendum í óhag.

2. gr.

Almennt fiskverð skv. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 4/1983, annað en verð á skarkola, skal hækka um 8% 1. júní 1983 og það verð síðan um 4% 1. október 1983, og skal það verð, sem þannig er ákveðið, gilda til 31. janúar 1984.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í þeim verðlagsgrundvelli búvöru, er tekur gildi í júníbyrjun 1983, skulu hækka um 8%. Verð til framleiðenda samkvæmt honum skal gilda til 30. september 1983. Hinn 1. október 1983 taki gildi nýr verðlagsgrundvöllur, sem gildir til 31. janúar 1984, þar sem fjárhæðir launaliða skulu hækka um 4% frá því, sem er í júnígrundvelli 1983. Vinnslu- og dreifingarkostnaður til verðlagningar búvöru breytist um leið og nýtt verð til framleiðenda tekur gildi í byrjun júní og október 1983.

Heimilt er að ákveða sumarverð á kindakjöti og garðávöxtum, sbr. 10. grein framleiðsluráðslaga, nr. 95/1981. Sömuleiðis má, frá 15. september 1983, hækka verð á kjöti og öðrum afurðum af nýslátruðu sauðfé, enda sé það gert í samræmi við ákvæði 3. málsgreinar 10. greinar sömu laga.

Við ákvörðun verðlagsgrundvallar og vinnslu- og dreifingarkostnaðar búvöru gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr.

4. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðlagsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa. Þar á meðal séu ráðstafanir til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt aðhald að verðlagsákvörðunum á næstu mánuðum, bæði að því er varðar almennt verðlag og ákvarðanir um fiskverð og búvöruverð, í samræmi við þróun launa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 skulu verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir, aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði breytir ekki verðmyndun á vöru og þjónustu, sem heyrir undir Verðlagsstofnun og hefur verið undaþegin sérstakri meðferð Verðlagsráðs. Að því er launakostnað varðar er óheimilt að miða verð eða gjaldskrá við hærri laun en ákveðin eru með bráðabirgðalögum, nr. 54/1983, um launamál. Á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. janúar 1984 er og óheimilt að breyta þeim álagningarreglum eða greiðslukjörum, er voru í gildi 25. maí 1983, ef slíkt er kaupendum eða neytendum í óhag.

2. gr.

Almennt fiskverð skv. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 4/1983, annað en verð á skarkola, skal hækka um 8% 1. júní 1983 og það verð síðan um 4% 1. október 1983, og skal það verð, sem þannig er ákveðið, gilda til 31. janúar 1984.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í þeim verðlagsgrundvelli búvöru, er tekur gildi í júníbyrjun 1983, skulu hækka um 8%. Verð til framleiðenda samkvæmt honum skal gilda til 30. september 1983. Hinn 1. október 1983 taki gildi nýr verðlagsgrundvöllur, sem gildir til 31. janúar 1984, þar sem fjárhæðir launaliða skulu hækka um 4% frá því, sem er í júnígrundvelli 1983. Vinnslu- og dreifingarkostnaður til verðlagningar búvöru breytist um leið og nýtt verð til framleiðenda tekur gildi í byrjun júní og október 1983.

Heimilt er að ákveða sumarverð á kindakjöti og garðávöxtum, sbr. 10. grein framleiðsluráðslaga, nr. 95/1981. Sömuleiðis má, frá 15. september 1983, hækka verð á kjöti og öðrum afurðum af nýslátruðu sauðfé, enda sé það gert í samræmi við ákvæði 3. málsgreinar 10. greinar sömu laga.

Við ákvörðun verðlagsgrundvallar og vinnslu- og dreifingarkostnaðar búvöru gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr.

4. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um launamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala samkvæmt 48. gr. til 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf, eða nokkrar starfstengdar greiðslur, skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina.

2. gr.

Laun í maí 1983 samkvæmt þágildandi kjarasamningum og lögum, það er grunnlaun að viðbættum verðbótum samkvæmt verðbótavísitölu, er gildi tók 1. mars 1983, teljast grunnlaun við upphaf gildistíma þessara laga.

Laun þessi skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983, þó skulu lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt gildandi ákvæðum í kjarasamningum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hækka um 10% hinn 1. júní 1983. Laun og lágmarkstekjur samkvæmt þessari málsgrein skulu síðan hækka um 4% hinn 1. október 1983.

Frekari hækkun launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þessarar greinar er óheimil á tímabilinu frá 25. maí 1983 til 31. janúar 1984, hvort sem um hana er samið fyrir eða eftir gildistöku þessara laga. Ákvæði þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum, sem komnar eru í framkvæmd fyrir gildistöku þessara laga.

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein, og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslið 2. málsgreinar 1. greinar, til 31. janúar 1984.

3. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal

BRÁÐABIRGÐALÖG

um launamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að rjúfa sjálfvirkan víxlgang verðlags og launa til þess að sporna við þeirri háskalegu verðbólguþróun sem við blasi að óbreyttu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala samkvæmt 48. gr. til 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf, eða nokkrar starfstengdar greiðslur, skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina.

2. gr.

Laun í maí 1983 samkvæmt þágildandi kjarasamningum og lögum, það er grunnlaun að viðbættum verðbótum samkvæmt verðbótavísitölu, er gildi tók 1. mars 1983, teljast grunnlaun við upphaf gildistíma þessara laga.

Laun þessi skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983, þó skulu lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt gildandi ákvæðum í kjarasamningum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hækka um 10% hinn 1. júní 1983. Laun og lágmarkstekjur samkvæmt þessari málsgrein skulu síðan hækka um 4% hinn 1. október 1983.

Frekari hækkun launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þessarar greinar er óheimil á tímabilinu frá 25. maí 1983 til 31. janúar 1984, hvort sem um hana er samið fyrir eða eftir gildistöku þessara laga. Ákvæði þetta tekur þó

ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum, sem komnar eru í framkvæmd fyrir gildistöku þessara laga.

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein, og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslið 2. málsgreinar 1. greinar, til 31. janúar 1984.

3. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Ed. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Í 14. tölul. 3. gr. laganna falli orðin „ráðherra og“ brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að reglur þær, sem nú gilda um hlunnindi ráðherra í sambandi við bifreiðakaup, stangast á við réttarvitund almennings. Þess vegna ber nauðsyn til að breyta þeim reglum sem nú eru í gildi um þetta efni.

Á 100. löggjafarþingi var flutt stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á tollskrá sem miðaði að því að fella þessi fríðindi ráðherra niður, þ. e. a. s. að þeir gætu keypt bifreiðar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Frumvarp þetta var samþykkt í neðri deild og er nefndarálit fjárhags- og viðskiptanefndar þeirrar deildar prentað hér með sem fylgiskjal.

Á vordögum 1979 dagaði þetta mál hins vegar uppi hjá fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar og hlaut ekki afgreiðslu.

Þegar frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþinginu fylgdu því svohljóðandi athugasemdir:

„Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar hafa til afnota. Með lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., var veitt heimild til þess að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær, sem nú gilda um bifreiðamál ríkisins, er að finna í reglugerð nr. 6/1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem hafa haft ríkisbifreið til afnota."

Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frumvarpi þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi."

Sá rökstuðningur, sem frumvarpinu fylgdi, á ekki síður við nú en þegar það var upphaflega flutt. Flutningsmenn telja eðlilegt að þessar reglur um ráðherrafríðindi verði felldar úr gildi og því er þetta frumvarp flutt.

Fylgiskjal.

1978—79 (100. löggjafarþing) — 184. mál.

Nd. 482. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 82 18. maí 1978, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í fumvarpinu felst sú breyting frá gildandi lögum að fella niður heimild um að ráðherrar geti keypt bifreiðar án þess að greiða aðflutningsgjöld.

Fjárhags- og viðskiptanefnd var sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.
Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Ólafur G. Einarsson.
Kjartan Ólafsson.
Vilmundur Gylfason, með fyrirvara.
Finnur Torfi Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um endurmat á störfum láglaunahópa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín S. Kvaran, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Markmið þessara laga er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa 5 manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, í þessum lögum nefnd láglaunanefnd.

Skal nefndin kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins, svo sem frá Alþýðusambandi Íslands, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka og annarra aðila eftir því sem þörf er á.

Hún skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og hafa aðgang að gögnum opinberra stofnana sem nauðsynlegar eru að hennar mati.

3. gr.

Verkefni láglaunanefndar, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

a) Upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör eru innan starfsgreina og milli þeirra.
b) Skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipa slíka hópa.
c) Gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Samanburður skal annars vegar gerður á störfum faglærðra láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra.

   Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athuga hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum o. þ. h.

   Leggja skal til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð á jafnt mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu (þ. m. t. vegna atvinnusjúkdóma), menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör.
d) Meta á sama hátt hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag (sbr. c-lið). — Sérstakt tillit skal taka til hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðinum.

   Við þennan samanburð skal taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skal hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður.
e) Gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar.

4. gr.

Láglaunanefnd skal hraða verkefnum sínum skv. 3. gr. eins og kostur er og skila skýrslu með niðurstöðum nefndarinnar til félagsmálaráðherra innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skal flytja Alþingi skýrslu um niðurstöðu láglaunanefndar, sbr. 4. gr.

Að lokinni umfjöllun Alþingis um niðurstöður nefndarinnar skal Alþingi taka ákvörðun um hvort nefndin haldi áfram störfum eða verkefni á sviði kjararannsókna verði aukin á annan hátt.

6. gr.

Kostnaður við störf láglaunanefndar greiðist með eftirfarandi hætti: 60% greiðist úr ríkissjóði og 40% af aðilum vinnumarkaðarins samkv. nánari ákvörðun félagsmálaráðuneytisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að lögfest verði tímabundið skipan láglaunanefndar sem hafi það verkefni að framkvæma hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Einnig mundi slík rannsókn leiða í ljós hvernig launamisrétti kynjanna er háttað í einstökum starfsgreinum.

Með þessu frumvarpi er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Gert er ráð fyrir að fenginni niðurstöðu nefndarinnar og reynslu af störfum hennar taki Alþingi ákvörðun um hvort rétt sé að lögfesta áfram í einum eða öðrum búningi skipulegar vinnu- eða kjararannsóknir á vegum framkvæmdavaldsins. Eðlilegt verður að telja að slíkar rannsóknir séu stöðugt í gangi til þess að hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað hverju sinni. Í því sambandi má benda á eitt af verksviðum félagsmálaráðuneytisins, sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir, samkv. reglugerð um stjórnarráð nr. 96/1969.

Segja má að þar sem frumvarp þetta fjallar að meginefni til um skipan nefndar sem hafi tímabundin, ákveðin verkefni væri eðlilegra að flytja um það þingsályktunartillögu. En á Alþingi hefur þegar verið flutt tillaga til þingsályktunar um að framkvæmdavaldið skuli láta fara fram kjararannsóknir og úttekt á launakjörum í þjóðfélaginu. Að hluta til var efni þeirrar þingsályktunartillögu hliðstætt því sem er í þessu frumvarpi. Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi 28. apríl 1980. En þrátt fyrir þá viljayfirlýsingu löggjafarvaldsins, sem í henni fólst, hefur ekkert verið aðhafst til að koma henni í framkvæmd. Í fyrirspurn til fyrrverandi félagsmálaráðherra hefur verið ítrekuð á Alþingi nauðsyn þess að hrinda henni í framkvæmd, en allt hefur komið fyrir ekki. Að auki má benda á að á 104. löggjafarþingi flutti Guðrún Helgadóttir þingsályktunartillögu um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbanka, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

Það er því ljóst að lögbinda verður þær kjararannsóknir og endurmat sem hér er lagt til að verði framkvæmt. Hér er valin sú leið að nú verði tekin fyrir sérstaklega kjör láglaunahópanna og sérfróðum aðilum falin rannsókn og endurmat á störfum og kjörum þessara hópa.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega skal athuga hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðilsþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun.

Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ. e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta, eða hærra launuðu stétta í þjóðfélaginu, séu í eðlilegu samræmi við kjör láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Einnig er lagt til að fá fram samanburð á launum og öðrum kjörum ríkisstarfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði.

Þó að það sé ekki á verkefnaskrá nefndarinnar í frumvarpinu væri æskilegt, sé þess nokkur kostur, að fá fram hver þróunin hefur verið í tekjuskiptingunni almennt og milli kynja á undanförnum árum, t. a. m. 10 ára tímabili.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst að það mat og sú rannsókn, sem frumvarpið felur í sér á störfum láglaunahópanna, er langt frá því að vera auðvelt í framkvæmd. Það er engu síður skoðun flutningsmann að hér sé um svo brýnt og knýjandi viðfangsefni að ræða að stjórnvöldum beri skylda til að sjá svo um að þessi tilraun sé gerð og að hlutlausir aðilar með þekkingu á vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati verði fengnir til starfans.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis um slíka rannsókn. Flm. eru þeirrar skoðunar að slík rannsókn verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hafa til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins er viss hætta á að hver færi að toga í sinn soptta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn, — ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á annað má einnig benda. Áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Ein ástæða þess, að slík skilgreining hefur ekki fengist, er að ekki hefur verið kannað ítarlega í öllum starfsgreinum hvaða yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir utan við hina eiginlegu kauptaxta eru ákvarðandi hluti dagvinnutekna eða heildarlaunatekna í einstökum starfsgreinum.

Í frumvarpinu er nefndinni ekki sett nein viðmiðun í starfi sínu um hvernig eða með hvaða hætti hún skuli skilgreina láglaunahópana, enda eðlilegra að viðmiðunarmörk séu í höndum sérfróðra aðila.

Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati. Ekki er kveðið á um sérstakar tilnefningar í þessa nefnd, en

til þess er ætlast að hún sé skipuð eins og kostur er aðilum sem ekki hafa sérstakra hagsmuna að gæta fyrir einn hóp fremur en annan sem úttekt þessi og rannsókn nær til. Með því fæst hlutlægara mat á því verkefni, sem vinna á, auk þess sem gera má ráð fyrir að verkið vinnist hraðar.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda ætlast til þess að þeir séu kallaðir til ráðuneytis um málið án þess þó að eiga beina aðild að nefndinni. Auk þess má benda á að niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila vinnumarkaðarins, heldur fremur leiðbeinandi og til þess gerð að auðvelda þeim alla ákvarðanatöku.

Nauðsynlegt er einnig að samráð sé haft við Jafnréttisráð um þetta verkefni, auk þess sem aðilar eins og kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, sem vinna að ýmsum tölfræðilegum upplýsingum, tengist slíkri rannsókn, svo og félagsvísindadeild Háskólans.

Nauðsynlegt er að við skipan nefndarinnar verði gætt eðilegs jafnræðis milli kynja eins og kostur er, ekki síst með tilliti til þess að flestöll hefðbundin kvennastörf eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu.

Um 3. gr.

Eitt af verkefnum nefndarinnar samkvæmt þessari grein er að fá fram upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu og launakjör þar sem yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir koma fram. En vitneskja um áhrif þeirra þátta á dagvinnutekjur og heildarlaunatekjur er nauðsynleg til að hægt sé að skilgreina láglaunahópana á markvissan hátt og meta hlut þeirra í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Oft er deilt um skilgreiningu á því hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa, bæði við gerð kjarasamninga og eins í aðgerðum stjórnvalda til að bæta kjör þeirra sérstaklega. Þessu til staðfestingar má m. a. benda á umfjöllun um láglaunabætur á s. l. vetri. Því er nauðsynlegt að láglaunanefndin geri tilraun til að skilgreina hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi þá hópa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að fram fari umræður á Alþingi um niðurstöður láglaunanefndar og að Alþingi taki síðan ákvörðun um hvort, og þá á hvern hátt, auka beri rannsóknir af hálfu framkvæmdavaldsins á sviði vinnu- og kjararannsókna.

Ef Alþingi ákveður að nefndin skuli ekki halda áfram störfum er gert ráð fyrir að Alþingi nemi þessi lög úr gildi. Er sá háttur hafður á þar sem eðlilegt er að Alþingi taki mið af störfum nefndarinnar þegar það ákveður hvort og í hvaða farveg skuli skipa vinnu- og kjararannsóknum á vegum framkvæmdavaldsins.

Auk þess er erfitt að tímasetja nákvæmlega í gildistökugrein hvenær lög þessi falla úr gildi, bæði með tilliti til starfa nefndarinnar og þess svigrúms sem Alþingi þarf til þess að fjalla um málið.

Um 6. gr.

Eðlilegt er að ætla aðilum vinnumarkaðarins að bera nokkurn kostnað af þessari rannsókn því að ætla verður að þeim sé mikill fengur að aukinni vitneskju og hagnýtum upplýsingum og staðreyndum sem stuðlað geti að sanngjarnari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 41 2. maí 1968, sbr. lög nr. 7/1970 og lög nr. 27/1972.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Með orðinu verslun í lögum þessum er átt við heildverslun, umboðsverslun, þar með talin tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, innflutingsverslun, útflutningsverslun og smásöluverslun.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein sem verði 5. gr. og orðist svo:

Leyfi til verslunarreksturs, skv. 2. gr., gildir í 5 ár, nema til innflutnings- og útflutningsverslunar í 3 ár. Verslunarleyfi skal endurnýjað ef Verðlagsstofnun mælir með endurnýjun þess. Þó skal leyfi til útflutnings- og innflutningsverslunar því aðeins veitt eða endurnýjað að fyrir liggi meðmæli gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands.

3. gr.

10. gr. laganna (2. gr. laga nr. 7/1970), sem verður 11. gr., breytist svo:

Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein á þessa leið:

a) Lögreglustjóri sendir viðskiptaráðuneytinu afrit af tilkynningum þeim er hann sendir Lögbirtingablaðinu um útgáfu verslunarleyfis. Hafi viðskiptaráðuneytið ekki gert athugasemd við útgáfu leyfisins innan eins mánaðar frá dagsetningu þess hjá embætti lögreglustjóra — borgarfógeta í Reykjavík — tekur leyfið gildi þann dag.
b) 4. mgr. falli niður.

4. gr.

11. grein laganna, sem verður 12. gr., orðist svo:

Hagstofa Íslands og viðskiptaráðuneytið halda skrá yfir þá aðila sem á hverjum tíma hafa leyfi til verslunarreksturs. Skráin skal flokkuð eftir tegundum verslunarleyfa og fer um frágang hennar og útgáfu samkvæmt ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur þann tilgang að sérstök leyfi þurfi til þess að menn geti stundað innflutnings- og útflutningsverslun. Eins og kunnugt er hefur öll útflutningsverslun verið bundin leyfum hér á landi og getur viðskiptaráðuneytið ekki veitt öðrum leyfi til útflutnings en þeim sem tryggir hæsta fáanlegt verð og þeim sem skilar andvirði útflutnings refjalaust til réttra aðila hér á landi. Um innflutningsverslunina gilda aðrar reglur; kannske væri réttara að segja að þar gildi yfirleitt engar reglur eða gagnslitlar. Hefur þar allt annan róm en í útflutningsverslun landsmanna þar sem leyfisútgáfa skal metin hverju sinni samviskusamlega. Sýnist eðlilega stundum sitt hverjum um útflutningsleyfin, en engum kemur þó til hugar að koma þar á frumskógakerfi innflutningsverslunarinnar.

Stjórnvöld hafa á liðnum árum iðulega farið sérstaklega ofan í saumana á innflutningsversluninni og er þetta frumvarp flutt í framhaldi af skýrslu um þessi málefni sem út kom 1978. Verður skýrslan birt hér á eftir sem fylgiskjal með frumvarpi þessu og þar kemur það fram sem segja þarf um forsendur frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er orðinu „innflutningsverslun" bætt inn í upptalninguna um það hvað átt er við með orðinu „verslun".

Um 2. gr.

Í lögum um verslunaratvinnu er gert ráð fyrir því að verslunarleyfin gildi til 5 ára í senn. Hér er um breytingu að ræða í frumvarpinu svo sem sjá má og tími verslunarleyfis til innflutnings- og útflutningsverslunar styttur í 3 ár. Hér er og það nýmæli að við endurnýjun verslunarleyfis þurfi að liggja fyrir meðmæli Verðlagsstofnunar, en við endurnýjun verslunarleyfis til innflutnings- og útflutningsverslunar skulu liggja fyrir meðmæli gjaldeyriseftirlitsins. Við mat sitt á þessu skal gjaldeyriseftirlitið sérstaklega meta umboðslaunaskil, svo sem sjálfsagt er.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðuneytið fái afrit af öllum tilkynningum um verslunarleyfi og að ráðuneytið geti stöðvað útgáfu verslunarleyfis innan eins mánaðar frá útgáfu þess ef ætla má að skilyrði laganna séu ekki uppfyllt.

Um 4. gr.

Eðlilegt er að viðskiptaráðuneytið komi við sögu þegar verslunarleyfi eru skráð, en ekki aðeins Hagstofa Íslands eins og nú er gert ráð fyrir í lögunum um verslunaratvinnu. Samkvæmt þessari breytingartillögu gætu Hagstofan og viðskiptaráðuneytið haft samvinnu um skráningu verslunarleyfa og tilhögun hennar. Mætti hugsa sér að viðskiptaráðuneytið kæmi skráningu verslunarleyfa fyrir í tengslum við hlutafélagaskrána.

Aðrar greinar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA
verðlagsstjóra til viðskiptaráðherra um athugun á innflutningsverslun (Janúar 1979).

INNGANGUR

28. september 1978 barst mér frá viðskiptaráðuneytinu eftirfarandi bréf:

„Í samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka er gert ráð fyrir því, að fram fari rækileg rannsókn á innflutningsversluninni. Er hér um að ræða framhald af þeirri rannsókn, sem verðlagsstjóri beitti sér fyrir á innkaupsverði til Íslands annars vegar og annarra Norðurlanda hins vegar, en hún leiddi í ljós, að innkaupsverð þeirra vörutegunda, sem könnunin náði til, var hærra til Íslands en til annarra Norðurlanda.

Þessi niðurstaða gefur vísbendingu um alvarleg vandamál í verslunarháttum hér á landi. Þess vegna, og í samræmi við samstarfsyfirlýsinguna, telur viðskiptaráðuneytið nauðsynlegt, að fram fari athugun, sem beinist einkum að eftirfarandi atriðum:

1. Rannsakaðar verði allar hugsanlegar orsakir þess verðmunar, sem fram kom í könnun verðlagsstjóra.
2. Rannsakað verði sérstaklega, hver er þáttur umboðslauna í þessum verðmismun svo og umboðslaunaskil.
3. Gerð verði úttekt á áhrifum hins háa innkaupsverðs á verðlag, lífskjör, verðbólguþróun og gjaldeyrisstöðu landsmanna.
4. Gerðar verði tillögur um lagfæringu á verslunarháttum, eftir því sem nauðsynlegt kann að virðast.

Ráðuneytið felur yður, herra verðlagsstjóri, að annast þessa athugun og gera tillögur til ráðherra fyrir áramót um úrbætur í þessum efnum. Þar sem könnunin er umfangsmikil og spannar yfir mörg svið stjórnsýslu, hefur ráðuneytið óskað þess, að eftirfarandi menn vinni að athuguninni, ásamt yður:

Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri, Sigurmar Albertsson lögfræðingur, Tollstjóraskrifstofunni, Sveinn Sveinsson lögfræðingur, Gjaldeyriseftirliti Seðlabankans, og Gylfi Knudsen deildarstjóri, viðskiptaráðuneytinu.

Jafnframt vill ráðuneytið leggja áherslu á, að samstarfi við verðlagsyfirvöld annarra Norðurlanda verði haldið áfram, þannig að slíkt samstarf um verslunarmál verði framvegis fastur þáttur í starfi verðlagsyfirvalda hér á landi."

Við skýrslugerðina hef ég m. a. stuðst við upplýsingar frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Sambandi íslenskra samvinnufélaga og allmörgum einstökum innflytjendum. Einnig hef ég stuðst við upplýsingar erlendis frá.

Sá starfshópur, sem vann að þessari athugun, hélt marga fundi og í skýrslunni koma fram upplýsingar og hugmyndir sem hver einstakur lagði fram án þess að það sé tilgreint sérstaklega.

Þá tók ráðgjafarfyrirtækið Rekstrarstofan að sér að vinna að ákveðnum þáttum athugunarinnar og vann Þórður Vigfússon hagverkfræðingur aðallega að verkefninu fyrir hennar hönd.

Loks naut ég aðstoðar ritara verðlagsnefndar, Kristjáns Andréssonar.

Við mat á niðurstöðum skýrslunnar ber að hafa í huga, að sá tími sem ætlaður var til þess að ljúka athuguninni var mjög skammur og þess vegna gafst ekki svigrúm til að gera hana eins ítarlega og æskilegt hefði verið.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1. Niðurstöður þessarar athugunar gefa til kynna, að sú vísbending um hærra innkaupsverð til Íslands en til hinna Norðurlandanna, sem fram kom í samnorrænu verðkönnuninni á s. l. ári, eigi við rök að styðjast.
2. Þær orsakir eða áhrifaþættir, sem virðast einkum valda þessum verðmun, má flokka í umboðslaun, milliliði, óhagkvæmni, fjármagnskostnað og sérstöðu landsins.
3. Verulega virðist vanta á, að erlend umboðslaun skili sér til íslenskra gjaldeyrisbanka, og þar sem mikil fylgni er almennt á milli þeirra umboðslauna, sem skilað er í banka og þeirra sem talin eru fram til skatts, má ætla að vanskil á umboðslaunum hafi í för með sér undanskot á tekjum til skatts.
4. Með markvissum skammtíma- og langtíma aðgerðum má bæta þá óheilbrigðu viðskiptahætti sem viðgengist hafa í innflutningsversluninni og lækka með því vöruverð og draga úr gjaldeyriseyðslu.

SAMNORRÆNA VERÐKÖNNUNIN

Eins og fram kemur í erindisbréfi viðskiptaráðuneytisins er hvatinn að þessari athugun á innflutningsversluninni niðurstöður samnorrænu verðkönnunarinnar, sem gerð var á s. l. sumri. Tel ég því rétt að fara nokkrum orðum um þá verðkönnun og aðdraganda hennar.

Eftirliti með verðlagi innfluttra vara hefur verið hagað á þann veg hérlendis um margra áratuga skeið, að innflytjendur hafa sent verðlagsskrifstofunni verðútreikninga yfir innfluttar vörur, ásamt fylgigögnum, m. a. erlendum innkaupareikningum. Verðlagsskrifstofan hefur yfirfarið þessa verðútreikninga og gengið úr skugga um, að þeir væru í samræmi við fylgiskjöl og heimilaðar álagningarreglur. Ýmsir höfðu bent á, að þetta kerfi sem unnið hefur verið eftir væri hvergi nærri fullnægjandi, þar sem eftirlitið byggðist fyrst og fremst á því að kanna, hvort álagning væri innan þeirra marka, sem verðlagsnefnd hefði ákveðið hverju sinni. Hins vegar væri ekki athugað, hvort innkaup væru í samræmi við eðlilegt markaðsverð erlendis.

Til þess að fá einhverja hugmynd um innkaupsverð erlendis fór ég þess á leit, haustið 1976, við þáverandi viðskiptaráðherra, að hann heimilaði verðlagsskrifstofunni að gera tilraun til að kanna innkaup til Íslands frá Englandi. Könnun þessi leiddi í ljós, að umtalsverður munur virtist vera á innkaupum íslenskra innflytjenda og enskra starfsbræðra þeirra. Þessi könnun var mjög einföld en gaf þó ákveðnar vísbendingar.

Á árinu 1975 hóf verðlagsskrifstofan þátttöku í samstarfi norrænna verðlagsyfirvalda. Fljótlega eftir Londonarkönnunina gerði ég norrænum verðlagsyfirvöldum grein fyrir þessari tilraun okkar og fór þess á leit við þau, að gerð yrði samnorræn verðkönnun á innkaupsverði í því skyni að fá upplýst hvort við hefðum einhverja sérstöðu í þeim málum. Nokkur dráttur varð þá á því, að samstaða yrði um gerð slíkrar könnunar, en eftir að ósk kom fram í norska stórþinginu um nauðsyn verðkönnunar milli landanna var loks ákveðið á fundi verðlagsyfirvalda, sem haldinn var á Íslandi í apríl s. l., að gerð yrði reynslukönnun á þessu sviði og skyldi henni lokið fyrir haustfund í september.

Könnun þessi náði aðeins til 30—40 vörutegunda, sem fluttar voru inn til allra Norðurlandanna, og voru þær af sömu gerð og stærð. Þarna var samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar eingöngu um neysluvörur að ræða en ekki fjárfestingarvörur, hrávörur eða rekstrarvörur né skip og flugvélar. En þrátt fyrir, að hér væri um fyrstu reynslukönnun að ræða og hún næði til mjög fárra vörutegunda, gaf hún ákveðna vísbendingu um hærra innkaupsverð til Íslands en hinna Norðurlandanna.

STAÐA INNFLUTNINGSVERSLUNAR

Áður en leitað verður orsaka þess verðmunar, sem hér er til athugunar, tel ég rétt að gera nokkra grein fyrir stöðu innflutningsverslunar um þessar mundir.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var vergur hagnaður heildverslunar (án olíuverslunar, byggingarvöruverslunar og bifreiðaverslunar) að meðaltali 4,2% árið 1971—1976. Fyrir árið 1977 er vergur hagnaður áætlaður 3,7% af tekjum, en á árinu 1978 áætlar Þjóðhagsstofnunin að vergur hagnaður af tekjum verði um 2%. Þjóðhagsstofnun hefur þann fyrirvara, að hér sé um lauslegar áætlanir að ræða, en telur þær þó gefa vísbendingu um afkomubreytingar.

Verslunarráð Íslands álítur afkomu heildverslunar lakari en tölur Þjóðhagsstofnunar gefa til kynna og telur að hún sé nú rekin með halla. Í útreikningum Verslunarráðsins kemur m. a. fram að meðalálagning í heildverslun (atvgr. 616) hafi lækkað úr 18,8% 1974 í 15,5% á s. l. ári.

Hafa verður í huga, að niðurstöður Þjóðhagsstofnunar og Verslunarráðsins eru byggðar á meðaltölum og segja því lítið um afkomu einstakra greina innan heildverslunar, en hún er

afar misjöfn. Vitað er að nokkarar greinar heildverslunar eru reknar með hagnaði, en ýmsar aðrar virðast berjast í bökkum. Sem dæmi um greinar sem virðast komast vel af má nefna þær sem búa við rúm verðlagsákvæði eins og lyfjaheildverslun, véla-, varahluta- og veiðarfæraverslun fyrir sjávarútveginn, og greinar sem eru að mestu undanþegnar verðlagsákvæðum, svo sem optikvörur, úr, gull, silfur, leikföng og filmur. Flestar greinar, sem eru undir hámarksálagningu, þ. á m. matvörur, nýlenduvörur, hreinlætisvörur, snyrtivörur, hjúkrunarvörur, búsáhöld, járnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, byggingarvörur, hjólbarðar, varahlutir og fleiri, virðast hins vegar hafa átt í rekstrarerfiðleikum á s. l. ári og að sögn talsmanna verslunarinnar eru fyrirsjáanlegir enn frekari erfiðleikar í þessum greinum á árinu 1979.

Til þess að útskýra nánar þá erfiðleika, sem um er að ræða, fer hér á eftir rekstraryfirlit Birgðastöðvar Sambands ísl. samvinnufélaga fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 1978, en Birgðastöðin annast einkum innflutning á mat- og hreinlætisvörum:

Rekstraryfirlit 1/1 — 31/10 1978.

Gjöld		Tekjur	
Vextir	m.kr. 156,7	Álagning	m.kr. 261,6
Laun	m.kr. 132,0	Umboðslaun	m.kr. 124,2
Annar kostn.	m.kr. 137,5	Rekstrarhalli	m.kr. 40,4
Alls	m.kr. 426,2		m.kr. 426,2

Til þess að Birgðastöð S.Í.S. kæmi út með hallalausan rekstur á fyrstu 10 mánuðum ársins hefði meðalálagning samkvæmt ofangreindu yfirliti þurft að vera 426,2 m.kr. eða 15,9%. Meðalálagning var hins vegar 385,8 m.kr. eða 14,4%. Í 14,4% eru umboðslaun innifalin. Ef engin umboðslaun væru hefði álagningin verið um 9,8%. Athyglisvert er, að í rekstraryfirlitinu kemur fram að vextir eru stærsti kostnaðarliðurinn og eru orðnir hærri en laun.

Samband ísl. samvinnufélaga telur, að samkvæmt framangreindum tölum hefði meðalálagningin á tímabilinu þurft að vera 1,5% hærri en hún var, til þess að birgðastöðin kæmi út án rekstrarhalla. Sambandið tekur hins vegar fram, að 1,5% sé ekki nægileg hækkun, þar sem rekstrarskilyrði í dag séu mun lakari en þau voru að meðaltali á s. l. ári, fyrst og fremst vegna lægri álagningar, og þess vegna verði að koma til enn meiri hækkun.

Þær tölur, sem fram koma í þessum kafla, eru flestar bráðabirgðatölur, og því vefengjanlegar, en þær ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum um hag heildverslunar gefa þó að sögn talsmanna verslunarinnar ótvírætt til kynna að afkoma heildverslunar hefur sjaldan eða aldrei verið verri en einmitt nú.

UMFJÖLLUN ÁHRIFAÞÁTTA

Í þessum kafla verður reynt að draga fram helstu þætti, sem valdið geta háu innflutningsverði til landsins.

1. Umboðslaun.

Þegar rætt er um hugtakið umboðslaun verður að gera sér grein fyrir því, að það er notað í miklu víðtækari skilningi hérlendis en meðal annarra þjóða. Erlendis er hugtakið umboðslaun eða „commission" yfirleitt notað yfir þóknun til einkaumboðsaðila fyrir að gæta hagsmuna seljenda í viðkomandi landi, og er þóknunin hlutfallslega lág. Hérlendis hefur hugtakið hins vegar ekki aðeins verið notað yfir einkaumboðslaun heldur einnig í þeim

tilvikum, sem erlenda innkaupsverðið er beinlínis hækkað upp að ósk innflytjenda og upphækkunin meðhöndluð á sama hátt og „commission". Hér í þessari skýrslu verður orðið umboðslaun einnig látið ná yfir upphækanir erlendis, enda þótt það sé mistúlkun á hugtakinu.

Eftirfarandi töflur, sem byggðar eru á rauntölum og áætlunartölum, gefa hugmynd um umboðslaun og umboðslaunaskil á s. l. 4 árum:

Tafla I.
Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr.

Ár	Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr.	Áætluð mynduð umboðslaun í milljörðum kr.	Áætluð mynduð umboðslaun sem hlutfall af heildarinnflutningi í %	Umboðslaunaskil í milljörð um kr.	Umboðslaunaskil af heildarinnflutningi (fob) í %	Raunveruleg umboðslaunaskil sem hlutfall af áætluðum myndaðum umboðslaunum í %	Óskiluð umboðslaun í milljörðum kr.
1975	68.0			2.1	3.0%		
1976	78.0			2.5	3.2%		
1977	111.0	5.0	4.5%	3.2	2.9%	64%	1.8
1978	171.0	7.5	4.4%	5.2	3.0%	69%	2.3

Tafla II.
Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr. (þó ekki reiknað með eldsneyti, áli, bifreiðum og skipum*)

Ár	Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr.	Áætluð mynduð umboðslaun í milljörðum kr.	Áætluð mynduð umboðslaun sem hlutfall af heildarinnflutningi í %	Umboðslaunaskil í milljörð um kr.	Umboðslaunaskil af heildarinnflutningi (fob) í %	Raunveruleg umboðslaunaskil sem hlutfall af áætluðum myndaðum umboðslaunum í %	Óskiluð umboðslaun í milljörðum kr.
1975	46.0			2.1	4.6%		
1976	53.0			2.5	4.7%		
1977	75.4	5.0	6.7%	3.2	4.3%	64%	1.8
1978	116.0	7.5	6.5%	5.2	4.5%	69%	2.3

* Umboðslaun af skipum nema þó oft allt að 2.5% af kaupverði skips.

Samkvæmt áætlun Rekstrarstofunnar námu mynduð erlend umboðslaun á árinu 1977 4,5–5,5 milljörðum kr. og á árinu 1978 7,0–8,0 milljörðum. Miðar Rekstrarstofan þá við, að umboðslaun nemi um 4–5% af heildarinnflutningi fob til landsins eins og fram kemur í töflu III. Gjaldeyrisskil umboðslauna samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans námu á árinu 1977 3,2 milljörðum kr. og 1978 5,2 milljörðum kr. samkvæmt áætlun miðað við stöðu í lok nóvember.

Í töflu I er reiknað með að umboðslaun nemi 4,5% af heildarinnflutningi og þannig fundin út áætluð mynduð umboðslaun. Í töflu II, þar sem frá heildarinnflutningi fob eru dregnir stórir þættir sem vitað er um að gefa af sér lítil eða engin umboðslaun, er prósentuhlutfall innflutnings og áætlaðra umboðslauna orðið 6,5–6,7%.

Við samanburð á umboðslaunaskilum 6 stórra innflytjenda og heildargjaldeyriskaupum þeirra var hlutfall skilanna 6,17%–15,77% af heildargjaldeyriskaupunum. Þar ber þess þó að gæta að heildargjaldeyriskaup á ársgrundvelli eru yfirleitt lægri en heildarinnflutningsverðmæti, m. a. vegna gjaldfrestsþátta, en á móti vega útistandandi umboðslaun.

Svo sem töflurnar sýna nema áætluð óskiluð umboðslaun 1,8 milljarði króna á árinu 1977 og 2,3 milljörðum króna á árinu 1978. Er það 31–36% af áætluðum mynduðum umboðslaunum. Þrátt fyrir þann fyrirvara, að ofangreindar tölur séu mjög gróflega áætlaðar og að hluti þeirra geti skilað sér til landsins síðar, eru þær af þeirri stærð að vert er að gera sér nánari grein fyrir þeim. Verður frekar vikið að því síðar.

Þetta séríslenska fyrirbrigði að innflytjendur láta hækka innkaupsverð erlendis og með hækkunina er síðan farið eins og umboðslaun er veigamikil skýring á hærra innkaupsverði til Íslands en annarra Norðurlanda og er því nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvenær og hvers vegna þessi viðskiptamáti er til kominn.

Samkvæmt yfirliti Seðlabankans um gjaldeyrisskil á erlendum umboðslaunum frá árinu 1960 hafa umboðslaun hækkað hlutfallslega ár frá ári miðað við heildarinnflutning til landsins á sama tíma. Síðustu fjögur árin virðist hlutfallið þó hafa haldist nær óbreytt.

Á þessari þróun er vafalaust fleiri en ein skýring, en ég mun hér rekja lauslega skýringu sem ég tel vera mikilvæga.

Fram til ársins 1960 var allur innflutningur til landsins takmarkaður með leyfum. Á þeim tíma var veruleg umframeftirspurn eftir innfluttum vörum og má því ætla, að dreifingarkostnaður innflutningsverslunarinnar og þar með álagningarþörf hennar hafi verið í lágmarki.

Upp úr 1960 eru teknir upp breyttir og frjálsari verslunarhættir í innflutningi sem haldist hafa til þessa dags. Þessum breytingum fylgdi aukið vöruframboð og vöruúrval, en eftir að mestu eftirspurninni hér innanlands hafði verið fullnægt hlaut að koma að því, að kostnaður við vörudreifingu mundi aukast m. a. vegna birgðahalds og fjármagnskostnaðar. Verslunin hefur bent á, að á sama tíma hafi orðið sáralítil sem engin breyting á álagningarreglum hér heima og henni því hvorki gert kleift að mæta auknum tilkostnaði á eðlilegan hátt né veitt svigrúm eða hvati til að gera hagkvæm innkaup eins og breyttar aðstæður gátu gefið tilefni til. Hún bendir jafnframt á að álagningarákvæði séu nú hvað lægst frá því, að þau voru fyrst tekin upp.

Viðbrögð innflytjenda við þessum breyttu aðstæðum virðast því hafa orðið þau að leita eftir hækkun á innkaupsverði erlendis og bæta sér þannig upp það, sem þeir töldu sig vanta á álagninguna hér heima.

Fullyrða má, að þessir viðskiptahættir hafi tíðkast almennt a. m. k. síðustu tíu árin. Mér er kunnugt um, að stór innflutningsverslun, sem dró í lengstu lög að fara út á þá braut að bæta rekstrarafkomu sína með því að hækka upp innkaupsverð erlendis, taldi sér ekki annað fært en að grípa til þess úrræðis á árinu 1967, eftir að hafa verið rekin með halla um tveggja til þriggja ára skeið.

Innflytjendur halda því fram, að þessi viðbrögð þeirra hafi verið óhjákvæmileg og

staðfesti, að þegar stjórnvaldsaðgerðir, á hvaða sviði sem er, ganga of langt leiði það til þess að reynt er að fara framhjá kerfinu á einn eða annan hátt.

Loks taka innflytjendur fram, að stjórnvöldum hefði átt að vera kunnugt um að þessi viðskiptamáti hafi tíðkast um nokkurt árabil og því til stuðnings hafa þeir gjarnan minnst á viðskipti sín við opinbera innkaupastofnun. Þeir nefna sem dæmi að opinbera stofnunin hafi falið innflutningsfyrirtæki í Reykjavík að útvega ákveðna vöru, sem það gerði. Er innflytjandinn framvísaði reikningi fyrir vöruna hafði hann sett á reikninginn heimilaða heildsöluálagningu. Stofnunin neitaði hins vegar að greiða álagninguna og vísaði til þess að innflytjandinn hefði sín umboðslaun erlendis. Innflutningsfyrirtækið, sem í þessu tilviki hafði aðeins tekið óveruleg umboðslaun, vildi ekki standa í illdeilum við hið opinbera og sættist á að fella álagninguna burt. Nokkru síðar gerði stofnunin á nýjan leik pöntun frá sama aðila á sömu vöru. Innflytjandinn, sem þóttist nú þekkja á kerfið og vera viss um, að ekki þýddi að framvísa reikningi, sem sýndi álagningu, fór þess vegna fram á það við erlenda framleiðandann, að innkaupsverð vörunnar yrði hækkað um 25% og það fært sér til tekna. Þetta var gert og er innflytjandinn framvísaði reikningnum, sem sýndi enga álagningu, var hann greiddur athugasemdalaust. Innflytjendur telja að svona dæmi sýni, að opinberar stofnanir álíti eðlilegt að þeir taki þóknun erlendis, enda þótt hún kunni að vera hærri en heimiluð álagning hér heima og hafi auk þess margföldunaráhrif á vöruverð í för með sér.

Jafnvel þótt tekið sé tillit til þessara skýringa innflytjenda verður ekki gengið framhjá því, að upphækkun vöruverðs erlendis þekkist einnig á þeim vörum sem í reynd eru með frjálsri álagningu eða búa við mjög rúm verðlagsákvæði. Verður því að ætla að fleira en þröng verðlagsákvæði stuðli að upphækkun erlendis. En hvaða ástæður geta legið þar að baki?

Fyrst er til að nefna ásókn manna í erlendan gjaldeyri til ávöxtunar í erlendum bönkum og til einkaneyslu erlendis.

Í öðru lagi hefur reynslan sýnt, að það fé, sem er til ávöxtunar í erlendum bönkum án samþykkis gjaldeyrisyfirvalda, er almennt ekki talið fram til skatts og enn fremur eru þess dæmi, að umboðslaun erlendis frá eru ekki talin fram á réttum tíma eða alls ekki talin fram.

Ásókn í erlendan gjaldeyri og undanskot á eignum og tekjum undan skatti geta þannig, án tillits til verðlagsákvæða, verið hvati að upphækkun erlendra vörureikninga.

2. Milliliðir.

Íslenskir innflytjendur flytja í verulegum mæli inn vörur í gegnum milliliði sem staðsettir eru annaðhvort í upprunalandi eða í þriðja landi. Þetta virðast þeir gera bæði tilneyddir og ótilneyddir.

Rekstrarstofan álítur þær aðstæður, sem orsakað geta tilneydd milliliðakaup vera:

„a. Ísland er hluti af erlendu sölusvæði.

b. Framleiðandi er með eigin sölukerfi og milliliði í upprunalandi eða erlendis og ákveður við hvaða aðila á að versla."

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands var síðan ítrekuð á sambandsþingum, bæði árið 1960 og 1962. Í stefnuyfirlýsingunni á þinginu 1960 var fjallað um það, að Alþýðusamband Íslands verði heildarsamtök verkalýðs og samanstandi af landssamböndum starfsgreinafélaga. Þá var sagt, að það skuli, eftir því sem framkvæmanlegt er og hagkvæmt þykir, við það miðað að aðeins eitt samband eigi aðild að hverjum vinnustað. Þá er um það fjallað að í kaupstöðum skuli mynda félag í hverri starfsgrein, ef aðstæður leyfi, og eigi félagið aðild að landssambandi viðkomandi starfsgreina.

Loks var gefin út að tilhlutan Alþýðusambands Íslands á árinu 1960 ítarleg greinargerð og tillögur um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, þar sem þessum hugmyndum var lýst í smáatriðum. Þá skýrslu tók saman milliþinganefnd í laga- og skipulagsmálum Alþýðusambands Íslands, og hún skilaði áliti 4. mars 1960. Þessa nefnd skipuðu Eðvarð Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson. Þessi greinargerð er mjög ítarleg, og þar er útfærð í smáatriðum sú hugmynd, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining að því er varðar samninga um kaup og kjör. Þar segir m. a.:

„Með fjölbreyttari atvinnuháttum, stöðugt vaxandi verkaskiptingu og mikilli fjölgun þeirra, er skipa sér undir merki ASÍ, hefur þetta viðhorf gerbreyst. Það skipulagsform, sem í öndverðu gaf verkalýðssamtökunum styrk, er nú að ýmsu leyti orðið veikleiki þeirra og hindrar, að sá styrkur, sem samtökin geta ráðið yfir nýtist. Þetta á við um hreyfinguna í heild, en ekki einstök staðbundin félög."

Síðan segir:

„Með stefnuyfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var á 26. þinginu, er því slegið föstu, að horfið skuli frá því skipulagi, sem lýst hefur verið hér að framan, og skipulagsnefnd og miðstjórn falið að vinna að því, að upp verði tekið það skipulag sem grundvallast á vinnustaðnum, þ. e. að allir launþegar á einum og sama vinnustað skuli vera í sama félagi án tillits til starfa eða sérgreina. Hér skiptir því ekki máli, hvort um er að ræða mann, sem vinnur störf, sem í daglegu tali eru nefnd verkamannavinna, eða mann, sem vinnur iðnaðarstörf. Ef þeir vinna báðir á sama vinnustað, skulu þeir samkvæmt þessu vera í sama félagi.

Til þess að skýra þetta nánar skal tekið dæmi:

Hlutafélagið Uggi starfrækir fiskvinnslu í húsum sínum við Sjávarsíðu 303.

Á þessum sama vinnustað starfa menn og konur úr eftirtöldum félögum:

Verkamannafélagið Dagsbrún: verkamenn, vélgæslumenn og bifreiðastjórar.

Verkakvennafélagið Framsókn: verkakonur og starfsstúlkur í eldhúsi og mötuneyti

Félag járniðnaðarmanna: járnsmiðir.

Félag ísl. rafvirkja: rafvirki.

Þessi fjögur félög hafa hvert um sig samning við fyrirtækið um kaup og kjör sinna meðlima og geta hvert um sig sagt upp samningum án samráðs við hin.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingunni ætti þetta fólk að vera í sama félagi og félagið að gera einn samning við fyrirtækið. Gengið er út frá því, að sú skylda hvíli á félaginu sem gerir hinn sameiginlega samning, að það tryggi félagsmönnum hvers þessara félaga eigi lakari kjör en þeir höfðu fyrir sameininguna og að jafnan séu eigi lakari kjör á vinnustaðnum en gildandi eru í viðkomandi sérgrein á hverjum tíma."

Síðan segir (og skal þá tekið fram, að þar hefur þessi milliþinganefnd Alþýðusambands Íslands nokkuð aðrar hugmyndir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu hér að framan):

„Þegar talað er um hér að framan að gera einn samning við fyrirtæki, er ekki átt við að nauðsynlegt sé að mynda sérstakt félag fyrir vinnustaðinn." (Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er það einmitt lagt til). „Nú getur hagað svo til, að fleiri fyrirtæki séu í sama bæ eða sýslu og hafi sams konar starfrækslu og hf. Uggi. Starfsfólk allra þessara fyrirtækja vinnur sams konar störf, er í sömu starfsgrein og á því allt að vera í sama starfsgreinafélagi, sem gerir heildarsamning við öll fyrirtækin.

Til að skýra þetta nánar skal tekið hér annað dæmi:

Setjum svo, að í Reykjavík séu starfrækt fimm skipafélög, sem gera út 25 kaupskip. Á hverju kaupskipi starfa menn úr Sjómannafélagi Reykjavíkur og 6 kjördæmafélögum. Hvert kaupskip er sérstakur vinnustaður og allir, sem þar starfa, ættu að vera í sama félagi. Menn úr öllum félögum vinna í sömu starfsgrein, þ. e. við siglingar. Hér yrði því um eitt starfsgreinafélag að ræða, sem gerði samning við öll skipafélögin samtímis og fyrir alla sem þar starfa."

Sú greinargerð um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem hér hefur verið vísað til, er miklum mun ítarlegri en svo, að hér gefist ráðrúm til að rekja hana alla. En í niðurlagsorðum segir m. a.:

„Öllum hugsandi mönnum í verkalýðssamtökunum er ljós nauðsyn þess, að samtökin hagi skipulagi sínu og starfsháttum á hverjum tíma þannig, að afl það, sem þau geta ráðið yfir, nýtist sem best því fólki, sem samtökin skipa til hagsbóta. Ætli verkalýðssamtökin að vera hlutgeng í því þjóðfélagi, sem þannig er mótað, verða þau að aðhæfa sig þeirri þróun, skera af sér vankanta, sem þegar eru í ljós komnir, og byggja skipulag sitt og starfshætti þann veg, að samtökin geti mætt hverjum nýjum viðhorfum með öllum styrk. Hér er ekki nægjanlegt, að samtökin geti aðlagað sig breyttum aðstæðum. Þau þurfa að vera á undan þróuninni, gera sér á hverjum tíma grein fyrir, hvert hún stefnir, og haga viðbrögðum sínum samkvæmt því. Aðeins með þeim hætti geta verkalýðssamtökin tryggt meðlimum sínum rétta hlutdeild í þeim vaxandi framleiðsluverðmætum, sem tækniþróunin á að hafa í för með sér .... Enda þótt slík öfl (þ. e. öfl fjandsamleg verkalýðshreyfingunni) hafi eigi áhrif á innra skipulag samtakanna, má eigi gleyma því, að á löggjafar- og framkvæmdavald geta þau haft áhrif. Og vissulega mætti með löggjafaratriðum sníða skipulagi verkalýðssamtakanna þann stakk, sem þau síst kysu sér. Það er þýðingarlaust og beinlínis stórskaðlegt að loka augunum fyrir því, að á seinni árum geta gerst ýmsir atburðir, sem eru bein afleiðing af núverandi starfsháttum innan samtakanna, sem framkalla háværar kröfur um að vald samtakanna yrði skert. Sumar þessara aðgerða, sem hafa framkallað slíkar kröfur, hafa átt fullan rétt á sér og verið nauðsynlegar. Hinu er hins vegar ekki unnt að neita, að aðrar aðgerðir hafa orkað mjög tvímælis og í nokkrum tilfellum alls ekki samrýmst hagsmunum hreyfingarinnar í heild. Hér sannast sem oftar, að einsdæmin eru verst. Það orkar ekki tvímælis, að það er á valdi samtakanna að ráða bót á slíkum misfellum og hindra þannig, að löggjafinn sjái sig tilneyddan til að hlutast til um þessi mál .... Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir „hagsmunum" einstakra starfshópa. Með þessi sannindi í huga eiga samtökin sjálf að ráða skipulagsmálum sínum og starfsháttum."

Það eru liðin rétt 20 ár síðan þessi greinargerð var tekin saman, og þessi stefna var jafnframt yfirlýst stefna launþegasamtakanna. Síðan hefur samt sem áður engin skipulagsbreyting verið gerð á skipulagi samtakanna.

Orðið „starfsgreinafélag" er notað í þessum lagatexta. Það orð var notað á þingum Alþýðusambands Íslands á sínum tíma svo og í þeim greinargerðum, sem hér hefur verið vísað til, en að vísu í nokkuð öðrum skilningi en lagt er til í þessu frumvarpi til laga. Segja má þó, að það orð kunni að vera nokkuð misvísandi, og skal hér nokkur grein gerð fyrir notkun þess. Talið var æskilegt að halda þessu orði í lagatextanum, m. a. til að undirstrika skyldleika þessa frumvarps við hugmyndir sem áður hafa komið fram hjá Alþýðusambandi Íslands.

Með „starfsgreinafélagi" er átt við, að **allir þeir, sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda,** séu saman í starfsgreinafélagi. Starfsgrein er þá skilgreind sem vinna að tiltekinni framleiðslu, óháð því hvaða sérstaka starfi tiltekinn einstaklingur gegnir. Þannig væru allir þeir, sem vinna við flug, að selja vinnu sína einum og sama vinnukaupanda, í sama starfsgreinafélagi, hvort sem þeir

fljúga flugvélum, færa bókhald, vinna við þvotta eða rafvirkjun. Þeir, sem vinna í verksmiðju, hjá skipafélagi eða í stærri verslun, væru þá saman í „starfsgreinafélagi".

Eftir er þá vandi þeirra, sem vinna á minni vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að þeir séu sem áður í stéttarfélagi, þ. e. fagfélagi, nema samkomulag allra starfsmanna sé um annað.

Þeirri röksemd hefur verið hreyft, að fagmenn, sem vinna sérhæfð störf, en lenda í augljósum minni hluta innan starfsgreinafélags, muni aldrei sætta sig við slíka skipan, enda gangi það gegn hagsmunum þeirra, þeirra réttur verði sem sagt ævinlega fyrir borð borinn í samningum. Þetta eru vissulega veigamikil rök, sem vega þungt. En stéttarfélög munu starfa áfram, sínu fólki til halds og trausts væntanlega. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og halda kröfum sinnar sérgreinar á lofti. Einnig er á hitt að líta, að í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun einungis. Það er ekkert sem bannar fyrirtækjum að borga hærri laun, ef þau svo kjósa og svo meta störf. Í þriðja lagi, ef hagsmunir tiltekins hóps eru gersamlega fyrir borð bornir í kjarasamningum og þar fæst engin leiðrétting, þá má gera ráð fyrir því, að menn fáist síður eða ekki til starfa.

Veigamikil spurning, sem vaknar þegar hugleitt er, hvort Alþingi eigi að skerast í leikinn og gerbreyta vinnulöggjöfinni, er sú, hvort þetta sé yfirleitt í verkahring löggjafarvaldsins. Því er til að svara, að löggjafarvaldið setti þau lög, sem nú eru í gildi, og þeim hefur einnig lítils háttar verið breytt síðan. T. d. var ákvæðum núgildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lutu að sáttasemjara ríkisins, breytt fyrir nokkrum árum. Það er því hefð fyrir því á Íslandi, að þetta sé löggjafarmál. Undir hitt ber að taka, að auðvitað er það æskilegast sem almenn regla að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru kallaðir, komi sér saman um bardagavöll án nokkurra afskipta löggjafans. En litið skal til þess, að þrátt fyrir ótvíræða stefnuyfirlýsingu alþýðusamtakanna og mikla vinnu, sem í hana hefur verið lögð fyrir tveimur áratugum, hefur ekkert gerst í þessum efnum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé ekki beinlínis skylda löggjafans að grípa inn í, að vera eins konar hvati þess, að þessar breytingar eigi sér stað. Og þegar spurt er hvers vegna, þá er þeirri spurningu raunar að fullu svarað í greinargerð og tillögum um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem áðurnefnd milliþinganefnd tók saman á árinu 1960. Áhersla skal lögð á það, sem þar kemur fram um nauðsyn þess, að launþegasamtök lagi sig að breyttum þjóðfélagsháttum, breytingum í atvinnulífi og tækniframförum, sem vissulega hafa átt sér stað og eiga sér stað. Sögulega og að nafninu til háttar svo, að bæði vinnukaupendur (sem oftar eru nefndir vinnuveitendur) og vinnuseljendur (verkalýðshreyfing) hafa lagt áherslu á, að þeir vilji frjálsræði, sem þýðir afskiptaleysi ríkisvalds. Þá er átt við að ríkisvaldið virði frjálsan samningsrétt, að það hafi ekki með löggjöf eða með öðrum hætti afskipti af því, hvernig kaup og sala á vinnu ganga fyrir sig. Segja má, að í orði kveðnu hafi bæði vinnukaupendur og vinnuseljendur aðhyllst að þessu leytinu frumskógalögmál kapitalismans, en í reynd er þessu raunar allt öðruvísi háttað. Í vaxandi mæli hafa komið til afskipti ríkisvalds með einum eða öðrum hætti, bæði með íhlutun um samninga og núna í seinni tíð með beinni þátttöku í samningamálum. Þegar samið er um fiskverð, eru gerðir „baksamningar" um gengisbreytingar. Vaxandi umræður um félagsmálapakka eru auðvitað ávísun á það, að heildarsamtök launafólks hafa stillt ríkisvaldinu upp við vegg við hliðina á vinnukaupendum og gera kröfur á hendur þeim báðum samtímis, þannig að ætla má, að ef ríkisvaldið veitir stærri félagsmálapakka, t. d. í formi skatta og dagvistarmála, þá komist vinnukaupendur af með að borga lægri laun. Með þessum hætti er auðvitað ríkisvald, nauðugt eða viljugt, orðið þriðji aðili kjarasamninga. Og bæði verða þessar millifærslur auðvitað ærið ruglingslegar og eins getur verið í raun ógerlegt að meta þær til tekna, þó svo það sé gjarnan gert. **Í þessu frumvarpi til laga er lagt til, að horfið verði frá þessu ríkisafskiptakerfi um kaup og kjör og horfið til baka til þeirrar grundvallarhugmyndar, raunar bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, að þeir semji beint um kaup og kjör og án milligöngu ríkisvaldsins.**

Á það skal lögð áhersla, að í þessu frumvarpi til laga er raunar gert ráð fyrir því að ganga heldur lengra í þá átt, að vinnustaðirnir séu gerðir að grunneiningu, heldur en gert var ráð fyrir í tillögum Alþýðusambands Íslands fyrir um það bil 20 árum. Þegar frá hafa verið taldir opinberir starfsmenn, sem talið er eðlilegt, að myndi heildarsamtök þar sem þeir vinna hjá einum og sama vinnuseljandanum, samvinnustarfsmenn, sem vinna við sérstakt rekstrarform, bankastarfsmenn, svo og þeir fiskimenn, sem veiða upp á hlut og fá laun sín þess vegna sem hluta af umsömdu fiskverði, þá er gert ráð fyrir því, að sérhverjir starfsmenn, sem vinna á vinnustað, þar sem einn og sami vinnukaupandi kaupir vinnu, gangi saman í félag. Með þessu er gert ráð fyrir því, að laun geti verið misjöfn, jafnvel hjá fyrirtækjum, sem stunda nákvæmlega sömu framleiðslu. Slíkt getur auðvitað verið komið undir afköstum, hagræðingu og tæknibúnað, svo að nokkuð sé nefnt. Flytjendur þessa frumvarps telja eðlilegt, að hlutdeild starfsfólks sé aukin með þessum hætti og þannig beinlínis tengd afkomu fyrirtækisins. Ef fyrirtækið eykur framleiðslu sína vegna tækniframfara og tækninýjunga, þá er auðvitað eðlilegt, að starfsfólk við þetta fyrirtæki geri auknar kaupkröfur. Það er einnig eðlilegt, að starfsfólk taki þátt í rekstri með þeim hætti t. d., að það hægi á kaupkröfum sínum til þess að gera fyrirtæki kleift að fjárfesta í nýrri og betri vélum, sem þannig skili sér í auknum kaupmætti þegar fram líða stundir. Það kerfi, að sérhvert fyrirtæki sé með þessum hætti samningseining út af fyrir sig, býður upp á miklum mun meiri sveigjanleika heldur en núverandi kerfi heildarsamninga gerir. Hins vegar geta starfsgreinafélög myndað sambönd sín á milli, sem þá gera samninga fyrir alla félagsmenn.

Á tvennt skal þó lögð áhersla. Í þessu lagafrumvarpi er leitast við að hafa eins lítil afskipti af félagsuppbyggingu launþegafélaga og frekast er talinn kostur. Hér er að vísu lagt til, að lögfest verði, að vinnustaðurinn verði grunneining með þeim undantekningum, sem nefndar eru, en að öðru leyti verður það að vera launþegahreyfingarinnar sjálfrar að ákvarða, hvernig félagskerfið er upp byggt. Það félagskerfi, svo og þau félagasamtök, sem fyrir eru, geta auðvitað að öllu leyti starfað áfram eftir því sem félagsmönnum þykir þurfa. Ekki er að sinni tekin afstaða til þess, með hverjum hætti skuli farið með margháttuð hagsmunamál, svo sem lífeyris- og orlofsmál. Hins vegar hlýtur það að vera bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að fagmenn, t. d. í prentiðnaði eða verslun, séu eftir sem áður í stéttarfélögum til að sinna margvíslegum félagsmálum og öðrum þeim málum, sem félagsmenn telja skipta máli. Eins verður það fólk, sem vinnur á vinnustað þar sem færri en 25 vinna, eftir sem áður að skipa sér í stéttarfélög, sem taka þá til margra vinnustaða, eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir gagngert til þess að gæta hagsmuna sinna. Á þessu stigi er talið eðlilegt, að heildarsamtök launafólks hafi forustu um að endurskipuleggja samtök sín, en hagsmuna þessa fólks sé gætt með bestu móti.

Það hefur gerst síðan Alþýðusambandsþing ályktaði í þessa veru á árunum 1956—1962, að beinir samningar fyrirtækis og starfsfólks hafa verið reyndir á nokkrum stöðum og þá fyrst og fremst í svokölluðum stóriðjufyrirtækjum, í verksmiðjunum á Grundartanga og í Straumsvík. Þar hefur þetta fyrirkomulag reynst með ágætum, og á það má leggja áherslu, að þar eru borguð hærri laun en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Og svo virðist sem bæði þeir vinnuseljendur og vinnukaupendur, sem þarna eiga hlut að máli, séu ánægðir með þetta fyrirkomulag og vilji ekki frá því breyta.

Þessar hugmyndir hafa hins vegar oft verið ítarlega ræddar. Nefna má umræðu, sem skráð er í 1. hefti tímaritsins Réttar í árgangi 1976. Í umræðu um verkalýðsmál tjá nokkrir forustumenn í launþegahreyfingunni sig um hugmyndir af þessu tagi.

Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði m. a.:

„Þegar ASÍ-þing markaði stefnuna í skipulagsmálum, þá var hugmyndin sú að stefna að því, að vinnustaðurinn yrði grundvöllur fyrir verkalýðsfélögin. Þetta var samþykkt. Hins vegar hefur það gengið afskaplega lítið að framfylgja raunverulega þessari stefnu. Það er

óhætt að játa það hreinskilnislega, að það hefur alveg mistekist enn sem komið er. Þessa stefnumörkun í skipulagsmálum ASÍ, sem ákveðin var, hafa menn enn ekki treyst sér til þess að framkvæma í einu vettfangi, en myndun landssambandanna átti að vera spor í þessa átt." Og Björn bætti við: „Það hefur verið sagt, að verkalýðshreyfingin væri eitt íhaldssamasta aflið í þjóðfélaginu, og verður að játa, að hún er ákaflega íhaldsöm á formið."

Sigurður Magnússon rafvirki sagði í sömu umræðu:

„Ég hef verið þeirrar skoðunar, að stefna þurfi markvisst að því að gera vinnustaði sem mest að einni félagseiningu. Breyta þarf skipulagi verkalýðssamtakanna úr því að vera einhver sérgreinafélög iðnaðar- eða verkamanna í félag starfsfólksins á tilteknum vinnustöðum. Þannig held ég að möguleiki sé á að mynda þann samhug og þá bræðralagskennd, sem þarf til að hindra að það gerist, sem hefur verið að gerast hjá okkur varðandi hina miklu tekjuskiptingu."

Það skal ítrekað og á það skal lögð áhersla, að þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur tekur aðeins til þeirra hugmynda, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining. Að öðru leyti er það alfarið á hendi launþegasamtakanna sjálfra með hverjum hætti þau kjósa að haga sínum skipulagsmálum, komist þessi breyting á. Það er hins vegar hugmynd flutningsmanna, að bæði heildarsamtökin svo og einstök stéttarfélög, sem nú starfa, hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna eftir sem áður í þá veru að fylgjast með samningum og gæta hags sinna manna í hvívetna.

Deila má um, hvort viðmiðunartalan 25, eins og hún er fram sett í frumvarpinu, sé hin æskilega tala. Slíkt þarf vitaskuld að athuga mjög nákvæmlega.

Í þessari greinargerð hefur nær einvörðungu verið fjallað um skipulag launþegasamtakanna, en því sem næst ekkert um skipulag Vinnuveitendasambands Íslands. Af sjálfu leiðir, að breyta þarf skipulagi Vinnuveitendasambands Íslands til samræmis við þá breytingu sem hér er lögð til, en ástæðulaust þykir að gera það með löggjöf.

Frumkvæði löggjafans í þessum efnum kann að þykja óæskilegt og getur jafnvel valdið tortryggni, þótt það sé mat flutningsmanna, að slík tortryggni ætti með öllu að vera ástæðulaus. En nú ber þess líka að gæta, að sú hætta er fyrir hendi án þess að um hana skuli nokkuð fullyrt, að foringjar í launþegafélögum kunni að vera íhaldssamari í þessum efnum en gengur og gerist. Kann sú íhaldssemi að vera sömu náttúru og íhaldssemi alþingismanna í kjördæma- og kosningarréttarmálum. Í báðum tilvikum er fólk, sem jafnan hefur haft atvinnu af því árum saman að stunda löggjafarstörf og/eða standa í samningum og getur talið, að með þessu sé verið að ráðast að stöðu sinni. Sú hætta kann sem sé að vera fyrir hendi, að forustufólk við núverandi skipan sé tregara til breytinga en gengur og gerist meðal almennra félagsmanna. Einnig af þeirri ástæðu getur verið réttlætanlegt, að löggjafinn hafi hér nokkra forustu. Þessi sjónarmið reifaði einmitt Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, í þeim umræðum um verkalýðsmál, sem þegar hefur verið vísað til og birtust í tímaritinu Rétti árið 1976. Hann sagði: „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu. En það er fyrst og fremst þeir, sem eru harðast launaðir, sem eru harðastir á móti því. Þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita, að þeir ófaglærðu eru fleiri."

Vitaskuld er með þessu frumvarpi til laga lögð fram mjög róttæk grundvallarbreyting á fyrirkomulagi samninga um kaup og kjör. Flutningsmenn telja þó, eftir að hafa gefið sér þá forsendu að þessi breyting sé nauðsynleg, að í þessu frumvarpi sé eins hægt farið í sakirnar og frekast er kostur og að öðru leyti sé aðilum vinnumarkaðarins látið eftir, hvernig þessum skipulagsmálum verður háttað.

Það er einnig mat flutningsmanna að það sé staðreynd, að í samningum á undanförnum árum hafi þeir, sem lægst hafa launin, ekki fengið þá uppbót, sem þeim beri. En með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að leggja til, er stefnt að auknum launajöfnuði. Þá verða

hagsmunir þeirra, sem hingað til hafa haft lægstu launin, tengdir og samtvinnaðir hagsmunum annarra þeirra, sem við sömu framleiðslustörf vinna, en hafa hingað til haft hærri laun vegna starfsreynslu, menntunar eða af öðrum ástæðum. Það er því skoðun flutningsmanna, að þetta nýja fyrirkomulag muni í reynd fela í sér raunverulegri **jafnlaunastefnu** en unnt hefur verið að koma á með því kerfi heildarsamninga, sem ríkt hefur. Ummæli manna, sem mikla reynslu hafa í samningamálum, styðja mjög þessa skoðun.

Þá má benda á, að það er vaxandi tilhneiging launþegahreyfinga víðs vegar um landið að brjótast undan kerfi heildarsamninga og semja sérstaklega. Þessara tilhneiginga hefur mjög gætt að undanförnu, og virðist benda til þess, að það sé vaxandi óánægja einstakra launþegafélaga með ríkjandi fyrirkomulag.

Það er einnig röksemd, sem styður þá breytingu sem hér er verið að leggja til, að í svokölluðum heildarsamningum, eins og þeir hafa verið byggðir upp, eru sáralítil tengsl á milli annars vegar afkomu fyrirtækis og framleiðslugreinar og hins vegar samninga um kaup og kjör. Það er gersamlega útilokað, að fáeinir samningamenn, sem fyrir þessu samfloti standa, geti haft tilfinningu fyrir afkomu einstakra fyrirtækja eða framleiðslugreina. Leiða má rök að því, að stundum leiði þetta til þess, að samningar verði óraunhæfir, þannig að ekki séu til verðmæti fyrir þeim samningum, sem gerðir eru, og ríkisvaldið skakki síðan leikinn með tilfærslum, eins og t. d. gengisfellingum. En það má einnig leiða rök að því, að þessi skortur á tilfinningu verði til þess í öðrum tilvikum, að launþegar njóti ekki ávaxta af aukinni framleiðslu fyrirtækis eða framleiðslugreinar. Það, sem hér er verið að leggja til, á einfaldlega að stuðla að því, að launþegar fái laun í réttu hlutfalli við verðmæti þeirrar framleiðslu á vöru eða þjónustu, sem þeir vinna við.

Þá má benda á, að þetta nýja fyrirkomulag gerir í raun ráð fyrir vaxandi þátttöku vinnuseljenda í rekstri fyrirtækja. Að þessu sinni er ekki verið að leggja til löggjöf um atvinnulýðræði, þ. e. að tiltekinn hluti starfsfólks skuli hafa rétt til setu í stjórnum, en slíkt gæti vel verið löggjafaratriði síðar. En gera má ráð fyrir, að þegar um beina samninga er að ræða milli fyrirtækis og starfsfólks, þá sjái fyrirtækið sér hag í því, að fulltrúar starfsfólks sitji í stjórnum, fylgist sem best með rekstri og afkomu fyrirtækis til þess að auðvelda og liðka fyrir skynsamlegum kjarasamningum, án þess að gengið sé á hag fyrirtækis. Flutningsmenn telja raunar að mjög aukin þátttaka starfsfólks í rekstri sé af hinu góða og æskileg framtíðarþróun.

Loks má benda á, að í því fyrirkomulagi heildarsamninga, sem hefur ríkt hér á landi um langa hríð, hefur farið mjög í vöxt, að ríkisvaldið sé beinn eða óbeinn þátttakandi í kjarasamningum, samningum um fiskverð eða öðrum hliðstæðum samningum. Þetta gengur reyndar gegn sögulegri stefnu launþegahreyfingarinnar og annarra samningsaðila einnig, en samt hefur þetta verið þróunin án sýnilegra mótmæla. Hins vegar má mjög draga í efa að slík samskipti séu æskileg, einfaldlega vegna þess að á endanum eru það ævinlega skattborgarar, sem við skulum segja að séu allir borgarar þessa lands, sem borga fyrir þessa samninga með einum eða öðrum hætti, annaðhvort í formi rýrnandi gjaldmiðils, í formi hærri skatta eða með öðrum hætti.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að fjalla um, er vissulega verið að leggja til að samningar verði í raun frjálsir á milli vinnuseljenda og vinnukaupenda og fari fram alfarið án afskipta ríkisvaldsins. Það er kannske fyrst og síðast sú meginstefnubreyting, sem í þessari grundvallarhugmynd felst. Það er svo önnur saga, vissulega skylt mál, en á hins vegar að skoðast með öðrum hætti, með hverjum hætti ríkisvaldið leitast við að auka velferð þegna sinna á hverjum tíma. Um það hefur stjórnmálaflokka greint á og á sennilega eftir að greina á um langa hríð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Með greininni er lagt til að lög um stéttarfélög og vinnudeilur séu óbreytt að öllu öðru leyti en því, að nú geti 2/3 hlutar launþega á vinnustað ákveðið að stofna félag sem að öllu leyti hafi þá starfsemi með höndum sem eitt eða fleiri stéttarfélög höfðu áður. Jafnframt er svo mælt fyrir að ákveði 2/3 hlutar launþega á vinnustað að fara þessa leið, þá séu þeir ekki lengur bundnir hinu hefðbundna stéttarfélagi. Þessi ákvæði gildi um vinnustaði þar sem starfa 25 eða fleiri launþegar.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneyti setji reglugerð um framkvæmd kosninga og kveði á um, auk almennra ákvæða, hverjir hafi atkvæðisrétt.

2. gr.

Núverandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru 70 greinar. Þessi grein gerir einfaldlega ráð fyrir því, að þar sem vikið er að **stéttarfélögum** í lögum sé hér eftir einnig átt við félög á vinnustöðum hafi launþegar svo kosið; að öll réttindi og allar skyldur, sem fólk hefur haft í stéttarfélögum skv. lögum þessum, eigi nú einnig við um vinnustaðafélög hafi fólk kosið sér það form.

3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

10. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt óbreytt frá 105. löggjafarþingi. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Hér er lagt til að sú skipulagsbreyting verði gerð á verðákvörðunartöku Verðlagsráðs sjávarútvegsins, að lágmarksverð á sjávarafla verði ákveðið í frjálsum samningum af fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda í Verðlagsráði sjálfu. Niðurfelling 10. gr. laganna um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs með oddamann frá Þjóðhagsstofnun felur það í sér fyrst og fremst, að tekið er fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafla. Með því móti væri farið að hinum upphaflega tilgangi laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins frá árinu 1961, að verðlag sjávarafla skyldi ákveðið í frjálsum samningum hagsmunaaðila án íhlutunar ríkisvaldsins. Þessi breyting felur það að sjálfsögðu í sér, að Verðlagsráð sjávarútvegsins, eins og það er skipað samkvæmt 1. gr. laganna, verði skilvirkara og sinni í raun þeim verkefnum sem því eru falin með þeim lögum.

Þar sem verðákvarðanir Verðlagsráðs eiga þannig að vera háðar frjálsum samningum, þar sem samningsaðilum er frá upphafi ljóst að þeir verða að taka afleiðingum samninga sinna, þykir ekki rétt að í lögin verði tekið ákvæði um úrslit mála í skjóli atkvæðaafls. Að vísu er ljóst að mál geta skipast þannig að engin úrslit fáist í Verðlagsráði, en slík málalok eru þá ekki annað en það er aðilar vinnumarkaðarins þurfa einlægt að horfast í augu við ef svo

ber undir. Hitt er annað mál, að samningsaðilar í Verðlagsráði geta vitaskuld á hvaða stigi sem er leitað til sáttasemjara ríkisins eða annars hlutlauss aðila, er þeir sjálfir kjósa, til þess að samræma sjónarmið og freista þess að leita sátta.

* * *

Það er megineinkenni á íslensku samfélagi, að einstaklingar og samtök þeirra bera litla eða enga ábyrgð á þeim samningum sem gerðir eru. Gerðir eru samningar án tillits til þeirra verðmæta sem verið er að semja um skiptingu á.

Þetta er sérstaklega alvarlegt að því er tekur til samninga um verð á sjávarafurðum. Í tímanna rás hafa viðmiðanir orðið margfalt fleiri en nemur aflaverðmætinu sjálfu. Reynslan hefur sýnt að hlutverk hins veiklundaða ríkisvalds, þegar þrýstingur hvers konar er annars vegar, er að „leiðrétta" þær skekkjur sem orðið hafa í samningum um fiskverð. Þær leiðréttingar fara þannig fram að gengið er lækkað „niður að jafnvægi", sem aftur þýðir að allt vöruverð stórhækkar og síðan laun allmiklu síðar. Og loks grípa stjórnvöld til þess að sníða af launum, svo sem alkunna er.

Verðbólguskrúfan er auðvitað flóknari en svo að hún verði skýrð með kerfi fiskverðsákvörðunar einu. En fullyrða má þó að þetta ábyrgðarlausa kerfi, þessir samningar án raunverulegrar ábyrgðar, eiga verulegan þátt í þeirri verðþenslu sem þjakað hefur íslenskt samfélag árum saman.

Lögð er til einföld breyting: að ríkisvaldið hætti að hafa afskipti af þessum samningum; að einstaklingar og samtök þeirra semji sem frjálsir menn um verð á afurðum sínum. Það verður síðan að ráðast með frjálsum hætti, hvernig fyrirkomulag þeir aðilar, sem málið snertir, kjósa að hafa á samningum. Kannske kjósa þeir að semja í litlum einingum; kannski kjósa þeir að semja í stórum bandalögum. Það er þeirra mál; það verða þeir að ákveða sem frjálsir menn.

Aðalatriðið er þó hitt, að tímaskeiði ábyrgðarlausra samninga, þar sem öflug þrýstisamtök komast upp með að semja um nánast hvað sem er og velta síðan þeim tölum, sem engin verðmæti standa á bak við, á alla hina í samfélaginu, verður að ljúka.

Við verðum að taka tímaskeið frjálsra samninga og ábyrgðar þeirra sem semja.

Fylgiskjal I.

Jón Sigurðsson:
Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, **Ægir,** 1978.

Fylgiskjal II.

Friðrik Pálsson:
Starfshættir Verðlagsráðs sjávarútvegsins, **Ægir** 1978.

Fylgiskjal III.

Vilmundur Gylfason:
Frjálst fiskverð — burt með ríkisvaldið, **Nýtt land,** 1981.

Skýrt verður að taka fram, að athuga ber **hvenær** eftirfarandi ritgerðir eru ritaðar og **að höfundar hafa auðvitað fullan rétt á að hafa aðrar skoðanir nú en þá.** Ritgerðirnar eru prentaðar sem þingskjal með leyfi höfunda.

Fylgiskjal I.

Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar

Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

(Tímaritið **Ægir,** 1978.)

Verkefni Verðlagsráðs.

Senn eru liðin sautján ár frá því að lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins voru fyrst sett.[1]) Á þessum árum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum, en meginverkefni ráðsins hefur ekki breytzt og er eins og segir í 6. gr. laganna:[2])

„Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn."

Til þess að geta leyst þetta verkefni er ráðinu ætlað að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina sjávarútvegsins svo og öðrum gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla. Við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla skal ráðið lögum samkvæmt m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og af framleiðslukostnaði þeirra.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og er óheimilt að selja sjávarafla undir því verði.

Skipan Verðlagsráðs og yfirnefndar

Við hverja verðákvörðun er Verðlagsráðið skipað tólf mönnum, sex frá fiskseljendum og sex frá fiskkaupendum. Af hálfu fiskseljenda eru að meginreglu þrír fulltrúar frá útvegsmönnum, tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, og þrír frá sjómönnum, og er einn tilnefndur af hverju eftirtalinna samtaka, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Af hálfu fiskkaupenda er ráðið hverju sinni skipað eftir því, hvaða verð skal ákveða. Þegar fjallað er um almennt fiskverð (þ. e. verð á þorski, ýsu, ufsa og karfa og öðrum botnfiskum) sitja því í Verðlagsráði þrír fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, einn frá fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, einn frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda og einn frá Samlagi skreiðarframleiðenda. Við ákvörðun verðs á síld og loðnu eða öðrum fisktegundum til bræðslu, eru fulltrúar kaupenda tilnefndir af samtökum síldar- og fiskmjölsverksmiðja og Síldarverksmiðjum ríkisins, en hins vegar af samtökum síldarsaltenda, þegar ákveða skal verð á síld til söltunar. Sérstakar reglur eru um skipan ráðsins, þegar fjallað er um verð á fiskúrgangi, enda geta þau viðskipti verið milli vinnslustöðva, og ráðið þá skipað í samræmi við það.

Ef ekki næst samkomulag í Verðlagsráði fyrir tilskilinn tíma,[3]) er ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin er skipuð fimm mönnum. Eru tveir tilnefndir af fiskseljendum, annar úr hópi fulltrúa sjómanna en hinn úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. og má hann ekki eiga neina aðild að fiskkaupum. Fiskkaupendur í Verðlagsráði tilnefna tvo menn, en oddamaður er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Úrskurðir yfirnefndar eru fullnaðarúrskurðir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum eins og segir í lögunum.

1) Lög nr. 97 18. desember 1961.
2) Lög nr. 81 23. júlí 1974.
3) Í reglugerð er þessi tími settur 20 dögum fyrir upphaf hvers verðlagstímabils, en Verðlagsráð ákveður sjálft verðlagstímabil fyrir hverja verðákvörðun.

Ástæður og aðdragandi lagasetningar um Verðlagsráð.

Fiskverðsákvarðanir gegna lykilhlutverki í íslenzka þjóðarbúskapnum. Þær ráða ekki aðeins miklu um rekstrarskilyrði fiskveiða og fiskvinnslu — tveggja undirstöðugreina — heldur einnig launum sjómanna að verulegu leyti vegna þess, hve aflahlutur er mikilvægur þáttur í kjörum þeirra og hefur lengi verið. Af þessum ástæðum hljóta fiskverðsákvarðanir jafnan að vera umdeildar og gildir þá einu hver aðferðin er höfð við verðákvarðanirnar, hvort sem þær eru teknar með frjálsum samningum alfarið, ráðast á uppboðsmarkaði frá degi til dags, eða eru felldar í sérstakt, opinbert samningakerfi með lögbundnum úrskurðaraðila eins og Verðlagsráði og yfirnefnd þess. Vandi skiptavallarins verður aldrei leystur í eitt skipti fyrir öll.

Enginn vafi leikur á, að grundvallarástæður fyrir setningu laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru þær sérstöku markaðsaðstæður, sem hér ríkja við fisksölu á aðra hlið og í launakerfinu á fiskiflotanum á hina. Verð á fiski til vinnslu hérlendis hlýtur þegar til lengdar lætur að verulegu leyti að lúta því verði, sem fæst fyrir útfluttar fiskafurðir á erlendum markaði, en íslenzkir útflytjendur hafa mjög takmörkuð áhrif á það verð, með því að þeir eru aðeins lítið brot af stórri heild. Fjölmargt ræður verði á fiski á heimsmarkaði annað en það, sem beint lýtur að fiskveiðum og vinnslu. Fiskafurðir eru seldar í samkeppni við önnur matvæli og framboð og eftirspurn á mat yfirleitt ræður því markaðsverðinu ásamt almennu efnahagsástandi í markaðslöndunum. Matvælaverð í utanríkisverzlun er í mörgum greinum mjög sveiflukennt, því uppskeru- eða aflabrestur í mikilvægu framleiðslulandi eða löndum geta gjörbreytt annars vegar getunni til að flytja út matföng og hins vegar þörfinni fyrir aðfluttan mat. Tiltölulega litlar breytingar á heildarframleiðslu geta því valdið miklum breytingum á heimsmarkaðsverði. Við þetta bætist svo, að víða um heim er útflutningur á matvælum háður opinberum styrkjum, sem geta breytzt snögglega. Íslenzkur sjávarútvegur hefur ekki farið varhluta af þessum miklu sveiflum á matvælaverði. Frá sjónarmiði framleiðenda — fiskkaupenda hér á landi — er því mikilvægt að verð á hráefninu til framleiðslunnar sé sveigjanlegt og geti breytzt eftir markaðsástandi. Í algerlega öndverða átt toga svo hagsmunir útvegsmanna og sjómanna, sem leggja áherzlu á, að verð á fiski sé sem hæst og stöðugast og haldi jafnan sínum hlut gagnvart þróun kostnaðar og launa hér á landi, hvað sem líður markaðsþróun erlendis. Sjómenn leggja vitaskuld á það áherzlu, að fiskverð sé ekki aðeins verð á venjulegri vöru í viðskiptum milli fyrirtækja, heldur ákveði það lífskjör sjómanna með hlutaskiptunum.

Víða erlendis er fiskur seldur á opinberu uppboði, og þar getur verðið verið afar breytilegt frá degi til dags, einkum vegna sveiflna í aflabrögðum en einnig vegna tímabundinna breytinga á eftirspurn eftir fiski, þótt fiskverðið fylgi almennu matvælaverðlagi þegar til lengdar lætur. Þessi aðferð er yfirleitt höfð þar sem megnið af aflanum fer ferskt til daglegrar neyzlu á stóru markaðssvæði. Hér á landi eru aðstæður yfirleitt allt aðrar. Í stað stórra löndunarhafna, sem hafa fjölmenni neytenda á upplandi sínu, fer sala á fiski fram í litlum fiskihöfnum kringum allt land. Sums staðar er kaupandi einn — eða fáeinir — en seljendur margir og eiga ekki í önnur hús að venda með aflann nema með ærnum kostnaði. Við þetta bætist svo, að víða fara saman hagsmunir fiskvinnslustöðva og bátaeigenda, og er því hætt við, að venjulegir tvíhliða samningar skammti sjómönnum skarðan hlut. Þessi atriði skýra í stuttu máli þörfina fyrir sérstakan vettvang fiskverðsákvarðana hér á landi. Markaðsaðstæður eru þannig, að almenn skilyrði marka „réttu“ fiskverði vítt bil en ekki þröngt, og verður því að finna niðurstöðuna með einhvers konar samningaþófi, þar sem reynt er að hitta á málamiðlun þeirra margvíslegu hagsmuna og sjónarmiða, sem hér koma við sögu.

Á sjötta áratugnum valt á ýmsu, hvernig verð á ferskum fiski og síld upp úr sjó var ákveðið til vinnslustöðvanna. Verð á síld til bræðslu var til dæmis ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu skv. tillögum Síldarverksmiðja ríkisins og fylgdu verksmiðjur í einkaeign yfirleitt því verði. Verð á síld til söltunar var oftast ákveðið af Síldarútvegsnefnd. Um allt annað

fiskverð gilti, a. m. k. eftir miðjan sjötta áratuginn, að sjávarútvegsráðherra gat sett það sem skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta á sjávarafurðir úr Útflutningssjóði (stofnaður 1956), að hann væri samþykkur því verði, sem greitt væri fyrir fiskinn. Fram til ársins 1960 var verðákvörðun á fiski upp úr sjó þannig að mestu í höndum opinberra aðila, þótt frá þessu verði gæti brugðið í viðskiptum milli manna. Á þessum árum ríkti oft óánægja hjá sjómönnum með fiskverð og það svo um árabil, að sjómannasamtökin töldu sig ekki eiga annan úrkost en að semja við útvegsmenn um sérstakt skiptaverð, sem lagt skyldi til grundvallar við útreikninga á aflahlut skipverja. Hlutaskiptin sjálf voru svo ákveðin í öðrum samningum. Skiptaverðið gat því verið og var yfirleitt allt annað en almennt gangverð á fiskinum milli viðskiptaaðila.

Þessi tilhögun í verðlagsmálum var á ýmsan hátt gölluð og oft á tíðum dróst úr hömlu að ákveða fiskverð. Með lögum um efnahagsmál í ársbyrjun 1960, þegar útflutningsbótakerfið var lagt niður og genginu breytt, var ákveðið að opinberum afskiptum af fiskverðsákvörðun skyldi hætt og teknir upp frjálsir samningar um verð milli fiskseljenda og kaupenda. Þessi tilhögun gafst ekki vel á árinu 1960, og var komið nærri vertíðarlokum áður en samningar tókust um fiskverð. Menn voru þannig í óvissu um það alla vertíðina, hvers virði aflinn væri, er á land var lagður. Þetta ástand olli vitaskuld megnri óánægju. Í upphafi ársins 1961 voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna. Meginefni þessara nýju samninga var gagnger breyting á hlutaskiptareglum, sem miðaðist við það m. a., að sjómenn tækju sinn hlut úr sama verði og útvegsmenn fengju fyrir fiskinn. Framvegis skyldi því hvorki samið um sérstakt skiptaverð eins og áður hafði verið gert né um frádrátt frá fiskverðinu áður en hlutir væru reiknaðir. Með þessum breytingum urðu hagsmunir sjómanna í fiskverðsákvörðun enn skýrari en áður, og sjómenn reistu vitaskuld þá kröfu, að eiga beina hlutdeild að öllum fiskverðsákvörðunum.

Þegar á árinu 1961 lá nærri að til verkfalls kæmi á síldveiðiflotanum vegna þess að ekki hafði tekizt að ákveða verð á síldinni. Af þessu var ljóst, að aðferð frjálsra tvíhliða samninga um fiskverð milli útvegsmanna og fiskkaupenda dygði ekki til að leysa þann verðlagningar- og tekjuskiptingarvanda, sem í fiskverðsákvörðunum felst. Sjávarútvegsráðherra, sem þá var Emil Jónsson, skipaði haustið 1961 nefnd átta manna, einn frá hverju eftirtalinna samtaka, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi ísl. fiskframleiðanda, Samlagi skreiðarframleiðenda og Sambandi ísl. samvinnufélaga,[1]) til þess að gera tillögur um lausn á þessum vanda. Á vegum þessarar nefndar var samið frumvarp til laga, sem varð stofninn að lögum nr. 97 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir, að kaupendur og seljendur ættu jafnan 7 fulltrúa hvor í ráðinu og skyldu vera á seljendahlið fjórir frá útvegsmönnum en þrír frá sjómönnum. Fulltrúi Alþýðusambandsins í nefndinni gerði fyrirvara um þetta atriði og um það urðu umræður á þingi. Málinu lyktaði svo, að fulltrúar seljenda voru sex, þrír frá sjómönnum og þrír frá útvegsmönnum, og hefur sú skipan haldizt síðan. Fulltrúi Alþýðusambandsins gerði ágreining um annað atriði og var það um skipan og verksvið yfirnefndar. Hann lagði til, að í stað yfirnefndar með oddamanni, sem aðilar kæmu sér saman um eða frá Hæstarétti ella, yrði leitað til sáttasemjara eins og í venjulegri vinnudeilu. Um önnur atriði voru nefndarmenn sammála. Miklar umræður urðu um frumvarpið á þingi, en það er athyglisvert, að enginn ágreiningur virtist vera um þörfina á sérstökum vettvangi fyrir fiskverðssamninga, þannig að ákvörðun fiskverðs gæti gengið sem snurðuminnst og deilur um og dráttur á

1) Nefndarmennirnir voru: Frá ASÍ Tryggvi Helgason, frá SSÍ Jón Sigurðsson, frá FFSÍ Guðmundur Oddsson, frá LÍÚ Sverrir Júlíusson, frá SH Einar Sigurðsson, frá SÍF Helgi Þórarinsson, frá Samlagi skreiðarframleiðenda Ingvar Vilhjálmsson, frá SÍS Kristján Hallsson og Valgarð J. Ólafsson. Fyrir nefndina starfaði Hafsteinn Baldvinsson, lögfræðingur.

fiskverðsákvörðun yllu ekki stöðvun á rekstri útvegsins. Umræðurnar á Alþingi snerust reyndar mest um þau tvö atriði, sem ágreiningur var um í nefndinni, sem frumvarpið samdi, þ. e. um jafnræði sjómanna og útvegsmanna að fulltrúatölu og um úrskurðaraðila, ef ekki næðist samkomulag. Hins vegar voru litlar umræður, og að því er virðist enginn ágreiningur, um verkefni ráðsins eða það ákvæði laganna, að ákvarðanir „lágmarksverðs á sjávaraafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum," eins og sagði í 7. gr. hinna upphaflegu laga um Verðlagsráð (nr. 97/1961).

Breytingar á verðlagsráðslögunum.

Lögunum um Verðlagsráð hefur verið breytt fimm sinnum frá því þau voru fyrst sett. Breytingar þessar eru misjafnlega veigamiklar, en það er fróðlegt að rekja þær nokkuð, því þær lýsa á sinn hátt reynslunni af starfsemi ráðsins.

1. **Fyrsta breytingin** og sú veigamesta var gerð í desember 1964 (lög nr. 60 24. desember 1964). Breytingin var í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi var 7. gr. hinna upphaflegu laga breytt þannig, að í stað orðalagsins ákvarðanir „um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum", kom annað og almennara ákvæði á þessa leið: „Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra." Í öðru lagi var gerð sú breyting á skipun yfirnefndar, að forstöðumaður Efnahagsstofnunar eða fulltrúi hans varð sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar. Þessi ákvæði eru bæði enn óbreytt, nema hvað Þjóðhagsstofnun er komin í stað Efnahagsstofnunar. Um tilefni þessara breytinga sagði í athugasemdum við lagafrumvarpið:

„Eftir úrskurð yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar s.l. kom í ljós, að sumir þeir aðilar, er fulltrúa eiga í verðlagsráði voru óánægðir með 1. málslið 7. greinar laga nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins. Þótti þeim verðlagsráði sniðinn of þröngur stakkur hvað snertir sjónarmið þau, er leggja skal til grundvallar við ákvörðun verðlagsráðs um lágmarksverð sjávarafla. Einkum töldu fulltrúar fiskseljenda óheppilegt, að ekki væri tekið fram í lögunum, að kostnaður við öflun fisksins og verkun skyldi hafa áhrif á verðið. Hefur ósamkomulag aðila um þetta atriði magnazt síðan, og er svo komið, að yfirnefnd verðlagsráðsins má heita óstarfhæf.

Tilgangur laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins var í upphafi sá, að með tilkomu verðlagsráðs yrði sanngjarnlega skipt þeim verðmætum, sem fyrir hendi væru, milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Ætti sú breyting á lögunum, sem hér er lögð til, að gera kleift að svo verði einnig í framtíðinni. Með frumvarpinu eru verðlagsráði gefnar allfrjálsar hendur um verðlagsákvarðanir innan þess ramma, sem gildandi gengi krónunnar setur, en þau grundvallarsjónarmið, sem ríkja skulu við ákvörðun um lágmarksverð á sjávarafla, eru áréttuð til leiðbeiningar. Skal þar taka tillit til hagsmuna beggja aðila, fiskkaupenda og fiskseljenda.

Enn fremur er sú breyting gerð á 9. gr. laganna, að forstöðumaður Efnahagsstofnunar er sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar.

Þessi skipun er hliðstæð því, að hagstofustjóri er oddamaður við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Ætti hún að tryggja betur en verið hefur, að samræmi skapist í úrskurðum nefndarinnar, og auðvelda það, að verðlagsákvarðanir séu teknar á grundvelli sem fullkomnastra upplýsinga um afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og launaþróunar í landinu og með tilliti til almennra aðstæðna þjóðarbúskaparins. Þar sem um margar verðlagsákvarðanir er að ræða á hverju ári, þykir rétt að gera forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar kleift að setja fulltrúa í sinn stað."

Þessi lagabreyting hefur síðan mótað starfsemi Verðlagsráðs, þannig að verðákvarðanir þess verða að taka mið af fjölmörgum atriðum. Telja mætti fimm helzt:

1) **Markaðsverð sjávarafurða erlendis,** og það verð, sem framleiðendur hér á landi fá í hendur að teknu tilliti til sölu-, flutnings- og tryggingakostnaðar auk útflutningsgjalda og greiðslna úr eða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
2) **Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.**
3) **Útgerðarkostnaður og afkoma útgerðarinnar.**
4) **Tekjur sjómanna og launaþróun í landinu yfirleitt.**
5) **Almennar aðstæður í þjóðarbúskapnum.**

Af þessari fjölþættu viðmiðun leiðir, að ekki er unnt að tala um fastan verðgrundvöll fyrir fiskverðið eins og oft er gert t. d. um búvöruverðsákvarðanir. Hins vegar eru hér talin þau atriði, sem Verðlagsráð og yfirnefnd þess aflar sér reglubundinna upplýsinga um og hefur m. a. til hliðsjónar við fiskverðssamninga. Á Alþingi 1964 mæltu ýmsir úr hópi stjórnarandstæðinga gegn lagabreytingunni, en raunar snerist sú gagnrýni fyrst og fremst um skipan og störf yfirnefndar yfirleitt sem eins konar gerðardóms. Töldu þeir, að þessi tilhögun leiddi til þess, að farið yrði bil beggja, þ. e. seljenda og kaupenda, í úrskurðum nefndarinnar og ákveðið eitthvert meðaltalsverð, sem báðir aðilar væru óánægðir með. Næðist ekki samkomulag um verð milli seljenda og kaupenda kallaði það beinlínis á afskipti ríkisvaldsins — líkt og við ákvörðun búvöruverðs — og væri það raunar eðlilegra við þessar aðstæður en að fela oddamanni að kveða upp einhvers konar meðaltalsúrskurð.

Einnig spunnust miklar umræður um túlkun niðurlagsorða lagagreinarinnar um yfirnefnd, þar sem segir, að meiri hluti atkvæða ráði úrslitum, en í ársbyrjun 1964 hafði oddamaður skipaður af Hæstarétti[1]) beitt þeim þannig eftir að verðtillögur frá báðum aðilum voru komnar fram, að hann úrskurðaði einn verð, sem lá á milli fram kominna tillagna með vísun til almennra dómskaparreglna um fjölskipaða dóma.

Auðvitað er ljóst eins og Verðlagsráð er hugsað, að oddamannsúrskurður er þrautalending, en hins vegar ber lögfróðum mönnum yfirleitt saman um það, að hann fái staðizt að lögum. Til hans getur þurft að grípa í þrátefli, enda hvílir á yfirnefndinni sú skylda að komast að niðurstöðu. Í reynd hefur oddamannsúrskurði aðeins verið beitt fjórum sinnum í allri sögu Verðlagsráðsins eða nálægt í einum hundraðasta af öllum verðákvörðunum.

2. **Önnur breyting var gerð** í marz 1967 (lög nr. 5 15. marz 1967). Efni þessarar breytingar var að fela Verðlagsráði að ákveða verð á fiskúrgangi og var sú breyting ágreiningslaus. Í framsöguræðu sjávarútvegsráðherra, Eggerts G. Þorsteinssonar, fyrir frumvarpinu kom fram, að við lagabreytingarnar 1964 um skipan forstöðumanns Efnahagsstofnunarinnar sem fasts oddamanns yfirnefndar hefðu orðið nokkur þáttaskil í úrskurðum nefndarinnar, þar sem verðið væri í ríkari mæli en fyrir breytinguna ákveðið með fulltrúum fiskseljenda eða í 13 skipti en 5 sinnum með kaupendum og þrisvar með almennu samkomulagi. Á tímabilinu 1962—1964 var verðið 7 sinnum ákveðið með kaupendum, þrisvar með seljendum og einu sinni af oddamanni einum.
3. **Þriðja breytingin** var gerð í desembermánuði 1973 (lög nr. 99 21. desember 1973) þannig, að síldardeild ráðsins var lögð niður í því formi, sem hún var, en í hennar stað komu tvær nýjar deildir, síldarsöltunardeild og bræðsludeild, er tæki til síldar- og loðnubræðslu, svo og bræðslu á öðrum fiski. Ennfremur var kveðið á um, að Verðlagsráð ákveði sjálft verðlagstímabil. Breytingar þessar voru samþykktar án verulegra umræðna á Alþingi.
4. **Fjórðu breytinguna** má telja þá, að í júlí 1974 (lög nr. 81 23. júlí 1974) voru lögin um Verðlagsráð gefin út í heild með áorðnum breytingum 1964, 1967 og 1973.
5. **Fimmta og síðasta breytingin** var gerð í apríl 1978 (lög nr. 27 26. apríl 1978) á þá leið, að ráðið skuli ákveða verð á síldarúrgangi og að ákvörðun verðs á lifur skuli færð úr fiskideild í fiskúrgangsdeild.

1) Hákon Guðmundsson.

Gagnasöfnun.

Eins og fram hefur komið er Verðlagsráðinu ætlað að fylgjast með þróun markaðsverðs á sjávarafurðum og afla sér gagna um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina sjávarútvegs og önnur atriði, sem varða ákvörðun fiskverðs. Til þess að gefa hugmynd um efnissvið og helztu heimildir, sem Verðlagsráðið og yfirnefnd þess styðst við, verða hér rakin nokkur atriði.

1. *Markaðsverð.*

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við og vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til að hækka barnabætur og bætur almannatrygginga, að lækka tekjuskatt með auknum persónuafslætti og til að jafna húshitunarkostnað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Frá reiknuðum tekjuskatti skv. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, álögðum á árinu 1983 á tekjur ársins 1982 skal, auk persónuafsláttar skv. 68. gr. sömu laga, draga sérstakan persónuafslátt er nemi 1400 kr. fyrir hvern mann er um ræðir í 1. mgr. 67. gr. laganna.

Um ráðstöfun þess hluta sérstaks persónuafsláttar, er ekki nýtist til lækkunar reiknuðum skatti, fer eftir ákvæðum 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981.

Enn fremur skal, auk barnabóta skv. 69. gr. sömu laga, greiða á gjaldárinu 1983 sérstakar barnabætur fyrir þau börn, er um ræðir í þeirri grein og yngri eru en 7 ára í lok tekjuársins, er nemi 3000 fyrir hvert barn. Um ráðstöfun þessa barnabótaauka fer eftir ákvæðum 69. gr.

2. gr.

Bætur lífeyristrygginga skv. lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og greiðslur skv. 73. gr. laganna skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983 og þær bætur um 4% hinn 1. október 1983. Þessar breytingar koma í stað breytinga skv. 79. gr. sömu laga.

Hinn 1. júní 1983 skal þó fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbótar skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, hækka um 5% umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur skal hinn 1. júní 1983 fjárhæð mæðralauna skv. 15. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, hækka umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar sem hér segir:

Með einu barni um 100%.

Með tveimur börnum og fleiri um 30%.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 150 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Á árinu 1983 er fjármálaráðherra heimilt að lækka ríkisútgjöld frá því, sem ákveðið er í fjárlögum fyrir árið 1983, um allt að 300 milljónum króna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Ed. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og lánastofnana sé nú unnið að því að breyta skammtímalánum húsbyggjenda og íbúðakaupenda í lán til lengri tíma. Til að greiða fyrir þessari aðstoð beri brýna nauðsyn til að falla frá innheimtu stimpilgjalda af þeim nýju lánsskjölum sem gefa

þarf út í þessu sambandi og tryggja þar með enn virkari árangur þessara aðgerða húsbyggjendum til hagsbóta.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. september 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl St. Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að hlutast til um að felldar verði úr gildi þær reglur sem nú kunna að gilda um fríðindi hliðstæð þeim, er ráðherrar hafa notið varðandi bifreiðakaup, gagnvart yfirmönnum ríkisstofnana, svo sem ríkisbanka og Framkvæmdastofnunar.

Greinargerð.

Þau fríðindi, sem ráðherrar hafa notið, að geta keypt bifreiðar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld til ríkissjóðs, eins og almenningur verður að gera, hafa verið mjög til umræðu að undanförnu.

Ljóst er að þessi fríðindi stangast á við réttarvitund almennings á Íslandi og því hefur verið flutt frumvarp til laga um að þessi fríðindi ráðherra skuli felld niður.

Samhliða því er eðlilegt að fella niður þær reglur sem kunna að vera í gildi um hliðstæð fríðindi til annarra embættismanna í þjónustu hins opinbera á Íslandi.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um athugun á veiðileyfastjórn á fiskveiðum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl St. Guðnason, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera í samráði við **sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsluaðila** tillögur um **veiðileyfastjórn á fiskveiðum,** þannig að **full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum** og **hagstæðustu útgerðarstaðir fái að njóta sín.** Hlutverk nefndarinnar sé að gera ítarlega athugun á mismunandi fyrirkomulagi veiðileyfastjórnar og meta líklega valkosti í samráði við ofangreinda hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá aðila sem nefndin telur rétt að kveðja til ráðuneytis. Nefndin skal skila tillögum sínum og greinargerðum til Alþingis og samtaka sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnsluaðila. Nefndinni er heimilt að ráða til sín sérfræðiaðila eftir því sem þörf er talin á. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að þegar verði hafist handa við ítarlega könnun á stjórnarfyrirkomulagi fiskveiða og þá einkum á kostum og göllum svonefndrar veiðileyfastjórnar með það að markmiði að ná sem hagkvæmastri nýtingu á íslenskum fiskimiðum.

Tillaga þessi var áður flutt á 105. löggjafarþingi, en komst þá ekki til umræðu. Þá fylgdi henni svofelld greinargerð:

Eins og kunnugt er, þá er íslenskur sjávarútvegur í ógöngum og á nú við mikla erfiðleika að stríða. Þessir erfiðleikar eru sjálfskapaðir. Fiskimiðin eru fullnýtt eða ofnýtt. Útgerðarkostnaður er of hár, ekki síst vegna óhóflegrar stækkunar fiskiskipastólsins í seinni tíð. Í aflahrotum fara mikil verðmæti í súginn. Gæðum sjávarafurða hefur hrakað, eins og nýleg dæmi sanna.

Það stjórnkerfi, sem beitt hefur verið, virðist augljóslega komið í þrot, því óhagkvæmni vex, arðsemi minnkar og gæðin rýrna, á sama tíma og gengið er á fiskstofna. Óhagkvæmnin, kostnaðaraukinn, léleg nýting og gæðafall bitnar á afkomu þjóðarinnar allrar, en þó sérstaklega þeirra sem sjóinn stunda eða vinna í fiskvinnslunni. Í þessum störfum þarf undirstaðan að vera traust, afkoma fyrirtækja og launakjör góð, þannig að störfin séu eftirsóknarverð og allir möguleikar til framfara nýtist.

Öfugþróun síðustu ára birtist í þjóðnýtingu tapsins. Þjóðin er látin borga reikning á reikning ofan þegar „vandinn" er reiknaður út á fárra mánaða fresti. Og þeir, sem verst standa sig, eru verðlaunaðir með styrkjum, t. d. í formi niðurgreiddra lánskjara. Á því sér engan enda. Hver skuldbindingin rekur aðra.

Framhald þessarar þróunar er líkleg til að leiða til síaukinnar miðstýringar og vaxandi óhagkvæmni, til tjóns fyrir allt atvinnulíf í landinu og lífskjör launafólks.

Þess vegna verður að teljast tímabært að leita nýrra stjórnunarleiða, kanna þær og meta og velja síðan það form sem farsælast sýnist. Fyrir hendi eru allumfangsmiklar rannsóknir á stjórnkerfinu í fiskveiðum, og þróun hagfræðikenninga á þessu sviði hefur verið nokkuð ör á undangengnum árum. Þessar rannsóknir og kenningar verður að skoða af gaumgæfni og meta með hliðsjón af reynslu okkar og aðstæðum.

Kanadamenn hafa tekið upp veiðileyfastjórn á fiskveiðum, en þeir hafa einmitt staðið framarlega á sviði rannsókna á stjórnkerfum á þessu sviði. Þessa reynslu þeirra og þekkingu er sjálfsagt að nýta. Kunnátta okkar og kunnugleiki á veiðileyfastjórn er takmarkaður. Málið verður að kanna fordómalaust, því að fáfræði og fordómar eru lélegur leiðarvísir.

Ekki er að efa að athugun á veiðileyfastjórn og tillögugerð þar að lutandi eru vandasamt viðfangsefni. Það krefst ítarlegrar kynningar og samráðs við margvíslega hagsmunaaðila. Verkið er því líklegt til að vera tímafrekt. Þeim mun nauðsynlgra er að hefja það sem fyrst og fá hina hæfustu aðila til þess að vinna við það.

Fyrirkomulag veiðileyfastjórnar getur augljóslega verið með margvíslegum hætti. Leyfin geta verið bundin við einn eða fleiri fiskstofna, við skip eða vinnslustöðvar og þau geta verið svæðisbundin. Stjórnarfyrirkomulag kerfisins getur enn fremur verið á ýmsa lund. Ein leiðanna er sú, að veiðileyfin séu seld. Í erindi, sem dr. Gylfi Þ. Gíslason hélt hinn 9. des. s. l. á vegum Stjórnunarfélags Íslands, lýsti hann m. a. þróun sjávarútvegs og færði rök fyrir slíku veiðileyfakerfi. Er hluti erindisins birtur sem fylgirit með þessari greinargerð til kynningar á þeim viðhorfum. Þetta er einungis ein leiðanna, og með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er ekki tekin afstaða til hennar. Það yrði m. a. hlutverk nefndarinnar að meta hana í samanburði við aðrar leiðir.

Athugun nefndarinnar verður að beinast að því að upplýsa kosti og galla mismunandi stjórnunaraðferða, svo að þær verði metnar á skynsamlegum grundvelli, því að höfuðmáli skiptir að velja það form sem líklegast er til þess að tryggja góða nýtingu fiskimiða, stuðla að gæðum og góðri nýtingu fiskafla og hagkvæmni og framþróun í veiðum og vinnslu. Hagstæðar útgerðaraðstæður og góður rekstur verða að fá að njóta sín. Skrifræði og miðstýringu verður því að sneiða hjá eftir mætti.

Sú þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, hefur þann tilgang að kanna þessi mál ofan í kjölinn og hefja nú þegar undirbúning nýrra stjórnunaraðferða í fiskveiðum.

Fylgiskjal.

Hluti úr erindi dr. Gylfa Þ. Gíslasonar á Spástefnu Stjórnunarfélags Íslands, hinn 9. des. 1982. Erindið nefndist „Hugleiðingar um efnahagsstefnu stjórnvalda 1983". Í erindinu fjallaði dr. Gylfi m. a. um þróun sjávarútvegs og veiðileyfastjórn, þar sem gert er ráð fyrir sölu veiðileyfa. Sá hluti er hér birtur til kynningar á þeim viðhorfum:

Mönnum munu yfirleitt ljósar þær grundvallarbreytingar, sem orðið hafa í íslenskum efnahagsmálum á þessu ári og fyrirsjáanlegar eru á hinum næstu. Kjarni þeirra er, að hagvöxtur hefur stöðvast, viðskiptahalli hefur farið vaxandi og söfnun erlendra skulda er orðin mjög mikil, hvort sem borið er saman við gjaldeyristekjur eða þjóðarframleiðslu.

Ég álít, að það hljóti að teljast höfuðmarkmið efnahagsstefnu á komandi ári — og raunar komandi árum — að þjóðarframleiðslan taki aftur að aukast. Í því sambandi hlýtur sú spurning að vakna, hvers vegna aukning þjóðarframleiðslunnar hafi stöðvast. Um það hafa heyrst ýmsar skoðanir. Í stjórnmálaumræðu hefur því gjarnan verið haldið á loft, að ýmsar ytri aðstæður hafi verið óhagstæðar: Afli hafi minnkað í ár, sölutregða hafi verið á ýmsum afurðum. Auðvitað hefur þetta valdið erfiðleikum. En þessar staðreyndir eru fjarri því að vera fullnægjandi skýring. Minnkun þjóðarframleiðslunnar hefur ekki komið skyndilega. Það hefur dregið úr aukningu hennar á undanförnum árum, þótt þjóðarframleiðslan hafi ekki beinlínis minnkað fyrr en á þessu ári og muni enn minnka á næsta ári. Það hefur verið nokkurra ára aðdragandi að því, sem er að gerast nú og mun gerast á næsta ári.

Ýmsum hefur orðið tíðrætt um þau áföll, sem Íslendingar hafa orðið fyrir tvívegis á síðast liðnum áratug, þ. e. olíuverðshækkanirnar tvær, sem bættust við tjónið vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum á fyrri hluta áratugarins. En sé litið á þróun ytri aðstæðna þjóðarbúsins á síðast liðnum áratug, má ekki gleyma því, að um miðjan áratuginn féll í skaut einn mesti búhnykkur sögu sinnar, þ. e. stækkun fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Sá lokasigur landhelgisbaráttunnar þýddi í reynd, að útlend veiðiskip hurfu af Íslandsmiðum, að Íslendingar sátu einir að auðlindum landgrunnsins umhverfis Ísland. Auðvitað hlaut þetta að þýða stórbætt skilyrði til aukinna fiskveiða Íslendinga. Enda varð sú raunin á. Í fyrra varð sjávarafli að magni til 90% meiri en hann hafði verið 1975. Iðnaðarframleiðsla varð 31% meiri. Landbúnaðarframleiðsla varð 2% minni, en magn þjóðarframleiðslunnar í heild hafði vaxið um 24%. Framleiðsla sjávarafurða óx m. ö. o. miklu meira en þjóðarframleiðslan í heild.

Hið sama kemur fram, ef athuguð er hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarframleiðslunni. Hlutdeild veiða var árið 1975 6,5% og veiða og vinnslu samtals 13,5%. Á árunum 1979 og 1980 var hlutdeild fiskveiðanna um 9,5% og fiskveiða og fiskvinnslu 19–20%. Hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarframleiðslunni jókst þannig verulega á þessu árabili.

Og hvernig hefur þróun verðlags útflutningsframleiðslunnar á þessu tímabili verið? Verðlag útflutningsframleiðslunnar var í fyrra 66% hærra en það var 1975.

Þegar þessar meginstaðreyndir eru hafðar í huga, hefði þá ekki mátt búast við því, að á undanförnum árum hefði skapast grundvöllur fyrir traustan vöxt þjóðarframleiðslu, aukinn hagvöxt? Reynslan hefur ekki orðið sú. Hagvöxturinn hefur farið minnkandi. Hann verður líklega neikvæðari á næsta ári en hann hefur orðið um langt skeið. Hver getur ástæðan verið?

Á þessu geta ekki verið nema tvær skýringar, sem eru nátengdar. Hér hefur verið 40–50% verðbólga á næsta ári í meira en áratug. Enginn ágreiningur virðist vera um það, að slík verðbólga sé skaðleg, þótt menn komi sér ekki saman um ráðstafanir til þess að hamla verulega gegn henni. En skaði verðbólgunnar hefur fyrst og fremst verið talinn fólginn í því, að hún valdi þjóðfélagslegu ranglæti, hún skaði sparifjáreigendur, en ívilni lántakendum. Auðvitað er þetta rétt. En á hitt hefur ekki verið lögð nægileg áhersla, sem er þó enn mikilvægara, að svona mikil verðbólga hvetur til rangra ákvarðana um fjárfestingu, — ekki rangra frá sjónarmiði þeirra einstaklinga, sem hafa aðstöðu til þess að fjárfesta, heldur frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, og þá ekki síður til rangra fjárfestingarákvarðana af hálfu opinberra aðila. Með þessum hætti veldur langvarandi, mikil verðbólga minnkun hagvaxtar, hún dregur úr vexti þjóðarframleiðslu. Það er þetta, sem smám saman hefur verið að gerast hér á landi á undanförnum árum.

Einhverjir kunna þrátt fyrir allt að draga réttmæti þessara staðhæfinga í efa. Ég ætla því að rökstyðja þær svolítið nánar og hafa enn hliðsjón af aðalatvinnuvegi Íslendinga, sjávarútveginum.

Á undanförnum áratugum hefur fjárfesting í sjávarútvegi vaxið mun örar en afrakstur útvegsins. Slíkt er auðvitað skýrt dæmi um óhagkvæma, ranga fjárfestingu. Hér er ekki um að ræða staðhæfingu, sem ég eða einhver einstakur hagfræðingur varpi fram á grundvelli einhverra einkarannsókna. Þessari staðhæfingu til staðfestingar ætla ég að leyfa mér að vitna í opinbera skýrslu, sem mér vitanlega enginn hefur vefengt. Rannsóknaráð ríkisins skipaði á sínum tíma nefnd sérfræðinga til athugunar á málefnum íslensks sjávarútvegs. Hún birti skýrslu sína haustið 1975. Þar varaði nefndin mjög sterklega við óhóflegri stækkun fiskiskipaflotans. Hún benti á, að verðmæti fiskiskipaflotans hefði á árunum 1962–74 vaxið um 133%. Á sama tíma hafi aflaverðmætið hins vegar aukist um aðeins 29,5%. Hver króna, sem bundin hafi verið í fiskiskipum, hafi árið 1974 aðeins gefið af sér 55% af því, sem hún gerði 1962. Þá voru þær svonefndu „stjórnunarleiðir", sem farnar hafa verið til þess að

takmarka sókn í fiskstofna, sem þörf hefur verið talin á að vernda, harðlega gagnrýndar, en þær hafa sem kunnugt er einkum verið fólgnar í ýmiss konar skömmtunaraðferðum, kvótum, lokun svæða o. s. frv. Mælti nefndin með hliðstæðum aðferðum og þeim, sem kunnar eru úr markaðsbúskap, þ. e. einhvers konar verðlagningu réttarins til þess að veiða fisk, þótt hún gerði sér fulla grein fyrir framkvæmdaörðugleikum í því sambandi. Ekkert tillit var tekið af hálfu stjórnvalda til þessara ábendinga, sem voru þó mjög vel rökstuddar.

Haustið 1981 skilaði önnur nefnd sérfræðinga á vegum Rannsóknaráðs ríkisins nýju áliti um sama efni. Þar er það harmað, að fyrri stefnu varðandi stækkun flotans og framkvæmd veiðitakmarkana skuli hafa verið haldið áfram, og lögð enn ríkari áhersla á nauðsyn stefnubreytingar, bæði að því er varðar fjárfestingu og aðferðir við stjórn fiskveiðanna.

Ekki verður því sagt, að á það hafi skort, að bent hafi verið opinberlega á það, að röng fjárfesting hafi átt sér stað í sjávarútvegi og að alvarlegir ágallar séu á þeirri stefnu, sem fylgt er í stjórn fiskveiðimála. En stjórnvöld hafa ekki tekið tillit til þessara varnaðarorða.

Ég skal nefna enn nýrri dæmi um það, að framleiðni í þjóðarbúskapnum hafi farið minnkandi á undanförnum árum, samfara því að verðbólga hefur farið vaxandi. Á árunum 1961—70, þegar verðbólga var 13%, jókst fiskafli um 28%, en heildarþjóðarframleiðslan jókst um 57%. Á árunum 1971—80, þegar verðbólga var 40% eða þrisvar sinnum meiri, jókst fiskaflinn miklu meira en á fyrra tímabilinu, eða um 48%, en heildarframleiðsluaukningin var hin sama, 57%. Enn skýrar kemur þetta sama í ljós í þeirri staðreynd, að aflaaukning varð miklu meiri á síðari hluta síðasta áratugar en hinum fyrri, en aukning þjóðarframleiðslunnar hins vegar minni. Á árunum 1977—78 jókst afli um 57%, en þjóðarframleiðsla aðeins um 17%.

Skýringar þessara staðreynda getur ekki verið að leita í öðru en minnkandi framleiðni í efnahagslífinu sem heild, fyrst og fremst sem afleiðingu óhagkvæmrar fjárfestingar.

Ef verðbólga og óhagkvæm fjárfesting eru aðalsök þess, að hagvöxtur á Íslandi hefur nú stöðvast, hlýtur meginviðfangsefni hagstjórnar á næsta ári og hinum næstu að verða það að draga úr verðbólgu, bæta hagkvæmni fjárfestingar og þá um leið að auka þjóðarframleiðslu. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt brýnasta verkefnið á þessu sviði sé að breyta þeirri stefnu, sem fylgt er við stjórnun fiskveiða. Rétturinn til fiskveiða er nú skammtaður. En hann er ókeypis. Hér er nú í raun og veru beitt nákvæmlega sömu aðferðum og á haftatímunum í utanríkisviðskiptum, þegar innflutningur var takmarkaður með leyfum, en þeim úthlutað ókeypis. Til skamms tíma mátti telja flesta fiskstofna í hafinu óþrjótandi auðlind. Þeir minnkuðu ekki vegna veiða. Þá var veiði eins skips ekki á kostnað neins annars skips. Þá mátti með réttu segja, að enginn ætti að greiða neitt fyrir fiskinn, sem veiddur væri. Slíkt hefur átt sér stað við landnám nýrra landa, hagnýtingu skóga, fund nýrra náma. Að vissu marki hefur hagnýtingin getað verið ókeypis, af því að hún skerti ekki hagsmuni neins annars, rýrði auðlindina ekki. En vitum við ekki öll, að þetta á ekki lengur við um fjölda fiskstofna í sjónum? Af hverju skyldum við annars takmarka sókn í þá? Er það ekki einmitt af því, að öllum er ljóst að sókn umfram visst mark skerðir auðlind í sjónum, að þá tekur einn frá öðrum? En á einn að fá að hagnýta verðmæti, sem annar gæti hagnýtt, án þess að greiða fyrir það? Ekki gildir sú regla á öðrum sviðum efnahagslífsins. Allir, sem hagnýta verðmæti, verða að greiða fyrir það. Munurinn er aðeins sá, að þau verðmæti, sem hagnýtt eru í öðrum atvinnugreinum, eru í eign einhvers annars, sem þá auðvitað krefst greiðslu fyrir það. En í sjávarútveginum er verðmætið, sem er hagnýtt, sameign þjóðarheildarinnar. En á það þess vegna að vera ókeypis? Vitum við ekki öll, að allir fara betur með þau gæði, sem menn greiða fyrir, en hin, sem menn fá ókeypis?

Með því að skammta réttinn til fiskveiða játa stjórnvöld í raun og veru að takmarka verður hagnýtingu fiskstofnanna. Þá er spurningin aðeins sú, hvernig á að takmarka hann. Á að gera það eins og gert var á haftatímunum í innflutningsversluninni? Það er gert nú. En

hvernig fórum við að því að afnema höftin í innflutningsversluninni? Við gerðum það með því að leiðrétta gengið, með því að láta neytendur greiða rétt verð fyrir erlendu vöruna. Þá gátu þeir valið milli ólíkra vörutegunda og innlendrar og erlendrar vöru. Tekjurnar nýttust betur. Fullnæging þarfanna jókst.

Nákvæmlega hið sama mætti gera með því að hætta að láta réttinn til fiskveiða, sem að verulegu leyti er háður beinum leyfum, hætta að vera ókeypis, til þess að geta hætt að skammta hann. Þá mundi veiðin smám saman færast í hendur þeirra, sem eru fengsælastir. Hagur þeirra mundi batna — og ekki aðeins þeirra, heldur þjóðarheildarinnar. Hér er ekki um að ræða neins konar skatt á útgerðina. Þótt veiðileyfi til allra veiða, þar sem takmarka þarf sókn, yrðu seld við einhverju verði og framsal þeirra heimilað, þyrfti andvirðið alls ekki að renna í ríkissjóð, hvað þá til annarra atvinnuvega. Útgerðin mætti eiga allar tekjurnar, ef hún notaði þær á hagkvæman hátt, t. d. til þess að greiða fyrir því, að hætt yrði rekstri óhagkvæmra skipa.

Ég álít, að einhver mesta óhagkvæmni, sem nú á sér stað í íslensku efnahagslífi, sé í því fólgin, hvernig of stórum flota er beitt til sóknar á takmarkaða fiskstofna og að vinnslugeta í landi er vannýtt. Leiðin út úr þessum ógöngum er fólgin í því að taka upp nýja stefnu í stjórn fiskveiðanna, hætta að gefa fiskinn í sjónum. Mér er vel ljóst, að hér er við mikla framkvæmdaörðugleika að etja. En á þeim er hægt að sigrast. Það á að vera eitt meginverkefni stjórnvalda á næsta ári og næstu árum.

Nd. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

10. mgr. 16. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980) orðist svo:

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða tvíburafæðingu og einn mánuð fyrir hvert barn að auki ef fæðast fleiri í einu. Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er sú breyting ein lögð til að komið verði í frekari mæli til móts við foreldra fleirbura og fæðingarorlof í þeim tilvikum lengt.

Á s. l. sumri kom fram ósk um lengingu fæðingarorlofs vegna erfiðra aðstæðna hjá foreldrum þríbura sem búsettir eru utan Reykjavíkur, en lagaheimild skorti til þess að unnt væri að verða við henni, þó að fullur vilji hafi eflaust verið fyrir því.

Flutningsmenn telja það sanngirnismál að fæðingarorlof verði lengt frekar þegar fleiri en tvö börn fæðast.

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, skal kosning enn fremur fara fram 24. apríl 1983, þó ekki í kjördeildum sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kauptúns.

Kjörstjórn getur þó ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr. nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsgr. 128. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsgr. 128. gr., og áður en kjörfundi lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsgr. 128. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að vegna ótryggs tíðarfars við kosningar þær til Alþingis, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, beri brýna nauðsyn til að ákveða fjölgun kjördaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, skal kosning enn fremur fara fram 24. apríl 1983, þó ekki í kjördeildum sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kauptúns.

Kjörstjórn getur þó ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr. nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsgr. 128. gr.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsgr. 128. gr., og áður en kjörfundi lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsgr. 128. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 1978, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson, Kristín S. Kvaran.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

Verðlagsstofnun skulu árlega tryggðir í fjárlögum fjármunir til þeirra rannsóknar- og útgáfustarfsemi sem um ræðir í þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt. Í fyrsta lagi að lögfest verði skipulögð og markviss rannsóknar- og upplýsingastarfsemi hjá Verðlagsstofnun um verðþróun vöru og þjónustu til að örva verðskyn neytenda og efla verðsamkeppni sem stuðlað gæti að lægra verði á vöru og þjónustu. Í öðru lagi að sérstök rannsókn fari fram á verðmyndun og verðþróun á gjaldskrám og verðtöxtum sem settir eru einhliða án afskipta verðlagsyfirvalda og einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum.

Með lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá 1978 var stefnt að því að koma á frjálsara verðlagningarkerfi þar sem því yrði við komið en

markmiðið var að skapa meiri samkeppni um verðmyndun og verðlagningu sem stuðlað gæti að lægra vöruverði. Með þessu var nokkuð ljóst að Verðlagsstofnun yrði að beina starfsemi sinni í ríkum mæli inn á þær brautir að halda uppi virkri og skipulagðri verðkynningu og upplýsingastarfsemi til að örva verðskyn neytenda og verðsamkeppni seljenda. Þó að Verðlagsstofnun hafi haft mjög takmarkað fjárhagslegt svigrúm til þessara hluta, þá hefur stofnunin engu síður haldið uppi virðingarverðri tilraun til að sinna þessu verkefni. Er þar átt við útgáfu á ritinu „Verðkynning Verðlagsstofnunar" sem gefið hefur góða raun og verið vel tekið af neytendum, en á þessari útgáfu var byrjað í febrúarmánuði 1981.

Í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eru mjög rýr ákvæði um þennan mikilsverða og nauðsynlega þátt í starfsemi Verðlagsstofnunar. Er full ástæða til að gera þau ákvæði markvissari og að löggjafinn stuðli að því að hér verði um öflugan og virkan þátt að ræða í starfsemi stofnunarinnar.

Flestir eru sammála um það að nauðsynlegur þáttur í aðhaldi með allri verðlagsþróun sé virkt neytendaeftirlit, ekki síst þegar verðmyndun og verðlagning eru sífellt að færast meira og meira til frjáls verðmyndunarkerfis. Í þeirri óðaverðbólgu, sem ríkir, er gjörsamlega útilokað að halda uppi virku neytendaeftirliti nema neytendum sé með öflugri upplýsingastarfsemi sköpuð til þess aðstaða.

Það er því nauðsynlegt að leitað sé nýrra leiða til að auka upplýsingamiðlun um verðlagsþróun á vöru og þjónustu sem eflt getur verðskyn neytenda og þekkingu þeirra á vöruverði og þróun þess.

Á s. l. Alþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tvö frumvörp um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem ekki urðu útrædd. Hið fyrra (19. mál 105. löggjafarþings) var um útgáfu sérstaks verðkynningarrits þar sem fram áttu að koma verðlagsbreytingar á öllum helstu þáttum vöru og þjónustu sem Verðlagsstofnun fjallar um eða fær til staðfestingar. Ef um var að ræða verðlagsbreytingar á vöru og þjónustu umfram almenna verðlagsþróun skyldi gefa á því sérstakar skýringar. Auk þess átti í verðkynningarritinu að fjalla um breytingu á hinu opinbera verðmyndunarkerfi. Sem fylgiskjal með þessu frumvarpi fylgir umsögn Verðlagsstofnunar um það frumvarp, en þar kemur fram að lagabreyting á borð við þá, sem frumvarpið fól í sér, sé mjög æskileg og veigamikill liður í að styrkja kynningarstarfsemi stofnunarinnar.

Með hliðsjón af því hversu góða raun „Verðkynning Verðlagsstofnunar" hefur gefið, telja flm. þessa frumvarps því rétt að leggja fram að nýju frumvarp er gefur Verðlagsstofnun nokkuð rýmra svigrúm en áðurnefnt frumvarp til að velja á hvaða hátt verðkynningu og upplýsingamiðlun til neytenda verður best háttað.

Þetta frumvarp setur Verðlagsstofnun þó ákveðnari skyldu á herðar en núverandi ákvæði 13. greinar Verðlagslöggjafarinnar um útgáfustarfsemi, en það hljóðar svo:

„Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð- og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um."

Sú breyting, sem hér er lögð til, felur einkum í sér þá breytingu frá núgildandi ákvæði að Verðlagsstofnun er skylt að rannsaka bæði verðmyndun á vörum og enn fremur verðlagningu og verðmyndun á ýmissi þjónustu og gera samanburðarkannanir þar að lútandi.

Þessi breyting á 13. grein verðlagslöggjafarinnar ætti að tryggja að upplýsingastarfsemi af hálfu Verðlagsstofnunar fái aukinn þunga í starfi stofnunarinnar, auk þess sem nánar er kveðið á um með hvaða hætti það skuli gert.

Í annan stað kveður þetta frumvarp á um að stofnunin skuli rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónusta seld samkvæmt samræmdum gjaldskrám eða verðtöxtum. Um þetta efni fluttu þingmenn Alþýðuflokksins einnig frumvarp á s. l. Alþingi (93. mál 105. löggjafarþings) og reyndar einnig á árinu 1981. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem brýnt er að hrinda í framkvæmd hið allra fyrsta.

Frumvarpið frá tveim síðustu þingum hljóðaði svo:

„Gjaldskrár og verðtaxtar, sem settir eru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, skulu vera undir sérstöku eftirliti.

Sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skulu sérhæfa sig í uppbyggingu slíkra gjaldskráa og verðtaxta og hafa reglulegt eftirlit með þeim.

Með þeim er skylt að senda rökstudda greinargerð, þar sem á fullnægjandi hátt er gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Enn fremur þarf að tilgreina sérstaklega þóknunar- eða álagningarhluta hverrar einstakrar verðlagningar.

Allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs að fenginni umsögn Verðlagsstofnunar.

Óheimilt er að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð.

Gjaldskrár og verðtaxtar skulu hverju sinni auglýst á þann hátt að aðgengilegt sé almenningi."

Eins og sjá má af ofangreindri tilvitnun í frumvarpsgreinina frá s. l. þingi var hér um allítarleg fyrirmæli að ræða til Verðlagsstofnunar um hvernig með gjaldskrár og verðtaxta skyldi fara. Rökstuðningur í greinargerð með frumvarpinu var m. a. eftirfarandi:

„Reynslan er þó sú, að mjög er misjafnt hvað gjaldskrár og verðtaxtar, sem sett eru af ýmsum þjónustuaðilum öðrum en hinu opinbera, eru undir virku eftirliti hjá Verðlagsstofnun, og því er það mat flutningsmanna að bein ákvæði um það í lögum séu óhjákvæmileg.

Þannig má t. d. benda á að hækkanir á útseldri vinnu, svo sem byggingarmeistara, rafverktaka og málm- og skipasmiða, þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Þjónustuaðilar eins og hárgreiðslu- og hárskerameistarar þurfa einnig að sækja um hækkanir á sínum gjaldskrám og fá þær samþykktar af verðlagsráði áður en hægt er að gefa þær út. Sama gildir um fyrirtæki í einkaeign sem selja þjónustu sína, eins og efnalaugar og þvottahús. Einnig má benda á að gjaldskrá leigubifreiðarstjóra er háð ákvörðun verðlagsráðs.

Hér eru taldir upp nokkrir aðilar sem selja þjónustu sem mikið er notuð af öllum almenningi. Eðlilegt er að gjaldskrár þeirra séu undir virku verðlagseftirliti þannig að fylgst sé með að eðlileg verðlagning sé á þessari þjónustu.

Hins vegar eru svo aðrir þjónustuaðilar sem eru undir litlu sem engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun.

Má þar nefna lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og tannlækna. Erfitt er að sjá hvað réttlætir það, að gjaldskrár og verðtaxtar þessara aðila séu ekki undir svipuðu eftirliti og þurfi að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Megintilgangurinn með starfsemi Verðlagsstofnunar hlýtur að vera að vernda hag neytenda og tryggja þeim sanngjarnt og eðlilegt verð fyrir vöru og þjónustu.

Til að ná því markmiði getur þurft að velja mismunandi leiðir, eins og raunar kemur fram í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, enda ekki algilt að sama fyrirkomulag henti í öllum tilfellum til að tryggja sem hagstæðasta verðlagningu á vörum og þjónustu.

Það er þó skoðun flutningsmanna, að sá skortur, sem er á eftirliti með gjaldskrám og verðtöxtum þeirra aðila sem hér hafa verið tilgreindir, tryggi lítt þann grundvallarþátt í starfsemi Verðlagsstofnunar sem er að vernda hag neytenda.

Segja má að þeir aðilar, sem þessa þjónustu veita, fái yfirleitt óhindrað að ráðskast með hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. Neytendavernd er þar engin eða a. m. k. mjög takmörkuð.

Stundum er líka gefin út gjaldskrá, svo sem hjá tannlæknum, sem notuð er sem nokkurs konar viðmiðunargjaldskrá og er í raun lágmarksgjaldskrá. Gefur auga leið að það fyrirkomulag verndar lítt hag neytenda um sanngjarna og eðlilega verðlagningu fyrir þessa þjónustu.

Nauðsynlegt er að líta á þetta fyrirkomulag út frá ákveðinni staðreynd, þegar til þess er litið að um einhliða ákvörðun um gjaldskrá er að ræða, án íhlutunar eða eftirlits opinberra aðila um eðlilega verðmyndun.

Í 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti kemur fram sem eitt af markmiðum laganna að stuðla að sanngjarnri skiptingu þjóðartekna.

Þó um það megi deila, hvernig til hafi tekist um framkvæmd á skiptingu þjóðartekna sem í geti falist ákveðið þjóðfélagslegt réttlæti, þá má segja að varðandi veigamikinn þátt þess gildi ákveðnar leikreglur sem flestir verði að hlíta.

Bæði vinnukaupendur og vinnuþiggjendur þurfa að hlíta ákveðnum leikreglum. Þeir þurfa að komast að samkomulagi um verð fyrir vinnuframlag sem báðir aðilar sætta sig við. Hvorugur aðili hefur einhliða ákvörðunarvald í þessu efni.

Auðvitað eiga sömu leikreglur að gilda um þjónustuaðila sem selja vinnu sína samkvæmt gjaldskrá.

Það fyrirkomulag er vægast sagt óþolandi, að nokkrir aðilar fái að ráðskast með það sjálfir hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. M. ö. o. eru þeir undanþegnir leikreglunum. Ákvörðunin er einhliða á þeirra valdi, hvaða verð þeir setja upp fyrir sitt vinnuframlag."

Þegar frumvarp það, sem hér hefur verið vitnað til, kom til umræðu á Alþingi 16. nóvember 1981 kom fram hjá þáverandi viðskiptaráðherra að taxtagrunnurinn hjá þeim aðilum, sem frumvarpið tók til, hafði ekki verið kannaður, en ástæðan væri sú að verðlagsyfirvöld hefðu ekki haft sérhæfðan mannafla til að sinna því verkefni. Undir þá skoðun ráðherra tók Verðlagsstofnun í umsögn sinni um málið til fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 14. des. 1981.

Í máli ráðherra kom fram að að hans mati hefðu sumir þessara aðila getað skammtað sér hærri laun en getur talist eðlilegt. Ráðherrann taldi einnig að þar sem í frumvarpinu væri ákvæði um sérstakt eftirlit með þessum aðilum allnákvmælega útskýrt væri sennilegt að frumvarpið gengi í berhögg við uppbyggingu laganna þar sem lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti væru hugsuð sem rammalöggjöf með heimildum til að grípa inn í verðmyndun eftir því sem verðlagsyfirvöld teldu þörf hverju sinni.

Í umræðunum upplýsti ráðherrann að Verðlagsstofnun hefði í hyggju að hefja athugun á verðmyndun í töxtum tannlækna og kanna jafnframt samkeppni í þeirri grein. Jafnframt upplýsti hann að Verðlagsstofnun treysti sér ekki til að fara út í jafnumfangsmiklar athuganir á flóknum töxtum og hér um ræðir nema henni verði gert kleift að kalla til sérfræðingaaðstoð í miklu ríkara mæli en hún hefur nú efni á.

Í framhaldi af þessum ummælum ráðherra fékk Verðlagsstofnun sérstaka fjárveitingu til að standa fyrir umræddri könnun. Það er skemmst frá því að segja að vegna fjárskorts gat Verðlagsstofnun ekki lokið þessu brýna verkefni, og enn er allt í óvissu um hvenær eða hvort henni verði að óbreyttu hrundið í framkvæmd á nýjan leik.

Það er því m. a. tilgangur þessa frumvarps að um það verði sett sérstakt ákvæði í verðlagslöggjöfina að verðtaxtar, sem settir eru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, verði rannsakaðir sérstaklega, bæði verðmyndun þeirra og verðþróun, og þessi þáttur verðlagseftirlitsins verði framvegis markviss og skipulagður þáttur í störfum Verðlagsstofnunar. — Til þess að svo megi verða er það skoðun flm. að sérstaklega beri að kveða á um það í verðlagslöggjöfinni með þeim hætti sem hér er lagt til, auk þess sem tryggð verði árleg fjárveiting í þessu skyni, svo og til verðkannana og upplýsingaöflunar um þessa og aðra verðþróun vöru og þjónustu hjá verðlagsstofnun. Slíkt er nauðsynlegt til að Verðlagsstofnun sé í stakk búin til að gegna þessu hutverki svo vel sé.

Það er ljóst að þar sem ekkert er vitað um uppbyggingu gjaldskráa eða verðtaxta þeirra aðila, sem hér um ræðir, eða vægi hvers kostnaðarþáttar í gjaldskránum yrði fyrst um sinn um nokkurn kostnað að ræða. Þegar taxtagrunnur þessara aðila hefur verið kannaður og

Verðlagsstofnun hefur gert sér grein fyrir uppbyggingu gjaldskránna yrði hér aðeins um að ræða reglubundið eftirlit með gjaldskránum sem tiltölulega lítinn kostnað hefði í för með sér. Engu að síður tryggir ákvæði frumvarpsins að það reglubundna eftirlit verði stöðugt í gangi. Ákvæði þess frumvarps, sem nú er flutt og lýtur að þessu, hljóðar svo:

„Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá."

Hér er mikið í húfi því það er vægast sagt óeðlilegt að nokkrir aðilar í þjóðfélaginu hafi án nokkurs eftirlits þá sérstöðu að geta skammtað sér laun og tekjur fyrir sína þjónustu, sem oft hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir allan almenning.

Óhætt er að fullyrða að verðlagning er oft og tíðum óeðlilega há og getur varla verið í samræmi við þann tilkostnað sem af þjónustunni leiðir eða í samræmi við hugmyndir þorra þjóðfélagsþegna um eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Með því frumvarpi, sem hér er lagt til að lögfest verði, er meginefni tveggja frumvarpa frá síðasta þingi sett saman í eitt frumvarp í nokkuð breyttri mynd, með hliðsjón af þeim athugasemdum og umsögnum sem mál þessi hafa fengið frá því þau voru síðast til umræðu á Alþingi.

Það er von flutningsmanna að í þessum breytta búningi fái mál þessi hljómgrunn á Alþingi og lögfest verði að markviss skipan komist á þessi mál í framtíðinni.

Um 1. gr.

Núgildandi 13. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti tekur aðeins til þess að skylda Verðlagsstofnun til að rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta um það greinargerðir og fréttatilkynningar. Hér er lagt til að gera það ákvæði markvissara, auk þess sem það nái til fleiri þátta. Rannsókn Verðlagsstofnunar verði þannig beint bæði að verðmyndun á vörum og í þjónustugreinum.

Lögð er áhersla á að samanburðarkannanir séu stöðugt í gangi á verði og verðþróun milli seljenda vöru, svo og í einstökum þjónustugreinum, en hingað til hafa athuganir Verðlagsstofnunar einkum beinst að vöruverði.

Einnig er það nýmæli í þessari grein að Verðlagsstofnun upplýsi neytendur á aðgengilegan hátt um vörur og þjónustugreinar sem felldar hafa verið undan verðlagsákvæðum og hver verðlagsþróun verður sérstaklega við slíka breytingu.

Þannig geta neytendur sjálfir betur glöggvað sig á því hver þróunin verður þegar vörur eru felldar undan verðlagsákvæðum, en slíkt veitir frjálsri samkeppni nauðsynlegt aðhald.

Nýmæli í þessari grein, sem ber að undirstrika, er að Verðlagsstofnun skal rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun hjá einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum og öðrum einkaaðilum sem selja þjónustu sína samkvæmt sérstakri gjaldskrá eða verðtöxtum. Hér er um mjög þýðingarmikið nýmæli að ræða í starfsemi stofnunarinnar, en stofnuninni hefur aldrei verið gert kleift að standa fyrir slíkri könnun. Segir það sig sjálft að það er brýnt, bæði fyrir verðlagsyfirvöld og vegna hagsmuna neytenda, að vitað sé um uppbyggingu þessara gjaldskráa og verðtaxta sem eru settir einhliða án afskipta verðlagsyfirvalda, þannig að vitneskja liggi fyrir um vægi hvers kostnaðarþáttar í slíkum gjaldskrám og verðtöxtum. Benda má á aðila eins og lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og tannlækna sem setja einhliða gjaldskrár sínar.

Hér er um mjög aðkallandi verkefni að ræða sem tekur nokkurn tíma og getur fyrst í stað verið nokkuð kostnaðarsamt þar sem gera verður Verðlagsstofnun kleift að kalla til tímabundið sérfræðilega aðstoð meðan taxtagrunnurinn er kannaður.

Fylgiskjal.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis,
b/t form. Halldórs Ásgrímssonar,
Alþingi,

Reykjavík, 28. janúar 1983

Í bréfi yðar, dags. 15. desember 1982, óskið þér umsagnar Verðlagsstofnunar um 19. frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Verðlagsstofnun telur útgáfu verðkynningarrita vera mjög þýðingarmikinn þátt í framkvæmd verðgæslu. Verðgæsla getur aldrei orðið verulega árangursrík ef hún er einvörðungu byggð á opinberum verðlagsákvæðum. Á tímum spennu í efnahagslífinu verður ekki hjá því komist að ríkisvaldið hafi, í ríkari mæli en ella, hönd í bagga með verðlagsþróuninni, en opinbert verðlagseftirlit getur hins vegar aldrei komið í staðinn fyrir vakandi eftirlit og dómgreind hins almenna neytanda.

Þess vegna hefur starfsemi Verðlagsstofnunar á undanförnum árum meira beinst inn á þá braut að örva verðskyn neytenda, m. a. með birtingu verðkannana. Að mati stofnunarinnar hafa þessar kannanir haft tilætluð áhrif og hafa kaupmenn orðið áþreifanlega varir við, að fólk kaupir hagkvæmar inn en áður.

Til þess að standa undir þessari útgáfu og kynningarstarfsemi fékk Verðlagsstofnun á árunum 1981 og 1982 sérstakar aukafjárveitingar. Enn sem komið er hefur stofnunin engin vilyrði fengið um fjárveitingu til að halda þessari starfsemi áfram á yfirstandandi ári og þess vegna er allsendis óljóst nú, hvort unnt verður að halda henni í horfinu miðað við undanfarin ár.

Af framansögðu má ljóst vera, að Verðlagsstofnun telur lagabreytingu á borð við þá sem frumvarpið felur í sér, mjög jákvæða og veigamikinn lið í að styrkja kynningarstarfsemi stofnunarinnar, sem vaxandi áherslu þarf að leggja á í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Georg Ólafsson.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Svavar Gestsson, Kolbrún Jónsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að fyrir næsta skólaár verði komið á einsetningu í grunnskólum og samfelldum skóladegi þar sem húsnæði og aðrar aðstæður leyfa.

Alþingi ályktar jafnframt að beina því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir könnun á þeim kostnaðarauka sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi hjá grunnskólanemum. Í könnuninni skal miða við:

1) Að komið verði á einsetningu í skólum og samfelldum skóladegi.
2) Að nemendur eigi kost á máltíðum í skólum.
3) Að kannaður verði sá sparnaður sem hljótast kann af minnkandi þörf fyrir skóladagheimili og skólaathvarf með tilkomu samfellds skóladags sem og aðrir sparnaðarþættir.

Ríkisstjórnin skal leggja niðurstöður fyrir næsta löggjafarþing jafnframt tillögu að áætlun um hvernig ná megi einsetningu í skólum og samfelldum skóladegi.

Greinargerð.

Allt frá því að skólaskyldu var komið á hér á landi með fræðslulögunum frá 1907 hefur skólastarfið orðið æ sterkari þáttur í lífi barna og unglinga og þar með þjóðarinnar allrar. Nú er svo komið að þorri íslenskra barna gengur tíu vetur í skóla, fjölmennur minnihluti hefur sótt dagvistarstofnanir áður en kom að skólagögnu og stöðugt hærra hlutfall ungmenna leggur fyrir sig framhalds- og háskólanám. Skólinn er vinnustaður þessara ungmenna, þar temja þau sér það verklag og viðhorf sem móta mun framtíðarvinnustaði þeirra á hvaða vettvangi sem er. Nú háttar víða svo til að þessum ungmennum er gert að koma til vinnu á hinum ólíklegustu tímum dagsins og mjög mismunandi frá degi til dags, auk þess sem þeim er gert að yfirgefa vinnustaðinn í miðjum klíðum, en koma síðan aftur sama daginn einum eða fleiri vinnustundum síðar. Í mörgum tilvikum er vinnudagur barnanna þannig óeðlilega langur og þau því þreyttari en vera þyrfti þegar vinnudegi lýkur. Fjölmörg börn fá ekki fullnægjandi máltíðir daglangt, og rannsóknir hafa sýnt að veruleg brögð eru að því að þau séu ekki vel nærð. Fer ekki hjá því að slíkt komi niður á allri líðan þeirra og starfsgetu. Oft er hvorki haft samband við nemendurna né heimili þeirra um starfstíma, og mundi það seint líðast á öðrum vinnustöðum. Spyrja má hvernig þessir samstarfshættir samrýmast grunnskólalögum, en þar segir á einum stað (í 2. gr.) að starfshættir skólans skuli „mótast af umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi“. Líklega eru óteljandi dæmin um þau heimili sem orðið hafa fyrir verulegri röskun á lífsháttum vegna stundatöflunnar sem barst að hausti. Fjöldi foreldra (oftast mæður) hefur þurft að breyta vinnutíma sínum, skipta um starf eða jafnvel hætta störfum vegna stundataflnanna sem börn þeirra fengu. Flutningsmenn þessarar tillögu líta svo á að þetta sé ranglátt og leiði af sér ýmsan ófarnað.

Allir, sem um þessi mál hugsa, eru sammála um að samfelldur skóladagur sé markmið sem keppa beri að. Einnig er ljóst að langæskilegast er að þetta fyrirkomulag haldist í hendur við einsetningu, en vissulega er unnt að ná fyrra markinu án þess að hinu síðara sé náð, og því er lagt til að hvor tveggja kostanna sé kannaður.

Skólamáltíðir hafa tíðkast með öðrum þjóðum um langt skeið, en íslensk stjórnvöld hafa fram til þessa getað sparað þann kostnaðarlið að mestu. Samfelldur skóladagur mun óhjákvæmilega leiða til þess að máltíðir verði á boðstólum í öllum skólum, og sú reynsla, sem nú er að fást í Reykjavík af tilraunastarfsemi sem hófst síðastliðinn vetur, mun án efa geta komið að góðum notum. Þörfin fyrir skóladagheimili er vaxandi þótt enn sé einungis leystur vandi örfárra barna. Geysilegur viðbótarkostnaður fylgir starfsemi þeirra og er það mat flutningsmanna þessarar tillögu að frekari uppbygging þessara heimila verði að fara fram í mjög nánu samstarfi við skólana, en þannig ætti að vera unnt að halda kostnaði mjög í skefjum. Slíkar ráðstafanir kalla á aukið samstarf þeirra starfshópa sem sinna uppeldismálum, einkum kennara og fóstra, og er slíkt samstarf þegar hafið.

Því heyrist stundum fleygt þegar rætt er um lengingu skólatíma og samfelldan skóladag að skólarnir séu orðnir eða að verða geymslustaðir. Það, sem ráði ferðinni, séu ekki hagsmunir nemenda eða þörf fyrir aukna menntun í þjóðfélaginu, heldur stjórnist þróunin mjög af þröngum atvinnuhagsmunum. Vera má að nokkuð sé til í því, en það vakir ekki fyrir flutningsmönnum tillögunnar að einblína á þessa hagsmuni. Allt skólastarf, og þar með taldar úrbætur af því tagi sem tillagan fjallar um, ber að vinna í sem nánustu samstarfi við heimilin (eins og raunar er kveðið á um í grunnskólalögum) og samtök foreldra. Markmiðið með samfelldum skóladegi á ekki að vera að minnka hlut heimilisins í uppeldi barna heldur að styrkja þau með því að auðvelda allri fjölskyldunni að stunda vinnu sína á eðlilegum vinnutíma og njóta síðan samvista í sameiginlegum tómstundum.

Fylgiskjal.

Samþykktir kennaraþinga
um samfelldan skóladag frá 1972—1980

1972 22. fulltrúaþing S.Í.B. haldið í Reykjavík dagana 3.—5. júní 1972 felur stjórn S.Í.B. að halda uppi ötulli og markvissri baráttu fyrir samfelldri stundaskrá nemenda í skólum landsins. Þingið telur að núverandi ástand í þessum málum sé algerlega óviðunandi og vinnudagur íslenskra skólanemenda sé alltof sundurslitinn og oft á tíðum hættulega langur.

1974 23. fulltrúaþing S.Í.B. ítrekar enn á ný fyrri kröfur sínar um einsetinn skóla og samfellda stundaskrá nemenda og kennara.

1976 24. fulltrúaþing S.Í.B. ítrekar enn á ný fyrri kröfur um einsetinn skóla og samfellda stundaskrá nemenda og kennara. Jafnframt fordæmir þingið að enn í dag skulum við Íslendingar einir Norðurálfuþjóða búa við tví- og þrísetningu víða í skólum landsins.

1978 25. fulltrúaþing S.Í.B.: Enn skal minnt á nauðsyn þess að koma á einsetnum skóla, svo unnt verði að koma á samfelldum vinnudegi í skólanum.

1980 Stofnþing KÍ ítrekar ályktanir og tillögur fyrri kennaraþinga um nauðsyn á samfelldum vinnudegi nemenda, þannig að þessi hópur hafi sama rétt og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Það ófremdarástand, sem víða ríkir í þessum efnum, kemur m. a. fram í sundurslitinni stundaskrá nemenda þannig að þeir þurfa að fara úr og í skóla oft á dag.

Til að bæta úr þessu þarf m. a. að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Skólinn sé ekki ofsetinn. Skapa þarf aðstöðu til íþrótta og heimilisfræðslu, svo og mötuneytis- og vinnuaðstöðu fyrir nemendur og kennara í skólanum, þannig að hægt sé að semja samfellda stundaskrá.
2. Kennarar þurfa að vera til taks í forföllum.
3. Aðstæður þurfa að vera til að annast þá nemendur sem sýna frávik hvað varðar nám og hegðun (oft tímabundið). Þannig gætu forráðamenn nemenda treyst því að skólinn annist nemendur þann tíma sem markaður er í stundaskrá. (Þingskjal 38).

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um afnám laga nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Guðrún Helgadóttir, Karvel Pálmason,
Guðmundur Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín S. Kvaran.

1. gr.

Lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, falli úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 104. löggjafarþingi flutti háttvirtur þáv. þingmaður Alþýðuflokksins, Vilmundur Gylfason, frumvarp um sama efni, og voru þá meðflytjendur hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Árni Gunnarsson. Frumvarpið varð þá ekki útrætt. Á 105. löggjafarþingi var frumvarpið flutt að nýju, og voru flutningsmenn þá hinir sömu, auk Magnúsar H. Magnússonar, Jóns Baldvins Hannibalssonar, Sighvats Björgvinssonar og Karvels Pálmasonar. Frumvarpið var fellt við aðra umræðu í neðri deild í mars s. l.

Vegna þeirrar miklu umræðu, sem orðið hefur um lokunartíma sölubúða á síðustu vikum, teljum við flutningsmenn rétt að freista þess enn að fá samþykki Alþingis fyrir því að lög um lokunartíma sölubúða verði felld úr gildi svo að samtök kaupmanna og starfsmanna í verslunum fái að veita neytendum þá þjónustu sem best hentar þeim hverju sinni, án afskipta stjórnvalda.

Frumvarp þetta mætti mikilli andstöðu Kaupmannasamtaka Íslands þegar það var síðast flutt, en ljóst er að nokkur hugarfarsbreyting hefur orðið innan þeirra síðan vegna erfiðleika sem núgildandi reglur hafa skapað. Í könnun, sem gerð var nýlega meðal borgarfulltrúa í Reykjavík, kemur fram að yfirgnæfandi meirihluti þeirra er hlynntur rýmkun á núgildandi reglum, og stafar það tvímælalaust af því að borgarfulltrúum er ljóst að við þær verður ekki búið lengur þar sem þær þjóna hvorki hagsmunum neytenda né verslunarfólks. Þess vegna ber að afnema þau lög sem slíkar reglur eru byggðar á.

Hér með fylgir greinargerð sú er fylgdi frumvarpinu á 104. og 105. löggjafarþingi og jafnframt samantekt sem gerð var á vegum Kaupmannasamtaka Íslands og lokunartíma verslana í nokkrum löndum.

„Lög, sem heimila sveitarstjórnum að setja reglur um lokunartíma sölubúða, hafa verið í gildi síðan 1936. Nokkuð mismunandi hefur verið hvernig einstakar sveitarstjórnir hafa nýtt þessar lagaheimildir. Í Reykjavík hefur borgarstjórn sett nokkuð stífar reglur, þar sem kaupmönnum og starfsfólki hefur ekki verið heimilt að starfa, þó svo óskir þeirra hafi staðið til slíks. Einkum hefur verið deilt um lokunartíma á laugardögum.

Samfélagið hefur auðvitað tekið grundvallarbreytingum síðan lög nr. 17/1936 voru samþykkt. Í fyrsta lagi verður að gera ráð fyrir því, að verkalýðsfélög hafi að öllu leyti styrkst og séu nú betur í stakk búin til þess að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, til dæmis gegn óhóflegu vinnuálagi. Þegar af þeirri ástæðu er lagavernd til handa verslunarfólki ekki nauðsynleg í sama skilningi og hún var nauðsynleg árið 1936 og síðar.

Í annan stað hafa hagsmunir neytenda breyst með róttækum hætti. Æ algengara verður að bæði hjóna starfi utan heimilis. Það þýðir að oft hefur fólk ekki aðstæður til þess að versla nema utan venjulegs vinnutíma. Hinar ströngu reglur, sem gilt hafa til dæmis í Reykjavík, hafa því oft verið mjög bagalegar fyrir þetta fólk.

Þó svo skiljanlegar ástæður hafi verið fyrir setningu laga sem í raun takmarka opnunartíma sölubúða á árinu 1936, þá sýnast slíkar ástæður ekki vera lengur fyrir hendi.

Síðan lögin um lokunartíma voru sett hefur og orðið veruleg breyting á verslunarháttum í þéttbýli með tilkomu stórmarkaða. Smærri kaupmenn, „kaupmenn á horninu", hafa átt mjög í vök að verjast. Þessar verslanir veita hins vegar mjög mikilsverða þjónustu í einstökum íbúðarhverfum. Ef meira frjálsræði gildir, þá virðist rétt að álykta að hinir smærri kaupmenn hafi betri og jafnari samkeppnisaðstöðu þar sem þeir að öðru jöfnu ættu að hafa betri tækifæri til þess að versla utan hins hefðbundna vinnutíma.

Því miður er það svo að starfsfólk í verslunum býr oft við afar lök kjör. Þeirri röksemd hefur verið hreyft að strangar reglur um lokunartíma sölubúða verndi hagsmuni þessa starfsfólks og verndi það gegn óhóflegum vinnutíma. Þessar röksemdir hafa vísast verið réttar þegar lögin, sem nú er lagt til að séu afnumin, voru sett. Hins vegar á nú að vera hægt að tryggja þessu fólki betri afkomu á frjálsum vinnumarkaði en með hamlandi lögum."

Fylgiskjal

Samantekt sem gerð hefur verið af Kaupmannasamtökum Íslands.
Afgreiðslutími verslana í nokkrum löndum.

(Tekið saman í sept. 1979 samkv. skýrslu sænskrar nefndar sem fjallaði um þessi mál 1977.)

Danmörk:

Lög nr. 218 frá 30/6 1976.

Heimilt er að hafa opið frá kl. 6.00 að morgni til kl. 17.30 frá mánudegi til föstudags.

Á laugardögum er heimilt að hafa opið frá kl. 6.00 að morgni til kl. 12.00 á hádegi.

Fram yfir þetta, sem eru 57.5 tímar, má hver verslun nota 6 klst. á viku að auki sem verður að skipta a. m. k. á 3 daga. Þó má ekki hafa opið lengur en til kl. 14.00 á laugardögum. Loka verður á sunnudögum og helgidögum. Verslanir verða að auglýsa á búðardyrum hvernig opnunartíma er háttað, og má ekki breyta því nema með eins mánaðar aðlögunartíma. (Ca. 63 tímar á viku).

Svíþjóð:

Frá 1972 mega verslunareigendur sjálfir ákveða opnunartíma verslana sinna. Höfuðreglan er nú að hafa opið frá kl. 8.00 til kl. 20.00.

Í nóvember 1974 höfðu 22% af mörkuðum og 17% af almennum matvöruverslunum notfært sér þennan möguleika og ákveðið sérstakan opnunartíma, en ekki aðrar tegundir verslana.

Stór hluti kaupmanna hefur viljað fá reglugerð sem kveður á um ákveðinn opnunartíma. (Ca. 60—70 tímar á viku). Heimilt er að hafa opið á sunnudögum.

Noregur:

Í Noregi eru það fylkin sem hafa sett reglugerðir um opnunartíma og er hann misjafn og sniðinn eftir sérþörfum hvers fylkis eða byggðarlags. Höfuðreglan er þó sú að verslanir opna

kl. 8.30 á morgnana og hafa opið til kl. 17.00 mánudaga til fimmtudaga. Einn dag í viku mega verslanir vera opnar til kl. 18.00 eða 19.00, er það venjulega á fimmtudegi eða föstudegi. Á laugardögum eru búðir opnar almennt til kl. 13.00. Lokað á sunnudögum. (Ca. 52 tímar á viku).

Finnland:

Lög frá 1969 sem segja til um að verslanir megi vera opnar frá kl. 8.00 til kl. 20.00 frá mánudegi til og með föstudegi og frá kl. 8.00 til 18.00 á laugardögum.

Venjan er sú að markaðir hafa opið frá kl. 9.00 til 17.00 eða 18.00 og á laugardögum til kl. 14.00. Matvörubúðir nota tímann kl. 8.00 — 17.00 mánudag - föstudag.

Stóra-Bretland:

Sérstök lög, "The Shops Act" frá 1950, sem segja til um opnunartíma verslana, og er hann misjafn fyrir hinar ýmsu verslunargreinar.

Bannað er að hafa búðir opnar á sunnudögum.

Frá mánudegi til laugardags má vera opið til kl. 21.00 um kvöld og ráða kaupmenn á hvaða kvöldi það er.

Frakkland:

Engin sérstök lög í gildi, en bannað almennt að vinna á sunnudögum nema á veitingastöðum, apótekum og matvörubúðum.

Matvöruverslanir í Frakklandi eru almennt opnar frá kl. 8.00 að morgni til kl. 13.00 og frá kl. 16.30 til kl. 20.00, frá mánudegi til og með laugardegi, á sunnudögum frá kl. 9.00—13.00.

Aðrar tegundir verslana hafa opið á milli kl. 10.00 að morgni og kl.19.00, en lokað á sunnudögum.

Algengt er að verslanir, sem hafa opið á sunnudögum, hafi lokað á mánudögum.

Niðurlönd:

Ný lög um opnunartíma frá 1976.

Helsta reglan: Opið er frá kl. 5.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags. Á laugardögum opið til kl. 17.00.

Í lögum er bannað að hafa opið á sunnudögum. Opnunartími má ekki fara fram yfir 52 tíma á viku. Eitt kvöld í viku má vera opið til kl. 21.00 og verður það að vera annaðhvort á fimmtudegi eða föstudegi. Hvor dagurinn það er ákveðst af sveitarstjórn. Bannað að opna fyrr en kl. 13.00 á mánudögum og eftir kl. 13.00 á einhverjum degi frá þriðjudegi til fimmtudags.

Vestur-Þýskaland:

Þar gilda lög um afgreiðslutíma verslana frá 1956. Samkvæmt þeim er heimilt að hafa verslanir opnar frá mánudegi til föstudags frá kl. 7.00 til 18.00, en á laugardögum frá kl. 7.00 til 14.00. Lokað á sunnudögum. Fyrsta laugardag í mánuði má vera opið til kl. 18.00.

U.S.A.:

Engin ákvæði í lögum í U.S.A. um afgreiðslutíma, en þó er grein í samkeppnislöggjöfinni þar sem bannað er að fyrirtæki taki sig saman og geri samkomulag um ákveðinn opnunartíma. Þó eru ákvæði um það hjá sumum sambandsríkjum að bannað er að hafa verslanir opnar á sunnudögum.

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

28. gr. laganna hljóði svo:

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Þær má aðeins bera upp í sameinuðu þingi, nema þær lúti að 39. gr. stjórnarskrárinnar. Tillögu skal prenta og útbýta, en eigi má umræða fara fram fyrr en daginn eftir útbýtingu.

Fjalli þingsályktunartillaga um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana skulu fara fram um hana tvær umræður. Að lokinni fyrri umræðu skal tillögu vísað til nefndar. Við umræður gilda ákvæði 36. gr. Um tillögu um vantraust fer fram ein umræða og gilda þá ákvæði 36. gr.

Um aðrar þingsályktunartillögur fer fram ein umræða. Flutningsmaður, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, hefur allt að 10 mínútum til framsögu fyrir tillögunni. Þegar eftir ræðu hans skal umræðu frestað og málinu vísað til nefndar. Þegar meiri hluti nefndar hefur skilað áliti um tillöguna tekur forseti hana á dagskrá. Framsögumaður eða menn, svo og flutningsmaður, hafa þá allt að 5 mínútum, en eftir það er ræðutími takmarkaður við 3 mínútur. Flutningsmaður og framsögumenn mega tala þrisvar, en aðrir þingmenn og ráðherrar tvisvar.

2. gr.

5. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, sem hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurninni. Ráðherra og fyrirspyrjandi mega tala tvisvar hvor, ráðherra eigi lengur en 10 mínútur til svara og 5 mínútur í seinna skipti, fyrirspyrjandi 5 mínútur hvoru sinni. Aðrir þingmenn eða ráðherrar mega ekki taka til máls um fyrirspurnina.

3. gr.

Á eftir 33. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Forseti sameinaðs þings getur, þegar fundur hefur verið settur og áður en gengið er til dagskrár, heimilað umræðu utan dagskrár um aðkallandi mál sem ekki þolir bið. Beri nauðsyn til getur forseti gert hlé á dagskrá og heimilað slíka umræðu.

Óski þingmaður að taka til máls utan dagskrár skal hann bera fram beiðni um það við forseta sameinaðs þings eigi síðar en kl. 11 sama dag og umræðan á fram að fara. Skal hann greina umræðuefni skýrt og afmarkað. Snerti málið ráðherra skal hann látinn vita um umræðuna eigi síðar en kl. 12 sama dag.

Við umræðu utan dagskrár mega framsögumaður og ráðherra eigi tala lengur en 10 mínútur hvor, og tali þeir öðru sinni eigi meira en 5 mínútur hvor. Aðrir þingmenn eða ráðherrar mega ekki tala yfir 3 mínútur í senn tvisvar sinnum.

Umræður utan dagskrár eru óheimilar í deildum.

Við umræðu utan dagskrár má engar ályktanir gera.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. var áður flutt af hv. þm. Benedikt Gröndal á 103. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

„Þetta frv. fjallar um þrjá þætti í störfum Alþingis, tillögur til þingsályktunar, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár. Allir hafa þessir þættir vaxið mjög á síðari árum, stundum svo að þrengt hefur löggjafarstarfinu, sem er meginverkefni þingsins.

Þessar breytingar felast í frumvarpinu:

1) **Tillögum til þingsályktunar er skipt í tvo flokka eftir efni þeirra. Fjalli þær um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana (t. d. vegáætlunar) er gert ráð fyrir óbreyttri meðferð, tveim umræðum og nær ótakmörkuðum ræðutíma. Um allar aðrar tillögur skal fara fram ein umræða. Flutningsmaður fái 10 mínútur til framsögu, en síðan verði tillögunni vísað til nefndar án frekari umræðu. Þegar nefnd hefur afgreitt málið fer fram umræða um það, og fá framsögumenn nefndar og flutningsmaður 5 mínútur, en síðan er ræðutími takmarkaður við 3 mínútur. Þingsályktunartillögur verði aðeins leyfðar í sameinuðu þingi. Sá heildartími, sem þær taka, mundi við þessa breytingu styttast verulega.**
2) **Varðandi afgreiðslu fyrirspurna verði sú breyting gerð, að einungis fyrirspyrjandi og ráðherra, sem svarar, taki til máls. Við þetta styttist sá tími, sem þarf til afgreiðslu á hverri fyrirspurn, og ættu þá aðrar fyrirspurnir að fá afgreiðslu mun fyrr. Óvíst er að tími til fyrirspurna í heild styttist, en fleiri fyrirspurnum yrði svarað.**
3) **Sett verði í fyrsta sinn ákvæði í þingsköp um umræður utan dagskrár, en þær hafa á síðari árum orðið veigamikill og nauðsynlegur þáttur þingstarfa. Gert er ráð fyrir, að slíkar umræður fari aðeins fram í sameinuðu þingi, enda ekki eðlilegt, að önnur deildin ræði ein „aðkallandi mál, sem ekki þola bið." Settar eru hömlur á ræðutíma, svo að slíkar umræður fari ekki úr böndum eða ryðji öðrum þingstörfum frá.**

Starfshættir Alþingis hafa tekið miklum breytingum, síðan það var endurreist, enda hafa verkefni þingsins og vandamál íslensks þjóðfélags vaxið hröðum skrefum kynslóð eftir kynslóð.

Alþingi hefur samt sem áður farið með gát í meiri háttar breytingum á þingsköpum, og ekki gripið til þeirra nema á áratugs fresti (1936, 1947, 1952, 1964 og 1972). Er það viturleg stefna, enda hefðir þingsins dýrmætar.

Þrátt fyrir þetta er ekki úr vegi að hyggja nú að ýmsum breytingum, sem þingmenn hafa um skeið rætt sín á milli. Hefur hugmyndum verið komið á framfæri í frumvörpum undanfarin ár, til dæmis varðandi nefndir þingsins. Þá er ljóst, að verði gerð sú stjórnarskrárbreyting að skipa þinginu aftur í eina málstofu kallar það á endurskoðun þingskapa.

Í þessu frv. eru aðeins tekin til athugunar þrjú atriði, sem mörgum hefur fundist tefja fyrir löggjafarstarfinu, höfuðverkefni þingsins. Síðustu hálfa öld hafa þingsályktunartillögur, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár vaxið mjög að fyrirferð í þingstörfum, fylla nú tvo fundardaga af fjórum í viku hverri, og dugir varla til. Er augljóst, að þingið þarf að setja skorður við þessari þróun og hefta vöxt þessara þátta hvað tíma snertir til að bein lagasetning njóti þess forgangs, sem hún verður að hafa.

Á Alþingi hefur til skamms tíma ríkt nálega algert málfrelsi. Að vísu hafa þingmenn aðeins fengið að tala tvisvar í hverri umræðu, en þeim er sjaldan neitað um athugasemd til

viðbótar. Ræðutími hefur verið ótakmarkaður. Ákvæði þingskapa um takmörkun umræðu hafa reynst illa, en helsta ráð forseta er að grípa til næturfunda.

Árið 1972 var stigið stórt skref í þessum efnum, er umræður um fyrirspurnir voru takmarkaðar við 2 mínútna ræðutíma annarra en fyrirspyrjanda og ráðherra. Þá var rætt um að stíga skrefið til fulls og heimila ekki öðrum að tala um fyrirspurn en þeim, sem hana flytur, og ráðherra, er svarar. Nú er, að fenginni áratugs reynslu, lagt til að skrefið verði stigið. Ekki er þó líklegt, að heildartími fyrirspurna á fundum þingsins styttist, en fleiri fyrirspurnum ætti að fást svarað og fyrr en verið hefur. Er það til verulegra bóta.

Tillögum til þingsályktunar hefur fjölgað mjög á síðari árum. Þær, sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál, vantraust eða staðfestingu á framkvæmdaáætlunum, eru sérstaks eðlis. Í samþykkt þeirra felst jafnan mikilvæg ákvörðun. Er sjálfsagt, að um slík mál verði ávallt tvær umræður og ræðutími verði með sama hætti og um lagafrumvörp, nema hvað rétt er að afgreiða tillögur um traust eða vantraust á ráðherra og ríkisstjórnir við eina umræðu og vísa þeim ekki til nefndar.

Aðrar þingsályktunartillögur eru annars eðlis. Þær eru ályktanir um hvers konar efni, ýmist yfirlýsingar þingsins, óskir, áskoranir eða fyrirmæli um rannsóknir, athuganir eða undirbúning frumvarpa. Þetta eru mál, sem ekki verða flutt í frumvarpsformi, en þingflokkar eða einstakir þingmenn telja mikilvægt að koma á framfæri og kynna þingi og þjóð.

Þessi síðast nefndu mál hafa í raun náð tilgangi sínum, þegar þau hafa verið flutt á prentuðu þingskjali og mælt hefur verið fyrir þeim. Ættu þingmenn að una vel við að geta flutt mál sitt á þennan hátt. Þegar meiri hluti nefndar hefur skilað áliti um tillögu, kemur hún til umræðu, sem lagt er til að hafa með líku sniði og verið hefur um fyrirspurnir. Hefur reynslan sýnt, að alþingismenn geta með ágætum rætt mál með 2—3 mínútna ræðurtíma.

Öll nútíma þjóðþing þurfa að hafa opna leið til þess, að þingmenn geti nálega fyrirvaralaust hafið umræðu um aðkallandi málefni, sem þola ekki bið eða ekki verða afgreidd á viðundandi hátt innan ramma venjulegra þingmála. Er mjög mismunandi hvaða form hefur verið valið fyrir slíkar umræður.

Hér á landi hefur verið farin sú leið, að forsetar leyfi umræður utan dagskrár. Hefur skapast sú hefð, að þingmenn leiti eftir samþykki forseta og láti viðkomandi ráðherra vita fyrir hádegi sama dag og umræðan á að fara fram.

Enda þótt umræður utan dagskrár gegni mikilvægu hlutverki, er ekki stafur um þær í þingsköpum, heldur eru þær algerlega á valdi forseta. Hefur þeim oft reynst erfitt að hemja ræðutíma og þessar umræður hafa sprengt starfsramma þingsins.

Með því að setja í þingsköp þau ákvæði sem lagt er til í 3. gr., mundu umræður utan dagskrár hljóta formlega viðurkenningu, sem er óhjákvæmileg fyrr eða síðar. Umræðurnar mundu takmarkaðar við sameinað þing og því ekki trufla afgreiðslu lagafrumvarpa. Þá mundi sett regla um samþykki forseta, en hann verður að meta, hvort málefni er „aðkallandi og þolir ekki bið“ eða ekki. Einnig yrði sett regla um tilkynningu til ráðherra, og loks yrði ræðutími takmarkaður.

Rétt er að líta á þetta frv. sem hugmynd að ákvæðum um þá þætti í störfum Alþingis, sem fjallað er um. Flutningsmanni er að sjálfsögðu ekki fast í hendi að einstök atriði, til dæmis ræðutími, verði nákvæmlega eins og greint er, enda eðlilegt að þau séu samkomulagsatriði.“

Sþ. # 36. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1984.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 17. október 1983.)

EFNISYFIRLIT

Inngangur ....

I. Markmið ....
1. Atvinnuöryggi ....
2. Hjöðnun verðbólgu ....
3. Jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd ....
4. Kaupmáttur ....

II. Stefna og ráðstafanir ....
1. Stefnan í gengismálum: Gengisfesta ....
2. Lánskjarastefnan ....
3. Stefnan í peningamálum ....
4. Erlendar lántökur ....
5. Fjármál ríkisins ....
6. Verðlags- og viðskiptamál ....
7. Launamál ....
8. Fjárfestingarstefnan ....
9. Málefni atvinnuveganna ....
10. Endurskipulagning stjórnkerfis og peninga- og lánastofnana ....
11. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda varanlegra framfara ....

III. Framvinda efnahagsmála 1983 og horfur 1984 ....
Framvindan 1983 ....
1. Almennt yfirlit ....
2. Efnahagsaðgerðir í maílok 1983 ....
3. Fjármál ríkisins ....
4. Peningamál ....
5. Hagur atvinnuvega ....

Horfur 1984 ....
6. Útflutningsframleiðsla og útflutningur ....
7. Verðlag og tekjur ....
8. Utanríkisviðskipti ....
9. Þjóðarútgjöld ....
10. Yfirlit þjóðhagsáætlunar ....

Töfluviðauki ....

Inngangur

Á liðnu ári og það sem af er þessu hefur þjóðarbúskapurinn hreppt mikinn andbyr. Við langvarandi lægð í hagvexti í helstu viðskiptalöndum og milliríkjaviðskiptum hefur bæst mikill samdráttur í fiskafla, en sjávarútvegur hefur borið uppi hagvöxt hér á landi um árabil. Verulegur halli varð í viðskiptum við önnur lönd árið 1982, eða 10% af þjóðarframleiðslu, þjóðarframleiðsla dróst saman, verðbólga fór ört vaxandi og skuldir þjóðarinnar erlendis jukust. Umskiptin til hins verra í þjóðarbúskapnum voru þegar mikil á árinu 1982 en ágerðust enn framan af ári 1983, meðal annars vegna þess að þorskafli á vetrarvertíð varð mun minni en árið áður og ekki þótti fært að leyfa loðnuveiði. Á sama tíma og útflutningstekjur þjóðarinnar minnkuðu hélt innlendur kostnaður jafnt og þétt áfram að hækka. Afkomugrundvöllur atvinnuveganna var því ótryggur, og þar með atvinnan í landinu. Við lok fyrsta ársfjórðungs var ljóst, að verðbólga stefndi óðfluga yfir 100% á ári. Að óbreyttu kerfi verðbóta hefðu laun hækkað um 22% hinn 1. júní 1983. Fyrirsjáanlegt var, að í kjölfarið tæki verðbólgan nýtt stökk upp á við.

Að afstöðnum alþingiskosningum 23. apríl síðastliðinn blöstu þess vegna við erfiðari verkefni í efnahagsmálum en um langt skeið. Efnahagsvandinn, sem við var að glíma, á rætur að rekja til erfiðra ytri skilyrða og innri hagstjórnarvanda.

Ríkisstjórnin, sem tók við starfi hinn 26. maí 1983, greip þegar í stað til róttækra efnahagsráðstafana. Þessar ráðstafanir beindust að því að draga ört úr verðbólgu, tryggja afkomu atvinnuveganna og minnka viðskiptahallann við útlönd. Aðgerðum þessum er nánar lýst í kaflanum um framvindu efnahagsmála síðar í þessari skýrslu, en í meginatriðum voru þær fólgnar í lækkun gengis, afnámi verðbóta á laun, lögbindingu launahækkunar til janúarloka 1984, og tekjuskiptingaraðgerðum innan sjávarútvegsins auk þess sem skattar voru lækkaðir nokkuð og tilfærslur til heimilanna auknar til að milda áhrif aðgerðanna á kjör almennings.

Nú að liðnum rösklega fjórum mánuðum er ekki annað að sjá en framvindan hafi verið nokkurn veginn í samræmi við þær áætlanir, sem gerðar voru um áhrif aðgerðanna við stjórnarskiptin. Óhjákvæmilegar verðhækkanir í kjölfar gengisbreytingarinnar í maílok og óleystra vandamála frá fyrri tíð eru nú að mestu komnar fram og verðbólgan hefur lækkað ört undanfarna tvo mánuði. Þannig var árshraði verðbreytinga á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar á tímabilinu 1. ágúst til 1. október um 25% samanborið við 131% á tímabilinu 1. febrúar til 1. maí og 118% á tímabilinu 1. maí til 1. ágúst 1983. Útlit er fyrir, að verðbreytingar hafi mjög hægt á sér, og verðbólguhraðinn um áramót verði örugglega kominn niður fyrir 30% á ári. Vísitala byggingarkostnaðar hefur reyndar hækkað um 2—2½% á mánuði tímabilið júlí til september 1983, sem jafngildir um 30% árshraða. Atvinnuástand hefur verið viðunandi enda samkeppnisstaða atvinnuveganna yfirleitt góð, ef frá eru taldar nokkrar greinar innan sjávarútvegs, en þar er um sérstök vandamál að ræða, sem lengri tíma tekur að leysa. Sæmilegt jafnvægi virðist hafa náðst í kaupum og sölu á gjaldeyri, og horfur eru á að viðskiptahalli verði miklu minni en á liðnu ári, eða um 2,2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 10% 1982. Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa því borið tilætlaðan árangur. Enn er þó við að glíma jafnvægisleysi í ríkisfjármálum og peningamálum.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum mun á næstu mánuðum beinast að því annars vegar að tryggja áframhaldandi árangur aðgerðanna, sem gripið var til við stjórnarskiptin, og hins vegar að teysta grundvöll efnahagslífsins með samstilltum aðgerðum í gengismálum,

fjármálum ríkisins og peningamálum, jafnframt verður stuðlað að framförum í atvinnumálum.

Í fyrsta hluta þessarar skýrslu er gerð grein fyrir markmiðum efnahagsstefnunnar. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir stefnu og ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og í þriðja hlutanum er lýst framvindu og horfum í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og þær virðast í þingbyrjun 1983. Fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 eru reist á sömu markmiðum og forsendum í efnahagsmálum og hér er lýst.

I.

Markmið

Ríkisstjórnin setti fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirfarandi markmið:

— Atvinnuöryggi.
— Hjöðnun verðbólgu.
— Viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.
— Verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra, sem þyngst framfæri hafa.

Þessi stefnumið gilda einnig framvegis, en forsenda árangurs í þessum efnum er, að það takist að:

— Koma sem fyrst á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.
— Beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni.
— Örva framfarir og fjölbreytni í atvinnulífinu.
— Bæta skipulag stjórnkerfisins og peninga- og lánastofnana.

Að þessum verkefnum hefur ríkisstjórnin unnið og mun vinna á starfstíma sínum.

1. Atvinnuöryggi.

Á síðastliðnu vori var mikil hætta á því, að óðaverðbólga kippti fótunum undan atvinnuvegunum og stofnaði þar með atvinnu manna í hættu. Tekist hefur að bægja þessari hættu frá. Áætlað er, að skráð atvinnuleysi á þessu ári verði að meðaltali um 1% af mannafla. Þessi tala er með því að allra lægsta sem þekkist í nálægum löndum. Ríkisstjórnin setur áframhaldandi atvinnuöryggi sem meginmarkmið í landsmálum á næsta ári. Til þess að þetta markmið náist þarf afkoma atvinnuveganna að vera tryggð. Í því efni ráða ákvarðanir annarra aðila í hagkerfinu ekki síður úrslitum en ákvarðanir stjórnvalda.

2. Hjöðnun verðbólgu.

Víst má telja, að verðbólguhraðinn verði í árslok 1983 kominn niður fyrir 30% miðað við heilt ár. Þetta er mikill árangur þegar þess er gætt að verðbólgan fór yfir 130% árshraða á fyrstu mánuðum ársins. Mikið er í húfi, að það takist að staðfesta þennan árangur og ná enn frekari hjöðnun verðbólgu á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur sett sem mark í þessu efni, að í lok árs 1984 verði verðbólga komin undir 10% á ári. Hvort slíkur árangur næst er auðvitað ekki eingöngu undir aðgerðum stjórnvalda komið heldur einnig ytri skilyrðum og ekki síst ákvörðunum annarra aðila í hagkerfinu. Það hlýtur að vera keppikefli efnahagsstefnunnar að koma verðbreytingum hér á landi sem fyrst niður á svipað stig og ríkir í nágrannalöndunum.

3. Jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1983 bendir til þess að verulega muni draga úr viðskiptahalla. Því er spáð að viðskiptahallinn verði 1 150 milljónir króna eða 2,2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 10% 1982. Þetta er mikilsverður árangur. Þess þarf þó að gæta, að hann

stafar að nokkru leyti af birgðabreytingum. Afar mikilvægt er því að enn verði haldið í átt til betra jafnvægis á næsta ári. Stefna þarf að sem næst hallalausum viðskiptajöfnuði árið 1984, sem er forsenda þess, að unnt verði að stöðva söfnun skulda erlendis. Ríkisstjórnin mun stefna að því, að erlendar skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hækki ekki á næsta ári.

4. Kaupmáttur.

Lífskjör þjóðarinnar hlutu að skerðast vegna óhagstæðrar efnahagsþróunar á árinu 1983. Í fyrsta lagi er hér um að ræða óhjákvæmilega aðlögun að afturkipp í þjóðarbúskapnum árin 1982 og 1983. Í öðru lagi voru þjóðarútgjöld þegar á árunum fyrir 1982 um efni fram, eins og meðal annars kom fram í miklum viðskiptahalla 1981. Í þriðja lagi er um að ræða tímabundna, en ekki síður nauðsynlega kaupmáttarfórn til þess að takast megi að draga ört úr verðbólgu án þess að til atvinnubrests komi. Því er spáð, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði um 12% minni 1983 en hann var 1981 en þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann 9—10% minni. Í þessu sambandi er þess að gæta, að viðskiptahalli nam 5% af þjóðarframleiðslu árið 1981. Þótt dregið hafi verið úr fjárfestingu um 10% á þessu ári og spáð sé 5—6% samdrætti í fjárfestingu á næsta ári virðist ekki líklegt eins og nú horfir, að hærra kaupmáttarstig en spáð er á síðari hluta árs 1983 samrýmist að sinni jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Kaupmáttur launa og ráðstöfunartekna verður nokkru lægri á síðustu mánuðum ársins 1983 en að meðaltali yfir árið, og er talið að sá munur geti verið um 5%. Til þess að tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd á næsta ári er ekki svigrúm til almennra kjarabóta frá þessu stigi fyrst um sinn. Vonir standa til þess að á næsta ári verði botni náð í þeim öldudal, sem þjóðarbúskapurinn hefur verið í um tveggja ára skeið. Ríkisstjórnin vill stuðla að því, að lífskjör almennings fari batnandi á ný jafnskjótt og jafnvægi er náð í þjóðarbúskapnum og hagvöxtur glæðist á ný.

II.

Stefna og ráðstafanir

Í stefnuyfirlýsingu sinni lýsti ríkisstjórnin grundvelli efnahagsstefnu sinnar með þessum orðum:

> *Festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgerð ákvarðana í efnahagslífinu. Að loknum aðlögunartíma beri aðilar vinnumarkaðarins ábyrgð á samningum um kaup og kjör í ljósi hinnar opinberu stefnu í gengis- og kjaramálum.*

Í stefnuyfirlýsingunni kom einnig fram, að stjórnin myndi í þjóðhagsáætlun, fjárlagafrumvarpi og lánsfjár- og fjárfestingaráætlun, að undangengnum viðræðum við aðila vinnumarkaðarins, marka stefnu í fjármálum, peningamálum, gengismálum og launamálum til að tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu, verndun kaupmáttar og atvinnuöryggi á næsta ári.

Hér á eftir verður þessari stefnu og ákvörðunum, sem á henni eru byggðar, lýst í einstökum atriðum. Þessi stefna markar tímamót í stjórn efnahagsmála. Með henni kynnir ríkisstjórnin tímanlega með afdráttarlausum og ákveðnum hætti stefnu sína að því er varðar gengi, ríkisfjármál, lánskjör og peningamál fyrir næsta ár, þannig að aðrir aðilar geti tekið sínar eigin ákvarðanir í því ljósi. Í þessu sambandi skal skýrt fram tekið, að það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að hvika ekki frá þessari stefnu. Mikil ábyrgð hvílir á öllum þeim fjölmörgu aðilum í hagkerfinu, sem fara með ákvörðunarvald hver á sínu sviði, að ekki verði farið út fyrir þau mörk, sem samrýmast jafnvægi í þjóðarbúskapnum og áframhaldandi hjöðnun verðbólgu.

1. Stefnan í gengismálum: Gengisfesta.

Við stjórnarmyndunina var því lýst yfir, að stefnt yrði að sem mestum stöðugleika í gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, eftir því sem aðstæður innanlands og utan frekast leyfðu. Þessari stefnu hefur verið framfylgt og verður fylgt framvegis. Eftir gengisbreytinguna 27. maí hefur meðalgengi gagnvart helstu gjaldmiðlum haldist nær óbreytt.

Gengisbreytingin í maí síðastliðnum var við það miðuð að mynda fullnægjandi almennan rekstrargrundvöll framleiðslustarfseminnar fram til næstu áramóta og draga úr viðskiptahalla, án þess að grípa þyrfti til sérstakrar gengisaðlögunar vegna hækkunar launa og fiskverðs í byrjun október. Ekki hefur orðið nein sú breyting á ytri aðstæðum síðan, að tilefni gefi til breyttra viðhorfa í þessu efni. Að óbreyttum framleiðslukostnaði í landinu og ytri skilyrðum gefur gildandi gengi hvatningu til aukinnar framleiðslu til útflutnings og sparnaðar í innflutningi, og er þannig undirstaða, sem unnt er að reisa á bættan þjóðarhag. Kjarasamningar verða að miðast við að ráða tekjuskiptingunni til lykta á grundvelli raunverulegra verðmæta án skerðingar á gildi krónunnar, en jafnframt án þess að stofna afkomu og atvinnu í hættu.

Ríkisstjórnin mun stefna að sem mestri gengisfestu á næsta ári og með því mynda trausta og raunhæfa umgjörð um tekjuákvarðanir stétta og atvinnugreina. Á grundvelli þessarar stefnu mun Seðlabankinn skrá daglegt kaup- og sölugengi með þeirri meginviðmiðun að halda meðalgengi sem stöðugustu á næsta ári innan 5% marka til hvorrar áttar eftir því sem nánar verður ákveðið. Áskilja verður nokkurn sveigjanleika eftir breytilegu gengi helstu gjaldmiðla erlendis. Breytt raunveruleg ytri skilyrði geta orðið óhjákvæmilegt tilefni gengisendurskoðunar, hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Frá viðnámi við innlendri verðbólguþróun verður hins vegar ekki hvikað, og verður sú stefna einnig studd aðhaldi á öllum öðrum sviðum hagstjórnar.

Ríkisstjórnin telur að þetta sé raunhæf gengisstefna miðað við horfur í efnahagsmálum fyrir næstu misseri, en nú standa vonir til, að útflutningsframleiðsla muni aukast lítillega á næsta ári eftir tveggja ára samdráttarskeið og viðskiptakjör haldist óbreytt í meginatriðum.

Ásamt aðhaldi í fjármálum og peningamálum, mun þessi stefna stuðla að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og betra jafnvægi í efnahagsmálum á næsta ári. Með þessari ákvörðun er mótuð almenn umgjörð fyrir ákvarðanir og samninga í efnahagslífinu, er gerðir verði á ábyrgð þeirra, sem að þeim standa.

2. Lánskjarastefnan.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var ákveðið, að vextir skyldu lækka í samræmi við verðbólgustig, svo fljótt sem árangur af hjöðnunaraðgerðum gegn verðbólgu leyfði. Grundvöllur lánskjara skyldi endurskoðaður og stefnt að lengri lánstíma.

Þegar verulegur árangur í viðureigninni við verðbólguna fór að koma í ljós í september, var stigið fyrsta skrefið til lækkunar. Hinn 21. september síðastliðinn voru vextir af óverðtryggðum útlánum og innlánum lækkaðir að meðaltali um nálægt 7% miðað við ársávöxtun, en misjafnlega til nokkurrar leiðréttingar á þeirri mismunun, sem á var orðin í vaxtakerfinu. Að óbreyttum horfum um áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar er gert ráð fyrir frekari vaxtalækkunum í viðbót til áramóta. Þessari stefnu verður fram haldið á árinu 1984 eftir því sem úr verðbólgu dregur.

Sú lækkun vaxta, sem þegar hefur verið ákveðin og ráðgerð, mun bæta greiðslustöðu atvinnuvega og einstaklinga, og þar með stuðla að aðlögun kostnaðar að stöðugra verðlagi og hvetja til hófstillingar í verðákvörðunum og enn frekari árangurs í hjöðnun verðbólgu. Að fenginni samræmingu vaxta og verðbólgu verður meginstefnu laga um verðtryggingu sparifjár og annarra fjárskuldbindinga fylgt á næsta ári, og munu kostir slíks kerfis þá koma

æ betur í ljós með hjaðnandi verðbólgu. Mun ákvörðun hæfilegra raunvaxta eiga veigamiklu hlutverki að gegna til eflingar sparnaðar og bætts jafnvægis lánsfjármarkaðar og þjóðarbús á næsta ári og framvegis. Að því er stefnt að raunvextir verði jákvæðir í lok næsta árs.

Tímabil gengisfestu frá júníbyrjun hefur enn leitt í ljós, að útflutningsatvinnuvegir búa við aðra tekjuþróun en fram kemur í innlendu verðlagi. Til þess að koma á betra samræmi í þessum efnum var því nýlega ákveðið að taka á ný upp gengisbundin afurðalán vegna útflutningsafurða. Afurðalán munu framvegis verða bundin gengi SDR — sérstakra dráttarréttinda[1]) — og bera vexti, sem hreyfast með SDR–vaxtaviðmiðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessi tilhögun mun gilda frá 21. september 1983. Vextir af þessum afurðalánum hafa í upphafi verið ákveðnir 9½% frá viðskiptabönkum til endanlegra lántakenda fyrir september og október.

Breytingar hafa verið gerðar á útreikningi lánskjaravísitölu í því skyni, að hún fylgi með sem minnstri töf hjöðnun verðbólgunnar. Vísitalan er nú frá og með 1. október síðastliðnum reiknuð á grundvelli mánaðarlegra útreikninga framfærslu- og byggingarkostnaðar. Lánskjaravísitalan hækkaði um 1,4% 1. október samkvæmt þessari nýju aðferð. Hinn nýi reikningsháttur var þó látinn taka gildi mánuði fyrr gagnvart opinberum húsnæðislánum og námslánum, en við það hækkuðu þessi lán hinn 1. september 3% minna en ella, og var tilmælum beint til lífeyrissjóðanna, að sama regla yrði látin gilda um íbúðalán þeirra.

Lánstími verðtryggðra lána er í mörgum tilvikum of skammur. Ríkisstjórnin gerði því þegar við stjórnarskiptin ráðstafanir til að heimila frestun á hluta afborgana og vaxta af húsnæðislánum. Frá upphafi var þó ljóst, að þessi frestur hrykki skammt. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir almennri lengingu lánstíma verðtryggðra lána í samræmi við meginstefnu laga nr. 13/1979 um þetta efni. Sérstakar ráðstafanir verða gerðar á sviði húsnæðislána. Lán Byggingarsjóðs ríkisins eru hækkuð um 50% að tiltölu við kostnaðarviðmiðun og gildir það afturvirkt um nýbyggingar- og húsakaupalán áranna 1982-83. Lánstími lengist um 5 ár, upp í 31 ár á nýbyggingarlánum og 21 ár á lánum út á eldra húsnæði. Lán verða afborganalaus fyrstu tvö árin og gjalddögum fjölgað í 4 á ári. Haldið verður áfram að efla húsnæðislánakerfið á næstu árum til aukinnar lánagetu miðað við byggingarkostnað.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 verður nánari grein gerð fyrir þessum ráðstöfunum.

Meðal annars með framangreindum ráðstöfunum hyggst ríkisstjórnin koma á eðlilegu ástandi á lánamarkaði, en það viðfangsefni er mjög mikilvægt nú, þegar þjóðarbúið er að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar.

3. Stefnan í peningamálum.

Mikilvægt er, að aðhald í peningamálum stuðli að því ásamt aðhaldi í erlendum lántökum og ríkisrekstri, að árangur náist bæði í lækkun verðbólgu og bata í viðskiptajöfnuði við útlönd á næsta ári. Auk raunhæfrar lánskjarastefnu verður stuðlað að þessu með því að halda aukningu peningamagns og útlánum bankakerfisins innan eðlilegra marka miðað við þróun þjóðarframleiðslu og þau markmið um minnkandi verðbólgu, sem ríkisstjórnin hefur sett. Til þess að svo megi verða er sérstaklega brýnt, að takmakað verði útstreymi fjár úr Seðlabankanum til innlánsstofnana, en þar skiptir þróun endurkaupa og annarrar fyrirgreiðslu Seðlabankans mestu máli. Til þess að ná árangri í þessum efnum verður sérstaklega stefnt að því að endurskoða núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi bankanna, m. a. með það í huga, að draga úr endurkaupastarfsemi Seðlabankans, en auka hlutdeild viðskiptabanka og sparisjóða í þessari lánastarfsemi að sama skapi.

1) SDR er alþjóðlegur gjaldmiðill byggður á meðalgengi fimm helstu viðskiptamynta heimsins.

4. Erlendar lántökur.

Miklar erlendar lántökur hafa á undanförnum árum átt þátt í því að draga úr nauðsynlegu aðhaldi í opinberri fjármálastjórn og fjárfestingu og grafa undan peningalegu jafnvægi. Samkvæmt nýjustu spám lítur út fyrir, að erlendar skuldir muni í árslok 1983 nema um 60% af þjóðarframleiðslu, en þetta hlutfall var 48% 1982 og 37% árið 1981. Stafar þessi öra hækkun undanfarin tvö ár annars vegar af miklum erlendum lántökum, en hins vegar af minnkun þjóðarframleiðslu og miklum hækkunum á gengi erlendra gjaldmiðla, sem þessar skuldir eru í skráðar.

Ríkisstjórnin mun því við frágang lánsfjáráætlunar leggja höfuðkapp á það, að frekari skuldasöfnun erlendis leiði ekki til þess, að skuldabyrðin í hlutfalli af þjóðarframleiðslu hækki frekar á næsta ári. Verður því gætt ýtrasta aðhalds í erlendum lántökum og þær bundnar við hagkvæmar og nauðsynlegar framkvæmdir og öflun framleiðslutækja, einkum til útflutnings-, framleiðslu- og samkeppnisgreina.

5. Fjármál ríkisins.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983 var stefnt að jafnvægi í ríkisfjármálum. Nýleg athugun bendir hins vegar til þess að á árinu 1983 skili tekjustofnar ríkissjóðs ekki þeim tekjum sem til þarf, eigi jafnvægi að haldast í ríkisfjárhagnum. Horfur eru á að rekstrarhalli ríkissjóðs í árslok muni verða 800—900 milljónir króna. Þar við bætist að lánajöfnuður mun að öllum líkindum reynast neikvæður um 200—250 milljónir króna. Greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu gæti því orðið 1 000—1 200 milljónir króna. Sá fjáröflunarvandi, sem þessu fylgir, verður að svo stöddu ekki leystur á annan hátt en með lántökum.

Hin miklu umskipti, sem nú blasa við í ríkisfjármálum, fela í sér vandamál til úrlausnar, sem stjórnvöld munu taka á við gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Á sviði ríkisfjármála eru þrjú meginviðfangsefni á næsta og næstu árum.

Í fyrsta lagi hafa ríkisumsvif og skattheimta aukist á undanförnum árum. Ríkisstjórnin mun láta fara fram gagngera endurskoðun á ríkisfjármálum, með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifum og útgjöldum, án þess að það bitni á eðlilegri og nauðsynlegri þjónustu við almenning. Tilteknir þættir, sem nú eru í forsjá hins opinbera, verða færðir til einkaaðila. Ríkið mun draga úr afskiptum af atvinnustarfsemi. Skipan skattheimtu og tollheimtu verður einfölduð og samræmd. Uppsöfnunaráhrifum tolla og aðflutningsgjalda verður eytt og stefnt að lækkun þeirra. Samskipti við sveitarfélög verða einfölduð á þann hátt, að staðbundnum verkefnum verði yfirleitt stjórnað og fjár aflað til þeirra af sveitarfélögum. Þetta eru langtímaviðfangsefni sem ríkisstjórnin hefur sett sér, en fyrstu skrefin í þessa átt hafa þegar verið stigin og nokkur birtast í fjárlagafrumvarpinu.

Annað meginviðfangsefni er sá mikli halli, sem myndast hefur hjá ríkissjóði á árinu 1983. Horfur virðast nú á, að greiðsluhalli verði 1 000—1 200 milljónir króna á þessu ári. Hér veldur í senn afturkippur í þjóðarbúskapnum, sem kemur hart niður á tekjum ríkissjóðs, en einnig vöxtur útgjalda. Þær aðstæður, sem orðið hafa þess valdandi, að halli hefur myndast á ríkissjóði 1983, munu einnig hafa nokkur áhrif á næsta ári. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði áfram veruleg á næsta ári, en öll fjárlagagerðin miðast við það að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Leitað hefur verið allra leiða til þess að lánsfjárþörfin verði sem minnst. Til þess að fjármagna hallann, sem myndast hefur á árinu 1983, er meðal annars í undirbúningi útgáfa á gengistengdum skuldabréfum, sem verða boðin til sölu innanlands ásamt venjubundnum spariskírteinum. Auk þess verða gefin út sérstök skuldabréf, sem tengjast tilteknum verkefnum eins og væntanlegt skuldabréfaútboð

vegna húsnæðislána. Með þessum hætti og fleiri ráðstöfunum verður stuðlað að því, að það markmið náist, sem ríkisstjórnin hefur sett sér varðandi erlendar lántökur á næsta ári.

Tilhögun innlendrar lánsfjáröflunar á þessu og næsta ári verður nánar skýrð í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Þriðja höfuðverkefnið á sviði ríkisfjármála um þessar mundir, sem reyndar er samofið hinum fyrri tveimur, eru fjármálaráðstafanir til að styðja stefnu stjórnvalda í baráttunni við verðbólguna en styrkja jafnframt stöðu þeirra, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu. Í þessu skyni voru skattar lækkaðir og tilfærslur til heimilanna hækkaðar sérstaklega á árinu 1983. Erfið fjárhagsstaða ríkissjóðs setur því fé þröngar skorður, sem ráðstafa má í þessu skyni. Hér er hins vegar um það að ræða að kjörum sé skipað af sanngirni. Ríkisstjórnin er staðráðin í því að auka ekki skattaálögur á almenning og atvinnuvegi þrátt fyrir erfiða stöðu ríkissjóðs. Þótt ekki sé svigrúm til frekari skattalækkana í bili, stefnir ríkisstjórnin að áframhaldandi lækkun skatta í áföngum á kjörtímabilinu. Í fjárlagafrumvarpinu er að því stefnt, að sá stuðningur við lífskjör hinna lakast settu, sem ríkisstjórnin veitti á árinu 1983, rýrni ekki. Þannig verður til dæmis verulegum fjárhæðum ráðstafað til þess að jafna húshitunarkostnað í landinu. Í lánsfjáráætlun verður einnig gert ráð fyrir auknu fé til húsnæðislána, enda hagur margra húsbyggjenda erfiður. Í fjárlagafrumvarpinu felst, að skattbyrði heimilanna verði ekki þyngri að tiltölu en hún er á árinu 1983. Allt er þetta framhald þeirrar stefnu, sem mótuð var með og í kjölfar bráðabirgðalaganna um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, sem sett voru í maílok.

Minnkuð umsvif hins opinbera á árinu 1984 koma skýrt fram í áætlun um opinberar framkvæmdir, en ráðgert er að draga um 8—9% úr opinberum framkvæmdum. Framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eru ýmist alveg aflögð eða þau takmörkuð. Byggingaráformum á ýmsum sviðum er slegið á frest og dregið úr byggingarhraða annars staðar. Verður ekki undan þessu vikist eigi ríkisstjórnin að geta staðið við loforð í húsnæðis- og vegamálum, sem njóta forgangs. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1984 mun stefna hins opinbera að því varðar fjárfestingu og lánsfjáröflun til framkvæmda skýrð nánar.

6. Verðlags- og viðskiptamál.

Til janúarloka 1984 gilda ákvæði bráðabirgðalaga nr. 58/1983 um sérstaka meðferð verðlagsmála. Á þeim tíma verða eingöngu leyfðar verðhækkanir vegna brýnustu kostnaðarhækkana. Gjaldskrár opinberra fyrirtækja munu haldast óbreyttar frá því sem nú er eða að minnsta kosti fram til janúarloka 1984. Að þessu tímabili liðnu verður dregið úr opinberum afskiptum af verðákvörðunum, þannig að neytendur og atvinnuvegir fái að njóta hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar, þar sem samkeppni er næg. Sveitarfélögin munu sjálf ákveða gjaldskrár þjónustufyrirtækja sinna. Ríkisstjórnin mun láta almennar reglur laga og viðskiptalífs ráða verðmyndun framvegis. Í þessu felst ekki afskiptaleysi af verðlagsþróun. Hins vegar verður hér eftir meira treyst á það aðhald, sem samkeppni og verðkannanir og eftirlit með samkeppnishömlum af opinberri hálfu veitir, en beina íhlutun ríkisins í einstakar verðákvarðanir.

Haldið verður áfram að tryggja sem hagstæðasta markaði erlendis fyrir íslenskar framleiðsluvörur, meðal annars með virkri þátttöku í samstarfi Evrópulanda um fríverslun og sérstökum samningum við þau markaðslönd, sem ekki eru aðilar að því samstarfi. Vegna þýðingar utanríkisviðskipta fyrir Ísland er áríðandi að alþjóðaviðskipti séu frjáls og staðið verði gegn hverskonar óeðlilegum hömlum og verndarráðstöfunum sem torvelda þau.

7. Launamál.

Tímabili lögbindingar launa lýkur í janúarlok 1984. Þar eftir eru kaup og kjör á valdi og ábyrgð samningsaðilanna á vinnumarkaðnum. Verðbótaákvæði eru þó óheimil í kjarasamningum fram til maíloka 1985.

Með því að birta fyrirfram ákveðna stefnu í gengismálum, peninga- og fjármálum hefur verið markaður rammi fyrir þróun helstu stærða í hagkerfinu á næsta ári að svo miklu leyti sem þær eru á valdi ríkisstjórnarinnar. Þessi rammi er þannig sniðinn, að verðbólga fari enn hjaðnandi á næsta ári. Í samningum við opinbera starfsmenn mun ríkisstjórnin miða afstöðu sína við þessa umgjörð. Í því felst að hækkun peningalauna á næsta ári eru þröngar skorður settar. Annars vegar af því að horfur virðast á að þjóðartekjur dragist fremur saman en aukist á næsta ári og hins vegar af þeirri brýnu þörf, sem á því er að áfram verði dregið úr verðbólgu og viðskiptahalla. Innan þessara marka og á grundvelli stefnunnar í gengismálum verður í þessari þjóðhagsáætlun reiknað með því, að kauptaxtar verði að meðaltali um 6% hærri árið 1984 en þeir verða í byrjun ársins samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum. Í þessu felst hvorki tilboð né ákvörðun af ríkisins hálfu, en hins vegar mat á því hve lengst megi ganga í launahækkunum, þegar á heildinna er litið, ef takast á að ná þeim markmiðum sem efnahagsstefnunni hafa verið sett. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1984 er miðað við þessa áætlun um launabreytingar og samsvarandi gengis- og verðlagsbreytingar. Í þessu sambandi er rétt að hafa hugfast, að hagur almennings ræðst af sköpun raunverulegra verðmæta á þjóðarbúinu en ekki af þrátefli um skiptingu þjóðarteknanna við skilyrði óðaverðbólgu, þar sem kylfa ræður oft kasti. Ekki síst af þessum sökum er mikilvægt að það takist að hemja verðbólguna. Takist það verður greiðara fyrir fæti í sókn til betri lífskjara í landinu, sókn sem gæti hafist á næsta ári, ef skynsamlega er á málum haldið.

8. Fjárfestingarstefnan.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984 eru veigamiklar ákvarðanir um framkvæmdir hins opinbera, um framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga og til fjárfestingarlánasjóða, sem áhrif hafa á heildarfjárfestinguna á næsta ári. Þessar ákvarðanir eru undirstaða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984, sem lögð verður fram á Alþingi ásamt frumvarpi til lánsfjárlaga á næstu vikum. Með þessum ákvörðunum er stefnt að 8—9% samdrætti í opinberum framkvæmdum á næsta ári. Frumdrög að fjárfestingarspá fyrir árið 1984 benda til þess að önnur fjárfesting muni dragast heldur minna saman, þannig að fjárfesting í heild verði 5—6% minni 1984 en 1983. Í þessu felst, að hlutfall heildarfjárfestingar af þjóðarframleiðslu verði innan við 24%, sem er lægra en verið hefur mörg undanfarin ár. Þetta aðhald í fjárfestingu á þjóðarbúinu er nauðsynlegt til þess að draga úr halla á utanríkisviðskiptum. Í sambandi við fjárfestingarstefnuna skipta þó ekki heildarfjárhæðirnar einar máli, ekki er síður mikilvægt, að fjárfestingin beinist í hagkvæmar og arðsamar framkvæmdir, en á það leggur ríkisstjórnin ríka áherslu.

9. Málefni atvinnuveganna.

Ríkisstjórnin setur atvinnuöryggi og framfarir í atvinnumálum efst á stefnuskrá sína. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir meðal annars um atvinnumál:

> *Til þess að auka hagvöxt og atvinnuöryggi verður áhersla lögð á að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu. Í því skyni verða m. a. starfsskilyrði atvinnuveganna jöfnuð og samkeppnisstaða íslenskra atvinnugreina styrkt. Skattalögum verði breytt þannig að þau örvi fjárfestingu og eiginfjármyndun í atvinnulífinu.*

Sjávarútvegur.

Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum miðuðust ekki síst við það að leysa rekstrarvanda sjávarútvegs og komast út úr kerfi niðurgreiðslna olíu til fiskiskipa, sem fól í sér millifærslu milli greina. Hagur fiskvinnslu er nú viðunandi, þótt saltfisk- og skreiðarverkun glími við markaðserfiðleika, sem vonandi reynast tímabundnir. Afkoma útgerðar er mjög erfið. Í þessu efni veldur ekki síst að afkastageta flotans er miklu meiri en samsvarar aflabrögðum nú. Leitað er leiða til lausnar á þessum vanda.

Áhersla verður lögð á það að ná hámarksafrakstri fiskistofna með hagkvæmum hætti, meðal annars með veiðum á fleiri tegundum nytjafiska og samstarfi við nágrannaþjóðirnar um hámarksafrakstur þeirra fiskistofna, sem ganga á milli auðlindalögsögu Íslendinga og annarra þjóða. Í þessu skyni verða hafrannsóknir efldar með markvissari nýtingu þess fjár, sem til þeirra er varið, og með endurskoðun á rekstri hafrannsóknaskipanna. Fiskileit verður aukin.

Stefnt verður að aukinni hagkvæmni í fiskveiðum, meðal annars með því að stuðla að sem hagkvæmastri stærð og nýtingu fiskiskipastóls landsmanna. Fjárfesting í nýjum fiskiskipum verður mjög takmörkuð á næstunni. Aðgerðir til orkusparnaðar á fiskiskipaflotanum verða auknar. Rík áhersla verður lögð á gæði framleiðslunnar í öllum greinum veiða og vinnslu. Í nánu samráði við aðila atvinnugreinarinnar mun sjávarútvegsráðuneytið áfram beita sér fyrir víðtækri kynningar- og fræðslustarfsemi um gæði sjávarafurða. Lög og reglur um Framleiðslueftirlit sjávarafurða verða endurskoðuð, meðal annars með það í huga, að ábyrgð framleiðenda og útflytjenda á framleiðslunni verði aukin. Sjávarútvegsráðuneytið mun stuðla að því, að verðlagning sjávarafurða fari eftir gæðum. Gerð verður athugun á því, hvaða leiðir séu færar til þess að auka hagkvæmni í útgerð og vinnslu, með sparnaði og aukinni framleiðni. Af opinberri hálfu verður að því stefnt að fjárfesting í fiskiðnaði miðist við endurbætur og betri nýtingu þeirra fiskvinnslustöðva sem nú eru í rekstri. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verður efldur, og honum verður eingöngu beitt til að jafna sveiflur á verði sjávarafurða en ekki sem farvegi fyrir styrki eða millifærslur milli greina.

Landbúnaður.

Erfitt árferði og markaðsaðstæður hafa mjög mótað stöðu landbúnaðarins að undanförnu. Ríkisstjórnin hefur veitt aðstoð til hjálpar, þar sem áföllin hafa orðið mest.

Leggja verður áherslu á það í framtíðinni að styrkja stöðu búrekstrarins og auka öryggi hans, til þess að unnt verði að framleiða sem flestar tegundir búvöru á sem hagstæðustu verði fyrir innlendan markað. Brýnt er að aðlaga búvöruframleiðsluna sem mest að markaðsmöguleikum og draga úr þörf fyrir útflutningsbætur.

Unnið verður skipulega að því að efla þær greinar, sem eiga útflutningsmöguleika. Má þar sérstaklega benda á iðnaðarvörur úr landbúnaðarafurðum ásamt loðdýrarækt og fiskeldi, auk greina þar sem nokkur útflutningur er nauðsynlegur vegna afkomuöryggis.

Til að draga úr framleiðslukostnaði var söluskattur af vélum og tækjum til landbúnaðar felldur niður, sem veldur því að verð til neytenda er að sama skapi lægra.

Nauðsynlegt er, að landbúnaðarlöggjöfin styðji sem best þá stefnu, sem unnið er að. Þegar hefur verið ákveðið í hagræðingarskyni að færa til þau verkefni, sem Landnám ríkisins hefur með höndum og unnið er að endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins með hliðsjón af þeim atriðum, sem koma fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Iðnaður.

Hagur iðnaðar vænkaðist mjög við efnahagsaðgerðirnar í maí síðastliðnum. Unnið verður að því áfram að bæta almenn starfsskilyrði iðnaðar. Meðal annars verður þetta gert með bættum skilyrðum til eiginfjármyndunar, greiðari aðgangi að rekstrarlánum og fjármagni til

fjárfestingar, endurbótum í skatta- og tollamálum, hagnýtri rannsóknarstarfsemi af hálfu hins opinbera, afnámi verðlagsákvæða í samkeppnisiðnaði, innkaupastefnu opinberra aðila og fleiri aðgerðum.

Þau opinberu framkvæmdaáform, sem fyrir liggja á sviði iðnaðar, verða endurskoðuð vandlega og gengið úr skugga um, að um arðbærar framkvæmdir sé að ræða.

Gerðar verða sömu gæða- og öryggiskröfur til innfluttrar vöru og íslenskrar framleiðslu. Jafnframt verða gerðar þær ráðstafanir, sem milliríkjasamningar leyfa, til verndar innlendum iðnaði gegn óeðlilegum styrktaraðgerðum og undirboðum.

Orkumál og orkufrekur iðnaður.

Orkulindir landsins þarf að hagnýta til þess að leggja grundvöll að nýrri framfarasókn. Við byggingu orkuvera verður þess gætt, að samræmi sé á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjunarframkvæmda.

Tekist hefur að ná samkomulagi við svissneska álfélagið um endurskoðun á aðalsamningi þess og íslenska ríkisins um álbræðsluna í Straumsvík. Helstu atriði, sem um verður fjallað, eru raforkuverð, framleiðslugjald, hugsanleg stækkun álversins og eignaraðild íslenska ríkisins og þriðja aðila. Til bráðabirgða hefur náðst samkomulag um hækkun raforkuverðs í 10 mills (tíu þúsundustu úr bandaríkjadollar) á kwst. Að því er stefnt, að endurskoðun samningsins ljúki fyrir 1. apríl n. k., þannig að unnt verði að leggja fyrir það Alþingi, sem nú situr, frumvarp til laga um breytingar á aðalsamningnum.

Í tengslum við fjármálalega endurskipulagningu Járnblendifélagsins verða kannaðir möguleikar á þriðja eignaraðila. Nýjum aðilum verður gefinn kostur á eignaraðild í Kísilmálmverksmiðjunni, en framkvæmdir við hana hefjast þegar fullnægjandi forsendur liggja fyrir rekstri hennar, bæði tæknilega og viðskiptalega, og Alþingi hefur veitt samþykki sitt.

10. Endurskipulagning stjórnkerfis og peninga- og lánastofnana.

Þegar til lengri tíma er litið felst stjórn efnahagsmála ekki eingöngu í því að beita þeim tækjum, sem stjórnvöld ráða yfir á líðandi stund, heldur einnig í því að bæta sjálft stjórnkerfið og gerð hagkerfisins. Í því skyni að bæta stjórnarhætti, ákvað ríkisstjórnin í stefnuyfirlýsingu sinni að beita sér fyrir breytingum á stjórnkerfinu.

Markmið þessara stjórnkerfisbreytinga er að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdavaldinu. Meðal þess sem áformað er má nefna:

— Lagt verði fyrir Alþingi frumvarp að nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands.
— Ríkisendurskoðun verði breytt á þann veg, að hún heyri undir Alþingi.
— Rekstrarlegt eftirlit með ríkisfyrirtækjum verði eflt, t. d. með auknu markaðsaðhaldi.
— Stefnt verði að því að auka útboð við opinberar framkvæmdir.

Skipulag peninga- og lánastofnana er mikilvægur þáttur efnahagsmála. Það er brýnt verkefni að tryggja aukna arðgjöf framkvæmdafjár og treysta innlendan sparnað. Endurskoðun sjóða- og bankakerfis hefur þetta að markmiði.

Ríkisstjórnin lætur nú vinna að eftirfarandi verkefnum á þessu sviði:

— Komið verði í veg fyrir óhóflega útþenslu í bankakerfinu með nýrri heildarlöggjöf um banka og sparisjóði. Yfirstjórn bankamála verði færð í eitt ráðuneyti.
— Núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi verði endurskoðuð, meðal annars með það í huga, að þau verði á vegum viðskiptabanka.
— Unnið verði að endurskipulagningu fjárfestingarsjóðakerfisins. Stefnt verði að fækkun sjóða með sameiningu þeirra til að draga úr kostnaði og gera starfsemi þeirra heilsteyptari m. a. með samræmingu lánskjara.

— Áhersla verði lögð á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána.
— Frjálsræði í gjaldeyrisverslun verði aukið og réttur til að eiga fé á innlendum gjaldeyrisreikningum rýmkaður.
— Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins verði endurskoðuð. Verkefni áætlanadeildar verði færð til annarra stofnana. Framkvæmdasjóði verði mörkuð staða í tengslum við endurskipulagningu sjóðakerfisins. Lánastefnu Byggðasjóðs verði breytt í samræmi við upphaflegan tilgang, samhliða því sem sjálfvirkni í lánveitingum verði afnumin.

Ríkisstjórnin hefur nefnt menn til að vinna að athugunum og tillögugerð um þessi málefni. Við því er búist að þegar á þessu þingi muni koma fram lagafrumvörp um sum þeirra, eins og sjá má í skránni um væntanleg lagafrumvörp, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

11. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda varanlegra framfara.

Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á framfarir í atvinnumálum sem undirstöðu velmegunar í landinu. Hún vinnur því og mun vinna að mikilvægum framfaramálum atvinnuveganna, eins og meðal annars kemur fram í skrá um væntanleg lagafrumvörp frá einstökum ráðuneytum. En forsenda þess að gagn verði að slíkum ráðstöfunum er að sköpuð séu almenn efnahagsskilyrði, sem greiði fyrir framförum. Stefna ríkisstjórnarinnar er að koma á jafnvægi og festu í efnahag landsmanna, sem geti orðið grundvöllur hagvaxtar í framtíðinni. Þjóðarbúskapurinn hefur verið í öldudal síðastliðin tvö ár. Nú eru vonir við það bundnar, að endurbati geti hafist árið 1984. Hvernig þetta tekst, er ekki síst undir því komið, að samstaða náist um skynsamlega efnahagsstefnu.

III.
Framvinda efnahagsmála 1983 og horfur 1984

Framvindan 1983.

1. Almennt yfirlit.

Síðustu misseri hefur þjóðarbúskapurinn mætt alvarlegum þrengingum. Árið 1982 er talið, að þjóðarframleiðslan hafi minnkað um 2%, en þjóðartekjur dregist saman um nálægt 2½% vegna rýrnandi viðskiptakjara. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1975, að þjóðarframleiðslan minnkar. Full atvinna hélst allt síðasta ár, en eftir því sem á árið leið varð efnahagsástand ótryggara. Verðbólga, sem fór niður undir 40% í árslok 1981, jókst á ný í 60% í árslok 1982. Hin óhagstæða þróun efnahagsmála árið 1982 átti ekki hvað síst rætur að rekja til mikils afturkipps í útflutningi vegna minni fiskafla og markaðserfiðleika fyrir skreið, ál og kísiljárn. Loðnuveiðibann, minnkandi þorskafli, ónóg eftirspurn í heiminum eftir mikilvægum útflutningsvörum, aukin þjóðarútgjöld og miklar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum ollu alvarlegum halla í viðskiptum Íslands við önnur lönd. Þjóðarútgjöldin jukust um 2% um leið og þjóðartekjur drógust saman um 2½%. Viðskiptahallinn jókst því úr 5% af þjóðarframleiðslu árið 1981 í 10% 1982.

Í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1983 er þjóðarframleiðslan talin verða 5½% minni en í fyrra. Viðskiptakjörin við útlönd eru hins vegar talin batna um 3½% og þjóðartekjur dragast því minna saman en framleiðslan, eða um 4%. Framleiðslusamdrátturinn, sem nú er horft fram á, er minni á mælikvarða landsframleiðslu en þjóðarframleiðslu, eða rösklega 4%, þar eð auknar vaxtagreiðslur til útlanda hafa áhrif á síðarnefnda mælikvarðann en ekki hinn fyrrnefnda.

Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1970–1983.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	Spá 1983
Vísitölur 1970=100													
Þjóðarframleiðsla á mann	112	116	123	126	122	124	130	134	138	142	143	138	129
Viðskiptakjör	113	112	130	117	98	110	119	119	108	105	106	104	108
Þjóðartekjur á mann	115	119	131	131	121	128	138	142	141	143	144	139	132
Þjóðarútgjöld á mann	125	125	139	153	139	134	147	146	148	153	158	159	140
Einkaneysla á mann	115	124	133	141	125	125	134	141	142	142	148	149	134
Samneysla á mann	106	112	121	126	131	139	139	143	146	151	156	158	156
Fjárfesting á mann	141	137	162	177	160	155	171	161	159	172	173	165	147
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, %	−7,1	−2,6	−2,7	−11,0	−11,1	−1,6	−2,5	1,4	−0,8	−2,3	−5,0	−10,0	−2,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	113	124	134	143	127	130	146	158	160	161	171	172	150
Breyting frá fyrra ári, %													
Þjóðarframleiðsla á mann	11,7	4,1	6,1	2,1	−3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,4	−3,3	−6,4
Viðskiptakjör	12,9	−1,0	16,0	−10,0	−16,0	11,9	8,7	0,2	−9,2	−3,4	1,0	−1,5	3,5
Þjóðartekjur á mann	14,7	3,8	10,0	−0,3	−7,0	5,0	8,1	2,7	−0,7	1,6	0,7	−3,6	−4,9
Þjóðarútgjöld á mann	24,9	0,2	11,3	9,9	−9,0	−3,9	9,9	−1,0	1,7	3,1	3,4	1,0	−12,3
Einkaneysla á mann	15,2	8,0	7,1	5,6	−11,2	0,2	7,1	5,1	1,0	−0,1	3,8	0,7	−9,9
Samneysla á mann	5,7	6,0	7,8	4,7	3,5	6,1	−0,1	3,0	2,5	2,9	3,8	0,8	−1,0
Fjárfesting á mann	40,7	−2,6	18,4	9,3	−9,6	−3,4	10,6	−6,2	−1,6	8,2	0,9	−4,8	−10,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	12,8	10,3	7,7	6,8	−11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	0,6	5,8	0,0	−13,0

Fiskaflinn dróst verulega saman á síðasta ári og það sem af er árinu 1983 hefur aflinn dregist enn frekar saman miðað við sama tíma í fyrra. Mestu skiptir, að bátaaflinn á vetrarvertíð varð um fimmtungi minni en í fyrra. Togaraaflinn hefur þó dregist minna saman. Heildaraflinn á fyrstu níu mánuðum ársins 1983, metinn á föstu verði, varð þannig tæplega 9% minni en á sama tíma í fyrra. Þar af dróst þorskaflinn saman um 21%, en annar botnfiskafli varð aftur nær 5% meiri en í fyrra.

Í spám fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir, að þorskaflinn verði 300—320 þúsund tonn, samanborið við 382 þúsund tonn í fyrra. Í þessu fælist heldur minni samdráttur afla en fram er kominn fyrstu níu mánuði ársins.

Sé ennfremur gert ráð fyrir svipaðri aukningu annars botnfiskafla það sem af er árinu og að afli annarra tegunda verði nálægt því, sem var á síðustu mánuðum síðastliðins árs, verður niðurstaðan um 6—8% samdráttur í verðmæti heildarafla að loðnu frátalinni. Ef reiknað er með 250 þúsund tonna loðnuafla á síðustu mánuðum ársins, fæst spá um 4% samdrátt í verðmæti heildaraflans á árinu. Þessi spá er auðvitað óviss og bendir margt fremur til þess að afturkippurinn gæti reynst meiri, til dæmis ef ekki verður úr loðnuveiði í þeim mæli, sem hér er reiknað með. Á móti gæti þó vegið minni samdráttur í framleiðslu en afla vegna samsetningarbreytinga. Í spá um útflutningsframleiðsluna á þessu ári er gert ráð fyrir, að sjávarafurðaframleiðslan verði 4% minni en í fyrra, eða um 16% minni en árið 1981. Önnur framleiðsla til útflutnings er hins vegar talin aukast. Því er spáð, að útflutningsframleiðslan í heild verði 2% minni á þessu ári en í fyrra. Á hinn bóginn virðast horfur á, að á þessu ári muni birgðir útflutningsvöru ekki aukast í heild og útflutningur aukist því að mun, þótt framleiðslan dragist saman. Hvað sjávarafurðir varðar, er búist við því — verði á annað borð

Útflutningsframleiðsla og útflutningur 1981–1983.

Útflutningsframleiðsla:	Milljónir króna fob á verðlagi hvors árs 1981	Bráðab. 1982	Magnbreytingar frá fyrra ári, % 1981	Bráðab. 1982	Spá 1983
Sjávarafurðir	5 254	7 267	1,5	−12,7	−4,0
Ál	748	1 042	2,0	1,1	3,7
Kísiljárn	128	238	18,0	24,2	22,8
Annað	670	998	−6,6	−8,5	0,9
Samtals	6 800	9 545	1,0	−10,2	−2,0
Birgðabreytingar[1])	−264	−1 066	.	.	.
Vöruútflutningur	6 536	8 479	−1,2	−17,1	10,4
Þjónustuútflutningur	2 351	4 584	12,1	14,5	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	8 887	13 063	1,9	−9,0	7,8

1) Aukning birgða.

af loðnuveiðum — að loðnuafurðir verði ekki fluttar út fyrr en á næsta ári og verði því í birgðum um áramót. Gert er ráð fyrir, að út verði fluttur röskur þriðjungur þeirra skreiðarbirgða, sem til voru í landinu um síðustu áramót, en að á hinn bóginn safnist nokkrar birgðir frysti- og síldarafurða. Samtals felur þetta í sér talsverða aukningu sjávarvörubirgða, en á móti er reiknað með, að út verði flutt meira en 20 þúsund tonn af áli umfram ársframleiðsluna og útflutningsvörubirgðir í heild standi því í stað eftir mikla aukningu í fyrra. Samkvæmt þessum spám eykst útflutningur um 10—11% að raungildi miðað við fyrra ár.

Sýnt er, að verulega dregur úr innlendri eftirspurn á þessu ári og þar með úr umsvifum í greinum, sem framleiða fyrir innlendan markað. Í spánni er gert ráð fyrir, að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman um 12% í heild en að einkaneysla skerðist minna, eða um 9%. Neysla og fjármunamyndun eru alls talin munu dragast saman um 8% og er það álitið hafa í för með sér nær 15% samdrátt almenns vöruinnflutnings, að olíuvörum undanskildum. Samkvæmt þessu munu rýrnun kaupmáttar og eftirspurnar koma mun harðar niður á innflutningi en innlendri vöru og þjónustu.

Síðastliðið ár var, sem fyrr segir, halli á viðskiptum Íslendinga við önnur lönd, sem nam 10% af þjóðarframleiðslu. Gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins versnaði af þessum sökum um 1 164 milljónir króna, reiknað á meðalgengi ársins. Erlendar skuldir Íslendinga jukust verulega, eða um 14% í dollurum talið, og greiðslubyrðin af erlendum lánum fór yfir fimmtung útflutningstekna. Erlendar skuldir námu í árslok 1982 48% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 34—37% árin næstu á undan. Gert er ráð fyrir, að mjög dragi úr viðskiptahallanum á þessu ári, sem stafar fyrst og fremst af þrennu: Í fyrsta lagi tekur fyrir þá miklu söfnun útflutningsvörubirgða, sem átti sér stað í fyrra og hitteðfyrra, svo að útflutningur mun aukast þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu; í öðru lagi dregur mjög úr innflutningi í ár vegna rýrnandi kaupmáttar og minnkandi eftirspurnar; og í þriðja lagi batna viðskiptakjörin við útlönd. Viðskiptahallinn er nú talinn verða rúmlega 2% af þjóðarframleiðslu. Enda þótt spáð sé mikilli aukningu útflutningstekna og tillit sé tekið til þeirrar vaxtalækkunar, sem þegar er fram komin á alþjóðalánamarkaði, er gert ráð fyrir, að greiðslubyrði af erlendum lánum verði nokkru meiri í ár en í fyrra, enda jukust erlendar skuldir mjög í fyrra og þær vaxa enn í ár. Þetta þýðir, að nær fjórðungi útflutningstekna verði varið til þess að greiða afborganir og vexti af erlendum lánum.

Utanríkisviðskipti janúar—ágúst 1982—1983.
Milljónir króna.

		Meðalgengi janúar—ágúst 1983		
	Jan.-ág. 1982[1])	jan.-ág. 1982	jan.-ág. 1983	Breyting %
Vöruútflutningur, fob	4 806	9 780	11 281	15,3
Sjávarafurðir	3 645	7 418	7 791	5,0
Ál	492	1 001	1 981	97,9
Kísiljárn	132	269	378	40,5
Annað	537	1 092	1 131	3,6
Vöruinnflutningur alls cif	6 896	14 033	12 195	-13,1
Almennur vöruinnflutningur	6 064	12 342	10 907	-11,6
Olía	869	1 768	1 671	-5,5
Annað	5 195	10 574	9 236	-12,7
Sérstakur vöruinnflutningur	832	1 691	1 288	-23,8
Vöruskiptajöfnuður fob/cif	-2 090	-4 253	-914	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob	-1 252	-2 554	577	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob án álverksmiðju	-1 361	-2 776	-478	.
Breyting gjaldeyrisforða	.	-1 099	-152	.
Breyting gjaldeyrisstöðu	.	-2 332	-576	.

1) Miðað við meðalgengi þess tíma.
Tölur um gjaldeyrisforða og gjaldeyrisstöðu eru miðaðar við skráð gengi í lok ágúst 1983.

Aukin greiðslubyrði í hlutfalli við útflutningstekjur og hækkun hlutfalls erlendra skulda af þjóðarframleiðslu á sér að nokkru tímabundnar skýringar í snöggum samdrætti útflutnings og framleiðslu og hækkun vaxta á alþjóðalánamarkaði. Að hluta er þó um varanlegri aukningu að ræða, því erlendar skuldir hafa farið vaxandi um árabil. Öll tímasetning og túlkun á hlutfallstölum af þessu tæi er vandasöm, bæði vegna sveiflna í útflutningi og framleiðslu og eins af því, að árangur framkvæmda sem ætlað er að bæta viðskiptajöfnuð og fjármagnaðar hafa verið með erlendum lánum, skilar sér misjafnlega fljótt og vel. En jafnvel þótt litið sé til þessara atriða, virðist um verulega aukningu erlendra skuldabyrði að ræða á síðustu árum.

Síðari hluta ásins 1982 og fyrri hluta þessa árs færðist verðbólga mjög í aukana. Árshækkun framfærsluvísitölunnar til maímánaðar síðastliðins var um 87% og hækkunin frá ágúst 1982 til jafnlengdar á þessu ári var tæplega 103%. Eftir þær efnahagsaðgerðir, sem gripið var til í maímánuði (og nánar er um fjallað hér á eftir), hefur dregið verulega úr verðbólgunni undir lok ársins. Hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi til loka ársins er talin verða innan við 80% en meðalhækkunin um 84%. Verðbólgan um áramót er talin munu svara til 20—30% árshækkunar, og er þá miðað við spá um verðbreytingar síðustu þrjá mánuði ársins.

Fyrstu átta mánuði þessa árs voru um 1200 manns að meðaltali skráðir atvinnulausir í mánuði hverjum, eða 1,1% af mannafla samanborið við 0,8% á sama tíma í fyrra en 0,7% til jafnaðar allt árið 1982. Ljóst er, að eftirspurn eftir vinnuafli er nú heldur minni en verið hefur undanfarin ár. Á hinn bóginn virðast tölur um skráð atvinnuleysi undanfarna mánuði benda til að ekki ætti að vera hætta á atvinnubresti á þessu ári, en atvinnuleysisskráning eykst vafalaust undir lok ársins eins og jafnan á þeim árstíma. Að meðaltali gæti skráð atvinnuleysi því svarað til rúmlega 1% af mannafla á þessu ári.

Árið 1982 héldu þjóðarútgjöld áfram að vaxa, þótt þjóðarframleiðsla drægist saman. Sá

Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1981—1983.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar[1]) frá fyrra ári, %		
	1981	Bráðab. 1982	Spá 1983	1981	Bráðab. 1982	Spá 1983
Einkaneysla	13 240	20 790	34 240	5,0	2,0	−9,0
Samneysla	2 520	3 985	6 575	5,0	2,0	0,0
Fjármunamyndun	5 549	8 378	13 300	2,1	−3,6	−10,0
Neysla og fjármunamyndun, alls	21 309	33 153	54 115	4,2	0,5	−8,2
Birgðabreytingar[2])	233	1 020	100	0,4	1,8	−3,3
Þjóðarútgjöld alls	21 542	34 173	54 215	4,6	2,2	−10,9
Útflutningur vöru og þjónustu	8 887	13 063	27 500	1,9	−9,0	7,8
Innflutningur vöru og þjónustu	9 910	16 173	28 650	8,6	0,8	−6,2
Viðskiptajöfnuður	−1 023	−3 110	−1 150	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	20 519	31 063	53 065	1,6	−2,0	−5,5
Viðskiptakjaraáhrif[3])	.	.	.	0,3	−0,3	1,6
Vergar þjóðartekjur	.	.	.	1,9	−2,3	−3,9
Viðskiptajöfnuður sem % af þjóðarframleiðslu	.	.	.	−5,0	−10,0	−2,2

1) Magnbreytingar árin 1981 og 1982 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980 en magnbreytingar í spá fyrir árið 1983 við fast verðlag ársins 1982.
2) Hlutfallstölur um birgðabreytingar varða mismun breytinganna milli ára og eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs.
3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

mikli samdráttur, sem spáð er í þjóðarútgjöldum á þessu ári, dregur verulega úr þessum mun. Þó verður enn um nokkurn viðskiptahalla að ræða og hafa verður í huga, að bati viðskiptajafnaðarins í ár stafar að hluta af birgðabreytingum. Mikil nauðsyn er á því að ná viðunandi jafnvægi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna. Í þessu felst langvinnur aðlögunarvandi, sem ekki verður leystur með því einu að lagfæra misgengi milli útgjalda og tekna á þessu og síðasta ári, því mörg undanfarin ár hefur yfirleitt komið til viðskiptahalla, þrátt fyrir mikla útflutningsframleiðslu. Erlendar skuldir þjóðarinnar og greiðslubyrði þeirra vegna hafa náð þeim mörkum, að ekki virðist ráðlegt að halda lengur áfram á þeirri braut að fjármagna verulegan viðskiptahalla með erlendu lánsfé, nema á móti standi framkvæmdir, sem ótvírætt bæta stöðu þjóðarbúsins út á við á næstu árum.

2. Efnahagsaðgerðir í maílok 1983.

Við myndun ríkisstjórnarinnar síðastlið vor var þegar í stað gripið til víðtækra efnahagsráðstafana. Meginþættir þessara ráðstafana voru lækkun á gengi krónunnar og útgáfa fimm bráðabirgðalaga; um launamál, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, um frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðarlána og um verðlagsmál.

Gengi krónunnar var lækkað um 14,6% gagnvart dollar, en það fól í sér 17,1% hækkun á meðalverði erlends gjaldeyris. Eftir þessa breytingu var meðalverð erlends gjaldeyris um 108% hærra en að meðaltali árið 1982.

Helstu atriði bráðabirgðalaganna fimm eru eftirfarandi:

1. Öllum ákvæðum um vísitölubindingu launa í lögum og kjarasamningum er vikið úr gildi um tveggja ára skeið frá 1. júní 1983. Fyrstu áhrif laganna voru, að 22% verðbótahækkun launa, sem koma átti til framkvæmda 1. júní, tók ekki gildi. Á hinn bóginn kveða lögin

svo á, að laun hækki um 8% 1. júní og 4% 1. október 1983. Lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt kjarasamningum ASÍ og BSRB skyldu þó hækka um 10% 1. júní. Frekari hækkun launa er óheimil á tímabilinu til 31. janúar 1984, hvort sem um hana er samið fyrir eða eftir gildistöku laganna, og allir kjarasamningar framlengjast til sama tíma.

2. Tímabilið 1. júní 1983 til 1. febrúar 1984 skal framfylgja ströngu verðlagseftirliti og skulu verðlagsyfirvöld aðeins heimila brýnustu verðhækkanir. Almennt fiskverð og launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru skulu hækka eins og laun yfirleitt á þessu tímabili.
3. Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum fólu meðal annars í sér lækkun tekjuskatts einstaklinga með hækkun persónuafsláttar og barnabóta vegna barna yngri en sjö ára, aukningu útgjalda til að jafna húshitunarkostnað og sérstaka hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar elli- og örorkulífeyrisþega og mæðralauna. Heildarkostnaður vegna þessara ráðstafana var talinn nema rösklega 400 milljónum króna, en í staðinn var ríkisstjórninni heimilað að lækka útgjöld samkvæmt fjárlögum um 300 milljónir króna. Auk þess ákvað ríkisstjórnin nokkrum vikum síðar að lækka toll af ýmsum nauðsynjum og innflutningsgjald af bílum og fella niður 10% gjald af sölu ferðagjaldeyris. Þessar ráðstafanir eru taldar kosta ríkissjóð um 100 milljónir króna á þessu ári, en um tvöfalt hærri fjárhæð á heilu ári.
4. Í því skyni að draga úr áhrifum ráðstafana í launamálum á fjárhag heimilanna var ríkisstjórninni veitt heimild til að ákveða að fresta allt að fjórðungi af greiðslum afborgana, verðtryggingar og vaxta af verðtryggðum íbúðalánum og lengja lánstímann að sama skapi. Þessari heimild hefur verið beitt.
5. Með lögunum um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum var Olíusjóður fiskiskipa lagður niður. Jafnframt var 7% olíugjald af fiskverði afnumið. Samtals svaraði olíuniðurgreiðslan og olíugjaldið á fyrri hluta þessa árs til 17% álags á fiskverð. Í staðinn var tekin upp sérstök kostnaðarhlutdeild útgerðar utan skipta, sem nemur 29% ofan á fiskverð (þar af koma þó 4% til skipta á bátaflotanum). Þessar ráðstafanir fólu í sér breytingu á hlutaskiptum útgerðar og sjómanna útgerðinni í hag svo og breytingu á tekjuskiptingu eftir tegundum fiskiskipa, bátaflotanum í hag, og stafar síðarnefnda breytingin af niðurfellingu olíuniðurgreiðslna. Auk þess var með þessum lögum tekinn 10% gengismunur af birgðum og ógreiddum útflutningi vegna gengisbreytingarinnar í maílok. Þessu fé skal verja í þágu sjávarútvegs og sjóða hans og hefur það að mestu runnið til að bæta útgerðinni hluta gengistaps á erlendum skuldum, en einnig til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs.

Mat á áhrifum ofangreindra ráðstafana er nokkrum erfiðleikum bundið og á það við allt í senn, áhrif á verðlag, tekjur og kaupmátt, en ekki síst við það hversu fljótt áhrifanna á verðlag fer að gæta og hvaða áhrif aðgerðirnar í launamálum hafa á atvinnu og greidd laun fremur en á kauptaxta. Niðurstöður um breytingar kaupmáttar tekna eru því næsta óvissar og sama máli gegnir um áhrif samdráttarins í kaupmætti á einkaneyslu og innflutning.

Verðlagsspár, sem gerðar voru með hliðsjón af þessum ráðstöfunum, sýndu mikla hjöðnun verðbólgu á síðustu mánuðum ársins. Var ætlað, að undir lok ársins yrði verðbólgan á bilinu 25—30% miðað við heilt ár, en að án viðnámsaðgerða og að óbreyttu hefði verðbólgan verið 130—140%, en því stigi hafði hún reyndar náð á fyrri hluta ársins. Nokkur óvissa ríkti um það, hversu fljótt þessar aðgerðir myndu skila árangri, en tölur um verðbreytingar í júní, júlí og ágúst benda til þess að verðbólga hafi þegar hjaðnað að mun. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um 2—2½% á mánuði tímabilið júlí til september. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði innan við 1% í ágúst og um 3,1% í september.

Kaupmáttur taxtakaups, sem var um 11% lakari á fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra, er talinn verða 22% lakari síðari hluta ársins en á sama tíma í fyrra. Árið allt yrði kaupmáttur taxta því 18% lægri en að meðaltali í fyrra, og er þá reiknað með hinum

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1970–1983.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Áætlun 1981	1982	Spá 1983
1. Vísitölur 1970=100													
Tekjur:													
Kauptaxtar launþega	118	149	184	274	348	436	636	985	1 420	2 143	3 203	4 801	7 153
Ráðstöfunartekjur einstakl. á mann	123	155	209	319	422	560	825	1 283	1 917	3 014	4 801	7 461	11 788
Atvinnutekjur á mann	124	160	215	323	427	571	850	1 289	1 886	2 879	4 496	6 915	10 635
Verðlag:													
Vísitala framfærslukostn.	106	117	143	205	306	404	527	759	1 105	1 751	2 642	3 990	7 358
Vísitala byggingarkostn.	112	137	175	266	378	467	607	893	1 313	2 043	3 092	4 830	8 283
Verðlag einkaneyslu	109	124	156	223	332	432	566	814	1 197	1 869	2 813	4 333	7 843
Kaupmáttur[1]):													
Kaupmáttur kauptaxta	109	120	118	123	105	101	112	121	119	115	114	111	90
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	113	124	134	143	127	130	146	158	160	161	171	172	150
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	114	128	138	145	129	132	150	158	158	154	160	160	136
2. Breytingar frá fyrra ári, %:													
Kauptaxtar	18,5	25,9	23,3	48,7	27,1	25,4	45,8	55,0	44,0	50,9	49,5	49,9	49
Ráðstöfunartekjur á mann	22,6	26,1	35,0	52,7	32,3	32,7	47,5	55,5	49,4	57,2	59,3	55,4	58
Atvinnutekjur á mann	23,8	28,9	35,0	49,9	32,3	33,7	48,8	51,7	46,3	52,6	56,2	53,8	54
Vísitala framfærslukostnaðar	6,4	10,3	22,2	43,0	49,0	32,2	30,4	44,1	45,5	58,5	50,9	51,0	84
Vísitala byggingarkostnaðar	12,2	22,0	27,8	52,0	42,1	23,5	30,0	47,2	47,0	55,6	51,4	56,2	72
Verðlag einkaneyslu	8,7	14,3	25,4	43,0	49,0	30,0	31,1	43,9	47,0	56,2	50,5	54,0	81
Kaupmáttur kauptaxta	9,0	10,1	−1,7	4,0	−14,7	−3,5	11,2	7,7	−2,0	−3,4	−0,7	−2,7	−19
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	12,8	10,3	7,7	6,8	−11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	0,6	5,8	0,9	−13
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	13,9	12,8	7,7	4,8	−11.2	2,8	13,5	5,4	−0,5	−2,3	3,8	−0,1	−15

1) Miðað við verðlag einkaneyslu.

lögboðnu hækkunum taxtakaups á síðari hluta ársins en öðrum ekki. Rýrnun kaupmáttar taxta er talin verða 6% meiri en orðið hefði án aðgerða (9% meiri síðari hluta árs), en þessi skerðing er að hluta unnin upp af þeim mildandi fjármálaaðgerðum, sem áður var gerð grein fyrir. Því er áætlað, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna minnki ekki eins mikið og kaupmáttur taxtakaups, eða um 13% á mann.

3. Fjármál ríkisins.

Fyrstu átta mánuði þessa árs námu tekjur ríkissjóðs 8 969 milljónum króna og var það tæplega 59% hærri fjárhæð en á sama tímabili árið áður. Útgjöld voru hins vegar 10 083 milljónir króna á þessu tímabili eða tæplega 77% meiri en árið áður. Útgjöld voru því 1 114 milljónum umfram tekjur eða sem nam 12,4% af tekjum en í lok ágústmánaðar 1982 var tekjuhalli er nam 54 milljónum króna eða sem svaraði 1% af tekjum en sambærileg tala árið 1981 var 1,5%. Fyrstu átta mánuði þessa árs var jöfnuður lánahreyfinga og viðskiptareikninga óhagstæður um 216 milljónir króna. Greiðsluhalli varð því um 1 330 milljónir króna eða sem svarar til nær 15% af tekjum ríkissjóðs þetta tímabil. Þetta er mun lakari útkoma en undanfarin tvö ár, en í ágústlok 1982 var greiðsluhalli sem nam rösklega 3% af tekjum, en 2,5% á sama tíma 1981.

Óhagstæð þróun ríkisfjármála á þessu ári á að mestu rætur að rekja til samdráttar í tekjum ríkissjóðs, einkum af óbeinum sköttum, vegna hins örðuga efnahagsárferðis, minnkandi kaupmáttar og útgjalda einstaklinga. Áætlað er, að fyrstu átta mánuði ársins hafi verðlag samneysluútgjalda verið 70% hærra en á sama tíma í fyrra. Sé miðað við þennan mælikvarða hafa tekjur ríkissjóðs fyrstu átta mánuði ársins orðið 6—7% minni að raungildi, en þar af hafa beinir skattar orðið 4% meiri en í fyrra og óbeinir 9—10% minni. Mælt á þennan hátt hafa aðflutningsgjöld dregist saman um fimmtung að raungildi, söluskattsinnheimta er 4—5% minni en í fyrra og hagnaður af sölu áfengis og tóbaks 13% minni en var fyrstu átta mánuði ársins 1982. Þessar tölur, sem fengnar eru með samanburði krónutölu-

breytinga og áætlaðrar verðbreytingar samneyslu, gefa nánast til kynna þær breytingar sem orðið hafa á kaupmætti tekna ríkissjóðs gagnvart ríkisútgjöldum. Á mælikvarða almenns verðlags er samdrátturinn mun meiri eða 13—14% fyrir heildartekjur ríkissjóðs og 25% fyrir aðflutningsgjöld.

Sem fyrr segir hafa útgjöld reynst 77% meiri í krónum í ár en í fyrra en miðað við áætlað verðlag samneysluútgjalda felst í þeirri krónutöluhækkun 4% aukning að raungildi. Auk þess sem hér hefur verið nefnt verður að hafa í huga að á árinu hefur verið gripið til sérstakra fjármálaráðstafana í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, og hafa þær valdið lækkun tekna og aukningu útgjalda og því rýrt hag ríkissjóðs.

Fyrir árið 1983 í heild er nú áætlað að 800—900 milljón króna rekstrarhalli verði hjá ríkissjóði og greiðsluhalli verði um 1 000—1 200 milljónir króna. Þessi greiðsluhalli svarar til um eða yfir 2% af þjóðarframleiðslu. Til samanburðar má nefna, að tímabilið 1979—1982 hefur greiðsluafkoma ríkissjóðs á hverju ári verið jákvæð en var hins vegar neikvæð árabilið 1973—1978. Yfirleitt hefur hér verið um lágar tölur að ræða en árin 1974 og 1975 skera sig þó úr en þá var greiðsluhalli er nam 2½ til 3% af þjóðarframleiðslu.

4. Peningamál.

Undanfarin tvö ár hefur misvægi í peningamálum komið fram í meiri útlánaaukningu bankakerfisins en svarar verðlagsbreytingum og meiri en sparifjármyndun hefur gefið tilefni til. Á árinu 1982 jukust útlán innlánsstofnana t. d. um 87%, en heildarinnlán jukust um 60% eða svipað og nam hækkun lánskjaravísitölu yfir árið. Þetta hefur kynt undir hinni óheillavænlegu verðlagsþróun, rýrt stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og stöðu innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum. Skýringanna er að nokkru að leita í ytri áföllum. Verðbólga var og vaxandi nær allt þetta tímabil og afstaðan milli hennar og vaxta raskaðist mjög, þannig að það vaxtamynstur sem á var komið, að hluta til með vísitölubindingu og að hluta með „háum" vöxtum, var úr lagi gengið. Þessu fylgdi öryggisleysi í peningamálum og hafði m. a. í för með sér flutning fjár frá óverðtryggðum innlánareikningum til verðtryggðra reikninga og vanskil á verðtryggðum skuldum. Þetta hefur valdið rekstrarvanda í innlánstofnunum, einkum þeim sem mest afurðalán veita, þar eð þau hafa verið með mjög neikvæðum raunvöxtum.

Á fyrri hluta þessa árs jukust útlán innlánsstofnana hægar en á næstu mánuðum á undan, m. a. vegna lélegrar lausafjárstöðu og hertra reglna um yfirdrátt við Seðlabankann. Hins vegar fóru útlán mjög vaxandi yfir sumarmánuðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum um stöðuna í lok ágúst nam útlánaaukningin um 48% á fyrstu átta mánuðum ársins, samanborið við 45% á sama tíma í fyrra. Þegar þessar tölur eru bornar saman ber að hafa í huga að verðlagshækkanir hafa verið mun meiri í ár en í fyrra. Lánskjaravísitala hækkaði t. d. um 61% á fyrstu átta mánuðunum í ár, en 32% í fyrra. Á tólf mánuðum til ágústloka nam útlánaaukning innlánsstofnana 90,4% á sama tíma og lánskjaravísitala hækkaði um 95,5%. Næstu tólf mánuði á undan hækkuðu útlán um 72,5% og vísitalan um 51%. Heildaraukning útlána undangengna tólf mánuði, 90,4%, skiptist þannig að endurkeypt afurðalán hafa aukist um 112% en önnur útlán um 84%.

Fyrstu átta mánuði þessa árs jukust heildarinnlán (áætlaðir áfallnir vextir og verðbætur meðtaldar) í innlánsstofnunum um 63% samanborið við 38% á sama tíma í fyrra. Aukningin er 1% umfram hækkun lánskjaravísitölu í ár en 4—5% í fyrra. Á tólf mánuðum til ágústloka nam aukning innlána 89%, sem er 3—4% minna en nemur hækkun lánskjaravísitölu, en árið áður nam innlánaaukningin 55% eða 2—3% umfram hækkun lánskjaravísitölu. Mjög mikill munur er á aukningu hinna ýmsu tegunda innlána undangengna tólf mánuði, veltiinnlán hafa aukist um 64%, almenn spariinnlán um 62% og bundin spariinnlán um 136%, en þar er einkum um verðtryggð innlán að ræða.

Lausafjárstaða innlánsstofnana rýrnaði afar mikið á síðastliðnu ári. Í byrjun þessa árs var lausafjárstaðan neikvæð um 660 milljónir króna og eftir talsverðar sveiflur yfir sumarmánuðina var staðan í ágústlok svipuð og um áramót, eða neikvæð um 637 milljónir. Vísbendingar um septembermánuð gefa svo til kynna að staðan hafi versnað til muna í þeim mánuði.

Eins og áður kom fram hefur útlánaaukning innlánsstofnana að undanförnu færst til betra samræmis við verðlagsþróun. Á hinn bóginn hafa lán bankakerfisins í heild haldið áfram örum vexti. Innlendar kröfur bankakerfisins, nettó (aðallega lán Seðlabanka og innlánsstofnana að frádregnum innstæðum ríkis og sjóða í Seðlabanka), jukust um 67% á fyrstu átta mánuðum yfirstandandi árs en 48% á sama tíma í fyrra. Síðustu tólf mánuði nam aukningin 98% en 70% næstu tólf mánuði þar á undan.

Mikil útlán bankakerfisins að undanförnu eiga ekki síst rætur að rekja til versnandi afkomu ríkissjóðs, sem valdið hefur miklu útstreymi fjár úr Seðlabankanum. Staða A-hluta ríkissjóðs við bankann versnaði um 1 238 milljónir króna frá áramótum til ágústloka, samanborið við 138 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Er þetta áhyggjuefni, ekki síst vegna þess að þetta kemur til viðbótar miklum endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum og skuldbreytingalánum. Ekki hefur verið unnt að snúast við þessum vanda, þar eð innlánsbinding er í lögleyfðu hámarki og heimild til sveigjanlegrar bindingar er ekki lengur fyrir hendi.

Þrátt fyrir hagstæðan vöruskiptajöfnuð á þessu ári hefur gjaldeyrisstaðan farið versnandi. Þetta hefur valdið því, að peningamagn í umferð hefur aukist tiltölulega lítið að undanförnu. Peningamagn í þrengsta skilningi (M1, þ. e. seðlar, mynt og veltiinnlán) jókst um 58% á tólf mánuðum til ágústloka og að almennum spariinnlánum meðtöldum er aukning peningamagns (M2) svipuð eða 60% (allar peningamagnstölur hér eru að meðtöldum áætluðum vöxtum og verðbótum). Mikil aukning verðtryggðra innlána hefur hins vegar valdið því að peningamagn í víðasta skilningi (M3) hefur aukist um 87% á þessu tímabili. Þessar tölur má bera saman við 95,5% árshækkun lánskjaravísitölu til septemberbyrjunar 1983.

Tölur um útlán fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða eru aðeins tiltækar fyrir fyrri helming þessa árs og er þar um bráðabirgðatölur og áætlanir að ræða. Samkvæmt þessum tölum hafa ný útlán fjárfestingarlánasjóða numið 896 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins en 606 milljónum á sama tíma í fyrra. Þetta er 48% hærri fjárhæð en í fyrra og felur það í sér mikinn samdrátt að raungildi eða sem nemur 15% miðað við breytingu byggingarvísitölu. Það sem af er árinu hafa fjárfestingarlánasjóðirnir fjármagnað útlán sín að tveimur þriðju með lántökum, mest frá lífeyrissjóðum, og er það töluvert lægra hlutfall en á sama tíma í fyrra. Áætlað er, að útlán lífeyrissjóða hafi numið um 815 milljónum króna fyrstu sex mánuði þessa árs samanborið við um 540 milljónir á sama tíma í fyrra. Aukningin er 51% í krónum en um 14% samdráttur að raungildi miðað við breytingu byggingarvísitölu. Athyglisvert er, að aukning innistæðna og sjóða lífeyrissjóðanna var óvenju mikil á fyrri hluta ársins eða sem nemur 19% af ráðstöfunarfé samanborið við 2% á sama tíma í fyrra og gefur það tilefni til að ætla að útlán kunni fyrir árslok að aukast meira en þegar er fram komið. Þá má nefna, að greiðslur lífeyrisiðgjalda í sjóðina eru áætlaðar hafa orðið 80% meiri á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra en lífeyrisgreiðslur 66% meiri í krónum. Vafalaust má að einhverju leyti rekja mikla aukningu iðgjalda til tímabundinna atriða, svo sem óreglulegra greiðslna aukaframlaga, en aukning lífeyrisgreiðslna umfram breytingu kauptaxta er í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur hjá sjóðunum undanfarin ár vegna verulegrar aukningar réttinda og fjölgunar bótaþega.

Fyrir lánastofnanirnar allar er áætlað að í heild hafi útlán, nettó, aukist um 6,8 milljarða króna fyrstu 6 mánuði ársins en aukningin í fyrra á sama tíma nam 3,7 milljörðum. Hér

vegur bankakerfið langþyngst og mikil endurlán af erlendu lánsfé valda mestu um aukninguna í ár.

5. Hagur atvinnuvega.

Afkomuhorfur einstakra atvinnugreina á þessu ári eru enn í ýmsum greinum óljósar, og verður að styðjast við áætlanir, sem eðli málsins samkvæmt hljóta að vera að vera talsverðri óvissu háðar, bæði vegna þeirrar miklu verðbólgu, sem ríkt hefur, og óvenju mikilla breytinga á öðrum þáttum, sem varða afkomuna. Þetta á ekki síst við um sjávarútveg.

Afkoma útgerðar hefur verið léleg á undanförnum árum og samkvæmt áætlunum fyrir árið 1982 er talið, að afkoman hafi verið lakari en 1981 og mun lakari en næstu árin á undan. Lakari afkomu árið 1982 má öðru fremur rekja til minni botnfiskafla, en hann dróst saman um tæp 5% á árinu. Ennfremur hefur stækkun fiskiskipastólsins átt sinn þátt í því, að minni afli kemur á hvert skip en ella. Áætlanir um hag botnfiskveiða árið 1983 benda til þess, að þrátt fyrir minnkun botnfiskaflans miðað við fyrra ár muni afkoma útvegsins í heild að líkindum verða skárri en undanfarin tvö til þrjú ár. Þrátt fyrir þennan bata í afkomu útgerðar eru núverandi rekstrarskilyrði mjög erfið.

Hagur botnfiskvinnslunnar í heild hefur að líkindum orðið nokkru lakari árið 1982 en árið 1981, ef til vill sem svarar 2—2½% af tekjum. Mjög skiptir þó í tvö horn eftir vinnslugreinum, að því er varðar breytingar á afkomu þessara greina frá fyrra ári og á það einkum við um frystingu og söltun. Þannig benda áætlanir til þess, að hagur frystingar hafi orðið mun betri árið 1982 en undanfarin ár, þrátt fyrir nokkra verðlækkun afurða í dollurum. Skýringanna er einkum að leita í meiri hækkun á verði erlends gjaldeyris en sem nam kostnaðarhækkunum innanlands. Árið 1982 versnaði hagur söltunar, en mikill uppgangur hafði verið í þessari grein næstu tvö árin þar á undan. Versnandi afkomu árið 1982 má rekja til lækkandi markaðsverðs á saltfiski í dollurum í helstu markaðslöndum okkar í Suður-Evrópu.

Þær vísbendingar, sem fyrir liggja um afkomu fiskvinnslunnar árið 1983, benda ótvírætt til þess, að munur á afkomu fyrstingar og söltunar hafi enn ágerst á árinu. Líklegt má telja, að um þessar mundir sé rekstrarstaða frystingar betri en verið hefur um langt skeið. Aftur á móti er staða söltunar með lakasta móti og veldur þar allt í senn; lækkandi afurðarverð, samdráttur í framleiðslu og vandræði vegna selorma í hráefninu. Nú er talið, að ef ekki nyti greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði næmi tap á saltfiskverkun 8—10% af tekjum. Sem fyrr segir stafar þessi hallarekstur að miklu leyti af verulegu verðfalli á saltfiskmörkuðum að undanförnu. Þannig er áætlað, að meðalverð (fob) í dollurum fyrir tonn af óverkuðum saltfiski hafi lækkað um 18% á árinu 1982 frá meðaltali 1981, en það ár var verðið í hámarki. Nú er hins vegar talið, að verðið á þessu ári muni enn lækka um 10%. Saltfiskverð er því orðið um fjórðungi lægra í dollurum en á árinu 1981, en dollarverð á freðfiski er hins vegar svipað nú og það var árið 1981. Meginskýringin á verðfalli saltfisks að undanförnu er mikil gengishækkun dollars gagnvart gjaldmiðlum viðskiptaþjóðanna í Suður-Evrópu, en jafnframt hefur gætt harðnandi samkeppni við aðrar þjóðir, einkum Norðmenn og Kanadamenn. Skreiðarverkun á nú við mikinn vanda að glíma vegna markaðserfiðleika og greiðslutafa í viðskiptum við helsta markaðslandið, Nígeríu. Lítið mun hafa verið hengt upp af skreið á þessu ári, en mikið óselt og ógreitt af framleiðslu fyrri ára.

Þær heimildir, sem nú eru tiltækar um afkomu einstakra greina iðnaðar á þessu ári, benda til þess að hagur útflutningsiðnaðar annars en áls og kísiljárns sé nú með besta móti, og hann sé þess nú megnugur að skila hærra hlutfalli af rekstrartekjum sínum upp í fjármagnskostnað en verið hefur um langt skeið. Hins vegar er á það að líta, að þessi þróun gefur ekki ótvírætt til kynna batnandi greiðslustöðu, því á móti kemur, að greiðslubyrði af fjármagnskostnaði hefur einnig aukist sem hlutfall af tekjum. Fjárhagsafkoma álverksmiðj-

unnar hefur verið afar slæm undanfarin tvö ár, en horfur eru á, að úr rætist með ört hækkandi markaðsverði á áli á þessu ári. Rekstur járnblendiverksmiðjunnar gekk einnig erfiðlega á síðasta ári og varð afkoma fyrirtækisins enn lakari en verið hafði undanfarin ár. Að undanförnu hefur verð á kísiljárni hækkað verulega og eru því allar horfur á því, að rekstrarafkoma fyrirtækisins styrkist á árinu.

Fyrri hluta þessa árs voru taldar horfur á talsverðri aukningu í útflutningsframleiðslu iðnaðarins. Sýnt er, að framleiðsla áls og kísiljárns mun aukast eins og að hefur verið stefnt og jafnframt hefur útflutningur lagmetis gengið vel. Á hinn bóginn hefur útflutningur ullar- og skinnavöru gengið miður, meðal annars vegna erfiðleika á Evrópumarkaði, og gera verður ráð fyrir samdrætti í þessum greinum. Ekki liggja fyrir beinar áætlanir um framleiðslubreytingar í öðrum iðnaði árið 1983, en á grundvelli vísbendinga úr hagsveifluvog iðnaðarins er að vænta nokkurrar framleiðsluaukningar á árinu.

Þær vísbendingar, sem fyrir liggja um hag þeirra vörugreina, sem einkum framleiða fyrir innanlandsmarkað, eru mjög af skornum skammti. Ef að líkum lætur hefur þó gengisþróunin ráðið mestu um afkomu þessara greina. Einkum á þetta þó við um þær greinar, sem keppa hvað mest við innflutning. Samanburður á þróun innlends verðlags og hækkun á verði erlends gjaldeyris í fyrra leiðir í ljós verulega hækkun á verði erlends gjaldeyris umfram helstu kostnaðarbreytingar innanlands og má af því ráða, að samkeppnisstaða innlends iðnaðar hafi styrkst og hagur hans því væntanlega vænkast á síðasta ári. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að samanburður við árið 1981 er þeim annmarka háður, að á því ári var samkeppnisstaða innlends iðnaðar óvenju erfið vegna þess, hve gengi íslensku krónunnar lækkaði lítið í samanburði við innlenda verðlagsþróun.

Með svipuðum hætti má ráða í afkomubreytingar í innlendum iðngreinum á þessu ári. Þannig var meðalverð á erlendum gjaldeyri nær 110% hærra á miðju þessu ári en að meðaltali 1982. Á sama tíma er talið, að launakostnaður hafi aukist um 60%. Almennar verðlagshækkanir eru hins vegar taldar á bilinu 85—95% á sama tíma. Með hliðsjón af þessum vísbendingum má því ætla, að samkeppnisstaða innlends iðnaðar muni batna enn frekar á þessu ári. Á það er þó rétt að benda, að hér er stuðst við vísbendingar um þróun helstu afkomuþátta á síðustu misserum en ekki heildaráætlanir um rekstrarstöðu.

Þær spár fyrir árið 1983, sem hafa verið raktar hér að framan, leiða til þeirrar niðurstöðu, að útflutningsframleiðslan í heild verði 2% minni en í fyrra. Er þá gert ráð fyrir, að aukning iðnaðarvöruframleiðslu til útflutnings vegi að hluta upp þann samdrátt, sem horfur eru á að verði í framleiðslu sjávarafurða.

Þær horfur, sem hér hafa verið raktar, fela í sér meiri samdrátt innlendrar eftirspurnar, einkum innflutningseftirspurnar, en reiknað var með í ársbyrjun. Fyrstu áhrif efnahagsaðgerðanna hafa án efa í för með sér samdrátt í eftirspurn og umsvifum á þessu ári, minni viðskiptahalla en annars hefði orðið og mikla hjöðnun verðbólgu. Fyrir þessar aðgerðir var talið, að atvinnuöryggi væri veruleg hætta búin. Ráðstafanirnar breyttu þeim horfum, en erfitt er að ætlast nákvæmlega á um heildaráhrifin. Atvinnuhorfur voru ótryggar orðnar í undirstöðugreininni, sjávarútvegi, áður en til aðgerðanna var gripið, bæði vegna aflatregðu og misgengis innlends og erlends verðlags. Ráðstafanirnar í maílok bættu stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi til muna svo og í þeim greinum, sem eiga mest undir viðgangi hans. Ljóst er og, að rekstrarstaða útflutnings- og samkeppnisiðnaðar hefur sjaldan verið betri en í kjölfar þessara aðgerða. Á hinn bóginn er hætt við, að samdráttur tekna og eftirspurnar leiði til minnkandi umsvifa í ýmsum atvinnugreinum, sem starfa fyrir innlendan markað. Á móti vegur þó, að samdrátturinn mun líklega beinast að innflutningi í mun meira mæli en innlendri vöru og þjónustu. Þannig ætti samkeppnisstaða þeirra greina, sem keppa við

innflutning eða bera mikinn hluta framleiðslukostnaðar innanlands en verulegan hluta af tekjum í gjaldeyri, að batna að mun. Má því ætla, að atvinnuáhrif aðgerðanna verði jákvæð, þegar á allt er litið. Niðurstaðan ræðst þó einnig af þróun annarra þátta efnahagsmála, bæði þeim, sem eru í höndum stjórnvalda, og þeim, sem ekki eru á þeirra valdi, svo sem aflabrögðum og viðskiptakjörum.

Horfur 1984.

6. Útflutningsframleiðsla og útflutningur.

Eins og skýrt er hér að framan virðast horfur á, að sjávarvöruframleiðsla dragist saman um 4% á árinu 1983. Þessi spá er þó enn óviss og virðist fremur hætta á því að samdráttur afla verði meiri en þetta. Mest er óvissan varðandi loðnuveiðar, en í þjóðhagsspá 1983 er reiknað með 250 þúsund tonna loðnuafla. Athuganir fiskifræðinga á loðnustofninum í ágúst og september gefa ekki ástæðu til að breyta þessari spá, en endanlegrar tillögu Hafrannsóknarstofnunar um loðnuveiðar á þessum vetri er ekki að vænta fyrr en í lok október.

Aflahorfur eru því enn óvissar fyrir líðandi ár, hvað þá árið, sem í hönd fer. Fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa ekki lokið við að vinna úr athugunum sínum á þessu ári á helstu fiskstofnum, en á næstu vikum munu liggja fyrir niðurstöður þeirra og tillögur um afla á næsta ári. Spá um útflutningsframleiðslu 1984 verður því að reisa á eldri athugunum og reynslunni á þessu ári, og er óhjákvæmilegt að um margt sé rennt blint í sjóinn eins og nú standa sakir. Aflaforsendur þjóðhagsáætlunar 1984, sem valdar eru í samráði við sjávarútvegsráðuneytið, eru sem hér segir:

1. Botnfiskafli verði svipaður 1984 og reiknað er með 1983. Þetta felur í sér 300—320 þúsund tonna þorskafla og 300—320 þúsund tonn af öðrum botnlægum tegundum. Innan þessara marka er þá reiknað með því, að reynist þorskafli minni verði annar botnfiskafli meiri og gagnkvæmt.
2. Loðnuveiðar verði stundaðar á síðustu mánuðum ársins 1983 og verði þá veidd 250 þúsund tonn. Einnig verði leyfð loðnuveiði á árinu 1984 og verði þá veidd 400 þúsund tonn.
3. Annar afli verði hinn sami og reiknað er með 1983.

Þessar forsendur fela í sér, að afli og framleiðsla sjávarafurða aukist um 2½% á næsta ári. Aukningin stafar öll af forsendunni um auknar loðnuveiðar. Óvissan sem tengd er loðnuafla er meiri en þessari tölu svarar, því loðnuveiðin í heild er óviss, en hún nemur í þessu dæmi 6½% af verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar á næsta ári. Óvissa um aflabrögð er auðvitað ekki nýtt fyrirbæri, en ástæða er til að nefna hana sérstaklega nú vegna þess hversu mikilvægt er við ríkjandi aðstæður að auka útflutningstekjur. Bregðist loðnuveiðar er mikill vandi á höndum.

Afturkippur í afla og markaðserfiðleikar settu sitt mark á sjávarútveginn 1983 annað árið í röð. Öðru máli gegnir um útflutning málmbræðslnanna, þar sem bæði magn og verð fór vaxandi 1983. Útlit virðist fyrir, að markaðsstaða áls og kísiljárns haldi áfram að batna á árinu 1984, ef spár alþjóðastofnana um endurvakinn hagvöxt í heiminum standast.

Áætlað er að álframleiðslan verði 78 þúsund tonn 1983 og vaxi í 84 þúsund tonn 1984, sem svarar nær afkastagetu álversins í Straumsvík. Kísiljárnframleiðsla er talin verða 51 þúsund tonn 1983 og 55 þúsund tonn 1984. Útflutningur annarrar iðnaðarvöru en málma hefur gengið misjafnlega árið 1983, en því er spáð að nokkur aukning verði árið 1984. Þá er reiknað með, að útflutningstekjur af þjónustu aukist um 3% 1984. Sú spá er einkar óviss, meðal annars vegna þess að enn liggja aðeins fyrir tölur um þjónustuviðskipti á fyrri helmingi ársins 1983.

Þegar framangreindar hugmyndir um útflutningsframleiðslu 1984 eru dregnar saman fæst rösklega 3% aukning útflutningsframleiðslunnar í heild, frá því sem spáð er 1983.

Að svo stöddu er örðugt að setja fram nákvæmar spár um breytingar á birgðum útflutningsvöru á næsta ári, en horfur um birgðabreytingar á líðandi ári og markaðsútlit virðist ekki gefa ástæðu til þess að reikna með stórvægilegum birgðabreytingum á næsta ári.

7. Verðlag og tekjur.

Eins og fram hefur komið var árshraði verðbólgunnar fyrr á þessu ári kominn yfir 130%. Með þeim efnahagsráðstöfunum, sem gripið var til í maímánuði, tókst að snúa þessari þróun við og hefur árangur aðgerðanna komið glöggt fram nú á allra síðustu mánuðum. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 0,7% frá ágúst til september en um 1,7% ef ekki er tekið tillit til aukinna niðurgreiðslna og verðlækkunnar á kjöti. Í októberbyrjun hækkaði vísitalan um 3,1%. Þannig var árshraði verðbreytinga í ágúst um 22% og 44% í september samanborið við 131% á tímabilinu febrúar-maí og 118% maí-ágúst. Þá hækkaði vísitala byggingarkostnaðar að meðaltali um 2—2½% á mánuði tímabilið júlí-september sem svarar til um 30% ársbreytingar. Allar horfur eru á, að verðbólguhraðinn um áramót verði kominn niður í 25—30% á ári.

Gengisstefnan, sem er þungamiðja efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næsta ári, og aðrir þættir, sem fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 eru á reistar, miða að því, að árshraði verðbólgunnar verði kominn niður fyrir 10% í árslok 1984.

Áætlanir um tekju- og verðlagsbreytingar á árinu 1983 fela í sér verulega kaupmáttarskerðingu miðað við síðasta ár, einkum á síðari hluta ársins. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að þessi þróun verði stöðvuð þannig, að kaupmáttur tekna minnki ekki frá því sem verður á síðustu mánuðum þessa árs. Í þessu gæti falist, að kauptaxtar verði að meðaltali 6% hærri árið 1984 en þeir verða í byrjun ársins og 15% hærri en að meðaltali 1983.

Þróun verðlags 1982–1983.

	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar:		
	Síðustu 3 mánuði %	Síðustu 6 mánuði %	Síðustu 12 mánuði %
Framfærsluvísitalan:			
Maí 1982	51	48	46
Ágúst 1982	56	54	49
Nóvember 1982	91	73	60
Febrúar 1983	76	83	68
Maí 1983	132	102	87
Júlí 1983	101	117	96
Ágúst 1983	117	124	103
September 1983	55	87	88
Október 1983	50	74	86
Byggingarvísitalan:			
Júní 1982	59	57	54
September 1982	86	72	64
Desember 1982	54	69	63
Mars 1983	106	78	75
Júní 1983	88	96	82
Ágúst 1983	68	84	77
September 1983	29	56	66

Með hliðsjón af reynslu fyrri ára er gert ráð fyrir, að tekjur aukist heldur meira en nemur almennri hækkun taxta, til dæmis vegna áhrifa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga o. fl.. Auk þess má ætla, að tilfærslutekjur hækki heldur meira en taxtar, eins og raunin hefur orðið á undanfarin ár. Hér er hins vegar reiknað með, að þessi munur verði mun minni en undanfarin ár. Samkvæmt þessum áætlunum er gert ráð fyrir að atvinnutekjur hækki í heild um 20% á næsta ári, en heildartekjur, þ. e. að viðbættum tilfærslu- og vaxtatekjum o. fl., heldur meira eða um 21%. Eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi er að því stefnt, að skattbyrði beinna skatta ríkissjóðs haldist óbreytt milli áranna 1983 og 1984, en ekki er reiknað með breytingu á álagningu skatta sveitarfélaganna. Því er áætlað, að ráðstöfunartekjur hækki heldur minna en atvinnutekjur eða um 19% milli 1983 og 1984 í heild, eða 18% á mann. Samkvæmt þessu yrði kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild á næsta ári svipaður og á síðustu mánuðum þessa árs, en um 5–6% lakari en að meðaltali 1983.

8. Utanríkisviðskipti.

Að framan hefur verið fjallað um horfur um útflutningsframleiðslu og birgðabreytingar á árinu 1984 en breytingar viðskiptakjara valda einnig miklu um þróun útflutningstekna og viðskiptajafnaðar. Í spám fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir 3½% bata viðskiptakjaranna frá fyrra ári. Þetta er í samræmi við tölur um verðbreytingar í utanríkisviðskiptum á fyrri helmingi ársins 1983, en þær benda jafnvel til nokkru meiri bata. Þetta kynni þó að ganga að hluta til baka á síðari hluta ársins, einkum ef verð á frystum sjávarafurðum fer lækkandi auk þess sem ætla má, að innflutningsverð hafi hækkað minna á fyrri hluta ársins en búast má við á síðari hluta þess. Tölur um útflutnings- og innflutningsverð eftir mitt ár á benda þó til þess, að viðskiptakjörin muni fremur batna en versna á árinu 1984.

Í spám OECD um verðlag í utanríkisviðskiptum á árinu 1984 er gert ráð fyrir, að útflutningsverð aðildarríkja hækki um 3½% í dollurum frá fyrra ári. Þar af er verð á iðnaðarvörum talið hækka heldur minna eða um 3¼%. Verð á matvælum í dollurum hefur farið hækkandi á ný á þessu ári eftir mjög mikla lækkun árin 1981 og 1982. Í spám OECD er gert ráð fyrir að verð á hrávörum til matvælaframleiðslu hækki meira en annað verðlag í utanríkisviðskiptum eða um 7% í dollurum. Athyglisvert er, að innflutningsverð á matvælum til Bandaríkjanna er talið hækka um 4—5% að meðaltali milli áranna 1983 og 1984. Þessar spár virðast gefa tilefni til bjartsýni um horfur um útflutningsverð sjávarafurða á næstunni, en hafa verður í huga, að markaðsverð á helstu afurðum Íslendinga ræðst í meira mæli af sérstökum aðstæðum framboðs og eftirspurnar fyrir einstakar afurðir en af almennri verðþróun í utanríkisviðskiptum. Þannig kann aukið framboð á freðfiskmarkaði í Bandaríkjunum að valda því, að freðfiskverð hækki minna en almennar spár um matvælaverð benda til. Það sýnist hins vegar auka líkur á verðhækkun síðar, að freðfiskverð í dollurum hefur ekki hækkað, þegar á heildina er litið, undanfarin tvö til þrjú ár.

Með hliðsjón af spám OECD virðist mega gera ráð fyrir nokkurri verðhækkun frystiafurða, en þetta er afar óvíst og gæti verið í bjartsýnna lagi. Ekki eru taldar horfur á, að saltfiskverð hækki á ný eftir verðfall undanfarin misseri og gæti þar fremur verið hætta á áframhaldandi lækkun. Aðrar sjávarafurðir ættu hins vegar að geta hækkað nokkuð í verði þótt síldarverð heyri að líkindum til undantekningar frá því. Álverð hefur hækkað mikið á þessu ári og líkur eru taldar á áframhaldi þeirrar þróunar á næsta ári. Sama máli gegnir um kísiljárn þótt horfur þyki ekki eins bjartar í þeim iðnaði enn sem komið er. Í spánni er gert ráð fyrir 15% hækkun álverðs, 6% hækkun kísiljárnsverðs og 3% hækkun á verði annarrar iðnaðarvöru, allt reiknað í dollurum. Niðurstaða þess sem hér hefur verið rakið og byggir að mestu á spám OECD, bendir í heild til 3½—4% hækkunar útflutningsverðs í dollurum milli áranna 1983 og 1984 og er þá miðað við nokkra hækkun á freðfiskverði. Við ríkjandi

aðstæður virðist þó ekki varlegt að reikna með slíkri hækkun. Ef gert er ráð fyrir óbreyttu freðfiskverði verður hækkun útflutningsverðs í heild innan við 3%.

Í spám OECD er gert ráð fyrir 2½% hækkun innflutningsverðs í dollurum á árinu 1984, en þar af er reiknað með að olíuverð lækki um svipað hlutfall. Þessi lækkun olíuverðsins kemur í kjölfar um 10% verðlækkunar, sem spáð er fyrir árið 1983, og kemur sú spá vel heim við þær hugmyndir, sem nú er unnt að gera sér um verðbreytingar á olíuvörum í innflutningi hingað til lands á árinu. Á hinn bóginn verður að hafa í huga, að verð á olíuinnflutningi Íslendinga ræðst að verulegu leyti af verðskráningum á Rotterdammarkaði, sem geta verið mjög næmar fyrir smávægilegum sveiflum í framboði og eftirspurn. Með hliðsjón af spám OECD er hér gert ráð fyrir, að innflutningsverð í dollurum hækki um 2½—3% milli áranna 1983 og 1984.

Niðurstaða þjóðhagsáætlunar um útflutnings- og innflutningsverð á árinu 1984 er sú, að óvarlegt sé að reikna með viðskiptakjarabata á árinu 1984, einkum þegar haft er í huga að ofangreindar spár eru háðar veigamiklum óvissuþáttum, ekki síst um freðfiskverð, olíuverð og gengi Bandaríkjadollars.

Sem fyrr segir er í þessari þjóðhagsáætlun gert ráð fyrir rösklega 3% magnaukningu útflutningsframleiðslu. Vegna mismikilla birgðabreytinga árin 1983 og 1984 samkvæmt spánni, verður niðurstaðan sú, að útflutningur eykst heldur meira að raungildi en framleiðslan eða um tæplega 4%. Hvað verðbreytingar áhrærir er reiknað með 2½—3% hækkun útflutningsverðs í dollurum en það svarar til um 16% verðhækkunar í krónum á gengisforsendum þessarar þjóðhagsáætlunar.

Í spá um þjónustutekjur er ekki gert ráð fyrir meiriháttar breytingum að öðru leyti en því, að tekjur af varnarliði munu væntanlega aukast talsvert vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Einkum af þessari ástæðu eru þjónustutekjur taldar aukast um 3% á árinu 1984.

Hér fer á eftir yfirlit yfir spána um útflutningsframleiðslu og útflutning 1984. Sem fyrr segir eru fjárhæðir á verðlagi ársins 1984 miðaðar við gengisstefnuna, sem Seðlabanki og ríkisstjórn hafa ákveðið og grein er gerð fyrir í stefnukafla þessarar þjóðhagsáætlunar. Þessi gengisstefna liggur einnig til grundvallar í fjárlagafrumvarpi, en í henni gæti falist um 13% hækkun á verði erlends gjaldeyris milli meðaltala áranna 1983 og 1984. Reiknað er með, að gengi Bandaríkjadollars gagnvart öðrum helstu gjaldmiðlum heims haldist í því horfi, sem var í ágústlok 1983.

	Milljónir króna fob. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984
1. Útflutningsframleiðsla	18 300	21 915	−2,0	3,2
2. Birgðabreytingar (+ = minnkun)	−100	0	.	.
3. Vöruútflutningur	18 200	21 915	10,4	3,8
4. Þjónustutekjur	9 300	11 115	3,0	3,0
5. Útflutningur vöru og þjónustu	27 500	33 030	7,8	3,5

Á bak við það mat á útflutningshorfum 1984, sem hér kemur fram, býr auk forsendna um aflabrögð og aðrar innlendar stærðir sú skoðun, að árið 1984 verði ár endurbata í heimsbúskapnum og útflutningsmarkaðir taki við sér á ný. Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin, OECD, spáir því, að þjóðarframleiðsla aðildarríkjanna vaxi um 3¼% 1984 og innflutningur þeirra um 5%. Þótt því sé spáð, að almenn eftirspurn á heimsmarkaði fari

vaxandi, verða ekki af slíkri spá dregnar beinar ályktanir um gengi íslensks útflutnings, þar sem framboðsaðstæður á sérhæfðum markaði ráða úrslitum um sölu og verðlag. Þannig virðist til dæmis um þessar mundir vera meiri aukning framboðs en eftirspurnar eftir frystum fiski á Bandaríkjamarkaði. En þegar öllu er á botninn hvolft, skiptir hið almenna efnahagsástand í helstu viðskiptalöndum afar miklu um vaxtarmöguleika íslenska þjóðarbúsins.

Hvað vöruinnflutning varðar sýnast horfur á, að sérstaki vöruinnflutningurinn minnki, einkum vegna minni innflutnings skipa og flugvéla en spáð er á þessu ári. Á móti því vegur raunar aukning í innflutningi til stóriðjufyrirtækja vegna framleiðsluaukningar þeirra. Alls er gert ráð fyrir um 3½% samdrætti sérstaks vöruinnflutnings. Í samræmi við forsendur spárinnar um loðnuveiðar og -vinnslu er reiknað með auknum olíuinnflutningi, en hvað annan almennan vöruinnflutning varðar benda spárnar um þjóðarútgjöld til 3% samdráttar. Í heild virðast því horfur á um 1½% minni vöruinnflutningi á næsta ári en 1983. Horfur um þjónustuútgjöld eru mjög óráðnar. Vextir af erlendum lánum vega hér langþyngst og þar verður að reikna með aukningu vegna skuldaaukningar að undanförnu. Á móti vegur að nokkru, að ætla má að ferðamannaútgjöld minnki. Alls er gert ráð fyrir um 1½% aukningu þjónustuútgjalda. Innflutningur vöru og þjónustu yrði samkvæmt þessu ½% minni en á þessu ári. Líkt og um útflutningsverð er innflutningsverð hér talið hækka um 2½%—3% í dollurum en um 16% í krónum milli meðaltalna áranna 1983 og 1984.

	Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984
1. Vöruinnflutningur fob.	17 450	19 940	− 10,4	− 1,5
2. Þjónustuútgjöld	11 200	13 190	1,5	1,5
þ. a. vextir	(3 730)	(4 500)	10,0	7,0
3. Innflutningur vöru og þjónustu	28 650	33 130	− 6,2	− 0,3

Spáin fyrir árið 1983 og þjóðhagsáætlunin fyrir árið 1984, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, gefa því eftirfarandi niðurstöður um viðskiptajöfnuð:

	Milljónir króna á verðlagi hvors árs	
	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984
Vöruskiptajöfnuður	750	1 975
Þjónustujöfnuður	− 1 900	− 2 075
Viðskiptajöfnuður	− 1 150	− 100

Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu minnkar viðskiptahallinn samkvæmt spánni úr 2,2% 1983 í 0,2% 1984.

9. Þjóðarútgjöld.

Á árinu 1983 er gert ráð fyrir um 9% samdrætti einkaneyslu, sem er minni afturkippur en beinlínis svarar breytingum kaupmáttar ráðstöfunartekna, sem spáð er að rýrni um 12% í heild frá 1982. Þótt kaupmáttur ráði til lengdar mestu um einkaneyslu eru jafnan tafir í því sambandi auk þess sem ýmis önnur atriði geta haft áhrif á neysluna. Má til dæmis nefna raunvexti og verðbólgueftirvæntingu. Lækkandi raunvextir leiða líklega til þess að sparnaður minnkar en neysla eykst miðað við það sem ella hefði orðið. Tiltækar tölur um neysluútgjöld 1983, sem að vísu eru ófullkomnar, benda til þess, að aðrir þættir en breyting kaupmáttar, svo sem tafin áhrif, lækkandi raunvextir o. fl., hafi einmitt haft þessi áhrif á þessu ári. Margt er þó óvíst enn um neysluútgjöld 1983, vegna þeirra stórfelldu breytinga, sem orðið hafa á þjóðarhag að undanförnu. Horfur um kaupmátt ráðstöfunartekna á næsta ári og önnur atriði, sem áhrif hafa á neyslu, eru því um margt óvenjulega óvissar.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, sem lýst er hér að framan, verður reiknað með því, að á árinu 1984 verði kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna svipaður og hann er á lokamánuðum ársins 1983, eins og nánar er skýrt að framan. Í þessu felst að kaupmáttur verði 5—6% minni að meðaltali 1984 en á árinu 1983. Á þessum grundvelli og með tilliti til annarra þátta í efnahagsþróun verður reiknað með því að einkaneysla verði um 4% minni á næsta ári, en spáð er 1983.

Að því er samneyslu varðar, er einkum byggt á útgjaldatölum fjárlagafrumvarps sem fela í sér um 3% samdrátt í samneysluútgjöldum ríkisins. Áform um samneysluútgjöld sveitarfélaga eru ekki kunn en sé miðað við að þau verði svipuð og á árinu 1983 verður niðurstaðan sú, að í heild minnki samneysla um 2% á árinu 1984.

Eins og fram kemur í II. kafla þessarar skýrslu er stefnt að því að draga til muna úr fjármunamyndun á árinu 1984 frá því sem verið hefur. Er við það miðað, að heildarútgjöld til fjármunamyndunar verði innan við 24% af þjóðarframleiðslu samanborið við 25% í spá fyrir árið 1983 og 27% á árinu 1982. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 er ekki fram komin en samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum, sem meðal annars eru reistar á tölum fjárlagafrumvarps, eru horfur á 5½% samdrætti fjárfestingarinnar í heild. Þessi minnkun kemur að mestu fram í innflutningi fjárfestingarvöru og í stórframkvæmdum. Samkvæmt þessum áætlunum, sem kynnu að breytast við endanlega gerð lánsfjáráætlunar, er gert ráð fyrir, að fjárfesting atvinnuveganna verði 5½% minni en á þessu ári, íbúðabyggingar verði svipaðar og í ár en að opinberar framkvæmdir verði 8—9% minni en ætlað er að þær verði á þessu ári.

Framangreindar forsendur um neyslu og fjárfestingu fela í sér, að þjóðarútgjöld muni dragast saman um 4% 1984.

10. Yfirlit þjóðhagsáætlunar.

Niðurstaða þjóðhagsáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984 verður sú, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur muni verða um 2½% minni en á þessu ári. Spáð er auknum vaxtagreiðslum til útlanda á árinu 1984, sem skerðir þjóðarframleiðsluna. Landsframleiðslan er ef til vill betri mælikvarði á framleiðslubreytingar við þessar aðstæður. Þjóðhagsspáin felur í sér að landsframleiðslan, og þar með umsvif í landinu, verði 1½% minni en í ár. Fjölgun er á vinnumarkaði. Þessar horfur fela í sér að nokkuð dragi úr eftirspurn á vinnumarkaði. Þó ætti atvinnuástand að geta haldist þolanlegt við þessi heildarskilyrði, ef ekki kemur til nein óvænt truflun í atvinnustarfsemi í landinu. Í þessu sambandi er þess þó að gæta, að svo mikil umskipti, sem orðið hafa að undanförnu í þjóðarbúskapnum, hljóta að valda breytingum á vinnumarkaði, sem ekki er auðvelt að meta fyrirfram. Lítill vafi er á, að á undanförnum árum hefur ríkt umframeftirspurn á vinnumarkaði. Ætla má að nú stefni í átt til jafnvægis. Viðunandi jafnvægi ætti að nást í viðskiptum við önnur lönd.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á atvinnuöryggi og mun því fylgjast vandlega með þróun framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði þannig að unnt verði að bregðast í tæka tíð og á réttan hátt við breytingum, sem verða kunna á atvinnuástandi.

Yfirlit þjóðhagsspár 1983 og þjóðhagsáætlunar 1984.

	Milljarðar króna á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])	
	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984	Spá 1983	Þjóðhags-áætlun 1984
Einkaneysla	34 240	41 420	– 9,0	– 4,0
Samneysla	6 575	7 670	0,0	– 2,0
Fjármunamyndun	13 300	15 140	– 10,0	– 5,5
Birgðabreytingar[2])	100	0	– 3,3	– 0,2
Þjóðarútgjöld	54 215	64 230	– 10,9	– 4,3
Útflutningur vöru og þjónustu	27 500	33 030	7,8	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	28 650	33 130	– 6,2	– 0,3
Viðskiptajöfnuður	– 1 150	– 100	·	·
Verg þjóðarframleiðsla	53 065	64 130	– 5,5	– 2,4
Verg landsframleiðsla	56 425	68 230	– 4,3	– 1,7
Viðskiptakjaraáhrif[3])	·	·	1,6	0,0
Vergar þjóðartekjur	·	·	– 3,9	– 2,4

1) Magnbreytingar í spá fyrir árið 1983 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1982 en magnbreytingar í þjóðhagsáætlun 1984 við fast verðlag ársins 1983.
2) Hlutfallstölur um birgðabreytingar varða mismun breytinganna milli ára og eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs.
3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Töfluviðauki

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1972–1981.
Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972–1981. Verðlag hvers árs.
Tafla 3. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972—1981. Fast verðlag.
Tafla 4. Fiskaflinn og verðmæti hans 1978–1982.
Tafla 5. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972–1982.

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1972—1981.

	Meðaltal 1972–1981	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
I. Magnaukning frá fyrra ári, %:											
Einkaneysla	3,7	9,6	8,7	7,0	−10,0	1,0	8,0	6,0	2,0	1,0	5,0
Samneysla	5,2	7,6	9,4	6,1	4,8	7,0	0,8	3,8	3,5	4,0	5,0
Fjármunamyndun	3,3	−1,0	20,1	10,8	−8,4	−2,6	11,5	−5,4	−0,6	9,4	2,1
Verðmætaráðstöfun alls	3,4	1,8	12,9	10,4	−7,8	−3,1	10,9	−0,2	2,6	4,2	4,6
Útflutningur vöru og þjónustu	6,7	10,3	8,9	−0,7	1,4	11,9	10,3	15,1	6,8	2,7	1,9
Innflutningur vöru og þjónustu	5,6	1,4	18,9	13,2	−10,3	−1,2	18,7	4,7	2,5	3,6	8,6
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	3,7	5,7	7,7	3,5	−2,0	2,6	6,0	3,5	4,4	3,9	1,6
Útflutningstekjur	5,8	9,0	16,7	−4,7	−7,1	18,3	15,5	13,7	−2,5	0,1	2,6
Þjóðartekjur, vergar	3,5	5,4	11,6	1,1	−5,8	6,0	9,0	3,5	0,3	2,7	1,9
II. Meðalmannfjöldi ársins:		**209 275**	**212 364**	**215 324**	**218 031**	**220 133**	**221 823**	**223 587**	**225 749**	**228 161**	**230 803**
Aukning frá fyrra ári, %	1,1	1,5	1,5	1,4	1,3	1,0	0,8	0,8	1,0	1,1	1,2
III. Magnaukning á mann frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	2,6	4,1	6,1	2,1	−3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,4
Þjóðartekjur, vergar	2,4	3,8	10,0	−0,3	−7,0	5,0	8,1	2,7	−0,7	1,6	0,7
IV. Verðhækkun frá fyrra ári, %:											
Verðmætaráðstöfun alls	38,6	17,3	25,2	43,0	48,4	30,2	30,5	45,9	45,8	54,7	49,8
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	38,5	17,7	31,2	41,1	39,4	34,4	35,3	46,3	40,3	52,8	50,4

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972—1981.
Milljónir króna á verðlagi hvers árs.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
1. Einkaneysla	447	609	932	1 250	1 641	2 324	3 546	5 316	8 380	13 240
2. Samneysla	72	99	156	219	300	430	683	1 022	1 622	2 520
3. Fjármunamyndun	191	286	452	636	780	1 088	1 507	2 174	3 638	5 549
4. Birgðabreytingar	−8	−2	26	37	−17	70	−39	13	103	233
5. Verðmætaráðstöfun, alls	702	992	1 566	2 142	2 704	3 912	5 697	8 525	13 743	21 542
6. Útflutningur vöru og þjónustu	262	374	481	722	1 055	1 453	2 498	3 852	5 813	8 887
7. Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	280	400	636	936	1 099	1 550	2 419	3 917	6 126	9 910
8. Viðskiptajöfnuður	−18	−26	−155	−214	−44	−97	79	−65	−313	−1 023
9. Þjóðarframleiðsla, verg markaðsvirði (5.+8.)	684	966	1 411	1 928	2 660	3 815	5 776	8 460	13 430	20 519
10. Frádr.: Slit og úrelding fjármuna	85	114	172	283	371	489	753	1 138	1 799	2 829
11. Hrein þjóðarframleiðsla, markaðsvirði	599	852	1 239	1 645	2 289	3 326	5 023	7 322	11 631	17 690
12. Frádr.: Óbeinir skattar	157	231	362	521	700	978	1 462	2 173	3 540	5 760
13. Framleiðslustyrkir	33	44	75	124	126	168	311	542	775	1 140
14. Hreinar þjóðartekjur	475	665	952	1 248	1 715	2 516	3 872	5 691	8 866	13 070
15. Tekjuhreyfingar gagnvart útlöndum, nettó	9	12	19	49	73	88	161	244	411	811
16. Verg landsframleiðsla markaðsvirði (9.+15.)	693	978	1 430	1 977	2 733	3 903	5 937	8 704	13 841	21 330

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972—1981.
Milljónir króna.

	Verðlag ársins 1969						Verðlag ársins 1980				
	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1977	1978	1979	1980	1981
1. Einkaneysla	322,9	351,0	375,6	338,0	341,4	368,7	7 676	8 137	8 300	8 380	8 800
2. Samneysla	40,8	44,6	47,4	49,7	53,1	53,5	1 451	1 506	1 559	1 622	1 703
3. Fjármunamyndun	130,4	156,7	173,6	159,0	154,9	172,7	3 533	3 343	3 324	3 638	3 713
4. Birgðabreytingar	−7,9	−3,5	9,5	12,4	−7,7	5,7	215	−131	2	103	157
5. Verðmætaráðstöfun, alls	486,2	548,8	606,1	559,1	541,7	600,6	12 875	12 855	13 185	13 743	14 373
6. Útflutningur vöru og þjónustu	202,6	220,5	218,9	221,9	248,4	274,0	4 603	5 299	5 658	5 813	5 924
7. Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	247,0	293,6	332,5	298,2	294,6	349,5	5 512	5 772	5 915	6 126	6 650
8. Viðskiptajöfnuður	−44,4	−73,1	−113,6	−76,3	−46,2	−75,5	−909	−473	−257	−313	−726
9. Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði (5.+8.)	441,8	475,7	492,5	482,8	495,5	525,1	11 966	12 382	12 928	13 430	13 647
10. Viðskiptakjaraáhrif	28,2	48,8	37,8	16,7	34,0	52,0	634	658	151	–	40
11. Útflutningstekjur (6.+10.)	230,8	269,3	256,7	238,6	282,4	326,0	5 237	5 957	5 809	5 813	5 964
12. Tekjuviðskiptajöfnuður (11.−7.)	−16,2	−24,3	−75,8	−59,6	−12,2	−23,5	−275	185	−106	−313	−686
13. Þjóðartekjur, vergar (9.+10.)	470,0	524,5	530,3	499,5	529,5	577,1	12 600	13 040	13 079	13 430	13 687
14. Tekjuhreyfingar gagnvart útlöndum, nettó	8,5	10,3	13,1	20,3	25,4	26,1	317	386	368	411	495
15. Verg landsframleiðsla, markaðsvirði (9.+14.)	450,3	486,0	505,6	503,1	520,9	551,2	12 283	12 768	13 296	13 841	14 142

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4. Fiskaflinn og verðmæti hans 1978–1982.

	1978	1979	1980	1981	1982
Fiskaflinn í þús. tonna	**1 566**	**1 649**	**1 514**	**1 441**	**788**
Botnfiskafli alls	**478**	**578**	**664**	**716**	**689**
Þorskur	320	360	428	461	382
Annar botnfiskur	158	218	236	255	307
Síld	37	45	53	40	55
Loðna	967	964	760	642	13
Humar, rækja og hörpudiskur	18	18	21	21	23
Annað	66	44	16	22	8
Verðmæti fiskaflans, m. kr. á verðlagi hvers árs	**668,5**	**1 146,8**	**1 823,0**	**2 689,7**	**3 460,8**
Botnfiskafli alls	**478,2**	**855,2**	**1 394,4**	**2 135,7**	**3 087,1**
Þorskur	333,7	558,8	945,7	1 475,9	1 895,3
Annar botnfiskur	144,5	296,4	448,7	659,8	1 191,8
Síld	31,4	51,1	106,8	104,8	170,4
Loðna	125,9	178,1	222,6	311,3	7,7
Humar, rækja og hörpudiskur	27,2	39,9	81,0	109,7	170,2
Annað	5,8	22,5	18,2	28,2	25,4
Magnvísitölur 1978 = 100[1])	**100,0**	**116,6**	**126,9**	**126,7**	**111,5**
Botnfiskafli	100,0	122,1	140,5	147,5	140,2
Síld	100,0	120,6	149,2	105,2	148,4
Loðna	100,0	102,2	78,7	66,6	3,7
Humar, rækja og hörpudiskur	100,0	101,5	125,0	115,6	122,4
Annað	100,0	67,9	31,3	32,1	20,9
Breyting frá fyrra ári, %					
Fiskaflinn í tonnum	14,1	5,3	−8,2	−4,8	−45,3
Magnvísitölur[1])	9,1	16,6	8,8	−0,2	−12,0

[1]) Verðlag ársins 1980.

Heimild: Fiskifélag Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972–1982.

	Vísitölur 1972 = 100					Breytingar frá fyrra ári, %				
	Útflutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör	Útflutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör
	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt		Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	
A. Verð alls útflutnings og innflutnings										
1973	143,1	131,8	123,3	113,5	116,0	43,1	31,8	23,3	13,5	16,0
1974	191,8	159,0	183,7	152,2	104,4	34,0	20,6	49,0	34,1	−10,0
1975	269,3	142,8	307,1	162,7	87,7	40,4	−10,2	67,2	6,9	−16,0
1976	360,9	168,8	367,9	171,9	98,1	34,0	18,2	19,8	5,6	11,9
1977	462,0	190,7	433,0	178,6	106,7	28,0	13,0	17,7	3,9	8,7
1978	686,1	199,1	642,2	186,1	106,9	48,5	4,4	48,3	4,2	0,2
1979	990,7	214,6	1 020,5	220,9	97,1	44,3	7,8	58,9	18,7	−9,2
1980	1 455,3	228,8	1 551,2	243,7	93,8	46,9	6,6	52,0	10,3	−3,4
1981	2 158,2	247,3	2 278,7	261,0	94,7	48,3	8,1	46,9	7,1	1,0
1982	3 377,6	240,4	3 620,9	257,6	93,3	56,5	−2,8	58,9	−1,3	−1,5
B. Verð útflutnings og innflutnings án viðskipta álverksmiðju										
1973	147,4	135,7	124,1	114,3	118,8	47,4	35,7	24,1	14,3	18,8
1974	196,8	163,0	184,5	152,9	106,7	33,5	20,1	48,7	33,7	−10,2
1975	272,4	144,3	303,1	160,7	89,9	38,4	−11,5	64,3	5,1	−15,7
1976	364,2	170,1	360,7	168,6	101,0	33,7	17,9	19,0	4,9	12,3
1977	466,2	192,2	427,1	176,2	109,2	28,0	13,0	18,4	4,5	8,1
1978	689,0	199,7	630,0	182,7	109,4	47,8	3,9	47,5	3,7	0,2
1979	977,7	211,7	1 013,7	219,6	96,4	41,9	6,0	60,9	20,2	−11,9
1980	1 408,9	221,4	1 523,6	239,6	92,4	44,1	4,6	50,3	9,1	−4,1
1981	2 137,3	244,9	2 235,1	256,1	95,6	51,7	10,6	46,7	6,9	3,4
1982	3 387,6	241,0	3 549,3	252,5	95,4	58,5	−1,6	58,8	−1,4	−0,2

Aths.: Verðvísitölur í erlendri mynt eru reiknaðar á mælikvarða miðgengis.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Nd. 37. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist:

Á árunum 1984 og 1985 skulu dragnótaveiðar heimilaðar fyrir Suðurlandi á svæði sem markast að austan af línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms. 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34). Heimildin nær til skipa sem eru 23 m að lengd eða minni og gildir fyrir tímabilið 15. júní til 31. desember.

Hafrannsóknastofnun skal hafa eftirlit með veiðum þessum, en sjávarútvegsráðuneytið setur reglur varðandi veiðarnar og veitir leyfi. Þau fiskiskip, sem skrásett eru á Suðurlandi og leggja upp afla sinn þar, skulu hafa forgang til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að opna möguleika fyrir smærri fiskiskip á Suðurlandi til að geta stundað dragnótaveiðar yfir sumar- og haustmánuði. Nokkur fiskiskip 20 m eða minni hafa nú heimild til slíkra veiða skv. leyfi ráðherra. Þau stærðarmörk voru sett árið 1976 og hafa ekki verið efndurskoðuð síðan. Á útgerðarstöðum við suðurströndina eru fiskiskip, aðeins yfir þessum stærðamörkum, sem eru verkefnalaus síðustu mánuði sumars og fram að áramótum. Nokkur þeirra hafa stundað togveiðar en það hefur reynst óarðbær útgerð á þessum árstíma. Vinna í verstöðvum sunnanlands er í lágmarki á þessum tíma árs. Með tilkomu heimildar til dragnótaveiða fyrir þau skip, sem nú þegar eru til staðar, gæti þar orðið breyting á.

Það hefur ítrekað komið fram að skarkolastofninn er ekki nærri því fullnýttur, en skarkoli er sá fiskur sem helst veiðist með dragnót. Skarkoli hefur veiðst töluvert úti fyrir Suðurlandi, en þær veiðar mætti auka til muna. Ekki verður séð að neitt vit sé í að nýta ekki þennan fiskstofn.

Dragnótaveiði gefur oft mun betra hráefni en togveiðar. Sem dæmi má nefna að koli, sem veiðist í dragnót, er þrisvar sinnum verðmeiri en koli sem veiðist í botnvörpu. Það er einnig mun ódýrara að gera út fiskiskip á dragnót, sérstaklega hvað varðar olíukostnað.

Netaveiðar hafa verið reyndar á þessum tíma árs á Suðurlandi, en hafa gefið lítið af sér og hráefni verið lélegt.

Á árum áður var það dragnótaveiði sem hélt uppi atvinnu yfir haustmánuðina við suðurströndina. Líkur benda til að svo gæti orðið nú með samþykkt þeirrar breytingar sem hér er lagt til að gerð verði.

Nd. 38. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Pétur Sigurðsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 66. gr. laganna komi nýr tl. er hljóði svo:

Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóri veiti sérstaka skattívilnun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega af þeim sökum.

Á 105. löggjafarþingi var flutt samhljóða frumvarp sem fellt var við 2. umr. í fyrri deild. Heilbrigðis- og tryggingaefnd Nd., sem fjallað hafði um málið, mælti með samþykkt frumvarpsins. Ljóst er af ummælum þingmanna við afgreiðslu þess máls að afstaða margra þeirra, sem atkvæði greiddu gegn frumvarpinu, byggðist á því, að þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði upplýst í umræðum að ríkisstjórnin hygðist breyta reglugerðum almannatryggingar á þann veg að greidd yrðu 20% af tannlækniskostnaði fyrir alla þá sem almannatryggingar höfðu ekki áður greitt fyrir. Fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gaf síðan út reglugerð 11. apríl 1983 sem heimilaði 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði fyrir þessa hópa og skyldi hún koma til framkvæmda 1. júní 1983. Með reglugerð, dags. 31. maí 1983, var síðan sú reglugerð numin úr gildi af núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og komst því aldrei til framkvæmda. Ástæðan var sú, samkv. upplýsingum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að ekki væri til fjármagn til að standa undir þeim kostnaði sem af reglugerð þessari leiddi.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1984 gefur vart tilefni til að ætla að ríkisstjórnin telji sig frekar nú hafa fjárhagslegt svigrúm til að auka þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði en þegar reglugerðin var numin úr gildi 31. maí s. l. Því er þess nú freistað að leggja þetta mál fram á nýjan leik, einkum og sér í lagi þar sem afstaða margra þingmanna á síðasta löggjafarþingi til samhljóða frumvarps byggðist á því að önnur skipan þessara mála væri fyrirhuguð fljótlega, — sem ekki hefur þó orðið af.

Þegar frumvarp sama efnis var lagt fram á 105. löggjafarþingi var það gagnrýnt að frumvarpið næði aðeins til þeirra, sem greiða tekjuskatt, og því ekki til lægst launuðu hópanna. Flutningsmenn telja að úr þessu mætti bæta ef ónýttur persónuafsláttur yrði borgaður út líkt og á sér stað um barnabætur, en á 105. löggafarþingi fluttu þingmenn Alþfl. frv. um það efni (53. mál). Einnig má benda á að jafnvel þó að sú skipan kæmist á að aukin yrði þátttaka almannatrygginga í tannlækniskostnaði, t. d. um 25%, þá er eðlilegt að þetta ákvæði væri einnig í skattalögunum og því beitt þegar um veruleg útgjöld vegna

tannlækninga væri að ræða, eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Það er alkunna að meiri háttar tannviðgerðir geta kostað tugi þúsunda eða margföld verkalaun. Sambærileg ákvæði eru í 66. gr. laganna þar sem bæði er greitt af sjúkratryggingum almannatrygginga auk þess sem um er að ræða skattívilnanir af sama tilefni. Í þessu sambandi má t. d. benda á í 1. tl. 66. gr., en þar segir að skattstjóri hafi heimild til að lækka tekjuskattstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega vegna ellihrörleika, veikinda, slysa eða mannsláts.

Kostnaðarviðmiðun tannlæknisreikninga gæti verið rýmri meðan þátttaka almannatrygginga er ekki fyrir hendi, en mætti þrengja þegar og ef til þess kemur að almannatryggingar tækju frekar þátt í tannlækniskostnaði.

Samkv. 66. gr. skattalaganna er það skattstjóri sem tekur ákvörðun um skilyrði fyrir ívilnun samkv. ákvæðum þeirrar greinar og sú tilhögun yrði einnig á framkvæmd þess ákvæðis sem hér um ræðir.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi með samhljóða frumvarpi á 105. löggjafarþingi:

„Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði er heimila skattstjórum að lækka tekjustofn ef skattaðilar verða fyrir þungum búsifjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum.

Til þess að skattalög teljist sanngjörn og réttlát er eðlilegt að þau búi yfir sveigjanleika til að mæta óvæntum atvikum og áföllum sem skerða gjaldþol skattaðila.

Þau ákvæði skattalaganna, sem nú heimila skattstjóra að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega, eru eftirfarandi:

1) Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3) Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4) Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5) Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6) Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7) Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Markmið þessa frumvarps er að rýmka þann sveigjanleika er býr í 66. gr. skattalaganna.

Enginn ræðst í meiri háttar tannviðgerðir nema af brýnni nauðsyn vegna hins óheyrilega kostnaðar sem því fylgir. Oft fresta menn brýnum tannviðgerðum lengur en lengstu lög leyfa vegna þessa kostnaðar.

Meiri háttar tannviðgerðir, svo sem gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir og gervigómur, kosta nú oft tugi þúsunda eða jafnvirði margra mánaðarlauna. Er ekki óalgengt að upphæðir þessar séu á bilinu 40—80 þúsund krónur. Skert gjaldþol af þessari stærðargráðu verður að teljast verulegt og það jafnvel þótt um lægri upphæðir væri að ræða.

Almennt er ekki um greiðslufrest að ræða á þessum kostnaði. Því er sjaldnast um aðra möguleika að ræða hjá launafólki en að taka verðtryggð lán í þessu skyni.

Gera má ráð fyrir að gjaldþol skerðist ekki minna undir slíkum kringumstæðum en þeim sem önnur ákvæði 66. gr. skattalaganna heimila nú ívilnun á.

Um 1. gr.

Til skýringa skal þess getið, að samkvæmt 66. gr. skattalaganna setur ríkisskattstjóri ákvæði um skilyrði fyrir ívilnunum á þeim ákvæðum sem upp eru talin í þeirri grein.

Þess vegna þarf ekki að ákveða í greininni hvað felst í hugtakinu veruleg skerðing gjaldþols.“

Nd. 39. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgr. er orðist svo:

Nú verður því hjóna, sem á lífi er, ekki veitt heimild til setu í óskiptu búi af ástæðum, er greinir í 1., 2. eða 3. mgr. þessarar greinar, og þrátt fyrir ákvæði 14. og 16. gr. laga þessara, skulu skipti þó ekki taka til íbúðarhúsnæðis, sem eftirlifandi maki býr í, né til húsmuna hans, nema hann óski sjálfur að búinu sé skipt að öllu leyti, enda uppfylli hann skilyrði 8. gr. og hafi ekki gengið í hjúskap að nýju, sbr. 13. gr. Eftirlifandi maki, sem þannig öðlast umráðarétt yfir íbúðarhúsnæði og húsmunum, hefur ekki eignarráð né ráðstöfunarrétt þeirra eigna eins og um setu í óskiptu búi væri að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið ljóst að við lát maka geta skapast miklir erfiðleikar hjá eftirlifandi maka ef erfingjar gera kröfu um búskipti. Mörg dæmi eru um að makinn, sem eftir lifir, verður að yfirgefa heimili sitt og húsmuni svo að við persónulegan missi bætist fjárhagslegt öryggisleysi sem ekki síst verður þungbært þeim sem nokkuð eru orðnir við aldur. Þennan vanda telja flutningsmenn ofanskráða breytingu á erfðalögum leysa, yrði hún að lögum.

Með bréfi, dags. 1. mars 1956, fól þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þeim Ármanni Snævarr prófessor og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frumvarp til erfðalaga, en upphaf þess máls var samþykkt nefndar um norræna lagasamvinnu árið 1953 um að þeirri áskorun væri beint til dómsmálaráðherra Norðurlanda að erfðalöggjöf landanna yrði endurskoðuð. Samningu frumvarpsins var lokið árið 1960. Var það síðan þýtt og höfundar frumvarpsins sátu fundi með nefndum frá hinum löndunum þar sem breytingar voru gerðar á frumvörpum og samræming fór fram. Að þessu verki loknu var talið að verulega hefði áunnist í átt til samræmingar, en vissulega hefur hver þjóð sérstöðu um ýmis atriði, m. a. um óskipt bú.

Íslenska frumvarpið varð að lögum árið 1962 og hafa engar breytingar verið gerðar á þeim síðan, enda var mjög til þeirra vandað. Sú breyting, sem hér er lögð til, felur í sér, að eftirlifandi maki eigi rétt til setu í eigin heimili þó að skipta sé krafist að öðru leyti. Frá árinu 1962 hefur aukist mjög fjöldi þeirra eftirlifandi maka sem búa í eigin húsnæði, svo að um verulega fjármuni getur verið að ræða fyrir erfingja. Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið vegna könnunar á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, bjuggu árið 1979 85,5% Reykvíkinga í eigin húsnæði, en um 63% í kringum 1960. Er hér því um að ræða 22% aukningu á eigin húsnæði í Reykjavík á umræddu tímabili, eða frá því að lögin voru sett.

Við gerð núgildandi laga var réttur eftirlifandi maka rýmkaður verulega, og er því frumvarp þetta í fullu samræmi við anda þeirra. Núgildandi lög juku erfðahlut eftirlifandi maka úr ¼ hluta eigna í ⅓ hluta. Þá var svo kveðið á að skiptaráðandi skuli taka tillit til hagsmuna barna og maka þegar metið er hvort leyfi til setu í óskiptu búi skuli veitt, en áður hafði aðeins verið tekið tillit til hagsmuna barna.

Með tilliti til þess að lífaldur manna lengist sífellt samfara betra heilbrigðisástandi í landinu verður að telja það þjóðfélaginu fyrir bestu að fólk geti sem lengst búið á eigin heimilum í stað þess að verða að flytjast á heimili eða stofnanir fyrir aldraða þegar maki fellur frá, en sú er stundum raunin vegna eindreginnar kröfu um búskipti. Íslendingar hafa þá sérstöðu í heimi atvinnuleysis og kreppu að aldrað fólk fær hér mun lengur tækifæri til að taka þátt í atvinnulífi þjóðarinnar, og löggjafinn hefur unnið markvisst að því að sú sérstaða haldist. Öllum þeim, sem að málefnum aldraðra vinna, kemur saman um, að því lengur sem menn séu virkir þátttakendur í samfélaginu þeim mun lengur endist þeim líf og heilsa. Og búseta á eigin heimili ætti að vera frumréttur hins aldraða svo lengi sem hann er fær um að annast það með þeirri þjónustu sem völ er á. Þarf vart að benda á þann sparnað sem fólginn er í því að aldrað fólk sé virkir þátttakendur í atvinnulífinu og búi á eigin heimilum í stað þess að dveljast á opinberum stofnunum. Enginn vafi er á að konur eiga frekar undir högg að sækja þegar búskipta er krafist við lát maka. Enn þá er það svo að mun stærri hópur þeirra hefur verið fyrir utan atvinnulífið og því eiga þær erfiðara með að breyta lífsháttum sínum og byggja upp nýtt heimili. Enda er það svo að yfirgnæfandi meirihluti þeirra, sem á biðlistum eru á stofnunum fyrir aldraða, eru einmitt konur. Meðallífaldur karla á Íslandi er auk þess nokkru styttri en kvenna.

Að lokum skal þess getið að nefnd sú, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 1981 til þess að gera tillögur um samræmingu í skipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða og annast undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg sumarið 1982 — en formaður nefndarinnar var Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, — nefndi breytingu á erfðalögum í þá veru, sem hér er gert ráð fyrir, sem tillögu til úrbóta í málefnum aldraðra.

Í yfirlitsgrein um erfðarétt í tímaritinu Úlfljóti 1978 hefur Guðrún Erlendsdóttir dósent gert þessu máli skil og verður þess nánar getið í framsögu.

Um 1. gr.

Í 1., 2. og 3. mgr. 7. gr. er að finna heimild erfðalaga fyrir eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi. Samkvæmt 1. mgr. er þessi réttur fyrir hendi ef um er að ræða ófjárráða niðja beggja, nema hinn látni hafi mælt öðruvísi fyrir í erfðafjárskrá. Í 2. mgr., þegar um er að ræða ófjárráða niðja hins látna, sem eigi eru niðjar hins, er þessi réttur fyrir hendi nema hinn látni hafi meinað það með erfðaskrá. Í 3. mgr. er réttur til setu í óskiptu búi háður samþykki niðja eða stjúpniðja ef þeir eru fjárráða. Réttur til setu í óskiptu búi er þannig takmarkaður og háður vilja hins látna eða samþykki fjárráða niðja eða stjúpniðja.

Samkvæmt 14. gr. laganna geta fjárráða niðjar eða stjúpniðjar krafist skipta sér til handa ef leyfi til setu í óskiptu búi var veitt meðan þeir voru ófjárráða. Sömuleiðis getur fjárráða erfingi, sem samþykkt hefur setu í óskiptu búi, krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara. Samkvæmt 16. gr. laganna geta erfingjar látins erfingja, aðrir en ófjárráða niðjar hans og ófjárráða systkin, krafist skipta með sama skilyrði og hinn látni erfingi. Ef stjúpbarn andast og lætur eftir sig ófjárráða niðja eða ófjárráða systkin, sem erfðahluta eiga í hinu óskipta búi, getur skiptaráðandi samþykkt að erfðahlutur þeirra eftir stjúpbarnið verði áfram í búinu. Aðrir erfingjar látins sjúpbarns geta þegar í stað krafist skipta sér til handa.

Með þessu fumvarpi er hins vegar lagt til að í öllum þessum tilvikum, bæði þegar eftirlifandi maki fær ekki leyfi til setu í óskiptu búi vegna þess að fyrirmæli hins látna eru á annan veg eða samþykki fjárráða niðja er ekki fyrir hendi og í þeim tilvikum, sem greinir í 14. og 16. gr., hafi eftirlifandi maki, þrátt fyrir skipti, afnotarétt íbúðarhúsnæðis og húsmuna, nema hann óski sérstaklega eftir að búinu verði skipt, enda uppfylli hann skilyrði 8. og 13. gr. laganna. Afnotarétti eftirlifandi maka fylgja þess vegna ekki eignarráð eða ráðstöfunarréttur eins og um óskipt bú væri að ræða.

Nd. 40. Frumvarp til laga [39. mál]

um breytingu á lögum nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 4. málsgrein og hljóði svo:

Verð á raforku samkvæmt orkusölusamningum til langs tíma við iðjuver þau, sem um er getið í 3. mgr. þessarar greinar, má ekki vera lægra en sem nemur 65% af verði á raforku til almenningsrafveitna samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við endurskoðun gildandi samninga um orkusölu til langs tíma milli Landsvirkjunar og iðjufyrirtækja, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, skal tekið mið af ákvæðum laga þessara. Slíkri endurskoðun varðandi raforkuverð skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1984.

Greinargerð.

Gífurlegur munur er nú hérlendis á raforkuverði til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar og hefur hann farið hraðvaxandi á undanförnum árum. Þá áformar núverandi ríkisstjórn að gera nýja orkusölusamninga við erlenda aðila jafnframt því sem unnið er að endurskoðun eldri samninga.

Ljóst er að gildandi lagaákvæði hafa ekki tryggt eðlilega kostnaðarskiptingu af raforkuframleiðslu milli stórnotenda og almenningsveitna. Hefur það leitt til þess að almennir raforkunotendur, jafnt heimili og atvinnurekstur, bera óeðlilega mikinn hluta af framleiðslukostnaði raforkunnar í landskerfinu. Því er nauðsynlegt að löggjafinn marki um það almenna stefnu, hver vera megi hámarksmunur á verði milli þessara viðskiptavina Landsvirkjunar.

Við stefnumörkun frumvarpsins um þetta efni er stuðst við sérfræðilegt mat innlendra aðila og einnig höfð hliðsjón af því sem tíðkast erlendis hjá raforkuframleiðendum sem að meginhluta vinna orku með vatnsafli.

Gert er ráð fyrir að fella lagaákvæðið samkvæmt 1. grein þessa frumvarps inn í 13. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, en hún er nú þannig:

„Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en

100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærri raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins."

Niðurstaða sérfræðinga

Í sameiginlegu áliti starfshóps iðnaðarráðuneytisins, sem fjallaði um raforkuverð til Íslenska álfélagsins hf. og skilaði um það skýrslu í júlí 1982, er m. a. fjallað um raforkuverðið til Ísal miðað við raforkuverð til almenningsveitna. Í þessum starfshópi voru eftirtaldir: Finnbogi Jónsson deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu (nú framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar), Gunnlaugur Jónsson deildarstjóri á Orkustofnun, Jóhann Már Maríusson yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun (nú aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar) og Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Meginniðurstaða þeirra er sú, að **„að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kV afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingartími og 132 kV afhendingarspenna).**"

Þetta álit er hér lagt til grundvallar varðandi það **lágmarkshlutfall** af verði til almenningsveitna sem stóriðjunotendum er ætlað að greiða, þótt færa megi rök fyrir því að sá munur eigi að vera minni í reynd.

Um þetta efni segir orðrétt í áliti starfshópsins (Athugun á orkuverði til Íslenska álfélagsins hf. — Skýrsla starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins — júlí 1982, bls. 48—51):

4.4. Raforkuverð til Ísal miðað við raforkuverð til almenningsveitna.

Þegar borið er saman raforkuverð til Ísal annars vegar og almenningsveitna hins vegar vekur athygli að mismunurinn á þessum verðum hefur farið stigvaxandi. Árið 1969 var heildsöluverð til almenningsveitna 81% hærra á kWst en verðið til Ísal, en eins og fram kemur hér á eftir virðist eðlilegt að miða við að stóriðjan greiði verð sem er a. m. k. 65% af verði til almenningsveitna, þ. e. að almenningsveitur greiði um 50% hærra verð en stóriðjan. Árið 1981 greiddu almenningsveitur 313% hærra verð á kWst en Ísal, og í maí 1982 greiddu almenningsveitur um 400% hærra verð.

Spyrja má hver sé eðlilegur munur milli orkuverðs til stóriðju og orkuverðs til almenningsveitna.

Ef borin er saman raforkusala til almenningsveitna annars vegar og stóriðju hins vegar kemur fyrst og fremst tvenns konar eðlismunur í ljós. Í fyrsta lagi hefur stóriðjan lengri nýtingartíma, eða u. þ. b. 8000 stundir á ári á móti u. þ. b. 5000 stundum hjá almenningsrafveitum. Í öðru lagi tekur stóriðjan við fullri orku alveg frá byrjun en notkun almenningsveitna í heild vex um u. þ. b. 25 MW á ári og fullnýta þær því orkuvinnslugetu nýrrar stórvirkjunar mun hægar en stóriðjan.

Þá má nefna að stóriðjan tekur yfirleitt við raforku með hærri spennu en almenningsrafveitur en samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar er verðið 5% lægra ef tekið er við raforkunni á 220 kV spennu í stað 132 kV spennu.

Við lengri nýtingartíma verður stofnkostnaður í virkjun, sem byggð er fyrir stóriðju, lægri en fyrir virkjun sem byggð er fyrir almenna notkun. Munurinn liggur í því að uppsett afl virkjunarinnar verður minna og vélbúnaðurinn þar með ódýrari, svo og að ekki er þörf á jafnmikilli vatnsmiðlun og ella.

Samkvæmt athugunum, sem gerðar hafa verið í þessu efni, m. a. af Helga Sigvaldasyni verkfræðingi, er talið að stofnkostnaður virkjunar, sem einungis er byggð fyrir stóriðju, sé 10—15% lægri en fyrir virkjun sem einungis er byggð fyrir almenningsveitur.

Eins og áður sagði fullnýtir stóriðja að jafnaði virkjun fyrr en ella. Ef ekki er unnt að

byggja viðkomandi stórvirkjun í minni áföngum sem henta vexti almennrar notkunar hefur slík fullnýting fyrr í för með sér ákveðinn fjármagnssparnað. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. áætlar að framleiðslukostnaður á orku frá Blönduvirkjun sé um 13,1 mill/kWh við stöðvarvegg á verðlagi í desember 1980 miðað við að virkjun yrði fullnýtt í einum áfanga. Hins vegar yrði framleiðslukostnaðurinn skv. sömu áætlun 15,4 mill/kWh miðað við að virkjunin yrði byggð í einum áfanga og almenningsveitur fullnýttu hana á 5½ ári. Í báðum tilvikum er miðað við 6% reiknivexti.[1]) Fullnýting strax gefur þannig u. þ. b. 15% lægra raforkuverð, miðað við að virkjunin yrði ekki byggð í áföngum fyrir almenningsmarkaðinn, en ef svo væri gert yrði munurinn minni.

Samkvæmt nýjustu gjaldskrá Landsvirkjunar (maí 1982) er verð á raforku miðað við 5000 stunda nýtingartíma og 132 kV afhendingarspennu 33,65 aurar/kWh (30,4 mill/kWh) og miðað við 8000 stunda nýtingartíma 23,54 aurar kWh (21,3 mill/kWh). Stóriðjan tekur við orkunni á 220 kV þannig að samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar ætti hún að greiða 22,36 aura/kWh (20.2 mill/kWh). Hlutfall raforkuverðs til stóriðju miðað við raforkuverð til almenningsveitna ætti því samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar að vera 66%. Í dag er þetta hlutfall u. þ. b. 21%.

Norðmenn hafa gert allítarlegar athuganir á því hvert sé eðlilegt raforkuverð til stóriðju annars vegar og almennings hins vegar. Niðurstöður þessara athugana koma m. a. fram í skýrslum norskra orkuráðuneytisins, nr. 49:1979, „Kraftintensiv industri" og St. meld nr. 54, „Norges fremtidige energibruk og produksjon". Samkvæmt þessum skýrslum er talið að kostnaðarverð til stóriðju sé um 85% af kostnaðarverði til almenningsveitna, nánar tiltekið 11—12 norskir aurar á kWst á móti 13,5 aurum til almenningsveitna miðað við verðlag í janúar 1980 og 7% reiknivexti.

Á Orkuþingi 1981 flutti Sigurður Briem, yfirverkfræðingur hjá Íslenska álfélaginu hf., erindi um hagkvæmni raforkusölu til stóriðju. Í erindi Sigurðar komu fram útreikningar um hver væri eðlilegur verðmunur á raforku til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar.

Sigurður tekur fyrst dæmi af virkjun sem gæti framleitt 1000 GWh fyrir almennan markað og reiknar út raforkuverð til almennings miðað við að það taki um 8 ár að fullnýta virkjunina. Síðan athugar hann þann möguleika að helmingur orkunnar fari til almenningsveitna, 500 GWh, en afgangurinn til stóriðju. Sigurður gerir þó ráð fyrir að orkuvinnslugeta virkjunarinnar aukist um 10% í heild eða í 1100 GWh og unnt verði þá að selja um 600 GWh til stóriðju. Ekki er víst að þessar forsendur gildi fyrir þær virkjanir sem nú eru í undirbúningi.

Niðurstaða Sigurðar er sú að stóriðjan eigi að greiða um 60% af verði til almenningsveitna að gefnum áðurnefndum forsendum. Er þá gert ráð fyrir að raforkuverð til almennings verði hið sama hvort sem ráðist er í stóriðju eða ekki.

Orkustofnun hefur gert útreikninga á orkuverði til stóriðju annars vegar og orkuverð til almennings hins vegar (sjá töflu 6.1 og 6.2) og lagt til grundvallar tvær mismunandi aðferðir. Fyrra tilvikið er frá fyrri hluta árs 1981 en í því er gert ráð fyrir ákveðinni virkjanaröð og 3 möguleikum á staðsetningu 150 MW stóriðjufyrirtækis. Raforkuverð til almennings er reiknað á grundvelli þessarar ákveðnu virkjunarraðar svo og raforkuverðið til stóriðjunnar. Fjórar mismunandi virkjunarleiðir eru kannaðar, sjá töflu 6.1.

Niðurstaða Orkustofnunar samkvæmt aðferð 1 er sú að meðalkostnaðarverð til stóriðju er áætlað 68,5% af meðalkostnaðarverði til almenningsveitna miðað við 6% reiknivexti og 67,7% miðað við 8% reiknivexti.

1) Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun og VST er framleiðslukostnaður orku frá Blönduvirkjun á verðlagi í desember 1982 miðað við fullnýtingu strax talinn vera 14.6—17 mill/kWh við stöðvarvegg, mismunandi eftir stærð miðlunarlóns. Samsvarandi tölur miðað við nýtingu fyrir almennan markað einvörðungu eru 17—19.4 mill/kWh.

Sá megingalli er á þessum útreikningum að gert er ráð fyrir ákveðinni virkjunarröð hvort sem farið er í stóriðju eða ekki. Réttara er að reikna fyrst út raforkuverð til almenningsveitna miðað við hagkvæmustu virkjunarröð en láta síðan stóriðjuna taka á sig viðbótarkostnaðinn. Í seinni skýrslum Orkustofnunar er byggt á þessari aðferðafræði og kemur þá í ljós að kostnaðarverð til stóriðju á næstu árum og fram til aldamóta er u. þ. b. 90% af kostnaðarverði til almennings. Meginskýringin á þessu er sú að unnt er að fullnægja raforkuþörf almennings fram til aldamóta með mjög ódýrum virkjunum en stóriðja kallar á framkvæmdir í dýrari virkjunum fyrr en ella.

Miðað við það sem hér að ofan er rakið er nokkuð mismunandi hvað talin er eðlileg kostnaðarskipting, en að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kV afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingatími og 132 kV afhendingarspenna).“

Gjaldskrá Landsvirkjunar og Ísal-samningurinn.

Samkvæmt núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar frá 1. ágúst 1983 er verð á raforku miðað við 5000 stunda nýtingartíma og 132 kV afhendingarspennu 117,10 aurar /kWh (41.8 mill/kWhh miðað við gengið 1 US$ = 28,00 ísl. kr.) og miðað við 8000 stunda nýtingartíma 82,10 aurar/kWh (29.3 mill/kWh). Miðað við 220 kV afhendingarspennu og 8000 stunda nýtingartíma er gjaldskráin 78,00 aurar/kWh (27,8 mil/kWh) sem væri það sem stóriðjan ætti að greiða samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar. Svarar það til þess að hlutfall raforkuverðs til stóriðju miðað við raforkuverð til almenningsveitna ætti samkvæmt núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar að vera 66,6%.

Sé miðað við samningsbundið verð til Ísal, 6.5 mill á kílóvattstund á móti 41.8 mill til almenningsnota, er hlutfallið nú hins vegar aðeins 15,5%. Jafnvel þótt reiknað sé með þeirri tímabundnu hækkun í 9.5 mill, sem um var samið til eins árs með bráðabirgðasamkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. september sl., er hlutfallið aðeins 22,7%, þ. e. almenningsveiturnar greiða 4,4 sinnum hærra verð á orkukeiningu en stóriðjan.

Dæmi erlendis frá

Þegar leitað er samanburðar varðandi slíkt hlutfall hjá orkuveitum erlendis er rétt að horfa öðru fremur til veitna sem byggja framleiðslu sína að verulegu leyti á vatnsafli.

Í Noregi var verðhlutfallið stóriðja : almenningsveitur hjá norsku ríkisrafveitunum (Statskraftverkene) á árinu 1982 samkvæmt gjaldskrá um 88%. Miðað við orkusölusamninga til stóriðju frá árinu 1976 og síðar er þetta hlutfall um 82%. Þessir samningar gera ráð fyrir sem svarar 14.5 mill kWh til stóriðju og í ár hefur Stórþingið markað um það stefnu að framvegis skuli miða við grunnverð til stóriðju sem svari til 20 mill/kWh með fullri verð- og kauptryggingu. Er þá orkuskattur og orkuflutningsgjald meðtalið.

Í Bandaríkjunum var þetta hlutfall hjá BPA-veitunni á árinu 1982 147,6%, en hún byggir að meginhluta (94% 1982) á vatnsafli og seldi um 82 teravattstundir af raforku á síðasta ári, þar af 18.5 teravattstundir til áliðnaðar. Hér liggur það fyrir að orkuverðið til stóriðju er mun **hærra** en verðið til almenningsveitna, t. d. 19.3 mill til áliðnaðar á móti 13.1 mill til almenningsveitna. Á árinu 1983 hefur orkuverð síðan hækkað verulega hjá BPA, t. d. í 24.5 mill til áliðnaðar, en jafnframt bauð BPA, álverum tímabundinn afslátt á **umframorku** til 1. nóvember n. k., þ. e. 11.2 mill/kWh fyrir um ¼ hluta orkunnar sem álverin geta nýtt og ekki hvílir kaupskylda á. Að þeim tíma liðnum er gert ráð fyrir að öll orka til álvera verði seld á 27.3 mill.

Hjá TVA-orkuveitunni í Bandaríkjunum var umrætt hlutfall á árinu 1982 um 100%. Þá greiddu stórnotendur að meðaltali um 37 mill og almenningsveitur jafn mikið fyrir kílóvattstundina. Álbræðslur á svæði TVA greiddu í fyrra heldur lægra verð eða um 35 mill.

Hjá TVA er aðeins um ⅙ hluti raforkuframleiðslunnar byggður á vatnsafli, en þessar tölur hjá tveimur stærstu orkuveitum Bandaríkjanna segja sína sögu um verðlagningarstefnu gagnvart stóriðju og almenningsveitum.

Í Kanada eru orku- og iðjuver í mörgum tilvikum á sömu hendi, t. d. hjá Alcan-samsteypunni. Af dæmum úr viðskiptum óháðra aðila í Kanada verður hins vegar ráðið að hlutfallið milli raforkuverðs til almenningsveitna og stóriðju sé milli 80—90%.

Allt ber þetta að sama brunni. Verðlagning á raforku til stóriðju hérlendis er í sérflokki, bæði sem verð á orkueiningu og miðað við verð til almenningsveitna. Því er knýjandi að löggjafinn setji almenna reglu sem tryggi lágmarkshagsmuni viðskiptavina almenningsveitna. Með stefnumörkun þeirri, sem felst í frumvarpinu, er farið vægt í sakirnar með tilliti til þess sem algengt er erlendis, en lögfesting á umræddu lágmarkshlutfalli, þ. e. að stóriðjan greiði ekki minna en sem nemur um ⅔ af verði til almenningsveitna, mundi valda straumhvörfum í verðlagningu á orku í landinu, þótt fleira þurfi að koma til.

Í fylgiskjali I er dregin upp mynd af því hver áhrif það hefði haft á verðlagningu til almenningsveitna ef verð til Ísal hefði verið bundið við umrætt 65% lágmark á tímabilinu 1969—1982 að óbreyttum heildartekjum Landsvirkjunar. Ef sala til annarra stórnotenda, svo sem Íslenska járnblendifélagsins, væri tekin með í myndina síðustu árin hefði það enn frekari áhrif til lækkunar fyrir almenningsveiturnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er miðað við að nýtingartími raforku hjá viðkomandi iðjuveri sé a. m .k. 8000 stundir á ári og að afhendingarspenna sé 220 kV. Orkuverðið til almenningsveitna samkvæmt frumvarpinu er hins vegar miðað við 5000 stunda nýtingartíma á ári og 132 kV afhendingarspennu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í endurskoðun eru nú samningar, m. a. varðandi orkuverð milli íslenskra stjórnvalda og Alusuisse vegna Íslenska álfélagsins hf. og við Elkem A/S og japanska fyrirtækið Sumitomo vegna Íslenska járnblendifélagsins hf. Orðalag málsgreinarinnar: „skal tekið mið af ákvæðum laga þessara“ felur í sér þá stefnumörkun að við endurskoðun samninganna að því er raforkuverð varðar skuli að því stefnt að ná því lágmarkshlutfalli sem 1. gr. kveður á um.


Eðlilegt er að veita svigrúm til að ljúka þeim samningum eða til 1. júlí 1984. Er það talinn rúmur tími miðað við að samningaviðræður hafa staðið yfir um skeið, bæði vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og álversins í Straumsvík. Samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi íslenskra stjórnvalda og Alusuisse er stefnt að því að ljúka endurskoðun samninga vegna Ísal fyrir 1. apríl n. k.

Fylgiskjöl:

1. Raforkuverð Landsvirkjunar 1969—1982 miðað við að Ísal hefði greitt 65% af verði til almenningsveitna að heildartekjum Landsvirkjunar óbreyttum.
2. Gjaldskrá Landsvirkjunar frá 1. ágúst 1983.

Fylgiskjal 1

ÞRÓUN HEILDSÖLUVERÐS LANDSVIRKJUNAR 1969-1982



Fylgiskjal 2

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Gjaldskrá Landsvirkjunar á 132 kV og 220 kV.

Gildir frá 1. ágúst 1983.

Afl- og orkugjald á 132 kV: (5% lægra á 220 kV).

Aflgjald		: 2708,36	kr.	
Orkugjald,	H < 2500	: 86,3	aurar	
Orkugjald,	H = > 2500	< 4000 : 50,3	aurar	
Orkugjald,	H = > 4000	: 23.6	aurar	

Spenna: 132 kV. 220 kV.

Nýtingartími:	Aur/kWh	Aur/kWh
1000	357.1	339.3
1200	312.0	296.4
1400	279.8	265.8
1600	255.6	242.8
1800	236.8	224.9
2000	221.7	210.6
2200	209.4	198.9
2400	199.1	189.2
2600	189.1	179.6
2800	179.2	170.2
3000	170.6	162.0
3200	163.1	154.9
3400	156.4	148.6
3600	150.5	143.0
3800	145.3	138.0
4000	140.5	133.5
4200	134.9	128.2
4400	129.9	123.4
4600	125.3	119.0
4800	121.0	115.0
5000	117.1	111.3
5200	113.5	107.9
5400	110.2	104.7
5600	107.1	101.8
5800	104.2	99.0
6000	101.5	96.5
6200	99.0	94.1
6400	96.7	91.8
6600	94.5	89.7
6800	92.4	87.8
7000	90.4	85.9
7200	88.5	84.1

Nýtingartími:	Aur/kWh	Aur/kWh
7400	86.8	82.5
7600	85.1	80.9
7800	83.6	79.4
8000	82.1	78.0
8200	80.6	76.6
8400	79.3	75.3
8600	78.0	74.1

Hækkun gjaldskrár:
1. feb. 1983 : 29%
10. maí 1983 : 10%
3. júní 1983 : 19%
1. ágúst1983 : 31%.

Nd. 41. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

1) Í 3. gr. laganna 2. mgr. kemur nýr liður sem verði a-liður og hljóði svo:
¼% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim, enda sé ekki um að ræða sumarbústaði sem notaðir eru til íbúðar allt árið.
2) a-liður 2. mgr. verði b-liður og núverandi b-liður verði c-liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt. Eftirfarandi grg. fylgdi frv.:

Mikill fjöldi forustumanna ýmissa félagasamtaka hefur óskað eftir því við þingmenn, að þeir endurskoði þau ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga sem fjalla um fasteignagjöld af sumarbústöðum.

Með vaxandi þéttbýlismyndun fer stöðugt vaxandi þörf almennings til útivistar í óspilltri náttúru.

Af þeim sökum hafa fjölmargir kaupstaðarbúar komið sér upp sumarbústöðum á undanförnum árum og eyða þar orlofi sínu og helgum yfir sumartímann. Nýting þessara eigna er hins vegar það lítil samanborið við heimili manna að fráleitt er að leggja á þau samsvarandi fasteignagjöld og íbúðarhúsnæði í þéttbýli. Með hliðsjón af því, að notkunartími þessara eigna er vart meiri en 3 mánuðir á ári og í flestum tilvikum styttri, þykir eðlilegt að fasteignagjöld af þessum eignum séu aðeins ¼ af fasteignagjöldum af fasteignum í kaupstöðum.

Með þessar staðreyndir í huga telja flm. rétt að ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg sem lagt er til í frv. þessu.

Nd. 42. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið málið til umfjöllunar og mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Pálmi Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. okt. 1983.

Gunnar G. Schram, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.
Geir Hallgrímsson.	Guðmundur Einarsson.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 43. Fyrirspurn [41. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975, 1.-7. gr., um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?
2. Hyggjast ráðherrar notfæra sér tillögur um fræðsluherferð í skólum og meðal almennings sem samstarfshópur 57 kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og mörgum starfsstéttum vann að og afhenti viðkomandi ráðherrum 4. júlí síðastliðinn?

Ed. 44. Lög [22. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreitt frá Ed. 17. okt.)

Samhljóða þskj. 22.

Ed. 45. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:

Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér að vegna fyrirhugaðra stórfelldra hækkana á gjaldskrám orkufyrirtækja þann 1. maí 1983 og til að styrkja heildarstjórn á verðlagningu á raforku og heitu vatni til almenningsveitna, og þar sem ekki vannst tími til að afgreiða á 105. löggjafarþingi stjórnarfrumvarp þessa efnis beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, er varða eftirlit með verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:

Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 46. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106 löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað „31. desember 1983“ í 13. gr. kemur: 31. desember 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengdur verði gildistími þeirra ákvæða laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, er varða Sölustofnun lagmetis. Stjórn

Sölustofnunar lagmetis telur mikilvægt, að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Með lögum nr. 51/1982 var gildistími I. kafla laganna framlengdur um eitt ár, frá 31. desember 1982 til 31. desember 1983.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau að í löndum Austur-Evrópu, sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti, er hvarvetna einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni að ræða kaupanda megin. Slíkur kaupandi væri því, ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun yrði íslenskum seljendum í óhag. Rétt þykir að bregðast við þessu með áframhaldandi einkarétti og jafna þar með samningsaðstöðuna.

Er því í frumvarpinu lagt til, að I. kafli laga nr. 58/1981, þ. e. greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. desember 1985. En rétt þykir, að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður, og að því tilskyldu, að starf stofnunarinnar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. framangreindra laga nr. 58/1981.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.: Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 47. Frumvarp til laga [44. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43,5 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 59,6 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Skal Seðlabanki Íslands leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Kvótaaukningin.

Með lagafrumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að taka þátt í áttundu almennu hækkun kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr samtals 61,0 milljarði sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 90,0 milljarða SDR. Við þetta mundi kvóti Íslands hækka úr 43,5 milljónum SDR (sbr. lög nr. 38 29. maí 1979) í 59,6 milljónir SDR. Af aukningunni er fjórðungur greiddur í sérstökum dráttarréttindum en þrír fjórðu hlutar í íslenskum krónum. Sá hluti kvótaaukningarinnar, sem greiddur er í sérstökum dráttarréttindum, greiðist af Seðlabankanum og myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans. Er það Íslandi tvímælalaust í hag að taka þátt í þessari almennu reglubundnu hækkun þar eð hún eykur möguleika Íslands á hagstæðum lántökum hjá sjóðnum um margfalda þá fjárhæð, sem lögð er fram í gjaldeyri, og viðheldur atkvæðavægi landsins í stjórn hans eins og nánar verður vikið að hér síðar.

Kvótaaukning þessi var samþykkt af yfirstjórn sjóðsins hinn 31. mars 1983 og rennur frestur sá, sem einstök aðildarríki hafa til þess að staðfesta aukningu á kvóta sínum, út hinn 30. nóvember 1983. Hinir nýju kvótar öðlast væntanlega gildi hinn 1. janúar 1984.

II. Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (The International Monetary Fund) var stofnaður skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og var Ísland meðal stofnaðila. Nú eru 146 ríki aðilar að sjóðnum.

Á fyrstu starfsárum sínum vann Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn aðallega að því að útrýma hindrunum í gjaldeyrisviðskiptum þjóða á milli en fyrstu árin eftir seinni heimsstyrjöldina var mikill hluti af milliríkjaviðskiptum háður gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Smám saman, er hagur helstu viðskiptalandanna tók að batna eftir styrjöldina, voru gjaldeyrishömlurnar lagðar niður, að nokkru leyti fyrir tilstilli sjóðsins. Á sviði vöruviðskipta vann Alþjóðlega tolla- og viðskiptastofnunin (GATT) að lækkun tolla og niðurfellingu annarra viðskiptahafta. Atbeini beggja þessara stofnana ásamt Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC) varð til þess að efla mjög alþjóðaviðskipti á árunum eftir stríð enda hefur aukningin í alþjóðaviðskiptum verið mun hraðari en aukning framleiðslu allt fram á síðustu ár. Er ekki að efa að Íslendingar hafa notið góðs af þessari þróun þar eð fáar þjóðir eru eins háðar alþjóðaviðskiptum og eiga meir undir því að þau séu frjáls.

Undanfarin ár hefur aðalstarfsemi sjóðsins falist í því að greiða úr greiðslujafnaðarerfiðleikum aðildarríkja hans. Hefur þessi starfsemi færst mjög í vöxt síðan 1973 er fyrstu olíuverðhækkanirnar skullu yfir en þær gerðu mjög mörgum löndum erfitt fyrir, einkum efnaminni þróunarlöndum sem ekki höfðu olíu í jörð. Gegnir hann nú lykilhlutverki í því að styrkja núverandi fyrirkomulag alþjóðafjármála og frjáls milliríkjaviðskipti. Í því efni ber honum og að hafa eftirlit með gengi á gjaldmiðlum aðildarríkjanna og hlutast til um að gengið verði ekki notað sem vopn í viðskiptastríði landa á milli.

III. Kvótar aðildarríkjanna og stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Starfsfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist aðallega á fjárframlögum (kvótum) aðildarríkjanna sem ákveðnir eru með hliðsjón af þjóðartekjum viðkomandi ríkis og umfangi utanríkisviðskipta þess, svo og nokkrum fleiri þáttum. Heildarkvótar sjóðsins hafa aukist úr innan við 10 milljörðum SDR á fyrstu árum sjóðsins allt fram til 1959 í rúma 20 milljarða 1970 en árið 1980 voru þeir komnir í um 61 milljarð SDR. Með þessari kvótaaukningu, sem nú liggur fyrir, er ætlunin að auka þá í 90 milljarða SDR.

Atkvæðavægi í stjórn sjóðsins fer fyrst og fremst eftir kvóta hvers ríkis. Bandaríkin hafa stærsta kvótann, 19,52% af heildinni, en þar á eftir koma Bretland (6,82%), sambandslýðveldið Þýskaland (5,04%), Frakkland (4,49%), Japan (3,88%), alþýðulýðveldið Kína (2,82%) og Saúdí Arabía (3,28%). Öll ofangreind ríki hafa einn fulltrúa hvert af samtals 22 í stjórn sjóðsins (Executive Board). Norðurlöndin ráða yfir 3,31% af heildaratkvæðum en þar af er Ísland með 0,11%. Hafa Norðurlöndin sameiginlegan fulltrúa í stjórn sjóðsins og skiptast þau á um að skipa hann eitt kjörtímabil í senn sem er tvö ár.

IV. Samskipti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Svo sem áður greinir var Ísland meðal stofnaðila Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hefur ætíð haft gagnleg samskipti við sjóðinn. En það var ekki fyrr en 1960 að Ísland tók lán, 6,8 milljónir dollara, hjá sjóðnum í tengslum við efnahagsaðgerðir þær sem gripið var til á því ári. Síðan hefur Ísland þrisvar tekið lán vegna greiðslujafnaðarerfiðleika, 1967—68 (15,0 milljónir dollara), 1974—76 (62,2 milljónir SDR) og síðan 1982. Þá var tekið svonefnt jöfnunarlán að fjárhæð 21,5 milljónir SDR og jafnframt voru teknar 9,0 milljónir SDR af gjaldeyrisinnstæðu Seðlabankans hjá stofnuninni. Skal endurgreiða hvort tveggja á næstu þremur til fimm árum. Öll lán, sem tekin voru til og með 1976, hafa verið að fullu greidd.

Nd. 48. Frumvarp til laga [45. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 4 400 000 sérstök dráttarréttindi (SDR) og leggja fram 10% þeirrar fjárhæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 26 12. maí 1976, var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samning um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, en bankinn tók til starfa 1976 með þátttöku allra Norðurlandanna.

Stofnfé bankans var ákveðið 400 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR). Hluti Íslands var ákveðinn 4 milljónir SDR og var ¼ hluti stofnfjár innborgaður.

Á fundi stjórnar Norræna fjárfestingarbankans, sem haldinn var 23. mars 1982, var samþykkt að leggja til við Norrænu ráðherranefndina að hlutafé bankans yrði tvöfaldað, úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR.

Síðan hafa ráðherranefndin og Norðurlandaráð fjallað um málið og samþykkt þessa aukningu hlutafjárins.

Gert er ráð fyrir, að innborguð verði 10% af aukningunni, 40 milljónir SDR. Þar af verða 10 milljónir SDR greiddar úr varasjóði bankans, en 30 milljónir SDR verða greiddar af aðildarríkjunum.

Hluti Íslands verður 1.1%, en það er nú hin almenna hlutdeild þess í kostnaði við norrænt samstarf. Gert er ráð fyrir greiðslum á framlagi Íslands, 330 000 SDR, sem hér segir:

1) 2. jan. 1984 110 000 SDR
2) 2. jan. 1985 110 000 SDR
3) 2. jan. 1986 110 000 SDR

Auk þess verður greitt vegna Íslands úr varasjóði bankans 110 000 SDR. Innborgun vegna Íslands verður því samtals 440 000 SDR.

Heimildir bankans til lánveitinga eru 2½ sinnum hlutafé hans þannig að við aukningu hlutafjár fara þær úr 1 000 milljónum í SDR í 2 000 milljónir SDR.

Norræni fjárfestingarbankinn hóf starfsemi 1. ágúst 1976. Til 31. desember 1982 hafði bankinn veitt 156 lán samtals að fjárhæð 745,7 milljónir SDR. Af þessum lánum voru 134 fjárfestingarlán samtals að fjárhæð 601,7 milljónir SDR Hlutur Íslands í lánum innan þessa lánaflokks er talinn 7% eða 42,1 milljón SDR. Auk þessa hefur bankinn veitt byggðalán til Íslands sem nema samtals 9,6 milljónum SDR.

Sþ. 49. Fyrirspurnir. [46. mál]

I. Til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði sjónvarps í Norður-Þingeyjarsýslu og sjónvarpsendurvarpstöðvar fyrir miðin.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað er fyrirhugað að gera til að bæta óviðunandi móttökuskilyrði sjónvarps víða í Norður-Þingeyjarsýslu?
2. Hver er stefna núverandi stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu sjónvarpsendurvarpsstöðva til að bæta móttökuskilyrði á miðunum umhverfis landið?

II. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd gróðurverndar og gerð gróðurkorta.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvernig miðar framkvæmd gróðurverndar samkvæmt lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með áorðnum breytingum frá 24. apríl 1982?

1. Hafa gróðurverndarnefndir alls staðar verið kosnar í samræmi við þessi lög?
2. Hefur reynst þörf á að grípa til aðgerða samkvæmt 23. grein áðurnefndra laga?
3. Hvernig gengur gerð gróðurkorta og hvenær má ætla að þeirri vinnu ljúki?

Ed. 50. Frumvarp til laga [47. mál]

um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana, er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

Þeim greiðslum, sem frestað er samkvæmt framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur eftir þörfum þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að létta greiðslubyrði húsbyggjenda vegna verðtryggðra lána, þar sem verðlag hefur að undanförnu hækkað meira en laun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana, er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

Þeim greiðslum, sem frestað er samkvæmt framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur eftir þörfum þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og stöðva nú þegar þær framkvæmdir við byggingu Seðlabanka Íslands sem ekki hefur þegar verið samið um við verktaka.

Greinargerð.

Í lögum um opinberar framkvæmdir segir svo í 3. mgr. 1. gr.:

„Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.“

Ríkisstjórninni er því tvímælalaust heimilt að stöðva framkvæmdir við byggingu Seðlabankans, samkv. ofangreindri lagagrein og ber siðferðileg skylda til þess við núverandi aðstæður. Það er óverjandi að veita tugi milljóna til þessara framkvæmda á sama tíma og aðrar og brýnni framkvæmdir í almannaþágu verða að sitja á hakanum um sinn vegna fjárskorts. Launamenn í landinu, sem nú er gert að spara, eiga kröfu á, að þessi kostnaðarsama framkvæmd sé stöðvuð en arður Seðlabankans nýttur til brýnni þarfa. Það getur varla talist eðlilegt að byggja því stærri skrauthallir yfir fjárhagskerfið í landinu sem minna er til af fjármunum. Slíkt hlýtur að kalla á erlendar lántökur.

Í Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984, sem forsætisráðherra lagði fram 17. október 1983, segir orðrétt í I. kafla sem ber heitið Markmið:

„Ríkisstjórnin setti fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirfarandi markmið:
— Atvinnuöryggi.
— Hjöðnun verðbólgu.
— Viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.
— Verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra, sem þyngst framfæri hafa.

Þessi stefnumið gilda einnig framvegis, en forsenda árangurs í þessum efnum er, að það takist að:
— Koma sem fyrst á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.
— **Beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni.**
— Örva framfarir og fjölbreytni í atvinnulífinu.
— Bæta skipulag stjórnkerfisins og peninga- og lánastofnana.

Að þessum verkefnum hefur ríkisstjórnin unnið og mun vinna á starfstíma sínum."

Flutningsmaður telur byggingu Seðlabankahúss ekki arðbært verkefni. Þau verkefni ein eru arðbær sem landsmenn sjálfir hafa ávinning af, og hið nýja hús Seðlabankans er ekki eitt þeirra.

Ed. 52. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. desember 1982, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1983" en í staðinn komi orðin: 31. desember 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Með lögum nr. 98/1982 var heimild til gjaldtöku þessarar framlengd til ársloka 1983. Forsendur hafa ekki breyst fyrir gjaldtökunni og þykir eigi fært að fella gjaldið niður nú um n. k. áramót.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun tollskrárlaga, en þar mun m. a verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendrar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari. Því er lagt til með frumvarpi þessu að gjaldtakan verði framlengd til ársloka 1984.

Ed. 53. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. laga nr. 2/1983, breytist með svofelldum hætti:

a) 1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1984 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

c) Upphaf B-liðar 1. greinar laganna orðist svo:
Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1984 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1984.

Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði um 1080 m.kr. á árinu 1983 en um 1140 m.kr. á árinu 1984.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um gistiþjónustu á landsbyggðinni.

Flm.: Helgi Seljan, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þeim aðilum, er veita þjónustu á landsbyggðinni með gistingu og greiðasölu, sem bestan grundvöll til uppbyggingar og rekstrar.

Ríkisstjórnin skal í þessu efni leita samráðs við þá, er helst eiga hagsmuna að gæta, svo sem Ferðamálaráð, sveitarfélög og rekstraraðila.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en var þá ekki útrædd.

„Ísland sem ferðamannaland“ er oft á orði haft. Vissulega hefur margt verið gert á því sviði, að gera það að staðreynd, en flest hefur þó miðast við einmitt það að búa erlendum ferðamönnum aðstöðu og þá að sjálfsögðu á ferðamannatímanum.

Má nefna hina ágætu nýtingu heimavistarskóla okkar til þessa hlutverks og er þar um lofsverða starfsemi að ræða.

En hvað um okkur sjálf, hvað um þann tíma þegar veður og færð setja oft strik í ferðareikning okkar, hvað um ýmsa þéttbýlisstaði þar sem umferð er lítil um háveturinn, gestakomur stopular, en staðreynd þó?

Á hverjum þéttbýlisstað er ákveðin þörf, sem kallar á að þar sé viðunandi aðstaða allt árið um kring bæði til gistingar og matsölu.

Mismikil er sú þörf eftir legu og aðstæðum, en knýjandi víðast hvar. Rekstraraðstaða er hins vegar vægast sagt takmörkuð og fáir einir hafa bolmagn til að byggja upp viðunandi aðstöðu í húsnæði og öðru sem til þarf. Oft eru fyrirtæki með annan rekstur, sem halda uppi lágmarksþjónustu, eða þá að sveitarfélögin grípa með einhverjum hætti inn í, af eðlilegum vanefnum þó.

Sjálfstæður rekstur á þess litla von að skila öðru en tapinu á velflestum stöðum.

Tvímælalaust þarf að gera hér visst átak, sem eðlilegt er að hið opinbera stuðli að sem best, því vansalaust er það ekki, að ekki sé unnt á hverjum stað að bjóða vetrargestum mat og húsaskjól.

Í öllum aðgerðum til þess að laða erlenda ferðamenn til ferðalaga hingað býður okkur flutningsmönnum í grun, að þessi þáttur hafi orðið býsna mikið útundan. Sannleikurinn er einnig sá, að málið er síður en svo auðleyst, og víða má segja að vart sé unnt að leysa þetta eftir hefðbundnum leiðum, en þá er að leita annarra.

Hugmyndir þar um verða reifaðar í framsögu, svo og rakin einstök dæmi þar sem ferðamannaþjónusta er óhjákvæmileg nauðsyn, en rekstrargrundvöllur enginn, þó við árið allt sé miðað. Kanna þarf möguleika þeirra sjóða, sem fyrir eru, til sérátaks í þessu efni, möguleika sveitarfélaga og rekstraraðila að koma með nýjum hætti inn í þessa mynd og síðast en ekki síst með hvaða hætti hið opinbera gæti létt róðurinn, þó í engu yrði um beinar styrkveitingar eða gjafir að ræða.

Margt annað og heilbrigðara kemur til greina, sem fjallað verður um í framsögu, þó allar ívílnanir séu vandmeðfarnar. En jafnhliða því, sem við gerum Ísland að ferðamannalandi, svo sem réttlætanlegt er, t. d. gagnvart náttúru landsins, skulum við ekki síður huga að sem eðlilegastri þjónustu við okkur sjálf og aðra hvarvetna þar sem þess telst þörf.

Til að ýta þessu máli úr vör er tillaga þessi flutt.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um vistunarvanda öryrkja.

Flm.: Helgi Seljan, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja sem eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru.

Helst yrði um að ræða að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofnun sérdeildar við ríkisspítala.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram af brýnni þörf. Vissulega er erfitt að setja ákveðin mörk þegar vandi öryrkja er skoðaður og möguleikar þeirra til eðlilegrar og sjálfsagðrar aðstoðar samfélagsins. Nægir að minna á vanda fjölfatlaðra barna sem ráða verður svo skjóta bót á sem unnt er. Um það atriði verður flutt sérstakt þingmál.

Hins vegar segja þeir sem gerst þekkja til þessara mála að í dag séu nokkrir öryrkjar, u. þ. b. 10–15 einstaklingar, sem séu alls ekki vistaðir við eðlilegar aðstæður eftir slys eða önnur áföll og eigi í raun hvergi heima á stofnunum þeim sem fyrir eru eins og þær eru nú í stakk búnar. Þessir öryrkjar eru yfirleitt vistaðir á almennum sjúkrahúsum og endurhæfingastöðvum, og þá sem alger neyðarráðstöfun vegna skorts á mannafla til að liðsinna þeim. Hér er ekki um marga að ræða, en vandinn varðandi þá þeim mun meiri, og hefur m. a. komið í ljós í því að starfsfólk viðkomandi stofnana hefur allt að því hótað að ganga út ef þessari byrði yrði ekki af þeim létt.

Efling hjúkrunar á þeim stöðum, þar sem þessir sjúklingar eru nú vistaðir eða stofnun sérdeildar við einhverja sjúkrastofnun sem sinnir svipuðum vanda, mundi leysa brýnustu vandamálin sem eru hrikaleg. Með þeim einum hætti verður komið til móts við þessa einstaklinga sem auk líkamlegrar fötlunar sinnar eiga gjarnan við geðræn vandamál að stríða. Sömuleiðis þarf að létta á þeim almennu stofnunum sem leysa þessi mál við alls ófullnægjandi aðstæður og til mikils skaða fyrir aðra starfsemi sína.

Nánar um málið í framsögu.

Sþ. 56. Fyrirspurnir. [53. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um starfsemi endurhæfingarráðs.

Frá Helga Seljan.

Hvað hyggst félagsmálaráðuneytið gera, þegar lög um fatlaða taka gildi, varðandi þá starfsemi er nú fer fram á vegum endurhæfingarráðs?

II. Til viðskiptaráðherra um útreikning verðbóta.

Frá Ragnari Arnalds.

Vill ríkisstjórnin beita sér fyrir því að settar verði skýrar reglur um útreikning verðbóta í viðskiptum þar sem kaupverð er tengt vísitölu verðlags eða byggingarkostnaðar?

III. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um sjálfræðissviptingu.

Frá Helga Seljan.

Hefur nefnd sú, sem skipuð var til að endurskoða lög um sjálfræðissviptingu, lokið störfum? Ef svo er, hverjar eru tillögur nefndarinnar?

IV. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um geðheilbrigðismál.

Frá Helga Seljan.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til að endurskoða skipulag geðheilbrigðismála? Hefur hún skilað tillögum, og ef svo er, hver eru áform heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um framkvæmd þeirra?
2. Eru uppi áform í ráðuneytinu um skipulega forvarnarvinnu í geðheilbrigðismálum?
3. Hver eru að dómi ráðuneytisins forgangsverkefni í þessum málaflokki og hvaða áform eru þar uppi?

Sþ. 57. Fyrirspurn [54. mál]

til dómsmálaráðherra um tekjur uppboðshaldara.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hverjar voru tekjur uppboðshaldara á árinu 1982 og fyrstu 6 mánuði þessa árs samkvæmt gjaldskrá fyrir uppboðshaldara, nr. 757/1981?

Sundurliðun óskast eftir hverju umdæmi fyrir sig svo og hvernig tekjur skiptust milli einstakra uppboðshaldara í hverju umdæmi.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 58. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, og skal sú landhelgi afmörkuð á sama hátt og gert er í 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Þá skal og teljast til tollsvæðis ríkisins loftrými það sem er yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

2. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Grundartangi
2. Borgarnes
3. Rif
4. Ólafsvík
5. Grundarfjörður
6. Stykkishólmur
7. Patreksfjörður
8. Þingeyri
9. Flateyri
10. Suðureyri
11. Bolungarvík
12. Hólmavík
13. Hvammstangi
14. Blönduós
15. Skagaströnd
16. Sauðárkrókur
17. Ólafsfjörður
18. Dalvík
19. Raufarhöfn
20. Þórshöfn
21. Vopnafjörður
22. Reyðarfjörður
23. Fáskrúðsfjörður
24. Djúpivogur
25. Höfn í Hornafirði
26. Þorlákshöfn

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi tollyfirvalda að breyta fjölda tollhafna hafi vöruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða telja verður af öðrum ástæðum að breyta þurfi fjölda tollhafna.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæslunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um að á skrána séu færðar allar þær vörur sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.
8. Skrá yfir gáma sem farið flytur, fjölda þeirra, auðkenni og innihald hvers um sig.
9. Skrá yfir allar aðrar vörur sem farið kann að flytja.
10. Öll önnur tollskjöl sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
11. Önnur skjöl og skilríki sem ákveðið kann að verða eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

4. gr.

25. gr. orðist svo:

Stjórnandi fars, sem er í millilandaferðum, skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og allt, sem undir lás skal vera, sé þar.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir vörur skv. 1. mgr. Frumritið afhendist tollgæslunni við komu fars. Tvö eintök skulu fylgja fari meðan það er hér við land, og sendist tollgæslunni annað eintakið við brottför til útlanda en hitt skal vera í farinu við næstu komu þess til landsins.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

5. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. orðist svo:

Tollgæslan gefur fari tollvegabréf til útlanda telji hún ástæðu til enda hafi stjórnandi fars fullnægt öllum skyldum sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti og ber að senda tollgæslustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er. Hið sama gildir ef sérstök innsiglisskrá er gerð.

6. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sett verða þar að lútandi".

b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum".

c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
4. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er til útlanda.

7. gr.

Í stað tölunnar „500" í 68. gr. laganna komi: 15 000.

8. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

9. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 40 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 80 000 kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er nánast efnislega samhljóða frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982 (118. mál). Var það eitt þeirra frumvarpa sem fyrrverandi ríkisstjórn lagði áherslu á að lögfest yrði fyrir þinglausnir. Að lokinni 1. umræðu fékk frumvarpið allítarlega umfjöllun fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar og mættu Björn Hafsteinsson, deildarstjóri tolladeildar fjármálaráðuneytisins, og Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri á fundi nefndarinnar til að skýra einstök efnisatriði. Nefndin lauk ekki að afgreiða frumvarpið og dagaði það uppi. Er það því lagt fram að nýju, aukið og endurbætt í samræmi við umræðu þá sem fram fór á fundum nefndarinnar.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 41/1979 var landhelgi Íslands færð út í 12 sjómílur, en í 2. gr. er kveðið svo á að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni. Í 6. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit er tolllandhelgin hins vegar aðeins 4 sjómílur. Í athugasemdum við frumvarp að fyrrnefndum lögum segir að breytingar þessar

muni fela í sér nauðsyn á breytingum á nokkrum lögum til samræmingar, þ. á m. á tollalögum. Er lagt til með grein þessari að íslensk tollalögsaga fylgi jafnan landhelgi Íslands svo sem hún er afmörkuð í lögum þar um og taki breytingum eins og hún. Þá er lagt til í 2. mgr. 2. gr. að tekið verði fram að loftrýmið yfir fyrrgreindu landsvæði tilheyri tollsvæði ríkisins. Er þetta í samræmi við 2. gr. laga nr. 41/1979 og gildandi þjóðarétt.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 7. gr. laganna verði breytt þannig að tollhöfnum verði fjölgað um sex og við núverandi tollhafnir bætist hafnir á eftirtöldum stöðum: Grundartanga, Rifi, Grundarfirði, Skagaströnd, Dalvík og Þórshöfn. Enda þótt hafnir þessar séu ekki tollhafnir fer þar fram nokkur tollafgreiðsla og sums staðar veruleg. Tollafgreiðsla á höfnum þessum hefur þó verið háð sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra hverju sinni í samráði við tollgæslustjóra skv. 5. mgr. 7. gr. laganna. Um ytri aðbúnað og hafnaraðstöðu eru hafnir þessar þó á engan hátt síðri en sumar þeirra hafna sem samkvæmt gildandi lögum eru viðurkenndar sem tollhafnir. Því verður að teljast eðlilegt að hafnir þær sem hér um ræðir verði látnar sitja við sama borð og tollhafnirnar að þessu leyti.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti með reglugerð breytt fjölda tollhafna að fenginni umsögn viðkomandi tollyfirvalda. Verður að telja það eðlilegt, hafi veruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða talið er af öðrum ástæðum nauðsynlegt að breyta fjölda tollhafna.

Um 3. gr.

Er gildandi lög um tollheimtu og tolleftirlit voru sett 1969 voru veruflutningar með gámum ekki komnir til sögunnar. Þessi flutningsmáti hefur hins vegar rutt sér mjög til rúms á síðustu árum. Í ljósi reynslunnar þykir hins vegar bera nauðsyn til að auðveldað verði eftirlit með gámaflutningum, þannig að unnt sé t. d. að staðreyna fjölda, auðkenni svo og innihald þeirra hvers um sig.

Um 4. og 5. gr.

Á 24. fundi tollstjóra Norðurlanda sem haldinn var í Reykjavík í byrjun september 1981 var ákveðið að skipa samnorræna nefnd er skyldi skoða reglur sem gilda í löndunum um tollafgreiðslu skipa og tolleftirlit með þeim. Skyldi nefndin gera tillögur um samræmingu á þessum reglum þar sem það gæti horft til einföldunar og vinnusparnaðar án þess þó að það kæmi niður á árangri tolleftirlitsins.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi og er þegar ljóst að hvaða leyti hagsmunir Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða fara saman og hvaða atriðum í íslenskri tollalöggjöf þarf að breyta til þess að Ísland geti gerst aðili að samnorrænum vinnubrögðum í þessu efni. Er hér einkum um að ræða þau atriði í tollafgreiðslu sem lúta að innsiglun hátollavarnings, sbr. 25. gr. laganna, og útgáfu tollvegabréfa, sbr. 32. gr. Eins og framkvæmdin er nú eru þessir þættir tengdir að því leyti, að tollvegabréf verður ekki gefið út nema innsiglað hafi verið við komu fars til landsins, en innsiglun varnings og útgáfa tollvegabréfs eru tímafrekar aðgerðir.

Með breytingum á 25. og 32. gr. laganna er ætlað að skapa skilyrði fyrir hinni breyttu framkvæmd tollafgreiðslu sem stefnt er sameiginlega að á Norðurlöndum, án þess þó að girt sé fyrir að núverandi framkvæmd verði haldið áfram að öllu eða takmörkuðu leyti svo lengi sem nauðsynlegt er talið.

Innsiglun á tollskyldum varningi áhafnar svo og forða og birgðum fars, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota, er eins og fyrr segir tímafrek. Það er þó ljóst að þessi varningur verður að vera óaðgengilegur áhöfn þegar far er komið inn á íslenskt tollsvæði. Því er lagt til í 4. gr. að sú skylda verði lögð á stjórnanda fars að hann setji umræddan forða og birgðir undir lás, eins og það er orðað í greininni. Er þá átt við að hann sjái til þess að varningur þessi verði læstur inni í hans vörslu og geymdur á tryggilegan hátt.

Í 4. gr. felst sú breyting að í stað þess að innsiglað sé í fari við hverja komu þess til landsins verði innsiglun aðeins framkvæmd þegar tollgæslan telur ástæðu til af öryggisástæðum.

Í 3. mgr. 4. gr. er lagt til að stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir þann varning sem hann setur undir lás skv. 1. mgr. Verður þessari skrá ætlað að gegna sama hlutverki og innsiglisskráin og skipsforðalistinn gera við núverandi framkvæmd.

Það ákvæði 3. mgr. 4. gr., að eitt afrit af skrá skipstjóra skv. 1. mgr. skuli fylgja fari við komu þess til landsins úr næstu ferð, hefur í för með sér að norræn tollyfirvöld geta krafist eintaksins við komu til hafnar á Norðurlöndum. Þar með er tollvegabréfið í núverandi mynd orðið óþarft, þar sem sömu upplýsingar eiga að koma fram á skrá skipstjóra yfir það sem hann setur undir lás og koma fram á tollvegabréfum í núverandi mynd. Því er lagt til í 5. gr. að sú breyting verði gerð á 32. gr. laganna að afnumin verði sú skylda sem virðist hvíla á tollgæslunni til að gefa út tollvegabréf að uppfylltum vissum skilyrðum.

Um 6. gr.

Samkvæmt 2. tl. 57. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er krafist fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Ákvæði þetta hefur valdið þeim verulegum óþægindum og kostnaði sem þurft hafa að endursenda vörur auk þess sem það hefur óhjákvæmilega aukið vinnu við tollafgreiðslu á vörum hjá tollyfirvöldum. Önnur lagaákvæði gera ráð fyrir að „viðtakandi“ ætti aldrei að fá þessa vöru í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Verður því að telja óþarft að krefjast sérstakrar tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðra vöru sem er í vörslu framflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta ákvæði um tryggingar verði fellt niður.

Í 3. tl. 57. gr. er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi ákvæðisins eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., verður að teljast fráleitt að þurfa að senda alla vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.

Engin bein ákvæði eru til í lögum um það hvernig staðið skuli að innheimtu aðflutningsgjalda af vöru sem flutt hefur verið til landsins en er af einhverjum ástæðum endurseld til útlanda. Í framkvæmd hefur því verið stuðst við reglur þær sem settar hafa verið um svonefndan framhaldsflutning (transit) með stoð í heimildarákvæði 1. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. Gjöld hafa því ekki verið innheimt í slíkum tilvikum eða þau verið endurgreidd, hafi varan hlotið tollafgreiðslu, enda verður að telja innheimtuna bæði óeðlilega og órökrétta. Samkvæmt 1. tl. 6. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, er gert ráð fyrir að vörur sem seldar eru úr landi séu undanþegnar söluskatti, Rétt þykir að lögfest verði ákvæði er taki til aðflutningsgjalda sem venjulega eru innheimt við innflutning vöru til landsins.

Um 7. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að hámark dagsekta skv. 68. gr. laganna verði hækkað úr 500 kr. í 15 000 kr.

Um 8. gr.

Samkvæmt almennum hegningarlögum er hámark sekta 1 milljón króna. Sektarhámark þetta gildir ekki aðeins um sektarákvarðanir samkvæmt hegningarlögum heldur og um sektarákvarðanir samkvæmt ýmsum sérlögum þar sem sektarhámark er ekki ákveðið. Núverandi

hámark sekta samkvæmt lögunum er ekki lengur í samræmi við almennar sektarheimildir og er því nauðsynlegt að gera breytingar þar á. Með frumvarpi þessu er lagt til að horfið verði frá því að ákveða almennt sektarhámark í lögunum sjálfum, en í þess stað verði hámark þeirra látið ráðast af hámarki þeirra fésekta sem heimilt verður að beita hverju sinni skv. 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Um 9. gr.

Lagt er til að sektarfjárhæð og eignarupptökufjárhæð í 2. mgr. 76. gr. laganna verði hækkaðar. Fjárhæðum þessum var síðast breytt með lögum 31/1979 og var þá sektarfjárhæðin hækkuð í 350 000 gkr. og eignarupptökuheimildin í 500 000 gkr. Er hér lögð til veruleg hækkun, annars vegar vegna verðlagsþróunar, en hins vegar hækkun umfram það til þess að fjölga þeim málum sem afgreiðslu geta hlotið með sáttargerð þegar á frumstigi hjá embætti tollgæslustjóra. Við núverandi mörk er aðeins hægt að taka til meðferðar hin allra smæstu mál, en öll önnur þurfa að ganga til ríkissaksóknara og þaðan til sakadómsmeðferðar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 59. Skýrsla

iðnaðarráðherra til Alþingis um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um leiðir til lausnar á yfirstandandi deilu milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. og um ráðstafanir — að hluta tímabundnar — varðandi starfsgrundvöll, þar á meðal orkuverð, og framtíðarþróun álbræðslunnar í Straumsvík.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

Inngangur.

Um nærri þriggja ára skeið hafa staðið yfir alvarlegar deilur milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og Swiss Aluminium Ltd. (Alusuisse) hins vegar um skattamál Íslenska álfélagsins hf. (Ísal). Hefur sú deila jafnframt tengst mjög kröfum Íslendinga um hærra orkuverð frá Ísal.

Hinn 31. júlí 1981 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra sérstaka nefnd, álviðræðunefnd, til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnarinnar vegna samninga aðilanna um álbræðsluna í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.

Á síðari hluta árs 1981 áttu fulltrúar Alusuisse tvo fundi með álviðræðunefndinni án þess að árangur næðist við lausn deilumálanna. Fyrrverandi iðnaðarráðherra átti tvo fundi með fulltrúum Alusuisse á fyrri hluta árs 1982 sömuleiðis án árangurs. Það, sem helst strandaði á í viðræðum þessum, var að fulltrúar Alusuisse neituðu að taka upp viðræður um breytingar á aðalsamningi eða orkusölusamningi, nema fyrst væru útkljáð deilumál varðandi fortíðina, sérstaklega hvað varðaði ásakanir um sviksamlegt athæfi af hálfu félagsins. Með bréfi, dags. 27. október 1982, staðfesti forsætisráðuneytið við Alusuisse, að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefðu ekki verið uppi ásakanir um sviksamlegt athæfi af hálfu Alusuisse varðandi verðlagningu á súráli og öðrum aðföngum. Í svarbréfi Alusuisse til forsætisráðherra, dags. 5. nóvember 1982, lýsir fyrirtækið yfir vilja sínum, til að setjast að samningaborði og ræða samskiptamál fyrirtækisins og íslenskra stjórnvalda. Þessu bréfi var síðan fylgt eftir með öðru bréfi, dags. 10. nóvember 1982, þar sem Alusuisse setur fram tillögur um málsmeðferð til lausnar á deilunni. Tillögurnar voru í tveim meginköflum,

annars vegar um lausn deilumála vegna skattgreiðslna Ísal og hins vegar um framtíðarsamskipti aðila, þar með talin endurskoðun raforkusamningsins.

Samkvæmt tillögunum var gengið út frá því, að ná mætti samkomulagi í aðalatriðum á fyrsta ársfjórðungi 1983. Þann 22. nóvember 1982 kom dr. Paul Müller, þáverandi formaður framkvæmdastjórnar Alusuisse, á fund þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifs Guttormssonar. Lítið miðaði í samkomulagsátt á þeim fundi, en ákveðið var að aðilar hittust aftur í Reykjavík 6. og 7. desember 1982. Iðnaðarráðherra gerði álviðræðunefnd grein fyrir gangi viðræðnanna þar sem fram kom að samningshorfur væru að hans mati mjög neikvæðar.

Í viðræðum iðnaðarráðherra við forráðamenn Alusuisse 6. og 7. desember 1982 náðist enginn árangur. Í kjölfar þessa sagði Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, fulltrúi Framsóknarflokksins, sig úr álviðræðunefnd. Guðmundur hafði skömmu áður lagt fram í álviðræðunefnd tillögur til málamiðlunar, sem hann taldi að hefðu getað orðið grundvöllur til lausnar deilunnar. En iðnaðarráðherra neitaði að gera þær að sínum.

Í byrjun mars s. l. sameinuðust allir meðlimir atvinnumálanefndar Alþingis, nema fulltrúi Alþýðubandalagsins, um tillögu til þingsályktunar um að skipa nýja viðræðunefnd við Alusuisse og um samningsgrundvöll. Þar með virtist orðin veruleg samstaða á Alþingi um að ganga til samninga við Alusuisse á ofannefndum grundvelli. Þingflokkur Alþýðubandalagsins lagðist gegn þessari þingsályktunartillögu. Hins vegar lögðu þingmenn Alþýðubandalagsins í neðri deild Alþingis fram frumvarp til laga um leiðréttingu orkuverðs til Ísal. Ekki vannst tími til að afgreiða ofangreinda tillögu atvinnumálanefndar á 105. löggjafarþinginu.

Með bréfi, dags. 18. apríl 1983, ákvað fjármálaráðuneytið að endurákvarða framleiðslugjald Ísal aftur í tímann (1976—1980) enn frekar en gert var í september 1981 og desember 1982. Krafist var greiðslu á viðbótarsköttum, áföllnum vöxtum, ásamt viðurlögum, fyrir 1. maí að viðlögðum lögtaksaðgerðum. Í framhaldi þess vísaði Alusuisse málinu í alþjóðlegan gerðardóm með bréfi dags. 29. apríl 1983 (International Center for the Settlement of Investment Disputes, ICSID). Féllst iðnaðarráðuneytið á það fyrir sitt leyti með bréfi dags. 9. maí 1983.

Skipan og störf samninganefndar um stóriðju.

Fljótlega eftir myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, með bréfi dags. 14. júní 1983, sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, til þess að annast viðræður og samninga um orkufrekan iðnað, eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni. Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar Landsvirkjunar, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og dr. Gunnar G. Schram prófessor. Með nefndinni hefur starfað Páll Flygenring ráðuneytisstjóri. Ritari nefndarinnar hefur verið Garðar Ingvarsson hagfræðingur og lögfræðilegur ráðunautur Hjörtur Torfason hrl.

Fyrsta ætlunarverk nefndarinnar var að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins, að orkuverð yrði hækkað og viðræður hafnar milli aðila um endurskoðun gildandi samninga um rekstur álbræðslu Íslenska álfélagsins í Straumsvík.

Fyrsti fundur nefndarinnar með samninganefnd Alusuisse og Ísal var síðan haldinn í Reykjavík þann 24. júní 1983. Á þeim fundi voru til umræðu deiluefni aðila og leiðir til að leysa þau samtímis því, að viðræður yrðu hafnar um endurskoðun núgildandi samninga um rekstur álbræðslunnar í Straumsvík. Á þessum fundi tókst samkomulag um að tvískipta samningaviðræðunum. Í fyrsta lagi myndu aðilar einbeita sér að því að gera bráðabirgðasamning þar sem meðal annars yrði ákveðið um meðferð á deilumálum um skattagreiðslur

Ísal og samið um byrjunarhækkun á orkuverði. Í öðru lagi að semja um hvernig staðið yrði að frekari viðræðum meðal annars um endurskoðun orkusamnings og annarra þátta núgildandi samninga, auk viðræðna um stækkun álbræðslunnar og fleira.

Viðræðunefndir aðila hittust síðan fjórum sinnum: í Reykjavík 24. júní og 21. og 22. júlí, 19. ágúst í London, og 6. og 7. september í Zürich. Á fundinum í Zürich tókst samkomulag um bráðabirgðasamning, háðan samþykki ríkisstjórnar Íslands og stjórnar Alusuisse. Á fundi sínum 13. september s. l. staðfesti ríkisstjórnin bráðabirgðasamninginn fyrir sitt leyti. Samþykki stjórnar Alusuisse lá þegar fyrir. Samningurinn var undirritaður af iðnaðarráðherra hinn 23. september 1983.

Í skýrslu samninganefndar um stóriðju til iðnaðarráðherra, dags. 11. september 1983, er m. a. gerð svofelld grein fyrir bráðabirgðasamningnum:

Lausn deilumála varðandi skattgreiðslur.

Fyrsti kafli bráðabirgðasamningsins fjallar um lausn deilu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse út af framleiðslugjaldi Ísal fyrir árin 1976—1980. Viðræður um þetta mál hafa ekki leitt til neinnar sameiginlegrar lausnar fram að þessu, og í vor vísaði Alusuisse deilunni um framleiðslugjaldið í alþjóðlegan gerðardóm (ICSID í Washington) í samræmi við málsgrein 47.01 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, eftir að fjármálaráðuneytið hafði hafið innheimtuaðgerðir á hendur Ísal. Í inngangsorðum fyrirliggjandi bráðabirgðasamnings segir, að þótt hvor aðili um sig sé reiðubúinn til að halda áfram málinu fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi, kjósi samningsaðilar fremur að leysa úr deilunni á vinsamlegri og skjótari hátt, og fjallar fyrsti kafli bráðabirgðasamningsins um fyrirkomulag þeirrar lausnar.

Aðilar munu setja á stofn þrjár dómnefndir, sem hver um sig skal fjalla um tiltekin atriði núverandi deilumála. Jafnframt er í þessum kafla að finna ákvæði um það, að gerðardómsmálinu fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi í Washington (ICSID) skuli þegar í stað frestað og þegar dómnefndirnar þrjár hafa skilað áliti skuli málið endanlega fellt niður.

Í fyrsta kafla bráðabirgðasamningsins eru einnig ákvæði um, að álitsgerðir og niðurstöður dómnefndanna skuli vera endanlegar og bindandi fyrir aðilana, eins og úrskurður gerðardóms samkvæmt 47.03 grein aðalsamnings.

Dómnefndirnar verða allar skipaðar þrem sérfræðingum og mun hvor aðili tilnefna einn mann í hverja dómnefnd, en formaðurinn verður tilnefndur með samkomulagi milli hinna tveggja dómnefndarmanna, sem aðilarnir hafa tilnefnt.

Fyrsta dómnefndin mun skila álitsgerð um grundvallaratriði ágreinings aðila, sem er beiting á ákvæðum málsgreinar 27.03 í aðalsamningnum, og um það atriði hvort túlka eigi og beita málsgrein 2.03 (a) í aðstoðarsamningi, um rekstur álversins, með tilliti til ofangreindrar málsgreinar í aðalsamningnum og þá að hvaða leyti. Í áliti nefndarinnar skal einnig gefa til kynna þá aðferð, sem viðhafa ber á árunum 1976 til og með 1980 til að ákveða verð á hráefnum með tilliti til skattskyldu og þá nógu greinilega til að unnt sé að framkvæma útreikning á framleiðslugjaldinu, sem um er að ræða. Hér er um að ræða deilu um það með hvaða hætti skuli reikna hið svokallaða verð milli óskyldra aðila. Þessari dómnefnd er ennfremur falið að skila álitsgerð um það, hvort ríkisstjórnin eigi rétt til þess, eftir atvikum, að endurskoða reikninga Ísal frá árunum 1976 til og með 1979, og leggja á framleiðslugjald aftur í tímann á grundvelli þeirrar endurskoðunar. Formaður þessarar dómnefndar skal vera af öðru þjóðerni en aðilar samningsins.

Samkvæmt málsgrein 1.2. í bráðabirgðasamningnum munu aðilarnir á sama hátt skipa dómnefnd þriggja íslenskra skattasérfræðinga, sem skila mun áliti um þau bókhalds- og skattatæknilegu atriði sem deilt er um. Þessi dómnefnd mun fjalla um, hvernig reikna skuli afskriftir á gengistöpum Ísal; afskriftatíma fjárfestinga Ísal í mengunarvarnarbúnaði; rétt Ísal til að ákveða að leggja framlag í sérstakan varasjóð árin 1976 til og með 1980 ef til

endurálagningar skatts kemur; og rétt ríkisstjórnarinnar til að leggja á eða gera kröfur um sektarálag vegna framleiðslugjalds áranna 1976 til og með 1980.

Þriðja dómnefndin, er skipuð verður samkvæmt málsgrein 1.6 í bráðabirgðasamningnum, skal framkvæma þá endurreikninga framleiðslugjalds Ísal, sem nauðsynlegir kunna að verða, vegna áranna 1976 til og með 1979 og vegna ársins 1980, eftir að fyrri dómnefndirnar hafa skilað álitsgerðum sínum. Í þessari nefnd skulu eiga sæti ríkisendurskoðandi og hinir kjörnu endurskoðendur Ísal (með eitt atkvæði), og óháður löggiltur endurskoðandi, sem verði formaður dómnefndarinnar.

Í samningnum er kveðið svo á, að aðilar skuli skipa fyrst töldu dómnefndirnar tvær innan fjögurra vikna frá undirskrift bráðabirgðasamningsins, og að þessar dómnefndir skuli skila áliti ekki síðar en 6 mánuðum eftir að þær hafa verið skipaðar. Þriðja dómnefndin skal skipuð innan tveggja vikna eftir að álitsgerðir fyrri dómnefndanna liggja fyrir og skal hafa lokið verki sínu innan þriggja mánaða frá skipun hennar.

Það er álit samninganefndarinnar, að hér hafi verið samið um einfaldari og mun hraðvirkari leið en þá, að málinu verði haldið áfram fyrir ICSID stofnuninni í Washington. Niðurstöður munu liggja fyrir innan eins árs, en hefðu ella sjálfsagt dregist í tvö til þrjú ár, og á þeim tíma hefði ekki verið hægt að semja um endurskoðun á gildandi samningum milli aðila. Nefndin vill einnig vekja athygli á því, að hér er gert ráð fyrir því, að íslenskir aðilar starfi að verulegu leyti í dómnefndunum. Þannig er dómnefndin, sem kveða skal upp úrskurð um skatta- og bókhaldstæknileg atriði, eingöngu skipuð Íslendingum. Einnig er það skoðun nefndarinnar, að bæði vegna styttri tíma og annarra ástæðna muni kostnaður vegna dómnefndanna verða mun lægri heldur en orðið hefði, ef málið hefði verið rekið fyrir ICSID stofnuninni.

Framtíðarstarfsemi Ísal.

Annar kafli bráðabirgðasamningsins fjallar um ákvörðun aðilanna að taka nú þegar upp samningaviðræður um endurskoðun á ýmsum þáttum og skilmálum gildandi samninga um rekstur álbræðslunnar í Straumsvík. Í samningnum eru talin upp eftirfarandi atriði, en sérstaklega er tekið fram, að samningaviðræðurnar verði ekki einskorðaðar við þau:

Í fyrsta lagi skulu fara fram viðræður um endurskoðun orkuverðs og annarra ákvæða orkusölusamningsins, og er tekið fram, að til viðmiðunar skuli hafður orkukostnaður áliðnaðarins í Evrópu og Ameríku og samkeppnisaðstaða álframleiðslunnar á Íslandi.

Í öðru lagi skulu fara fram viðræður um endurskoðun framleiðslugjaldsins í þeim tilgangi að gera ákvæðin skýrari og hentugri til notkunar á tímum verðbólgu, auk þess að reynt verði að gera ákvæðin þannig úr garði, að í framtíðinni komi ekki að nýju til deilu um skattgreiðslur sem kastað geti skugga á gott samband milli aðila.

Auk þess verður fjallað um stækkun álversins í tveim áföngum, og rétt ríkisins til að gerast hluthafi í Íslenska álfélaginu hf. Ennfremur er gert ráð fyrir samningum um rétt til handa Alusuisse að selja einum eða fleiri nýjum hluthöfum allt að 50% hlutafjár í Ísal, í stað 49% eins og nú er samkvæmt 22. grein aðalsamnings. Slík sala yrði eftir sem áður háð samþykki íslenskra stjórnvalda.

Í samningnum er tekið fram, að það sé ætlun aðila, að orkuverðið skuli háð vísitölu sem nánar á eftir að semja um, og að endurskoðaður raforkusölusamningur skuli í upphafi gilda í 15 ár.

Samkvæmt bráðabirgðasamningnum mun Alusuisse gera hagkvæmniathugun varðandi byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík og einnig hagkvæmniathugun um stækkun steypuskála verksmiðjunnar.

Samkvæmt samningnum munu aðilar reyna að ná samkomulagi um endurskoðun og breytingu núgildandi samninga, ekki síðar en 1. apríl n. k. Það er álit samninganefndarinn-

ar, að hér verði um flókna og vandasama samninga að ræða og að telja verði óvíst, að takast megi að ljúka samningum á þeim tíma, sem tiltekinn er, þó að einskis verði látið ófreistað í því efni. Að öðru leyti er ljóst, að samkvæmt ákvæðum annars kafla samkomulagsins verða öll atriði núgildandi samninga til umræðu og breytinga, ef aðilar óska og geta náð saman um slíkar breytingar.

Bráðabirgðaákvæði.

Til að greiða fyrir hinum eiginlegu viðræðum um endurskoðun samninga samkvæmt 2. kafla bráðabirgðasamningsins hafa aðilar komið sér saman um tilteknar bráðabirgðaaðgerðir, sem fjallað er um í þriðja kafla samningsins. Þessar bráðabirgðaaðgerðir eru þríþættar. Fyrir Ísland skiptir þar mestu máli ákvæði málsgreinar 3.1 um breytingu á orkuverði. Samkvæmt þessari málsgrein mun Ísal greiða afturvirkt frá 1. júlí sl. álag á gildandi orkuverð, sem nemur 1,025 US mill á hverja kWst. orku, þannig að heildarverð frá þeim tíma verður 7,5 US mill á hverja kWst. (1 mill er 1:1000 úr Bandaríkjadal). Við undirskrift samningsins hækkar verðið um 2 US mill á kWst., þannig að heildarverð á hverja kWst. orku frá þeim tíma verður 9,5 US mill. Þessi hækkun er, miðað við núgildandi gengi, um 8,5 aurar á hverja kWst, er samsvarar 46,7% hækkun, þannig að heildarverð á hverja kWst. verður nú 26,6 aurar. Miðað við mánaðarlega meðalnotkun álbræðslunnar, sem nemur 115 GWst., verður árleg tekjuaukning Landsvirkjunar þá US $ 4.174.500, sem samsvarar rúmlega 117 millj. króna á núverandi gengi.

Auk ofangreindrar hækkunar á orkuverði, sem er föst og ekki bundin við neina viðmiðun, kemur til, samkvæmt málsgrein 3.1.3, viðbótarhækkun, sem nemur 0,5 US mill á hverja kWst. háð þróun álverðs á málmmarkaðnum í London (LME). Þessi hækkun tekur gildi þegar þriggja mánaða verð á markaðnum hefur verið í 20 skráningardaga samfleytt 78 US cent á hvert enskt pund áls. Þetta verð hefur að undanförnu verið rétt um 77 cent hvert pund, og virðist ekki óraunhæft að gera ráð fyrir, að innan fárra vikna verði verðið komið upp í 78 cent, þannig að hækkun orkuverðsins í 10 mill á hverja kWst. taki gildi á allra næstu mánuðum. Þessi viðbótarhækkun getur gengið til baka, ef álverðið hefur, á sama hátt og lýst er hér að ofan, verið undir 78 centum á hvert enskt pund í 20 skráningardaga samfleytt. Viðbótartekjur Landsvirkjunar vegna þessarar hækkunar nema á ársgrundvelli US$ 690 þús. eða 19,3 millj. króna við núverandi gengi. Fastlega er búist við, að þetta verð muni haldast á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að þessi bráðabirgðasamningur verði í gildi, þegar því hefur einu sinni verið náð. Hefur þá hækkun orkuverðs frá núgildandi samningum orðið 54,5% og viðbótartekjur Landsvirkjunar af orkusölu til Ísal um 137 millj. króna. Til samanburðar skal þess getið, að meðalverð á orkusölu norsku ríkisrafveitnanna til álbræðslna í Noregi er nú 9,5 US mill á hverja kWst. og það verð (í Nkr.) er bundið til 1. júlí 1987. Verðið sem Söral, dótturfyrirtæki Alusuisse í Noregi, greiðir í dag er 9,9 US mill á kWst. og er það verð á sama hátt bundið til 1. júlí 1987.

Þær hækkanir á orkuverði, sem hér hefur verið lýst, breyta ekki núgildandi orkusölusamningi Landsvirkjunar, þannig að ef svo færi, að orkuverð samkvæmt verðhækkunarviðmiðun þess samnings færi upp fyrir þau 10 US mill, sem hér eru til umræðu, á samningstímanum, þá myndi það verð hækka. Aftur á móti er fremur ólíklegt að slíkt gerist, því til þess þarf skráð heimsmarkaðsverð á áli (Alcan-verð), sem er viðmiðunin, að hækka úr 79 centum nú í 150 cent á hvert enskt pund.

Annað bráðabirgðaákvæði samkvæmt samningnum varðar yfirlýsingu beggja aðila um áhuga þeirra á stækkun álbræðslunnar við fyrstu hentugleika um 80 megawött eða 50%. Í kaflanum er að finna yfirlýsingu aðila um að samningaviðræður hefjist nú þegar um slíka stækkun, en hún verði háð því, að aðilar komist að samkomulagi um skilmála, sem þeir telji hagstæða. Hér er nánast um ítrekun á ákvæðum annars kaflans um endurskoðun samninga að ræða.

Í þriðja lagi er í kaflanum um bráðabirgðaaðgerðir að finna ítrekun á yfirlýsingu í 2. kafla samningsins um rétt Alusuisse til að selja allt að helming hlutafjár í Ísal, háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Einnig er þar að finna fyrirheit um, að Alusuisse verði heimilað að flytja hlutabréf sín í Ísal að einhverju leyti eða öllu til eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sem séu beint eða óbeint að öllu leyti í eigu Alusuisse. Ríkisstjórnin heitir því að flytja á næsta Alþingi frumvarp til laga um nauðsynlega breytingu á aðalsamningi aðila, til að þetta sé kleift. Jafnframt er að finna í 4. kafla samningsins ákvæði um, að slík lagabreyting taki ekki gildi fyrr en heildarsamningar samkvæmt 2. kafla bráðabirgðasamningsins hafa tekist. Gengur þessi heimid því að öllu leyti til baka, ef heildarsamkomulag næst ekki.

Eins og fram hefur komið hér að ofan, er mikilvægust þeirra bráðabirgðaaðgerða, sem taka gildi við undirskrift samningsins, sú, að orkuverð, sem ÍSAL greiðir Landsvirkjun, hækkar nú þegar um tæplega 47% og líklega síðar á þessu ári um tæplega 55%. Önnur ákvæði þessa kafla eru nánast ítrekun á efnisatriðum, sem tekin verða til meðferðar við heildarendurskoðun samninga aðilanna.

Gildistími bráðabirgðasamningsins.

Fjórði kafli samningsins fjallar um gildi samningsins, gildistíma og uppsagnarákvæði. Þar er tekið fram, að bráðabirgðasamningurinn hafi þann megintilgang að auðvelda endurskoðun gildandi samninga milli aðila, en jafnframt eru nokkur atriði samningsins, sem munu hafa gildi áfram, þó að samningnum sé sagt upp. Á þetta einkum við um úrskurð deilumála aðila, sem nú eru fyrir ICSID gerðardómnum í Washington, og um lagabreytingu þá, sem fyrirhuguð er og lýst hefur verið hér að ofan, náist heildarsamkomulag.

Gildistími samningsins er ákveðinn í málsgrein 4.4. Samningurinn getur fallið úr gildi með tvennum hætti: Annars vegar við gildistöku endurskoðaðs aðalsamnings og viðbótarsamninga við hann, og hins vegar með því að annar hvor aðilinn segi samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara, en þó í fyrsta lagi 9 mánuðum eftir að samningurinn var undirritaður, sem þýðir að uppsögn gæti í fyrsta lagi komið til framkvæmda 12 mánuðum eftir gildistöku. Það er álit nefndarinnar að þrátt fyrir þessi ákvæði sé mjög ólíklegt, að til uppsagnar komi af hálfu Alusuisse. Í uppsagnarréttinum hefur íslenska ríkið jafnframt þann varnagla, að það sem nú er um samið er aðeins áfangi og á ekki að gilda til frambúðar.

Hér að framan hefur bráðabirgðasamningi þeim, sem samninganefnd um stóriðju hefur náð við Alusuisse, verið lýst í megindráttum. Jafnframt hefur komið fram mat og álit samninganefndarinnar á einstökum liðum bráðabirgðasamningsins. Það er álit samninganefndarinnar, að bráðabirgðasamningur sá sem hér liggur fyrir sé vel viðunandi fyrir Íslendinga. Það er ljóst að með þessum samningi er einungis stigið fyrsta skrefið í samningaviðræðunum við Alusuisse um framtíð álbræðslunnar í Straumsvík. Framundan eru víðtækari og mun flóknari samningar um það mál, auk þess sem að mikinn undirbúning þarf nú vegna málarekstrar fyrir þeim dómnefndum sem gert er ráð fyrir að settar verði á stofn samkvæmt þessu samkomulagi. Um úrslit væntanlegra samninga verður á þessu stigi engu spáð, en svo virðist að Alusuisse hafi áhuga á samvinnu við íslensk stjórnvöld í framtíðinni. Fyrirtækið hefur aftur á móti greinilega ekki enn samstarfsaðila fyrir væntanlega stækkun á hendi og það treystir sér ekki eitt sér í stækkunina. Gert er ráð fyrir að fyrsti viðræðufundur aðila í annarri umferð samninganna verði seint í október og að þá verði gerð áætlun um það, með hvaða hætti og á hve löngum tíma freistað verði að ljúka endurskoðun núgildandi samninga og gerð samnings um stækkun álbræðslunnar.

Frumvarp til laga í samræmi við kafla 4.2 í bráðabirgðasamningnum verður lagt fyrir Alþingi innan tíðar.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ 83 — 8

BRÁÐABIRGÐASAMNINGUR

um leiðir til lausnar á yfirstandandi deilu
milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd.
og um ráðstafanir — að hluta tímabundnar —
varðandi starfsgrundvöll (þar á meðal orkuverð) og framtíðarþróun
Álbræðslunnar í Straumsvík

23. SEPTEMBER 1983

BRÁÐABIRGÐASAMNINGUR

UM LEIÐIR TIL LAUSNAR Á YFIRSTANDANDI DEILU MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LTD. OG UM RÁÐSTAFANIR - AÐ HLUTA TÍMABUNDNAR - VARÐANDI STARFSGRUNDVÖLL (ÞAR Á MEÐAL ORKUVERÐ) OG FRAMTÍÐARÞRÓUN ÁLBRÆÐSLUNNAR Í STRAUMSVÍK

SAMNINGUR gerður hinn 23. dag september mánaðar 1983

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
(hér á eftir nefnd "ríkisstjórnin")

og

SWISS ALUMINIUM LTD., sem er hlutafélag stofnsett að svissneskum lögum (hér á eftir nefnt "Alusuisse")

Ríkisstjórnin og Alusuisse (hér á eftir nefnd "aðilarnir") hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966, og sem breytt hefur verið (i) með fyrsta viðauka dags. 28. október 1969, staðfestum með lögum nr. 19 6. apríl 1970 og gildum frá 16. apríl 1970, og (ii) með öðrum viðauka dags. 10. desember 1975, staðfestum með lögum nr. 42 25. maí 1976 og gildum frá 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur "aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd "bræðslan") við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað, sem er í eigu Íslenzka Álfélagsins hf., dótturfélags Alusuisse (hér á

eftir nefnt "ÍSAL"),og notar rafmagn frá orkuverum Landsvirkjunar (hér á eftir nefnd "Landsvirkjun").

Í samræmi við aðalsamninginn og fylgiskjölin með honum, en meðal þeirra eru tilteknir aðstoðarsamningar milli Alusuisse og ÍSALs, og við rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og ÍSALs dags. 28. júní 1966 og breyttan með fyrsta viðauka dags. 28. október 1969 og öðrum viðauka dags. 10. desember 1975 (hér á eftir nefndur "rafmagnssamningurinn"), hefur bræðslan verið byggð upp í fjórum áföngum að samanlagðri málraun sem nemur 160 megawöttum, í tveimur jafnstórum keraröðum, með afkastagetu sem svarar um 80.000 lestum á ári, og verið starfrækt samfellt frá því fyrir 1. október 1969, sem var fyrsti afhendingardagur rafmagns til bræðslunnar.

Frá því um árslok 1980 hefur þróazt tiltekin deila eða skoðanaágreiningur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse út af framleiðslugjaldinu, er ÍSAL ber að greiða samkvæmt aðalsamningnum, vegna áranna 1976 - 1980. Viðræður um málið milli aðilanna til þessa hafa ekki leitt til sameiginlegrar lausnar, og ráðstafanir hafa því nýlega verið gerðar til að leggja deiluna um framleiðslugjaldið í alþjóðlegan gerðardóm á vegum SID-stofnunarinnar í samræmi við málsgr. 47.01 í aðalsamningnum. Enda þótt hvor aðili um sig sé allskostar reiðubúinn til að hlíta þeim kosti ef engin önnur viðunandi leið er tiltæk, kjósa þeir báðir fremur að leysa úr deilunni á vinsamlegri og skjótari hátt og hafa afráðið að gera það með þeim úrræðum, sem lýst er hér á eftir.

Jafnframt þessu eru aðilarnir sammála um að æskilegt sé að svo komnu að taka ýmsa þætti og skilmála samningstengsla þeirra til endurskoðunar, til hagsbóta öllum sem hlut eiga að máli. Til að stuðla að því markmiði eru aðilarnir reiðubúnir til að gera þær ráðstafanir, sem mælt er um hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA er hér með gerður eftirfarandi samningur:

1. Lausn deilumála varðandi skattgreiðslur

1.1 Ríkisstjórnin og Alusuisse munu sameiginlega skipa dómnefnd þriggja sérfræðinga í lögum. Mun hvor aðili tilnefna einn mann í nefndina, en formaðurinn, sem vera skal af öðru þjóðerni en aðilarnir, verður tilnefndur með samkomulagi milli hinna tveggja sérfræðinga sem aðilarnir hafa þannig tilnefnt.

Dómnefnd þessi mun skila álitsgerð um framkvæmd á ákvæðum málsgr. 27.03 í aðalsamningnum og um það atriði, hvort túlka eigi og beita málsgr. 2.03 (a) í aðstoðarsamningnum - rekstri með tilliti til málsgr. 27.03 í aðalsamningnum og að hvaða leyti. Skal álitsgerðin gefa til kynna þá aðferð, sem viðhafa beri á árunum 1976 til og með 1980 til að ákveða verð á hráefnum með tilliti til skattskyldu, og þá nógu greinilega til að unnt sé að framkvæma útreikning á framleiðslugjaldinu, sem um er að ræða.

Af hálfu Alusuisse er ekki vefengt, að ríkisstjórnin hafi átt rétt til að endurskoða reikninga ÍSALs fyrir árið 1980 vegna framleiðslugjalds, en hinsvegar mun nefnd þessi einnig skila álitsgerð um það hvort ríkisstjórnin eigi rétt til þess samkvæmt aðalsamningnum og eftir atvikum að endurskoða reikninga áranna 1976 til og með 1979 og að leggja á framleiðslugjald aftur í tímann á grundvelli slíkrar endurskoðunar.

Ef nefndin telur þörf á aðfenginni ráðgjöf um túlkun íslenzkra laga við úrlausn þeirra lagalegu álitaefna, sem um er að ræða, skal henni heimilt að leita eftir þesskonar ráðleggingum frá íslenzkum lögfræðingum.

1.2 Aðilarnir munu á sama hátt skipa dómnefnd íslenzkra skattasérfræðinga, er skila mun áliti um eftirfarandi:

(a) Hvernig reikna skuli afskriftir á gengistöpum, sem ÍSAL verður fyrir, með tilliti til framleiðslugjalds samkvæmt málsgr. 27.03 í aðalsamningnum.

(b) Hvaða afskriftatími skuli gilda um fjárfestingar ÍSALs í mengunarvarnarbúnaði, í sama tilliti.

(c) Hvort og að hvaða leyti réttur ÍSALs til að inna framlag í sérstakan varasjóð samkvæmt málsgr. 27.03 (d) í aðalsamningnum af nettóhagnaði sínum á hverju áranna 1976 til og með 1980 skuli eiga við í því tilviki, að þessum nettóhagnaði verði breytt á grundvelli álitsgerðanna frá ofangreindum nefndum úr þeirri fjárhæð, sem talin var fram í hinum endurskoðuðu reikningum ÍSALs fyrir það ár, er lagðir voru fram við ríkisstjórnina samkvæmt málsgr. 29.06 í aðalsamningnum.

(d) Hvort og að hvaða leyti ríkisstjórnin eigi rétt til þess að leggja á eða gera kröfu um sektarálag vegna framleiðslugjalds á þann nettóhagnað ÍSALs á hverju áranna 1976 til og með 1980 sem talið yrði, samkvæmt álitsgerðum ofangreindra nefnda, að átt hefði að telja fram til viðbótar þeirri fjárhæð, sem talin var fram í hinum endurskoðuðu reikningum ÍSALs fyrir viðkomandi ár, er lagðir voru fram við ríkisstjórnina samkvæmt málsgr. 29.06 í aðalsamningnum.

1.3 Að áskildu því, sem felst í grein 1.8 í samningi þessum, skulu álitsgerðir þeirra dómnefnda, sem um ræðir í greinum 1.1 og 1.2 í samningnum, vera endanlegar og

bindandi fyrir aðilana eins og úrskurður gerðardóms samkvæmt málsgr. 47.03 í aðalsamningnum eða dómur frá dómstóli, og skulu báðir aðilar hlíta þeim í góðri trú.

1.4 Aðilarnir eru sammála um, að dómnefndirnar tvær samkvæmt greinum 1.1 og 1.2 skuli fullskipaðar innan fjögurra vikna eftir undirritun samnings þessa, og munu mæla svo fyrir við nefndirnar að álitsgerðum þeirra verði skilað ekki síðar en sex mánuðum eftir að þær hafa verið skipaðar.

1.5 Hvor dómnefnd skal sjálf eiga úrskurðarvald um valdsvið sitt og skal ákveða eigin málsmeðferð með hliðsjón af almennum grundvallarreglum um meðferð einkamála. Nefndirnar skulu gera grein fyrir forsendum að álitsgerðum sínum. Ef álitsgerðir eða aðrar ákvarðanir hvorrar nefndar eru ekki einróma, skal atkvæði meirihlutans ráða.

1.6 Innan tveggja vikna eftir þann dag, er báðum álitsgerðum dómnefndanna tveggja samkvæmt greinum 1.1 og 1.2 hefur verið skilað til aðilanna, munu þeir skipa dómnefnd sem í eiga sæti ríkisendurskoðandi Íslands, hinir kjörnu endurskoðendur ÍSALs (með eitt atkvæði aðeins) og óháður löggiltur endurskoðandi, er verði formaður nefndarinnar, til að endurreikna framleiðslugjaldsskuldbindingar ÍSALs vegna ársins 1980 og áranna 1976 til og með 1979, ef og eftir því sem við á, í samræmi við álitsgerðirnar. Formanninn skulu aðilar skipa sameiginlega, og skal nefndin starfa á sama grundvelli og hinar nefndirnar tvær samkvæmt greinum 1.1 og 1.2 hér að ofan (sbr. grein 1.5 hér að ofan). Dómnefndinni ber að ljúka verkefni sínu innan þriggja mánaða frá því að hún var skipuð. Niðurstöður af endurreikningi nefndarinnar skulu vera endanlegar og bindandi fyrir aðilana.

1.7 Hvor aðili skal sjálfur bera kostnað sinn og útgjöld í sambandi við dómnefndirnar þrjár og kostnað og útgjöld vegna þeirra nefndarmanna, sem sá aðili hefur skipað. Kostnað og útgjöld vegna formanns hverrar dómnefndar og annan sameiginlegan kostnað og útgjöld í sambandi við nefndirnar skulu aðilar bera saman að jöfnu.

1.8 Við undirritun samnings þessa skal gerðardómsmálinu milli aðilanna, sem byrjað hefur verið á vegum SID-stofnunarinnar, þegar í stað frestað á því stigi sem það er þá þar til síðar verði ákveðið, og skal aðilunum frjálst að afturkalla að svo stöddu sérhverja ráðstöfun sem þeir hafa gert í málinu (svo sem tilnefningu á gerðarmönnum) fyrir þann tíma. Þegar lokið er málsmeðferð hjá báðum dómnefndum samkvæmt greinum 1.1 og 1.2 hér að ofan og þeim endurreikningi, sem um ræðir í grein 1.6 hér að ofan, skal þetta gerðardómsmál endanlega fellt niður. Ef svo fer af einhverjum ástæðum, að einhver dómnefndanna skili ekki áliti eins og ráðgert er í samningi þessum, og aðilunum tekst ekki að koma sér saman um úrræði til að bæta úr þeim bresti, skal gerðardómsmálið byrjað aftur þá þegar frá því marki, er frestun og afturköllun ráðstafana átti sér stað. Áskilið er í þessu sambandi, að verði forföll hjá einhverjum fulltrúa í nefndunum þremur skuli nýr nefndarmaður tilnefndur í hans stað á sama hátt og hann, og veittur hæfilegur frestur á málsmeðferð eftir ákvörðun aðilanna þannig að hinum nýja nefndarmanni gefist kostur á að kynna sér stöðu málsins.

2. Framtíðarstarfsemi ÍSALs

2.1 Aðilarnir samþykkja hér með að taka upp nú þegar samningsviðræður um endurskoðun á ýmsum þáttum og skilmálum samningstengsla sinna, og verði þar fjallað um

eftirfarandi meginatriði, án þess að tæmandi sé talið:

(a) Verð á samningsbundnu rafmagni samkvæmt rafmagnssamningnum og aðra skilmála hans, þar sem höfð verði hliðsjón af orkukostnaði áliðnaðar í Evrópu og Ameríku sem og samkeppnisaðstöðu álframleiðslu á Íslandi.

(b) Ákvæði aðalsamningsins varðandi ákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs í því skyni að gera þau skýrari og betur aðlögunarhæf að verðbólgukenndu efnahagsástandi í heiminum og til að stuðla að því að komast megi hjá deilum í framtíðinni, er spillt geti góðri sambúð milli aðilanna.

(c) Stækkun á bræðslunni í tveimur áföngum, innan skamms og miðlungi langs tíma.

(d) Heimild til handa ríkisstjórninni um að gerast hluthafi í ÍSAL.

(e) Heimild til handa Alusuisse um að selja og framselja hlutabréf í ÍSAL til eins eða fleiri nýrra hluthafa, er eigi að samanlögðu jafnan hlut á við hlut Alusuisse fremur en að vera minnihlutahluthafar eins og ákvæði 22. greinar aðalsamningsins gera ráð fyrir, en hlíti að öðru leyti þessum ákvæðum og þeim frekari skilyrðum, sem um verði samið milli aðilanna.

2.2 Í sambandi við grein 2.1 í samningi þessum er það tilætlun aðilanna að verðið á samningsbundnu rafmagni verði verðtryggt með viðmiðun við tiltekin grundvöll þannig að verðið muni taka breytingum til hækkunar eða lækkunar með hliðsjón af viðmiðunargrundvellinum, og einnig að upphaflegt samningstímabil í endurskoðuðum rafmagnssamningi verði 15 ár.

2.3 Aðilarnir munu leitast við að ná endanlegu samkomulagi ekki síðar en hinn 1. apríl 1984.

2.4 Alusuisse mun gera hagkvæmnisathuganir á því að koma upp rafskautaverksmiðju á bræðslulóðinni og á stækkun steypuskála.

3. Tímabundnar ráðstafanir

3.1 Breyting á orkuverði

Á tímabili samningsviðræðnanna samkvæmt 2. grein samnings þessa og svo lengi sem samningur þessi er í gildi skulu eftirfarandi ákvæði eiga við um það verð, sem ÍSAL greiðir Landsvirkjun fyrir samningsbundið rafmagn:

3.1.1 Við undirritun samnings þessa skal ÍSAL greiða afturvirkt frá 1. júlí 1983 til Landsvirkjunar, ofan á hið stigbreytta samningsverð 6,475 mill á kWst, sem í gildi var hinn 6. september 1983 samkvæmt 14. grein rafmagnssamningsins, viðbót sem nemur 1,025 bandaríkjamillum á kWst af afhentri orku, þannig að fram komi heildarverð sem nemur 7,5 bandaríkjamillum á kWst.

3.1.2 Á undirritunardegi samnings þessa skal þessi viðbót hækkuð um 2,0 bandaríkjamill á kWst af afhentri orku, þannig að verðið sem ÍSAL greiði Landsvirkjun nemi í heild 9,5 bandaríkjamillum á kWst frá þeim degi að telja.

3.1.3 Að auki kemur til frekari viðbót sem nemi 0,5 bandaríkjamillum á kWst af afhentri orku, þannig að verðið nemi í heild 10 bandaríkjamillum á kWst, er ÍSAL skal greiða Landsvirkjun þegar og svo lengi sem daglegar meðaltaldar verðskráningar

hjá London Metal Exchange (LME) á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99.5 af hundraði, á þriggja mánaða afhendingarfresti, eins og Metal Bulletin birtir þær, og eins og þær eru umreiknaðar úr sterlingspundum í bandaríkjadollara eftir meðalsölugengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í Financial Times (á blaðsíðunni Currencies, Money and Capital Markets, í töflunni "The Dollar Spot and Forward"), ná 78,0 bandaríkjacentum á pund eða fara yfir það mark í tuttugu verðskráningardaga samfellt (2204,62 pund = 1 tonn). Þessa frekari viðbót skal greiða frá fyrsta degi eftir þessa tuttugu samfelldu verðskráningardaga, og skal hætt að greiða hana frá fyrsta degi eftir tuttugu samfellda verðskráningardaga þar sem daglegar meðaltaldar verðskráningar hjá LME, eins og hér er skilgreint, hafa verið undir 78,0 bandaríkjacentum á pund.

3.1.4 Viðbætur þær, sem greiða ber samkvæmt málsgreinum 3.1.1, 3.1.2 og 3.1.3 í samningi þessum og það heildarverð, sem fram kemur samkvæmt ákvæðum þeirra, skulu ekki verða fyrir áhrifum af neinum breytingum til hækkunar eða lækkunar á hinu stigbreytta samningsverði, sem ákveðið er samkvæmt 14. grein rafmagnssamningsins, nema svo færi að þetta stigbreytta samningsverð yrði hærra en það verð, sem ræðst af samningi þessum. Í því tilviki skal hið hærra stigbreytta samningsverð eiga við.

3.2 Stækkun á bræðslunni

Aðilarnir staðfesta hér með gagnkvæman áhuga sinn á því að stækka bræðsluna svo fljótt sem við verður komið um 80 megawatta málraun, sem svarar um það bil 40.000 árstonna afkastagetu (hér á eftir nefnd (fyrri útfærslan" eða "bræðslan - fjórða stækkun"), og að

fylgja þessu eftir síðar meir með annarri stækkun í sama mæli, um 80 megawatta málraun til viðbótar sem svarar um það bil 40.000 árstonna afkastagetu (er nefnd verði "síðari útfærslan" eða "bræðslan - fimmta stækkun"). Ríkisstjórnin er reiðubúin til að afla stuðnings Landsvirkjunar til þess að látið verði í té nægilegt rafmagn fyrir þessar stækkanir og að leita allra heimilda sem við þarf til að gera ÍSAL kleift að byggja og reka stækkunaráfangana.

Aðilarnir eru ásáttir um að taka upp nú þegar nauðsynlegar viðræður um samninga er leggi grundvöllinn að kjörum þeim og skilmálum, er ráða skuli um afhendingu rafmagns og önnur málefni varðandi fyrri útfærsluna. Að því leyti sem ekki er um annað samið skulu þeir samningar gerðir í formi breytingar á aðalsamningnum samkvæmt 51. grein hans og á rafmagnssamningnum samkvæmt 28. grein hans. Samningarnir verða að vera fullnægjandi bæði fyrir ríkisstjórnina og Alusuisse, og einnig fyrir Landsvirkjun og ÍSAL. Sérstaklega skulu kjör og skilmálar varðandi afhendingu rafmagns vera þannig að tryggðar séu fullnægjandi tekjur handa Landsvirkjun og ÍSAL yfir allan samningstímann.

Aðilarnir munu stefna að því að leiða þessar samningsviðræður til lykta fyrir 1. apríl 1984 eins og ráðgert er í grein 2.3 í samningi þessum.

3.3 Sala og/eða framsal á hlutabréfum í ÍSAL

Til þess að greiða fyrir stækkun ÍSALs samþykkir ríkisstjórnin hér með að veita Alusuisse rétt til að gera eftirfarandi ráðstafanir, að áskildu samþykki Alþingis:

(a) Að framselja hlutabréf sín í ÍSAL í heild eða að hluta til eins eða fleiri dótturfélaga sem eru og verða í einkaeign Alusuisse (beint eða gegnum önnur dótturfélög í einkaeign).

(b) Að selja og framselja allt að 50 af hundraði af hlutafjáreign sinni í ÍSAL (að meðtöldum hlutabréfum sem dótturfélög þess hafa eignazt samkvæmt staflið (a) hér að ofan) til óskylds þriðja aðila, eins eða fleiri.

Framsal á hlutabréfum til dótturfélaga Alusuisse samkvæmt staflið (a) hér að ofan skal ekki hafa neinskonar áhrif á skuldbindingar Alusuisse gagnvart ÍSAL, Landsvirkjun eða ríkisstjórninni samkvæmt aðalsamningnum eða fylgiskjölunum eða stöðu þess sem ábyrgs aðila samkvæmt þeim. Jafnframt þessu skal sérhvert dótturfélag verða skuldbundið af aðalsamningnum og fylgiskjölunum á grundvelli framsalsins, og skal það staðfesta þetta berum orðum með því að undirrita og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu, í formi sem ríkisstjórnin telur fullnægjandi, um samþykki við aðalsamningnum og fylgiskjölunum og kjörum og skilmálum þeirra.

Framsal á hlutabréfum til þriðja aðila samkvæmt staflið (b) hér að ofan skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar í hverju tilviki og skal að öðru leyti vera háð þeim reglum sem gilda um minnihlutahluthafa samkvæmt 22. grein aðalsamningsins að öllu leyti sem við getur átt. Sérstaklega skal hinn þriðji aðili, sem gerist hluthafi, verða fullkomlega bundinn af aðalsamningnum og fylgiskjölunum (með áorðnum breytingum) og taka á sig skuldbindingar samkvæmt þeim hliðstæðar þeim sem hvíla á Alusuisse, án þess að dregið sé á nokkurn hátt úr skuldbindingum Alusuisse samkvæmt þeim, nema ríkisstjórnin samþykki annað.

4. Almenn ákvæði

4.1 Gildi samningsins

Samningur þessi lýtur að túlkun, framkvæmd og gildi aðalsamningsins og fylgiskjalanna og hefur þann megin-

tilgang að ryðja brautina fyrir endurskoðun að hluta á þeim samningum.

Ákvæði 1. greinar (eins og beint er fram tekið í grein 1.3 í samningnum, en að áskildum ákvæðum greinar 1.8) og greinar 4.1 og 4.2 í samningi þessum skulu vera og haldast í fullu gildi án tillits til þess þótt samningur þessi renni út, en að öðru leyti eru þær ráðstafanir, sem um ræðir í samningi þessum, einungis til bráðabirgða. Þeim er ekki ætlað að breyta neinum ákvæðum aðalsamningsins eða fylgiskjalanna fram yfir gildistíma samnings þessa. Þau ákvæði taka ekki öðrum breytingum og skulu haldast í fullu gildi, og taka þau aftur fullt gildi, að því leyti sem þeim kann að vera breytt með samningi þessum, ef svo fer að samningi þessum verði slitið í samræmi við grein 4.4 hér á eftir.

Hugtök sem skýrgreind eru í aðalsamningnum og fylgiskjölunum hafa sömu merkingu þegar þau eru notuð í samningi þessum.

4.2 Málaleitan til Alþingis

Ríkisstjórnin mun undirbúa lagafrumvarp í sambandi við ákvæði greinar 3.3 í samningi þessum, þar sem farið verður fram á samþykki Alþingis við breytingu á aðalsamningnum til að gefa þeim ákvæðum gildi. Frumvarp þetta verður lagt fram þegar Alþingi kemur saman til reglulegs þinghalds í októbermánuði 1983, þannig að unnt verði að leita samþykkis á Alþingi meðan viðræður standa yfir um hið endanlega samkomulag samkvæmt grein 2.3 hér að framan. Ef samþykki er fengið munu ákvæði greinar 3.3 hér að framan (í formi breytingar á aðalsamningnum) standa sem varanlegur hluti af aðalsamningnum nema um annað verði samið.

Þessi breyting mun þó ekki koma endanlega til framkvæmda fyrr en endanlegt samkomulag eins og ráðgert er í 2. grein hér að framan hefur náðst milli aðilanna, þannig að ef og þegar samningi þessum yrði slitið samkvæmt grein 4.4 hér að neðan verði sérhver ráðstöfun, sem gerð hefur verið á grundvelli umræddrar breytingar, afturkölluð og fyrri stöðu mála komið á að nýju.

4.3 Gildistaka

Samningur þessi tekur gildi við undirritun hans af hálfu aðila og skal, að áskildum ákvæðum greinar 4.1 hér að framan, haldast í fullu gildi þar til honum verður slitið í samræmi við grein 4.4 hér að neðan.

4.4 Samningsslit

Samningi þessum er slitið

- á gildistökudegi breytinganna á aðalsamningnum og fylgiskjölunum, sem ráðgerðar eru með samningi þessum, eða

- með því að annarhvor aðila segi honum upp með þriggja mánaða fyrirvara hvernær sem er eftir að liðnir eru níu almanaksmánuðir frá undirritunardegi samnings þessa, ef svo fer að aðilunum takist ekki á þessum tíma að ná gagnkvæmt fullnægjandi samkomulagi og takist ekki heldur að undangengnum viðræðum að ná samkomulagi um framlengingu á gildistíma samnings þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir, og hafa þau tryggt samþykki Landsvirkjunar og ÍSALs hvors um sig við þeim ákvæðum samningsins sem snerta þessa aðila.

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Sverrir Hermannsson

SWISS ALUMINIUM LTD.

Paul H. Müller

Dietrich Ernst

ON PROCEDURES FOR THE SETTLEMENT OF AN OUTSTANDING DISPUTE BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LTD. AND ON - PARTLY TEMPORARY - ARRANGEMENTS RELATING TO THE OPERATING PARAMETERS (INCLUDING POWER PRICE) AND THE FUTURE DEVELOPMENT OF THE ALUMINIUM SMELTER AT STRAUMSVIK

AGREEMENT made as of the 23. day of September, 1983

between

THE GOVERNMENT OF ICELAND
(hereinafter referred to as the "Government")

and

SWISS ALUMINIUM LTD., a company organized
under the laws of Switzerland
(hereinafter referred to as "Alusuisse")

The Government and Alusuisse (hereinafter referred to as the "Parties") have entered into a Master Agreement, dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (i) by a First Amendment, dated October 28, 1969, and ratified by Act No. 19, April 6, 1970, effective as of April 16, 1970, and (ii) by a Second Amendment, dated December 10, 1975, and ratified by Act No. 42, May 25, 1976, effective as of June 12, 1976 (hereinafter as so amended referred to as the "Master Agreement"), relating,

among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities (hereinafter referred to as the "Smelter") at Straumsvik in the Township of Hafnarfjördur, owned by Icelandic Aluminium Company Ltd., a subsidiary of Alusuisse (hereinafter referred to as "ISAL"), and utilizing electric power from generating facilities of Landsvirkjun (The National Power Company, hereinafter referred to as "Landsvirkjun").

In accordance with the Master Agreement and the Scheduled Documents related thereto, which include certain Assistance Agreements between Alusuisse and ISAL, and a Power Contract between Landsvirkjun and ISAL, dated as of June 28, 1966, and amended by a First Amendment, dated October 28, 1969, and a Second Amendment, dated December 10, 1975 (hereinafter referred to as the "Power Contract"), the Smelter has been developed in four stages to an aggregate rated capacity of 160 megawatts in two potlines of equal size, with an output capacity of approximately 80,000 mtpy, and has been in continuous operation since prior to October 1, 1969, the First Power Delivery Date to the Smelter.

Lánsfjárþörf B-hluta ríkissjóðs er 1 048,4 m. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá því sem áætlað hafði verið við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1984. Ekki er ástæða til að fjalla hér um áætlaðar lántökur einstakra B-hluta stofnana og vísast til greinargerðar í fjárlagafrumvarpinu um þessi atriði. Utanríkisráðherra hefur að undanförnu unnið að endurskoðun á fjárþörf til byggingarframkvæmda við flugstöð í Keflavík. Fjáröflun til framkvæmdanna á árinu 1984 lækkar um 15 m. kr. frá þeirri fjárhæð sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi og þessari lánsfjáráætlun. Áformað er að fjárhæðin renni til húsnæðismála.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eru áformaðar alls 1 030,0 m. kr. á árinu 1984. Stærsti hluti þessarar lántöku rennur til Landsvirkjunar eða 900,0 m. kr., þ. a. 200,0 m. kr. til framkvæmda við Blönduvirkjun og 700,0 m. kr. til framkvæmda við Kvíslaveitur o. fl. Lántökuáform Landsvirkjunar voru hins vegar mun hærri fjárhæð, en þau reyndist nauðsynlegt að lækka. Fyrirsjáanlegar afleiðingar þessa niðurskurðar eru að

gangsetning Blönduvirkjunar frestast a. m. k. til haustsins 1988. Þá er lántaka til Orkubús Vestfjarða áætluð 30,0 m. kr. sem ætlað er að verja til rafveitu- og fjarvarmaveitufram-kvæmda á árinu 1984. Að lokum er gert ráð fyrir allt að 100,0 m. kr. lántökuheimild til annarra fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, þar af 80,0 m. kr. vegna steinullarverksmiðju.

Fyrirhugaðar lántökur sveitarfélaga á árinu 1984 nema alls 97,3 m. kr. Hér er um að ræða lántökur til að standa straum af framkvæmdum og fjármagnsútgjöldum hitaveitna. Í töflu 16 í viðauka má sjá fjárþörf og fjármögnun hitaveitna sveitarfélaga. Þar kemur fram að nauðsynlegt reynist að afla erlendra lána að fjárhæð 88,8 m. kr. til Hitaveitu Akureyrar og 8,5 m. kr. til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Lánsfjáröflun

Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum um fyrirhugaða lánsfjárráðstöfun til opinberra aðilja á árinu 1984. Ráðgert er að mæta þeirri lánsfjárþörf með eftirfarandi hætti:

Í m. kr.	Spariskírteini og innheimt v/ eldri skírteina	Lífeyris-sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar lánsfjár-þörf
A-hluti	666,7	120,0	158,0	675,3	1 620,0
B-hluti	—	—	—	1 048,4	1 048,4
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	1 030,0	1 030,0
Sveitarfélög	—	—	—	97,3	97,3
Samtals	666,7	120,0	158,0	2 851,0	3 795,7

Nauðsynlegt er að efla innlendan sparnað eftir fremsta megni. Í því skyni hyggst ríkissjóður auka fjölbreytni í peningalegum sparnaði með því að bjóða fleiri tegundir skuldaviðurkenninga en verið hafa á markaði. Í fyrsta lagi verðtryggð spariskírteini miðuð við lánskjaravísitölu í svipuðu formi og verið hefur, en með breyttum lánskjörum. Í öðru lagi gengisbundin verðbréf miðuð við gengi sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR, en það er alþjóðlegur gjaldmiðill samsettur af meðaltali gengis fimm helstu viðskiptamynta heimsins. Með þessu ætti að fást gengistrygging sem sneiðir hjá vandamálum mismunandi gengisþróunar erlendra gjaldmiðla. Í þriðja lagi eru skammtímabréf til 2—12 mánaða sem eru óbreytt að nafnverði yfir lánstímann, en bera forvexti sem eru nokkru hærri en forvextir af víxlum. Með þessu móti er fjölbreytni á lánsfjármarkaðnum aukin verulega. Áætlað er að afla alls 358,0 m. kr. með hinu nýja sparnaðarformi og þar að auki 200,0 m. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.

Gert er ráð fyrir að fjáröflun til A-hluta ríkissjóðs verði með eftirtöldum hætti á árinu 1984: 1) Ný útgáfa spariskírteina 200,0 m. kr.; 2) innheimta umfram innlausn eldri spariskírteina 466,7 m. kr.; 3) sérstök fjáröflun með útgáfu gengisbundinna og skammtíma bréfa 158,0 m. kr.; 4) skuldabréfakaup lífeyrissjóða 120,0 m. kr. og að lokum 5) erlend lán 675,3 m. kr. Þannig verður A-hluti ríkissjóðs nú að leita á erlendan lánsfjármarkað til að mæta hluta af lánsfjárþörf sinni. Hins vegar þykir rétt að minna á að aukin lánsfjárþörf A-hlutans tengist auknu útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs. Er þar einkum um að ræða endurgreiðslur á skyldusparnaði frá árinu 1978, um 290 m. kr., og afborganir af byggðalínu-lánum um 150 m. kr. Hingað til hefur verið staðið undir fjármagnskostnaði af áhvílandi byggðalínulánum með lántökum í B-hluta ríkissjóðs.

Af þessu er ljóst að útlit er fyrir að innlendi lánsfjármarkaðurinn mæti aðeins hluta af lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs og verða aðrir opinberir aðilar að leita á erlendan lánsfjármarkað. Þannig er gert ráð fyrir að erlendar lántökur til B-hluta ríkissjóðs nemi 1 048,4 m. kr. á árinu 1984. Í lánsfjárlögum 1983 voru heildarlántökur til B-hluta áætlaðar 1 197,7 m. kr., þar af var ráðgert að afla 296,0 m. kr. innanlands og 901,7 m. kr. erlendis.

Áformað er að afla 1 030,0 m. kr. erlends lánsfjár á árinu 1984 til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, en í lánsfjárlögum 1983 voru erlendar lántökur þessara fyrirtækja áætlaðar alls 1 004,0 m. kr. Að lokum nema erlendar lántökur sveitarfélaga 97,3 m. kr. á árinu 1984, en þær nema samkvæmt lánsfjárlögum 1983 alls 335,9 m. kr. Var þar að miklu leyti um að ræða skuldbreytingar hitaveitna á eldri lánum í ný sem eru á hagstæðari kjörum og til lengri tíma.

Af framansögðu má því ráða að heildarlánsfjárþörf hins opinbera nemur alls 3 795,7 m. kr., þar af er ráðgert að afla 944,7 m. kr. á innlendum lánsfjármarkaði og 2 851,0 m. kr. með erlendum lántökum.

VIII

Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir, sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun, eru alls 16 að tölu, en þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar á lánsfjáráætlun fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til og fáeinna annarra atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar frá Framkvæmdasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 3 043 m. kr. árið 1984, þar af íbúðalánasjóðir 1 572 m. kr. eða 52% og atvinnuvegasjóðir 1 471 m. kr. eða 48%. Er þetta 8,0% hærri fjárhæð en áætluð útlán 1983, sem eru talin munu nema 2 817 m. kr. miðað við sömu sjóði. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 56,7% frá lánsfjárlögum 1983 en lækkun atvinnuvegasjóða nemur 18,9%. Þessi mikla lækkun lánveitinga atvinnuvegasjóðanna stafar nánast eingöngu af lækkun yfirtekinna erlendra lána Fiskveiðasjóðs vegna erlendra skipakaupa og innlendra skipasmíða. Í áætluðum útlánatölum Fiskveiðasjóðs 1984 er ekki reiknað með lánveitingum sjóðsins til raðsmíði fiskiskipa né innfluttra fiskiskipa frá Póllandi.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er á lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða hefir farið stöðugt vaxandi undanfarin ár. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 81,6% á árinu 1984. Er því svo komið að starfsemi sjóðanna byggist í höfuðdráttum á aðfengnu lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli hinna einstöku sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðasjóður sig algerlega úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1984 um a. m. k. 400 m. kr. Önnur fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar engu til nýrrar ráðstöfunar þegar á heildina er litið.

Eins og að framan greinir eru heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna 1984 áætluð 3 043 m. kr. Til að standa undir þeim útlánum þurfa sjóðirnir að taka að láni 2 483 m. kr., þeir fá framlög og skatttekjur er nema 662 m. kr., en eigið ráðstöfunarfé þeirra verður neikvætt um 102 m. kr. þegar á heildina er litið.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum, að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum, að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging

nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er nú komin í viðunandi horf eins og stefnt hefir verið að á undanförnum árum.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1983 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 719 m. kr. Á árinu 1984 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni til fjárfestingarlánasjóða 818 m. kr. sem skiptist þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 110 m. kr., íbúðarlánasjóðir 690 m. kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 18 m. kr. Til viðbótar framangreindu er áætlað að lífeyrissjóðirnir láni ríkissjóði 120 m. kr. og öðrum sjóðum utan lánsfjáráætlunar 62 m. kr. Samtals eru þetta 1 000 m. kr. sem er talið jafngilda 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Fjárþörf íbúðarlánasjóðanna er mjög mikil á árinu 1984 vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hækkun lána til íbúðabyggjenda. Framlag úr ríkissjóði er samkvæmt fjárlagafrumvarpi 400 m. kr. Lánsfjáröflun til sjóðsins er fyrirhuguð þannig að 690 m. kr. verði aflað hjá lífeyrissjóðum og 200 m. kr. verði aflað með sérstakri útgáfu skuldabréfa. Að auki er gert ráð fyrir lánsfjáröflun eins og undanfarin ár, þ. e. 45 m. kr. af skyldusparnaðarfé ungmenna og 115 m. kr. lántöku hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1 050 m. kr. Ríkisstjórnin stefnir að því að ná samningum um að bankakerfið fjármagni svonefnd framkvæmdalán húsbyggingakerfisins að fjárhæð alls 115 m. kr. án beinnar milligöngu húsnæðislánasjóðanna.

Útlán íbúðarlánasjóðanna 1984 eru áætluð 1 572 m. kr., eins og fyrr greinir, sem skiptist þannig að Byggingarsjóður ríkisins lánar 1 166 m. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 406 m. kr.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1984 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 17 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 1 080 m. kr. á árinu 1984, þar af 1 070 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 620 m. kr.

Á árinu 1984 er gert ráð fyrir að Byggðasjóður fái erlent lán að fjárhæð 120 m. kr. og er það hluti af lánsfjáröflun ríkissjóðs. Ráðstöfunarfé sjóðsins verður þá alls 150 m. kr. á því ári.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanförnu. Þá ber að geta þess að innlendar skipasmíðar, þar með taldar meiri háttar breytingar, endurbætur og viðgerðir skipa, eru nú fjármagnaðar með erlendum lánum sem tekin eru af viðkomandi gjaldeyrisbanka, jafnháum hinum endanlegu lánum Fiskveiðasjóðs. Sjóðurinn tekur við þeim lánum að verkum loknum og endurlánar með lengdum lánstíma, allt að 18 árum, eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Lán þau er Fiskveiðasjóður yfirtekur með þessum hætti eru nú talin til útlána þegar smíði lýkur og yfirtakan fer fram, en áður var til útlána talið hjá Fiskveiðasjóði afborganir sjóðsins af hinum erlendu lánum að frádregnum afborgunum frá lántakendum.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs er afar erfið. Samkvæmt áætlun ársins 1983 er hún neikvæð um 483 m. kr. og 1984 um 400 m. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða, 285 m. kr., og láni Framkvæmdasjóðs, 650 m. kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1984 499 m. kr. Getur sjóðurinn þá lánað 214 m. kr. til vinnslustöðva og tækja, viðgerða og breytinga skipa.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað um 299 m. kr. samanborið við 217 m. kr. árið 1983. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs, 195 m. kr., og lán og styrkir Iðnrekstrarsjóðs, um 11 m. kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 505 m. kr. á árinu 1984. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðasjóðs til iðnaðar, en þau munu nema um 23 m. kr. 1983 og trúlega verður sú fjárhæð töluvert hærri á árinu 1984.

IX

Töfluviðauki

I Fjárfesting

Tafla 1 Fjármunamyndun 1982—1984
Tafla 2 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1982—1984

II Fjármögnun

Tafla 3 Lánsfé til fjármunamyndunar 1984
Tafla 4 Lánsfjárþörf opinberra aðila skv. lánsfjárlögum 1983 og lánsfjáráætlun 1984

III Peningamál, erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 5 Peningamálaáætlun 1983 og 1984
Tafla 6 Greiðslujöfnuður við útlönd
Tafla 7 Staða þjóðarbúsins út á við
Tafla 8 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 9 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1980—1984
Tafla 10 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða
Tafla 11 Byggingarsjóður ríkisins
Tafla 12 Byggingarsjóður verkamanna
Tafla 13 Framkvæmdasjóður Íslands
Tafla 14 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1984

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 15 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1984
Tafla 16 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1984
Tafla 17 Samgönguframkvæmdir 1984
Tafla 18 Opinberar byggingar 1984
Tafla 19 RARIK, almennar framkvæmdir 1983 og 1984

I Fjárfesting

Tafla 1 Fjármunamyndun 1982—1984
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári %		
	Bráðab.-tölur 1982	Spá 1983	Spá 1984	Bráðab.-tölur 1982	Spá 1983	Spá 1984
Fjármunamyndun alls	**8 378**	**13 300**	**15 000**	**-3,6**	**-10,0**	**-6,3**
Þar af:						
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	850	1 260	900	-22,1	-13,9	-41,4
Innflutt skip og flugvélar	399	825	760	-24,8	10,0	-20,6
Önnur fjármunamyndun	7 129	11 215	13 340	1,0	-10,7	-1,2
I Atvinnuvegirnir	**3 559**	**5 711**	**6 325**	**-3,5**	**-10,8**	**-6,2**
1. Landbúnaður	390	650	670	5,1	-5,1	-10,0
2. Fiskveiðar	518	660	620	-11,7	-27,4	-21,7
3. Vinnsla sjávarafurða	339	540	616	0,7	-10,0	-5,0
4. Álverksmiðja	37	25	—	-84,8	-62,2	—
5. Járnblendiverksmiðja	5	9	—	-85,7	0,0	—
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	670	1 190	1 345	13,4	-1,5	-5,0
7. Flutningatæki	593	1 010	1 235	-18,6	-9,3	5,5
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	523	807	935	24,9	-10,3	-5,0
9. Ýmsar vélar og tæki	484	820	904	28,5	-9,9	-5,0
II Íbúðarhús	**1 638**	**2 733**	**3 334**	**4,1**	**-3,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**3 181**	**4 856**	**5 341**	**-7,1**	**-12,7**	**-9,8**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 178	1 700	1 303	-7,0	-16,3	-37,2
2. Hita- og vatnsveitur	330	480	670	-42,9	-15,5	14,4
Þar af hitaveitur	(260)	(360)	(530)	-48,8	-19,6	20,6
3. Samgöngumannvirki	1 073	1 776	2 293	6,8	-7,7	5,9
4. Byggingar hins opinbera	600	900	1 075	4,1	-12,8	-2,1

Aths.: Magnbreytingar 1982 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1983 og 1984 eru miðaðar við áætlað verðlag áranna 1982 og 1983.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1982—1984
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1982		
	Bráðab.-tölur 1982	Spá 1983	Spá 1984	Bráðab.-tölur 1982	Spá 1983	Spá 1984
Rafvirkjanir og rafveitur	1 178	1 700	1 303	1 178	986	621
Þar af: Landsvirkjun	(625)	(1 160)	(900)	(625)	(674)	(429)
Kröfluvirkjun	(60)	(66)	—	(60)	(38)	—
Hitaveitur	260	360	530	260	209	253
Vatnsveitur	70	120	140	70	70	67
Vegir og brýr	330	530	740	330	294	337
Götur og holræsi	400	750	820	400	417	373
Hafnir og vitar	130	180	182	130	105	87
Flugvellir	32	66	293	32	37	133
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	181	250	258	181	137	117
Skólar og íþróttamannvirki	250	385	470	250	224	224
Sjúkrahús	240	360	400	240	209	191
Félagsheimili og kirkjur	40	55	60	40	32	29
Aðrar byggingar hins opinbera	70	100	145	70	58	69
Samtals	3 181	4 856	5 341	3 181	2 778	2 501

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 3 Lánsfé til fjármunamyndunar 1984

Í m. kr.

Uppruni / Ráðstöfun	Fjárfestingarlánasjóðir					Fjárfestingarlánþegar							
	Íbúða-sjóðir	Fram-kvæmda-sjóður	Byggða-sjóður	At-vinnu-vega-sjóðir	Fjárfest-ingarlána-sjóðir, alls	Ríkis-sjóður	Fyrirtæki m. eignar-aðild ríkisins	Sveitar-félög	Opin-berir aðilar alls	Íbúða-eig-endur	At-vinnu-vegir	Alls	Ráðstöfun = uppruni, alls
Frumuppruni:													
Innlent fé	**1 572**	**460**	**16**	**2**	**2 050**	**945**	**—**	**—**	**945**	**1 400**	**—**	**2 345**	**4 395**
Ný útgáfa spariskírteina	—	—	—	—	—	200	—	—	200	—	—	200	200
Innheimta umfram innlausn	—	—	—	—	—	467	—	—	467	—	—	467	467
Bankakerfi	—	250	—	—	250	—	—	—	—	—	—	—	250
Lífeyrissjóðir	690	110	—	80	880[1])	120	—	—	120	1 400	—	1 520	2 400
Atvinnuleysistryggingasjóður	115	—	—	—	115	—	—	—	—	—	—	—	115
Skyldusparnaður, nettó	45	—	—	—	45	—	—	—	—	—	—	—	45
Opinber framlög til fjárfestingarlánasjóða	438	—	84	140	662	—	—	—	—	—	—	—	662
Eigið fé fjárfestingarlánasjóða	84	100	−68	−218	−102	—	—	—	—	—	—	—	−102
Ný verðbréfaútgáfa eða sparnaðarform	200	—	—	—	200	158	—	—	158	—	—	158	358
Erlend lán	**—**	**620**	**—**	**315**	**935**	**1 724**	**1 030**	**97**	**2 851**	**—**	**715**	**3 566**	**4 501**
Fært á milli	—	—	120	—	120	−120	—	—	−120	—	—	−120	—
Samtals	1 572	1 080	136	317	3 105	2 549	1 030	97	3 676	1 400	715	5 491	8 896
Miðlun:													
Íbúðalánasjóðir	—	—	—	—	—	—	—	—	—	1 572	—	1 572	1 572
Framkvæmdasjóður	—	−1 070	14	1 056	—	—	—	—	—	—	10	10	10
Byggðasjóður	—	—	—	—	—	—	—	30	30	—	120	150	150
Atvinnuvegasjóðir	—	—	—	—	—	—	—	72	72	—	1 301	1 373	1 373
Samtals	—	−1 070	14	1 056	—	—	—	102	102	1 572	1 431	3 105	3 105
Uppruni = ráðstöfun, alls	1 572	10	150	1 373	3 105	2 549	1 030	199	3 778	2 972	2 146	8 896	12 001

1) Til viðbótar lífeyrissjóðslánum sem sýnd eru í töflu um fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða er hér bætt við 62 m.kr. sem gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni utan lánsfjáráætlunar.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 4 Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt lánsfjárlögum 1983 og lánsfjáráætlun 1984
Í m.kr.

	Lánsfjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
1. Ríkissjóður	**1 722,7**	**2 668,4**
1.1 A-hluti	**525,0**	**1 620,0**
Vegagerð	249,0	480,0
Aðrar lántökur A-hluta	276,0	1 140,0
1.2 B-hluti	**1 197,7**	**1 048,4**
Byggðasjóður	100,0	120,0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1,0	1,0
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	10,0	12,0
Jarðasjóður	5,0	—
Lánasjóður ísl. námsmanna	138,0	258,4
Lagmetisiðjan Siglósíld	4,0	—
Skipaútgerð ríkisins	9,8	—
RARIK, almennar framkvæmdir	138,6	168,0
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	60,0	—
,, fjármagnsútgjöld	219,4	358,2
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	25,0	—
,, fjármagnsútgjöld	21,8	—
Orkusjóður, byggðalínur, fjármagnsútgjöld	224,5	—
,, hitaveitulán	7,5	10,0
,, jarðhitaleit	10,0	10,0
,, sveitarafvæðing	13,0	7,0
Iðnaðarrannsóknir	3,0	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	36,0	—
Sementsverksmiðjan	28,0	—
Landssmiðjan	12,0	—
Áburðarverksmiðjan	43,4	—
Póstur og sími, vörukaupalán o. fl.	4,9	—
,, lagning sjálfvirks síma	49,6	—
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	26,4	—
Flugmálastjórn	6,8	—
Flugstöð Keflavík	—	103,8[1])
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 004,0**	**1 030,0**
Landsvirkjun, Blönduvirkjun	200,0	200,0
Landsvirkjun, aðrar framkvæmdir	660,0	700,0
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	31,0	30,0
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag o. fl.	80,0	100,0
Kísiliðjan	3,0	—
Grænfóðurverksmiðjur	5,0	—
Annað	25,0	—
3. Sveitarfélög	**335,9**	**97,3**
Hitaveita Suðurnesja	180,1	—
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	95,8	8,5
Hitaveita Akureyrar	40,0	88,8
Ýmislegt	20,0	—
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	**3 062,6**	**3 795,7**

	Lánsfjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
5. Innlend fjáröflun	**821,0**	**944,7**
Útgáfa spariskírteina	200,0	200,0
Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	360,0	466,7
Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar	103,0	—
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	85,0	120,0
Önnur fjáröflun	73,0	158,0
6. Erlend lán	**2 241,6**	**2 851,0**
Ríkissjóður A- og B-hluti	901,7	1 723,7
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 004,0	1 030,0
Sveitarfélög	335,9	97,3

1) Áformað er að lækka þessa fjárhæð um 15,0 m. kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

III Peningamál, erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 5 Peningamálaáætlun 1983 og 1984

		Staða 31/12/82 m. kr.	Hreyfingar í m. kr. 1982	Endurskoðuð áætlun 1983	Frum-áætlun 1984
Seðlabankinn					
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	1 489	−141	670	365
11	Breyting gjaldeyrisstöðu		−1 221	—	300
	(þar af viðskiptajöfnuður)		(−3 110)	(−1 150)	(−100)
12	Gengisuppfærsla		1 080	670	65
2	Innlendir liðir, nettó	2 289	1 382	2 050	665
21	Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó	115	−81	1 240	20
22	Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	133	46	8	−30
23	Kröfur á innlánsstofnanir	4 514	2 925	1 740	585
24	Kröfur á aðra aðila	40	14	4	−44
25	Ýmsir sjóðir	−808	−348	—	—
26	Eigið fé og annað, nettó	−1 705	−1 174	−942	134
3	Grunnfé	3 778	1 241	2 720	1 030
31	Innlánsstofnanir	3 260	1 119	2 520	930
32	Seðlar og mynt í umferð	518	122	200	100
Innlánsstofnanir					
1	Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	−859	−1 049	735	—
2	Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	198	129	—	—
3	Bundnar innstæður vegna bindiskyldu	2 810	1 032	2 520	930
4	Aðrar innstæður í Seðlabanka	238	112	—	—
5	Heildarútlán	11 392	5 297	8 260	2 605
51	Lán til opinberra framkvæmda og sjóða	593	147	620	250
52	Endurseld lán	2 935	1 543	2 055	750
53	Almenn lán	7 864	3 607	5 585	1 605
6	Heildarinnstæður	10 634	3 974	9 040	2 950
7	Endurkaup Seðlabanka	2 935	1 543	2 055	750
8	Verðbréfakaup Seðlabanka	508	358	420	−165
9	Eigið fé og annað, nettó	−297	−354	—	—
Bankakerfið					
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	1 686	−13	670	365
2	Innlendir liðir, nettó	9 466	4 109	8 570	2 685
21	Lán bankakerfisins	11 680	5 276	9 512	2 551
211	Seðlabanki	288	−21	1 252	−54
212	Innlánsstofnanir	11 392	5 297	8 260	2 605
22	Ýmsir sjóðir	−808	−348	—	—
23	Eigið fé og annað, nettó	−1 406	−819	−942	134
3	Peningamagn og sparifé (M3)	11 152	4 096	9 240	3 050

	Hreyfingar í %		
Grunnfé	48,9	72,0	15,9
Seðlar og mynt í umferð	30,8	38,6	13,9
Heildarútlán innlánsstofnana	86,9	72,5	13,3
Almenn útlán	84,7	71,0	11,9
Heildarinnstæður innlánsstofnana	59,7	85,0	15,0
Endurkaup Seðlabanka	110,8	70,0	15,0
Bundnar innstæður vegna bindiskyldu	58,0	89,7	17,5
Lán bankakerfisins	82,4	81,4	12,0
Peningamagn og sparifé (M3)	58,1	82,9	15,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

III Peningamál, erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 6 Greiðslujöfnuður við útlönd
Í m.kr.

Í m. kr.	1982	Áætlun 1983	Lánsfjár-áætlun 1984
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	−10 364	−17 450	−19 940
Skip og flugvélar	−399	−825	−760
Til stóriðjuvera	−721	−1 510	−1 885
Annar innflutningur	−9 244	−15 115	−17 295
(Þar af olía)	(−1 591)	(−2 750)	(−3 260)
(Þar af annað)	(−7 653)	(−12 365)	(−14 035)
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	8 479	18 200	21 915
Vöruskiptajöfnuður	**−1 885**	**750**	**1 975**
Þjónustujöfnuður	**−1 225**	**−1 900**	**−2 075**
Innflutt þjónusta	−5 809	−11 200	−13 190
Útflutt þjónusta	4 584	9 300	11 115
Viðskiptajöfnuður	**−3 110**	**−1 150**	**−100**
Viðskiptajöfnuður í % af VÞF	−10,0	−2,2	−0,2
Framlög án endurgjalds	**−56**	**−50**	**−60**
Fjármagnsjöfnuður	**2 002**	**1 200**	**460**
Erlent einkafjármagn	456	...	...
Langar lántökur, nettó	2 400	2 795	1 340
Innkomin löng lán, alls	3 630	5 530	4 500
Afborganir	−1 230	−2 735	−3 160
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−854	−1 595	−880
Heildargreiðslujöfnuður	**−1 164**	**—**	**300**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 7 Staða þjóðarbúsins út á við 1973—1982
(Meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	Löng erlend lán	Stutt vöru-kaupalán o. fl.	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyris-staða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðar-framleiðsla	Staða í hlutfalli við VÞF (%)		Greiðslu-byrði í % af útfl.-tekjum
							Löng erlend lán	Nettó-staða	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1973	−226,1	−34,2	21,8	67,0	−171,5	966,3	23,4	17,8	9,1
1974	−337,9	−49,8	25,7	16,2	−345,9	1 410,8	23,9	24,5	11,2
1975	−672,8	−66,4	42,6	−30,4	−727,1	1 928,2	34,9	37,7	14,2
1976	−898,5	−97,5	59,9	−3,9	−940,0	2 659,6	33,8	35,3	13,8
1977	−1 205,5	−146,1	89,2	−56,7	−1 205,8	3 814,8	31,6	31,6	13,7
1978	−1 944,3	−237,5	160,4	173,2	−1 848,2	5 776,0	33,7	32,0	13,1
1979	−2 909,5	−435,9	246,2	396,0	−2 703,2	8 460,0	34,4	32,0	12,8
1980	−4 623,1	−779,8	395,0	759,0	−4 248,9	13 430,0	34,4	31,6	14,1
1981	−7 523,2	−1 146,0	627,0	1 517,0	−6 525,2	20 519,0	36,7	31,8	16,4
1982	−14 904,7	−2 326,0	960,0	1 262,0	−15 008,7	31 063,0	48,0	48,3	21,4
1983[1])	−32 000,0	−4 000,0	3 000,0	2 500,0	−30 500,0	53 065,0	60,3	57,5	21,6
1984[2])	−37 500,0	−4 600,0	2 500,0	3 000,0	−36 600,0	64 130,0	58,5	57,1	21,2

1) Spá.
2) Spá fyrir árið 1984 miðað við forsendur fjárlagafrumvarps og þjóðhagsspá.
Gert er ráð fyrir 4 500 m. kr. nýjum lántökum.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

III Peningamál, erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 8 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
(Meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	1982	1983	Lánsfjár-áætlun 1984
I Opinberir aðilar	1 740	2 024	1 571
Innkomin	2 136	3 130	2 851
Afborganir	396	1 106	1 280
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	217	1 236	1 629
Innkomin	266	1 320	1 724
Afborganir	49	84	95
2. Ríkisfyrirtæki, nettó	1 172	575	385
Innkomin	1 413	1 360	1 030
Afborganir	241	785	645
3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó	336	202	−433
Innkomin	438	430	97
Afborganir	102	228	530
4. Sveitarfélög, nettó	15	11	−10
Innkomin	19	20	—
Afborganir	4	9	10
II Atvinnuvegir, nettó	336	167	−450
Innkomin	911	1 375	1 000
Afborganir	575	1 208	1 450
III Framkvæmdasjóður, nettó	345	258	320
Innkomin	554	565	620
Afborganir	209	307	300
IV Fiskveiðasjóður, nettó	−19	75	−50
Innkomin	—	120	—
Afborganir	19	45	50
V Aðrar lánastofnanir, nettó	−2	271	−50
Innkomin	30	340	30
Afborganir	32	69	80
VI Löng lán alls, nettó	2 400	2 795	1 341
Innkomin	3 631	5 530	4 501
Afborganir	1 231	2 735	3 160
Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka	235		
Innkomin	538		
Afborganir	303		

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 9 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1980—1984
Í m.kr.

	1980	Bráðabirgðatölur 1981	Áætlun 1982	Endursk. lánsfjáráætlun 1983	Spá 1984
Uppruni fjár:					
1 Eigið framlag, nettó	286	464	705	1 280	1 250
11 Afborganir	63	111	210	1 345	1 320
12 Vextir	241	373	535		
13 Kostnaður o. fl., nettó	−18	−20	−40	−65	−70
2 Iðgjöld, nettó	280	483	670	1 080	1 260
21 Innkomin iðgjöld	458	774	1 160	1 890	2 360
22 Útborgaðar lífeyrisgreiðslur	−175	−290	−490	−810	−1 100
23 Endurgreidd iðgjöld	−3	−1	—	—	—
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5)	566	947	1 375	2 360	2 510
Ráðstöfun fjár:					
4 Útlán og skuldabréfakaup	491	867	1 220	2 160	2 400
41 Fjárfestingarlánasjóðir	197	283	413	815	880
42 Opinberir aðilar (aðrir)	14	57	55	85	120
43 Önnur lán (sjóðfélagar o. fl.)	280	527	752	1 260	1 400
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	75	80	155	200	110

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 10 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða
Í m.kr.

	Lánsfjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
Byggingarsjóður ríkisins	321,0	525,4
Byggingarsjóður verkamanna	158,0	164,6
Framkvæmdasjóður Íslands	230,0	110,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	10,0	18,0
Ríkissjóður	85,0	120,0
	804,0	938,0
Utan lánsfjáráætlunar	56,0	62,0
Samtals	860,0	1 000,0

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 11 Byggingarsjóður ríkisins
Í m.kr.

	Lánsfjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
Innstreymi	**865,0**	**1 543,9**
Ríkissjóður	141,5	200,0
Skyldusparnaður	42,0	45,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	76,3	115,0
Lífeyrissjóðir, lántaka	321,0	525,4
Sérstök fjáröflun	—	200,0
Afborganir, vextir, verðbætur	275,0	442,1
Tekjur tæknideildar	9,2	16,4
Útstreymi	**865,0**	**1 543,9**
Rekstrarkostnaður	20,0	40,1
Afborganir, vextir, verðbætur	190,0	337,2
Annað	4,0	—
Lánveitingar	651,0	1 166,6
Lánveitingar	**651,0**	**1 166,6**
Nýbyggingar	323,0	619,7
Eldri íbúðir	210,0	387,4
Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir	28,0	59,2
Viðbyggingar og endurbætur	37,0	68,4
Annað	53,0	31,9

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 12 Byggingarsjóður verkamanna
Í m.kr.

	Lánsfjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
Innstreymi	**374,0**	**442,1**
Ríkissjóður	158,0	200,0
Framlag sveitarfélaga	32,0	38,3
Framlag kaupenda eldri íbúða	15,0	21,0
Afborganir, vextir, verðbætur	11,0	18,2
Lífeyrissjóðir, lántaka	158,0	164,6
Útstreymi	**374,0**	**442,1**
Rekstrarkostnaður	7,2	15,5
Afborganir, vextir, verðbætur	14,8	21,0
Lánveitingar	352,0	405,6
Lánveitingar	**352,0**	**405,6**
Nýir verkamannabústaðir	241,0	—
Leiguíbúðir sveitarfélaga	33,0	—
Endursöluíbúðir	78,0	—

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 13 Framkvæmdasjóður Íslands
Í m. kr.

	Lánsfjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
Fjáröflun:		
Eigið ráðstöfunarfé F. Í.	50,0	100,0
Lán frá innlendum bönkum	100,0	250,0
Lán frá lífeyrissjóðum	230,0	110,0
Erlend lán	612,0	620,0
Samtals	992,0	1 080,0
Lánveitingar:		
Stofnlánadeild landbúnaðarins	84,0	110,0
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	483,0	400,0
„ v/útlána	180,0	250,0
Iðnlánasjóður	150,0	205,0
Lánasjóður sveitarfélaga	30,0	14,0
Ferðamálasjóður	15,0	29,0
Verslunarlánasjóður	12,0	17,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga	12,0	17,0
Landflutningasjóður	4,0	5,0
Útflutningslánasjóður	2,0	—
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	10,0	14,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	—	9,5
Bein útlán Framkvæmdasjóðs	10,0	9,5
Samtals	992,0	1 080,0

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Tafla 14 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1984

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun			Lántökur								
		Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðu-breytingar	Framlög og skatt-tekjur	Fram-kvæmda-sjóður	Líf-eyris-sjóðir	Banka-kerfið	Skyldu-sparnaður nettó	Atvinnul.-trygginga-sjóður	Erlend lán	Önnur lán	Samtals	Útlán og styrkir
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)	(12)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**−91,3**	**−10,6**	**661,9**	**—**	**818,0**	**250,0**	**45,0**	**115,0**	**770,0**	**485,0**	**2 483,0**	**3 043,0**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**83,9**	**—**	**438,3**	**—**	**690,0**	**—**	**45,0**	**115,0**	**—**	**200,0**	**1 050,0**	**1 572,2**
21	Byggingarsj. ríkisins og Veðd. L. Í.	81,2	—	200,0	—	525,4	—	45,0	115,0	—	200,0[1]	885,4	1 166,6
22	Byggingarsjóður verkamanna	2,7	—	238,3	—	164,6	—	—	—	—	—	164,6	405,6
3	**Atvinnuvegasjóðir alls**	**−175,2**	**−10,6**	**223,6**	**—**	**128,0**	**250,0**	**—**	**—**	**770,0**	**285,0**	**1 433,0**	**1 470,8**
31	Framkv.sjóðskerfið og Byggðasjóður	−318,8	−38,2	218,6	(1 080,0)	128,0	250,0	—	—	740,0	285,0	1 403,0	1 264,6
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−82,9	—	100,0	110,0	18,0	—	—	—	—	—	128,0	145,1
3102	Fiskveiðasjóður, v/greiðsluhalla	−396,4	−39,6	—	400,0	—	—	—	—	—	285,0[3]	935,0	499,0
	„ v/útlána				250,0								
3103	Iðnlánasjóður	93,6	—	—	205,0	—	—	—	—	—	—	205,0	298,6
3104	Verslunarlánasjóður	8,0	—	—	17,0	—	—	—	—	—	—	17,0	25,0
3105	Stofnlánadeild samvinnufélaga	0,7	1,4	—	17,0	—	—	—	—	—	—	17,0	19,1
3106	Ferðamálasjóður	0,8	—	—	29,0	—	—	—	—	—	—	29,0	29,8
3107	Lánasjóður sveitarfélaga	24,2	—	34,0	14,0	—	—	—	—	—	—	14,0	72,2
3108	Landflutningasjóður	—	—	—	5,0	—	—	—	—	—	—	5,0	5,0
3109	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	0,6	—	0,8	9,5	—	—	—	—	—	—	9,5	10,9
3110	Byggðasjóður	−67,4	—	83,8	14,0[2]	—	—	—	—	120,0	—	134,0	150,4
3110	Framkvæmdasjóður, bein lán	—	—	—	9,5	—	—	—	—	—	—	9,5	9,5
	„ lán alls	100,0	—	—	—	110,0	250,0	—	—	620,0	—	980,0	(1 080,0)
32	Aðrir sjóðir	143,6	27,6	5,0	—	—	—	—	—	30,0	—	30,0	206,2
321	Iðnþróunarsjóður	136,0	28,6	—	—	—	—	—	—	30,0	—	30,0	194,6
322	Iðnrekstrarsjóður	6,6	−1,0	5,0	—	—	—	—	—	—	—	—	10,6
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	1,0	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	1,0

[1]) Fjáröflun með sérstakri skuldabréfaútgáfu.
[2]) Lán úr Framkvæmdasjóði vegna lána til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum.
[3]) Erlend lán vegna erlendrar og innlendrar skipasmíði, sem Fiskveiðasjóður mun yfirtaka.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 15 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1984
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1984	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lánsfjár-áætlun 1984
1. Landsvirkjun	900,0	—	—	900,0
2. Almennar framkvæmdir RARIK	175,0	—	7,0	168,0
3. Dreifikerfi í sveitum	27,0	27,0	—	—
4. Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	15,5	8,5	—	7,0
5. Orkubú Vestfjarða	35,0	—	5,0	30,0
6. Framkvæmdir sveitarfélaga	150,0	—	150,0	—
Samtals	1 302,5	35,5	162,0	1 105,0

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 Hita- og vatnsveitufram kvæmdir 1984

Í m.kr.

	Framkvæmdir 1984	Til framlengingar lána 1984	Fjármögnun: Úr rekstri eða sjóðum	Fjármögnun: Lánasjóður sveitarfélaga	Fjármögnun: Orkusjóður	Fjármögnun: Lánsfé erlent
I Stærri hitaveitur	**443,2**	**64,6**	**410,5**	—	—	**97,3**
Hitaveita Reykjavíkur	393,8	—	393,8	—	—	—
Hitaveita Suðurnesja	16,2	—	16,2	—	—	—
Hitaveita Akureyrar	24,2	64,6	—	—	—	88,8
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	9,0	—	0,5	—	—	8,5
II Smærri hitaveitur	**71,8**	**5,6**	**58,4**	**9,0**	**10,0**	—
Hitaveita Reykjahlíðar	3,1	—	3,1	—	—	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	12,7	5,6	2,4	7,0	8,9	—
Aðrar hitaveitur	56,0	—	52,9	2,0	1,1	—
III Til annarra verkefna	**15,0**	—	**5,0**	—	—	**10,0**
Jarðhitaleit	15,0	—	5,0[1])	—	—	10,0
Samtals I—III	**530,0**	**70,2**	**473,9**	**9,0**	**10,0**	**107,3**
IV Vatnsveitur	**140,0**	—	**125,0**	**15,0**	—	—
Vatnsveita Reykjavíkur	56,0	—	56,0	—	—	—
Aðrar vatnsveitur	84,0	—	69,0[2])	15,0	—	—
Samtals I—IV	**670,0**	**70,2**	**598,9**	**24,0**	**10,0**	**107,3**

[1]) Fjárveiting í A-hluta 5,0 m.kr.
[2]) Þar af fjárveiting í A-hluta 6,0 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 17 Samgönguframkvæmdir 1984
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1984	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Lánsfjár-áætlun 1984
1. Vegir og brýr	740,0	260,0	—	480,0
2. Götur og holræsi	820,0	109,5	710,5	—
3. Hafnir og vitar	182,3	122,3	60,0	—
4. Flugvellir	51,3	51,3	—	—
5. Póstur og sími, útvarp	257,8[1])	—	257,8	—
6. Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	241,3	—	146,4[2])	94,9
Samtals	2 292,7	543,1	1 174,7	574,9

[1]) Hljóðvarp og sjónvarp 83,7 m. kr., Póstur og sími 174,1 m. kr.
[2]) Framlag Bandaríkjamanna.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 18 Opinberar byggingar 1984
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1984	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Lánsfjár-áætlun 1984
1. Skólar og íþróttamannvirki	470,0	274,7	195,3	—
2. Sjúkrahús	400,0	233,5	166,5	—
3. Félagsheimili og kirkjur	60,0	22,3	37,7	—
4. Aðrar opinberar byggingar	145,0	80,0	65,0	—
Samtals	1 075,0	610,5	464,5	—

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 19 RARIK, almennar framkvæmdir 1983 og 1984
Í þús.kr.

	Fjárlög 1983	Lánsfjáráætlun 1984
Virkjanir	**1 050**	—
Lagarfoss	1 050	—
Stofnlínur	**40 830**	**60 750**
Búrfell — Flúðir	1 400	—
Vogaskeið — Stykkishólmur	1 230	—
Vogaskeið — Grundarfjörður	—	6 300
Sauðárkrókur — Hofsós	—	340
Akureyri — Dalvík	—	26 240
Laxá — Kópasker	19 000	19 010
Stuðlar — Eskifjörður	12 500	3 170
Eskifjörður — Neskaupstaður	—	500
Aðveitustöð Stöðvarfjörður — Kirkjubær	1 500	—
Mánagarður — Hólar	2 200	—
Hólar — Höfn II	—	340
Athuganir, endurbætur o.fl.	1 000	1 500
Lúkning verka fyrra árs	2 000	3 350
Aðveitustöðvar	**45 450**	**45 030**
Flúðir	15 350	3 430
Hella	—	6 640
Selfoss	3 420	—
Ólafsvík	230	560
Hrútatunga	780	—
Skagaströnd	—	5 530
Ólafsfjörður	220	—
Akureyri	80	—
Lindarbrekka	960	—
Raufarhöfn	500	—
Eskifjörður	6 280	12 000
Stuðlar	10 430	4 000
Seyðisfjörður	530	—
Fáskrúðsfjörður	—	360
Teigarhorn	—	500
Hólar	—	1 510
Smyrlabjargaárvirkjun	1 470	—
Lúkning verka fyrra árs	4 000	3 350
Raflínusími og fjargæsla alls	1 200	7 150
Geymsluhús o. fl.	**3 500**	**5 000**
Innanbæjarkerfi	**48 000**	**47 240**
Vélar og tæki	**5 800**	**10 000**
Dísilstöðvar	**2 500**	**6 980**
Byggðalínur	**6 500**	—
Almennar framkvæmdir samtals	**153 630**	**175 000**
Fjármögnun framkvæmda	**153 630**	**175 000**
Heimtaugargjöld	15 000	7 000
Lántökur	138 630	168 000

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Sþ. 61. Fyrirspurnir. [56. mál]

I. Til menntamálaráðherra um norrænt sjónvarpssamstarf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hver er núverandi staða mála varðandi norrænt sjónvarpssamstarf, einkum með tilliti til eftirfarandi:

1. Hafa íslensk stjórnvöld tekið afstöðu til hugmynda um aðild að Telexþætti Nordsat-kerfisins eða til tilboðs Norðmanna um afnot af Eutelsat-sendingum (ECS) til bráðabirgða?
2. Hvernig er háttað aðild íslenskra stjórnvalda að þeim athugunum sem nú fara fram milli Norðurlandanna varðandi sjónvarpssamstarf?
3. Hvenær gæti þurft að taka skuldbindandi afstöðu um aðild að norrænu sjónvarpssamstarfi og á hvaða stigi yrði málið lagt fyrir Alþingi?

II. Til utanríkisráðherra um málefni El Salvador á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Ef til afgreiðslu kemur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tillaga varðandi málefni El Salvador sem í efnisatriðum er hliðstæð ályktun allsherjarþingsins á s. l. ári, mun þá afstaða Íslands til slíkrar tillögu verða óbreytt frá því sem var á síðasta allsherjarþingi?

III. Til iðnaðarráðherra um lokun járnblendiverksmiðjunnar.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvað líður könnun á því að loka Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga samkvæmt yfirlýsingum forsætisráðherra?

Sþ. 62. Fyrirspurn [57. mál]

til viðskiptaráðherra um olíustyrki og innlenda orku í stað olíu til húshitunar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er fjöldi þeirra notenda sem fá greidda olíustyrki:
   a) sundurliðað eftir landshlutum,
   b) sundurliðað eftir sveitarfélögum?
2. Hversu margir þessara olíunotenda gætu nú þegar fengið tengingu við orkuveitur, sbr. 6. gr. laga nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar?
3. Hversu margir gætu fyrst fengið slíka tengingu á næsta ári eða síðar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 63. Fyrirspurn [58. mál]

til viðskiptaráðherra um fyrirhugaða eggjaeinkasölu.

Frá Eiði Guðnasyni.

Eru fyrirætlanir um einkasölu á eggjum í samræmi við það sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar **„að neytendur og atvinnulífið njóti hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar þar sem samkeppni er næg“?**

Ed. 64. Frumvarp til laga [59. mál]

um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Á árinu 1983 er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að afla innlends lánsfjár að fjárhæð allt að 200 milljónum króna. Kemur heimild þessi til viðbótar fyrri heimildum til öflunar innlends lánsfjár á árinu 1983.

Í þessu skyni er heimilt að gefa út til sölu innanlands skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla.

2. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem fjármálaráðherra ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að gefa út ríkisvíxla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. Fjármálaráðherra getur ákveðið forvexti af víxlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að víxlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um víxla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvíxla.

3. gr.

Lánsskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. Um skattalega meðferð þeirra gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fjármálaráðherra getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánsskjala skv. 2. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara skulu gilda um ríkisskuldabréf, spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvíxla sem síðar kunna að verða gefin út.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur eins og kunnugt er gripið til ýmissa aðgerða til stuðnings við húsbyggjendur. Meðal þessara aðgerða er 50% hækkun lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem slík lán hafa fengið á árinu 1981 eða síðar. Er reiknað með að þessi viðbótarlán

muni auka fjármagnsþörf húsnæðislánakerfisins um 200 til 250 milljónir króna á þessu ári. Er nauðsynlegt að mæta þessum útgjöldum með auknum lántökum innanlands og er því lagt til að heimiluð verði 200 milljón króna aukin lántaka innanlands á árinu.

Í fjárlögum fyrir árið 1983, 6. gr. lið 2.1, er fjármálaráðherra heimilað að gefa út til sölu innanlands spariskírteini og/eða ríkisskuldabréf að fjárhæð allt að 200 milljónum króna. Þá er til viðbótar heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1983 til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 milljónum króna, sem skiptist þannig að 85 m.kr. var fyrirhuguð lántaka hjá lífeyrissjóðum og 103 m.kr. var fyrirhuguð sala verðtryggðra bréfa til lánastofnana.

Þegar er búið að selja spariskírteini að nafnverði 64 m.kr. Markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs hefur verið fremur erfiður. Kaup lánastofnana á verðtryggðum bréfum ríkissjóðs hafa heldur ekki skilað því sem vonast var til. Það sem af er árinu hafa aðeins selst slík verðbréf að andvirði 17 m.kr. Samkvæmt framansögðu eru því ónýttar eldri heimildir til öflunar ríflega 200 m.kr. innlends lánsfjár.

Í ljósi minnkandi eftirspurnar eftir þeim verðbréfum sem til sölu hafa verið og brýnnar lánsfjárþarfar, m. a. vegna aðgerða í húsnæðismálum, sýnist nauðsynlegt að örva markað fyrir þessi bréf með því að auka fjölbreytni í formi þeirra og kjörum.

Fyrirhugað er að bjóða til sölu þrjár tegundir skuldarviðurkenninga ríkissjóðs. Í fyrsta lagi spariskírteini verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í svipuðu formi og verið hefur. Í öðru lagi verðbréf bundin gengisskráningu erlends gjaldeyris og myndi í því sambandi miðað við gengi þeirra gjaldmiðla og vægi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar við lánaákvarðanir sínar (SDR). Í þriðja lagi ríkisvíxla til 2—12 mánaða sem héldu óbreyttu nafnverði allan lánstímann en bæru forvexti sem yrðu ívið hærri en almennir forvextir af víxlum eða yrðu boðnir til sölu og seldir þannig að forvextir réðust af markaðslögmálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að viðbótarútgáfa innlendra skuldarviðurkenninga ríkissjóðs megi nema allt að 200 milljónum króna á árinu 1983, fyrst og fremst vegna aukningar á útgjöldum til húsnæðismála.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum er þörf á að leita nýrra leiða við útgáfu og sölu á skuldarviðurkenningum ríkissjóðs. Sérstaklega er þörf á að opna möguleika á sölu skammtímalánsskjala á innlendum markaði. Í 2. mgr. er því gert ráð fyrir heimild til sölu ríkisvíxla.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að gefa út gengistryggð bréf, auk þess sem útgáfa verðtryggðra bréfa verður áfram heimil.

Með 2. mgr. er settur rammi um útgáfu ríkisvíxla. Skulu þeir vera til allt að 12 mánaða eftir ákvörðun fjármálaráðherra. Ráðherra getur ákveðið hámarksforvexti af ríkisvíxlum en honum er einnig heimilt að bjóða þá til sölu til hæstbjóðanda þannig að markaðurinn ráði í raun hæð forvaxtanna.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kveður á um spimpilfrelsi ríkislánsskjala. Er það í samræmi við þá skipan sem verið hefur.

Í 2. mgr. er heimild til að fela Seðlabanka Íslands framkvæmd útgáfu lánsskjalanna á svipaðan hátt og verið hefur um útgáfu spariskírteina ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir að ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara gildi framvegis um innlendar lántökur ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Nd. 65. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200°C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði.

Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði en óvissa ríkir um.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrlegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna sem renni í Orkusjóð.

Sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki sveitarfélaganna, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga, halda rétti sínum óskertum.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.

Nú æskir sveitarfélag eða samtök þeirra, eða fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, eftir vinnsluleyfi á háhitasvæði í eigu ríkisins og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt þeim upplýsingum sem ráðherra krefst.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum, eða öðrum náttúrlegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 6. mgr.

4. gr.

Upphaf 16. gr. laganna orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, og eru þá landeigendur...

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. laganna komi ný mgr., svohljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

6. gr.

Á eftir staflið d í 1. mgr. 68. gr. laganna komi nýr liður, svohljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 15. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var síðast flutt á 104. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Frumvarpið felur í sér þá stefnumörkun, að orka sú, sem fólgin er í háhitasvæðum, sé sameign þjóðarinnar.

Samkvæmt frv. þessu yrði djúphiti á háhitasvæðum almannaeign. Jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Alþýðuflokkurinn hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að landið, gögn þess og gæði, væru sameign þjóðarinnar. Þingmenn flokksins hafa oft áður verið meðal flutningsmanna lagafrumvarpa um almannaeign á jarðhita. Það frumvarp, sem hér er flutt, er í stórum dráttum samhljóða fyrri frv. um þetta efni. Sú veigamikla breyting er þó hér gerð frá fyrri frumvörpum, að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, haldi rétti sínum óskertum.

Eftirfarandi greinargerð víkur frá greinargerð fyrri frumvarpa um þetta efni, að því er rétt sveitarfélaga varðar og nokkur önnur atriði til samræmis við ný viðhorf og aukna þekkingu:

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrlegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingsrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna eða keypt sér rétt til vinnslu, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa jörð eða hluta úr henni með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku laga þessara, halda rétti sínum óskertum. Að öðru leyti gildir um land á háhitasvæði í eigu sveitarfélaga við gildistöku laganna, að sveitarfélögin skulu hafa forgangsrétt.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður best hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttindum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki er í íslenskum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeigenda niður á við, en talið hefur verið að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignarréttur, bls. 46).

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 1923, er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita) sem á henni eru. Skv. lögunum er landeiganda rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir best henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögunum, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögunum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera- eða laugarvatns.

Í lögum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- eða afnotarétt á jarðhita á landareign sinni, með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, lögum nr. 38 frá 1940, lögum nr. 101 frá 1940, lögum nr. 114 frá 1943, um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, lögum nr. 40 frá 1948, 47. gr. laga nr. 102 frá 1962, lögum nr. 36 frá 1961, lögum nr. 55 frá 1961, lögum nr. 28 frá 1963 og lögum nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Líndal með nefndinni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frv. fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson: „Um eignar- og umráðarétt jarðhita".

Í frumvarpi þessu var svohljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar."

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né því næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, 11. kafla voru lög nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. laga nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi einnig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra undir venjulega hagnýtingu á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar á þann hátt að ákveða að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum, og í jarðhitalöndum eins og Nýja-Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgísku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum, nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer í Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ítarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttindum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.

Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er að það er þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram að þessu.

Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar er vafasamt að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur að verða a. m. k. flestum einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeigenda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði ber honum að fá fullar bætur fyrir.

II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í sex háhitasvæði hefur fundist yfir 200°C hiti á minna en

1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði tæpast á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV-NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):

Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40°C).

Tindafjallajökull (einungis laugar um 50°C).

Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).

Nauthagi (einungis laugar allt að 68°C).

Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborðinu).

Öxarfjörður (lágt viðnám undir söndum).

Auk þess er líklegt að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, og líklega Eldvörpum, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholuútbúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1.—2. mgr. Í þessum málsgreinum er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.

Um 3. mgr. Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgr., tilheyri ríkinu, og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð. Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar, og er því eðlilegt að þau séu látin fylgja með jarðhitanum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

Um 4. mgr. Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjaness, Svartsengis, Krýsuvíkur, Hengils, Námafjalls, Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að nokkru lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því sem fé er veitt til.

Um 5. og 6. mgr. Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum og ekki heldur réttur til hvera og annars náttúrlegs jarðhita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Um 2. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar að henni lokinni.

Um 3. gr.

Um 1. mgr. Meginstefna þessa ákvæðis er að Alþingi ákveði með löggjöf hvernig skipa skuli hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa, og gegn spjöllum á umhverfi, svo og önnur skilyrði sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Sveitarfélög, sem eiga land á háhitasvæði, hafa skv. frumvarpinu forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og geta verið undanþegin leyfisgjaldi. Hafi þau hins vegar keypt sér rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga halda þau rétti sínum óskertum, sbr. 2. mgr.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum, og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða sem setja skal í leyfi.

Grundvallarsjónarmið við nýtingu háhitasvæða er að aðeins einn aðili hafi á hendi yfirumsjón með vinnslu varmans á hverju svæði. Leyfi Alþingis þarf til slíkrar vinnslu. Hvert háhitasvæði er sérstakt rennsliskerfi og vinnsla á einum stað hefur meiri og minni áhrif á kerfið í heild. Árekstrahættu væri boðið heim með því að leyfa fleiri óháðum aðilum að vinna varma úr sama háhitasvæðinu. Þó er gert ráð fyrir að ábúendur og aðrir, sem búa í nágrenni háhitasvæða, kunni að óska eftir leyfi til borunar vegna minni háttar nýtingar, og getur ráðherra veitt slíkt leyfi. Þessi minni háttar nýting mun ekki hafa áhrif á jarðhitasvæðin, en líklegt er að stórfelld varmavinnsla á svæðinu gæti valdið truflun á henni. Leyfi til minni háttar nýtingar yrðu því að vera háð því skilyrði, að hún víki, ef hagsmunir hennar og meginnýtingar svæðisins fara ekki saman. Hámarksrennsli, sem minni háttar nýting mætti draga úr svæðinu á hverjum stað, er 50 kg/sek, en það er svipað rennsli og búast mætti mest við úr einni borholu.

Eðlilegt er að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundraðshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola sem notaðar eru til vinnslu varmans.

Um 2. mgr. Með ákvæði þessu, sem er breyting frá fyrri frumvörpum, er sveitarfélögum og fyrirtækjum í eigu þeirra veittur fullur réttur til vinnslu jarðhita á jörðum eða jarðarhlutum, sem sveitarfélög eða fyrirtæki þeirra hafa keypt fyrir gildistöku þessara laga, enda hafi kaupin verið gerð með vinnslu háhita í huga. Sama gildir ef keyptur hefur verið réttur til vinnslu jarðhita á háhitasvæði. Í þessum tilvikum halda sveitarfélögin og fyrirtæki þeirra þannig óskertum rétti frá því sem nú er.

Um 3. mgr. Að öðru leyti en því, sem við á skv. 2. mgr., er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, með ákvæði þessu veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu fimmtán árin eftir gildistöku laganna. Ákvæði þetta hefur í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en fimmtán ár eru liðin frá gildistöku laganna og fram er komið hversu víðtæks vinnsluleyfis sveitarfélag óskar. Þá er sveitarfélögum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verður ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu sem þau ákveða og sækja um á næstu fimmtán árum eftir gildistöku laganna.

Um 5. mgr. Upplýsingar, sem ráðherra getur krafist, eru m. a. að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað að Orkustofnun geti fylgst með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

Um 6. mgr. Gert er ráð fyrir að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

Um 7. mgr. Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- eða sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlan sína og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhola en frá árinu 1965.

Um 8. mgr. Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveri og annan náttúrlegan jarðhita á háhitasvæði.

Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heits grunnvatns. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs svo að hverir þorna eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufustreymi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi þar sem minni varmi berst að neðan.

Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði, og komi fullt endurgjald fyrir.

Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja að Orkustofnun geti fylgst með öllum borunum á meira en 100 metra dýpi. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynnri borholum kemur helst til greina þegar borað er rétt við hveri í þeim tilgangi að auðvelda beislun þess vatns sem í hverunum er.

Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 3. gr. að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.


Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Háhitasvæði landsins.

(Heimild: Erindi dr. Guðmundar Pálmasonar, forstjóra jarðhitadeildar Orkustofnunar á Orkuþingi 9.—11. júní 1981.)



Fylgiskjal II.

Umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi (15. mál).

Með bréfi, dags. 6. desember 1973, hefur iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis óskað eftir áliti lagadeildar Háskóla Íslands á því, hvort nokkurt ákvæði frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, brjóti í bága við stjórnarskrána. Fer umsögn deildarinnar hér á eftir.

Hér koma fyrst og fremst til athugunar ákvæði 2. mgr. og 3.—4. mgr. 1. gr. frv., sem eru svohljóðandi:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrlegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita."

Í greinargerð með frv. kemur fram, hverjar meginreglur felast í ofangreindum ákvæðum, en í upphafi greinargerðarinnar segir m. a.:

„Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrlegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingsrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum."

Samkvæmt framansögðu er meginregla umrædds frv. sú, að heimild til hagnýtingar jarðhita á svonefndum háhitasvæðum skuli eftirleiðis vera ríkiseign, að frátöldum jarðhita á yfirborði jarðar. Með vissum skilyrðum halda sveitarfélög áfram jarðhitaréttindum sínum á háhitasvæði og með vissum takmörkunum einnig aðilar, sem hafa borað eftir jarðhita og byrjað vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, sbr. nánar ákvæði í 3. og 4.—5. gr. frv.[1]). Í 1. gr. frv. eru háhitasvæði skilgreind með eftirfarandi hætti:

„Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200°C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum."

Af því, sem að framan hefur verið rakið, kemur skýrt fram, að heimild til hagnýtingar jarðhita með borunum á háhitasvæðum skuli vera ríkiseign, án tillits til þess, hve ofarlega

jarðhitinn er í jörðu. Er jafnframt gengið út frá því, að ríkið muni framvegis sjálft hagnýta jarðhita með borunum eða heimila það öðrum gegn gjaldi.

Samkvæmt núgildandi lögum á landeigandi að jafnaði rétt til hagnýtingar jarðhita og jarðefna, sem eru undir yfirborði lands hans, sbr. 9. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 4. gr. námulaga, nr. 24/1973. Vafi leikur hins vegar á, hve langt hagnýtingar- og umráðaréttur landeiganda nái í jörðu niður. Þar sem ákvæði frv. áskilja hins vegar ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum, án tillits til þess, hve djúpt hann liggur í jörðu, verður að ætla, að frv. hafi í för með sér, ef að lögum verður, að eigendur jarðhitarettinda á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni samkvæmt núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum. Eins og eignarskerðingum þessum er háttað, verður að líta svo á, að skylt sé samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar að láta eignarnámsbætur koma fyrir þær, ef á annað borð er um jarðhitaréttindi að ræða, sem hafa fjárhagslegt verðmæti við gildistöku laganna.

Í greinargerð fyrir frv. segir:

„Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd fyrir dómstólum."

Þarna er byggt á því, að fyrrgreindar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignarnámsbóta. Þrátt fyrir það er ástæða til að ætla, að frv. verði skýrt þannig, ef það verður að lögum, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en hins vegar beri að greiða þeim aðilum bætur, sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum, ef um verðmæt réttindi er að ræða.

Niðurstaða lagadeildar er því sú, að ofangreint frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot, ef það verður að lögum. Hins vegar verði að gera ráð fyrir því, að það geti í einstökum tilvikum haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart eigendum jarðhitaréttinda.

Reykjavík, 23. janúar 1974.

Virðingarfyllst,

Jónatan Þórmundsson,
forseti lagadeildar.

1) Tilvísun í greinar er breytt til samræmis við núverandi röð greina.
Athuga enn fremur, að skv. þessu frv. er réttur sveitarfélaga rýmkaður frá fyrri frumvörpum, sem umsögnin fjallar um.

Nd. 66. Frumvarp til laga [61. mál]

um land í þjóðareign.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Þau landsvæði skulu teljast þjóðareign, sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.

Sama máli gegnir um vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur réttindi bundin eignarrétti lands, sem eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara og hefur umsjón og eftirlit með öllum eignum og réttindum þeim bundnum í eigu þjóðarinnar skv. 1. gr. laga þessara.

Fjármálaráðuneytið heldur skrá yfir allar fasteignir og réttindi skv. 1. gr. Í skrá þessari skal þess getið, hvernig nýtingu er háttað hverju sinni, hverjir nýta og hvaða leigugjöld eru greidd. Skrána skal birta reglulega.

3. gr.

Óheimilt er að leigja einstaklingum eða lögaðilum landsvæði, landréttindi eða hlunnindi, sem talin eru í 1. gr., þannig að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku.

Undantekning er þó ef um er að ræða skipulögð orlofsbúða- eða útivistarsvæði fyrir almenning, enda setji fjármálaráðuneytið sérstakar reglur þar um, sem tilgreini þær landsnytjar sem nauðsynlegar eru taldar fyrir slíka starfsemi.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið skal setja í samráði við Náttúruverndarráð, veiðimálastjóra, Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga almennar reglur um nýtingu þeirra hlunninda, landa og landgæða sem teljast þjóðareign skv. 1. gr.

Í reglum þessum skulu vera ákvæði um ítölu og varnir gegn ofbeit og rányrkju, um gróðurvernd og aðra náttúruvernd, um veiðiskap, umgengnisrétt almennings og annað það sem lýtur að afnotum lands og landgæða í þjóðareign.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið skal láta kanna eignarrétt á öllu landi og landgæðum utan heimalanda lögbýla. Skal gera áætlun um slíka könnun, sem stefni að því að henni sé að fullu lokið árið 1995. Þar sem óvissa þykir ríkja um eignarrétt og land eða landgæði kynnu hugsanlega að vera þjóðareign, sbr. 1. gr. laga þessara, skal leita úrskurðar dómstóla um eignarréttinn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að lýsa óbyggðir Íslands þjóðareign. Með því yrðu öll þau landsvæði, sem aðrir en ríkið hafa ekki eignarheimildir fyrir, eign þjóðarinnar í umsjá ríkisins og Alþingis. Eignin næði til allra fasteignarréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra réttinda sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi og veiðiréttindi yrðu óbreytt frá því sem nú er.

Samkvæmt nýlegum Hæstaréttardómi á enginn beinan eignarrétt að afréttum, en Alþingi getur ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum og yrði það ekki talið eignarnám. Í þessum Hæstaréttardómi er nánast bent á að þessa löggjöf skorti.

Í tilefni af 75 ára afmæli Sigurðar Ólasonar hrl., sem flutti málið af hálfu fjármálaráðuneytis f. h. ríkissjóðs, ritaði Gunnlaugur Claessen grein um dóminn í bækling til heiðurs Sigurði. Greinin var síðan endurprentuð í Morgunblaðinu þann 26. jan. 1982. Meginefni greinar Gunnlaugs Claessen fer hér á eftir með leyfi höfundar:

„Deiluefnið hefur verið kennt við Landmannaafrétt og varðar spurninguna um hinn beina eignarrétt að þessu landsvæði. Jafnframt hefur dómurinn almenna þýðingu varðandi það álitaefni, hver teljist réttur eigandi almenninga og öræfa landsins.

Hér verður ekki farið út í flókin réttarfarsatriði, sem mjög settu mark sitt á gang málsins. Málið hafði áður hlotið umfjöllun Hæstaréttar vegna formsástæðna, en efnisdómur var kveðinn upp í Hæstarétti hinn 28. desember 1981.

Í samráði við landbúnaðarráðherra höfðaði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eignardómsmál fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu í ársbyrjun 1975. Krafa stefnanda var sú, að ríkissjóði yrði tildæmdur hinn beini eignarréttur að svokölluðum Landmannaafrétti. Fyrir dóm var stefnt öllum þeim sem andmæla vildu eignartilkalli ríkisins að umræddu landsvæði.

Til andmæla gáfu sig fram hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins, hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins, eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. hreppsins og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og hreppsnefnd Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins. Allir þessir aðilar mótmæltu eignartilkalli ríkisins á þeim grundvelli, að þeir væru sjálfir eigendur hins umþrætta landsvæðis. Fyrir héraðsdómi urðu málalok þau, að meirihluti réttarins (tveir dómarar af þrem) féllust á kröfu fjármálaráðherra, og viðurkenndu eignarrétt íslenska ríkisins að Landmannaafrétti.

Allir áðurgreindir heimaaðilar áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar. Kröfðust þeir þess að dóminum yrði hrundið og synjað um viðurkenningu á eignarrétti ríkisins að afréttinum.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að geta þess, að í byrjun sjötta áratugarins höfðaði Landmannahreppur mál út af veiðirétti í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Málsaðilar í því máli voru flestir þeir sömu og urðu málsaðilar í því máli, sem dæmt var í desember sl. og áður eru taldir upp. Í dómi Hæstaréttar í þessu eldra máli, sem gekk hinn 25. febrúar 1955, segir m. a. svo:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum hvorki fyrir nám, löggerninga hefð né með öðrum hætti... Eins og notkun afréttar landsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðilar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941, um rétt til veiði í vötnum á afréttum...“

Í síðari Hæstaréttardómnum, þ. e. þeim sem féll í desember sl., segir svo m. a.:

„Málflutningur þeirra, er andmælt hafa kröfum ríkisins í máli því, sem hér er til úrlausnar, lýtur að því, að þeir eigi afréttarlandið og gangi eignartilkall ríkisins í berhögg við það.

Um þessa málsvörn er þegar dæmt í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955, að því er varðar framangreinda aðilja þessa máls... *Í máli þessu verða því andmæli framangreindra aðila gegn eignartilkalli ríkisins sem á því eru reist, að þeir eigi afréttarsvæði það sem málið lýtur að, ekki tekin til greina.“ (Leturbreyting mín, G.Cl.)*

Eignarréttur heimamanna að afréttinum, hvort heldur hreppsfélaganna eða eigenda og ábúenda jarða, er þannig ekki fyrir hendi. Þess ber hins vegar að geta, að í þessu dómsmáli viðurkenndi stefnandi, fjármálaráðherra, rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir.

Því næst kom til úrlausnar í dóminum, hvort fjármálaráðherra f. h. ríkisins hefði gert viðhlítandi grein fyrir eignarrétti sínum að þessu afréttarsvæði, þannig að eignardómur yrði kveðinn upp samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936.

Svo fór, að Hæstiréttur varð ekki sammála í afstöðu sinni til þess atriðis: Meirihlutinn, þ. e. þrír dómarar af fimm, taldi óyggjandi sönnun fyrir eignarrétti ríkisins ekki hafa tekist og tók því ekki til greina kröfu fjármálaráðherra f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti til handa ríkinu á margnefndu landsvæði. Minnihlutinn taldi hins vegar öll skilyrði uppfyllt til að fallast mætti á viðurkenningarkröfu ríkisins.

Í forsendum meirihlutans kom fram, að Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málsefnið. Í framhaldi af því segir efnislega, að um eignartilkall ríkisins sé þess fyrst að geta, að eigi hafi af þess hálfu verið settar fram fullnægjandi röksemdir fyrir því, að ríkið hafi eignast landsvæði þetta þegar við stofnun allsherjarríkis á landi hér. Lög þjóðveldisaldar veiti þeirri skoðun eigi stoð eða önnur gögn frá því réttarsögutímabili. Síðan sagði, að gögn fyrir því, að ríkið hafi eignarrétt á þessu landsvæði fyrir eignarhefð, séu eigi haldbær. Þá er þess getið, að skráðar réttarreglur um eignarréttarlega stöðu afrétta séu af skornum skammti og hið almenna eignartilkall í skilningi einkaréttar sem ríkið hafi uppi í þessu máli styðjist eigi við slíkar reglur. Einstök lagaákvæði, sem fjármálaráðherra f. h. ríkisins ber fyrir sig í málinu, svo sem námulög, vatnalög og eldri lög um nýbýli, veiti eigi slíkri almennri reglu stoð.

Í niðurlagi forsendna meirihlutans segir:

„Hins vegar verður að telja að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afnota, sem lög eða venjur eru fyrir. Um það efni verður þó eigi fjallað hér eins og mál þetta horfir við.“ *(Leturbreyting mín, G.Cl.)*

Niðurstaðan er nánast sú, að enginn eigi beinan eignarrétt að afréttinum. Eignarrétti heimamanna er alfarið synjað og meirihlutinn telur ríkið ekki hafa sannað sinn rétt nægjanlega. Niðurlag forsendnanna er hins vegar athyglisvert. Það er ljóst, að Alþingi getur ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum, og slík löggjöf yrði ekki metin sem eignarnám, að minnsta kosti ekki gagnvart þeim, sem voru aðilar þessa máls.

Gunnlaugur Claessen.“

Það frumvarp, sem hér er flutt, er þáttur í stefnumörkun Alþýðuflokksins sem sameign þjóðarinnar á landi sínu. Það var áður flutt árið 1981 af þingmönnum flokksins í Nd. Alþingis og var Sighvatur Björgvinsson þá fyrsti flutningsmaður. Því fylgdi þá svofelld greinargerð:

Hugmyndir Alþýðuflokksins um þjóðareign á landi eru löngu kunnar. Fyrstu tillögur flokksins um þau mál voru lagðar fram á Alþingi af Braga Sigurjónssyni alþingismanni árið 1970. Var þar um að ræða tillögu til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um óbyggðir

landsins, vötn, ár, jarðhita og námur. Í tillögunni var lagt til að Alþingi legði fyrir ríkisstjórnina, að hún léti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum, fallvötnum, jarðhita svo og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, þar sem stefnt væri að því meðal annars að allt hálendi landsins og óbyggðir yrðu lýst alþjóðareign.

Tillaga þessi hefur tekið ýmsum breytingum við frekari meðferð málsins. Árið 1972 var henni breytt verulega og nefndist þá tillaga til þingsályktunar um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Árið 1976 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild, þeir Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson, síðan frumvarp til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum, og höfðu þingmennirnir þar með breytt þingsályktunartillögunni um almenna stefnumörkun í þessum málum yfir í lagasmíð. Þá hafa þingmenn Alþýðuflokksins einnig flutt sérstök þingmál þessu máli tengd, svo sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms, sem flutt var á eitt hundraðasta löggjafarþinginu árið 1978, og frumvarp til laga um breytingu á orkulögum, sem þingmenn Alþýðuflokksins voru meðflutningsmenn að á þingunum 1974, 1975 og 1976, en upphaflega var samið og flutt af fyrrverandi orkumálaráðherra, Magnúsi Kjartanssyni.

Tillögur Alþýðuflokksins um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum eru mjög yfirgripsmikið mál og varða fjölmarga þætti. Allt frá því umræður um málið hófust fyrir frumkvæði Alþýðuflokksins hefur stuðningur við meginsjónarmið Alþýðuflokksmanna um þjóðareign á landi farið ört vaxandi, enda er stöðugt verið að kreppa meira að almenningi um aðgang að landi, not og nytjar. Þannig hefur t. d. sú tillaga Alþýðuflokksins nú hlotið almenna viðurkenningu og almennt fylgi að mati flutningsmanna, að náttúruauðlindir, svo sem djúphiti, ásamt orku í fallvötnum landsins, svo og virkjunarréttur skuli vera eign þjóðarheildarinnar, en ekki tiltekinna einstaklinga, og að sama máli skuli gegna um óbyggðir og hálendi landsins. Stuðningur er hins vegar ekki eins almennur við önnur atriði í tillögum Alþýðuflokksins, svo sem að allar ár og vötn skuli teljast sameign þjóðarinnar, þar á meðal veiðiréttur og fleira þess háttar.

Ljóst er því að mjög almennur stuðningur er nú orðinn við sum atriðin í tillöguflutningi Alþýðuflokksins um þessi mál og ættu þær tillögur því út af fyrir sig að geta náð fram að ganga, þótt enn kunni að verða nokkur bið á því, að önnur og umdeildari atriði í tillögugerð Alþýðuflokksins um þjóðareign á landi hljóti almenna viðurkenningu.

Að þessu athuguðu telur þingflokkur Alþýðuflokksins rétt að láta nú reyna á hvaða einstök atriði í tillögum Alþýðuflokksins um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum hafi öðlast nægan stuðning til þess að von sé til að þau náist fram á Alþingi Íslendinga. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa því brugðið á það ráð, að í stað þess eins og oftast áður að flytja allt þetta stóra og mikla mál um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum í einu þingmáli á Alþingi, annaðhvort frumvarpi til laga þar um eða sem tillögu til þingsályktunar um almenna stefnumörkun Alþingis, þá verði þetta stóra og umfangsmikla mál brotið upp í einstaka þætti og flutt sjálfstætt þingmál um hvern þátt fyrir sig og látið reyna á hvort þær hugmyndir Alþýðuflokksmanna, sem mest fylgi almennings hafa hlotið, nái afgreiðslu á Alþingi. Þannig verða nú flutt á þessu þingi margar tillögur og lagafrumvörp um einstök atriði í stefnu og tillögugerð Alþýðuflokksmanna um eignarráð yfir landinu og er frumvarp það, sem hér um ræðir, eitt þeirra. Af öðrum málum má nefna tillögu til þingsályktunar um orlofsbúðir fyrir almenning, fyrirspurn um meðferð og leigu ríkisjarða, ásamt lagafrumvarpi um framkvæmd eignarnáms, en allt eru þetta mál sem flutt verða strax í upphafi þings. Þá munu þingmenn Alþýðuflokksins einnig í upphafi þings endurflytja frumvarp til laga um þjóðareign á háhitasvæðum og virkjunarrétti þeirra, og síðar á þinginu eru væntanlegar aðrar tillögur frá þingmönnum Alþýðuflokksins.

Þannig munu þingmenn Alþýðuflokksins gera hin einstöku atriði í stefnu og tillögugerð Alþýðuflokksins um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum að sjálfstæðum þingmálum nú á þessu þingi og láta þá á það reyna, hvernig háttað er afstöðu annarra þingmanna og þingflokka til einstakra atriða í þeirri stefnu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, takmarkast við að lýsa öll þau landsvæði þjóðareign sem skýlausar eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir, og er lagt til að slíkt sé gert um öll landsvæði, þar sem svo háttar til, og auk þeirra um vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur fasteignarréttindi.

Í framkvæmd mundi þetta þýða að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign ásamt flestum eða öllum afréttum og hálendissvæðum. Á þeim svæðum mundi íslenska þjóðin gera tilkall til allra fasteignarréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra réttinda, sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi þau, sem fylgja einstökum bújörðum, upprekstrarfélögum eða sveitarfélögum, stæðu óskert svo og veiðiréttindi og allar aðrar eignarheimildir annarra en ríkisins sem sönnun er færð fyrir.

Stefna af því tagi, sem tekin er með 1. gr. frumvarpsins, mundi líka afgreiða endanlega ýmis deilumál, sem niðurstaða þarf að fást í. Slík lagasetning er t. d. nauðsynleg í kjölfar niðurstöðu dómstóla um hver eignarrétt hafi á botni Mývatns. Þá mundi þessi lagasetning einnig taka af öll tvímæli um eignarréttindi á afréttum, sem dómstólar hafa komist að niðurstöðu um að bændur, upprekstrarfélög eða sveitarfélög geti ekki talist eigendur að, að undanteknum beitarréttindum, og er því nauðsynlegt að taka í almannaeign.

Með öðrum orðum skal ítrekað, að með frumvarpinu er ekki gerð tillaga um eignaupptöku eða eignarnám á landsvæði, hlunnindum eða öðrum eignarréttindum sem eru eign annarra en ríkisins. Samþykkt frumvarpsins mundi engu breyta þar um. Einasti tilgangur frumvarpsins er sá að lýsa yfir að land og landsréttindi, sem aðrir eigendur finnast ekki að, skuli eftirleiðis talin eign þjóðarheildarinnar og um þá þjóðareign verði settar ákveðnar reglur sem tryggi bæði rétt og skyldur almennings gagnvart slíku landi og landgæðum. Er vel við eigandi að slíkt sé gert einmitt nú þegar þessi sama þjóð hefur varið miklu af fjármunum sínum til þess að bæta fyrir spjöll genginna kynslóða á landinu og þegar rætt er um að nauðsyn sé að áfram verði haldið því starfi. Auðvitað fer það ekki saman að biðjast í öðru orðinu fjár til slíkra verka, þar eð Ísland sé eign þjóðarheildarinnar, en neita því svo í hinu, að þessi sama þjóð skuli lýsa sem þjóðareign því landi og landgæðum sem enginn annar eigandi finnst að.

Nú er vel líklegt að ágreiningur geti orðið og verði um hvaða lönd og landgæði eignarheimildir annarra en ríkisins liggi fyrir á. Í 5. gr. frumvarps þessa er ráð fyrir því gert, að fjármálaráðuneytið, sem á skv. frumvarpinu að annast framkvæmd laganna, láti kanna eignarrétt á öllu landi og landgæðum utan heimalanda og birti opinberlega. Skal ráðuneytið gefa öllum þeim, sem hlut eiga að máli, kost á að koma fram breytingum og leiðréttingum á skránni, og loks er lögð sú skylda á herðar að ef óvissa þykir ríkja skuli fjármálaráðuneytið leita úrskurðar fyrir dómstólum.

Með þessu á að vera frá gengið svo öruggt sé að ekki verði um neinar eignaupptökur að ræða né eignarnám, heldur aðeins það eitt að lýsa þau landsvæði og landgæði þjóðareign, sem aðrir eigendur finnast ekki að.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að taka formlega í þjóðareign öll þau landsvæði og landgæði, sem aðrir en ríkisvaldið hafa ekki eignarheimildir fyrir.

Hér er því ekki um að ræða eignaupptöku eða eignarnám og enga skerðingu á eignarrétti.

Um 2. gr.

Í grein þessari er fjármálaráðuneytinu falin framkvæmd laganna svo og umsjón og eftirlit með öllum fasteignum og fasteignaréttindum sem teljast þjóðareign skv. 1. gr.

Í þessu sambandi er einnig vakin athygli á frumvarpi til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65 frá 31. maí 1976, sem flutt er í sömu deild, þar sem ráð er fyrir því gert, að fjármálaráðuneytið taki við umsýslu allra þeirra bújarða sem nú eru í umsjá jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Er fjármálaráðuneytinu þannig ætlað að hafa með höndum eignaumsýslu á öllum þeim fasteignum og fasteignaréttindum, sem frumvarp þetta fjallar um, auk bújarða í eigu ríkisins, og setja samræmdar reglur um nýtingu þessara ríkiseigna.

Þá er það nýmæli, sem lagt er til í þessari grein, að haldin skuli skrá yfir allar fasteignir og fasteignaréttindi, þar sem getið sé hvernig nýtingu er háttað hverju sinni, hverjir nýta og hvaða leigugjöld eru greidd, en mikið vantar á að slíkar upplýsingar hafi legið á lausu, t. d. um bújarðir í eigu ríkisins og hlunnindi, sem þeim fylgja.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að óheimilt verði með öllu að leigja einstaklingum eða lögaðilum þau landsvæði og fasteignarréttindi, sem talin eru í 1. gr. og verða þjóðareign, svo að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku. Undantekning er þó gerð ef um er að ræða landsvæði í þjóðareign og landsnytjar sem ætluð eru í þágu skipulagðra orlofsbúða og útivistarsvæða fyrir almenning, enda setji þá fjármálaráðuneytið sérstakar reglur þar um.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á sölu og leigu bújarða í eigu ríkisins, en um þau mál fer áfram skv. jarðalögunum, nr. 65 frá 1976, jafnt eftir samþykkt frumvarps þessa sem áður.

Um 4. gr.

Í grein þessari er fjármálaráðuneytinu lögð sú skylda á herðar að setja í samráði við Náttúruverndarráð, veiðimálastjóra, Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga almennar reglur um nýtingu þeirra hlunninda landa og landgæða, sem verða eign þjóðarinnar skv. 1. gr.

Um 5. gr.

Engar upplýsingar liggja nú fyrir á einum stað um hvaða gögn fyrirfinnast um eignarrétt á landi og landgæðum utan heimalanda lögbýla. Margvíslegar kröfur hafa um þau mál verið reistar, sem byggðar eru á ýmsum gögnum, sem margir telja að sum hver standist ekki fyrir dómstólum.

Nauðsynlegt er að kannað verði, hvaða gögn séu til í þessu sambandi, og þau skráð. Mikil óvissa í þessu sambandi hefur skapað alls konar árekstra, sem mætavel hefði mátt afstýra ef upplýsingarnar hefðu legið fyrir.

Könnun eins og þá, sem hér um ræðir, létu Norðmenn gera fyrir nokkrum árum og var hún af þeirra hálfu rökstudd með sömu nauðsyn um upplýsingar um eignarrétt á landi og landgæðum utan lögbýla og hér er gert. Hér var um umfangsmikla könnun að ræða í Noregi, sem tók tvo áratugi áður en endanleg niðurstaða fékkst. Þótt eigi sé líklegt, að svo mikil vinna sé samfara hliðstæðri eignarheimildakönnun hér á landi, er þó lagt til að góður tími sé gefinn til þess að ljúka málinu, eða allt til ársins 1995.

Að lokum er lagt fyrir fjármálaráðuneytið að leita úrskurðar hjá dómstólum þar sem óvissa kynni að ríkja um eignarréttarmálin, þannig að fyrir lok þessarar aldar liggi ótvírætt fyrir hver séu mörk almannaeignar og einkaeignar á landi og landgæðum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

ÞINGMÁL ALÞÝÐUFLOKKSINS UM EIGNARRÁÐ Á LANDI

Hér á eftir verður getið þeirra þingmála um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum sem þingmenn Alþýðuflokksins hafa flutt allt frá upphafi þess máls, svo til séu á einum stað öll þau gögn og menn geti virt fyrir sér hvaða þróun málin hafa tekið á þeim röska áratug, sem liðinn er frá því málinu var fyrst hreyft á Alþingi.

Á Alþingi 1970, 91. löggjafarþingi, lagði Bragi Sigurjónsson fram fyrsta þingmálið af þessu tagi. Þingmál þetta hét:

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur.

Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m. a. athugað:

1. Hvort ekki sé rétt að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggi ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo að glöggt sé, um mörk þessarar ríkiseignar.

2. Hvort ekki sé rétt að öll not afrétta, sem eru ekki í einkaeign, skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau yrðu nánar skilgreind.

3. Hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.

4. Hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkis og réttinda annarra eigenda fallvatna, t. d. varðandi virkjanir, þegar árekstrar verða milli einkanota og almenningsnota.

5. Hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita og hve djúpt í jörð eignarréttur jarðeiganda á honum skuli ná.

6. Hvort verðmæti í jörðu, á landi eða landgrunni, er finnast fyrir atbeina ríkisins, skuli ekki teljast ríkiseign og háð valdi ríkisins, hvernig unnin verði og farið með.

7. Hver takmörk náttúruvernd skuli sett.

8. Hvern umgengnisrétt og hverjar umgengnisskyldur almenningur skuli hafa til ónotaðs lands og óbyggða.

Frumvarpsgerð þessi verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á öðru þingi frá þessu þingi.“

1972.

Málið var síðan tekið upp árið 1972 á 93. löggjafarþingi með nýjum hætti. Fluttu þá þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Pétur Pétursson, nýja tillögu til þingsályktunar sem nefndist:

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM EIGNARRÁÐ Á LANDINU, GÖGNUM ÞESS OG GÆÐUM.

Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign, og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar ríkiseignar.

2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

3. Stöðuvötn á afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda skv. arðskrá.

4. Allur jarðvarmi undir 100 m dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.

5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast ríkiseign og háð valdi þess.

6. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færast úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.

7. Kveðið skal á um umhengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.“

1974.

Málið var svo enn tekið upp með nýjum hætti á þinginu 1974, 96. löggjafarþingi, en þá fluttu þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Sighvatur Björgvinsson tillögu til þingsályktunar sem nefndist:

„Tillaga til þingsályktunar um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum.“

Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því, að allt land verði alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en að hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, sem ekki eru þegar í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Glöggt verði kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.“

1975.

Enn er flutt tillaga um málið af þingmönnum Alþýðuflokksins á Alþingi 1975, 97. löggjafarþinginu, og eru flutningsmenn þeir Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Sighvatur Björgvinsson.

Tillagan hét enn:
Tillaga til þingsályktunar um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Tillögugreinin hljóðaði svo:
„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar eignar.

2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að landið allt, eins og miðin umhverfis það, sé sameign þjóðarinnar allrar. Umráðaréttur á byggðu landi, fallvötnum, jarðhita undir 100 m dýpi, námuvinnslu, veiðiám og veiðivötnum, óbyggðum og afréttum sé í höndum Alþingis, sem geti með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum tiltekinn rétt til þessara gæða. Bændum sé tryggður kaup- og söluréttur (eignarréttur) á bújörðum til búrekstrar, ef þeir svo kjósa, fremur en erfðafestu eða lífsábúð.

3. Glöggt sé kveðið á hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.

4. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.“

1976.

Árið 1976, á 98. löggjafarþingi, var svo flutt af hálfu þingmanna Alþýðuflokksins í efri deild **frumvarp til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum.**
Flutningsmenn voru Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson.

Frumvarpið hljóðaði svo:
„1. gr.

Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum (sbr. 3. gr. og 11. gr.).

2. gr.

Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.

3. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum, sbr. 5. gr.

4. gr.

Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs.

5. gr.

Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar, svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota, ef það brýtur ekki í bága við almannaþarfir.

Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram af hverri veiðijörð s. l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur skv. því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðarhluta fer fram, ef fyrr verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um $^1/_{20}$ við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár.

6. gr.

Alþingi getur falið viðkomandi sveitarfélögum eftir nánar settum reglum umráðarétt veiði- og fiskræktar í ám og vötnum gegn sérstöku gjaldi, er gangi til aukinnar fiskræktar, sömuleiðis samtökum ábúenda aðliggjandi jarða, áa og vatna, einnig sérstökum fiskræktarfélögum. Sama rétt má veita einstaklingum, sem einstæðan áhuga og árangur hafa sýnt í fiskræktarmálum.

Skylt skal ábúendum jarða að veiðiám og veiðivötnum að leyfa veiðileyfishöfum nauðsynlegan aðgang að veiðistöðum og umferð milli veiðisvæða, enda sýni veiðileyfishafar fyllstu nærfærni í umgengni sinni, svo að hvergi valdi spjöllum.

7. gr.

Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heimalanda nema ríkið sjált. Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign, en gjalda ber eiganda þess verð fyrir skv. gildi þeirra nota, sem hann hefur af því talið fram s. l. 20 ár.

Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afréttarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka.

8. gr.

Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði, láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumarbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar skv. mati með hliðsjón af þeim búnotum, sem af eignarnámslandinu hafa verið.

9. gr.

Allur jarðhiti er eign ríkisins, nema á eignarjörð sé, þá er sá jarðhitit, sem er ofan 200 m dýpis, eign viðkomandi jarðeiganda. Megi ætla, að borun ríkisins eftir jarðvarma og virkjun hans valdi notatjóni á viðkomandi bújörð eða aðliggjandi bújörðum, svo sem á matjurtarækt eða upphitun húsa, ber ríkinu að bæta slíkt skv. mati.

10. gr.

Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins og leyfis þess þarf til að leita eftir og vinna, eru eign ríkisins og háð valdi Alþingis.

11. gr.

Allar lóðir og lendur undir húsum og öðrum mannvirkjum skulu eign viðkomandi sveitarfélags, nema ríkisins sé áður, en þá skal Alþingi fela sveitarfélaginu umráðarétt slíkra eigna. Sveitarfélög skulu bótaskyld til eigenda lóða og lendna þeirra, sem í einkaeign eru, þegar lög þessi öðlast gildi, en við ákvörðun bóta skal draga frá að $^3/_4$ hlutum þá verðmætaaukningu, sem dómkvaddir matsmenn ætla að viðkomandi þéttbýlissköpun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið.

Ekki er sveitarfélagi skylt að inna slíkar bætur af hendi til eigenda nema við missi vinnu vegna aldurs eða örorku, dauðsfall eða burtflutning, og þá eigi fyrr en 2 árum síðar.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um lóðir og lendur undir hús og mannvirki í sveitum, önnur en lúta að búrekstri, þar með taldar lóðir undir sumarbústaði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.“

Til viðbótar við þessi mál hafa þingmenn Alþýðuflokksins svo flutt ýmsar einstakar þingsályktunartillögur og frumvörp um einstök atriði, sem að framan hafa verið nefnd, en þó ekki að verulegu marki fyrr en nú á þessu þingi þegar ákveðið hefur verið, eins og fyrr segir, að flytja stefnu Alþýðuflokksins og tillögur um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum í mörgum einstökum þingmálum í stað eins þingmáls, eins og gert hefur verið fram til þessa.

Ed. 67. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. bætist ný setning svohljóðandi:

Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda húsaleigusamningseyðublaða.

2. gr.

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 8. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr. komi orðið „forgangsréttur.“

Við 4. mgr. 8. gr. bætist ný setning svohljóðandi:

Enda séu í húsinu þrjár íbúðir eða færri.

3. gr.

1. málsliður 10. gr. hljóði þannig:

Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublað við gerð hans, teljast aðilar hafa gert ótímabundinn leigumála og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

4. gr.

14. gr. hljóði þannig:

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send leigutaka. Þegar hið leigða er atvinnuhúsnæði eða húsnæði samkv. 13. gr., 1. tl., skal leigutaki hafa lokið rýmingu og frágangi þess eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þegar hið leigða húsnæði er í íbúð, sbr. 13. gr., 2. tl., skal leigutaki ljúka rýmingu og frágangi þess kl. 13.00 næsta fardag eftir að uppsagnarfrestur er liðinn.

5. gr.

Upphaf 15. gr. breytist og verður þannig:

Fardagar íbúðarhúsnæðis eru .....

6. gr.

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 16. gr., 2. og 3. mgr., komi orðið „forgangsréttur“.

7. gr.

Við 2. mgr. 37. gr. komi ný setning svohljóðandi:
ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 51. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Nú greiðir leigutaki leigusala samkvæmt samkomulagi þeirra húsaleigu fyrirfram í upphafi leigutímans eða síðar fyrir meira en 3 mánuði og hefur leigutaki þá rétt til leiguafnota í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir með þeim kjörum sem um var samið milli aðila.

9. gr.

1. mgr. 56. gr. hljóði svo:

Óheimilt er leigutaka að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Í 2. mgr. 56. gr. komi orðin „eða framleiga“ næst á eftir orðunum „framsal á leigurétti“.

10. gr.

Á eftir XIII. kafla laganna komi nýr kafli, XIV. kafli er beri yfirskriftina: Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o. fl.

Í XIV. kafla eins og hann er þá orðinn komi ný grein, 77. gr. svohljóðandi, en aðrar greinar og kaflaskipti færast aftur sem þessu nemur:

Bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skulu í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara árlega könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboð á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félagsmálaráðuneytisins.

11. gr.

1. mgr. 77. gr. hljóði þannig:

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á húsaleigulögum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þó getur ráðherra ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1980 óskaði félagsmálaráðherra eftir því við nefnd þá, er á sínum tíma samdi frumvarp til laga um húsaleigusamninga, sem síðar varð lögtekið, að hún gerði athugun á reynslunni af lögunum og semdi síðan breytingartillögur um þau ákvæði þeirra sem hún teldi að betur mættu fara. Nefndin hefur lokið þessu starfi sínu og lagði fyrir ráðherra drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsaleigusamninga nr. 44/1979. Nefndin var sammála um breytingartillögur sínar en Páll S. Pálsson, hrl., einn nefndarmanna, var þó með sérálit.

Nefndin hagaði störfum sínum að ofangreindu verkefni á þann veg að hafa samband við allar húsaleigunefndir í kaupstöðum landsins, sem kjörnar hafa verið samkvæmt 76. gr. laganna og óskaði eftir áliti þeirra á efni laganna og reynslunni af framkvæmd þeirra. Ennfremur voru nefndunum sendar ýmsar breytingartillögur nefndarmanna og óskað umsagnar um þær. Svör nokkurra nefnda bárust. Auk þess átti nefndin fund með húsaleigunefnd Reykjavíkurborgar og einnig með fulltrúum húsaleigunefnda í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Á fundum þessum var fjallað um reynsluna af lögunum og um það sem betur mætti fara. Yfirleitt voru nefndarmenn sammála um að

setning laganna hefði verið mjög til bóta og reynslan af þeim væri almennt góð. Í bréfi húsaleigunefndar Reykjavíkur, dags. 18.2.1981, segir m. a.:

„Nefndin hefur haldið liðlega 30 fundi. Á fundum sínum hefur nefndin fjallað um skriflegar fyrirspurnir ágreiningsaðila leigumála, veitt leiðbeiningar, skriflega og munnlega, sætt aðila og gert þær formlegar sáttir með aðilum, þrátt fyrir óvissu um lögmæti slíkra sátta fyrir dómstólum. Auk þess hafa nefndarmenn svarað ótölulegum fyrirspurnum símleiðis. Má hiklaust fullyrða að starf nefndarinnar hefur haft ótvírætt gildi til lausnar ágreiningsefna aðila leigumála og að tekist hafi að koma í veg fyrir þrætur manna og málaferli. Það er mat nefndarinnar, að húsaleigunefndir séu mjög nauðsynlegar en sakir skorts á kynningu og efni laganna hafi starf þeirra orðið minna en ella".

Frá ýmsum húsaleigunefndum komu beinar ábendingar um ágreiningsefni sem vert væri að taka til athugunar og víða lagt mat á breytingartillögur þær sem nefnd sú, sem frumvarpið samdi, sendi einstöku húsaleigunefndum.

Þegar félagsmálaráðuneytinu hafði borist tillaga nefndarinnar um endurskoðun á lögunum var málefnið tekið til frekari úrvinnslu í félagsmálaráðuneytinu og m. a. leitað til Leigjendasamtakanna um væntanlegar lagabreytingar. Niðurstaða þeirrar vinnu er frumvarp þetta um breytingu á lögum nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að þeim aðilum, sem skylt er að dreifa húsaleigusamningseyðublöðum, verði heimilað að taka gjald fyrir dreifinguna.

Um 2. gr.

Í lögunum er hugtakið forleiguréttur notað í nokkuð annarri merkingu en venjulegt er í lagamáli. Til að ekki leiði til misskilnings þykir rétt að breyta þessari orðanotkun og nota orðið forgangsréttur í staðinn, enda þykir það bæði réttara og nákvæmara. Ekki fylgir breytingu þessari nein efnisbreyting á 8. gr. laganna. Þá er lagt til að þrengd verði heimild húseiganda skv. 8. gr. 4. mgr. þannig að hún eigi því aðeins við, að um hús með 3 íbúðum eða færri sé að ræða.

Um 3. gr.

Meðal yfirlýstra markmiða með frumvarpi til laga um húsaleigusamninga var að skapa meiri festu í samskiptum leigusala og leigutaka, að vinna gegn tímabundnum leigusamningum, þ. e. leigusamningum til ákveðins tíma, sem lýkur án uppsagnar, og að vinna gegn óhóflegum fyrirframgreiðslum húsaleigu. Með ákvæðum í 10. gr. frumvarpsins var ætlunin að auka festu í samskiptum aðila með ákvæði þess efnis að öll ákvæði laganna giltu um réttarsamband aðila, sem annaðhvort vanræktu að gera skriflegan leigumála eða notuðu óstaðfest eyðublöð við gerð hans. Í ágreiningsmáli, sem úrskurðað var í Fógetarétti Reykjavíkur 21. október 1980, höfðu aðilar notað óstaðfest eyðublað undir tímabundinn leigusamning um íbúð. Ákvæðið um tímabindinguna var talið bindandi fyrir leigutaka með þeim rökum að ákvæði laganna giltu um réttarsamband aðila, en ekki samninginn, ef lögin og samninginn greindi á. Var því talið að ákvæði leigusamningsins um leigutíma röskuðust ekki og ekki var heldur talið að það skipti máli, að leigutaki hafði greitt ársleigu fyrirfram fyrir tímabilið 1. október 1979 til 1. október 1980, þrátt fyrir ákvæði 51. gr. laganna, sem banna slíkar fyrirframgreiðslur.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á 10. gr. að enginn vafi leiki á því, að með aðilum sem ekki nota staðfest samningseyðublað telst hafa stofnast ótímabundinn leigusamningur sem lýtur reglum laganna í hvívetna. Leið sú sem valin er kann að virðast nokkuð ströng gagnvart leigusala við fyrstu sýn, en við nánari athugun verður ekki séð að svo sé. Ætla verður að leigusalar, sem hyggjast gera svo mikilvægan gerning sem húsaleigusamning, afli sér

upplýsinga um helstu réttarreglur á því sviði. Við slíka upplýsingaöflun kemur strax í ljós sú meginregla að gera skuli húsaleigusamninga um íbúðarhúsnæði á staðfest eyðublöð. Á hinu staðfesta eyðublaði er að finna nægar leiðbeiningar fyrir báða aðila.

Um 4. og 5. gr.

Fram hefur komið sú gagnrýni, að ekki kæmi nægilega skýrt fram í III. kafla laganna, að einungis uppsagnarfrestur á íbúðum miðast við fardagana 1. júní eða 1. október, en uppsagnarfrestur á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þessháttar húsnæði skv. 1. tl. 13. gr. væri aðeins einn mánuður miðað við mánaðamót án tillits til fardaga og sömuleiðis væri uppsagnarfrestur á atvinnuhúsnæði ótengdur fardögum.

Til að taka af öll tvímæli eru gerðar tillögur um skýrara orðalag á 14. gr. 1. mgr. og 15. gr. laganna.

Um 6. gr.

Um skýringar vísast til skýringa við 2. gr.

Um 7. gr.

Lagt er til að reglan um að húseigandi skuli einn bera áhættuna af tjóni, sem húseigandatrygging nær til, skuli einungis eiga við um leigumála um íbúðarhúsnæði. Um annað húsnæði gildi því samningsfrelsi að þessu leyti, þar sem almennt má búast við meira jafnræði milli aðila samnings um annað húsnæði, þ. e. atvinnuhúsnæði.

Um 8. gr.

Lagt er til að kveðið verði með ótvíræðum hætti á um það í lögunum að leigusali, sem krefur leigutaka um meiri fyrirframgreiðslu húsaleigu en sem nemur þriggja mánaða leigu, verði að vera við því búinn að leigutaki notfæri sér þann rétt að sitja í hinu leigða í fjórfaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir. Eina heimildin til að semja um meiri fyrirframgreiðslu en nemur þriggja mánaða leigu er í upphafi en þá má leigusali áskilja sér greiðslu á húsaleigu í fjórðung þess lágmarkstíma, sem samningurinn gildir um. Sé gerður samningur til tveggja ára má leigutaki áskilja sér fyrirframgreiðslu í 6 mánuði í einu, en eftir það einungis í 3 mánuði fyrirfram í senn.

Í úrskurði Fógetaréttar Reykjavíkur 21. október 1980, sem getið er í athugasemdum við 5. gr. hér að framan, var talið að við broti gegn ákvæði 51. gr. 1. mgr. lægju einungis hugsanleg refsiviðurlög, en leigutaki gæti ekki byggt neinn rétt á slíku broti. Með breytingartillögu þessari er því lagt til að réttur leigutaka verði gerður ótvíræður að þessu leyti.

Um 9. gr.

Lagt er til að greinin orðist svo að leigutaka sé óheimilt bæði að framselja leigurétt sinn og framleigja leiguhúsnæði. Með framleigu er átt við það er leigutaki gerir samning við aðila um að leigja honum hluta eða allt húsnæðið. Ber þá hinn nýi leigjandi ábyrgð gagnvart upphaflegum leigutaka, sem ber áfram ábyrgð gagnvart leigusalanum. Við framsal leiguréttar er hins vegar ætlunin að hinn nýi leigutaki komi í stað upphaflega leigutakans gagnvart leigusala.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að bæjarstjórnum í öllum kaupstöðum landsins verði lögð á herðar sú skylda í samvinnu við viðkomandi húsaleigunefndir á staðnum, að láta fram fara árlega könnun á þeim fjölda leigjenda sem í sveitarfélaginu búa og hversu mikið framboð er af leiguhúsnæði til íbúðar fyrir almenning. Er þetta gert til þess að fá árlega glögga heildarsýn yfir framboð leiguhúsnæðis til íbúðar á íslenskum leigumarkaði og ætti það að auðvelda alla stefnumótun í þessu efni og upplýsa eins vel og unnt er bæði þörf og framboð á leigumarkaði.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því í 77. gr. að félagsmálaráðuneytið skuli kynna almenningi efni þessara laga og kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir því einnig að ráðherra hafi heimild til að setja í reglugerð nánar um framkvæmd laganna og þar á meðal þessa ákvæðis.

Að undanförnu hefur lítið verið gert til þess að kynna lögin og það litla sem gert hefur verið hafa Leigjendasamtökin séð um fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins og notið fjárstuðnings ríkisins til þess. Félagsmálaráðherra hefur beint þeim tilmælum til Húsnæðisstofnunar ríkisins að stofnunin sæi um kynningu á lögunum og munu þau tilmæli ráðherrans vera til afgreiðslu hjá stofnuninni og e. t. v. eitthvað í undirbúningi. Rétt þótti að gera ráð fyrir því í frumvarpi þessu að félagsmálaráðuneytið bæri eftir sem áður ábyrgð á kynningu á húsaleigulögunum en hins vegar væri það sett á vald ráðherra að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðila þessa kynningu og yrði ákveðið um slíkt í reglugerð síðar ef nauðsyn þætti.

Ed. 68. Frumvarp til laga [63. mál]

um gleraugnafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig gleraugnafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags gleraugnafræðinga og landlæknis, áður en leyfið er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fengnum meðmælum sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfellt, ótakmarkað starfsleyfi.

5. gr.

Gleraugnafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Gleraugnafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar gleraugnafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. 2. 3. eða 4. gr.

7. gr.

Gleraugnafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Gleraugnafræðingi er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Um gleraugnafræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er samið af nefnd sem ráðherra skipaði í desember 1982 og falið var m. a. það verkefni að gera tillögur um skipulagningu sjónverndar í landinu með hliðsjón af gleraugnaverslun. Í nefnd þessa voru skipaðir Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur, formaður, Guðmundur Björnsson, prófessor, Ólafur Ólafsson, landlæknir, Margrét Sigurðardóttir, blindrakennari og Óskar Guðnason, framkvæmdastjóri.

Að mati nefndarinnar ber brýna þörf til að setja reglur um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga, þ. e. a. s. þeirra aðila er annast sölu og vinnslu gleraugna, en á þeim vettvangi gilda engar reglur í dag og getur hver sem er gefið sig til slíkra verka. Almennt er viðurkennt að til slíkra starfa þurfi ákveðna grunnmenntun og starfsreynslu, og að nauðsynlegt sé að tryggja hæfni þeirra aðila sem veljast til þessara starfa, þannig að þeir sem þurfa á gleraugum að halda geti treyst því að gleraugnasalar séu til þess viðurkenndir.

Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hefur tvisvar verið borið fram á Alþingi frumvarp til laga um gleraugna- og sjónfræðinga. Hafa þessi frumvörp verið svipuð þeim frumvörpum, sem borin hafa verið uppi á Alþingi, þar sem reynt er að lögfesta starfsheiti og starfssvið hinna ýmsu heilbrigðisstétta með það fyrir augum að tryggja menntun og hæfni þeirra. Öll þessi lagafrumvörp hafa náð fram að ganga nema þau er snerta gleraugna- og sjónfræðinga. Það sem helst hefur orðið þessum tveimur frumvörpum til trafala eru ákvæðin um sjónfræðingsstörf, en augnlæknar hafa litið svo á að með þeim væri verið að fara inn á verksvið augnlækna, þar sem gleraugnafræðingar hafi enga læknisfræðilega menntun til að greina alvarlega einkennalausa sjúkdóma, sem valdið geta varanlegri sjónskerðingu eða blindu séu þeir ekki greindir í tæka tíð. Það er samdóma álit nefndarmanna, að sjónfræðin sé læknisfræðilegs eðlis, þannig að öðrum en læknum geti ekki verið falið að prófa sjón manna eða taka ákvörðun um styrkleika sjónglerja.

Það er skoðun nefndarmanna að ómögulegt sé að henda reiður á störfum gleraugnafræðinga öðruvísi en að tekið verði á réttindum þeirra og skyldum í lögum, auk þess sem verulegum annmörkum sé háð að hnýta ákveðna fjárhagsbagga á það opinbera vegna úthlutunar gleraugna, nema til komi skipuleg starfsemi lögverndaðrar stéttar á þessu sviði. Þannig sé ómögulegt að semja við aðila um þjónustu, sem greiða skal af hálfu hins opinbera að öllu leyti eða hluta til öðruvísi en að um viðurkennda starfsstétt sé að ræða. Vitanlega verði að taka á málefnum þeirra er þurfa á gleraugum að halda á sama hátt og annarra er þurfa á séraðstoð að halda.

Félagi optikera hefur verið sent frumvarp þetta til umsagnar og hafa engar athugasemdir borist ráðuneytinu.

Með skírskotun til ofangreindra röksemda er frumvarp þetta fram komið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2., 3. og 4. gr.

Gert er ráð fyrir því sem reglu að eingöngu íslenskir ríkisborgarar geti fengið leyfi sem gleraugnafræðingar, að vísu með ákveðnum undantekningum, sbr. nánar 3. gr.

Ástæða fyrir því að hér er lögð áhersla á ríkisfang er, að enginn íslenskur skóli veitir slíka menntun, þannig að viðbúið er að útlendingar gætu í krafti menntunar yfirtekið íslenska markaðinn. Hefur þessi regla myndast í svipuðum tilvikum, þegar um heilbrigðisstéttir hefur verið að ræða, sem þurft hafa að sækja nám sitt erlendis. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að veita öðrum en íslenskum ríkisborgurum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda störf gleraugnafræðinga, með vissum skilyrðum. Gert er ráð fyrir því, að ráðherra geti veitt þeim aðilum, sem starfað hafa á þessum vettvangi, starfsleyfi, þ. e. a. s. hafi þeir starfað að þessu s. l. 5 ár samfleytt við gildistöku laganna. Er þetta í samræmi við viðtekna reglu í íslenskum rétti.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um störf gleraugnafræðinga og þeim lýst með nokkrum orðum. Höfuðviðfangsefni þeirra yrði að selja gleraugu og vinna þau.

Eingöngu er gert ráð fyrir því að þeir geti fullunnið og selt sjónhjálpartæki, að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Til þess að stuðla sem best að skipulögðu sjónverndarstarfi í landinu er nauðsynlegt að hægt sé að krefjast þess af gleraugnafræðingum að þeir skili nákvæmum skýrslum til landlæknis um það sem hann telur þörf á. Er þetta í samræmi við það sem gildir um aðrar heilbrigðisstéttir og skýrsluskil þeirra.

Um 9. gr.

Þar sem hér er um heilbrigðisstétt að ræða er eðlilegt að reglur læknalaga nr. 80/1969 gildi um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda eins og gildir um aðra hópa innan heilbrigðiskerfisins.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 69. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði sem orðist svo:

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 8. gr., vegna ógreidds skreiðarútflutnings og óseldrar skreiðar af framleiðslu áranna 1981, 1982 og 1983 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Stjórn sjóðsins hefur rætt þann mikla vanda, sem nú steðjar að framleiðslu skreiðar vegna mikilla söluerfiðleika og mjög tregra greiðslna af hálfu kaupenda.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, sem sjóðurinn nú hefur frá framleiðendum ásamt öðrum aðilum, sem málið snertir, er gert ráð fyrir verulegum greiðslum verðbóta á alla óselda og ógreidda skreið. Óvissa um söluverð á þeirri skreið, sem enn liggur óseld í landinu, gerir að svo stöddu erfitt um að áætla heildarbætur. Inneign skreiðarinnar er nú um kr. 220 000 000,00.

Með tilliti til þessa hefur sjóðsstjórnin rætt um það, hvernig hraða mætti greiðslum upp í væntanlegar verðbætur, en samkvæmt lögum sjóðsins er ekki heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi fyrr en gjaldeyrisskil liggja fyrir.

Sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir skreiðarafurðir, var sammála um, að fara þess á leit við sjávarútvegsráðherra, að gert yrði mögulegt með framangreindu viðaukaákvæði til bráðabirgða við lög sjóðsins, að greiða upp í væntanlegar verðbætur og að til framkvæmda geti komið sem fyrst.

Nd. 70. Frumvarp til laga [65. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, lögum nr. 50 frá 26. maí 1972 og lögum nr. 46 frá 12. maí 1978, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Halldór Blöndal, Birgir Ísl. Gunnarsson, Þorsteinn Pálsson, Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Eftirlifandi maki skal undanþeginn erfðafjárskatti. Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

a) Af erfðafé, sem hverfur til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta er ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:
   Af fyrstu 160 þús. kr. 5%,
   af næstu 160 þús. kr. 6%,
   og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1% á hverjum 160 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 10%.
   Við fyrirframgreiðslu arfs til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 10%.

b) Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið a, skal svara af hverjum arfshluta:
   Af fyrstu 160 þús. kr. 15%,
   af næstu 160 þús. kr. 17%,
   og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2% á hverjum 160 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 25%.
   Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 25%.

c) Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflið a eða b hér að framan, eða til fjarskyldra erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af hverjum 160 þús. kr. 30%,
af næstu 160 þús. kr. 33%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3% á hverjum 160 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 45%.

Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 45%.

d) Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, skal ekki greiða erfðafjárskatt.

Afsali erfingi eða gjafþegi sér arfi eða dánargjöf, skal sá, er við afsalið fær aukinn arf, greiða af hinum aukna arfshluta þann erfðafjárskatt, er hinum hefði borið að greiða, er afsalaði sér arfi.

2. gr.

Í stað „60 000“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 8 000.

3. gr.

Í stað „600 000“ í fyrri mgr. 12. gr. laganna komi: 80 000.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem um getur í 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og fyrri mgr. 12. gr., skulu hækkaðar í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún var 1. jan. 1983.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess tíma gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var lagt fram á tveim síðustu þingum, en hlaut ekki afgreiðslu. Flm. voru Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Albert Guðmundsson, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Jósef H. Þorgeirsson.

Svohljóðandi grg. fylgdi frv.:

„Það er svo um fjárhæðir í lögum, að verðgildi þeirra breytist mjög ört, ef ekki er sjálfvirk viðmiðun við vísitölu eða tengsl við verðbólguþróun með öðrum hætti. Lögin um erfðafjárskatt eru frá 1978 og hefur vöxtur verðbólgunnar frá þeim tíma legið nálægt 50%. Af þeim sökum er erfðafjárskattur nú mun þyngri en löggjafinn ætlaðist til þegar umrædd lög voru sett. Frumvarp þetta hnígur að því að leiðrétta þá skekkju, sem þannig hefur myndast, og tengja lögin byggingarvísitölunni til þess að sæmilegt réttaröryggi megi verða varðandi erfðafjárskatt í framtíðinni. Þessar breytingar eru svo sjálfsagðar, að um þær þarf ekki að hafa fleiri orð. Vilji Alþingis liggur fyrir frá árinu 1978, og ekkert hefur komið fram um það, að hann hafi breyst frá þeim tíma. Hér er því nánast um leiðréttingu að ræða.

Í frv. þessu felst það nýmæli, að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Hér er vissulega brotið í blað, sem réttlætist af því, að missir maka veldur hinum eftirlifandi þungum búsifjum sem erfitt er að færa rök fyrir að geti orðið þjóðfélaginu tekjulind, — a. m. k. ef það vill kalla sig menntað eða siðfágað.

Það nýmæli er í frv. þessu, að skattprósentan er í hámarki á hverri tröppu, ef um fyrirframgreiðslu er að ræða. Það er gert til þess að auðvelda framkvæmd laganna og gera hana skýrari.

Í frumvarpinu er sú breyting, að því er slegið föstu að erfðafjárskattur verði aldrei hærri en 45% í stað 50% eins og nú er.

Þá er sú breyting að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, en samkv. núgildandi lögum er gert ráð fyrir 10% erfðafjárskatti.

Það er erfitt að meta um hversu háar fjárhæðir hér er að ræða, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu mikill erfðafjárskattur innheimtist t. d. á árinu 1981. Að beiðni flutningsmanna hefur þó verið kannað hversu háum fjárhæðum erfðafjárskatturinn nam þá við borgarfógetaembættið í Reykjavík og reyndist hann vera 9 988 450 kr. Sennilegt má telja að þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, muni lækka þessa fjárhæð um 20%.

Nú er það að vísu svo, að lögum samkvæmt á erfðafjárskattur að renna óskiptur í sérstakan sjóð, sem hefur það að markmiði að lána og veita styrki til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Reynslan hefur þó orðið sú, að ríkissjóður hefur tekið til sín verulegan hluta erfðafjárskattsins svo að hann hefur ekki komist allur til skila í erfðafjársjóð. Nauðsynlegt er í tengslum við þetta frumvarp að bæta erfðafjársjóði þann tekjumissi, sem frumvarpið felur í sér. Eðlilegt er að það verði gert við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, enda liggur raunar fyrir að nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar, hvort erfðafjársjóður hafi bolmagn til þess að standa undir skuldbindingum sínum eða hvort nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir til þess að meira fé renni til uppbyggingar á vinnuheimilum og öðrum stofnunum öryrkja en nú er.“

Sþ. 71. Fyrirspurnir. [66. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um frestun Suðurlínu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ástæður liggja að baki áformum ríkisstjórnarinnar um að fresta því að ljúka við Suðurlínu þar til á árinu 1985?
2. Hvaða fjárhagsleg rök mæla með þeirri frestun?
3. Hvert er öryggi í afhendingu á raforku til notenda á Austurlandi á árinu 1984 og 1985 að mati Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins ef tengingu Suðurlínu verður enn frestað?

II. Til landbúnaðarráðherra um innheimtu og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hver hefur verið álagsprósenta hverju sinni við innheimtu kjarnfóðurgjalds og hver er heildarinnheimtan, reiknuð til núgildandi verðlags?
2. Hvernig hefur þessum fjármunum verið varið í einstökum atriðum?
3. Er ekki orðið tímabært í ljósi fyrirhugaðrar styrkveitingar upp á rúmar 5 milljónir kr. til væntanlegrar dreifingarstöðvar eggja að taka umboðið af þeim sjálfstæða skattheimtu- og úthlutunaraðila sem Framleiðsluráð landbúnaðarins er nú?

III. Til forsætisráðherra um Þormóð ramma.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Er það ætlun forsætisráðherra að láta undan þrýstingi í máli Þormóðs ramma og nota almenningsfé til að halda uppi rekstri fyrirtækis sem nú er komið á hausinn?

IV. Til viðskiptaráðherra um fundargerðir bankaráða.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Vill viðskiptaráðherra hlutast til um að fundargerðum bankaráða ríkisbankanna verði dreift meðal alþingismanna sem lýðræðislega kjörinna fulltrúa eigenda þessara stofnana?

V. Til viðskiptaráðherra um bankaútibú.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hyggst viðskiptaráðherra beita sér fyrir endurskoðun á heimildum fyrrverandi ríkisstjórnar til að opna ellefu ný bankaútibú? Þessa er spurt í ljósi þess að bankamálanefnd lagðist gegn þessum leyfisveitingum á sínum tíma.

VI. Til fjármálaráðherra um staðgreiðslukerfi skatta.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hvað líður áformum um staðgreiðslukerfi skatta?
2. Af hvaða orsökum hefur þetta mál tafist?
3. Hve miklum fjármunum hefur verið varið til undirbúnings þessa máls?

VII. Til fjármálaráðherra um lækkun tolla af tækjabúnaði til sjúkrahúsa o. fl.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

Hyggst fjármálaráðherra beita sér fyrir því að lækka eða afnema tolla, vörugjald og söluskatt af:
a) tækjabúnaði til sjúkrahúsa og dvalarheimila, þar með talið sjúkrarúma,
b) nauðsynlegum rekstrarvörum til lækningar- og hjúkrunarstarfa?

Ed. 72. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Árni Johnsen, Valdimar Indriðason.

1. gr.

36. gr. laganna hljóði svo:

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda starfi félagið á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Framleiðsluráði.

Eftir að Framleiðsluráð hefur viðurkennt Sölufélag garðyrkjumanna samkvæmt þessari grein er öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverslana, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýlega hafa borist af því fregnir að hugmyndir séu uppi um að nota heimild 36. gr. Framleiðsluráðslaganna nr. 95/1981 til að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkarétt til sölu og dreifingar eggja gegn andstöðu helstu eggjaframleiðenda. Þar sem flutningsmenn telja að slíkur háttur á sölu þessarar vöru brjóti í bága við hagsmuni neytenda og hamli eðlilegum framförum í framleiðslu landbúnaðarvara álíta þeir nauðsynlegt að numin sé úr lögum heimild til slíkrar einokunarstarfsemi. Auk þess verður hún að teljast í andstöðu við þær meginreglur um atvinnufrelsi sem hafa ber í heiðri.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er lagt til að úr texta 36. gr. Framleiðsluráðslaganna falli heimild ráðsins til að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkarétt til sölu og dreifingar á eggjum til smásöluverslana.

Sþ. 73. Fyrirspurn [68. mál]

til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslu á raforku o. fl.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvaða upphæð hefur verið varið til niðurgreiðslu raforku til almennra neytenda á landinu öllu s. l. fimm ár, miðað við núgildandi verðlag? Hvert er heildarsöluverð raforku til almennra neytenda á sama tíma miðað við sama verðlag?
2. Hver er heildarfjöldi almennra raforkukaupenda á landinu öllu? Hversu margir þeirra njóta niðurgreiðslna og hversu stóran hluta nota þeir af raforku seldri til almennings-nota?
3. Hvað mun raforkuverð til almennra notenda hækka mikið við yfirtöku Landsvirkjunar á skuldum og rekstri byggðalína og Kröflu? Hvenær kemur sú hækkun inn í orkuverðið?
4. Hvert er kostnaðarverð mínútulítra hjá Hitaveitu Akureyrar? Hvert er söluverð? Hver er niðurgreiðsluhluti í kr/mínl? Hvert væri kostnaðarverð mínútulítra ef hitað væri a) með raforku; b) með olíu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Bjarnason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðmundur Einarsson.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við áskoranir þingmanna frá fjölda þjóðþinga þar sem kjarnorkuveldin eru hvött til að stöðva þegar í stað framleiðslu á kjarnorkuvopnum og allar tilraunir með þau. Á þann hátt yrði stigið mikilvægt skref í áttina að því að stemma stigu við þeirri ógn sem kjarnorkuvopnin skapa framtíð mannkynsins. Nú þegar eru tugþúsundir kjarnorkuvopna til reiðu í vopnabúrum og gereyðingargeta þeirra jafngildir samtals 1 000 000 af Hírósímasprengjum.

Alþingi hvetur til samninga um alhliða afvopnun undir alþjóðlegu eftirliti þar sem meðal annars verði samið um eftirfarandi:

1) Myndun alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar sem með nýtingu gervihnatta og reglubundnum eftirlitsferðum væri fær um að fylgjast með framkvæmd afvopnunar og upplýsa brot á hinu alþjóðlega samkomulagi.
2) Stofnun þróunarsjóðs sem veitti fjármagni, sem áður var ætlað til hernaðar, til að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja úr hungri á sama tíma og árleg heildarútgjöld til hernaðar í heiminum nema yfir 500 000 milljónum dollara.

Alþingi hvetur til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi þingmanna og almannasamtaka þar sem kröfur um kjarnorkuafvopnun og útrýmingu fátæktar úr heiminum eru meginstefnumál.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum voru stofnuð alþjóðasamtök þingmanna sem sérstaklega beita sér fyrir afvopnun og aukinni þróunaraðstoð. Samtökin bera heitið Parliamentarians for World Order. Kanadískir þingmenn höfðu forgöngu um stofnun þeirra og var Mark MacGuigan fyrrum utanríkisráðherra Kanada fyrsti formaður samtakanna. Núverandi formaður er Douglas Roche, þingmaður frá Kanada. Þingmenn frá yfir 30 ríkjum eru félagar í samtökunum, þar á meðal þingmenn frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Írlandi, Ítalíu, Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Hollandi, Kenýa, Nígeríu, Indlandi og Japan.

Samtökin hafa haft forgöngu um aukna þátttöku þingmanna í umræðum um afvopnunarmál. Á þeirra vegum var samin ítarleg greinargerð um kjarnorkuafvopnun sem sendinefnd frá samtökunum afhenti á árinu 1982 ríkisstjórnum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Auk formanns samtakanna, Douglas Roche, skipuðu sendinefndina Luis Echeverria-Alvares fyrrverandi forseti Mexíkó, John Silkin fyrrverandi ráðherra frá Bretlandi, N.K.P. Salve varaformaður þingflokks Kongressflokksins á Indlandi og Alhaji Idris Ibrahim varaforseti þingsins í Nígeríu.

Samtökin hafa einnig beitt sér fyrir undirskriftum þingmanna í fjölmörgum þjóðþingum undir sérstakt ávarp sem ber heitið Call for Global Survival. Í ávarpinu er kveðið á um sömu efnisatriði og fjallað er um í tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt, þ. e. tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, myndun alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar og stofnun þróunarsjóðs sem veiti fjármagn frá hernaðarframleiðslu til þróunar hinna fátækari ríkja heims. Nú þegar hafa um 1000 þingmenn frá 55 löndum, þ. á m. Bandaríkjunum og ríkjum í Vestur-Evrópu, undirritað þetta stefnuávarp. Hliðstæðar tillögur hafa verið fluttar á þjóðþingum margra landa.

Á undanförnum árum hefur komið æ betur í ljós hve brýn þörf er á raunverulegri kjarnorkuafvopnun. Kjarnorkuvopnum fjölgar sífellt og tæknibúnaður þeirra gerist æ margbrotnari. Fjölmargir sérfræðingar hafa á síðustu mánuðum bent á þá hættu, að kjarnorkustríð brjótist út vegna tæknilegra eða mannlegra mistaka. Vígbúnaðarkapphlaupið hefur magnað hina raunverulegu hættu á tortímingu mannkynsins. Sífellt meira fjármagni er varið til að auka gereyðingargetuna á sama tíma og tugir milljóna barna deyja úr hungri og vesöld á hverju ári.

Það er nauðsynlegt að þingmenn beiti sér fyrir því, að þessi þróun verði stöðvuð. Ekkert er mikilvægara en baráttan fyrir varðveislu lífs á jörðinni og gegn dauða vegna hungurs eða tortímingar í kjölfar gereyðingarstríðs. Þess vegna hafa þingmenn úr fjölmörgum þjóðlöndum tekið höndum saman. Þessi tillaga er liður í þeirri baráttu.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi af Ólafi Ragnari Grímssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni og Árna Gunnarssyni, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda starfstími þess þings óvenju stuttur.

Nd. 75. Frumvarp til laga [70. mál]

um tóbaksvarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

1.1. Markmið laga þessara er að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni sem hún veldur og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksneyslu.

2. gr.

2.1. Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

2.2. Lög þessi taka einnig til varnings, sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak, þótt hann innihaldi ekki tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög.

2.3. Lög þessi gilda ekki um tóbak, sem notað er sem lyf skv. lyfjalögum nr. 49/1978 eða sem eiturefni skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

3. gr.

3.1. Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og útbúnað, tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og annan slíkan varning.

4. gr.

4.1. Yfirstjórn mála skv. lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

5.1. Ráðherra skipar tóbaksvarnaráð til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti 3 menn, og skulu a. m. k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar einn ráðsmann formann.

5.2. Hlutverk tóbaksvarnaráðs er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, heilbrigðisnefndum, Hollustuvernd ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
3. Að hvetja aðra aðila til átaks í reykingavörnum og leitast við að samræma störf þeirra.
4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m. a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

5.3. Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.
5.4. Leita skal álits ráðsins um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.
5.5. Tóbaksvarnaráð starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins.
5.6. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnaráðs í reglugerð.

II. KAFLI
Sala og auglýsingar.

6. gr.

6.1. Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.
6.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þ. á m. um aðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.
6.3. Tóbaksframleiðendur eða umboðsmenn þeirra standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.

7. gr.

7.1. Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta á þó ekki við auglýsingar í ritum, sem út eru gefin utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur.
7.2. Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.
7.3. Með auglýsingum er í lögum þessum m. a. átt við hvers konar tilkynningar til almennings, eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og notkun tóbaksvöruheita og auðkenna.
7.4. Leitast skal við að koma tóbaki þannig fyrir á útsölustöðum að það beri sem minnst fyrir augu viðskiptavina. Hollustuvernd ríkisins setur reglur þar að lútandi.
7.5. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er tóbaksvarnaráði heimilt að gefa út skrá um skaðleg efni í reyk tóbakstegunda sem á markaði eru.

8. gr.

8.1. Tóbak má ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára.
8.2. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
8.3. Ekki má selja tóbak í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

III. KAFLI
Takmörkun á tóbaksreykingum.

9. gr.

9.1. Tóbaksnotkun er óheimil í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra, þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu, sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði.
9.2. Þar sem tóbaksnotkun er óheimil samkv. 1. tl. skal það gefið til kynna með merki eða á annan greinilegan hátt.

10. gr.

10.1. Tóbaksnotkun er óheimil:
1. Í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum, sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa.

2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglinga, hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim.
3. Í heilsugæslustöðvum.

10.2. Yfirmanni stofnunar, skv. 1. og 3. mgr., er þó heimilt að leyfa reykingar í hluta þess húsnæðis, sem ætlað er starfsfólki sérstaklega, enda skal þess gætt að það valdi ekki óþægindum þeim starfsmönnum, sem ekki reykja.

10.3. Á sjúkrahúsum má einungis leyfa reykingar á tilteknum stöðum, þar sem þær eru ekki til óþæginda fyrir þá, sem reykja ekki.

11. gr.

11.1 Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en ekki fellur undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt greinilega gefið til kynna á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd og gilda þá ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

12. gr.

12.1. Um tóbaksnotkun á vinnustöðum öðrum en skv. 9. og 10. gr. fer skv. nánari reglum, sem setja skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Skal þess gætt sérstaklega að þeir sem ekki nota tóbak verði ekki fyrir óþægindum.

13. gr.

13.1. Tóbaksnotkun er óheimil í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

13.2. Forráðamenn flugvéla í millilandaflugi geta þó heimilað reykingar í hluta vélar en gæta skal þess að slíkt valdi ekki óþægindum fyrir þá sem ekki reykja. Með sömu skilyrðum má heimila reykingar í afmörkuðum hluta af almennu farþegarými skipa.

IV. KAFLI

Fræðslustarfsemi.

14. gr.

14.1. Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu:
1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í ríkisfjölmiðlum.

14.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gengst fyrir aðstoð við þá sem hætta vilja að reykja:
1. Á vegum heilsugæslustöðva.
2. Með námskeiðum í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

15. gr.

15.1. Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna.

15.2. Tóbaksvarnaráð gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

16. gr.

16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

17. gr.

17.1 Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með útsölustöðum fyrir tóbak og fylgjast með því í umdæmi sínu, að virt séu ákvæði þessara laga um sölu tóbaks, tóbaksauglýsingar og takmarkanir á tóbaksneyslu.

17.2. Ef ljóst er að ekki er fullnægt fyrirmælum laga þessara eða brotið er gegn lögunum að öðru leyti gefur heilbrigðisnefnd viðeigandi fyrirmæli um að fullnægt skuli lagaskyldunni eða látið af hinu ólöglega athæfi.

17.3. Sé fyrirmælum heilbrigðisnefndar ekki framfylgt skal nefndin tilkynna það:

1. Lögreglustjóra, sé um að ræða brot gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 8. gr.
2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, ef um er að ræða brot gegn 6. gr., 7. gr. og 3. mgr. 8. gr.

18. gr.

18.1 Sé um að ræða brot gegn 6. gr. 1. mgr. getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið látið stöðva hina ólöglegu sölu þegar í stað.

18.2. Hafi verið brotið gegn ákvæðum 7. gr. skal ráðuneytið leggja bann við því að hinu ólöglega athæfi sé haldið áfram eða það endurtekið.

18.3. Sé brotið gegn 3. mgr. 8. gr. skal ráðuneytið koma í veg fyrir frekari brot.

19. gr.

19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.

19.2. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. varða sektum. Fella má refsingu niður ef málsbætur eru miklar.

19.3. Brot gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 8. gr. varða sektum.

19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

20. gr.

20.1 Það varðar mann sektum, haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja, skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

20.2 Sömu aðilar geta, með aðstoð lögreglu ef með þarf, vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum, láti hann ekki segjast.

20.3. Því aðeins skal ákæra fyrir brot skv. 1. mgr. að umráðamaður húsakynna eða farartækis krefjist þess.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

22.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 27/1977 um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal skipa í tóbaksvarnaráð sem annast skal tóbaksvarnastarf skv. lögum nr. 27/1977 og undirbúning að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerð skv. 6. gr. 2. tl. um merkingar á tóbaki skal unnin þegar í stað og öðlast gildi um leið og lögin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á síðasta þingi en sakir þess hversu seint það var lagt fram hlaut það ekki afgreiðslu. Er frumvarpið því lagt fram í annað sinn óbreytt. Með frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir þegar það var flutt á síðasta þingi:

I. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 27. mars 1980 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavar Gestsson, nefnd, sem falið var það hlutverk að endurskoða lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksneyslu með hliðsjón af fenginni reynslu.

Við endurskoðun laganna skyldi nefndin m. a. gera tillögur um:

1. Stefnumótun varðandi framkvæmd tóbaksvarnalaga og eftirlit með þeim.
2. Merkingar á tóbaksvarningi.
3. Auglýsingar á tóbaksvarningi, jafnt beinar sem óbeinar.
4. Bann við reykingum í opinberum húsakynnum og almenningsfarartækjum.
5. Fræðslu um skaðsemi tóbaksreykinga.

Auk endurskoðunar laganna var nefndinni falið að annast framkvæmd gildandi laga í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, þar til annað yrði ákveðið. Í nefndina voru skipaðir:

Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur, formaður,
Auðólfur Gunnarsson, læknir,
Þorvarður Örnólfsson, framkvæmdastjóri,
Sigrún Stefánsdóttir, fréttamaður og
Björn Bjarman, ritstjórnarfulltrúi.

Í fjarveru Sigrúnar Stefánsdóttur og Auðólfs Gunnarssonar störfuðu með nefndinni Helgi Helgason fréttamaður og Sigurgeir Kjartansson yfirlæknir og hafa allir þessir aðilar unnið að frumvarpi þessu.

Með skipun nefndarinnar í mars 1980 má segja að á vissan hátt hafi verið brotið blað í sögu tóbaksvarnamála hér á landi, þar sem þá var í fyrsta skipti lögð til ákveðin stefnumótun varðandi gerð tóbaksvarnalaga. Nefndin hóf þegar störf og vann að þessu máli sleitulítið í tæp tvö ár. Nefndin gekk frá sínum fyrstu drögum í októbermánuði 1980 og sendi til umsagnar, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra, Læknafélagi Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Samtökum heilbrigðisstétta, landlæknisembættinu, Hjartavernd, ÁTVR, Kvenfélagasambandi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Kennarasambandi Íslands, flugmálastjóra, siglingamálastjóra, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, ASÍ, BSRB, BHM, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, eiturefnanefnd, Vinnueftirliti ríkisins, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, ríkissaksóknara, manneldisráði, Islenska bindindisfélaginu, Félagi forstöðumanna sjúkrastofnana, menntamálaráðuneytinu, skólayfirlækni, Félagi auglýsingastofa, Félagi bókaútgefenda, Blaðamannafélaginu, ÍSÍ, SÍBS, Rauða krossi Íslands og Samtökum gegn astma og ofnæmi.

Enn fremur leituðu nefndarmenn álits valinkunnra aðila eftir því sem þeim þótti þörf á. Allmargir ofangreindra aðila skiluðu umsögn um fyrstu drög. Voru þessar umsagnir misjafnlega ítarlegar og lögðu sumir í þær töluverða vinnu. Að fengnum umsögnum, sem voru

að berast langt fram eftir s. l. ári, tók nefndin saman önnur drög sín, þar sem reynt var að samræma sjónarmið þeirra er umsögn gáfu eins og unnt var. Lágu önnur drög fyrir s. l. haust og voru þau send til umsagnar þeim, er sent höfðu umsögn áður. Voru þessar umsagnir síðan að berast fram yfir s. l. áramót 1981—82 en að þeim fengnum tók nefndin lokasprett og skilaði áliti í formi frumvarps til laga um tóbaksvarnir til ráðherra 24. febrúar 1982.

Vert er að benda á að umsagnir þeirra, sem fjölluðu um frumvarpið, voru mjög á einn veg og yfirleitt eindregnar stuðningsyfirlýsingar við frumvarpið eins og það birtist hér. Sem dæmi skal hér tekin umsögn Íþróttasambands Íslands en hún hljóðar svo: „Framkvæmdastjórn ÍSÍ mælir með því að drög II að frumvarpi um tóbaksvarnir verði samþykkt af Alþingi, þar sem hún telur framgang þeirra muni leiða til takmarkana á notkun tóbaks, sem brýna nauðsyn ber til að hefta með lagaboði og aukinni fræðslu um skaðsemi tóbaksnotkunar, en hvort tveggja telst í frumvarpsdrögum II um tóbaksvarnir."

Enn fremur má nefna hér annað dæmi. Það er umsögn Kvenfélagasambands Íslands, en hún hljóðar svo: „Á stjórnarfundi Kvenfélagasambands Íslands, 28. júlí 1981, var tekið til athugunar frumvarp til laga um reykingavarnir, sem samstarfsnefnd um reykingavarnir sendi KÍ til umsagnar. Stjórn KÍ lýsir yfir fullum stuðningi við frumvarpið og gerir engar athugasemdir við það".

Það sem einkum var gagnrýnt við frumvarpið eru ákvæðin í 6. gr. um merkingar tóbaksvarnings. Sú gagnrýni kom einkum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem taldi ýmis tormerki á slíkum merkingum og verður nánar vikið að því síðar í athugasemdum við 6. gr.

Það er skoðun nefndarinnar að tilgangur lagasetningar sem þessarar hljóti að vera að draga úr neyslu tóbaks og þar með því heilsutjóni sem hún veldur og að vernda fólk fyrir því sem kallað hefur verið óbeinar reykingar. Til þess að ná þessu markmiði eru nefndarmenn sammála um að kveða þurfi á um:

1) Aðvaranir á umbúðum tóbaksvarnings með hliðsjón af skaðsemi hans.
2) Fortakslaust auglýsingabann á tóbaki og tóbaksvörum.
3) Bann við sölu tóbaks til barna og á ákveðnum stöðum sem tengjast heilbrigðisþjónustu og uppeldi barna.
4) Takmarkanir á tóbaksreykingum í húsnæði þar sem almenningur nýtur þjónustu eða afgreiðslu af ýmsu tagi, og bann við reykingum á ákveðnum stöðum sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum og í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.
5) Ábyrgð hins opinbera hvað snertir fræðslu um skaðsemi reykinga.
6) Að tóbaksvarnir séu eðlilegur þáttur heilsugæslunnar, þannig að þeir sem njóta þurfa aðstoðar við að hætta að reykja geti leitað til heilsugæslustöðva.
7) Að starfandi verði ráð sérfróðra manna um tóbaksvarnir og skaðsemi tóbaks, tóbaksvarnaráð, ráðherra til halds og trausts.
8) Að eftirlit verði í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins í samræmi við lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Í nýlegri sérfræðingaskýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um reykingavarnir (frá 1979), stimplar stofnunin reykingar og þá sérstaklega sígarettureykingar sem sannkallaða farsótt. Stofnunin telur að ekki verði lengur á það fallist að reykingar komi einstaklingunum einum við eða hér sé um frjálst val að ræða, þar sem öllum sé kunnugt um þá sjúkdómshættu sem fylgir reykingum og viðurkennt sé að reykingar séu bæði læknisfræðilegt vandamál og félagslegt. Sjúkdómar af völdum reykinga, aðallega hjarta-, æða- og lungnasjúkdómar valda í dag gríðarlegum skaða í heiminum með ótímabærum dauðsföllum og örorku, svo ekki sé minnst á þann fjárhagsbagga sem þær reisa heilbrigðisþjónustunni svo og almannatryggingakerfinu. Það er vissulega vel kunnugt að hlutfall dauðsfalla, sjúkleika, fjarvista frá vinnu og slysa er verulega hærra hjá þeim sem reykja en þeim sem ekki reykja.

Skýrslur frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Sviss, Ástralíu og öðrum löndum sýna hvernig viðkomandi ríki glata of fjár vegna heilsugæslukostnaðar af völdum sjúkdóma í tengslum við reykingar. Í Ástralíu kom skýrt fram við úttekt á sjúkdómum tengdum reykingum að kostnaður hefur á undanförnum árum aukist 10 sinnum meira en skatttekjur af tóbaki og svo mætti lengi telja. Á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf vorið 1980 var samþykkt ályktun, þar sem þess er farið á leit við allar ríkisstjórnir þátttökulanda, að þær m. a. með löggjöf um tóbaksvarnir beiti sér af heilum hug og alefli gegn tóbaksvágestinum, sem stofnunin telur þann einstakan þáttinn, sem heilsu manna stendur hvað mest hætta af í dag og það svo að líkja megi við farsóttir fyrri alda. Mengun af völdum reykinga veldur fólki sem ekki reykir óþægindum og jafnvel heilsuspjöllum. Reykingaávani fullorðinna er slæmt fordæmi fyrir ungu kynslóðina og leiðir til þess að hún tekur meira eða minna upp þennan hættulega ávana.

Góð heilsa er dýrmætasta eign hvers einstaklings og hefur áhrif á alla aðra þætti þjóðlífsins og þá ekki eingöngu heilbrigðisþjónustuna í hefðbundnum skilningi þess orðs. Á vegum hins opinbera er talið nauðsynlegt að hafa slysavarnir vegna þeirra tolla sem umferðin tekur en um nauðsyn umferðar verður ekki deilt. Hið sama má segja um slys á vinnustöðum, en um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi hafa fyrir nokkrum misserum verið samþykkt stefnumótandi lög, þ. e. a. s. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, en þeim er m. a. ætlað að koma í veg fyrir slys, sem óneitanlega fylgja atvinnustarfsemi. Þannig eiga opinberar tóbaksvarnir sér vissulega margar hliðstæður. Þegar kemur að tóbaksvörnum hefur oft komið annað hljóð í strokkinn, þótt engum blandist hugur um að tóbaksreykingar séu ónauðsynlegar og sannanir liggi fyrir um að tóbaksreykingar taki verulegan toll. Það er reginmisskilningur að ríkið hafi hagnað af tóbakssölu. Gjöldin eru mikil og verða aldrei að fullu virt til fjár. Hið opinbera verður að gera sér grein fyrir því, að til lengdar verður ekki tjaldað til einnar nætur á þessu sviði fremur en öðrum.

Hörmungar mannanna eru margar og sumar að því er virðist óviðráðanlegar og óyfirstíganlegar. Markmiðið hlýtur því að vera að komast hjá þeim hörmungum sem maðurinn á að geta ráðið við. Að slíku verður ekki unnið með löggjöf og opinberum reglum nema að takmörkuðu leyti og tekur frumvarp þetta sem hér liggur frammi mið af því. Frumvarpið tekur að ýmsu leyti mið af þeirri löggjöf sem samin hefur verið á Norðurlöndum svo og annars staðar í Vestur-Evrópu um tóbaksvarnir. Finnar settu árið 1977 stefnumótandi löggjöf á þessu sviði sem þykir mjög til fyrirmyndar og er einhver sú einarðasta sem litið hefur dagsins ljós. Þessi löggjöf hefur mest verið höfð til hliðsjónar.

Nefndin leggur áherslu á, að hún telur þær tillögur sem liggja hér frammi í formi frumvarps, vera fyllilega raunhæfar enda eru þær byggðar á ítarlegri yfirvegun og settar fram að fenginni umsögn sérfróðra og valinkunnra aðila sem sumir hverjir hafa látið sig þessi mál hvað mestu skipta. Mjög þótti koma til greina að ganga að ýmsu leyti lengra en hér er gert, t. d. varðandi takmarkanir á sölu tóbaks og tóbaksreykingum á almenningsstöðum. Verður getið um sumt af því í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar. Verði frumvarpið að lögum telur nefndin að vænta megi af þeim verulegs árangurs í samræmi við tilgang þeirra.

Greinargerð sú sem hér fylgir með er tekin saman af þeim nefndarmönnum Ingimar Sigurðssyni, Sigurgeiri Kjartanssyni og Þorvarði Örnólfssyni.

2. Skaðsemi tóbaksneyslu.

2.1. Tóbaksreykur.

Tóbaksreykur inniheldur yfir 4000 efni og efnasambönd, ýmist í formi lofttegunda, úða eða örsmárra rykagna. Meðal þeirra eru efni sem hafa staðbundin, ertandi áhrif á vefi líkamans, ýmist við beina snertingu reyksins eða þá að þau berast til lungna og síast þar inn í blóðrásina og hafa þannig greiðan aðgang að verka á nánast öll vefjakerfi líkamans.

Þær lofttegundir sem einna mestri ertingu valda eru köfnunarefnistvísýringur, formaldehýð, akrólein og vetnissýaníð (blásýra). Við tóbaksreykingar lama þessi efni þá starfsemi bifháraþekjunnar að flytja slím upp úr berkjupípum, um barka og upp í kok. Við reykingar hindrast þar með eðlileg hreinsun lungnapípnanna, en af því leiðir að efni tóbaksreyks setjast til í lungunum og valda skaðlegum áhrifum yfir miklu lengri tíma en reykt er.

Hættulegustu efni rykagna í tóbaksreyk eru hin svo nefndu fjölhringlaga, arómatísku kolvatnsefni, en þau eru krabbameinsvaldar (carcinogen), en auk þess eru í reyknum efni, krabbameinshvatar (co-carcinogen) sem stuðla að myndun krabbameins sumpart fyrir áhrif annarra efna eða með samspili við þau. Helst þeirra eru fenól, fitusýruesterar og fríar fitusýrur. Einnig hefur hiti frá glóð vindils, pípu eða sígarettu ertandi áhrif í munnholi.

Langvarandi áhrif ofangreindra þátta stuðla að krabbameinsmyndun og eykst hættan á því í réttu hlutfalli við magn reykinga og þann tíma sem vefirnir eru útsettir fyrir tóbaksreyk.

Af öðrum skaðlegum efnum í tóbaksreyk ber fyrst og fremst að nefna kolsýrling (kolmónoxið), hættulega lofttegund sem binst blóðrauðanum í stað súrefnis, og nikótín. Helstu áhrif af neyslu nikótíns eru þessi:

1. Lyfjafræðileg áhrif þess eru meðal annars róandi og sljóvgandi á heilastarfsemina.
2. Nikótín úr reyknum frá einni sígarettu getur valdið flökurleika, svima og þróttleysi hjá þeim sem reykja ekki að staðaldri en vanir reykingamenn þola nikótín í mun stærri skömmtum.
3. Hætti reykingamaður reykingum hefur það að jafnaði í för með sér andlega og líkamlega vanlíðan, fráhvarfseinkenni.
4. Endurtekin nikótínneysla leiðir af sér þörf fyrir sívaxandi neyslu að vissu marki, sem er einstaklingsbundið en oftast á bilinu 15—25 sígarettur á dag og aukið þol gagnvart efninu.

Nikótíni hefur samkvæmt ofangreindum atriðum verið skipað í flokk ávanabindandi, róandi nautnalyfja.

Í rykfasa tóbaksreyks, þ. e. í formi örsmárra agna, eru efni sem berast út í blóðrásina og þar með til allra vefja líkamans og geta bundist þar og safnast fyrir, reyndar í litlum mæli, en með áratuga tóbaksneyslu eru taldar líkur á að upphleðsla slíkra efna í vefjunum nái þeim mörkum, sem hættuleg geta talist.

Í ýmsum löndum er skylda að taka fram á sígarettupökkum hve mikið af nokkrum skaðlegustu efnunum berist til neytenda úr hverri sígarettu við venjulegar neysluvenjur.

Árið 1977 reyndist meðaltjörumagn í reyknum af sígarettum sem seldar voru í Svíþjóð vera um 20 mg. Af kolsýrlingi voru það 15 mg og af nikótíni 1,3 mg.

Annars eru þessi efni að sjálfsögðu breytileg milli tóbakstegunda og jafnvel árganga uppskerunnar.

2.2. Mikilvægar skýrslur.

Það sem vitað er um samband reykinga og sjúkdóma er einkum byggt á faraldsfræðilegum rannsóknum sem hafa náð til mjög stórra þjóðfélagshópa.

Dýratilraunir, rannsóknir á sjúklingum og rannsóknir í líffærafræði, m. a. víðtækar krufningarannsóknir, hafa einnig rennt mikilvægum stoðum undir þær niðurstöður sem fengist hafa.

Heilbrigðisyfirvöld, nefndir skipaðar af hinu opinbera, læknafélög og heilbrigðissamtök hafa víða um heim tekið þessar rannsóknir til rækilegrar athugunar og birt mat sitt og ályktanir í sérstökum skýrslum sem orðnar eru æði margar.

Þekktastar eru skýrslur Konunglega breska lyflæknafélagsins, bandarísku landlæknisins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Fyrsta skýrsla breska lyflæknafélagsins kom út 1962. Nefndist hún „Smoking and Health" (reykingar og heilsa). Athyglisvert er að þriðja skýrslan, sem út kom 1977, nefndist „Smoking or Health" (reykingar eða heilsa).

Bandarískí landlæknirinn (the Surgeon General) hefur sent frá sér margar slíkar skýrslur, hina fyrstu árið 1964. Sérstaklega má nefna viðamikla skýrslu „Smoking and Health" sem kom út í janúar 1979 og hefur að geyma geysimikinn fróðleik um tengsl reykinga og sjúkdóma og um aðrar hliðar reykingavandamálsins, svo og þær skýrslur sem út hafa komið árlega síðan.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur gefið út þrjár sérfræðingaskýrslur um áhrif reykinga og reykingavarnir: „Health Consequences of Smoking" 1971, „Smoking and its Effects on Health" 1975 og „Controlling the Smoking Epidemic" 1979.

Niðurstöðurnar í þessum skýrslum eru óvenju samhljóða miðað við það sem menn eiga að venjast í læknisfræði. Auk þess hafa þær orðið sífellt alvarlegri og uggvænlegri eftir því sem árin hafa liðið.

Í skýrslu Konunglega breska lyflæknafélagsins 1971 og aftur 1977 er lýst yfir því að „sígarettureykingar séu jafnveigamikil orsök dauðsfalla og hinar miklu farsóttir sem herjuðu á fyrri kynslóðir í landinu" og ályktað að „átak til verndar almenningi gegn þeim skaða sem svo margur maðurinn bíður af völdum sígarettureykinga myndi hafa meiri áhrif á almannaheilsu í landinu en nokkuð annað sem nú sé unnt að gera á sviði fyrirbyggjandi læknisfræði (preventive medicine)".

Þetta á við um Stóra-Bretland þar sem heilsutjón af völdum tóbaksreykinga er sérlega algengt. Það á einnig við Ísland þó að afleiðinga þessarar nútíma farsóttar gæti hér ekki enn í jafnríkum mæli. Við höfum ennþá tækifæri til að sporna við henni þannig að harmleikurinn verði aldrei eins mikill hér og í þeim löndum þar sem hann hefur orðið hvað mestur.

2.3. Sjúkdómar og dauðsföll af völdum reykinga.

Það er nú fullsannað að reykingar valda margs konar sjúkdómum, eins og reyndar vænta má af eðli og samsetningu tóbaksreyks svo sem áður er rakið.

Hér verður aðeins tæpt á nokkrum helstu atriðum þessa máls en að öðru leyti skal vísað til ítarlegrar samantektar í bæklingnum „Reykingar og heilsa" (bls. 5—16) sem út var gefinn af reykingavarnanefnd í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur og ætlaður er almenningi til uppfræðslu og frekari glöggvunar.

DÁNARTÍÐNI

Frá 35 ára aldri er hætta á dauðsföllum lengst af hlutfallslega mun hærri í öllum aldursflokkum hjá reykingamönnum en þeim sem reykja ekki. Einna mestur er munurinn hjá körlum 45—54 ára. Hjá þeim eru dánarlíkur nær þrefaldar miðað við jafnaldra þeirra sem ekki reykja.

Við framreikning á lífslíkum 25 ára karla má skv. erlendum rannsóknum búast við að þeir sem ekki reykja nái 73,6 ára aldri en þeir sem reykja 40 sígarettur eða meira nái aðeins 65,3 ára aldri að jafnaði.

Mismunurinn 8,3 ár er sá tími sem stórreykingamenn lifa að jafnaði skemur.

Í aldurshópnum 45—64 ára eru dánarlíkur af öllum ástæðum nær tvöfaldaðar hjá þeim sem reykja miðað við þá sem reykja ekki. Einkum er þetta áberandi hvað snertir dauðsföll af völdum öndunarfæra-, hjarta- og æðasjúkdóma hjá körlum. Svipaðrar tilhneigingar gætir hjá konum en í heldur minna mæli.

Athuganir á vinnutapi yfirleitt, hvort heldur er af heilsufarsástæðum eða öðrum ótilgreindum ástæðum, sýna að fjarvistir fara vaxandi með reykingamagni bæði hjá konum og körlum.

SJÚKDÓMAR AF VÖLDUM REYKINGA

Lungnasjúkdómar eru hvað algengastir fylgikvillar reykinga. Þekktast er samband reykinga og lungnakrabbameins. Tíðni þess hefur alls staðar aukist með auknum sígarettureykingum, sem eru taldar langveigamesta orsök sjúkdómsins. Á 5 ára tímabili frá 1975—79 voru alls 262 sjúklingar greindir með lungnakrabbamein hér á landi en aðeins 34 allt tímabilið 1931—1954 (24 ár). Árangur meðferðar hefur verið takmarkaður allt til þessa og má búast við að einungis tíunda hluta sjúklinganna takist að bjarga með aðgerðum. Þannig eru um níu tíundu sjúklinganna látnir innan fimm ára frá greiningu, en langflestir þeirra þegar innan þriggja ára.

Aðrir algengir lungnasjúkdómar af völdum reykinga eru þrálát berkjubólga og lungnaþemba. Valda þeir fjölda fólks örkumlun um aldur fram.

Reykingar eru einn mikilvægasti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma og dánartíðni vegna þeirra sjúkdóma er mun hærri meðal reykingamanna en þeirra sem reykja ekki. Tengsl reykinga við kölkun og þar með þrengsli og gúlamyndanir í slagæðum annars staðar í líkamanum eru þó enn meira sláandi. Heita má að allir þeir, jafnt konur sem karlar, sem leita lækninga vegna greindra slagæðasjúkdóma, séu reykingamenn. Afleiðingar þeirra eru heilablóðfall (slag) með helftarlömun um lengri eða skemmri tíma, oftast þó ævilöng örkuml, eða verulega skert starfsgeta vegna þreytu (cladicatio intermittens) í ganglimum eða þá drep í tám eða framleistum, er leiðir til aflimunar, sem hendir stöku sinnum enn í dag þrátt fyrir framfarir á þessu sviði læknisfræðinnar.

Af öðrum sjúkdómum er greinilega tengjast reykingum ber einkum að nefna krabbamein í munnholi, barkakýli, vélinda, þvagblöðru, brisi og nýrum.

Þá er reykingamönnum öðrum hættara við maga- eða skeifugarnarsárum. Skaðleg áhrif reykinga barnshafandi kvenna á fóstur eru nú löngu orðin viðurkennd staðreynd. Verður lítillega fjallað um þau hér á eftir í sambandi við óbeinar reykingar.

2.4. Skaðsemi óbeinna reykinga.

Síðasta áratug hefur almenningur í hinum tæknivædda heimi orðið í vaxandi mæli meðvitandi um nauðsyn þess að hamla gegn mengun umhverfisins og hugtakið umhverfisvernd orðið til.

Skorin hefur verið upp herör gegn hvers konar mengun frá orku- og iðjuverum, hvort heldur er í eigu einstaklinga, félaga eða ríkisins.

Andrúmsloftið er sameign allra og óhjákvæmileg nauðsyn hverjum þeim sem lífsanda dregur. Er það samfélagsskylda að viðhalda hreinleika andrúmslofts ekki síður en neysluvatns sem ætlað er almenningi.

Með sömu rökum er það réttur hvers manns að fá að neyta ómengaðs andrúmslofts jafnt í hvíld sem starfi, og heyra frávik frá því aðeins til undantekninga.

Vitundin um þennan rétt hefur m. a. verið undirrót lagasetningar er miðar að því að takmarka reykingar á almannafæri.

Nefna má sem ljóst dæmi um þetta lagabálk sem kenndur er við Howard County í Bandaríkjunum. — Venjulega er vitnað til hans sem „Howard County Indoor Clean Air Act of 1977."

Í lögum þessum er kveðið á um að matsölustöðum, verslunum, skrifstofum og öðrum svæðum sem ætluð eru almenningi til afnota sé annað hvort skipt í reykingasvæði og reyklaus svæði ellegar, ef stjórn stofnana ákveður svo, algjört bann sé við reykingum á nefndum svæðum.

Í forsendum þessara laga er gengið út frá því að tóbaksreykur sé hættulegur heilsu almennings. Þau eru þó fyrst og fremst ætluð til verndar almennri heilsu og vellíðan þeirra sem ekki reykja. Lögð er áhersla á að þeim sem vilja reykja sé skylt að virða rétt hinna sem

reykja ekki og vilja komast hjá skaðlegum áhrifum af reykingum í næsta umhverfi sínu. Reykingar eru alls ekki einkamál þeirra sem reykja.

Til eru teknir í forsendum laganna fjórir flokkar einstaklinga sem eigi það sameiginlegt að heilsufari þeirra sé ógnað með reykingum annarra:

1. Fólk haldið ofnæmis- eða astmasjúkdómum.
2. Börn og ungmenni vegna viðkvæmni gagnvart bólgu í öndunarfærum.
3. Sjúklingar með langvarandi hjarta- og lungnasjúkdóma.
4. Fólk með augnlinsur.

Eftir að Howard County bálkurinn var settur hefur margt nýtt komið í ljós varðandi skaðsemi óbeinna reykinga m. a. að því er varðar varanlegar skemmdir á lungnavef og aukna áhættu á lungnakrabbameini.

Verður nánar að því vikið hér á eftir og jafnframt stiklað á stóru um áhrif óbeinna reykinga yfirleitt.

Rannsóknir sýna að um 75% þeirra sem reykja ekki finnst óþægilegt að vera í tóbaksreyk en um 50% kenna beinnar vanlíðunar af einhverju tagi svo sem óþæginda í augum, ertingar í nefi, hósta og sárinda í hálsi.

Er þetta sá þögli meirihluti sem orðið hefur svo lengi að anda að sér reykmettuðu andrúmslofti nauðugur viljugur.

Ofnæmissjúklingar eru jafnvel enn líklegri en aðrir til að fá þessi einkenni af völdum óbeinna reykinga og tóbaksreykur er eitthvert argasta vandamál sem astmasjúklingar eiga við að stríða í daglegu lífi sínu.

Hjartasjúklingum getur beinlínis verið bráð hætta búin af óbeinum reykingum og sjúklingar með þráláta berkjubólgu eða lungnaþembu þola illa að vera í miklum tóbaksreyk.

Tóbaksreykur getur valdið hvarmabólgu, jafnvel hjá fullhraustu fólki, og getur valdið óbærilegri ertingu hjá fólki með augnlinsur.

Börnum á heimilum þar sem er reykt er mun hættara en öðrum börnum við kvefi og hvers konar bólgum í öndunarfærum og þar með eyrum. Oft lagast þessi einkenni þegar hætt er að reykja á heimilinu.

Börnum og unglingum sem alast upp við reykingar á heimilum er miklu hættara við að byrja reykingar en hinum sem alast upp á reyklausum heimilum. Fordæmi á hér efalaust hlut að máli en spurning hlýtur þó að vakna um eins konar óbeina og óviljandi ávanabindingu strax í foreldrahúsum.

Undanfarið hefur fjölgað rannsóknum á skaðlegum áhrifum óbeinna reykinga á lungnastarfsemi o. fl. Af því sem þegar hefur komið fram má álykta að þau séu meiri en áður var talið og séu háð heildarreykmagni sem borist hefur til öndunarfæra.

Nýlegar rannsóknir á starfsemi lungna, sem einkum beinast að ástandi smæstu berkjupípna og samdráttarhæfni lungna, unnar á um 2000 einstaklingum við Kaliforniaháskóla, leiddu í ljós að einstaklingar sem störfuðu með reykingafólki (20—40 sígarettur á dag) um 20 ára skeið, en reyktu ekki sjálfir höfðu skerta lungnastarfsemi (um 25—35%) miðað við sambærilegan hóp sem ekki reykti og starfaði í ómenguðu andrúmslofti.

Hér eru metin áhrif á lungun ein saman en ekki tekið tillit til áhrifa á hjarta- og blóðrásarkerfi, né heldur krabbamein.

Áhrif á lungun ein jafngilda þó áhrifum þess að reykja um 5—10 sígarettur á dag, eða reykja pípu eða vindla án þess að reykja ofan í sig.

Rannsóknir á um 91 000 giftum konum, húsmæðrum í Japan, sýndu tvöfalda tíðni lungnakrabbameins hjá þeim konum sem höfðu verið giftar um 20 ára skeið mönnum sem reyktu 20—40 sígarettur á dag miðað við konur sem giftar voru mönnum sem ekki reyktu. Allt voru þetta konur sem ekki reyktu sjálfar.

Svipuð var útkoma úr rannsóknum í Grikklandi á vegum Harvardháskóla.

Mun fleiri rannsóknir styðja kenningar um skaðsemi óbeinna reykinga, og bent hefur verið á að tíðni lungnakrabbameins hjá Mormónum, sem hvergi er há því að Mormónar reykja ekki, er mun lægri í Utah en hjá Mormónum annars staðar í Bandaríkjunum. Liggur nærri að ætla að reykmengun á vinnustöðum utan Utah eigi hér nokkurn hlut að máli.

Áhrifa óbeinna reykinga fer þegar að gæta í fósturlífi. Nikótín, kolsýrlingur og e. t. v. fleiri efni tóbaksreyks ná svipuðum eða jafnvel meiri þéttleika í fóstri en í móðurinni sem reykir.

Bitnar þetta á vexti og þroska fósturs. Fóstur verða pastursminni og hætta á fyrirburðum og andvana fæddum börnum er mun meiri hjá konum sem reykja.

Börnum mæðra sem reykja á meðgöngutímanum er því búið mun rýrara veganesti út í lífið en öðrum börnum, og mismunur á þroska eykst jafnvel enn hjá börnum á brjósti reykjandi mæðra. Þau sjúga ekki einungis mengaða móðurmjólk heldur anda einnig að sér reykmettuðu andrúmslofti á heimilinu.

3. Tóbaksneysla á Íslandi.

3.1. Þróun síðustu áratuga.

Sú meginbreyting hefur orðið á tóbaksneysluvenjum hér á landi frá fyrstu áratugum þessarar aldar að neysla munntóbaks og neftóbaks, sem samanlagt nam þremur fjórðu hlutum tóbaksinnflutningsins árin 1912—1915, hefur smátt og smátt dregist saman og er nú hverfandi lítil en sígarettureykingar, sem voru þá rétt að byrja, hafa aukist hröðum skrefum, enda hefur heildarneysla tóbaks aukist mikið á þessu tímabili.

Sígarettureykingar urðu þó ekki algengar hér fyrr en um og eftir síðari heimsstyrjöld. Salan óx úr 450 sígarettum á mann árið 1940 í 900 árið 1950. Er það mesta aukning sem hefur orðið á einum áratug.

Fyrst urðu sígarettureykingar hér almennar meðal karla en nokkru síðar einnig meðal kvenna. Árin 1967—68 var svo komið samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar á fólki 34 ára—61 árs að tiltölulega mun fleiri konur en karlar reyktu sígarettur. Átti það við um alla aldursflokka sem könnunin náði til nema hinna allra elstu. Könnun sem Hjartavernd gerði á 20—34 ára gömlu fólki árið 1973 sýndi einnig að tiltölulega miklu fleiri konur en karlar á þessum aldri reyktu sígarettur, sbr. og það sem síðar segir um reykingar unglinga. Konur reykja að vísu nokkru minna að jafnaði en karlar en munurinn virðist fara síminnkandi.

Annað sem einkennir þróunina í þessum málum er það að menn hafa undanfarið almennt byrjað yngri að reykja en áður tíðkaðist. Í því sambandi má m. a. vísa til kannana sem borgarlæknirinn í Reykjavík lét gera í barna- og gagnfræðaskólum borgarinnar, fyrst árin 1959 (unglinga- og gagnfræðaskólar) og 1962 (barnaskólar) og aftur árið 1974. Á þeim árum sem liðu milli kannananna tvö- til þrefaldaðist hlutfallstala reykjandi stúlkna í nær öllum aldursflokkum frá 12 ára aldri til 17 ára aldurs og daglegar reykingar höfðu farið mjög í vöxt hjá báðum kynjum. Athyglisvert er að frá og með 13 ára aldri voru daglegar reykingar algengari meðal stúlkna en pilta. Svo var einnig árið 1978 þegar þriðja könnun borgarlæknis var gerð í Reykjavík en þá hafði þó dregið verulega úr reykingum barna og unglinga í borginni (um meira en fjórðung), einkum 12 og 13 ára gamalla.

Eitt helsta einkenni á þróun reykingavenja hér á landi síðustu tvo áratugina er það að svonefndar filtersígarettur hafa smátt og smátt rutt sér til rúms á markaðnum á kostnað filterlausra og eru nú meira en fjórir fimmtu hlutar af þeim sígarettum sem hér eru seldar.

Jafnframt hefur tjara og nikótín í reyknum farið minnkandi að vegnu meðaltali. Hver sígaretta gaf þannig að jafnaði 9% minna nikótín árið 1982 en fimm árum áður svo að dæmi sé tekið (1,23 mg á móti 1,35 mg).

Árið 1981 var sala á sígarettum komin upp í 1760 stykki á hvern íbúa eða rúmlega 2400 stykki á hvern íbúa 15 ára og eldri. Hefur hún aldrei orðið jafnmikil á hvorn veginn sem

reiknað er. Önnur tóbakssala hefur hins vegar dregist svo mikið saman að undanförnu að heildarsala tóbaks í grömmum á hvern íbúa 15 ára og eldri var árið 1981 nokkru minni en árin 1974—1976 en þá hefur hún mest orðið.

3.2. Könnun reykingavarnanefndar.

Á árunum 1980 og 1981 lét reykingavarnanefnd í samvinnu við manneldisráð gera könnun á reykingavenjum fólks á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum þéttbýlisstöðum utan þess. Spurt var einnig um afstöðu til reykinga og takmarkana á reykingum.

Könnunin náði til 237 einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og 142 utan þess. Voru konur álíka margar og karlar. Meðalaldur þátttakenda var um 38 ár en þeir voru frá 20 ára til 66 ára.

Um 48% þátttakenda sögðust reykja og var hlutur kvennanna nokkru minni en karlanna (um 42% og 54%). Utan höfuðborgarsvæðisins reyndust reykingar mun algengari heldur en í Reykjavík og nágrenni, 55% á móti 44%.

Sígarettureykingamenn voru 35% af öllum hópnum. Þeir reyktu að meðaltali 14 sígarettur á dag og höfðu flestir (80%) byrjað að reykja fyrir tvítugsaldur. Könnunin leiddi í ljós að fleiri konur en karlar reykja sígarettur (40% á móti 29%). Er það í samræmi við niðurstöður Hjartaverndar (sjá hér áður).

Athyglisvert er hve stór hluti aðspurðra vildi takmarka reykingar á almannafæri. Mest fylgi höfðu hömlur á reykingum í almenningsfarartækjum (84%), en mikinn hljómgrunn höfðu einnig aðgerðir á opinberum stöðum (73%) og á vinnustöðum (57%).

Tæplega fjórðungur þátttakendanna hafði reykt en var hættur. Aðeins fimmti hver reykingamaður hafði aldrei reynt að hætta. En svo var líka fólk sem hafði aldrei reykt, tæplega þrjátíu af hundraði aðspurðra.

Af þeim sem reyktu þegar könnunin var gerð sögðust 56% vilja hætta að reykja, enda töldu nær allir þátttakendur í þessari könnun að reykingar væru heilsuspillandi.

Með því að könnun þessi náði einungis til fárra staða utan höfuðborgarsvæðis og alls ekki til strjálbýlis og var einnig öðrum takmörkunum háð, t. d. varðandi aldur þátttakenda og hjúskaparstétt, ber að taka niðurstöður hennar með nokkrum fyrirvara. Þær ættu þó að gefa verulega vísbendingu um stöðu þessara mála.

Ástæða er til að gera víðtækari kannanir á reykingavenjum landsmanna reglulega, t. d. annað hvert ár, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á hlutfallslegum fjölda reykingamanna í þjóðfélaginu og öðru sem máli skiptir í mati á því hvert stefnir. Sölutölur ÁTVR gefa engan veginn fullnægjandi upplýsingar í því efni.

4. Löggjöf um tóbaksvarnir.

Saga skipulagðra afskipta hins opinbera af tóbaksvörnum er ekki löng hér á landi. Hófust slík afskipti ekki fyrr en löngu eftir að öllum var ljóst að vissar hættur voru samfara tóbaksreykingum en á því sviði áttu Íslendingar frumherja, Níels Dungal prófessor, en hann benti þegar á það laust eftir 1950, hversu reykingar væru skaðlegar, og lagði fram röksemdir sem síðan hafa verið staðfestar. Fyrsta lagaákvæði um tóbaksvarnir hér á landi leit dagsins ljós 1969, en þá var kveðið á um aðvaranir um skaðsemi tóbaks og að slíkt skyldi merkt vandlega á umbúðir tóbaksvarnings. Þetta þótti ekki gefast vel enda illa að merkingum staðið og þær ófullnægjandi. Í reynd má segja að saga opinberra tóbaksvarna hefjist ekki fyrr en 1971, þegar ákveðið var í lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak o. fl. að banna tóbaksauglýsingar utandyra og í kvikmyndahúsum og fjölmiðlum. Enn fremur átti að ráðstafa 2‰ af brúttótekjum vegna sölu tóbaks í landinu til þess að vara við tóbaksreykingum en aðvaranir á sígarettupökkum voru lagðar niður. Í kjölfar þessara breytinga var árið 1972 sett á laggirnar svokölluð samstarfsnefnd um reykingavarnir, en í henni áttu sæti fulltrúar

Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Hjartaverndar og Krabbameinsfélags Íslands. Nefndin hafði það eitt hlutverk að vara við hættu af tóbaksvörum með því að birta auglýsingar varðandi þessi mál í fjölmiðlum og ráðstafa því fé sem til þessara hluta rann með þetta að markmiði. Starfaði nefndin til 1977. Lengst af störfuðu í nefndinni Jón Kjartansson forstjóri, Sigurður Samúelsson prófessor og Bjarni Bjarnason læknir en eftir andlát Bjarna 1975 tók Ólafur Bjarnason, prófessor sæti í nefndinni.

Fljótlega kom í ljós að ákvæði um tóbaksauglýsingar í lögunum frá 1971 þjónuðu ekki þeim tilgangi sem ætlast var til og talið var æskilegt, þar sem tóbaksframleiðendur gátu haldið uppi auglýsingaherferðum innandyra, t. d. í matvöruverslunum svo og á skemmtistöðum. Enn fremur leituðust þeir við að koma auglýsingaspjöldum svo fyrir að auðvelt væri að sjá til þeirra utandyra. Einnig efndu tóbaksframleiðendur til samkeppni meðal kaupmanna um það hver væri duglegastur við sölustarfsemi og voru í boði verðlaun. Mönnum eru sjálfsagt í fersku minni þær snörur, sem tóbaksframleiðendur reyndu að leggja fyrir sérsambönd innan íþróttahreyfingarinnar, þótt þeim yrði ekki kápan úr því klæðinu.

Þetta leiddi til þess að á Alþingi 1977 var lagt fram frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum og varð það að lögum þá um vorið, lög nr. 27/1977. Í lögunum er lagt blátt bann við hvers konar auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi hér á landi og enn fremur er bannað að nota neyslu og hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu. Samkvæmt lögunum er ráðherra heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsafnota, og við veitingar heimilda til reksturs langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa og leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru leyti eða öllu leyti í farartækjum. Önnur nýmæli laganna eru þau að heilbrigðismálaráðherra er fengin heimild til að skipa nefnd til að annast framkvæmd laganna svo og aðrar aðgerðir til að hamla gegn tóbaksreykingum. Í kjölfar þessara laga var samstarfsnefnd um reykingavarnir nr. II skipuð. Áttu í henni sæti Ólafur Ragnarsson ritstjóri, formaður, Ásgeir Guðmundsson skólastjóri og Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri. Starfaði nefnd þessi af harðfylgi allt til áramóta 1979—80.

Lög nr. 27/1977 um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum hafa, að svo miklu leyti sem þau hafa að geyma hrein fyrirmæli, dugað mjög vel. Ákvæðin um auglýsingabann hafa náð fram að ganga og hefur þeim verið fylgt svo til brotalaust. Stærsti galli laganna er sá að þau byggja mikið á heimildum og hafa þær verið vannýttar einhverra hluta vegna. Að vísu hafa verið bannaðar reykingar í leigubifreiðum með stoð í þessum lögum og í einstaka stofnunum en um almenna notkun hefur ekki verið að ræða.

Eins og áður hefur fram komið var ákveðið með lögunum 1971 að 2‰ af brúttótekjum ríkisins af tóbakssölu skyldi varið til tóbaksvarna. Með setningu laga nr. 27/1977 varð sú breyting á að ákveða skyldi á fjárlögum ár hvert hve miklu fé ætti að verja í þessu skyni. Var ætlunin efalaust sú að stórauka fjárframlög til þessara mála eins og glögglega kom í ljós á seinnihluta ársins 1977. Langt er frá því að þeirri stefnu hafi verið haldið. Árið 1980 voru lagðar 27 milljónir kr. til tóbaksvarna og vantaði 13 milljónir kr. upp á að framlagið svaraði til 2‰ reglunnar, hefði hún verið áfram í lögum, hvað þá að um sé að ræða aukningu. Sá tvískinnungur sem fram hefur komið í fjárframlögum ríkisins til tóbaksvarna á undanförnum árum leiðir óhjákvæmilega til þess að úr þeim dregur. Var það þó alls ekki ætlun Alþingis með samþykkt laganna 1977.

5. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú stefnuyfirlýsing að lögunum sé ætlað það markmið að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni, sem hún veldur, og að vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksneyslu, þ. m. t. óbeinna tóbaksreykinga.
2. Í 2. gr. eru skýr ákvæði um það, hvað átt sé við með tóbaki. Enn fremur til hvaða annars

varnings lögin nái með hliðsjón af sambærilegri neyslu, þótt ekki innihaldi viðkomandi varningur tóbak.

3. Í 4. gr. eru lögð til ótvíræð ákvæði um það hver eigi að fara með yfirstjórn tóbaksvarnamála, þ. e. a. s. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
4. Í 5. gr. er að finna ákvæði um tóbaksvarnaráð, hvernig í það skuli skipað og hvaða hlutverki það skuli fyrst og fremst gegna.
5. Í 6. gr. er að finna ákvæði um aðvaranir á tóbaksvarningi vegna skaðsemi hans.
6. Í 7. gr. er reynt að skilgreina hvað átt sé við með auglýsingum í kjölfar þess að ákveðið er að halda í hið fortakslausa auglýsingabann, sem sett var með lögum nr. 27/1977.
7. Í 8. gr. er að finna ákvæði þar sem segir að tóbak megi ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára. Jafnframt að bannað sé að selja tóbak úr sjálfsölum og í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.
8. Í 9. gr. er lagt til að tóbaksnotkun verði bönnuð í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu og þjónustu sem þessir aðilar reka. Skv. gildandi lögum er slíkt heimilt með ráðherraákvörðun.
9. Lögð er til sú aðalregla í 10. gr. að tóbaksnotkun sé óheimil í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum sem fyrst og fremst eru ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa, og á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn og unglinga hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim og í heilsugæslustöðvum. Undantekningar eru heimilaðar en þó skal sérstaklega gætt að óbeinum reykingum. Varðandi sjúkrahús skulu reykingar einungis heimilaðar á tilteknum stöðum.
10. Í 11. gr. er forráðamönnum húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að, en ekki fellur undir reykingabann 11. gr., heimilað að ákveða slíkt bann sjálfir í húsi sínu.
11. Í 13. gr. er lögð til sú aðalregla að tóbaksreykingar séu bannaðar í farartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku. Lögð er til undantekning sé um að ræða millilandaflug og almennt farþegarými skipa.
12. Í 14. gr. eru lögð til stefnumótandi ákvæði varðandi fræðslu og ábyrgð menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á því að henni sé sinnt í skólum landsins og ríkisfjölmiðlum.
13. Í 14. gr. er líka lagt til að litið verði á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt heilsugæslunnar, þannig að þeir sem hætta vilja að reykja geti notið aðstoðar lækna og hjúkrunarliðs heilsugæslustöðvanna.
14. Í 17. gr. er lagt til að heilbrigðisnefndir undir yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins, sbr. nánar lög nr. 50/1981, hafi eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem um hrein framkvæmdaatriði er að ræða, þ. e. a. s. eftirlit með útsölustöðum, og að virt séu ákvæði laganna um sölu tóbaks, tóbaksauglýsingar og takmarkanir á tóbaksreykingum. Enn fremur eru lagðar til ákveðnar aðgerðir vegna meintra brota á lögunum, þ. e. a. s. hvernig heilbrigðisnefndir skuli standa að slíku m. a. með að tilkynna lögreglustjóra það eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um markmið laganna og að það skuli vera að draga úr tóbaksneyslu vegna þess heilsutjóns sem af henni hlýst og enn fremur að vernda fólk fyrir áhrifum óbeinna reykinga.

Það er löngu sannað að tóbaksreykingar eru gríðarlegur sjúkdómavaldur, einkum í öndunarvegi og æðakerfi. Nauðsyn ber til að reyna að stemma stigu við heilsutjóni af þeirra

völdum. Enn fremur liggur ljóst fyrir að sá sjálfsagði réttur manna að fá að lifa í reyklausu lofti hefur verið fótum troðinn, þar sem tóbaksreykingar eru annars vegar. Nú þykir sjálfsagt að ströng ákvæði gildi um mengun ytra umhverfis svo og mengun á vinnustöðum.

Lög um tóbaksvarnir eru að öðrum þræði mengunarvarnalög, þ. e. a. s. lög um mengunarvarnir innan dyra. Fjallað er sérstaklega í greinargerð hér að framan um óbeinar reykingar og vísast til þess sem þar segir.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um þann varning sem lögunum er ætlað að ná yfir en það eru fyrst og fremst sjálfar tóbaksjurtirnar (nikótína) svo og allur varningur sem unninn er úr þeim og ætlaður til neyslu. Enn fremur er talin fyllsta ástæða til að lögin nái til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak, þótt ekki innihaldi tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög. Hér má sem dæmi nefna svokallaðar gervisígarettur, sem ekki innihalda nikótín en kunna að hafa önnur skaðleg efni að geyma, bæði fyrir neytandann og aðra er ekki komast hjá því að anda reyknum að sér.

Lögunum er ekki ætlað að ná yfir tóbak að svo miklu leyti sem það er notað sem lyf skv. lyfjalögunum. Enn fremur er ekki ætlast til þess að lögin nái yfir tóbak sem notað er sem eiturefni, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, en dæmi eru um það að tóbak sé notað sem skordýraeitur.

Um 3. gr.

Vegna ákvæða frumvarpsins um tóbaksauglýsingar, sbr. 7. gr., er nauðsynlegt að kveða á um það hvað átt sé við með reykfærum, sbr. nánar ákvæði 7. gr. Reynslan hefur sýnt að víða er leitað fanga til þess að fara í kringum auglýsingabann laga sem þessara og því nauðsynlegt að hafa hér mjög víðtækt ákvæði til þess að stemma stigu við slíku í framtíðinni.

Um 4. gr.

Hér eru lögð til skýr ákvæði um það undir hvaða ráðherra tóbaksvarnamál heyri. Slíkt hefur ekki verið gert áður. Með breytingum á lögum um verslun ríkisins með tóbak, áfengi o. fl. 1971 var Samstarfsnefnd um reykingavarnir sett undir fjármálaráðuneytið og þar með einnig tóbaksvarnastarfið, þótt þá hefði þegar tekið til starfa sérstakt heilbrigðismálaráðuneyti. Með lögum nr. 27/1977 voru þessi mál sett undir heilbrigðismálaráðherra, án þess að lögin kvæðu skýrt á um slíkt, en lögin voru sett að tilstuðlan þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthíasar Bjarnasonar.

Um 5. gr.

Hér er að finna ákvæði um að skipa skuli svokallað tóbaksvarnaráð og að í því eigi sæti þrír sérfróðir aðilar um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Skv. gildandi lögum er heimilt að skipa nefnd til þess að annast framkvæmd gildandi laga og hefur það heimildarákvæði verið notað eins og kunnugt er. Hér eru lögð til skýr ákvæði um það að ráðherra beri að skipa slíkt ráð, þótt ekki sé reynt að binda hendur hans varðandi skipun manna í ráðið að öðru leyti en því að þeir skulu vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks og tóbaksvarnir.

Í þessari grein er enn fremur nokkuð tæmandi ákvæði um störf tóbaksvarnaráðs en þau eru fyrst og fremst ráðgefandi störf fyrir opinbera aðila svo og tillögugerð um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks og beita sér fyrir átaki í tóbaksvörnum. Enn fremur er ætlast til þess að fjármálaráðuneytið hafi samráð við tóbaksvarnaráð varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Varðandi innflutning kemur fyrst og fremst til greina eftir hvaða sjónarmiðum skuli valið eða hafnað. Reiknað er með því að tóbaksvarnaráð fjalli um allar reglugerðir um tóbaksvarnir og tóbakssölu án tillits til þess, hvort um er að ræða reglugerðir á vegum heilbrigðisráðuneytis eða annarra ráðuneyta. Enn fremur er gert ráð fyrir því að

tóbaksvarnaráð starfi í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og er reyndar eðlilegast að það starfi innan veggja Hollustuverndar ríkisins, þar sem Hollustuverndinni er falin yfirumsjón með eftirliti með lögunum, sbr. nánar 17. gr.

Tóbaksvarnaráði er fyrst og fremst ætlað að starfa faglega en ekki eins og núverandi reykingavarnanefnd sem er jafnframt falið að fylgjast með framkvæmd gildandi laga.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein má því aðeins dreifa tóbaki og hafa það til sölu að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar, þ. e. a. s. á neytendaumbúðir. Merking af þessu tagi hefur verið reynd hér á landi og þótti ekki gefa góða raun enda þannig að henni staðið að nánast var útilokað að menn veittu henni athygli. Var aðvörunarmiðinn límdur á þann enda sígarettupakkans sem jafnan er ekki rifinn upp og auk þess utan á sellofanpappír.

Því hefur verið haldið fram að erfitt yrði að merkja umbúðir tóbaksvarnings. Íslenski tóbaksmarkaðurinn sé svo lítill að mikill fjöldi tóbaksframleiðenda mundi ekki sjá sér fært að annast merkingu á íslensku á framleiðslu sinni. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heldur því fram í umsögn sinni um frumvarpið að framleiðendur og umboðsmenn þeirra muni ekki taka á sig kostnað við merkingu umbúða, heldur hækka útsöluverð vöru sinnar sem aukakostnaði nemur, þ. e. a. s. þeir sem ekki hætti útflutningi til Íslands.

Röksemdir gegn aðvörunarmerkingu eru að mati reykingavarnanefndar léttvægar. Hér er um að ræða neysluvarning miklu skaðmeiri en gerist og gengur sem engin rök mæla með að um gildi vægari reglur en um annan neysluvarning. Í reglugerð nr. 250/1976, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem sett er með stoð í matvælalögum frá 1936, eru ítarleg ákvæði um merkingar matvæla. Skv. reglugerðinni ber að merkja vörur og þá sérstaklega viðkvæmar matvörur alveg sérstaklega ekki síst með hliðsjón af þeim efnum sem í þeim eru. Engin ástæða er til þess að láta annað gilda um tóbak enda á að vera hægt að merkja tóbak þegar við pökkun eins og gert er t. d. við innflutning til Skandinavíu. Kæmi ef til vill til greina að koma á samnorrænum reglum á þessu sviði, þannig að allt tóbak, sem flutt yrði til Norðurlandanna, yrði merkt á sama hátt, öllum Norðurlandabúum skiljanlegt. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur mælt sérstaklega með aðvörunarmerkingum. Nefndin hefur að vísu ekki gert tillögu um innihaldslýsingu á tóbaksumbúðum svo sem lögboðnar eru sums staðar erlendis. Nefndin telur að slíkar upplýsingar (tölur) einar gefi óljósar og jafnvel villandi hugmyndir um skaðsemi vörunnar. Öðru máli gegnir um upplýsingar er varða beinlínis samband tóbaksneyslu og sjúkdóma og annars ófarnaðar. Þær má setja þannig fram að öllum skiljist. Hér er kjörin leið til að koma þeim á framfæri, neytendum og öðrum til umhugsunar.

Lagt er til að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar. Vill nefndin benda á að fordæmi Svía í þessu efni þykir sérlega eftirbreytnivert en þeir leggja m. a. upp úr fjölbreyttum og breytilegum aðvörunartextum. Reiknað er með að reglugerð um merkingarnar líti dagsins ljós eigi síðar en við gildistöku laganna, þ. e. a. s. 1. janúar 1985, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða, tölulið 2.

Lögð eru til ótvíræð ákvæði um það, að það sé tóbakstramleiðenda eða umboðsmanna þeirra að standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að haldið verði í það fortakslausa auglýsingabann sem sett var inn í lög 1977 og að það gildi einnig um reykfæri, sbr. það sem segir hér að framan um 3. gr.

Ákvæðunum um auglýsingabann er þó ekki ætlað að ná til rita sem gefin eru út utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur. Hér eru tekin af öll tvímæli og undantekningin gerð svo þröng sem mögulegt er.

Lögin frá 1977 banna einnig það sem nefna má óbeinar tóbaksauglýsingar og er gert ráð fyrir því að það ákvæði haldist efnislega óbreytt.

Hér er sem sagt ekki um að ræða neina efnislega breytingu frá núgildandi ákvæðum um bann við tóbaksauglýsingum enda hafa þau verið fyllilega raunhæf og réttmæti þeirra ekki dregið í efa. Má segja að því fráleitara sé að leyfa að halda tóbaki að fólki með auglýsingum sem meira er vitað um hvílíkur skaðvaldur það er.

Auglýsingabannið tekur einnig til útstillinga á tóbaki en hefur ekki verið skilið svo að það hindri að tóbak sé haft í hillum á útsölustöðum þar sem það er sýnilegt viðskiptavinum. Ákvæðinu í 4. mgr. 7. gr. er ætlað að draga úr hættu á misnotkun í auglýsingaskyni. Nefndin íhugaði þann möguleika að banna að hafa tóbaksvörur sýnilegar í verslunum enda virðist það samræmast best ákvæðunum um auglýsingabann. Má vera að síðar verði horfið að því ráði.

Heimildin í 5. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum og er sett til að taka af tvímæli um það hver megi gefa út skrár sem þar um ræðir. Slíkar skrár eru gefnar út reglulega víða um lönd og sums staðar lögskylt að skrá á umbúðir tölur sem sýna hversu mikið er af tjöru, nikótíni og jafnvel kolsýrlingi í reyk einnar sígarettu þeirrar tegundar sem í hlut á. Hér er ekki gerð tillaga um slíkar merkingar sbr. það sem áður segir. Skráin um skaðleg efni getur að nokkru leyti komið í þeirra stað. Mætti t. d. gefa hana út einu sinni á ári með hliðsjón af erlendum skrám og í samráði við íslenskar rannsóknastofur. Sérstaklega skal bent á að heimild ÁTVR skv. 4. gr. tóbaksvarnalaga frá 1977 til að auglýsa verðskrár yfir tóbaksvörur er hér felld niður, enda hefur verslunin ekki notað þessa heimild um árabil. Vitanlega er þó ekki ætlast til að hætt sé að birta venjulegar fréttir um breytingar á tóbaksverði.

Um 8. gr.

Lagt er til að ekki mega selja tóbak börnum yngri en 16 ára. Er það í samræmi við tilmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem hefur að vísu ekki orðað sérstakt aldurstakmark. Ákvæði um bann við tóbakssölu til barna eru allvíða í lögum, m. a. í Noregi og Finnlandi. Er í báðum löndunum miðað við yngri en 16 ára (í finnsku lögunum: „sem augljóslega eru yngri en 16 ára."). Þótt viðurkennt sé að hér sé það ákvæði þessara laga sem einna erfiðlegast gengur að framkvæma þá er það talið ómissandi í tóbakslöggjöf beggja þjóðanna.

Ákvæðið um bann við að selja börnum tóbak er í reynd opinber staðfesting á því viðhorfi stjórnvalda að nauðsynlegt sé að hamla gegn því að menn byrji að reykja. Jafnframt styðst það við niðurstöður fjölmargra rannsókna sem sýna að hættulegast er að byrja reykingar á barns- og unglingsárum.

Lagt er til í 2. mgr. að bannað verði að selja tóbak úr sjálfsölum. Nefndin hyggur að vísu að tóbakssala með þeim hætti sé hér óþekkt fyrirbæri en telur ástæðu til að girða fyrir að sá háttur verði upp tekinn, ekki síst með hliðsjón af ákvæðum um bann við að selja börnum tóbak.

Um þá tillögu (3. mgr.) að banna tóbakssölu í heilbrigðisstofnunum og stofnunum fyrir börn og unglinga þarf vart að hafa mörg orð. Mörgum þykir skjóta skökku við að selja slíkan heilsuþjóf á stöðum þar sem m. a. og ekki síst er verið að glíma við afleiðingar tóbaksneyslu og vísa veginn til heilsusamlegri lifnaðarhátta. Tóbak er nú selt á nokkrum sjúkrahúsum sem kunnugt er. Er sú starfsemi mörgum þyrnir í augum.

Svo sjálfsagður hlutur er að banna tóbakssölu í skólum fyrir börn og unglinga að það þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um bann við tóbaksreykingum í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra, þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu eða

þjónustu, sem þessir aðilar veita. Hér er um að ræða úrræði til þess að vernda þá sem ekki reykja. Í gildandi löggjöf er að finna heimildarákvæði fyrir ráðherra til þess að leggja bann við tóbaksreykingum í húsnæði sem þessu, en fyllsta ástæða er til að lögfesta þetta sérstaklega. Flestir hafa orðið fyrir þeirri reynslu, að koma í slíkt húsnæði þar sem varla hefur verið vært fyrir tóbaksreyk. Það er með öllu óverjandi að þeir sem vilja vera án slíks á þessum stöðum þurfi að þola það. Á þessu sviði virðist réttur þess sem ekki reykir sérstaklega fyrir borð borinn. Lagt er til að þar sem reykingar eru bannaðar skv. þessari grein skuli það sérstaklega gefið til kynna með merkingum eða á annan greinilegan hátt þannig að ekki fari á milli mála að reykingar séu bannaðar.

Gert er ráð fyrir þeirri undantekningu að bannið gildi ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þetta kann að hljóma ankannalega, en að mati reykingavarnanefndar er ekki raunhæft að banna reykingar á slíkum stöðum.

Um 10. gr.

Lögð er til sú aðalregla að reykingar séu bannaðar annars vegar í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum fyrir félags- og tómstundastarf barna og unglinga, hins vegar í heilsugæslustöðvum. Styðst þetta eins og ákvæði 9. gr. við þann tilgang laganna að vernda fólk gegn óbeinum reykingum. Sú vernd er einmitt hvað brýnust þegar eiga í hlut börn og þeir sem eru ekki heilir heilsu, þó að hér séu vissulega fleiri hafðir í huga.

Jafnframt er hér um að ræða staði þar sem er sérstaklega æskilegt að starfsfólk gefi það fordæmi að reykja ekki. Nefndinni er kunnugt um að samkomlag er um það hjá starfsfólki í allmörgum grunnskólum að þar sé ekki reykt, a. m. k. ekki á vinnutíma. Í nokkrum skólum hefur verið tekinn upp sá háttur að leyfa reykingar einungis í tilteknu herbergi eða skoti. Hér er lagt til með tilliti til þess starfsfólks sem sættir sig ekki við annað en fá að reykja á þessum vinnustöðum að forstöðumaður geti leyft reykingar í hluta þess húsnæðis sem er ætlað starfsfólkinu eingöngu. Ætlast er til að hann taki eins mikið tillit og mögulegt er til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki aðalreglunni.

Með samkomum sem fjallað er um í 1. mgr. er átt við barnaskemmtanir, barnasýningar í kvikmyndahúsum og leikhúsum, skólaskemmtanir o. fl.

Engar samræmdar reglur eru hér á landi um reykingar á sjúkrahúsum. Óvíða munu þau mál hafa verið tekin föstum tökum svo sem þó er mikilvægt og raunar alveg nauðsynlegt. Að því er einmitt stefnt með 3. mgr. 10. gr. Samkvæmt henni eiga reykingar ekki að viðgangast á sjúkrahúsum nema á tilteknum stöðum þar sem þær eru sérstaklega leyfðar og baga ekki sjúklinga og starfsmenn sem ekki reykja. Aðstæður á sjúkrahúsum eru vitaskuld afar mismunandi. Verður að ákveða það á hverjum stað fyrir sig hvar reykja megi skv. þessu.

Um 11. gr.

Þar sem bannákvæði 9. og 10. gr. miðast við ákveðið húsnæði og starfsemi er lagt til að forráðamenn annars húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir reykingabann 9. og 10. gr., geti sjálfir ákveðið að banna eða takmarka reykingar í húsnæðinu. Skuli það þá sérstaklega gefið til kynna á staðnum, þ. e. a. s. með ákveðnum merkingum, og tilkynnt viðkomandi heilbrigðisnefnd og gilda þá ákvæði laganna eftir því sem við á. Hér eru ekki síst hafðir í huga veitinga- og skemmtistaðir en forráðamönnum slíkrar starfsemi gæti þótt akkur í að takmarka reykingar, þannig að ákveðinn hluti húsnæðis yrði reyklaus og er þá ekki annað en sanngjarnt að um þá staði gildi sömu reglur og um aðra, þar sem ríkir lögbundið tóbaksreykingabann.

Um 12. gr.

Mjög æskilegt er að upp verði teknar varnir gegn tóbaksreykmengun á vinnustöðum almennt en ekki einungis þeim sem um ræðir hér á undan. Er það í raun og veru eðlilegur

þáttur í vinnuvernd. Þess vegna er lagt til að settar verði slíkar reglur í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Helst þetta í hendur við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en yfirumsjón með þeim málum hefur Vinnueftirlit ríkisins.

Um 13. gr.

Hér er lögð til sú aðalregla að tóbaksreykingar verði bannaðar í almenningsfarartækjum, sem rekin eru gegn gjaldtöku. Er þar komið að mjög veigamiklu atriði varðandi rétt þeirra sem reykja ekki að þeir geti ferðast með farartækjum án þess að verða fyrir óþægindum og vanlíðan vegna tóbaksreyks. Kvartanir yfir reykingum í áætlunarbílum og innanlandsflugi eru mjög algengar. Reykingar hafa þegar verið bannaðar í leigubifreiðum og það bann hefur gefist vel. Samgönguráðuneytið veitir sérleyfi til mannflutninga með því skilyrði að tekin séu frá „hæfilega mörg sæti" í fremri hluta bifreiðar fyrir þá sem reykja ekki. Að þessu er í besta falli ófullkomin vernd og auðvitað alls engin ef skilyrðið er virt að vettugi svo sem dæmi eru um. Er því við borið að ógerlegt sé að halda uppi slíkri hálfkáksreglu. Aftur á móti hafa nokkrir sérleyfishafar bannað alveg reykingar í áætlunarbílum sínum og almennt munu sérleyfishafar kjósa slíkt bann þó að sumir treysti sér ekki til að framkvæma það nema með fullri lagastoð.

Engin tormerki eru á því að banna reykingar í innanlandsflugi með því að flugtími er aldrei meiri en rúmur klukkutími. Öðru máli gegnir með flug milli landa. Því er gerð sú undantekning að forráðamönnum flugvéla í millilandaflugi er heimilt að taka frá hluta vélar undir reykingar en gæta skal þess að það valdi ekki óþægindum fyrir þá sem ekki reykja. Sama gildir og um almennt farþegarými skipa.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um fræðslustarfsemi varðandi skaðsemi tóbaksneyslu. Skipuleg fræðslustarfsemi á þessu sviði er nú eingöngu í höndum Krabbameinsfélags Reykjavíkur sem sinnir þessu starfi að eigin frumkvæði en að vísu með nokkrum fjárstyrk frá heilbrigðisráðuneyti og Reykjavíkurborg. Er það að mestu bundið við grunnskóla. Svo virðist sem fræðsluyfirvöld telji sig ekki hafa skyldum að gegna varðandi slíka fræðslu. Hér er um að ræða undirstöðuþáttinn í öllu tóbaksvarnarstarfi, og tryggja verður að hann sé ekki vanræktur. Því er lagt til að menntamálaráðuneytið skuli í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu í skólum landsins og ríkisfjölmiðlum. Auk grunnskóla er lagt til að áhersla sé lögð á slíka fræðslu í skólum sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum, því að þau störf fela í sér mikilvægt hlutverk í tóbaksvörnum.

Lagt er til að skylt sé að almenningsfræðsla fari fram í ríkisfjölmiðlunum. Er það í samræmi við ákvæði í umferðarlögunum um umferðarfræðslu. Lagt er til að þeir sem þurfa aðstoð við að hætta að reykja geti leitað til heilsugæslustöðva sem starfa skv. lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Hér er á því byggt að litið verði á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt í heilsugæslustarfi, enda um að ræða það forvarnarstarf innan heilbrigðisþjónustunnar sem sennilega gæti skilað hvað bestum árangri. Auk þess er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sem fer með yfirstjórn heilbrigðismála, gangist fyrir námskeiðum fyrir þá sem vilja hætta að reykja í samvinnu við ýmsa aðra aðila.

Á það skal bent að reykingavarnanefnd hefur staðið fyrir nokkrum slíkum námskeiðum, aðallega í Reykjavík. Hafa þessi námskeið verið vel sótt en erfitt er að meta árangur á þessu stigi en hann virðist þó töluverður eftir því sem lauslegar heimildir herma.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um fjárframlög til reykingavarna. Lagt er til að á fjárlögum ár hvert verði kveðið á um framlag ríkissjóðs til reykingavarna og er þetta í samræmi við gildandi lög. Eins

og fram hefur komið hafa fjárframlög til reykingavarna farið hríðlækkandi á undanförnum árum sérstaklega með hliðsjón af 2‰ reglunni sem lögfest var 1971 en felld úr gildi 1977, þótt ætlunin væri þá að stórauka fé til tóbaksvarna. Þrátt fyrir þessa reynslu er ekki lagt til að tekinn verði upp afmarkaður tekjustofn enda fjárveitingavaldinu ekki að skapi. Í staðinn er lagt til að haldið verði í fyrra ákvæði í trausti þess að fé til tóbaksvarna verði aukið, en miðað við þá uppbyggingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir ætti féð að nýtast betur en áður, þar sem ekki mundi þurfa að nota hluta af því til eftirlits með framkvæmd laganna.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt er að hafa ákvæði um það að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sérstaklega með hliðsjón af því að lög sem þessi verða aldrei þannig úr garði gerð að tæmandi þyki og að sífellt eru að koma í ljós fleiri og fleiri hættur samfara reykingum. Þar sem markmið laganna er hnitmiðað ætti ekki til þess að koma að slík reglugerð gangi of langt.

Um 17. gr.

Lagt er til að heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafi eftirlit með útsölustöðum fyrir tóbak og fylgist með því í umdæmum sínum að virt séu ákvæði laganna um sölu tóbaks, tóbaksauglýsingar og takmarkanir á tóbaksreykingum. Ástæðan fyrir því að lagt er til að heilbrigðisnefndir taki þetta að sér er sú að með lögunum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðluðust gildi 1. ágúst 1982, varð viss stefnubreyting í heilbrigðiseftirlitsmálum hér á landi. Í stað rúmlega 220 misjafnlega virkra heilbrigðisnefnda komu eingöngu 47 nefndir sem starfa innan 11 svæða og er öllum ætlað að hafa heilbrigðisfulltrúa á sínum snærum þannig að ekkert sveitarfélag á að vera án þjónustu heilbrigðisfulltrúa hér eftir. Hollustuvernd ríkisins, sem starfar skv. sömu lögum og í eru sameinaðir þeir þættir heilbrigðiseftirlits og rannsókna því tengdra sem undir heilbrigðisyfirvöld heyra, hefur yfirumsjón með þessu starfi. Hér er lögð til svipuð skipan og lögfest var í Finnlandi 1977 og hefur þótt gefa góða raun. Öllum er ljóst að sú skipan sem ríkir í dag varðandi eftirlit, þ. e. a. s. að fela það stjórnskipaðri nefnd, gengur ekki til lengdar.

Hvað snertir framkvæmd eftirlitsins er lagt til að sé ekki fullnægt fyrirmælum laganna eða brotið gegn þeim að öðru leyti þá skuli heilbrigðisnefnd gefa viðeigandi fyrirmæli um að fullnægja skuli lagaskyldunni að láta af hinu ólöglega athæfi. Þar með er lagt til að heilbrigðisnefndir reyni að leysa þessi mál sem mest hávaðalaust og aldrei komi til þess að mál fari til lögreglu nema um sé að ræða brot á slíkum fyrirmælum en þá skal heilbrigðisnefnd beita tvenns konar aðferðum eftir því um hvers konar brot er að ræða. Lagt er til að heilbrigðisnefnd tilkynni viðkomandi lögreglustjóra sé um að ræða brot gegn ákvæðum um bann við sölu tóbaks til einstaklinga yngri en 16 ára og tóbakssölu úr sjálfsölum en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sé um að ræða brot gegn reglum um merkingar, auglýsingar og sölu á tóbaki í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

Um 18. gr.

Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sem æðsta stjórnvald á þessu sviði hafi ákveðnum skyldum að gegna við að koma í veg fyrir brot. Þannig er lagt til að ráðuneytið láti stöðva sölu á tóbaki sé brotið gegn ákvæðum um merkingar, að ráðuneytið komi í veg fyrir auglýsingar eða að auglýsingum verði haldið áfram og enn fremur að komið verði í veg fyrir að tóbak verði selt í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga. Á þennan hátt er lagt til að reynt verði að leysa meint brotamál á lögunum á sem einfaldastan hátt, þannig að ekki komi til afskipta ákæruvalda nema í algjörum undantekningatilvikum. Slík skipan hlýtur að teljst eðlileg enda tóbaksvarnarstarfinu meira til framdráttar en ef beitt væri venjulegum ákæruleiðum.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er fjallað um viðurlög. Lagt er til að sé brotið gegn ákvæðum 6. gr. um merkingar og 7. gr. um auglýsingabann skuli brotið sæta sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða sé brot ítrekað. Enn fremur er lagt til að sé brotið gegn ákvæðum um sölubann til einstaklinga yngri en 16 ára varði það eingöngu sektum og að fella megi niður refsingu séu málsbætur miklar og er það gert þar sem oft er erfitt að henda reiður á aldri einstaklinga.

Lagt er til að brot gegn ákvæðum um bann við að selja tóbak í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga varði sektum.

Hér er um að ræða viðurlög, sem dómstólar geta beitt, þannig að ekki kemur til þess nema í þeim tilvikum, sem fyrirmælum heilbrigðisnefndar um að fullnægt skuli lagaskyldu eða látið skuli af ólöglegu athæfi er ekki framfylgt né fyrirmælum lögreglustjóra eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í samræmi við það sem segir í 17. og 18. gr. Yrði ekki höfðað opinbert mál vegna brota á þessum lögum nema í undantekningatilvikum og þá eingöngu skv. kröfu viðkomandi lögreglustjóra eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eftir að reynt hefði verið að leysa málin til þrautar.

Um 20. gr.

Lagt er til að það varði menn sektum að halda áfram að reykja í húsakynnum eða farartækjum þar sem bannað er að reykja skv. lögum þessum en þó því aðeins að umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra hafi veitt viðkomandi áminningu áður.

Lagt er til að ekki skuli ákært fyrir brot gegn reykingabanni nema umráðamaður húsakynna eða farartækis krefjist þess.

Um 21. gr.

Lagt er til að með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skuli farið að hætti opinberra mála. Eins og fram hefur komið áður, sbr. athugasemdir við 18., 19. og 20. gr., er ekki eingöngu um að ræða refsibundin viðurlög í þeim skilningi heldur eru og ákveðnar skyldur lagðar á framkvæmdavaldshafa. Verði hins vegar höfðað mál skulu vitanlega gilda um málsmeðferð ákvæði laga um opinbera málsmeðferð.

Um 22. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1985. Þannig yrði nokkur gildistökufrestur en töluverða vinnu þarf að leggja í undirbúning að gildistöku, en skv. ákvæðum til bráðabirgða er tóbaksvarnaráði falið að gera það.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. tl. er lagt til að tóbaksvarnaráð verði skipað strax og því falið að annast tóbaksvarnastarf í samræmi við lög nr. 27/1977, þ. e. a. s. fram að 1. janúar 1985, og undirbúa gildistöku laga þessara. Yrði reykingavarnanefnd því lögð niður.

Í 2. tl. er kveðið á um að reglugerð um merkingar á tóbaki skuli öðlast gildi um leið og lögin, enda eðlilegur fylgifiskur laganna, þar sem ekki er talin ástæða til að kveða sérstaklega á um merkingar í þeim sjálfum. Yrði eitt af fyrstu verkum tóbaksvarnaráðs að gera tillögur að slíkri reglugerð.

Ed. 76. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: og hámarksverð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu.

2. gr.

Orðin „eða garðávexti“ í 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu með því að gera áætlanir um uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar og með því að beita sér fyrir því að fjármagn fáist til framkvæmda í samræmi við slíkar áætlanir. Ráðuneytið setur einnig reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að fjalla um sölumál framleiðslu innlendra matjurta, en Framleiðsluráðið skal stuðla að því að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Ráðuneytið skal stuðla að eftirliti með meðferð matjurta og því að jafnan séu notaðar bestu fáanlegar aðferðir við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra.

4. gr.

Í stað 1. málsl. 34. gr. laganna komi tveir málsliðir sem orðist svo:

Viðskiptaráðuneytið veitir leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti samkvæmt almennum reglum í reglugerð er það setur. Í reglunum skal m. a. kveðið á um að leyfi til innflutnings skuli því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og að innflutningsaðili uppfylli kröfur um hollustuvernd. Viðskiptaráðuneytið skal ráðfæra sig við samtök innlendra ræktenda og við samtök kaupmanna áður en gildistími innflutningsleyfa samkvæmt framangreindu er ákveðinn.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Sölufélag garðyrkjumanna skal njóta viðurkenningar sem sölufélag ylræktarbænda, en einnig er heimilt að viðurkenna aðra heildsöluaðila.

Varðandi innflutning og sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

6. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Orðin „d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða“ í 40. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verslun með matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði færð í frjálsræðisátt frá því sem nú er. Er það skoðun flutningsmanna að slíkt stuðli að aukinni og fjölbreyttari framleiðslu og nánara sambandi framleiðenda og neytenda. Eftir sem áður er þó innflutningur á framangreindri framleiðslu takmarkaður við þann tíma árs sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn.

Einkaréttur „ríkisstjórnarinnar" til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti er afnuminn, en Grænmetisverslun landbúnaðarins getur að sjálfsögðu starfað áfram á jafnréttisgrundvelli hvað þann þátt starfseminnar snertir.

Landið allt verður eitt sölusvæði fyrir matjurtir og gróðurhúsaafurðir og veitt er heimild fyrir fleiri aðila en Sölufélag garðyrkjumanna til þess að fá viðurkenningu til heildsölu á innlendri framleiðslu að uppfylltum almennum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir að við opinbera verðákvörðun, er varðar garðávexti, sé aðeins fjallað um „hámarksverð".

Frumvarpið er samið með hliðsjón af frumvarpi sem Vilmundur Gylfason og fleiri þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á 103. löggjafarþingi og einnig með hliðsjón af frumvarpi sem Friðrik Sophusson o. fl. fluttu á 104. löggjafarþingi. Ætti að nást samstaða um afgreiðslu málsins á þessu löggjafarþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að opinber verðákvörðun verði hámarksverð, en ekki ósveigjanlegt verð eins og nú virðist gert ráð fyrir.

Um 2. gr.

Skýrist af öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Um 3. gr.

Með greininni er nánar skilgreint í hverju „yfirstjórn" landbúnaðarráðuneytisins varðandi innlenda matjurtaframleiðslu er fólgin.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að innflutningur á kartöflum og nýju grænmeti sé frjáls á þeim tímum sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Felldur er niður einkaréttur „ríkisstjórnarinnar" sem í raun hefur verið einkaréttur Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Grænmetisverslunin getur eftir sem áður keppt við aðra innflutningsaðila sem fullnægja settum skilyrðum um innflutning á fersku grænmeti.

Um 5. gr.

Með þessari grein er veitt heimild til þess að viðurkenna aðra aðila en Sölufélag garðyrkjumanna til að annast heildsölu á innlendri matjurta- og ylræktarframleiðslu. Leiðir það af því að fleiri innflutningsaðilar munu væntanlega koma sér upp aðstöðu til geymslu og dreifingar á slíkri framleiðslu er hagkvæmt kann að vera að nýta til dreifingar á innlendri framleiðslu einnig.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að heimild Framleiðsluráðs til að skipta landinu niður í sölusvæði falli niður þar eð hún getur reynst þröskuldur í vegi hagkvæmra framleiðslueininga og sérhæfingar innan framleiðslugreinarinnar. Notkun heimildarinnar getur einnig reynst andstæð hagsmunum neytenda.

Um 7. gr.

Ástæðulaust er að hafa heimild til töku verðjöfnunargjalds af kartöflum í lögum. Það er skoðun flutningsmanna að aukin samkeppni muni stuðla að því að náttúruskilyrði til kartöfluræktar og markaðsaðstæður falli saman og tryggi neytendum góða og næga vöru á sanngjörnu verði.

Sþ. 77. Fyrirspurn [72. mál]

til fjármálaráðherra um gjaldheimtu á Suðurnesjum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hver er afstaða fjármálaráðuneytisins til sameiginlegrar gjaldheimtu sveitarfélaganna á Suðurnesjum?
2. Er ráðuneytið reiðubúið að fela slíkri stofnun innheimtu á skatttekjum ríkisins á þessu svæði?

Nd. 78. Frumvarp til laga [73. mál]

um Tónskáldasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín S. Kvaran.

1. gr.

Stofna skal Tónskáldasjóð Íslands. Stofnfé sjóðsins skal vera tíföld meðalárslaun menntaskólakennara og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1985.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan áætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega við undirbúning fjárlaga með hliðsjón af breytingum á launum menntaskólakennara.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja tónskáld til starfa og stuðla að útbreiðslu íslenskrar tónlistar.

4. gr.

Til eftirtalinna verkefna má veita framlög úr sjóðnum:

a) Til tónsmíða, enda hafi umsækjandi gert grein fyrir hvernig hann hyggist vinna að þeim.
b) Til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum.
c) Til kynningar á íslenskri tónlist innanlands og utan.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Tónskáldasjóðs Íslands til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Tónskáldafélags Íslands, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Félags ísl. hljómlistarmanna.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við félagssamtök þau, sem um getur í 5. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörp sama efnis voru lögð fram á tveim síðustu þingum en hlutu ekki afgreiðslu. Flm. þá voru Halldór Blöndal, Ingólfur Guðnason, Vilmundur Gylfason, Guðrún Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Þá fylgdi frv. svohljóðandi grg.:

„Á síðustu árum og áratugum hefur menntuðum tónlistarmönnum fjölgað svo hér á landi að það gengur kraftaverki næst. Fyrir því má raunar færa sannfærandi rök, að engin listgrein standi með jafnmiklum blóma um þessar mundir og tónlistin hér á landi, og er ekki hugsun flutningsmanna að fara út í frekari meting um ágæti einstakra listgreina en þessi orð fela í sér. En um hitt ættu allir að geta orðið sammála, að okkur sem menningarþjóð er mikill sómi að ágætri frammistöðu tónskálda okkar á erlendum vettvangi, ekki síður en hér heima. Er þess skemmst að minnast, að Atli Heimir Sveinsson hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlanda og þótti hvarvetna vel að þeim kominn. Það gerist og æ algengara, að íslensk tónverk séu flutt á erlendum vettvangi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir lögum um Launasjóð rithöfunda og Þýðingasjóð og þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið um Launasjóð myndlistarmanna. Höfuðhlutverk sjóðsins er að örva tónskáld til dáða og fylgja eftir tónlistarvakningu sem hér hefur orðið á undanförnum árum. Í þessu frumvarpi er út frá því gengið, að stofnfé sjóðsins nægi til þess, að unnt sé að veita 5 árslaun menntaskólakennara til tónskálda svo að þau geti gefið sig heils hugar að tónsmíðum sínum. Síðan er gert ráð fyrir því, að jafnmiklu fé sé varið til annarra þeirra verkefna, sem sjóðurinn á að anna, og hlýtur það að fara eftir atvikum hverju sinni, hversu það fé skiptist.

Það er skoðun flutningsmanna, að frumkvæði og sjálfstæði í menningarmálum sé ekki síður mikilvægt en efnaleg velgengni, enda styður þar hvort annað. Nauðsynlegt er að hvetja til skapandi starfs á sviði allra listgreina og einn liður í því er að endurskoða fjárveitingar til menningarmála með betri nýtingu þeirra í huga. Blómlegt menningarlíf gerir mannlífið auðugra og innihaldsríkara.

Við því er ekki að búast, að Alþingi treysti sér til að samþykkja þetta frumvarp á þessu þingi. Hins vegar töldu flutningsmenn nauðsynlegt að leggja það fram nú þegar til þess að unnt sé að hafa framlög til Tónskáldasjóðs Íslands í huga, þegar gengið verður frá fjárlagafrumvarpi á hausti komanda, enda auðgert að samþykkja stofnun sjóðsins á haustþinginu, svo að hægt sé að veita fé úr honum strax á næsta ári. Þá ættu allar umsagnir og nauðsynlegar upplýsingar að liggja fyrir til þess að alþingismenn geti glöggvað sig á því máli, sem hér er hreyft við.“

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um fordæmingu á innrásinni í Grenada.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson, Svavar Gestsson.

Alþingi leggur áherslu á að sjálfsákvörðunarréttur þjóða um eigin málefni er sú meginregla í samskiptum ríkja sem Íslendingar vilja styðja á alþjóðavettvangi.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lýsa því yfir að Íslendingar fordæmi innrás Bandaríkjanna og annarra ríkja í Grenada.

Jafnframt lýsir Alþingi stuðningi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október 1983 vegna innrásarinnar í Grenada.

Greinargerð.

Íhlutun stórvelda um málefni ríkja á svæðum, þar sem þau telja sig eiga tilkall til áhrifa, er ekki ný af nálinni. Hernaðarleg íhlutun risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, um málefni annarra ríkja hefur gerst æ ofan í æ síðustu áratugi og magnað spennuna í alþjóðasamskiptum. Oft eru slík afskipti réttlætt með því að vilhallar ríkisstjórnir, oft hreinar leppstjórnir í reynd, hafi óskað eftir aðstoð.

Þann 25. október s. l. réðust Bandaríkin og sex önnur ríki með hervaldi gegn eyríkinu Grenada í Karíbahafi. Hafa Bandaríkin nú hernumið landið sem er sjálfstætt ríki með aðild að Breska samveldinu. Þessi innrás er brot á alþjóðalögum og sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fjöldi ríkja, þar á meðal í Vestur-Evrópu, hefur þegar fordæmt harðlega þetta framferði Bandaríkjanna gegn smáþjóð sem er helmingi fámennari en Íslendingar. Slík íhlutun um málefni ríkja stofnar alþjóðasamskiptum í mikla óvissu og heimsfriði í hættu. Íslendingar hljóta að bregðast hart við slíkum tíðindum og því er hér lagt til að Alþingi lýsi vilja sínum ótvírætt og feli ríkisstjórninni að fordæma innrásina í Grenada og fylgja þeirri afstöðu eftir á alþjóðavettvangi, þar á meðal hjá Sameinuðu þjóðunum. Slík fordæming á jafnframt við um hvert það ríki sem hlutdeild á í slíkum verknaði.

Þá er lýst stuðningi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október s. l., en gegn henni beittu Bandaríkin neitunarvaldi sínu. Ellefu ríki, sem sæti eiga í ráðinu, greiddu atkvæði með ályktunartillögunni, þrjú sátu hjá og aðeins eitt, Bandaríkin, greiddi atkvæði á móti tillögunni.

Ályktun Öryggisráðsins er birt í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október 1983 um innrásina í Grenada.

ÖRYGGISRÁÐIÐ

- hefur kynnt sér skýrslurnar um ástandið í Grenada,
- hefur í huga yfirlýsinguna um meginreglur þjóðaréttar varðandi vinsamleg samskipti og samvinnu ríkja,
- hefur einnig í huga meginreglurnar um bann við afskiptum af innanríkismálum ríkja,

• staðfestir á ný fullveldi og óumdeilanlegan rétt Grenada til að ákvarða eigið stjórnmála-, efnahags- og þjóðfélagskerfi og til að þróa eigin alþjóðleg samskipti án nokkurra utanaðkomandi afskipta, meðalgöngu, skaðsamlegra áhrifa, þvingana eða hótana,

• harmar rás viðburða í Grenada sem leiddi til dauða forsætisráðherra landsins, Maurice Bishops, og annarra framámanna í Grenada,

• hefur í huga að samkvæmt 2. gr. (4) stofnskrár Sameinuðu þjóðanna ber öllum aðildarríkjum að halda sér í alþjóðlegum samskiptum frá hótunum eða valdbeitingu gegn friðhelgi landamæra eða pólitísku sjálfstæði nokkurs ríkis eða aðhafast á nokkurn hátt annað það sem brýtur í bág við meginreglur stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,

• hefur þungar áhyggjur vegna hernaðaríhlutunar þeirrar sem nú á sér stað og er staðráðið í því að tryggja að eðlilegu ástandi í Grenada verði aftur komið á hið allra fyrsta,

• hefur í huga nauðsyn þess að öll ríki virði að fullu meginreglur stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

1. Harmar mjög hernaðaríhlutunina í Grenada sem felur í sér blygðunarlaust brot á þjóðarétti og á sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra ríkisins.

2. Harmar dauða saklausra borgara, sem hlotist hefur af hernaðaríhlutuninni.

3. Hvetur öll ríki til að virða að fullu fullveldi, sjálfstæði og friðhelgi landamæra Grenada.

4. Hvetur til þess að hernaðaríhlutuninni verði þegar hætt og að erlent herlið verði án tafar flutt á brott frá Grenada.

5. Fer fram á það við aðalframkvæmdastjórann að hann fylgist náið með framvindu mála í Grenada og gefi Öryggisráðinu skýrslu innan tveggja sólarhringa um framkvæmd þessarar ályktunar.

Sþ. 80. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um nýja flugbraut á Egilsstöðum.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja uppbyggingu nýrrar flugbrautar við Egilsstaði og fela flugmálastjórn að ljúka undirbúningi þess máls þannig að framkvæmdir geti hafist hið fyrsta.

Greinargerð.

Egilsstaðaflugvöllur er samgöngumiðstöð Austurlands. Á fjögurra ára tímabili, 1978—1982, voru umferð og flutningar um völlinn sem hér segir:

	1978	1979	1980	1981	1982
Lendingar	2045	2118	2231	1977	2355
Farþegar	38629	39203	40576	40339	41692
Vörur(tn.)	847	781	631	776	607
Póstur	180	191	186	188	146

Flugfélag Íslands hefur áætlunarferðir til Egilsstaða daglega, allt að þrem ferðum á dag. Þar er miðstöð flugs Flugfélags Austurlands, og Flugfélag Norðurlands heldur uppi flugi til Akureyrar daglega. Þá eru reglulegar flugsamgöngur til Færeyja um Egilsstaðaflugvöll. Á Egilsstaðaflugvelli er miðstöð sjúkraflugs á Austurlandi. Fyrstu 8 mánuði þessa árs voru lendingar í sjúkraflugi á Austurlandi 206, þar af 84 á Egilsstaðaflugvelli. Ástand Egilsstaðaflugvallar verður að telja alls óviðunandi fyrir slíka umferð, enda hefur völlurinn hvað eftir

annað lokast vegna aurbleytu þegar yfirborðslag hans þiðnar í hlákum á vetrum. Alvarlegast við þetta ástand er að aurbleytan getur valdið skemmdum á viðkvæmum búnaði í flugvélum, og því er það algerlega óviðunandi af öryggisástæðum einum.

Árið 1972 var gerð athugun á flugvallarstæði vestan núverandi flugbrautar. Þeim rannsóknum var haldið áfram árið 1980. Árið 1982 fól flugráð flugmálastjórn að láta gera úttekt á framtíðarstæði fyrir Egilsstaðaflugvöll. Voru gerðar samanburðarathuganir á þremur flugbrautarstæðum og var skilað ítarlegri skýrslu um þær athuganir til flugráðs í apríl 1983. Í inngangsorðum skýrslunnar segir svo:

„Framtíðarflugvallarstæði á Egilsstöðum.

Egilsstaðaflugvöllur er miðstöð flugsamgangna á Austurlandi. Núverandi flugbraut hefur verið stöðugt í notkun allt frá upphafi áætlunarflugs til Egilsstaða. Það hefur lengi legið fyrir að nauðsynlegt væri að skipta um yfirborð núverandi flugbrautar á Egilsstöðum ef hún ætti að verða framtíðarflugbraut staðarins. Hér er um mjög kostnaðarsama framkvæmd að ræða. Þá er fullreynt að núverandi blindaðflug að flugbrautinni er ekki hægt að bæta svo viðunandi sé, en verulegir annmarkar eru á blindaðfluginu til notkunar fyrir stærri flugvélar, svo sem Boeing 727.

Umræður hafa verið í gangi í nokkur ár um framtíð Egilsstaðaflugvallar. Niðurstaða þeirra umræðna var sú að flugráð fól flugmálastjórn 1982 að láta fara fram úttekt á framtíðarsvæði fyrir Egilsstaðaflugvöll í því skyni að áætlun liggi fyrir um lokauppbyggingu þessa mikilvæga samgöngumannvirkis. Úttektin skyldi ná yfir samanburð á núverandi flugvelli og nýjum flugvelli á bökkum Lagarfljóts.

Umrædd úttekt hefur nú farið fram á vegum flugmálastjórnar og liggja niðurstöður fyrir í skýrslu þessari sem skiptist í tvo hluta, A og B. Í aðalatriðum er í skýrslu A metinn stofnkostnaður og flugvallarmannvirki og í skýrslu B flugleiðsögukerfi og blindaðflug að flugvellinum.

Skýrsla A er unnin af verkfræðingunum Gunnari Torfasyni, Ólafi Pálssyni og Sveini Þórarinssyni.

Skýrsla B er unnin hjá flugöryggisþjónustu flugmálastjórnar undir stjórn Hauks Haukssonar.

Þeim sem unnið hafa að verkefninu er þakkað framlag til þessa mikilvæga máls sem verður vonandi til þess að flýta fyrir ákvarðanatöku um framtíð Egilsstaðaflugvallar.

Reykjavík, 14. apríl 1983.

Haukur Hauksson	Pétur Einarsson
(sign.)	(sign.).“

Eftir að skýrslan var lögð fram gekkst flugráð fyrir fundi á Egilsstöðum 1. júlí s. l. og kynnti efni hennar heimamönnum. Um þá kynningu var gerð eftirfarandi bókun í fundargerð:

„1. Framtíðarstaðsetning Egilsstaðaflugvallar.

Formaður flugráðs setti fundinn, bauð gesti velkomna og gerði grein fyrir aðdraganda. Hann rakti þær athuganir og úttektir sem fram hafa farið á undanförnum árum í því skyni að velja framtíðarflugbraut á Egilsstöðum stæði. Formaður upplýsti að flugráð hefði í mars 1982 ákveðið að setja á laggirnar þá nefnd sem nú hefði skilað áliti og væri þessi fundur ætlaður til að kynna heimamönnum niðurstöður og leita álits áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Formaður tók sérstaklega fram að allar viðræður við landeigendur væru eftir, og væri þessi fundur því einungis í upplýsingaskyni. Næsta skref væri því formlegar viðræður við

landeigendur. **Gunnari Torfasyni** verkfræðingi var síðan falið að gera grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Gunnar skýrði teikningar og gögn sem lágu frammi fundarmönnum til upplýsinga og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið og þeim forsendum sem byggt var á. Miðað er við uppbyggingu núverandi brautar eða byggingu nýrrar vestan við núverandi brautarstæði með lengingu annaðhvort í norður eða suður upp í allt að 2000 metra. Gengið var út frá að flugvél af gerðinni Boeing 727-200, eða sambærileg flugvél, gæti notað brautina. Gunnar upplýsti að dýpri jarðvegsathugunum væri ekki að fullu lokið en þó væri ljóst að bæði brautarstæðin væru nothæf. Gerð var kostnaðarathugun bæði fyrir 1500 og 2000 m braut og eru kostnaðartölur eftirfarandi á verðlagi 1. ársfjórðungs 1983: **1500 m braut:** Uppbygging núverandi brautar, 33.4 m. kr., ný flugbraut (04-22S) 45.8 m. kr. **2000 m braut:** Uppbygging núverandi brautar 49.1 m. kr., ný flugbraut 73.4 m. kr. Við byggingu nýrrar brautar og miðað við lengingu í suður kostar flutningur á vegi 9.6 m. kr., en ef braut er lengd í norður kostar flutningur á Eyvindará svipaða upphæð.

Gunnar sagði að tillaga verkfræðingahópsins væri að byggja nýja braut í vestara stæði með lengingu í suður í fyrsta lagi, eða í norður sem næst besta kost. Uppbygging núverandi brautar væri að þeirra mati lakasti kosturinn með tilliti til þess bætta aðflugs sem fengist inn á nýja braut.

Haukur Hauksson gerði grein fyrir aðflugskerfum inn á núverandi og hugsanlega nýja braut og þeim athugunum sem framkvæmdar hafa verið og voru unnar af Bergi P. Jónssyni, Herði Sveinssyni og honum. Haukur sagði að sú beygja, sem væri á aðflugi inn á núverandi flugbraut, gerði það að verkum að lágmark færi ekki niður fyrir 150 m og ekki væri hægt að koma þar við fullkomnustu flugleiðsögutækjum. Á nýrri braut væri hins vegar hægt að koma fyrir fullkomnum flugleiðsögutækjum sem lækkuðu veðurlágmark í 60 m og gerðu mögulegt aðflug beint inn á braut sem myndi auka öryggi mikið. Vænlegasti kosturinn í þessu máli væri því ný braut í vestara stæði með lengingu í suður, sem væri betri kostur en lenging í norður vegna hindrana í flugtaki."

Í framhaldi af fundinum á Egilsstöðum gerði flugráð eftirfarandi bókun á fundi sínum 7. júlí 1983:

„7. Egilsstaðaflugvöllur.

Áframhaldandi umræður urðu um framtíðarbrautarstæði flugbrautar á Egilsstöðum. Í framhaldi af þeim umræðum gerði flugráð eftirfarandi samþykkt:

„Flugráð ákvað á fundi sínum 4. mars 1982 að fela flugöryggisþjónustu flugmálastjórnar að gera ítarlegan samanburð á aðflugi að núverandi flugbraut Egilsstaðaflugvallar og nýju brautarstæði vestan við flugstöðina. Jafnframt var þrem verkfræðingum falið að gera úttekt og samanburð á endurbyggingu núverandi flugbrautar og byggingu nýrrar flugbrautar.

Skýrslur um þessi málefni voru kynntar flugráði 14. apríl 1982 og ræddar á fjórum fundum ráðsins. Þar var m. a. ákveðið að efna til opins kynningarfundar á Egilsstöðum þar sem hönnunarhugmyndir yrðu kynntar fyrir heimamönnum. Var sá fundur haldinn 1. júlí 1983 og mættu 63 fundarmenn, þ. á m. nokkrir þingmenn kjördæmisins.

Samkvæmt framlögðum skýrslum, og miðað við þær forsendur sem þar eru tilgreindar, er eftirfarandi samanburður á áætluðum kostnaði (í millj. kr.) við hvern valkost:

	Flugbrautarlengd	
	1500 m	2000 m
Uppbygging núv. brautar	33.4	49.1
Ný flugbraut (04-22S)	45.8	73.4

Flugráð telur að bygging nýrrar flugbrautar (04-22) hafi í för með sér svo ótvíræða kosti varðandi allt aðflug og öryggi flugs að þá lausn beri fremur að velja þrátt fyrir nokkurn kostnaðarmun. Jafnframt bendir flugráð á að gera má ráð fyrir að **1500 m** flugbrautarlengd verði fullnægjandi á Egilsstöðum um langa framtíð og þurfi því hvorki að koma til flutningur þjóðvegar né lenging flugbrautar suður fyrir þjóðveginn.

Flugráð samþykkir því á fundi sínum í dag að mæla með þessari stefnumótun í uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, þó að því tilskildu að viðunandi samkomulag náist við hlutaðeigandi landeigendur. Flugráð felur því flugmálastjóra að hefja þær viðræður hið fyrsta með það fyrir augum að unnt verði að mæla með fjárveitingu til byrjunarframkvæmda á Egilsstöðum strax á árinu 1984, og stefnt að því að taka hina nýju flugbraut í fulla notkun á árinu 1987."

Af framansögðu má ljóst vera að ekkert er því til fyrirstöðu að Alþingi samþykki stefnumótun flugráðs í þessu bráðnauðsynlega máli og geri sitt til þess að nauðsynlegum undirbúningi verði lokið þannig að málið komist á framkvæmdastig.

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um orkusparnað.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að semja reglugerð um orkusparnað sem m. a. feli í sér eftirfarandi:

a) Ef orka til húshitunar er greidd niður skulu greiðslur aðeins inntar af hendi vegna þeirra húsa sem uppfylla skilyrði núverandi byggingarreglugerðar um einangrun.
b) Eigendum húsa, sem ekki uppfylla þau skilyrði, skal gefinn kostur á hagkvæmu lánsfé til að kosta einangrun húsa sinna, þannig að tryggð verði sem næst sambærileg nýting orku til húshitunar samkvæmt reglugerð sem samin verði þar um.
c) Ákveðnar verði hámarksupphæðir niðurgreiðslna til einstakra orkukaupenda. Upphæðirnar verði miðaðar við rúmmál húsa.

Greinargerð.

Á undanförnum vikum hafa orðið miklar umræður um virkjunarkostnað og verð á raforku á Íslandi. Ýmislegt hefur komið fram um þann vanda sem við er að glíma á sviði orkuvinnslu og orkusölu. Minna hefur verið rætt um orkusparnað. Það ætti þó öllum að vera ljóst *að þegar orðið er dýrt að framleiða hverja orkueiningu er jafndýrmætt að spara hana.*

Norskar rannsóknir benda til að hagkvæmara sé að fjárfesta í orkusparandi tækjum og aðferðum en í nýjum auðlindum. Rannsóknarmenn töldu að draga mætti orkunotkun saman um 20%. Sams konar rannsóknir í öðrum löndum hafa jafnvel gefið vísbendingu um möguleika á enn meiri hlutfallslegum sparnaði.

Í upplýsingum frá Danmörku (Danske elværkers forening: Skýrsla um raforkuframleiðslu 1982) kemur í ljós að þar í landi hefur notkun raforku ekki aukist að marki síðan í ársbyrjun 1979. Orsakirnar eru taldar vera m. a.: hækkaðir taxtar almenningsveitna, átak í orkusparnaði og samdráttur í íbúðabyggingum og iðnaði.

Á undanförnum árum hefur raforka verið nýtt hér í vaxandi mæli til húshitunar til að spara olíukaup. Af sömu ástæðu hefur nýting jarðvarma verið stóraukin. Í fréttabréfi Orkustofnunar nr. 3, október 1983, er grein eftir Jón Ingimarsson sem nefnist: „Húshitunarvandinn — leið til lausnar." Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um orkunotkun til

húshitunar og hversu mikla orku mætti spara með því að einangra þök og setja tvöfalt gler í hús þar sem slíkt vantar.

Í greininni kemur fram að það er arðbær fjárfesting af hálfu hins opinbera að veita fé til einangrunar húsa og draga jafnframt úr niðurgreiðslum. Lauslegir útreikningar á orkunni, sem vinnst með slíkum sparnaði og þeim fjármunum sem til væri kostað, benda til að hér sé á ferðinni „virkjunarkostur", sem gefi jafnvel ódýrari orku en næstu stórvirkjanir. Að auki er hann smærri í sniðum og nýtir jafnóðum framlagt fjármagn. Slíkri herferð til sparnaðar myndi fylgja aukin atvinna byggingamanna um allt land.

Í þessari þingsályktun er m. a. lagt til að niðurgreiðslur verði bundnar því skilyrði að hús séu einangruð samkv. núgildandi stöðlum. Gert er ráð fyrir að taxtar rafveitna séu ekki niðurgreiddir en greiðslur verði beint til einstakra orkukaupenda ef stjórnvöld ákveða svo.

Fylgiskjal I.


Jón Ingimarsson:
Húshitunarvandinn — leið til lausnar.
(Fréttabréf Orkustofnunar nr. 3, október 1983.)

Um þessar mundir eru liðin 10 ár síðan OPEC-ríkin hækkuðu verð á olíu samtímis því sem þau minnkuðu vinnslu. Afleiðing þess var fyrri olíukreppan. Hér á landi var brugðist við hækkunum á olíuvörum með tvennu móti. Annars vegar var lögð áhersla á aukna nýtingu innlendra orkugjafa. Í því sambandi má benda á að á árinu 1973 notuðu um 45% landsmanna olíu til húshitunar en samsvarandi tala nú er um 6%. Hins vegar var ákveðið að létta þeim byrðarnar, sem kyntu hús sín með olíu, með því að veita svokallaða olíustyrki. Víða erlendis þurfti að skammta olíu en til þess kom aldrei hér vegna viðskiptasamninga við Sovétríkin. Það var væntanlega af þeirri ástæðu og gnóttar innlendra orkulinda að við beittum ekki einnig orkusparnaði til lausnar vandanum eins og flestar aðrar þjóðir. Það má heita að fyrst hafi verið farið að ræða alvarlega um orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í húshitun hérlendis í seinni olíukreppunni sem skall á seint á árinu 1978.


Ljóst er að innan skamms munu svo til allir landsmenn nota innlenda orkugjafa til húshitunar. Þeir spara bæði húseigendum og þjóðarbúinu miklar upphæðir, það á eftir að koma enn betur fram á næstu árum. Að þessari leið frátalinni eru tvær leiðir til að létta húseigendum byrðar við hitun hýbýla sinna, þ. e. aukin niðurgreiðsla á orku og aðgerðir til orkusparnaðar.

Sá grundvallarmunur er á þessum leiðum að aðgerðir til orkusparnaðar lækka kostnaðinn við húshitunina til frambúðar og koma því þeim, sem bera þyngstu byrðarnar, mest til góða. Þær hafa auk þess einatt í för með sér endurbætur á húsnæði. Olíustyrkir og niðurgreiðsla raforku og heits vatns er hins vegar skammtímalausn sem leysir ekki vandann til frambúðar.

Lítum nú aðeins nánar á „húshitunarvandann". Mynd 1, sem byggir á upplýsingum frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sýnir dreifingu olíunotkunar 139 húsa í fjórum bæjum á landinu (Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn). Eins og sjá má er notkunin frá um þremur lítrum á ári af olíu á rúmmetra og upp í um fimmtíu lítra (rúmmál samkvæmt fasteignamati sem er oftast meira en hitað húsrými). Algengast er að notkunin sé á bilinu 8-30 lítrar á rúmmetra á ári. Samkvæmt því er kostnaður við að kynda 400 rúmmetra hús (lítið einbýlishús) 28-105 þús. kr. á ári. Að frádregnum olíustyrk (miðað við 4ra manna fjölskyldu) er kostnaður húseigenda 14-91 þús. krónur. Mynd 2 sýnir dreifingu raforkunotkunar 73 húsa í sömu bæjum. Yfirleitt er notkunin 30-140 kWh á rúmmetra á ári. Á þessu ári var byrjað að greiða niður raforku til húshitunar. Samkvæmt gildandi verðskrá frá



Mynd 1



Mynd 2

C.1 HITUN

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

(Orkugjald	1,19 kr/kWh)
Orkugjald, niðurgreitt	0,71 kr/kWh
Fastagjald 3×F1	5.610,00 kr/a

Roftími er allt að 2×1½ klukkustund á dag.

Mynd 3. Úr gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins Nr.58

Rafmagnsveitum ríkisins (sjá mynd 3) er kostnaður við að hita upp 400 rúmmetra hús á bilinu 20-72 þúsundir á ári fyrir niðurgreiðslu, en á bilinu 14-45 þúsundir á ári þegar tekið er tillit til hennar.

Við umræður um olíustyrki og niðurgreiðslu á raforku og heitu vatni til húshitunar gleymist yfirleitt hversu breytileg orkunotkunin er, jafnvel þó miðað sé við jafnstór hús á svipuðum aldri við sömu götu og í sama bæ. Vandinn vegna hinnar breytilegu orkunotkunar verður ekki leystur með olíustyrkjum né niðurgreiðslu á orku. Hann verður að leysa með því að minnka orkunotkunina.

Ástæðurnar fyrir mismunandi orkunotkun til hitunar eru margar. Nefna má mismunandi aldur húsa, misjafnlega mikla einangrun, misgóð hitakerfi og breytilega hegðun íbúanna (kröfur um innihita, loftræstingu o. fl.). Gerð hefur verið könnun á ástandi og orkunýtingu 322 húsa í áðurnefndum fjórum bæjum. Samkvæmt könnuninni má áætla að 15% þakflatar (250 000 fermetrar) húsa á landinu, sem hituð eru með olíu eða rafmagni, sé algerlega óeinangraður og um 10% gluggaflatar (43 000 fermetrar) sé með einfalt gler. Áætla má að heildarkostnaður (efni og vinna) við að endurbæta einangrun þaka í olíu- og rafhituðum húsum sé um 250 milljónir króna miðað við verðlag í júní 1983. Orkusparnaður vegna einangrunar þaka er áætlaður um 65 GWh (65 000 000 kWh) á ári. Ef miðað er við raforku (olíukynding heyrir vonandi sögunni til innan fárra ára) og taxta Rafmagnsveitna ríkisins sparar þetta húseigendum 46 milljónir króna á ári og ríkissjóði 31 milljón króna eða alls 77 milljónir. Heildarkostnaður við að setja tvöfalt gler í stað einfalds í olíu- og rafhituðum húsum er áætlaður 110—160 milljónir króna og orkusparnaður 22 GWh sem mundi spara húseigendum um 16 milljónir króna og ríkissjóði um 10 milljónir króna vegna niðurgreiðslu.

Heildarupphæð olíustyrkja á árunum 1974—1983 er rúmlega 1300 milljónir króna á verðlagi í júní 1983 (byggingarvísitala fyrir júlí — september). Auk þess verður varið um 135 milljónum króna á þessu ári til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar. Alls verður því á þessu tíu ára tímabili varið um 1440 milljónum króna til að létta landsmönnum kostnað við húshitun. Ætla mætti að staldrað yrði við á tímum aðhalds í ríkisfjármálum og kannað hvort ekki væru aðrar leiðir færar til að lækka hitunarkostnaðinn en styrkir og niðurgreiðslur. Svo virðist ekki vera því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1984 er lagt til að 230 milljónum verði varið til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og 61.5 milljónum til olíustyrkja eða 291.5 milljónum alls (58% hækkun frá 1983).

Ég vil að lokum velta fyrir mér spurningunni hvernig ástatt væri ef jafnmikilli fjárhæð og veitt hefur verið til olíustyrkja og niðurgreiðslu á raforku til hitunar á árunum 1974—1983 hefði verið varið til orkusparandi aðgerða. Ef við lítum aftur á dæmin um einangrun þaka og tvöfalt gler í stað einfalds og deilum orkusparnaðinum upp í heildarkostnaðinn þá sjáum við að það kostar tæplega 4 krónur að spara hverja kílówattstund með endurbótum á einangrun þaka og 5—7 krónur með tvöföldu gleri í stað einfalds. Ýmsar aðrar aðgerðir koma til greina svo sem þéttilistar í dyra- og gluggaop, bætt hitastýring og einangrun gólfa og veggja. Hagkvæmni þeirra er mismunandi en ef við reiknum með að það kosti að jafnaði 7 krónur að spara hverja kílówattstund með þeim hætti þá mundi sparnaðurinn vera rúmlega 200 GWh á ári (1440 000 000 kr/7kr/kWh) sem kosta húseigendur yfir 140 milljónir króna og ríkissjóð tæplega 100 milljónir króna í niðurgreiðslum eða samanlagt svipaða upphæð og reiknað er með að verja til olíustyrkja og niðurgreiðslna á næsta ári.

Hér hefur verið bent á aðra leið til að leysa „húshitunarvandann“, tæknilega færa og varanlega leið sem léttir mest á þeim sem þyngstar bera byrðarnar. Ég er ekki að halda því fram að hætta eigi olíustyrkjum og niðurgreiðslum hér og nú, heldur að draga eigi úr þeim samhliða varanlegum aðgerðum, þ. e. orkusparnaði.

Fylgiskjal II.

Guðmundur Einarsson:

Punktar um ÍSAL-samninginn
(DV 19. september 1983.)

I. UM SAMNINGINN

1) **Orkuverðið.**

Það er út af fyrir sig ágætt að fá hækkun á orkuverði til ÍSALs. Það hefði mátt gerast fyrr. Þetta hefur hins vegar óveruleg áhrif á orkuverð til landsmanna. Til þess eru skuldir og hallarekstur Landsvirkjunar alltof stór.

Almennir orkukaupendur á Íslandi tóku á sig í sumar tæpar þúsundir milljónir í hækkanir á meðan Svisslendingarnir eiga aðeins að greiða rúmar eitt hundrað milljónir.

2) **Uppsagnarákvæðið.**

Uppsagnarákvæði samningsins þýðir í raun og veru það að ríkisstjórnin og íslensku samningamennirnir verða að ná samningum eða a. m. k. einhvers konar samkomulagi fyrir næsta vor til að forða ríkisstjórninni frá því pólitíska áfalli að raforkuverðið lækki aftur. Þetta veikir stöðu þeirra. Að auki vinnur tíminn á móti þeim því hvert misseri ber okkur nær fullgerðu Blönduævintýri. Menn gætu hreinlega lent í að þurfa að gera nauðungarsamninga um orkusölu þaðan.

3) **Stækkun.**

Í því sambandi er á ýmislegt að líta:

a) Ef af einföldun álversins yrði gæti það orðið okkur þungt í skauti í framtíðinni að hafa einn svo stóran orkukaupanda. Við værum komin með öll eggin okkar í eina körfu.

b) Stækkun álversins myndi ekki fjölga atvinnutækifærum að neinu marki vegna sjálfvirkni sem er í nýjum verksmiðjum.

c) Það sem skiptir höfuðmáli varðandi stækkun álversins er auðvitað orkuverðið. Íslendingar eru með orku frá dýrum virkjunum og þurfa meira en 20 mill til að standa undir framleiðslukostnaði. Það er grundvallaratriði að við greiðum ekki með raforku til stóriðju.

d) **Samningsstaða Íslendinga.**

Eins og áður segir er samningsaðstaða Íslendinga alls ekki góð. Yfir þeim vofir Blönduvirkjun með sinni dýru orku sem enginn kaupandi hefur fengist að. Það yrði ríkisstjórninni álitshnekkir ef orkuverðið lækkaði aftur næsta vor og það mundu þeir reyna að forðast. Það gæti farið fyrir ríkisstjórninni eins og manninum sem málar gólfið hjá sér og gætir þess ekki að hafa dyrnar að baki sér.

II. UM ÍSAL-MÁLIÐ

Ísal-málið hefur því miður dregið athyglina frá raunverulegum vanda íslensks orkubúskapar sem er m.a.:

a) Gífurlega hröð fjárfesting og þar af leiðandi erlend skuldasöfnun. Skuldir Landsvirkjunar voru um sl. áramót nálægt þriðjungur skulda Íslendinga og skiptu þúsundum milljóna. Gengistap það sem af er árinu er á bilinu 3—4 þúsund milljónir. Þessar skuldir eru aðaluppistaðan í erlendu skuldasúpunni margfrægu, sem er notuð til að berja íslenska launamenn til hlýðni.

b) Rándýr orkuver eru byggð án þess að kaupendur séu til fyrir orkuna. Almenningur gerir sér sjaldan grein fyrir því hve miklar fjárhæðir eru í spilinu. Nýlega kom fram að gífurlegur aukakostnaður er að koma í ljós við Blöndu vegna vegaframkvæmda,

girðinga, landgræðslu og vatnsréttinda sem eru hluti af samningum við landeigendur. Þessi kostnaður mun líklega tvöfaldast frá fyrri áætlunum. Þar fara 1 til 2 hundruð milljónir á einu bretti. Það er u. þ. b. fjárhæðin sem fæst í hækkun frá ÍSAL. Þetta er eitt lítið dæmi um það hversu stórar fjárhæðir fara í orkupottinn án þess að mikið beri á.

Landsvirkjun hefur formlega yfirtekið rekstur byggðalínu en hefur enn ekki tekið við skuldum vegna þessara framkvæmda nema að hluta. Skuldir vegna Kröflu og stærstur hluti skulda vegna byggðalína er núna greiddur beint af fjárlögum en á eðlilega heima innan fjármála Landsvirkjunar. Þegar þessar skuldir verða teknar í verðlagsgrundvöllinn mun orkuverð hækka verulega.

c) Nýting orku er léleg, t. d. við húshitun. Það hefur verið beitt þeirri aðferð að greiða niður taxta rafveitnanna þegar neytendur sitja frammi fyrir háum orkureikningi. Það er röng aðferð því hún leiðir til orkusóunar. Þess í stað ætti að gera miklu meir en hingað til af því að hjálpa fólki til að einangra hús eða gera aðrar ráðstafanir til sparnaðar. Þannig lækkar orkureikningur neytandans og kostnaður þjóðarbúsins. Girnilegasti virkjunarkosturinn núna er líklegast sá að virkja orkubruðlið.

III. UM STÓRIÐJU

Stóriðja er ekki endilega sá kostur sem við viljum hér á Íslandi. Við þurfum að verja fjármunum skynsamlega til að skapa atvinnu fyrir þúsundir landsmanna til aldamóta. Stóriðja gefur fá atvinnutækifæri í hlutfalli við fjárfestingu.

Mengunarhætta er alltaf fylgifiskur stóriðnaðar.

Búseturöskun getur orðið veruleg ef stóriðjufyrirtæki eru sett upp á landsbyggðinni.

Þess ber líka að gæta að raforkan okkar er náttúrulega ekki eins ódýr og við lærðum í barnaskóla. Þess vegna er ólíklegt að erlend stóriðjufyrirtæki eigi eftir að mala okkur gull.

Reynslan í öðrum löndum sýnir að það þarf annaðhvort ódýra orku eða ódýrt vinnuafl til að laða að erlendan atvinnurekstur. Kannski ber að skoða launastefnu ríkisstjórnarinnar í því ljósi.

Orkan er og verður okkar fjársjóður, en við verðum að fara skynsamlega að við virkjun og nýtingu hennar.

Það er alltaf verið að skamma landbúnað og sjávarútveg fyrir glannaskap í fjárfestingum. Þeirra mál eru einungis barnaleikur miðað við orkubúskap alþingismannanna.

Það var einn Bandaríkjaforseti sem varaði þjóð sína við að verða efnahagslega háð stríðsrekstri. Mér virðist að Íslendingar megi varast að verða efnahags- og atvinnulega háðir því einu að byggja og byggja virkjanir. Menn verða líka að hugsa um hvort það sé skynsamlegt.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja í Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd og er því endurflutt nú.

„Svört skýrsla“ Hafrannsóknastofnunarinnar, sem nýlega var gerð opinber, minnir okkur Íslendinga á hve ástand fiskistofna umhverfis landið er alvarlegt. Ofveiði og versnandi

skilyrði í sjónum hafa á undanförnum árum haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og má búast við að þessi staðreynd verði íslensku þjóðarbúi mikill fjötur um fót næstu árin. Þrátt fyrir hrakspár fiskifræðinga, sem reynst hafa réttar eins og ljóst er af aflaskýrslum, hefur fiskiskipastóllinn stækkað risaskrefum og afkastageta aukist hlutfallslega miklu meira vegna tækniframfara. Hinn afkastamikli floti loðnuveiðiskipa hefur nú afar takmörkuð verkefni og hefur því verið beint á botnfiskveiðar. Var þó ekki bætandi við þann flota sem stundaði þær veiðar fyrir. Önnur úrræði, svo sem kolmunnaveiðar, hafa ekki gefist nægilega vel.

Það er kunnugt að nokkur ríki hafa aflað sér tímabundinna heimilda til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi erlendra ríkja gegn gjaldi. Má nefna bæði Japana, Kóreumenn og Austur-Evrópuþjóðir í því sambandi. T. d. höfðu pólsk fiskiskip heimild til þorskveiða í fiskveiðilandhelgi Bandaríkjanna fram að setningu herlaga og seldu þau aflann a. m. k. að einhverju leyti til bandarískra fyrirtækja. Annað dæmi er þátttaka íslenskra nótaveiðiskipa í brynstirtluveiðum á vegum eigenda norska verksmiðjuskipsins „Norglobal“, en þeir höfðu aflað sér tilskilinna leyfa til veiða innan fiskveiðilögsögu Máritaníu. Sovétríkin stunda talsverðar fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Vestur-Afríkuríkja og selja aflann í einhverjum mæli landsmönnum í viðkomandi ríkjum.

Fyrir nokkrum árum voru hér á ferð fulltrúar stjórnvalda í Líberíu sem vildu efna til samvinnu við erlendar þjóðir um fiskveiði í landhelgi Líberíu.

Þegar umræða um stöðvun hvalveiða stóð sem hæst á Alþingi barst óformlegt boð frá Bandaríkjunum þess efnis að íslensk skip gætu fengið veiðiheimildir við strendur Bandaríkjanna gegn því að Íslendingar létu af hvalveiðum. Síðan mun hafa borist staðfesting á þessu boði og málið sent L. Í. Ú. til umsagnar. Er flutningsmönnum kunnugt um að undirtektir útvegsmanna eru jákvæðar.

Á 44. aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem haldinn var á Akureyri 2.–4. nóvember s. l., var rætt um öflun veiðiheimilda á fjarlægum svæðum og eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Aðalfundurinn felur stjórn samtakanna að kanna hvort hægt sé að afla veiðiheimilda á fjarlægum svæðum, svo sem við Bandaríki Norður-Ameríku og Afríku.“

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að ganga úr skugga um hvort fyrir hendi sé raunhæfur möguleiki á veiðum íslenskra fiskiskipa á fjarlægum veiðisvæðum í Atlantshafi.

Ed. 83. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað 2.—6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Er þar gert ráð fyrir að breytt verði reglum um meðferð varnings í skipum og öðrum farkostum er til landsins koma, þannig að ekki verði skylt að innsigla tollskyldan varning, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota. Er þess í stað lögð á skipstjóra skylda til að setja slíkan varning undir lás, og afhenda tollgæslu skrá yfir varninginn. Með ákvæði 1. gr. er lagt til að um áfengi gildi sams konar reglur og um annan tollskyldan varning samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. ákvæði áður nefnds frumvarps um breytingu á 25. gr. þeirra laga.

Með 2. gr. þessa frumvarps er lagt til að fellt verði úr gildi sérákvæði 2. mgr. 6. gr. áfengislaga um víðáttu landhelgi. Er landhelgi þar ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði. Landhelgi samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit er og ákveðin með sama hætti. Með breytingunni verður landhelgin samkvæmt áfengislögum hin sama og ákveðin er í lögum nr. 41 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þ. e. 12 sjómílur frá grunnlínu, sem dregin er milli ystu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit er og gert ráð fyrir því að tollalögsagan fylgi landhelgi.

Ed. 84. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 62 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

11. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutæki settum reglum skal það fært á ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreið skal vera skráningarmerki að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

Bifreiðaeftirlit ríkisins gefur út skráningarskírteini ökutækis og skal það ávallt fylgja því.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt á næstu lögreglustöð eða til Bifreiðaeftirlits ríkisins. Er þá heimilt að nota ökutækið, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur, er sérstaklega stendur á, heimilað samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

4. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tilkynna það til ökutækjaskrár innan hálfs mánaðar. Sama gildir, ef eigandi ökutækis breytir um nafn eða lögheimili.

Nú annast aðili, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja, sölu skráðs ökutækis og ábyrgist hann þá, að tilkynning um eigendaskiptin verði send ökutækjaskrá.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu, skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, svo og bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa bifreiðaeftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins.

6. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlitsmaður ákveður, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur, hvort ökutæki, sem skrá skal, fullnægir kröfum laga og reglugerða.

7. gr.

18. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmri fresti en almennt er boðið.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður, hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Það getur hvenær sem er krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, skuli færð til sérstakrar skoðunar, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi.

Bifreiðaeftirlitsmaður ritar vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

8. gr.

19. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur hvenær sem er krafist þess að skráningarskylt ökutæki, sem er í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðis frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

9. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafist er, og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður

bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá bifreiðaeftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi bifreiðaeftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

Um leið og ökutæki er afskráð, skal skráningarmerkjum þess skilað.

10. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins eða afhenda skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan sama tíma.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þær meginbreytingar á ákvæðum umferðarlaga, að gert er ráð fyrir því að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist framvegis alla skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra og að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli lögsagnarumdæma.

Samkvæmt núgildandi umferðarlögum er skylt að skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra, þar sem eigandi er búsettur. Þegar eigendaskipti verða að skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi, skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá. Þegar eigandi ökutækis flyst búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna og ökutækið afskráð í því umdæmi, sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu, sem flutt er í. Þetta gildir þó eigi, þegar um skemmri dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskylt að umskrá ökutæki vegna flutnings þeirra milli umdæma, hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eiganda, þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Með auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið fjölgandi og umsvif tengd þeim aukist verulega hjá lögreglustjórum og Bifreiðaeftirliti ríkisins. Undanfarið hefur bifreiðafjöldi í árslok, nýskráningar og umskráningar verið sem hér segir:

Ár	Fjöldi bifreiða	Nýskráningar	Umskráningar
1976	73 875	5 047	17 748
1977	78 481	7 776	21 413
1978	84 652	8 554	20 920
1979	90 578	8 202	21 565
1980	96 234	9 376	22 667
1981	101 617	10 882	24 915
1982	107 238	11 194	26 100

Með frumvarpi þessu er lagt til, að skráningu ökutækja verði breytt á þann veg, að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu þeirra í stað lögreglustjóra, en um nokkurt skeið hefur bifreiðaeftirlitið haldið ökutækjaskrá fyrir allt landið með tölvubúnaði tengdum Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Meginreglan er samkvæmt frumvarpinu, að felld er niður skylda til að umskrá ökutæki við flutning milli lögsagnarumdæma. Þá er með frumvarpinu lagður grundvöllur að því, að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan er sú, að ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkjum frá því það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt. Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt verður við umskráningar. Kemur sparnaðurinn ekki aðeins fram hjá opinberum stofnunum eins og bifreiðaeftirliti, lögreglustjórum og þinglýsingardómurum, heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna og tryggingarfélögum. Þá auðveldar breytt skráningarkerfi gerð ökutækjaskrár og dregur úr hættu á mistökum við skráningu.

Bifreiðaeftirlitið hefur nú um nokkurt skeið haldið bifreiðaskrá fyrir allt landið og er hún tölvufærð, eins og að framan greinir. Unnið er að því að tengja starfsstöðvar bifreiðaeftirlitsins utan Reykjavíkur við tölvuna, þannig að breytingar á bifreiðaskránni verði færðar beint inn á skrána þaðan, í stað þess að senda breytingar á skránni til bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík, til færslu á skrána.

Gert er ráð fyrir að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum. Er það kerfi nú þegar í notkun við bifreiðaskráninguna ásamt núgildandi númerakerfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Yfirgnæfandi fjöldi nýrra ökutækja er í upphafi skráður í Reykjavík, þar sem þau eru flutt inn. Með breyttu skráningarkerfi mun þeim ökutækjum fjölga að mun, sem þar verða skráð, án tillits til þess, hvar eigandi er búsettur. Þegar þessa er gætt og svo þess, að hætt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma, er eðlilegt, að Bifreiðaeftirlit ríkisins sem eigi er bundið við lögsagnarumdæmi taki við skráningarhlutverki lögreglustjóra, svo sem verið hefur.

Lagt er til, að felld verði niður skylda forstöðumanna bifreiðastöðva til að senda lögreglustjóra skrá um bifreiðir og bifreiðastjóra. Ákvæði þetta hefur ekki verið framkvæmt og ekki er talin þörf á að halda því.

Um 2. gr.

Það nýmæli er í greininni að Bifreiðaeftirlit ríkisins lætur í té skráningarmerki. Þá er gert ráð fyrir því að tilkynna megi hvort heldur sem er til næstu lögreglustöðvar eða Bifreiðaeftirlits ríkisins ef skráningarmerki glatast, og að ráðherra setji reglur um notkun ökutækis, þegar skráningarmerki glatast.

Um 3. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 4. gr.

Í samræmi við meginbreytinguna á skráningarkerfinu fellur niður skylda til að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma. Hins vegar helst áfram skylda til að tilkynna eigendaskipti og hvílir sú skylda bæði á seljanda og kaupanda, svo sem verið hefur. Mikil vanhöld hafa verið á þessum tilkynningum og erfiðleikar á því að halda ökutækjaskránni réttri. Kemur í þessu sambandi til athugunar að fella niður gjaldtöku fyrir skráningu eigendaskipta, auk nýmælisins í 2. mgr., sem ætlað er að bæta úr þessum vanda.

Þá skal tilkynna breytingu á lögheimili eiganda ökutækis, hvort sem er vegna flutnings innan lögsagnarumdæmis eða milli umdæma. Loks er það nýmæli í 1. mgr. að eigandi skuli tilkynna, ef hann breytir um nafn. Er það nauðsynlegt til að ökutækjaskrá geymi ætíð glöggar upplýsingar um eigendur ökutækja.

Í 2. mgr. er það nýmæli, að lögð er skylda á þá, sem leyfi hafa til sölu notaðra ökutækja, að ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti verði send ökutækjaskrá. Flest eigendaskipti notaðra bifreiða fara um bifreiðasölur og er með þessu ákvæði reynt að draga úr vanrækslu þeirri, sem nú er á tilkynningum um eigendaskipti.

Um 5. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. mgr., er vegna hins nýja hlutverks Bifreiðaeftirlits ríkisins við skráningu ökutækja, sbr. það, sem að framan greinir.

Í 2. mgr. er bætt við ákvæði um að dómsmálaráðherra skipi bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra og lagt til að í lögum verði kveðið á um að bifreiðaeftirlitsmenn hafi lögregluvald á starfssviði sínu. Er þá gert ráð fyrir að starfssvið þeirra taki aðeins til þess, sem beinlínis heyrir til starfsvettvangi þeirra, þ. e. gerðar og búnaðar ökutækja, en ekki til notkunar þeirra.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi reglum skal bifreiðaeftirlitsmaður skoða nýtt ökutæki áður en það er skráð. Er hér miðað við að eigi þurfi að skoða öll ný ökutæki, heldur tekin verði upp gerðarskoðun samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setji.

Um 7. gr.

Efni greinar þessarar er skipað á annan veg en áður. Er þar lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði svo sem verið hefur, hversu oft almenn skoðun ökutækja fari fram en bifreiðaeftirlitið ákveði hins vegar hvar og hvenær, í stað lögreglustjóra áður.

Um 8. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. mgr., er til samræmis við aðrar breytingar. Þá er ákvæði núgildandi 3. mgr. 19. gr. fellt niður, enda á það eigi lengur við er skráningarkerfi verður breytt.

Um 9. gr.

Breytingar á grein þessari eru til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlitið í stað lögreglustjóra.

Sþ. 85. Fyrirspurnir. [80. mál]

I. Til forsætisráðherra um kostnað ríkissjóðs af kynningu á efnahagsaðgerðum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hver er kostnaður ríkissjóðs af fundahöldum forsætisráðherra til kynningar á efnahagsaðgerðum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins
   a) vegna ferðalaga,
   b) vegna húsaleigu,
   c) annarra útgjalda, þ. m. t. auglýsinga?

2. Hver er kostnaður ríkissjóðs vegna ritlings sem sendur hefur verið inn á hvert heimili í landinu til kynningar á efnahagsaðgerðum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins
   a) vegna hönnunar,
   b) vegna prentunar,
   c) vegna annarra útgjalda, þ. m. t. sendingarkostnaðar?

II. Til sjávarútvegsráðherra varðandi reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Er reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., nr. 55 20. mars 1970, enn í gildi?
2. Verður fræðslukvikmynd sú, er sjávarútvegsráðuneytið lét gera um vinnubrögð við aðgerð um borð í fiskiskipum tekin úr umferð og ekki sýnd?

III. Til landbúnaðarráðherra um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hefur Áburðarverksmiðja ríkisins leyfi til reksturs gömlu framleiðslurásarinnar?
2. Er ætlunin að í framtíðinni verði starfsleyfi fyrir báðum framleiðslurásunum? — Ef svo er mega þá Reykvíkingar — sérstaklega þeir sem flytjast á Grafarvogssvæðið — eiga von á því í framtíðinni að mengun af völdum köfnunarefnistvísýrings og annarra óhreininda, sem rekstur gömlu framleiðslurásarinnar hefur í för með sér, verði varanlegur þáttur í lífi þeirra?

IV. Til viðskiptaráðherra um verðlagseftirlit með þjónustugjöldum bankanna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvernig er háttað verðlagseftirliti með þjónustugjöldum bankanna?
2. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á því?

V. Til viðskiptaráðherra um bankaútibú.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er áætlaður kostnaður við að setja á stofn hvert þeirra 11 nýju bankaútibúa sem veitt var leyfi til á þessu og síðasta ári, þrátt fyrir tilmæli bankamálanefndar frá 18. febrúar 1982 um að ekki yrði veitt leyfi fyrir opnun bankaútibúa fyrr en bankamálanefnd hefði lokið störfum og skilað áliti?
2. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður þessara bankaútibúa?
3. Er viðskiptaráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir eftirfarandi:
   a) að afturkölluð verði leyfi til þessara bankaútibúa ef starfsemi þeirra er ekki hafin;
   b) að áætlað fjármagn, sem renna á til stofnunar þessara útibúa, verði þess í stað varið til fyrirgreiðslu úr bankakerfinu til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda?

Ed. 86. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

III. kafli laganna, sem ber heitið „Hafrannsóknastofnun“, verði svohljóðandi:

10. gr.

Hafrannsóknastofnun er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um skipulag stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknaleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann skipar einnig tvo aðstoðarforstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Sjávarútvegsráðherra ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra, en forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Annar aðstoðarforstjórinn, sbr. 13. gr., skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar og hinn um fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kýs sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m. a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal

fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar. Nefndin er ólaunuð.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.

16. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er nú heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa, eftir því sem kleift þykir.

17. gr.

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.
7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.
8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.
9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.
10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknastarfseminnar.

18. gr.

Til að ná markmiðum sem um getur í 17. gr. skal stjórn gera tillögur um skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar sem skal staðfest af ráðherra. Leitast skal við að skipulag stofnunarinnar sé sveigjanlegt og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi stjórnar og ráðgjafarnefndar stofnunarinnar skal falla úr gildi 31. desember 1983. Enn fremur skal núverandi skipulag stofnunarinnar falla úr gildi frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í ágúst 1982 til að athuga rekstur og skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar, en nefndin lagði til, að III. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem fjallar um Hafrannsóknastofnunina, yrði endurskoðaður. Í nefndinni áttu sæti Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Geir Gunnarsson, formaður fjárveitinganefndar Alþingis, Jón Jónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, Már Elísson, forstjóri og Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Með nefndinni starfaði sem ritari Þórður Ingvi Guðmundsson frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþinginu 1982, en hlaut ekki afgreiðslu. Sjávarútvegsnefnd e. d. gerði tillögu um breyting á 11. gr. er kveður á um skipun stjórnar stofnunarinnar sem felldar hafa verið inn í frumvarpið. Auk þess hefur nefndin um skipulag og rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar gert nokkrar breytingar á frumvarpinu meðal annars í ljósi umræðna sem fram hafa farið meðal starfsliðs stofnunarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 10. gr. gildandi laga um Hafrannsóknastofnunina er kveðið á um að stofnunin sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir sjávarútvegsráðuneytið. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á þessari grein.

Í 11. gr. gildandi laga er kveðið á um skipun stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar. Meginbreytingin frá gildandi lögum er, að nú er gerð tillaga um að fjölga stjórnarmönnum úr 3 í 5. Sjómenn og útgerðarmenn fá nú sinn fulltrúann hvorir í stjórn, auk þess sem starfsmenn Hafrannsóknastofnunar tilnefna fulltrúa. Aftur á móti er aflögð tilnefning sérstaks fulltrúa ráðgjafarnefndar.

12. gr. gildandi laga fjallar um verksvið stjórnar. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að við þessa grein bætist ákvæði um að stjórnin taki ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi Hafrannsóknastofnunarinnar, geri tillögu um starfs- og fjárhagsáætlanir og geri tillögur til ráðherra um skipun ráðgjafarnefndar og skipulag stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir, að stjórnin staðfesti skipaáætlun stofnunarinnar, svo og reikninga hennar.

Í 13. gr. eru þau nýmæli tekin upp að ráðherra skipi, auk forstjóra, tvo aðstoðarforstjóra og ráði deidarstjóra stofnunarinnar. Um þetta atriði varð ágreiningur í nefndinni. Fram kom sú skoðun að ráðherra ætti ekki að hafa afskipti af ráðningu deildarstjóra.

Hér er um stefnumarkandi mál að ræða, og er gert ráð fyrir því að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta atriði.

Til aðstoðarforstjóra eru gerðar þær menntunarkröfur að annar skuli vera með sambærilega menntun og forstjóri, en hinn hafi sérstaka menntun og sérþekkingu á sviði stjórnunar og rekstrar. Nýmæli er, að forstjóri og aðstoðarforstjórar séu skipaðir til 5 ára í senn.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um, að við stofnunina skuli starfa 2 aðstoðarforstjórar og er hér um nýmæli að ræða. Fyrir nokkrum árum voru ráðnir með ráðherrabréfi tveir aðstoðarmenn forstjóra, sem jafnframt voru deildarstjórar ákveðinna rannsóknadeilda stofnunarinnar. Nú er talið nauðsynlegt að lögfesta þessar stöður þó þannig, að einungis annar aðstoðarforstjórinn sé vísindamaður á sviði hafrannsókna, en hinn aðstoðarforstjórinn verði fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að hann annist stjórn á

rekstri skipa stofnunarinnar. Einnig er honum ætlað að annast gerð fjárveitingabeiðna stofnunarinnar, útgjaldaáætlana, kostnaðaráætlana rannsóknarleiðangra í samvinnu við forstjóra og samræma starfsemina með tilliti til sem bestrar hagkvæmni og nýtingar. Þá er eðlilegt að aðstoðarforstjóri fjármálasviðs annist starfsmannahald stofnunarinnar, uppáskrift reikninga og annað reikningshald og fjárreiður sem ekki eru í verkahring Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Allar beiðnir um meiri háttar útgjöld þurfa samt að samþykkjast fyrirfram af forstjóra.

Í 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir allmiklum breytingum á sömu grein gildandi laga. Skv. gildandi lögum starfar við Hafrannsóknastofnunina ráðgjafarnefnd sem er skipuð skv. tilnefningu ýmissa hagsmunasamtaka og stofnana sem hér segir:

Landssamband íslenskra útvegsmanna, tveir menn.
Fiskifélag Íslands, einn maður.
Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, einn maður.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn maður.
Alþýðusamband Íslands, einn maður.
Sjómannasamband Íslands, einn maður.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar hefur sjaldan komið saman, enda falið takmarkað og óljóst verksvið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði bundið í lög hverjir skuli tilnefna í nefndina heldur skuli stjórn gera tillögur til ráðherra um skipun hennar hverju sinni. Þá er ráðgjafarnefnd með frumvarpinu falið víðtækara starfssvið, s. s. að fjalla um starfsáætlanir og rannsóknaverkefni stofnunarinnar og gera tillögur um verkefnaval og starfshætti.

Með þessum breytingartillögum er stefnt að meiri sveigjanleika við skipun nefndarinnar og aukinni virkni í samræmi við starfsmarkmið stofnunarinnar á hverjum tíma. Með þessu fyrirkomulagi má tengja fleiri og óskyldari aðila starfi stofnunarinnar en einungis hin hefðbundnu hagsmunasamtök sjávarútvegsins. Má í þessu sambandi nefna sérfræðinga stofnunarinnar, rannsóknastofnanir, skóla og aðra sem tengjast sjávarútvegi beint eða óbeint.

Loks er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ráðherra setji ráðgjafarnefndinni erindisbréf sem kveði nánar á um skyldur hennar og verksvið. Sem fylgiskjal með frumvarpinu er birt tillaga að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefndina.

Við 16. gr. gildandi laga eru sett ákvæði um heimild til starfrækslu útibúa Hafrannsóknastofnunarinnar og er hér um nýmæli að ræða. Lögð er áhersla á, að útibúin geti nýst fleirum en Hafrannsóknastofnuninni einni, s. s. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðrum rannsókna- og eftirlitsstofnunum o. fl., eftir því sem tækifæri gefast.

17. gr. gildandi laga er gjörbreytt. Þau verkefni, sem lögin kveða á um að skuli vera á hendi stofnunarinnar, voru skilgreind fyrir tæpum tveimur áratugum þegar aðstæður voru aðrar en nú. Nauðsynlegt hefur því reynst að endurskoða markmið stofnunarinnar eins og þau eru skilgreind í lögum. Þau markmið, sem hér er gerð tillaga um, byggja á skilgreiningu, sem sett er fram í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Í 18. gr. gildandi laga er kveðið á um að til að framkvæma verkefni stofnunarinnar skuli skipta starfseminni í fjögur verksvið. Í dag starfar stofnunin hins vegar í 9 mismunandi deildum, fjórum útibúum, auk skiparekstur og skrifstofuhalds. Hér er ekki gerð tillaga um að lögfesta deildaskiptingu á stofnuninni heldur að stjórn geri tillögu til ráðherra um skipulag stofnunarinnar sem tryggi sem mestan sveigjanleika í starfsemi stofnunarinnar, miðað við þarfir á hverjum tíma, betri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármunum í stað þess að deildir myndist í tengslum við áhuga og sérfræðisvið einstakra vísindamanna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með gildistöku frumvarpsins sem laga frá Alþingi þarf að breyta skipun stjórnar og ráðgjafarnefndar Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem lögð er til breyting á 11. gr. gildandi laga. Skipunartími núverandi stjórnar og ráðgjafarnefndar rennur hins vegar ekki út fyrr en 31. desember 1985. Til að tefja ekki framkvæmd laganna er því lagt til að skipunartíminn renni út 31. desember 1983, þannig að í ársbyrjun 1984 verði skipuð ný stjórn og ný ráðgjafarnefnd. Þá er eðlilegt að nýtt skipulag á stofnuninni taki gildi um sama leyti.

Fylgiskjal I.

Drög að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar.

1. gr.

Við Hafrannsóknastofnun starfar ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar	fjóra menn
Fiskifélag Íslands	einn mann
Landssamband íslenskra útvegsmanna	tvo menn
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	einn mann
Sjómannasamband Íslands	einn mann
Stýrimannaskólinn	einn mann
Tækniskóli Íslands	einn mann
Fiskvinnsluskólinn	einn mann
Háskóli Íslands	einn mann
Rannsóknaráð ríkisins	einn mann
Sjávarútvegsráðuneytið	einn mann
Alls	15 menn

Auk þess eiga sæti í nefndinni forstjóri og formaður ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og forstjóri og aðstoðarforstjórar Hafrannsóknastofnunar. Ráðgjafarnefndin kýs sér formann og varaformann.

2. gr.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og þeirra aðila sem hagnýta eiga niðurstöður af rannsóknum hennar. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og skal störfum hennar hagað í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

— Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust, en oftar eftir þörfum.
— Að vori skal nefndin fjalla um starfsáætlun stofnunarinnar og skulu einstök verkefni vera lögð fyrir nefndina til umsagnar.
— Að hausti skulu helstu niðurstöður af starfi stofnunarinnar skýrð og sagt frá verkefnum sem lokið er. Lögð skulu fyrir drög að nýjum verkefnum og leitað ábendinga eða tillagna nefndarinnar um ný verkefni, sem tekin verði upp í starfsáætlun og lögð fyrir til umsagnar að vori.
— Nefndin getur rætt og gert tillögur til stjórnar stofnunarinnar um allt er lýtur að stefnumótun, starfsháttum og verkefnavali stofnunarinnar, svo og samskiptum hennar út á við.

— Nefndin hefur fullt frjálsræði um að móta sín eigin vinnubrögð, þar á meðal skipan undirnefnda.
— Ráðgjafarnefndin hefur einungis tillögurétt til stjórnar og forstjóra, en ekki ákvörðunarrétt.

3. gr.

Nefndin er ólaunuð, en sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað þóknun fyrir sérstaklega umfangsmikil störf á vegum nefndarinnar að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Nd. 87. Frumvarp til laga [82. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með og meta allan fisk, sem veiddur er úr sjó, annan en bræðslufisk, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða. Undanþeginn er þó eiginn afli, er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Heimilt er sbr. 2., 14., 18. og 19. gr. að fela sérstökum aðilum með ákveðnum skilyrðum eftirlit með vinnslu og mat á afurðum.

Fiskur er samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr, önnur en spendýr, og hlutar hinna fyrrnefndu, sem nýtt eru til manneldis. Fiskafurðir eru matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að meiri hluta til úr fiski.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrenni þeirra.

Ríkismat sjávarafurða skal veita leiðbeiningar er lúta að starfrækslu stofnunarinnar um fiskverkun og meðferð fisks.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur í reglugerð falið sérstökum rannsóknastofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum sjávarafurðum.

Ríkismat sjávarafurða hefur aðgang að nauðsynlegri efna- og gerlafræðilegri þjónustu hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem enn fremur þróar í samráði við Ríkismatið þær vísindalegu mælingaaðferðir sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirrar stofnunar.

Ríkismat sjávarafurða skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

II. KAFLI

Um Fiskmatsráð.

3. gr.

Til aðstoðar ráðherra varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða skipar ráðherra til fjögurra ára í senn sjö menn í Fiskmatsráð. Eigi skulu færri en fjórir þeirra vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðherra skipar formann ráðsins.

Tillagna Fiskmatsráðs skal leitað vegna setningar reglna, er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða, svo og um skipulag og rekstur stofnunarinnar. Fiskmatsráð skal vera umsagnaraðili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð

skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða, vinnsluaðila og útflytjenda sjávarafurða um gæðamat sjávarafla og gera tillögur um rannsóknir og tilraunir, er miða að bættri meðferð og nýjungum í vinnslu hans.

Fiskmatsráði ber að gera tillögur til ráðherra um hvað eina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

4. gr.

Ráðherra skipar að fenginni umsögn Fiskmatsráðs framkvæmdastjóra ráðsins til fjögurra ára í senn, og nefnist hann fiskmatsstjóri. Fiskmatsstjóri hefur á hendi yfirumsjón með allri starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

5. gr.

Skrifstofa fiskmatsstjóra annast fjármál og bókhald Ríkismats sjávarafurða, gerð fjárveitingabeiðna og annarra kostnaðaráætlana svo og önnur rekstrar- og launamál stofnunarinnar.

Skrifstofan skal ennfremur annast úrvinnslu matsgagna eftir nánari fyrirmælum fiskmatsstjóra.

III. KAFLI

Um starfsmenn.

6. gr.

Ríkismat sjávarafurða starfar í tveimur deildum, afurðadeild og ferskfiskdeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn forstöðumann fyrir hvora deild að fenginni umsögn Fiskmatsráðs. Við skipun í störfin skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar menntunar og starfsreynslu sem talin er fullnægjandi að mati Fiskmatsráðs.

7. gr.

Hjá Ríkismati sjávarafurða skal starfa sérmenntaður hreinlætisfulltrúi. Skal hann í samvinnu við og undir stjórn fiskmatsstjóra annast umsjón með hreinlætismálum sjávarafurða á vegum Ríkismatsins. Hann skal vera ráðgefandi um faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar svo og um þjálfun þeirra starfsmanna er annast framkvæmd hreinlætiseftirlitsins samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Ráðherra skipar fulltrúa að fenginni umsögn Fiskmatsráðs. Fulltrúar hafa stjórn og eftirlit með störfum yfirmatsmanna samkvæmt nánari fyrirmælum viðkomandi forstöðumanns.

9. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsögnum forstöðumanns viðkomandi deildar. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri matsgreina eftir ákvörðun forstöðumanns sem jafnframt getur fært þá milli umdæma.

10. gr.

Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim gera ráð fyrir.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn, en þeir, sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna, skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar.

Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir muni rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær sem starfi þeirra fylgja.

Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa, í allt að þrjá mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu eða undanþágu um stundarsakir að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða, enda hafi hann sýnt alvarlega vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en hann er sviptur löggildingu eða undanþágu.

IV. KAFLI
Ferskfiskdeild.

11. gr.

Ferskfiskdeild skal annast gæða- og stærðarmat á öllum ferskum, nýjum eða ísuðum fiski við löndun hans. Hún skal ennfremur fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hans hefst.

Ferskfiskdeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

12. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal hafa eftirlit með gæðum hráefnis og skal stöðva vinnslu ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum sem settar eru í reglum samkvæmt lögum þessum.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu fisks vegna ónógra gæða ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða í hvaða vinnslu heimilt sé að hagnýta fiskinn. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun vinnslu samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ferskfiskmatsmönnum er óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmats.

V. KAFLI
Afurðadeild.

14. gr.

Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Ennfremur annast afurðadeild mat á afurðum og eftirlit með þeim á öllum stigum vinnslu og þar til þeim er skipað út, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt og ekki hefur verið falið öðrum aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Afurðadeild gefur út útflutningsvottorð sé þess krafist í reglugerð. Deildin skal gæta þess að ekki verði fluttar út sjávarafurðir sem ekki standast þær kröfur sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim setja.

Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.

15. gr.

Hver sá sem ætlar að flytja úr landi sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara.

16. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og ennfremur pökkun og útflutning, ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

VI. KAFLI

Um framleiðsluleyfi og skyldur útflytjenda.

17. gr.

Framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings er óheimil án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda framleiðsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð hráefnis eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu og sviptingu framleiðsluleyfis.

18. gr.

Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn, sem samþykktir eru af afurðadeild, eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir.

19. gr.

Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og taka þátt í yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

20. gr.

Þeir sem flytja út sjávarafurðir eru skyldir til að hafa löggilta lestunarstjóra, eða kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu eða aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Lestunarstjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna afurðadeildar um hleðslu skipa að því er varðar magn, gæðaflokka, útlit, merkingar, umbúnað og þrif í lestum.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir lestunarstjóra skv. tilnefningu forstöðumanns afurðadeildar.

21. gr.

Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða sem lög þessi ná til, er skylt, sé þess óskað, að láta Fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir, sem berast frá erlendum kaupendum, vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur.

Ríkismat sjávarafurða fer með upplýsingar þessar sem trúnaðarmál.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknanna.

Skylt er framleiðanda og útflytjanda að veita starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og mats.

23. gr.

Fiskmatsráð úrskurðar ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits en skjóta má úrskurði þess um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðherra.

24. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur um hvað eina, er snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um umferð og frágang afla um borð í veiðiskipum, meðferð og frágang hráefnis og sjávarafurða í vinnslustöðvum, geymslum og flutningatækjum, matsreglur og vörustaðla, enn fremur um menntun matsmanna og verkstjóra í vinnslustöðvum Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að kaupendur eða seljendur afla og/eða eigendur sjávarafurða skuli greiða kostnað af störfum matsmanna.

25. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Tekjur Ríkismats sjávarafurða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fara eftir lögum þar um eins og þau eru á hverjum tíma.

26. gr.

Hver sá sem sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal sæta sektum eða sviptingu framleiðsluleyfis nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

27. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, ásamt l. nr. 19/1975, 4. gr. l. nr. 27/1976 og l. nr. 14/1981.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum og eldri lögum um sama efni, halda gildi sínu eftir því sem við á.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með 1. mars 1984 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra, fulltrúa og yfirfiskmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Greinargerð.

Með bréfi 6. september 1979 skipaði sjávarútvegsráðherra 5 manna nefnd til að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til einföldunar og sparnaðar í rekstri stofnunarinnar. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, formaður, Ingólfur Ingólfsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, Gísli Jón Hermannsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Tómas Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og Síldarútvegsnefnd.

Nefndin hélt marga fundi og kallaðir voru til viðræðna fulltrúar frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, ásamt starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þann 23. janúar 1980 skilaði nefndin áfangaskýrslu um störf sín og lagði til að tuttugu aðilum úr röðum þjónustustofnana og hagsmunasamtaka í sjávarútvegi yrði send áfangaskýrslan til umsagnar.

Umsagnir bárust frá þrettán aðilum. Í yfirliti yfir rekstur og skipulag stofnunarinnar segir svo í áfangaskýrslunni:

> „Allhörð gagnrýni hefur verið höfð í frammi gagnvart starfsemi stofnunarinnar og má segja að sú gagnrýni sé þríhliða: Frá hagsmunaaðilum, frá hinu opinbera og frá starfsmönnum. Frá hagsmunaaðilum hefur fiskmatið verið gagnrýnt fyrir ófagleg vinnubrögð, stífni og stirðleika og jafnvel hlutdrægni, ennfremur misræmi í mati á milli landshluta og á milli manna á sama stað o. s. frv. Einnig hefur verið kvartað yfir vafasömum og ósamræmdum innheimtuaðgerðum einstakra matsmanna o. fl. Síldarverkendum finnst til dæmis sinn hlutur fyrir borð borinn í starfsháttum F. s. Skreiðarverkendur kvarta undan því, að starfsmenn F. s. taki ekki tillit til kröfugerða viðkomandi markaða, þegar metið er og þannig mætti telja. Gagnrýni hins opinbera er sennilega hvað mest vegna fjármála stofnunarinnar og kostnaðar, einkum af ferskfiskmatinu, þar sem það þjóni í dag litlum öðrum tilgangi en að vera verðfellingaraðili, þ. e. milligönguaðili á milli kaupenda og seljenda. Þáttur þessarar starfsemi hefur numið nærri helmingi af heildarkostnaði við Framleiðslueftirlitið. Ennfremur hefur verið að því fundið af opinberri hálfu, að seljendur saltfisks og skreiðar skuli ekki sjálfir kosta eigið eftirlit í svipuðum mæli og seljendur freðfisks gera. Þá er ekki minnst um verð hin innri gagnrýni, þ. e. sjálfra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Virðist sem innanhússósætti hafi átt talsverðan þátt í því að minnka veg þessarar stofnunar, og komi það bæði niður á þeirri þjónustu, sem stofnunin á að veita og kostnaði við rekstur F. s.“.

Lokaskýrsla nefndarinnar barst sjávarútvegsráðherra síðustu daga októbermánaðar 1980 og er þar lagt til í samandregnum tillögum „Um breytta skipan fiskmatsmála“, eftirfarandi:

1. Lagt er til að sett verði á stofn Fiskmatsráð, skipað fulltrúum hagsmunaaðila og sjávarútvegsráðherra, er hafi með höndum yfirumsjón gæðaeftirlits og mats á sjávarafurðum.
2. Gert er ráð fyrir því, að ferskfiskeftirlit og afurðamat með útfluttum sjávarafurðum verði skilið að. Afurðamatið verði einfaldað og ábyrgð framleiðenda aukin en ferskfiskeftirlitið byggt upp af opinberum trúnaðarmönnum í hverri löndunarhöfn og sérstökum fiskeftirlitsmönnum, hliðstæðum veiðieftirlitsmönnum sjávarútvegsráðuneytisins.

3. Lögð verði sú skylda á sölusamtök og útflutningsaðila að þeir komi á fót eigin framleiðslueftirliti ella kaupi þeir þá þjónustu sérstaklega af afurðamati ríkisins eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum.
4. Sérstök hreinlætis- og búnaðardeild verði lögð niður en slíkt eftirlit í vinnslustöðvum falið almennum afurðamatsmönnum, undir yfirstjórn gerlafræðings er starfi hjá stofnun þeirri er annast afurðamat.
5. Lagt er til að hafist verði handa um að endurskoða allar reglugerðir og opinber fyrirmæli um fiskmat undir yfirstjórn Fiskmatsráðs strax er það hefur störf.
6. Mælt er með því að gefnar verði út samræmdar matsreglur og leiðbeiningar um fiskverkun og fiskmat.

Þann 29. janúar 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra fimm menn í nefnd er kallast Fiskmatsráð og hefur eftirgreind verkefni:

1. Vera ráðuneytinu og forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða til ráðgjafar um framleiðslumál og eftirlit og mat á sjávarafurðum.
2. Endurskoða starfshætti, verklag og reglur Framleiðslueftirlitsins eftir því, sem ráðinu sýnist nauðsynlegt.
3. Fylgjast með starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða og taka fyrir til umfjöllunar þau vandamál og ágreiningsmál sem upp koma hverju sinni.
4. Fiskmatsráð skal í störfum sínum hafa samráð og samvinnu við forstjóra Framleiðslueftirlitsins.

Í Fiskmatsráð voru skipaðir eftirtaldir menn: Halldór Þorsteinsson, forstöðumaður fiskeftirlitsdeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, formaður, Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Jónas Bjarnason, deildarverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafþór Rósmundsson, starfsmaður Sjómannasambands Íslands og Einar M. Jóhannsson, fiskeftirlitsmaður hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

Fiskmatsráð, sem falið var að gera uppkast að frumvarpi þessu, hefur starfað óslitið frá því það var skipað. Fyrsti þáttur í störfum ráðsins var að láta framkvæma úttekt á öðrum meginþættinum í starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða, þ. e. ferskfiskmatinu. Til þess verks voru ráðnir þeir Benedikt Gunnarsson, tæknifræðingur og Sigurjón Auðunsson, fiskeftirlitsmaður. Greinargerð þeirra um úttektina barst Fiskmatsráði og Framleiðslueftirlitinu í september 1982. Þann 2. nóvember 1982 boðaði sjávarútvegsráðherra til fundar með hagsmunaaðilum og þjónustustofnunum í sjávarútvegi um gæðamál í sjávarútvegsframleiðslunni. Á fundinum var lögð fram skýrsla Fiskmatsráðs, dags. 20. október 1982, um „Ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta á skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat". Skýrsla Fiskmatsráðs var að miklu leyti byggð á greinargerð þeirra Benedikts Gunnarssonar og Sigurjóns Auðunssonar um úttektina á ferskfiskmatinu. Þann 29. nóvember 1982 boðaði sjávarútvegsráðherra aftur til fundar með hagsmunaaðilum og lagði fram drög að lagafrumvarpi um Ríkismat sjávarafurða. Eftir kynningu á drögunum og umræður var viðstöddum fulltrúum hagsmunaaðila boðið að senda skriflegar athugasemdir við lagauppkastið. Þrettán umsagnir bárust frá helstu hagsmunasamtökum og þjónustustofnunum í sjávarútvegi. Flestar veigamiklar breytingartillögur voru teknar til greina við samningu frumvarps þessa.

Með fyrirliggjandi lagafrumvarpi er í flestum atriðum tekið undir sex áðurnefndar megintillögur nefndar undir forystu Björns Dagbjartssonar. Veigamesta frávikið varðar tillögu 2 um ferskfiskeftirlit. Gert er ráð fyrir því, að stofnunin verði í tveimur deildum eins og þar er lagt til, en í þessu frumvarpi er gerð tillaga um töluvert öðruvísi fyrirkomulag ferskfiskmatsmála, sbr. meðfylgjandi skýrslu Fiskmatsráðs frá 20. október 1982 „Um ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta á skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat". Sú úttekt sem að baki þessarar skýrslu liggur sem og

margvísleg vandamál, sem upp komu varðandi gæði á íslenskum fiskafurðum á síðastliðnu ári, undirstrika mikilvægi þess að miklar og róttækar endurbætur verði gerðar á ferskfiskmati og ferskfiskeftirliti. Líklegt er að kostnaður við þennan þátt mála vaxi frá því sem nú er en kostnaður vegna afurðadeildar lækki á móti. Fiskmatsráð telur að tillögur fyrri nefndarinnar varðandi ferskfiskmat séu gagnlegar sem markmið en telur þó í ljósi aðstæðna ekki tímabært og reyndar varasamt að draga svo úr umsvifum fiskmatsins eins og þar er gert ráð fyrir.

Í VI. kafla þessa frumvarps eru eftirtalin nýmæli sem ekki eru í núgildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða:

1. Gert er ráð fyrir því, að fiskvinnsla til útflutnings verði leyfisbundin.
2. Ákveðin verkaskipting verði milli framleiðenda og útflytjenda annars vegar og Ríkismatsins hins vegar.
3. Gert er ráð fyrir aukinni ábyrgð fiskiðnaðarins sjálfs á eigin framleiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með heitinu „Ríkismat sjávarafurða" þykir gefin gleggri mynd af starfsemi hinnar nýju stofnunar heldur en með nafninu „Framleiðslueftirlit sjávarafurða". Stofnuninni ber þó ekki einungis að meta fisk og sjávarafurðir heldur einnig hafa eftirlit með meðferð hráefnis eftir löndun, vinnslunni sjálfri svo og búnaði, hreinlæti og hollustuháttum við framleiðsluna.

Nánar er kveðið á um hvaða afurðir skuli falla undir starfssvið Ríkismatsins. Greint er á milli fisks og spendýra. Einnig er skilgreint hvað við er átt með fiskafurðum. Bræðslufiskur er undanþeginn en það er ekki svo í gildandi lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Í reynd hefur málum þó verið þannig háttað. Það eftirlit sem haft hefur verið með bræðslufiski hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

Heimilt er að fela sérstökum aðilum eftirlit með vinnslu og mat á afurðum, sbr. síðar. Yfirmat afurða er hins vegar ekki framkvæmt af öðrum og er þeirri reglu fylgt í frumvarpinu. Eftirlits- eða matsaðilar á vegum framleiðenda eða sölusamtaka verða þó að uppfylla lágmarksskilyrði sem er að finna í 18. og 19. gr.

Um 2. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til að fela sérstökum rannsóknastofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum afurðum. Ríkismati sjávarafurða er ekki ætlað að hafa rannsóknaaðstöðu né heldur sérstakt starfslið, sem getur tekið að sér mjög sérhæfðar rannsóknir, sem kunna að reynast nauðsynlegar, stundum með stuttum fyrirvara. Slíkar rannsóknir geta snert líffræði, eiturefni, sýkla, mengun og geislavirkni, svo dæmi séu nefnd. Óeðlilegt er að Ríkismat sjávarafurða leggi út í kostnaðarsama uppbyggingu og rekstur á sérhæfðri rannsóknastarfsemi sem unnt er að fá hjá öðrum ríkisstofnunum. Sumt af rannsóknarþjónustu er unnt að fá hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gegn greiðslum skv. gjaldskrá sem sjávarútvegsráðuneytið staðfestir.

Aðferðir við gæðamat og ákvörðun eiginleika eru stöðugum breytingum undirorpnar. Sumar þeirra er unnt að þróa af starfsliði Ríkismatsins en aðrar ekki. Jafnvel skynmat ýmiss konar er nú framkvæmt með vísindalegum aðferðum. Til þess að fylgjast með öðrum þjóðum í gæðamálum matvæla er nauðsynlegt að tengja Ríkismatið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með þeim hætti að samráð verði haft milli stofnanna um þróun á vísindalegum mælingaaðferðum.

Með tilkomu Fiskvinnsluskólans, sem hefur kennsluhlutverk að meginmarkmiði, er komin á eðlileg þrískipting fagmála fiskvinnslunnar á opinberum vegum, þ. e. kennsla,

rannsóknir og eftirlit. Rétt þykir að binda í lögum að starfsmenn Ríkismatsins skuli veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

Um 3. gr.

Fiskmatsráði er ætlað að vera faglegur umsagnaraðili, sem gerir tillögur til ráðherra um veitingu embætta stofnunarinnar, sem og setningu reglna um fiskmat, skipulag og rekstur stofnunarinnar. Auk þess er Fiskmatsráð, sem skipað er m. a. fulltrúum frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins, vettvangur til úrlausnar ýmissa ágreiningsmála sem risa kunna vegna starfsemi stofnunarinnar.

Ýmis af þeim vandamálum sem skapast hafa í sambandi við starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða eða í gæðamálum fiskafurða má rekja til þess, að vettvang eins og Fiskmatsráð hefur skort. Almennar gæðaflokkunarreglur fyrir afurðir verða ekki settar svo vel fari án beinnar þátttöku fulltrúa hagsmunaaðila og að frumkvæði þeirra að verulegu leyti. Auk þess eru ýmsar ákvarðanir stofnunarinnar það viðkvæmar og umdeilanlegar að nauðsynlegt er að nefnd en ekki einstaklingar standi að þeim. Það er grundvallaratriði fyrir öryggi í starfi fagmanna í mati á öllum matvælum að þeir ákveði ekki sjálfir þær reglur sem starfað er eftir.

Varðandi val manna í Fiskmatsráð er æskilegt að ráðherra hafi svigrúm til að velja samstæðan hóp sem getur starfað saman að fagmálum. Ekki var talið ráðlegt að binda í lögum nöfn þeirra samtaka í sjávarútvegi sem tilnefna skulu fulltrúa í Fiskmatsráð. Í fyrsta lagi eru samtökin of mörg, og í öðru lagi er æskilegt að meðlimir Fiskmatsráðs líti á sig sem fagmenn og einstaklinga fyrst og fremst, sem þó séu í góðum tengslum við helstu hagsmunasamtök sjávarútvegsins. Þess vegna er skipun í Fiskmatsráð ekki bundin meira en svo, að eigi færri en fjórir þeirra verði úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ráðinn verði fiskmatsstjóri til fjögurra ára. Fiskmatsstjóri er framkvæmdastjóri Fiskmatsráðs og hefur á hendi yfirumsjón með allri starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Hann hefur sér við hlið Fiskmatsráð sem annast víðtæk fagleg verkefni.

Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir því, að fiskmatsstjóri annist fyrst og fremst stefnumótandi málefni og tengsl út á við en forstöðumenn deilda daglegan rekstur.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um helstu verkefni skrifstofu Ríkismatsins. Þau eru fjármál stofnunarinnar svo og úrvinnsla gagna, sem er vaxandi verkefni, og mun það krefjast nýjustu tækni og fagmennsku.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um deildaskiptingu stofnunarinnar. Samkvæmt lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, skiptist sú stofnun í fjórar deildir, hreinlætis- og búnaðardeild, ferskfiskdeild, freðfiskdeild og saltfisk- og skreiðardeild. Verulegar breytingar hafa átt sér stað í mikilvægi og umfangi einstakra deilda sem og varðandi nauðsyn á eftirliti á viðkomandi deildarsviðum. Eftirlit með freðfiskafurðum hefur aukist stöðugt á undanförnum árum á vegum sölusamtaka hraðfrystiiðnaðarins þannig að nauðsyn fyrir opinbert eftirlit hefur minnkað að sama skapi. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og síldarútvegsnefnd eru að auka gæðaeftirlit á eigin vegum og mun sú starfsemi draga úr nauðsyn opinbers eftirlits með flokkun og mati afurðanna, öðru en yfirmati, sem verður áfram á vegum hins opinbera. Gera verður ráð fyrir að sams konar þróun eigi sér stað varðandi aðrar sjávarafurðir svo sem skreið og hrogn. Mikilvægt er, að Ríkismat sjávarafurða verði sveigjanlegt og standi ekki á móti eðlilegri þróun í einstökum framleiðslu-

greinum. Þess vegna er nauðsynlegt að allt afurðamat verði undir einni deild og starfslið verði færanlegt eftir þörfum. Aukin menntun í fiskiðnaði og ný viðhorf í gæðamati fiskafurða opna yfirmatsmönnum möguleika á að sérhæfa sig í aðferðafræði gæðamats þeirra og verða þannig fjölhæfari í störfum sínum en nú er algengast. Stofnunin þarf að útbúa matsreglur í samræmi við þetta og gera yfirmatsmönnum kleift að notfæra sér nýjustu tækni við störf sín.

Ferskfiskdeild verður mikilvæg og umfangsmikil áfram vegna þeirra aðstæðna sem ríkja hér á landi. Ferskfiskmálin eru verulega frábrugðin afurðamatsmálum, ekki síst vegna þess, að með ferskfiskmati er lagður grunnur að verðlagningu hráefnis, sem er viðkvæmt togstreitumál milli kaupenda og seljenda og hefur bein áhrif á tekjur sjómanna. Hreinlætis- og búnaðarmál fiskiskipa og fiskmóttaka eru náskyld gæðamálum fersks fisks. Því er eðlilegt að sú starfsemi heyri undir ferskfiskdeild, ekki síst vegna möguleika á sveigjanlegri nýtingu starfsliðs.

Þá er sett inn ákvæði um skipunartíma, fjögur ár. Áríðandi er að yfirmenn Ríkismats sjávarafurða haldi vöku sinni og að hægt sé að skipta um yfirmenn ef ástæður þykja til. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu við ráðningu yfirmanna við ýmsar aðrar ríkisstofnanir.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir hreinlætisfulltrúa. Honum er ætlað að annast umsjón með öllum hreinlætismálum á vegum stofnunarinnar og vera ráðgefandi forstöðumönnum um allt hreinlætiseftirlit. Fulltrúinn er ábyrgur gagnvart fiskmatsstjóra og gerir tillögur til forstöðumanna deilda um framkvæmd hreinlætiseftirlits sem og um kröfur í tengslum við hæfnisvottorð skipa, vinnslu- og framleiðsluleyfi.

Um 8. gr.

Talið er óhjákvæmilegt að skipa fulltrúa sem sérhæfðir eru í helstu matsgreinum. Þeim er fyrst og fremst ætlað að stjórna og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna í samráði við forstöðumann viðkomandi deildar.

Fulltrúarnir eiga að veita yfirmatsmönnum nauðsynlegar leiðbeiningar og samræma störf þeirra og starfsaðferðir.

Leiðbeiningar- og samræmingarstörf eru afar mikilvæg en hafa orðið útundan í of ríkum mæli.

Um 9. gr.

Stefnt er að því að fækka yfirmatsmönnum frá því sem nú er, enda aukin ábyrgð lögð á herðar söluaðila. Reikna verður þó með einhverjum aðlögunartíma meðan sölusamtök og aðrir söluaðilar skipa sínum málum. Tími og reynsla munu skera úr um það, hver fækkunin getur orðið og hvenær hún telst tímabær.

Um 10. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum í samræmi við lög nr. 108/1974 með síðari breytingum. Þó er fiskmatsstjóra heimilað að veita undanþágur til matsstarfa án löggildingar en undanþágur gilda aðeins í skamman tíma. Sérstakar og ófyrirséðar aðstæður geta leitt til þess, að nauðsynlegt sé fyrir Ríkismatið að grípa til slíkra undanþáguveitinga, en slíkt hefur ekki verið bundið í lögum.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni ferskfiskdeildar verði í aðalatriðum þau sömu samkvæmt þessari grein og eru nú hjá ferskfiskdeild svo og hreinlætis- og búnaðardeild hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða varðandi fiskiskip og flutningatæki. Reiknað er með að ferskfiskmatsmenn og annað starfslið deildarinnar annist hreinlætiseftirlitið eins og hreinlætisfulltrúi ákveður. Til viðbótar annast deildin stærðarmat á öllum afla en í reynd hafa ferskfiskmatsmenn annast stærðarflokkun gegn sérstökum greiðslum frá fiskkaupendum.

Með hliðsjón af 13. gr. er óheimilt að ferskfiskmatsmenn séu á launum frá fiskkaupendum við ferskfiskmat. Til þessa hefur framkvæmd stærðarflokkunar ekki verið bundin í lögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að ferskfiskdeild geti stöðvað móttöku eða bannað vinnslu ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum. Með þessu er valdsvið ferskfiskdeildar að þessu leyti skýrt afmarkað. Lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða gera ráð fyrir stöðvunarvaldi vegna aðfinnsluverðs ástands fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva, hráefnis eða afurða. Í frumvarpi þessu er verkaskipting milli ferskfisk- og afurðadeildar skilgreind í þessum efnum. Gert er ráð fyrir sérstöku framleiðsluleyfi, sbr. 17. gr. í frumvarpinu, sem unnt er að veita og taka af framleiðendum eftir sérstökum reglum.

Ástand hráefnis getur verið þannig, að sérstakt tilefni sé talið til stöðvunar vinnslu, en stöðvunarvaldinu fylgir sú skylda að úrskurða í hvaða vinnslu megi nýta fiskinn.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er ferskfiskmatsmönnum óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmatsins og stærðarflokkunar eða meðan á matinu stendur. Laun matsmanna vegna framkvæmdar þessara laga skulu alfarið koma frá hinu opinbera þótt kostnaður kynni að verða innheimtur að hluta samkvæmt gjaldskrá hjá kaupendum og/eða seljendum afla, sbr. 24. gr.

Vegna mikilvægis ferskfiskmatsins fyrir verðlagningu afla er nauðsynlegt að búa þannig um hnútana, að matsmenn verði óháðir beinum hagsmunaaðilum um verðákvörðun.

Um 14. gr.

Sú nýjung felst einkum í þessari grein að aðalreglan verður sú, að afurðadeild annast aðeins yfirmat. Gert er ráð fyrir að eftirlit með vinnslu og gæðaflokkun færist á hendur samtaka framleiðenda eða sölusamtaka, eins og reyndin hefur orðið í hraðfrystiiðnaðinum. Meðan slíku hefur ekki verið komið á annast Ríkismatið nauðsynlega starfsemi á þessu sviði.

Ennfremur er gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um útflutningsvottorð. Útgáfu þeirra annast afurðadeild.

Útgáfa vinnsluleyfa er í samræmi við núgildandi lög nr. 108/1974, en þau eru hugsuð hér til tryggingar því, að hreinlætisbúnaður vinnslustöðva uppfylli sett skilyrði. Matsmenn og annað starfslið afurðadeildar annast hreinlætiseftirlit.

Um 15. gr.

Í samræmi við núgildandi lög.

Um 16. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir allvíðtæku stöðvunarvaldi á vinnslu eins og er í núgildandi lögum.

Stöðvunarvaldinu fylgir sú skylda að úrskurða á hvern hátt megi nýta þá afurð sem stöðvuð er í vinnslu. Þá ber Ríkismatinu að tilkynna viðkomandi vinnslustöð hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju. Í núgildandi lögum eru þessar skyldur Framleiðslueftirlits sjávarafurða óljóst orðaðar. Þar sem hér gæti verið um viðkvæmt ágreiningsmál að ræða er nauðsynlegt að kveða nokkuð skýrt á um bæði rétt og skyldur.

Um 17. gr.

Það nýmæli er í þessari grein að fiskvinnsla til útflutnings verður háð leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Leyfis er nú eingöngu krafist til skelfisk- og rækjuvinnslu sbr. lög

nr. 12/1975, en ýmsar veiðar hafa um árabil verið leyfisbundnar, t. d. veiðar á rækju, síld, humri, þorski í net o. s. frv. Markmiðið er að auðvelda ráðuneytinu að beita aðferðum til að stýra vinnslu og viðhalda gæðum á sama hátt og veiðileyfi hafa reynst árangursrík við fiskveiðistjórn. Framleiðsluleyfið kemur ekki í stað vinnsluleyfis þess sem nú er gefið út af hreinlætis- og búnaðardeild Framleiðslueftirlitsins.

Um 18. gr.

Samkvæmt gildandi reglugerð er skylt að hafa fiskmatsmenn í hverju hraðfrystihúsi. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði lögbundið, matsmenn verði löggiltir og jafnframt að öllum framleiðendum sjávarafurða til útflutnings verði skylt að hafa löggilta matsmenn í þjónustu sinni enda órökrétt að mismuna vinnslugreinum á þennan hátt.

Með þessu ákvæði er stigið stórt skref til aukinnar verkaskiptingar milli fiskverkenda og Ríkismatsins og ábyrgð framleiðenda aukin.

Um 19. gr.

Þessi grein er nýmæli í lögum. Stærstu útflytjendur sjávarafurða hafa um árabil haft víðtækt gæðaeftirlit á sínum vegum. Eftirlitsmenn samtakanna hafa verið á stöðugum ferðalögum milli þeirra fiskvinnslustöðva sem framleiða undir merkjum þeirra. Veigamikið er fyrir kaupendur að geta treyst því að vara, sem seld er undir sama vörumerki og sama gæðaflokki, sé sambærileg að gæðum. Einnig er mikilvægt að framleiðendur geti treyst því að þeim sé ekki mismunað.

Þar sem slíkt eftirlit er virkt ætti ekki að vera þörf á að Ríkismatið sinni þessu sama hlutverki og er gert ráð fyrir að Ríkismatið feli útflytjendum þetta hlutverk, sbr. heimildir í 1. gr.

Lagagreinin heldur þeim möguleika opnum að útflytjendur geti keypt þessa þjónustu af viðurkenndum aðilum.

Um 20. gr.

Ákvæði um lestunarstjóra er að finna í gildandi lögum og reglugerðum. Það er nýmæli að heimilt yrði að kaupa þessa þjónustu af viðurkenndum aðilum.

Um 21. gr.

Í þessari grein er fjallað um upplýsingaskyldu útflytjenda þegar um kvartanir kaupenda er að ræða vegna meintra galla og fjárhagskröfur af sömu sökum.

Um 22. og 23. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum.

Um 25. og 26. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Fyrri málsgrein fjallar um það að fella niður öll lög, sem í gildi eru, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Síðari málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun taki til starfa að fullu 1. mars 1984. Ef það á að gerast verður frumvarpið að verða að lögum fyrir næstu áramót. Yrðu janúar- og febrúarmánuðir 1984 þá notaðir til að auglýsa og skipa í hinar nýju stöður.

Ed. 88. Frumvarp til lögræðislaga. [83. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

1. gr.

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

2. gr.

Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá lögráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

II. KAFLI

3. gr.

Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

a) Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms.
b) Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hriðuleysi um eignir sem eru í umráðum hans.
c) Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrði, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.
d) Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.
e) Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja, eftir því sem við á, ef aðstæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

4. gr.

Mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skulu rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi.

5. gr.

Sóknaraðili að lögræðissviptingarmáli getur verið:

a) Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
b) Lögráðamaður aðila.
c) Sá sem skyldur er að lögum að framfæra aðila og sá sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
d) Sá sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.

e) Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.
f) Dómsmálaráðuneytið, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt.

Ennfremur getur maður sjálfur óskað eftir úrskurði dóms um að hann skuli vera sviptur lögræði.

6. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara) þar sem maður sá er krafan varðar á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað, og skal þá með mál farið þar sem varnaraðili átti síðast heimili eða dvalarstað.

Krafa skal vera skrifleg og tilgreina hvort krafist sé sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja. Þar skal grein gerð fyrir aðild sóknaraðila, ástæðum sem taldar eru vera til sviptingarinnar og öðru því sem máli skiptir. Kröfugerð fylgi skrifleg gögn eftir því sem við verður komið.

Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

7. gr.

Dómari skal taka málið fyrir svo fljótt sem unnt er. Hann kallar varnaraðila fyrir dóm og kynnir honum kröfuna nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði yfirlæknis á sjúkrahúsi eða annars embættislæknis að það sé tilgangslaust.

Dómari skipar varnaraðila verjanda og gefur honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili samþykkir kröfu um lögræðissviptingu, nema svo standi á sem í a-lið 1. mgr. 3. gr. segir. Þá er óskylt að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns, svo og ef maður óskar þess sjálfur að hann verði sviptur lögræði.

Dómari getur krafið sóknaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Hann getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Ef sérstök ástæða er til getur hann leitað aðstoðar lögreglustjóra til öflunar gagna.

Nú hefur maður sjálfur óskað eftir lögræðissviptingu og metur dómari allt að einu hvort ástæða sé til sviptingar.

Eftir að gagnaöflun er lokið og varnaraðila eða verjanda hans hefur verið gefinn kostur á að flytja eða leggja fram vörn kveður dómari upp úrskurð í málinu.

8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði og birtir dómari þá eða lætur birta úrskurð fyrir varnaraðila eða verjanda hans.

Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla skal dómari einnig annast um að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá sem sviptur er fjárræði á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er á verslanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skipa og verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum yfirlögráðanda og öðrum þeim stjórnvöldum sem um hann þurfa að vita.

9. gr.

Nú telur sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema eitt ár hið skemmsta sé liðið frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim er málið varðar kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

10. gr.

Dómsathöfnum þeim sem um ræðir í þessum kafla má skjóta til æðra dóms með kæru, og fer um hana eftir reglum II. kafla laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, eftir því sem við á.

Eigi frestar kæra framkvæmd úrskurðar.

Eftirrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Nú er úrskurði héraðsdóms breytt í Hæstarétti og gerir héraðsdómari þá þegar þær ráðstafanir sem við eiga, sbr. 4. mgr. 9. gr.

11. gr.

Í málum samkvæmt þessum kafla skal engin dómgjöld greiða.

Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs verjanda og annan málskostnað skal greiða úr ríkissjóði.

Ef kæra til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaus má þó gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

III. KAFLI

12. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.

13. gr.

Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Þó má hefta frelsi manns ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fer skv. 14. — 17. gr. hér á eftir.

14. gr.

Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans geta þeir aðilar gert sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan.

15. gr.

Beiðni um vistun skal beina til dómsmálaráðuneytis.

Beiðni skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja gögn um aðild beiðanda, sbr. 5. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað er máli skiptir. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð þar

sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Læknisvottorð skal að jafnaði eigi vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu.

16. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal þegar í stað taka beiðni um vistun til afgreiðslu. Það skal kanna málavexti og getur, eftir því sem ástæða er til, aflað skýrslna þeirra manna sem málinu eru kunnugir.

Dómsmálaráðuneytið skal án óþarfs dráttar ákveða hvort vistun skuli heimiluð eða ekki. Ákvörðun skal vera skrifleg og skal tilkynnt þeim er beiðni ber fram, en þar að auki yfirlækni á hlutaðeigandi stofnun ef beiðni er samþykkt.

17. gr.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá, ef þörf krefur, áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

18. gr.

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara er greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður.

Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

19. gr.

Vistun manns í sjúkrahúsi má eigi gegn vilja hans haldast lengur en nauðsyn krefur.

Vistun lýkur þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, og eigi síðar en 15 sólarhringum frá því hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði.

IV. KAFLI.

20. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

21. gr.

Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptinguna.

Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla, eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með fé, getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka fé að nokkru eða öllu leyti til varðveislu, og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé svo og verðmætis er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

22. gr.

Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

Nú hefur maður verið sviptur lögræði, og binda hann þá ekki löggerningar, sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan tveggja vikna frá uppkvaðningu. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

23. gr.

Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning, sem hann skorti heimild til að gera, og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann, og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, og getur hann þá ekki riftað samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns, ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann, og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar, þá getur hann ekki riftað samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

24. gr.

Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings, og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans, eftir því sem hér segir:

a) Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut, sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila, ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans, sem fyrir hendi voru, þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.
b) Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald, að því leyti sem verðmætin hafi orðið honum að notum.

Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta, eða hann hefur á saknæman hátt valdið því, að hlutur hefur farið forgörðum, er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur, og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

Nú sannast í opinberu máli að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd, og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

V. KAFLI

25. gr.

Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldris stað ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga, nr. 9/1981.

26. gr.

Þeir sem fara með forsjá barns samkvæmt því sem segir í 36., 37. og 38. gr. laga nr. 9/1981 skulu einnig hafa á hendi fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir.

27. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja), og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann.

Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann sem ófjárráða er fyrir æsku sakir er lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

28. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

29. gr.

Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns er það hefur forsjá fyrir og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

30. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lögráð varða.

Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómsmálaráðuneytisins.

31. gr.

Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann, svo sem sjálfráða hefði hann gert.

32. gr.

Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann, svo sem fjárráða hefði hann gert.

33. gr.

Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

34. gr.

Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

35. gr.

Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

Dómsmálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr., þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

36. gr.

Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaup og sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess, að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

37. gr.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi, nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

38. gr.

Reiðufé ófjárráða manna skal ávaxta tryggilega, eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis.

Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr ⅔ hlutum af fasteignamati eignarinnar.

39. gr.

Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram, að lánið sé allt þegar afturkræft, ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar.

40. gr.

Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur.

Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðanda með þeim.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði, og lög nr. 26 21. maí 1979, um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið af nefnd, sem dómsmálaráðuneytið skipaði 19. nóvember 1980 til þess að endurskoða lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði. Frumvarpið var lagt fyrir 105. löggjafarþing í desember 1982 en varð ekki útrætt.

Í nefndinni áttu sæti: Björn Þ. Guðmundsson, prófessor, Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, og Guðrún Erlendsdóttir, dósent, sem skipuð var formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Ólöf Pétursdóttir, ráðuneytisfulltrúi.

Í skipunarbréfi var verksvið nefndarinnar nánar ákveðið og lögð áhersla á að við endurskoðunina yrði sérstaklega hugað að lagareglum í II. kafla l. 95/1947, um sviptingu lögræðis og brottnám lögræðissviptingar, svo og að réttarstöðu þess sem sætir slíkum að-

gerðum. Í því samhengi skyldi einnig athuga reglur 31. gr. l. 95/1947. Var nefndinni falið að leita samráðs við sérfróða aðila um læknisfræðileg viðhorf.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 8. desember 1980, og hefur nefndin haldið 29 fundi. Lárus Helgason, yfirlæknir, hefur mætt á 5 fundi hjá nefndinni, og nefndin hefur haft samráð við Geðlæknafélag Íslands og nefnd sem vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

II.

Lög 95/1947, um lögræði, voru til mikilla bóta á sínum tíma, en þau komu í staðinn fyrir lög nr. 60 14. nóvember 1917. Meðal annars voru sett ítarleg ákvæði um sviptingu lögræðis og réttarfar í slíkum málum og um löggerninga ólögráða manna, en það var nýmæli í íslenskum lögum. Einnig voru sett ákvæði til tryggingar þeim mönnum sem settir eru til langdvalar í sjúkrahús gegn eigin vilja.

Helstu breytingar á gildandi lögum, sem í frumvarpinu felast, eru í II., III. og V. kafla frv., þ. e. um réttarfar í lögræðissviptingarmálum, sjúkrahúsvistun án samþykkis manns og lögráðendur. Aðrar breytingar eru að mestu orðalagsbreytingar.

III.

Um I. kafla.

Þessi kafli er fyrst og fremst umorðaður og er lagt til að greinar verði nú tvær í stað fjögurra, skv. l. 95/1947.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðið „fullráða“ verði fellt niður, þar sem það sýnist óþarft enda ekki almennt notað í lagamáli.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. l. 95/1947 sýnist og óþarft og er því lagt til að það verði fellt brott.

Að öðru leyti er hér steypt saman í eina grein ákvæðum 1. mgr. 1. gr. og 2. og 3. gr. l. 95/1947.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því að lagt er til að í stað orðsins „fullráða“ komi „lögráða“, sbr. aths. við 1. gr. frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar.

Samkvæmt l. 95/1947 skyldu slík mál rekin sem einkamál eftir sérstökum reglum sem er að finna í II. kafla laganna. Með 4. tl. 2. gr. l. 27/1951, um meðferð opinberra mála, var ákveðið að mál þessi skyldu sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, og hefur ákvæði þetta síðan haldist, sbr. nú 4. tl. 2. gr. l. 74/1974. Síðan 1951 hafa lögræðissviptingarmál því verið rannsökuð á líkan hátt og refsimál, málshöfðun verið í höndum ríkissaksóknara og málinu lyktað með dómi. Óvissa hefur þó ríkt um ýmis réttarfarsatriði þessara mála, enda hafa réttarfarsreglur l. 95/1947 aldrei verið afnumdar formlega.

Telja verður óeðlilegt að með lögræðissviptingarmál sé farið að hætti opinberra mála og að eigi séu haldbær rök fyrir því að sóknaraðild í þeim sé í höndum ákæruvaldsins. Eigi finnast heldur dæmi í löggjöf nágrannalanda um slíka skipun lögræðissviptingarmála.

Hér er því lagt til að mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar verði færð aftur í sitt upprunalega horf, þ. e. að þau sæti afbrigðilegri meðferð einkamála, verði rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi og að dómarar í þeim séu hinir reglulegu héraðsdómarar, í Reykjavík borgardómarar.

Um 3. gr.

Hér eru tilgreindar ástæður þær sem leitt geta til lögræðissviptingar. Greinin er samhljóða 5. gr. l. 95/1947, að öðru leyti en því að orðunum „eða annarrar sturlunar“ í 2. tl. 5. gr. er sleppt, og í stað orðsins „deyfilyfja“ í 3. tl. koma orðin „ávana- og fíkniefni“ í c-lið 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér segir að mál skuli rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi, sbr. það sem rakið var að framan.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 7. gr. l. 95/1947. Auk þeirra sem þar eru taldir er hér ákvæði um að félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar geti verið aðili að lögræðissviptingarmáli. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að maður geti sjálfur óskað eftir að hann verði sviptur lögræði og svarar ákvæðið til 1. tl. í 7. gr. l. 95/1947.

Um 6. gr.

Samhljóða 8. og 9. gr. l. 95/1947.

Um 7. gr.

Hér eru settar reglur um málsmeðferðina, og kemur hún í stað 10. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. er svo fyrir mælt að varnaraðili skuli koma fyrir dóm ef kostur er, en samsvarandi ákvæði er ekki í l. 95/1947. Skipa skal varnaraðila verjanda, svo sem einnig er skylt skv. 1. mgr. 10. gr. l. 95/1947, en þó er gert ráð fyrir að það sé ekki skylda ef maður óskar sjálfur eftir lögræðissviptingu eða hefur sjálfur ráðið sér málsvara. Skv. 3. mgr. á dómari að krefja sóknaraðila gagna til styrktar kröfu hans, en getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum eða leitað aðstoðar lögreglu ef sérstaklega stendur á. Þessi ákvæði eiga að koma í stað þeirrar reglu 1. mgr. 10. gr. l. 95/1947 að dómari rannsaki mál að hætti opinberra mála, en samkvæmt núgildandi réttarfarsreglum er rannsókn opinberra mála yfirleitt ekki í höndum dómara. 4. mgr. svarar til 2. mgr. 10. gr. l. 95/1947. Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að varnaraðila eða verjanda hans sé gefinn kostur á að flytja fram vörn í málinu áður en úrskurður er upp kveðinn, og er það í samræmi við það sem tíðkast í reynd.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. segir að úrskurð skuli birta fyrir hinum lögræðissvipta eða verjanda hans. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 11. gr. l. 95/1947. 2. og 3. mgr. eru samhljóða samsvarandi málsgreinum í 11. gr.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur í stað 12. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að hinn lögræðissvipti sjálfur geti borið fram ósk um að lögræðissvipting verði úr gildi felld, auk þess sem sá er krafðist lögræðissviptingarinnar getur borið fram slík tilmæli.

Um 10. gr.

Í 13. gr. l. 95/1947 segir að áfrýjun í lögræðissviptingarmálum og málum til brottnáms lögræðissviptingar fari eftir reglum um áfrýjun opinberra mála. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að slíkum málum megi skjóta til Hæstaréttar samkvæmt reglum l. 75/1973 um kæru, en sú málskotsleið þykir einfaldari og eiga betur við eins og hér stendur á. Í samræmi við það eru niður felld ákvæði 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. l. 95/1947. 2. og 3. mgr. 10. gr. frv. eru að efni til samhljóða 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. l. 95/1947.

Um 11. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 15. gr. l. 95/1947. Í 2. mgr. er þó svo fyrir mælt að allan sakarkostnað skuli greiða úr ríkissjóði, en í samsvarandi ákvæði 15. gr. er einungis rætt um málflutningslaun.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um bráðabirgðavistun manns í sjúkrahúsi án samþykkis hans.

Svipting lögræðis er mikil röskun á persónufrelsi manna, og hefur löggjafinn reynt að tryggja sem best réttaröryggi þeirra, sem slíkri meðferð sæta. Fram til ársins 1917 gátu stjórnvöld svipt menn lögræði, en með l. 60/1917 voru þau mál lögð undir dómstóla til að tryggja það, að slík frelsisskerðing yrði ekki framkvæmd nema öruggt væri, að rík ástæða væri fyrir hendi.

Í 31. gr. l. 95/1947 er mælt fyrir um framkvæmd þess, þegar vista þarf mann í sjúkrahúsi án hans samþykkis. Samkvæmt þeirri grein þarf alltaf að svipta mann sjálfræði, þegar þannig stendur á, auk þess sem krafist er samþykkis dómsmálaráðuneytis. Þó er heimilt að svipta mann frelsi til bráðabirgða, en slík frelsisskerðing má ekki vara lengur en í 2 sólarhringa, án þess að krafa sé gerð til dómara um sjálfræðissviptingu. Dómarinn á síðan að taka kröfuna strax til meðferðar og kveða upp úrskurð í málinu.

Framkvæmd þessara mála hefur ekki orðið á þann veg, sem lögin mæla fyrir um. Framkvæmdin hefur orðið sú, að sviptingarbeiðnin ein er látin nægja, ásamt vottorði læknis og samþykki dómsmálaráðuneytis, en dómarinn tekur málið ekki strax til meðferðar, nema sjúklingur óski sérstaklega eftir því.

Aðalástæðan fyrir þessari framkvæmd er tillitsemi við sjúklinginn. Allir þeir, sem að þessum málum vinna, eru sammála um, að það sé ómannúðlegt að íþyngja sjúklingum með því að láta þá ganga í gegnum lögræðissviptingarmál. Þá virðist vera óþarflega harkalegt, að aðstandendur þurfi að láta svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til þess að hægt sé að koma honum í sjúkrahús. Hin öra þróun geðlækninga hefur haft það í för með sér, að hægt er að lækna sjúkling á mun styttri tíma en áður var unnt, og eru læknar almennt á móti því, að menn séu sviptir sjálfræði til þess að unnt sé að vista þá í sjúkrahúsi.

Í könnun sem gerð var á Kleppsspítala kom fram að af 114 sjúklingum, sem þar voru vistaðir gegn vilja sínum árin 1977 og 1978, voru aðeins 4 sviptir sjálfræði með dómi.

Það er því ljóst, að aðeins í fáum tilvikum kemur til sjálfræðissviptingar á þeim sjúklingum, sem lagðir eru inn gegn vilja sínum.

Nefndin íhugaði að taka út úr lögræðislögunum ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi án þeirra samþykkis, og semja sérstakt frumvarp um vistun slíkra sjúklinga. Hvorki á Norðurlöndum né Bretlandi eða Bandaríkjunum er þess krafist, að maður sé sviptur sjálfræði til þess að hægt sé að vista hann í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Þar eru aftur á móti sérstök lög um nauðungarvistun geðsjúkra manna.

Athugasemdir frá Geðlæknafélagi Íslands bera það með sér, að það er eindregið mótfallið því, að sett verði sérlög um geðveika menn, og telur heppilegra, að slík ákvæði verði í lögræðislögum.

Í III. kafla frv. eru gerðar tillögur um skammvinna vistun manna í sjúkrahúsi, án þess að til sjálfræðissviptingar komi. Þetta er nánast lögfesting á framkvæmd þessara mála eins og hún er í raun.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 16. gr. l. 95/1947.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram aðalreglan, þ. e. að sjálfráða maður verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá aðalreglunni, þar sem heimilað er að vista mann til bráðabirgða til meðferðar í sjúkrahúsi, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna, og vistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

Það er alltaf læknir, sem verður að meta sjúkdóminn, og hann verður að vera svo alvarlegur, að vistun sé óhjákvæmileg að mati hans.

Um 14. gr.

Þeir, sem geta beðið um vistun manns í sjúkrahúsi gegn samþykki hans, eru hinir sömu og taldir eru upp í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. frv.

Það athugist, að dómsmálaráðuneytið getur ekki sett fram beiðni um vistun, enda er það sá aðili sem úrskurða skal um vistunina.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þessi grein fjallar um meðferð ráðuneytisins á beiðninni. Í þessari grein er lögð áhersla á hraða og örugga málsmeðferð.

Um 17. gr.

Í þessari grein er það nýmæli, að sérstakur trúnaðarlæknir starfi á vegum dómsmálaráðuneytisins, sem það geti leitað umsagnar hjá áður en heimild er veitt til vistunar.

Um 18. gr.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram að ákvörðun skv. 16. gr. verði skotið til dómstóla. Greinin fjallar um meðferð slíkra mála og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þessi grein kveður skýrt á um það, að vistun manns í sjúkrahúsi er aðeins til bráðabirgða og má aldrei haldast lengur en í 15 sólarhringa. Það mun aðeins vera í undantekningartilvikum að sjúklingur sé ekki orðinn sér það meðvitandi um sjúkdóm sinn og nauðsyn læknismeðferðar eftir 15 daga meðferð, að hann samþykki ekki að vera áfram, ef læknir telur þess þurfa. Ef yfirlæknir telur, að nauðsynlegt sé að hafa mann lengur til meðferðar en þessa 15 daga, og sjúklingur samþykkir það ekki, þá verður að gera kröfu fyrir dómi, um að hann verði sviptur sjálfræði.

Um IV. kafla.

Ekki hefur þótt ástæða vera til efnisbreytinga á reglum um löggerninga ólögráða manna o. fl., sbr. III. kafla l. 95/1947.

Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 21. gr. og að 2. mgr. 22. gr. verði breytt í samræmi við breytta tíma.

Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla samhljóða ákvæðum III. kafla l. 95/1947.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. i.f. breytist orðið „lögræðissviptinguna“ í „sviptinguna“ og í 2. mgr. i.f. kemur orðið „fjárræðis“ í stað „lögræðis“.

Að öðru leyti er greinin eins og 18. gr. l. 95/1947.

Um 22. gr.

Eins og nú háttar er eðlilegt að miða réttaráhrif þau sem 2. mgr. fjallar um við uppkvaðningu úrskurðar um lögræðissviptingu og að sami frestur gildi um birtingu hans í Lögbirtingablaði hvar sem er á landinu, þ. e. 2 vikur frá uppkvaðningu hans.

Að öðru leyti er greinin eins og 19. gr. l. 95/1947.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um lögráðendur, störf þeirra, skyldur og réttindi.

2.—4. mgr. 22. gr. og 23. gr. l. 95/1947, sem fjölluðu um foreldravald yfir börnum, voru felldar úr gildi með 1. mgr. 58. gr. barnalaga nr. 9 15. apríl 1981. Heildarákvæði um forsjá (foreldravald, forræði) barna eru því nú í barnalögunum.

Í frv. er hugtakið „forsjá“ notað í stað „foreldravalds“ til samræmis við barnalögin.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingum á skipun lögráðamanna eða störfum þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík er ákaflega erfitt að fá menn til að vera lögráðamenn. Ljóst er, að nauðsynlegt er, að manni sé skipaður lögráðamaður strax og hann hefur verið sviptur lögræði. Starf lögráðamanns getur oft á tíðum verið mjög erfitt, sérstaklega ef um er að ræða geðsjúkan mann. Það er því skiljanlegt, að menn kinoki sér við að taka við slíku starfi, sem auk þess er launalaust.

Nefndin íhugaði það, hvort taka skyldi ákvæði inn í frv. um, að það væri borgaraleg skylda fyrir vissa aðila, þ. e. tiltekna vandamenn og lögmenn, að vera lögráðamenn, en taldi þann kost ekki tiltækan að svo stöddu.

Einnig íhugaði nefndin breytingu á 26. gr. l. 95/1947 um skipun lögráðamanns „ad hoc“. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík, er þeirri grein aðallega beitt um ellisljótt fólk, þegar nauðsynlegt er að gera einhverjar fjármálaráðstafanir því viðkomandi. Það er óneitanlega ógeðfellt að þurfa að svipta fólk lögræði og auglýsa það í Lögbirtingablaði. Nefndin gat þó ekki komið auga á önnur úrræði, sem væru jafntrygg fyrir viðkomandi, og mælir því ekki með breytingum.

Nefndin leggur til, að 30. gr. l. 95/1947 verði ekki tekin með í frv. og telur ekki ástæðu til að hafa slíkt ákvæði í lögræðislögum.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 22. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því að í stað foreldravalds kemur hugtakið forsjá. Vísað er til ákvæða barnalaga nr. 9/1981, þar sem eru heildarákvæði um forsjá barna, en með þeim lögum voru felld úr gildi ákvæði 2.—4. mgr. 22. gr. og 23. gr. l. 95/1947. 36., 37. og 38. gr. l. 9/1981 koma í stað 2.—4. mgr. 22. gr. l. 95/1947, en 42. gr. barnalaga kemur í stað 23. gr. l. 95/1947.

Um 26. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 24. gr. l. 95/1947 og kveður á um það, að þeir sem fara með forsjá barns skulu einnig fara með fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir ásku sakir. Í 36., 37. og 38. gr. l. 9/1981 eru ákvæði um það, hverjir fara með forsjá barns, og í 35. gr. þeirra laga er skýrgreining á því, hvað felist í forsjá. Þar segir í 3. mgr. 35. gr., að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og gegna öðrum foreldraskyldum og jafnframt að þeir, sem hafa forsjá barns með hendi, hafi rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins. Þeir, sem fara með forsjá barns, eru því lögbornir lögráðamenn barns, uns það verður lögráða, og þarf ekki að skipa því lögráðamann meðan þeirra nýtur. Þeir, sem fara með umráð barns um stundarsakir samkvæmt 42. gr. barnalaga, eru ekki lögbornir lögráðamenn.

Um 27. gr. og 28. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 25. gr. og 26. gr. l. 95/1947.

Um 29. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 27. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. kemur „lögráða“ í stað „fullráða“ og í 2. mgr. „forsjá“ í stað „foreldravalds“.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því, að í Reykjavík er talað um borgarfógeta í fleirtölu í stað eintölu.

Um 31., 32., 33. og 34. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 29., 32., 33. og 34. gr. l. 95/1947 og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

1. mgr. er samhljóða 35. gr. l. 95/1947 þar sem bannað er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. Slíkir löggerningar geta verið mjög varhugaverðir og sjaldnast til hags hinum ófjárráða. Rétt þykir þó að veita dómsmálaráðuneytinu undanþáguheimild, og í 2. mgr. er ráðuneytinu veitt heimild til að víkja frá þessu banni, ef sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða. Er ætlast til, að undanþáguheimildinni verði beitt með ýtrustu varfærni.

Um 36. og 37. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 36. og 37. gr. l. 95/1947 og þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, að reiðufé ófjárráða manna skuli ávaxta tryggilega, eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis. Ekki þykir rétt að binda í lögum hvernig ávaxta skuli fé ófjárráða, þar sem það er mjög breytilegt hvernig best er að ávaxta fé, og þykir réttast að láta það vera háð mati ráðuneytisins á hverjum tíma.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 38. gr. l. 95/1947.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 1. málslið 39. gr. l. 95/1947, en sleppt er 2. málslið þeirrar greinar, og fer um þessi mál samkvæmt almennum reglum.

Um 40. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. málslið 1. mgr. 40. gr. l. 95/1947, en ekki er tekinn 2. málsliður 1. mgr. Ekki hefur verið farið eftir þessu ákvæði í langan tíma, og þykir nægilegt, að lögráðamaður geri yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi er slitið.

2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 40. gr. l. 95/1947.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir fjölda lögræðissviptingarbeiðna á árunum 1974 til september 1980 (incl.) og fjölda lögræðissviptingarmála, sem lokið var með dómi á sama tíma.

Ár	Fjöldi beiðna	Fjöldi dóma	Sjálfr.-svipt.	Fjárræðis-svipt.	Sjálfr.- og fjárræðis-svipt.	Sýkna
1974	37	5	1	2	1	1
1975	34	8	2	2	4	
1976	54	6	2		4	
1977	53	3	1		2	
1978	68	7		5	1	1
1979	57	4		2	2	
1980 (9 mán.)	39	3	3			

Fyrstu 9 mánuði ársins 1980 voru 3 málshöfðanir felldar niður. 1. október 1980 var eitt mál hjá ríkissaksóknara til ákvörðunar.

Fylgiskjal II.

Helstu ástæður lögræðissviptingarbeiðna, sem getið er í beiðnunum sjálfum eða fylgiskjölum, á árunum 1977 til september 1980 (incl.), (í grófum dráttum).

Ár	Drykkjusýki og/eða lyfjaneysla	Geðrænir sjúkdómar	Annað eða óljóst tilgreint
1977	45%	51%	4%
1978	43%	57%	
1979	26%	72%	2%
1980	19%	76%	5%

Fylgiskjal III.

Lögræðissviptingar frá 1915 til 1. júní 1982

Fjárræðissviptingar	33
Sjálfræðissviptingar	157
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	127
Ekki upplýst um tegund sviptingar	19
Lögræðissviptingar alls	336

Brottnám lögræðissviptinga frá 1915 til 1. júní 1982

Fjárræðissviptingar	3
Sjálfræðissviptingar	29
Lögræðissviptingar	33
Brottnám lögræðissviptinga alls	65

Lögræðissviptingar skiptast eftir árum með eftirfarandi hætti

1915—19	1 lögræðissvipting
1920—29	6 lögræðissviptingar
1930—39	6 lögræðissviptingar
1940—49	29 lögræðissviptingar
1950—59	80 lögræðissviptingar
1960—69	102 lögræðissviptingar
1970—79	80 lögræðissviptingar
1980—82	29 lögræðissviptingar
Ekki upplýst um dags.	3 lögræðissviptingar

Samtals 336 lögræðissviptingar

Ed. 89. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 56 30. maí 1979, um dómvexti, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 56/1979 orðist svo:

Krefjist aðili þess í héraðsdómsstefnu, skal í dómi ákveða vexti af dæmdri fjárhæð fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags 5% hærri heldur en vextir eru ákveðnir á hverjum tíma af innistæðum í almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum, enda falli þá niður frá sama tíma samningsvextir og verðtrygging, þar með talin gengistrygging, sem um kann að hafa verið samið. Vaxtavextir skulu reiknaðir ef tímabil það, sem hér um ræðir, er lengra en 12 mánuðir. Aldrei skal þó reikna vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

Dæma má dómvexti þótt vaxtahæð sé ekki greind í stefnu.

Ekki skal dæma dómvexti þegar atvik þau, sem greinir í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur stefna í máli verið birt fyrir gildistöku laga þessara og stefnandi eigi gert þar kröfu um dómvexti getur hann komið dómvaxtakröfu að á síðara stigi málsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og fylgdi frumvarpinu svohljóðandi

Greinargerð.

Með lögum nr. 56 30. maí 1979 voru sett ákvæði um svonefnda dómvexti. Er þar boðið, að krefjist aðili þess, skuli vextir í dómsmáli fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags ákveðnir jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru lögum samkvæmt, þannig að sem fyllst tillit verði tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Ákvæði þessi hafa reynst nokkuð erfið í framkvæmd og mörg vafaatriði komið upp. Athugun bendir til þess að á tímabilinu frá 1. október 1982 til 21. september 1983 hafi Hæstiréttur talið að réttir dómvextir væru 47% á ári.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur þessar verði gerðar skýrari og einfaldari. Dómvaxta verði að krefjast í stefnu, en ekki þurfi þar að greina vaxtahæð. Komi fram í stefnu krafa um dómvexti, skuli frá birtingardegi hennar til greiðsludags ákveða vexti af dæmdri fjárhæð jafna vöxtum af almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum að viðbættum 5%. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 16. september, sbr. auglýsingu frá 18. október 1983, eru vextir af almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum 32% á ári. Dómvextir myndu því verða 37% á ári. Krefjist aðilar í dómsmáli dómvaxta, þá falla jafnframt niður samningsvextir, verðtrygging og gengistrygging, sem um kann að hafa verið samið. Ef um verðtryggða eða gengistryggða kröfu er að ræða og aðili vill halda þeirri tryggingu, þá fær hann ekki dómvexti, en getur beitt ákvæðum 2. tl. III. kafla fyrrgreindrar auglýsingar Seðlabankans og krafist vaxta, sem eru 5% á ári til viðbótar samningsvöxtum. Á sama hátt

myndi aðili, ef um lögmæt viðskipti í erlendum gjaldmiðli væri að ræða, geta beitt ákvæðum c liðar 2. tl. IV. kafla nefndrar auglýsingar Seðlabankans og krafist 5% vaxta til viðbótar lögmætum vöxtum af innlendum gjaldeyrisreikningum.

Það er gömul og föst réttarvenja að reikna ekki vaxtavexti af dómkröfum. Eins og vaxtamálum hér á landi hefur verið og er enn háttað getur slíkt valdið verulegu tjóni fyrir kröfuhafa þrátt fyrir ákvæðin um dómvexti. Í frumvarpinu er því lagt til að reiknaðir verði vaxtavextir ef tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags er lengra en 12 mánuðir. Vaxtavextir verði þó aldrei reiknaðir oftar en á 12 mánaða fresti. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum 1. tl. III. kafla auglýsingar Seðlabankans, þeirrar er áður hefur verið getið.

Ákvæðið til bráðabirgða er til að koma í veg fyrir mismunun milli manna vegna lagabreytinganna.

Nd. 90. Frumvarp til laga [85. mál]

um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á, með þeim frávikum sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem 3/4 íbúanna eru búsettir í þéttbýli, skal kjósa hlutfallskosningu.

Í öðrum sveitarfélögum skulu sveitarstjórnarkosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa hlutfallskosningu, ef 25 kjósendur, sem eru á kjörskrá, eða 1/10 hluti kjósenda, sem eru á kjörskrá í hlutaðeigandi sveitarfélagi, krefjast hlutfallskosningar í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur, eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í hlutbundinni kosningu, og skal þá kosning vera óbundin. Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti, og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest í tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður fram kominn framboðslisti sjálfkjörinn.

3. gr.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er 4 ár.

4. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í apríl.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna sameiningar sveitarfélaga, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða kosning hefur verið úrskurðuð ógild, og skal þá kosning fara fram svo fljótt sem við verður komið.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15. dag næsta mánaðar eftir kosningu og situr til 15. maí það ár sem næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram.

5. gr.

Kosningarétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

a) eru 18 ára þegar kosning fer fram,
b) eru íslenskir ríkisborgarar,
c) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns, og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning

samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a- og c-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarétt í því sveitarfélagi, þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út.

6. gr.

Kjörgegnir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu, hafa ekki verið sviptir lögræði og ekki verið dæmdir sekir um verknað, sem að almannamati gerir mann óhæfan til að sitja í sveitarstjórn.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án leyfis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum og sex dögum fyrir kjördag, að hann skorist undan endurkjöri.

7. gr.

Á kjörskrá skal taka: 1) þá sem fullnægja öllum skilyrðum 5. gr. laga þessara þegar kjörskrá er samin 2) þá sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. tl. þessarar mgr. að þeir hafa ekki fyllt 18 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja því skilyrði fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt nefndum skilyrðum, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt. Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

Kjörskrár skulu byggðar á kjörskrárstofni, sem Hagstofan lætur sveitarstjórnum í té skv. 2. tl. 3. gr. laga 54/1962. Skal kjörskrárstofn saminn með tilliti til ákvæða þessara laga.

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

8. gr.

Nú ber nauðsyn til að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá sveitarstjórn stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

Þegar aukakosningar fara fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar, skal kosið samkvæmt fyrri kjörskrá, en þá ber að taka af kjörskránni nöfn þeirra manna sem flutt höfðu lögheimili sitt úr sveitarfélaginu þegar tvær vikur voru til kjördags síðari kosninganna eða fullnægja ekki lengur almennum kosningaréttarskilyrðum.

9. gr.

Í hverju sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð þrem mönnum. Sveitarstjórn kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, yfirkjörstjórn til eins árs í senn úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafnmarga til vara.

Þar sem sveitarfélagi er ekki skipt í kjördeildir skal ekki kosin yfirkjörstjórn, en undirkjörstjórn annast þá störf yfirkjörstjórnar.

Kjörstjórn kýs sér oddvita úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

10. gr.

Í sveitarfélögum þar sem íbúar eru færri en 500 mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn ef það sætir ekki ágreiningi í sveitarstjórn.

11. gr.

Sveitarstjórnir láta kjörstjórnum í té gerðabækur sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta.

12. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn: Kjörseðill við bæjarstjórnar- (hreppsnefndar-) kosningar í ..... kaupstað (hreppi) með dagsetningu og ártali.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera hæfilega stór og úr haldgóðum pappír sem skrift sést ekki í gegnum. Hann skal vera tvískiptur. Annar hlutinn skal ætlaður fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna en hinn fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á þeim hluta seðilsins skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

13. gr.

Meðmælendur framboðs mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40 og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 23. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

14. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni, eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

Nú ákveður yfirkjörstjórn að hlutfallskosning skuli fara fram skv. 1. mgr. 2. gr. eða að framboðsfrestur skuli framlengdur skv. 2. mgr. 2. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 3. mgr. 6. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa þessi atvik með sama hætti og framboð.

15. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notuð eru við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

16. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandinn gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna. Á þann hluta seðilsins, sem ætlaður er fyrir kjör varamanna, skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri

röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á. Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman, þannig að það, sem á hann var ritað, veit inn og stingur honum niður í atkvæðakassann.

Ekki skal meta atkvæði ógilt ef greinilegt er hver vilji kjósanda er, nema á kjörseðlinum séu áletranir eða annarleg merki, sem ætla má að sett séu til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.

17. gr.

Þegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að formaður yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

Þeir, sem flest atkvæði fá sem aðalmenn, eru rétt kjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

18. gr.

Þegar kosning er óbundin er kjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli kjörstjórnar.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal kjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum, og telst störfum hennar ekki lokið varðandi kosninguna fyrr en svo hefur verið gert og yfirlýsing þar um verið innfærð í kjörbók og undirrituð af kjörstjórn.

19. gr.

Þegar kosið er hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu af listanum.

Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn sem aðalmenn. Varamenn eru þeir sem ekki hljóta atkvæðamagn sem aðalmenn þannig:

1. varamaður er sá er flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns, og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn, sem á eftir koma, um set.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt.

Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta fundi sveitarstjórnar eftir kosningar. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. mgr.

Þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann taki aftur búsetu í sveitarfélaginu. Tekur þá varamaður hans sæti samkvæmt ofangreindum reglum. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir vegna veikinda eða annars og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildis kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

21. gr.

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi umboðsmanni ríkisins (sýslumanni, bæjarfógeta eða lögreglustjóra) innan 14 daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Umboðsmaður ríkisins skal skipa kjörnefnd þriggja hæfra manna til að úrskurða kæruefnið þegar er honum hefur borist kæra. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kæru, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði kjörnefndar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, og skal tilkynning um málskotið komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og kjörnefnd úrskurðar kosningu ógilda, og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og kjörnefnd hefur úrskurðað kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

Jafnskjótt og fráfarandi sveitarstjórn lætur af störfum tekur nýkjörin sveitarstjórn við, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Einstakir sveitarstjórnarmenn geta krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar, sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við, og skal þá leggja mál að nýju fyrir nýkjörna sveitarstjórn á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið, og verður þessa úrræðis þá ekki neytt.

Nú ógildir félagsmálaráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur, eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins, nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi félagsmálaráðuneytisins eða hlutaðeigandi umboðsmanns ríkisins.

22. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins til dómstólanna.

23. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist úr sveitarsjóði.

24. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um sýslunefndarkosningar eftir því sem við getur átt.

Kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna skulu hafðir með öðrum lit en kjörseðlar við hreppsnefndarkosningar.

Nú eru framboð viðhöfð við kosningu sýslunefndarmanna, og er þá heimilt að kjósa varamenn samtímis, enda sé þá nafn varamanns skráð með nafni aðalmanns á kjörseðli.

25. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um sveitarstjórnarkosningar nr. 5 7. mars 1962 og lög nr. 5/1966, 7/1978, 8/1982 og 10/1982, um breyting á þeim lögum, svo og 15. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr., 19. gr. og 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. mars 1961, og lög nr. 19/1978 og lög nr. 9/1982, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 13. júní 1981 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd 6 manna er skyldi hafa það hlutverk að endurskoða sveitarstjórnarlög nr. 58 29. mars 1961 með síðari breytingum, lög nr. 70 12. maí 1970, um sameiningu sveitarfélaga, og lög nr. 5 7. mars 1972, um sveitarstjórnarkosningar. Í nefndina voru skipaðir Alexander Stefánsson, alþingismaður, Jón G. Tómasson, þá borgarlögmaður, Magnús H. Magnússon, alþingismaður, Sigurjón Pétursson, þá forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Sturla Böðvarsson, sveitarstjóri í Stykkishólmi og Steingrímur Gautur Kristjánsson, borgardómari, sem er formaður nefndarinnar. Síðan hefur Jón G. Tómasson gengið úr nefndinni en í hans stað hefur komið Björn Friðfinnsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar er Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, deildarlögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu.

Á 4. fundi nefndarinnar þann 14. nóvember 1981 hóf nefndin umræður um þau efni sem frumvarp þetta tekur til, en þá hafði nefndinni borist erindi frá félagsmálaráðherra um hvort ekki væri tímabært að lögleiða kosningarétt Norðurlandabúa búsettra á Íslandi við sveitarstjórnarkosningar hér. Nefndin samdi af þessu tilefni tvö frumvörp til breytinga á sveitarstjórnarlögum og lögum um kosningar til sveitarstjórna, sem voru lögð fyrir ríkisstjórnina í desember 1981 og voru síðan lögtekin með nokkrum breytingum sem lög nr. 9 19. mars 1982, um breyting á sveitarstjórnarlögum, og lög nr. 10 19. mars 1982, um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosninar, nr. 5 7. mars 1962.

Í framhaldi af þessu hóf nefndin umræður um heildarendurskoðun á ákvæðum laga um sveitarstjórnarkosningar og ákvæðum b-liðar II. kafla sveitarstjórnarlaga um kosningar til sveitarstjórna.

Að því er varðar form þessara lagaákvæða hafa þrjár meginhugmyndir verið ræddar í nefndinni:

1. að sett yrðu sérstök lög um sveitarstjórnarkosningar, þar sem safnað væri öllum reglum, sem um þetta svið gilda og nú eru í sveitarstjórnarlögum, lögum um sveitarstjórnarkosningar og lögum um Alþingiskosningar,
2. að kveðið væri á um sveitarstjórnarkosningar í nýjum endurskoðuðum sveitarstjórnarlögum en vísað í lög um Alþingiskosningar að því leyti sem ekki þætti ástæða til afbrigða frá þeim og
3. að sett yrðu sérstök lög um sveitarstjórnarkosningar í stað núgildandi laga um sama efni, þar sem safnað væri ákvæðum úr þeim lögum og ákvæðum sveitarstjórnarlaga um sveitarstjórnarkosningar auk viðbótarákvæða að því leyti sem menn teldu efni til að víkja frá almennum reglum laga um Alþingiskosningar í auknum mæli.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er byggt á 3. hugmyndinni, þótt nefndin hallist fremur að þeirri hugmynd að ákvæði um sveitarstjórnarkosningar eigi að vera í sérstökum kafla sveitarstjórnarlaga.

Á 16. fundi nefndarinnar þann 8. desember 1982 kom fram að nefndarmenn mundu vera nokkurn veginn sammála um þær efnisbreytingar, sem þeir telja að æskilegt sé að gera á ákvæðum um sveitarstjórnarkosningar, og varð þá að ráði að stefna að því að afgreiða þennan þátt verkefnis nefndarinnar nú þegar í því formi sem hér er gert til að Alþingi gæti

sem fyrst fengið tækifæri til að fjalla um tillögur nefndarinnar. Hins vegar hefur ekki verið horfið frá þeirri hugmynd að endanlega verði þessi ákvæði sérstakur kafli í heildarlögum um sveitarstjórn. Helstu breytingar og nýmæli sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru sem hér segir:

1. Ekki er gerður munur á hreppum og kaupstöðum, sbr. 2. gr., 4. gr. og 10. gr. Í 13. gr. er þó enn haldið við þann mun sem hefur verið gerður á hreppum og kaupstöðum varðandi meðmælendur framboðs.
2. Kjördagur verður sá sami í öllum sveitarfélögum í síðari hluta aprílmánaðar.
3. Nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum 15. næsta mánaðar eftir kjördag.
4. Kosningaaldur lækkar í 18 ár.
5. Kosningar verða ekki úrskurðaðar ógildar nema að ætla megi að það sem áfátt er hafi haft áhrif á kosningaúrslit, jafnvel þótt frambjóðandi hafi átt í hlut.
6. Sérstök kjörnefnd fer með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar. Kveðið er á um sérstakar reglur um meðferð sveitarstjórnarmála meðan úrslit kosninga eru í óvissu. Heimild sveitarstjórnar, sem situr á óvissutímabili, til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar er takmörkuð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 5/1962 með þeim breytingum sem felast í lögum nr. 5/1966. Aðrar greinar frumvarpsins fela þó í sér meiri frávik frá lögum um Alþingiskosningar en áður var.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um efni sem nú er í 15. gr. sveitarstjórnarlaga. Felldur er niður mismunur á kaupstöðum og hreppum að því er varðar hlutfallskosningar. Ákvæði 1. málsgreinar 15. gr. um leynilegar almennar kosningar er ekki tekið upp í greinina þar sem gert er ráð fyrir að þetta ákvæði verði tekið upp í stjórnarskrá, sbr. 56. gr. tillagna stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

4. mgr. felur í sér breytingu frá 4. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga. Samkvæmt hinu nýja ákvæði verður ótvírætt að heimilt er að færri nöfn séu á framboðslista en svarar tvöfaldri þeirri tölu sem kjósa á, en jafnframt er kveðið svo á, að ef tala frambjóðenda í hlutbundnum kosningum verður ekki næg til að sveitarstjórn geti orðið fullskipuð þá skuli kosið óbundinni kosningu.

Þá er gerð tillaga um að ef aðeins kemur fram einn framboðslisti skuli framboðsfrestur framlengdur. Reynslan sýnir að það getur komið mönnum á óvart að einungis einn framboðslisti kemur fram. Vera má að sú niðurstaða að listinn verði sjálfkjörinn sé ekki í samræmi við vilja kjósenda í sveitarfélaginu. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til þetta úrræði til að forða því að reglan um að framboðslisti verði sjálfkjörinn leiði til mjög óeðlilegrar niðurstöðu í einstökum tilvikum.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málslið 16. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 4. gr.

Í frumvarpi því til breytinga á sveitarstjórnarlögum, sem nefndin samdi í desember 1981, var lagt til að almennar sveitarstjórnarkosningar færu fram í öllum sveitarfélögum síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki bæri upp á aðfangadag hvítasunnu. Í meðförum Alþingis kom fram, að þessi tími var ekki talinn heppilegur í landbúnaðarhéruðum og af þeim sökum tókst ekki að finna sameiginlegan kjördag sem hentaði að því sinni. Að ósk

nefndarinnar efndi Samband íslenskra sveitarfélaga til skoðanakönnunar meðal sveitarstjórna í maímánuði 1982. Í dreifibréfi sambandsins til sveitarstjórnanna kom fram að nefndin teldi að helst kæmi til álita að velja 2. laugardag í júnímánuði eða 2. laugardag í októbermánuði, og var leitað eftir viðhorfum sveitarstjórna um hvorn ofangreindra daga þær teldu heppilegri sem almennan kjördag í sveitarstjórnarkosningum framvegis. Af svörum sveitarstjórnanna virðist ljóst að hvorki getur orðið samstaða milli dreifbýlissveitarfélaga og þéttbýlissveitarfélaga um kjördag í maí né júní og hugmyndin um kosningar að haustinu virðist ekki njóta fylgis. Nefndin leggur hér til að kosningar fari fram samtímis í öllum sveitarfélögum í aprílmánuði og hefur ástæðu til að ætla að sveitarstjórnarmenn muni geta fellt sig við þá hugmynd sem málamiðlun.

3. málsgrein felur í sér það nýmæli að nýkjörin sveitarstjórn tekur ekki við störfum fyrr en 15. dag næsta mánaðar eftir kosningar, þ. e. um það bil 2—4 vikum eftir kosningarnar. Þessi tillaga er gerð til að veita svigrúm fyrir nýkjörna sveitarstjórn, t. d. til að kjósa oddvita eða ráða bæjarstjóra eða sveitarstjóra. Með þessu móti fer ekki á milli mála að sú skipan á framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, sem verið hefur, helst fram yfir kosningarnar, og ætti þetta að auðvelda stjórnarskipti. Þá er einnig haft í huga að vera má að kosningar séu kærðar til ógildingar, og skapast þá óvissuástand vegna þess að umboði fráfarandi sveitarstjórnar lýkur nú um leið og kosningar hafa farið fram. Sú regla sem hér er lagt til að lögtekin verði á sér fyrirmyndir í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þannig hefst kjörtímabil nýkjörinnar sveitarstjórnar 1. janúar næstan eftir kosningar í Danmörku, þ. e. 1—1½ mánuði eftir kjördag en kosningar eiga þar að fara fram í síðari hluta nóvembermánaðar.

Frekari ákvæði um meðferð sveitarstjórnarmála á óvissutímabili, meðan ágreiningur vegna kosningakæra er ekki til lykta leiddur, eru í 21. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að kosningaaldur lækki í 18 ár og að lögræði falli niður sem kosningaréttarskilyrði. Að öðru leyti er frumvarpsgreinin í samræmi við 1.—3. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga eins og greinin var eftir að henni hafði verið breytt með lögum nr. 9/1982. Lagt er til að 4. mgr. falli niður þar sem þar er gert ráð fyrir að kosningar fari fram á mismunandi tíma í dreifbýli og þéttbýli.

Ýmsar ástæður geta legið til þess að menn séu sviptir lögræði, annaðhvort sjálfræði eða fjárræði, svo sem sjúkdómar. Venjulega er lögræðissvipting neyðarúrræði, mjög þungbært fyrir þá sem fyrir því verða. Þegar þess er gætt að óflekkað mannorð hefur verið fellt niður sem kosningaréttarskilyrði telur nefndin eðlilegast til samræmis að einnig þetta kosningaréttarskilyrði verði fellt niður. Hér er höfð hliðsjón af kosningaréttarskilyrðum í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð en enn er það kosningaréttarskilyrði í Danmörku að maður hafi ekki verið sviptur lögræði.

Um 6. gr.

Þótt ekki þyki ástæða til að halda lögræði sem kosningaréttarskilyrði telur nefndin öðru máli gegna um kjörgengi þar sem ófært þykir að maður geti setið í sveitarstjórn sem ekki ræður persónulegum högum sínum eða fé sínu. Ennfremur telur nefndin óhæft að menn sem hafa brotið alvarlega af sér hafi kjörgengi og er því gerð tillaga um takmörkun kjörgengis vegna refsiverðra brota. Ákvæðið felur nánast í sér hið sama og skilyrðið um óflekkað mannorð áður. Ekki eru sömu vandkvæði á að skera úr um hvort þetta skilyrði sé fyrir hendi varðandi kjörgengi eins og um kosningarétt þar sem þess má vænta að einungis örsjaldan komi til þess að á þetta atriði reyni. Að öðru leyti eru ákvæði 6. gr. frumvarpsins í samræmi við 19. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um efni sem nú er í 15. gr. Alþingiskosningalaganna og 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarkosningalaga. 1. mgr. samsvarar 1. mgr. 15. gr. Alþingiskosningalaganna. Skv. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga ræður lögheimili á þeim tíma þegar framboðsfrestur rennur út því í hvaða sveitarfélagi kjósandi fær neytt kosningaréttar. Verður því að gera breytingar á kjörskránni fram að þeim tíma vegna þeirra sem flytja lögheimili sitt. Í samræmi við það er lagt til að á kjörskrá verði teknir þeir sem fullnægja skilyrðum þegar kjörskrá er samin en ekki 1. desember árið á undan eins og fyrir er mælt í lögum um Alþingiskosningar. Ákvæði 2. tl. víkja frá 2. tl. 1. mgr. 15. gr. laga um Alþingiskosningar vegna mismunandi kosningaréttarskilyrða. 2. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 15. gr. Alþingiskosningalaga. Í 4. mgr. er lagt svo fyrir að kjörskrárstofn, sem Hagstofan gerir skv. lögum nr. 54/1962, skuli saminn með sérstöku tilliti til sveitarstjórnarkosninga, þegar þær eiga að fara fram. 1. mgr. er samhljóða 2. mgr. 4. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar.

Um 8. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 4. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar. Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um hvernig semja ber kjörskrá þegar „uppkosningar" fara fram. Þetta álitaefni hefur orðið tilefni réttarágreinings, sbr. hæstaréttardóm 9. febrúar 1982 (HRD 1982: 192).

Um 9.—17. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði laganna um sveitarstjórnarkosningar. 9. gr. samsvarar 2. gr. laganna; 10. gr. samsvarar 3. gr.; 11. gr. samsvarar 6. gr.; 12. gr. samsvarar 7. gr.; 13. gr. samsvarar 5. gr.; 1.—3. mgr. 14. gr. samsvara 9. gr.; 4. mgr. 14. gr. er nýmæli og kveður á um skyldu kjörstjórna í dreifbýlissveitarfélögum, þar sem meginreglan er að kosningar séu óbundnar, til að auglýsa það sérstaklega ef kjósa á hlutfallskosningu eða að aðeins hafi komið fram einn framboðslisti, og loks að maður hafi skorast undan endurkjöri í óbundnum kosningum. Þessi atvik eru sérstæð fyrir sveitarstjórnarkosningar þar sem lög um Alþingiskosningar eru alfarið miðuð við listakosningar; 15. gr. samsvarar 10. gr.; 1. mgr. 16. gr. samsvarar 11. gr.; 17. gr. samsvarar 1. mgr. 12. gr.; 18. gr. samsvarar 2. og 3. mgr. 12. gr.; 2. mgr. 16. gr. samsvarar 105. og 106. gr. Alþingiskosningalaga. Nauðsynlegt þykir að setja hér reglu til leiðbeiningar um hvernig úrskurða skuli vafaatkvæði við óbundnar kosningar þar sem ákvæði Alþingiskosningalaga lúta einungis að listakosningum.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna um sveitarstjórnarkosningar.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. sveitarstjórnarlaga. 1., 2. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga að öðru leyti en því að hér er kveðið svo á um það tilvik þegar tveir fá jafnt atkvæðamagn í sæti varamanns, að þá skuli sá sem verður undir í hlutkesti hljóta næsta sæti á lista varamanna. Fái t. d. tveir menn sama atkvæðastyrk í 1. sæti, hljóta þeir 1. og 2. sæti eftir hlutkesti, en sú samkeppni um 2. sæti sem kveðið er á um í 2. mgr. flyst niður í 3. sæti og þannig koll af kolli.

Samkvæmt núgildandi reglum mun niðurstaðan geta orðið sú að sá sem verður undir í hlutkesti, t. d. um 1. sæti, færist niður í sæti miklu neðar á listanum.

Ákvæði 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga um sýslunefndarkosningar er fellt niður.

Um 20. gr.

Í 2. mgr. 136. gr. laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, felst sú regla að kosningu þingmanna ber að ógilda vegna galla á framboði eða kosningu sem hann sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa átt vísvitandi sök á, þótt ekki verði ætlað að misfellurnar hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, enda séu misfellurnar verulegar.

Nefndin telur ekki sömu ástæðu til þessarar reglu í sveitarstjórnarkosningum eins og í Alþingiskosningum. Það leiðir svo væntanlega af eðli máls að ekki ber að ógilda kosningar að öllu leyti ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingu að hluta eða öðrum úrræðum.

Um 21. gr.

Nefndarmenn eru á einu máli um að það fyrirkomulag sem nú er, að nýkjörin sveitarstjórn úrskurði um lögmæti kosninga, sé óheppileg þar sem ótryggt sé að hún fái litið hlutdrægnislaust á málavexti. Rætt hefur verið um að fela fráfarandi sveitarstjórn þetta verkefni, umboðsmanni ríkisins í héraði með eða án „meðdómenda“ eða yfirkjörstjórn skv. 9. gr. laga um Alþingiskosningar. Hér er gerð tillaga um að umboðsmaður ríkisins nefni þrjá menn til að gegna þessu starfi einungis í þeim tilvikum þegar gildi kosninga er dregið í efa. Með þessu móti ætti að vera hægt að tryggja að þeir sem fara með þetta úrskurðarvald séu fullkomlega óhlutdrægir. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 21. gr. eru að öðru leyti í samræmi við 1. og 2. mgr. 14. gr. laganna um sveitarstjórnarkosningar. 4.—8. mgr. eru nýmæli sem ætlað er að tryggja að óvissuástand sem skapast við það að kosningar eru kærðar valdi sem minnstum erfiðleikum.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. sveitarstjórnarkosningalaga að því er varðar sveitarstjórnir.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 16. gr. sveitarstjórnarkosningalaga. Ekki er hér gert ráð fyrir að breyting verði á greiðslu kostnaðar af sýslunefndarkosningum.

Um 24. gr.

Nefndarmenn eru á einu máli um að leggja til að kjör sýslunefnda eftir þeim reglum sem nú gilda verði tekið af, en tillögur í því efni munu koma fram með endanlegum tillögum nefndarinnar. 24. gr. felur í sér að þar til öðru vísi verði ákveðið fari um kjör sýslunefndarmanna eftir því sem verið hefur og eftir þeim breytingartillögum sem hér er gert ráð fyrir eftir því sem við getur átt. 2. mgr. 24. gr. er samhljóða 3. mgr. 7. gr. laganna um sveitarstjórnarkosningar. 3. mgr. er samhljóða 1. mgr. 13. gr. þeirra laga.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Reykjavík 15. júní 1983. Samkomulagið er prentað hér sem fylgiskjal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var undirritaður í Helsingfors 23. mars 1962. Breytingar á honum voru gerðar með samningum 13. febrúar 1971 og 11. mars 1974. Samninginn og breytingarnar er að finna í auglýsingum í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, 16/1971 og 17/1975.

Breytingar á Helsingforssamningnum vegna þátttöku Álandseyja, Færeyja og Grænlands í norrænu samstarfi.

Í framhaldi af tveimur tillögum á 28. þingi Norðurlandaráðs árið 1980 hefur laganefnd ráðsins kannað tillögur um aukna aðild Færeyja og Álandseyja að Norðurlandaráði og ráðherranefnd Norðurlandaráðs og um samsvarandi aðild Grænlands. Í nóvember 1980 var skipuð sérstök nefnd (Petri-nefndin) sem skilaði áliti í september 1982 og lagði til breytingar á Helsingforssamningnum til að ná þessu markmiði. Meirihluti nefndarinnar vísaði frá hugmyndum um algerlega sjálfstæða aðild Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Laganefnd Norðurlandaráðs tók undir tillögur Petri-nefndarinnar og í skýrslu til 31. þings Norðurlandaráðs í febrúar 1983 lagði hún til að ráðið beindi tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að breyta Helsingforssamningnum. Norðurlandaráð samþykkti ályktanir þar um 23. febrúar 1983.

Í framhaldi af þessum ályktunum var unnið á vegum embættismannanefndar að gerð samkomulags um breytingar á samningnum. Samkomulagið var undirritað í Reykjavík 15. júní 1983 á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda. Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 1. Samkomulagið er háð fullgildingu og með tillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda það fyrir Íslands hönd.

Meginbreytingar, sem gerðar eru á Helsingforssamningnum, eru þessar:

1. Í samningnum er tekið fram að í skólum í sérhverju Norðurlandanna skuli vera fræðsla í tungumálum og um menningu og þjóðfélagsástand á hinum Norðurlöndunum. Þessu ákvæði er breytt til að árétta að það taki til Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

2. Landsþing Grænlands kýs fulltrúa í Norðurlandaráðið.
3. Í stað 78 kjörinna fulltrúa í Norðurlandaráði verða nú 87 fulltrúar: frá Danmörku 16 (óbreytt), Finnlandi 18 (áður 17), Íslandi 7 (áður 6), Noregi og Svíþjóð 20 (áður 18), Álandseyjum 2 (áður 1), Færeyjum 2 (óbreytt) og Grænlandi 2 (enginn áður). Deildir Færeyja og Grænlands starfa í deild danska ríkisins og deild Álandseyja í deild finnska ríkisins.
4. Stjórn Álandseyja og landstjórnir Færeyja og Grænlands taka þátt í starfi ráðherranefndarinnar. Ákvörðun ráðherranefndarinnar er bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland í þeim mæli sem löndin fallast á hana í samræmi við sjálfstjórnarreglur.

Breytingar á Helsingforssamningnum varðandi kostnaðarskiptingu.

Á 31. þingi Norðurlandaráðs var einnig samþykkt ályktun um að beina þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að breyta ákvæði í Helsingforssamningnum um skiptingu sameiginlegra útgjalda Norðurlandaráðs þannig að sami háttur verði hafður á og við ráðherranefnd Norðurlandaráðs. Samkomulag varð um að breyta 2. mgr. 58. gr. Helsingforssamningsins og var ákvæði þar um í fyrrgreindu samkomulagi frá 15. júní 1983.

Breytingar á menningarmálasamningi Norðurlanda og samkomulagi um samstarf á sviði flutninga og samgangna.

Í tengslum við ályktanir um breytingar á Helsingforssamningnum vegna aðildar Álandseyja, Færeyja og Grænlands samþykkti Norðurlandaráð 23. febrúar 1983 að beina þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að breyta öðrum samningum um norrænt samstarf þannig að fulltrúum Álandseyja, Færeyja og Grænlands yrði kleift að taka þátt í því samstarfi á sama hátt og í störfum á grundvelli Helsingforssamningsins.

Í þessu skyni var ákveðið að breyta tveimur samstarfssamningum:

1) Samningi frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála (sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1972).
2) Samkomulagi frá 6. nóvember 1972 um samstarf á sviði flutninga og samgangna (sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1972 og 4/1973).

Samkomulag um breytingu á fyrrnefnda samningnum var undirritað í Gautaborg 13. júní 1983 á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda. Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd. Samkvæmt breytingunni geta embættismenn frá Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi tekið þátt í fundum embættismannanefndar sem starfar samkvæmt samningnum. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 2.

Samkomulag um breytingu á samkomulaginu um samstarf á sviði flutninga og samgangna var undirritað á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda í Reykjavík 15. júní 1983. Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd. Samkvæmt breytingunni mega embættismenn frá Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi taka þátt í fundum embættismannanefndar um flutningamál sem starfar samkvæmt samkomulaginu. Ákvæði í samkomulaginu um verksvið nefndarinnar var breytt til að tryggja að nefndin tæki tillit til starfsemi á Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 3.

Fylgiskjal 1.

SAMKOMULAG
um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971 og samkomulagi frá 11. mars 1974 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962,

sem telja ráðvænlegt að gera breytingar á samningnum í þeim tilgangi að veita Álandseyjum og Færeyjum aukna aðild að Norðurlandaráði og ráðherranefnd Norðurlandaráðs og einnig til að veita Grænlandi samsvarandi aðild að þessum stofnunum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

8., 44., 47., 48., 49., 55., 58., 60., 61. og 63. gr. samstarfssamningsins orðist svo:

8. gr.

„Fræðsla og menntun í skólum í sérhverju Norðurlandanna skal í hæfilegum mæli taka til fræðslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand á hinum Norðurlöndunum, þar með töldum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.“

44. gr.

„Í Norðurlandaráði starfa saman þjóðþing Norðurlandanna ásamt landsþingi Álandseyja, lögþingi Færeyja og landsþingi Grænlands og ríkisstjórnir landanna ásamt stjórn Álandseyja og landsstjórnum Færeyja og Grænlands. Ráðið getur átt frumkvæði að lausn vandamála og verið ráðgefandi um vandamál sem varða samvinnu landanna, svo og Álandseyja, Færeyja og Grænlands, eða einhverra þeirra. Að öðru leyti hefur ráðið á hendi verkefni sem af þessum samningi eða öðrum leiðir.“

47. gr.

„Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar, fulltrúar ríkisstjórnanna og fulltrúar stjórnar Álandseyja og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Þjóðþing Dana kýs 16 fulltrúa, ríkisþing Finna 18 fulltrúa, Alþingi Íslendinga 7 fulltrúa, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvort um sig 20 fulltrúa og landsþing Álandseyja, lögþing Færeyja og landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert. Ennfremur kýs hver aðili jafnmarga varamenn.

Kjör fulltrúa og varamanna fer fram árlega og gildir til næsta kjörs. Við kjör skal þess gætt að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í ráðinu.

Kjörgengir eru einvörðungu þingmenn á því þingi þar sem kjör fer fram.

Ríkisstjórnirnar, stjórn Álandseyja og landsstjórnir Færeyja og Grænlands velja úr sínum hópi stjórnarfulltrúa, svo marga sem þær óska.“

48. gr.

„Í deild danska ríkisins eru þeir fulltrúar sem þjóðþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deildir Færeyja og Grænlands sem taldar eru í 2. mgr. Í deild Finnlands eru þeir fulltrúar sem ríkisþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deild Álandseyja sem talin er í 2. mgr. Deildir hinna landanna skipa kjörnir fulltrúar þjóðþinganna og fulltrúar sem ríkisstjórnirnar velja.

Í deild Færeyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Grænlands eru þeir fulltrúar sem landsþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Álandseyja eru þeir fulltrúar sem landsþingið kýs og þeir fulltrúar sem stjórn Álandseyja velur.

Orðið „deild“ í 52. gr., 53. gr., 1. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 58. gr. merkir deild viðkomandi lands.“

49. gr.

„Fulltrúar ríkisstjórnanna og fulltrúar stjórnar Álandseyja og landsstjórna Færeyja og Grænlands eiga ekki atkvæðisrétt í ráðinu.

Um málefni sem einvörðungu varða túlkun samninga milli einstakra landa eiga ekki aðrir atkvæðisrétt en fulltrúar þeirra landa.“

55. gr.

„Sérhver ríkisstjórn, stjórn Álandseyja, landsstjórnir Færeyja og Grænlands, ráðherranefndin og sérhver fulltrúi hefur tillögurétt.

Nefnd skal fjalla um sérhvert mál áður en ráðið tekur það til lokaafgreiðslu.“

58. gr.

„Hver deild ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.

Þingið eða stjórnarnefndin eftir umboði þingsins ákveður fyrir hvert fjárhagsár hvernig sameiginlegur kostnaður skiptist milli deildanna. Stjórnarnefndin getur þó í sérstökum tilvikum ákveðið að breyta þeirri skiptingu.“

60. gr.

„Í ráðherranefnd Norðurlanda starfa ríkisstjórnir landanna saman.

Stjórn Álandseyja og landsstjórnir Færeyja og Grænlands taka þátt í starfi ráðherranefndarinnar.

Ráðherranefndin tekur ákvarðanir að því marki sem mælt er fyrir um í samningi þessum og öðrum samningum milli Norðurlandanna. Ráðherranefndin skal og annast samvinnu í öðrum samstarfsmálum ríkisstjórna Norðurlanda innbyrðis og ríkisstjórnanna og Norðurlandaráðs.“

61. gr.

„Í undantekningartilvikum getur staðgengill með umboði sótt fund í stað fulltrúa úr ríkisstjórn, stjórn Álandseyja eða landsstjórnum Færeyja eða Grænlands. Þó verða hverju sinni fulltrúar þriggja ríkja hið fæsta að vera ráðherrar.

Hvert ríki tilnefnir ráðherra er með aðstoð embættismanns skal annast samræmingu norrænna samstarfsmála.

Til aðstoðar ráðherranefndinni við störf hennar eru embættismannanefndir og skrifstofur ráðherranefndarinnar.“

63. gr.

„Ákvarðanir ráðherranefndarinnar eru bindandi fyrir hvert land. Ákvörðun í máli sem samkvæmt stjórnarskrá einhvers landanna krefst samþykkis þjóðþings þess lands er þó ekki bindandi fyrir það land fyrr en þjóðþing þess hefur samþykkt ákvörðunina. Sé slíkrar samþykktar krafist skal ráðherranefndinni skýrt frá því áður en hún tekur ákvörðun. Önnur lönd eru ekki heldur bundin af slíkri ákvörðun fyrr en samþykkt þjóðþingsins liggur fyrir.

Ákvörðun ráðherranefndarinnar er bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland í þeim mæli sem þau lönd fallast á ákvörðunina í samræmi við sjálfstjórnarreglur.“

II.

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands til varðveislu, og skal það ráðuneyti láta hverjum samningsaðila í té staðfest afrit samkomulagsins.

Samkomulagið öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra samkomulagsaðila hafa borist.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, er til þess höfðu umboð, undirritað samkomulag þetta í Reykjavík 15. júní 1983 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fylgiskjal 2.

SAMKOMULAG
um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem 15. mars 1971 undirrituðu samning milli Norðurlanda um samstarf á sviði menningarmála,

sem telja ráðvænlegt að gera breytingu á samningnum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

11. gr. orðist svo:

11. gr.

Í embættismannanefndinni skal vera einn fulltrúi frá hverju landi, skipaður af ríkisstjórninni. Embættismenn frá Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi geta tekið þátt í fundum nefndarinnar.

Embættismannanefndin undirbýr störf ráðherranefndarinnar og sinnir þeim verkefnum, sem ráðherranefndin felur henni eða veitir henni umboð til að leysa úr.

Ráðherranefndin setur embættismannanefndinni starfsreglur.

II.

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands til varðveislu, og skal það ráðuneyti láta hverjum samningsaðila í té staðfest afrit samkomulagsins.

Samkomulagið tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur fer á eftir þeim degi, er fullgildingarskjöl allra samingsaðila hafa verið afhent.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Gautaborg 13. júní 1983 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fylgiskjal 3.

SAMKOMULAG
um breytingu á samkomulagi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði flutninga og samgangna.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem 6. nóvember 1972 undirrituðu samkomulag um samstarf á sviði flutninga og samgangna,

sem telja ráðvænlegt að gera ákveðnar breytingar á samkomulaginu,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

4. gr. samkomulagsins orðist svo:

„4. gr.

Starfa skal embættismannanefnd (Norræna embættismannanefndin um flutningamál) til þess að framkvæma undir yfirstjórn ráðherranefndarinnar verkefni þau er samkomulag þetta hefur í för með sér. Í nefndinni á sæti einn fulltrúi frá hverju landi, skipaður af ríkisstjórninni. Embættismenn frá Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi mega taka þátt í fundum embættismannanefndarinnar.“

II.

5. gr. samkomulagsins orðist svo:

„5. gr.

Embættismannanefndinni ber sérstaklega

að fylgjast með þróuninni á því sviði, er samkomulagið tekur til;

að gera, á grundvelli stöðugrar könnunar, tillögur um verkefni, sem fallin séu til samstarfs milli tveggja eða fleiri Norðurlandaríkja, þar með taldra Álandseyja, Færeyja og Grænlands;

að leggja árlega fyrir ráðherranefndina til samþykktar áætlun um starfsemi embættismannanefndarinnar, þar sem getið sé verkefna og hversu hagað skuli framkvæmd þeirra og fjármögnun;

að skila árlega skýrslu til ráðherranefndarinnar um starfsemina á liðnu ári, þar sem gerð sé grein fyrir árangri þeim, er náðst hafi á starfssviði embættismannanefndarinnar, og aðgerðum, er ríkin eða Álandseyjar, Færeyjar eða Grænland hafi efnt til á sviði flutninga- og samgöngumála og varði sameiginlega hagsmuni;

að sinna öðrum þeim verkefnum er ráðherranefndin felur nefndinni.“

III.

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent sænska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Samkomulagið skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu, og skal það ráðuneyti senda hverju aðildarríki staðfest afrit.

Samkomulagið tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur fer á eftir þeim degi, er fullgildingarskjöl allra ríkjanna hafa verið afhent.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, er til þess höfðu umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Reykjavík 15. júní 1983 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Nd. 92. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fengið málið til umfjöllunar. Á fund hennar kom Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri. Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1983.

Páll Pétursson, form.	Guðm. Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Svavar Gestsson.	Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson.

Nd. 93. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fengið málið til umfjöllunar og afgreiðslu og mælir með að það verði samþykkt óbreytt. Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir starfsemi bankans.

Alþingi, 9. nóv. 1983.

Páll Pétursson, form.	Guðm. Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Svavar Gestsson.	Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um lífeyrismál sjómanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds,
Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan, Garðar Sigurðsson
og Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að athuga lífeyriskjör sjómanna og gera tillögu um samræmingu lífeyrisréttinda þeirra. Nefndin skal skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningum sjómannasamtakanna og samtaka útgerðarmanna, auk fulltrúa fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis. Nefndin skal sérstaklega kanna mismunandi lífeyrisrétt sjómanna innan Lífeyrissjóðs sjómanna og mismunandi aðstöðu sjómanna til lífeyris við 60 ára aldur, svo og þann kostnaðarauka sem leiða kann af samræmingu lífeyrisréttinda og hvernig þeim kostnaði verður best mætt — þ. e. hvort það gerist með auknum iðgjaldatekjum lífeyrissjóðanna eða með öðrum hætti.

Greinargerð.

Tillagan um lífeyrismál sjómanna, sem hér er flutt, á sér nokkurn aðdraganda.

Fyrir nokkru, eða í tíð síðustu ríkisstjórnar, var tekin ákvörðun um að sjómenn gætu átt rétt til ellilífeyris við 60 ára aldur. Í þessu skyni var lögum um almannatryggingar breytt. Sama árið var tekin sú ákvörðun að þessi regla — um 60 ára aldur — tæki einnig gildi fyrir þá sjómenn sem eiga rétt til lífeyris innan Lífeyrissjóðs sjómanna. Síðan þessum lögum var breytt hefur fjöldi sjómanna notið þessarar réttarbótar. Með henni viðurkennir samfélagið að sjómennskan sé erfitt starf þannig að réttlætanlegt sé að um sjómenn gildi aðrar reglur en um þá sem vinna í landi.

Þessar ákvarðanir urðu til þess að lífeyrismál sjómanna komust á nokkra hreyfingu. Meðal annars var á það bent að innan Lífeyrissjóðs sjómanna væri um nokkurn mismun að ræða á aðstöðu manna til lífeyris eftir því hvort um er að ræða bátasjómenn, farmenn eða togarasjómenn. Kemur þetta glöggt fram í greinargerð, sem lögð var fyrir 13. þing Sjómannasambands Íslands, en þar segir:

„Til þess að gefa hugmynd um lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna skulu tekin eftirfarandi dæmi:

I. Ellilífeyrir.

1) Bátasjómaður, sem fæddur er 1917 og hefur haft 300 skráningardaga á ári og hefur töku lífeyris við 65 ára aldur, fær ca. kr. 1 500 á mánuði, miðað við að hann hafi áunnið sér 0,900 stig að meðaltali á ári.

2) Farmaður, fæddur 1917, sem hafið hefur sjómennsku árið 1970, sem er sama ár og bátasjómenn gerðust aðilar að sjóðnum, og hefur töku lífeyris við 65 ára aldur, fær ca. kr. 3 200 á mánuði, miðað við að hann fái 2 stig á ári. Hafi hann verið á farskipum frá stofnun sjóðsins fær hann ca. kr. 6 300 á mánuði.

3) Togarasjómaður, fæddur 1917, sem hafið hefur sjómennsku árið 1970 og hefur töku lífeyris við 65 ára aldur, fær ca. kr. 4 700 á mánuði, miðað við að hann fái 3 stig á ári. Hafi hann verið á togurum frá stofnun sjóðsins 1958 fær hann ca. kr. 9 400 á mánuði.

4) Hæsti ellilífeyrisþegi í Lífeyrissjóði sjómanna fær kr. 12 047 á mánuði. Hann er fæddur 1920 og hóf töku lífeyris 61 árs gamall á grundvelli lækkunar lífeyrisaldurs úr 65 árum í 60 ár. Hann greiddi í sjóðinn á árunum 1958—1981 sem togarasjómaður, samtals 94,701 stig eða rúmlega 4 stig að meðaltali á ári, sem er ótrúlega mikið.

II. Örorkulífeyrir.

Mörg atriði hafa áhrif á fjárhæð örorkulífeyris. Heildarstigainneign sjóðfélaga skiptir að sjálfsögðu máli, en einnig hefur aldur sjóðfélaga mikil áhrif svo og iðgjaldagreiðslur í sjóðinn síðustu árin fyrir orkutapið vegna framreiknings réttinda. Þá hefur það einnig áhrif hve mörg prósentustig örorkan er metin. Reynt verður að gefa hugmyndir um fjárhæðir með því að taka nokkur dæmi um örorkulífeyrisgreiðslur úr sjóðnum í október 1982.

1) A sjómaður á fragtskipum, fæddur 1929, greiddi í sjóðinn 1959—1973, samtals 21,948 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.4.1973, 44 ára gamall. Fær kr. 7 201 á mánuði.

2) B togarasjómaður, fæddur 1945, greiddi í sjóðinn 1962—1972, samtals 16,285 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.3.1974, 28 ára gamall. Fær kr. 10 463 á mánuði.

3) B togara- og bátasjómaður, fæddur 1957, greiddi í sjóðinn 1974—1980, samtals 5,845 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.1.1981, 24 ára gamall. Fær kr. 4 879 á mánuði.

4) J togaraskipstjóri, fæddur 1921, greiddi í sjóðinn 1958—1979, samtals 84,488 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.1. 1981, 60 ára gamall. Fær kr. 12 301 á mánuði og er hæsti örorkulífeyrisþegi í sjóðnum.

5) K togarasjómaður, fæddur 1959, greiddi í sjóðinn 1978—1980 og átti auk þessi inni í öðrum sjóðum, samtals 8,014 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.1.1981, 21 árs gamall. Fær kr. 9 492 á mánuði.

6) B bátasjómaður, fæddur 1929, greiddi í sjóðinn 1970—1978, samtals 7,915 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.6.1978, 48 ára gamall. Fær kr. 3 237 á mánuði.

Þá er greiddur barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega ef börnin eru yngri en 18 ára.

III. Makalífeyrir.

Hér gildir það sama og um örorkulífeyrinn að margir þættir aðrir en heildarstigainneign hafa áhrif á fjárhæð makalífeyris, svo sem aldur sjóðfélaga þegar hann lætur lífið og iðgjaldagreiðslur síðustu árin fyrir andlát sjóðfélaga. Nokkur dæmi um greiðslur úr sjóðnum:

1) A, fædd 1913, ekkja G sem var togarasjómaður, fæddur 1907, dáinn 1974, 67 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1958—1974, samtals 46,987 stig. Ekkjan fær kr. 3 165 á mánuði.

2) A, fædd 1952, ekkja B sem var bátasjómaður, fæddur 1949, dáinn 1977, 28 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1970—1977, samtals 8,603 stig. Ekkjan fær kr. 3 039 á mánuði.

3) A, fædd 1911, ekkja A sem var togarasjómaður, fæddur 1907, öryrki frá 1969, dáinn 1973, 66 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1958—1969, samtals 22,885 stig. Ekkjan fær kr. 1 645 á mánuði.

4) A, fædd 1948, ekkja J sem var bátasjómaður, fæddur 1947, dáinn 1980, 33 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1971—1976, samtals 6,575 stig. Ekkjan fær kr. 443 á mánuði. Rétt er að geta þess hér að lífeyrir í þessu máli er greiddur einungis á grundvelli áunninna stiga og er ekki um neinn framreikning réttinda að ræða eins og í öllum hinum málunum þar sem sjóðfélagi hefur ekki náð 65 ára aldri.

5) H, fædd 1922, ekkja J sem var togarasjómaður (aðallega skipstjóri), fæddur 1927, öryrki frá 1974, dáinn 1975, 48 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1958—1973, samtals 46,756 stig. Ekkjan fær kr. 7 595 á mánuði.

6) I, fædd 1958, ekkja H sem var báta- og togarasjómaður, fæddur 1958, dáinn 1981, 23 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1974—1981, samtals 8,932 stig. Ekkjan fær kr. 3 334 á mánuði.

7) M, fædd 1942, ekkja F sem var togarasjómaður, fæddur 1937, dáinn 1977, 40 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1965—1976, samtals 24,692 stig. Ekkjan fær kr. 5 365 á mánuði.

8) V, fædd 1927, ekkja G sem var togarasjómaður (aðallega skipstjóri), fæddur 1927, öryrki frá 1975, dáinn 1981, 54 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1967—1975, samtals 39,295 stig. Ekkjan fær kr. 8 190 á mánuði og er hæsti makalífeyrisþegi í sjóðnum.

Auk þess er greiddur barnalífeyrir með börnum undir 18 ára aldri.“

Á 13. þingi Sjómannasambands Íslands var gerð ályktun um þessi mál, en þar segir:

„Auðsýnt er að misræmi á lífeyrisgreiðslum sjómanna er slíkt að stórra úrbóta er þörf. Mismunur á t. d. ellilífeyrisgreiðslum til bátasjómanns annars vegar og togarasjómanns hins vegar með sama starfstíma getur orðið allt að þrefaldur.

13. þing SSÍ telur að brýn þörf sé á að breyta iðgjaldagreiðslum bátasjómanna til samræmis, á þann veg að þær verði teknar af öllum launum eins og gert er hjá togara- og farskipamönnum.

Þingið ályktar að jafnerfitt starf og sjómannsstarfið er kalli á nauðsyn þess að taka ellilífeyris geti hafist við 55 ára aldur. En haldi sjómaður áfram að ávinna sér réttindi í sjóðnum eftir að hann hefur hafið töku lífeyris skulu stig hans reiknuð á ný við hver áramót.“

Nú hafa umræðurnar um lífeyrismál sjómanna ekki aðeins snúist um misræmi í lífeyrisrétti innan Lífeyrissjóðs sjómanna. Þar hefur fleira komið til og þá einkum það sem fyrst var nefnt, að eftir að tryggður var lífeyrir við 60 ára aldur í Lífeyrissjóði sjómanna og innan almannatrygginganna, hefur komið fram að fjöldi sjómanna, sem er innan almennu lífeyrissjóðanna, gerir auðvitað kröfur til sömu réttinda. Hér er því um vandasamt mál að ræða og flókið sem þarfnast úrlausnar. Allir, sem hafa tekið til máls, eru sammála um nauðsyn þess að sjómenn fái rétt til lífeyris við 60 ára aldur hvar sem þeir eru í lífeyrissjóði. Spurningin er þá um það hvernig á að greiða þann umframkostnað sem hlýst af 60 ára lífeyrisaldri sjómanna. Í almannatryggingunum er þessi kostnaður greiddur með beinum skattgreiðslum í gegnum ríkissjóð. Í Lífeyrissjóði sjómanna og öðrum lífeyrissjóðum er hins vegar um að ræða venjulegar iðgjaldagreiðslur — ekki hærri en annars staðar. Ef 60 ára lífeyrisaldur á að verða almennur fyrir sjómenn verður því annað tveggja að gerast: að sjómenn greiði iðgjald af stærri hluta tekna sinna en verið hefur eða að gengið verði frá því að ríkissjóður greiði hluta af þessum kostnaði lífeyrissjóðanna við lægri lífeyrisaldur sjómanna.

Nauðsynlegt er að fá úr því skorið hið fyrsta hvor leiðin verður farin. Misréttið, sem nú er um að ræða, er óviðunandi. Hitt er einnig óviðunandi að ekki hafi verið gengið frá því í einstökum atriðum hvernig Lífeyrissjóður sjómanna á að fjármagna þann mismun sem hér er um að ræða og þegar hefur verið lögákveðinn.

Þessi tillaga er flutt til þess að á málinu verði tekið á Alþingi og síðan á vegum stjórnvalda og hagsmunasamtaka.

Í starfsskýrslu Sambands almennra lífeyrissjóða fyrir tímabilið frá 19. nóvember 1981 til 7. október 1983 er fjallað ítarlega um þessi mál og verður sá kafli skýrslunnar birtur hér að lokum í þessari greinargerð:

„Ellilífeyrir sjómanna.

Sú breyting var gerð á lögunum um Lífeyrissjóð sjómanna, 22. maí 1981, að sjóðfélagar, sem stundað hafa sjómennsku í 25 ár eða lengur, geta hafið töku ellilífeyris frá 60 ára aldri, enda hafi þeir verið lögskráðir á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga að meðaltali á ári. Á

sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku ellilífeyris frá 62 ára aldri. Ekki er skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi sé hættur sjómennsku þegar hann hefur töku ellilífeyris hjá sjóðnum.

Rekja má ástæður fyrir lagabreytingu þessari til kjarasamninga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í desember 1980. Í tengslum við lausn þeirra kjarasamninga gaf þáverandi ríkisstjórn út yfirlýsingu þar sem þess er getið að stjórnvöld muni kanna hvort eðlilegt sé í tengslum við lækkun lífeyrisaldurs sjómanna hjá almannatryggingum að sama regla gildi hvað varðar rétt sjómanna í lífeyrissjóðum og hvaða kostnaðarauka slíkt mundi hafa í för með sér.

Í umræðunum á Alþingi vorið 1981, þegar lögum um Lífeyrissjóð sjómanna var breytt á þá leið að sjómenn gætu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, hafið töku ellilífeyris allt frá 60 ára aldri, vakti athygli að alþingismenn virtust ekki hafa fjallað um þann gífurlega kostnaðarauka sem slík breyting hefði í för með sér, né hvaða aðili ætti að taka að sér að greiða þennan kostnað. Hins vegar hefðu alþingismenn væntanlega átt að geta gert sér grein fyrir því að ef ekki væri gripið til einhverra ráðstafana til að mæta kostnaðaraukanum stefndi fljótlega að gjaldþroti sjóðsins. Nú er það svo að ekki greiða allir sjómenn til Lífeyrissjóðs sjómanna því að eftirtaldir SAL-sjóðir hafa sjómenn innan sinna vébanda: Lsj. Vestfirðinga, Lsj. Bolungarvíkur, Lsj. verkamanna, Hvammstanga, Lsj. stéttarfélaga í Skagafirði, Lsj. Austurlands og Lsj. Vestmanneyinga. Því var ljóst að með þessari lagabreytingu á Lífeyrissjóði sjómanna hafði jafnframt tekist að búa svo um hnútana að sjómenn innan SAL-sjóðanna byggju við lakari ellilífeyrisrétt en aðrir sjómenn.

Eflaust hefðu ofangreindir SAL-sjóðir getað breytt reglugerðum sínum til samræmis við Lífeyrissjóð sjómanna, en slíkt hefði verið algjört ábyrgðarleysi og stefnt gjaldþoli sjóðanna í mikla óvissu og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

23. nóvember 1981 var haldinn fundur hjá SAL með fulltrúum þeirra SAL-sjóða sem hafa sjómenn innan sinna raða. Á þeim fundi var óskað eftir því við SAL að viðræður hæfust við stjórnvöld um þann vanda sem aðildarsjóðir SAL ættu við að etja vegna áðurnefndra breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna.

Að tillögu SAL ákvað þáverandi tryggingamálaráðherra að skipa nefnd þann 19. mars 1982 til að kanna lífeyrisrétt sjómanna sem greiða til SAL-sjóðanna með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á lífeyrisrétti sjómanna sem greiða til Lífeyrissjóðs sjómanna. Í nefndinni áttu sæti: Hrafn Magnússon frá SAL, Kristján Guðjónsson frá Lsj. sjómanna og Jón Sæmundur Sigurjónsson deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti 8. júní 1982. Í niðurstöðum álitsins er bent á 3 leiðir:

Í fyrsta lagi að iðgjöld verði reiknuð upp á nýtt varðandi sjómenn og látin standa undir þeim kostnaði sem þeim er ætlað að bera.

Með tilliti til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 6. des. 1980 hafi stjórnvöld tekið á sig ábyrgð á þeim kostnaðarauka sem slík lagabreyting hefði í för með sér. Kostnaðurinn félli því á ríkissjóð.

Lögum um Lífeyrissjóð sjómanna verði breytt í sama horf og áður, enda næðist ekki samkomulag um aðrar leiðir.

Í tengslum við lausn kjarasamninga FFSÍ í ágúst 1982 gaf fjármálaráðuneytið út yfirlýsingu þess efnis að sett yrði á laggirnar nefnd aðila og ríkisvalds er skili áliti fyrir árslok 1982. Verkefni nefndarinnar verði m. a. að kanna þann kostnaðarauka sem það hefði í för með sér að lækka ellilífeyrisaldur sjómanna í lífeyrissjóðunum. Auk þess var tekið fram í yfirlýsingunni að ríkisstjórninni sé ljóst að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að lífeyrissjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar vegna lækkunar á lífeyrisaldri sjómanna í 60 ár.

Í bréfi SAL til þáverandi fjármálaráðherra, dags. 10. september 1982, var lögð áhersla á að nefnd þessi verði skipuð og að viðræður milli SAL og stjórnvalda gætu hafist hið allra fyrsta.

Í bréfi SAL til fjármálaráðherra var eftirfarandi áréttað:

Ekki kom til greina að sjómenn almennu lífeyrissjóðanna búi við lakari lífeyrisrétt en sjómenn í Lífeyrissjóði sjómanna.

SAL-sjóðirnir geti ekki frekar en Lífeyrissjóður sjómanna mætt þessum kostnaðarauka, nema til komi sérstakar ráðstafanir af hálfu stjórnvalda.

Þar sem í almennu sjóðunum sé jafnt landverkafólk sem sjómenn sé óframkvæmanlegt að iðgjaldaprósentan sé hærri fyrir sjómenn en fyrir landverkafólk. Slíkt hefði í för með sér tvískiptingu almennu sjóðanna sem síst væri til einföldunar og í raun óframkvæmanlegt. Auk þess væri ósanngjarnt að þeir sjómenn, sem aldrei gætu náð ellilífeyrisrétti við 60 ára aldur, greiddu viðbótariðgjöld án þess að um aukinn rétt væri að ræða.

SAL teldi því eðlilegast að stjórnvöld tækju á sig ábyrgð á þessum kostnaðarauka, ekki síst þar sem stjórnvöld hefðu stuðlað að þessum breytingum á lögum um Lsj. sjómanna án þess að gera sér grein fyrir þeim kostnaðarauka sem slík ráðstöfun hefði í för með sér.

Í margnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. des. 1980 kom fram að ríkisstjórnin muni í samráði við hagsmunaaðila beita sér fyrir því að þeir sem sjómennsku stunda verði tryggðir í einum lífeyrissjóði. SAL benti á að þróunin virtist frekar vera í þá átt að svæðissjóðir tryggðu sjómenn, sbr. Vestmannaeyjar, Vestfirðir, Norðurland vestra og Austurland. Kröfur hefðu m. a. komið fram hjá verkalýðsfélögum úti á landi um að sami háttur yrði hafður á, t. d. á Suðurnesjum og á Húsavík.

Þann 6. desember 1982 var loks skipuð nefnd til að fjalla um lífeyrismál sjómanna. Í nefndinni eiga sæti: Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri, formaður nefndarinnar, Bolli Héðinsson, tilnefndur af FFSÍ, Guðjón Ármann Einarsson, tilnefndur af VSÍ, Guðmundur Hallvarðsson, tilnefndur af ASÍ, Hermann Þorsteinsson, tilnefndur af VMS og Hrafn Magnússon, tilnefndur af SAL.

Nefndin hefur aðeins haldið tvo fundi, 20. des. 1982 og 25. apríl 1983. Á fyrsta fundi nefndarinnar kom fljótlega í ljós afstaða stjórnvalda, þ. e. að ríkisvaldið teldi sér ekki fært að bera kostnað af lækkun lífeyrisaldurs sjómanna. Því væri sýnt að ekki fengist niðurstaða í nefndinni og þar af leiðandi væri eðlilegast að hún lyki störfum. Á seinni fundi nefndarinnar kom ekkert nýtt fram sem máli skiptir og er því þetta mál í mikilli óvissu.

Rétt þykir þó að taka fram að á s. l. vori voru greiddar 5 m. kr. úr gengismunarsjóði til lífeyrissjóða sjómanna og var hlutdeild SAL-sjóðanna, sem hafa sjómenn innan sinna vébanda, um 1,2 m. kr. Fyrirhugað er að svipuð upphæð komi nú í haust úr gengismunarsjóði til lífeyrissjóða sjómanna. Ákvörðun stjórnvalda að greiða lífeyrissjóðunum úr gengismunarsjóði er að sjálfsögðu ófullnægjandi, og slíkt fjárframlag án nokkurra skuldbindinga af hálfu lífeyrissjóðanna er í raun og veru fáránleg ráðstöfun. Varla er hægt að ætlast til að lífeyrissjóðirnir rýmki ellilífeyrisréttindi sjómanna með hliðsjón af þessum greiðslum, enda er engin trygging fyrir því að slík framlög verði reglulegur tekjustofn lífeyrissjóðanna. Stjórnvöld verða því að leita annarra leiða til að leysa fjárhagsvandamál lífeyrissjóða sjómanna.

Í hnotskurn er núverandi ástand þessara mála þannig:

Lífeyrissjóður sjómanna greiðir ellilífeyri frá 60 ára aldri og verður því með þeim hætti gengið á höfuðstól lífeyrissjóðsins ef litið er nokkur ár fram í tímann. Tilviljanakenndar greiðslur úr gengismunarsjóði leysa í þeim efnum ekki vandamál Lífeyrissjóðs sjómanna.

Mikill þrýstingur er eðlilega á forráðamenn SAL-sjóðanna sem hafa sjómenn innan sinna vébanda að sjómenn, hvar sem þeir búa á landinu, njóti sambærilegs lífeyrisréttar og sjómenn í Lsj. sjómanna.

Til að lægja óánægjuraddir sjómanna ákvað stjórn Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga á fundi sínum 21. október 1982 að hefja greiðslur ellilífeyris til sjómanna með sama hætti og Lífeyrissjóður sjómanna og skuldfæra greiðsluna á ríkissjóð. Á fulltrúafundi sjóðsins, 24. október 1982, var samþykkt samhljóða að breyta reglugerð sjóðsins til samræmis við þær breytingar sem gerðar höfðu verið á Lífeyrissjóði sjómanna hvað varðar rétt til töku ellilífeyris frá 60 ára aldri. Var stjórn sjóðsins falið að koma þessari reglugerðarbreytingu í höfn í samráði við aðra aðildarsjóði SAL sem hafa sjómenn innan sinna vébanda. Samkvæmt beiðni SAL hefur ekki endanlega verið gengið frá reglugerðarbreytingu þessari, heldur mun sjóðsstjórnin bíða eftir frekari framgangi málsins.

Í dag njóta 14 sjómenn þessa lífeyris frá Lífeyrissjóði Vestmanneyinga og námu greiðslurnar í ágústmánuði s. l. alls 17 252 kr. Á ársgrundvelli nema því þessar greiðslur um 207 þús. kr., en eiga örugglega eftir að aukast verulega á næstu missirum.

SAL mun nú fljótlega kanna nánar framgang þessa máls hjá núverandi ríkisstjórn og fá endanlega úr því skorið hvort stjórnvöld muni taka að sér að greiða þennan kostnaðarauka. Ef viðhorf núverandi stjórnvalda verða neikvæð er varla önnur leið út úr ógöngunum en taka mál þetta upp í næstu kjarasamningum með það í huga að viðunandi lausn fáist á þessu vandamáli.“

Ed. 95. Frumvarp til laga [88. mál]

um starfsmannaráðningar ríkisins.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns sem er ráðinn, settur eða skipaður í þjónustu ríkisins með föstum launum meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Ákvæði í lögum, sem öðru vísi mæla um einstaka flokka starfsmanna, skulu haldast.

Verði ágreiningur um hvort starfsmaður skuli sæta ákvæðum laga þessara skal fjármálaráðherra skera úr. Vilji starfsmaður ekki una úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla og skal það mál höfðað á hendur fjármálaráðherra sem fer með fyrirsvar ríkisins í þessum málum.

2. gr.

Skipun í stöðu ber að meta svo að starfsmaðurinn skuli gegna stöðunni þar til eitthvert eftirtalinna atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfi svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki ákvæðum 3. gr. laga nr. 38/1954;
3. að hann fær lausn samkvæmt eigin ósk;
4. að hann hefur náð hámarksaldri starfsmanna ríkisins, sbr. 13. gr. laga nr. 38/1954;
5. að hann flyst í aðra stöðu hjá ríkinu;
6. að skipunartími hans samkvæmt tímabundnu skipunarbréfi er útrunninn;
7. að staða hans er lögð niður, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

3. gr.

Að jafnaði skal skipa tímabundið í allar stöður forstöðumanna atvinnufyrirtækja ríkisins og ríkisstofnana. Ráðherra ákveður í hverjar aðrar stöður, sem undir ráðuneyti hans heyra, skuli skipað tímabundið.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að forstöðumaður ríkisstofnunar skuli kosinn úr hópi tiltekinna starfsmanna stofnunarinnar. Sömu menn skulu hafa kjörgengi og kosningarétt.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um biskup landsins eða aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Sé sá háttur viðhafður sem mælt er fyrir í 3. gr. skal skipað eða kosið í stöðu til minnst þriggja ára en mest sex ára. Almennt er endurskipun eða endurkosning heimil einu sinni.

Undantekningu má gera frá ákvæðum 1. mgr. sæki enginn um stöðu samkvæmt auglýsingu eða staða er bundin stað þar sem erfitt er um örar mannabreytingar.

Þegar skipunartími er útrunninn skal staða auglýst.

5. gr.

Setja má mann í þau embætti sem jafnan skal skipa í. Setning skal vera til ákveðins tíma, þó eigi lengur en tvö ár. Ráðherra skal auglýsa stöðu sé fyrirsjáanlegt að setja þarf í hana lengur en eitt ár.

6. gr.

Ráðning manns til starfa hjá ríkinu skal vera með tvennum hætti.

1. Ráðning til ákveðins tíma sem ekki skal vera lengri en tvö ár.
2. Ráðning til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Uppsagnarfrestur skal vera þrír mánuðir.

7. gr.

Sá sem áður hefur verið ráðinn ótímabundið í þjónustu ríkisins skal ganga inn í sína fyrri stöðu þegar tímabundinni skipun lýkur vegna þess að tíminn er útrunninn eða skipun lýkur á annan hátt sem honum verður ekki kennt um. Hann skal þá njóta sömu launakjara og hefði hann sinnt upphaflegu stöðunni óslitið.

Sá sem lætur af stöðu eftir tímabundna skipun og var ekki áður í stöðu hjá ríkinu á rétt á starfi í þjónustu ríkisins og skal njóta launakjara eins og hefði hann frá upphafi gegnt því starfi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á næstu tólf árum og eftir nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra skal auglýsa að nýju allar stöður forstöðumanna stofnana þar sem svo stendur á að forstöðumaður hefur gegnt stöðunni samfleytt lengur en tólf ár.

Nú sækir sá um stöðu sem henni hefur gegnt og má þá skipa hann, setja eða ráða aftur í starfið einu sinni, þ. e. til sex ára að hámarki, ef sérstaklega stendur á.

Sá sem ráðinn er til óákveðins tíma eða settur eða skipaður fyrir gildistöku þessara laga en lætur af starfi vegna ákvæða þessarar greinar á rétt til áframhaldandi starfa í þjónustu ríkisins með óbreyttum föstum launum, sbr. 20. gr. l. nr. 33 17. júní 1944 um stjórnarskrá lýðveldisins.

Greinargerð.

Meginefni og helsta nýmæli þessa frumvarps felst í 3. og 4. gr. þess þar sem ákveðið er að skipa skuli að jafnaði tímabundið í allar stöður forstöðumanna atvinnufyrirtækja ríkisins og ríkisstofnana, hugsanlega að undangenginni kosningu meðal samstarfsmanna. Gert er ráð fyrir að starfstími sé hverju sinni fjögur til sex ár samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð, en endurskipun eða endurkosning sé heimil einu sinni. Sama gildi um aðrar mikilvægar stöður eftir nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra.

Jafnframt eru með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, settar skýrar reglur um starfsmannaráðningu ríkisins almennt, hvort heldur um er að ræða ráðningu, setningu eða skipun, en ákvæði um þetta efni í l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eru ófullnægjandi og hvorki nægilega skýr né sveigjanleg.

Flutningsmaður þessa frumvarps flutti frumvarp veturinn 1977 um endurnýjun í stöðum forstöðumanna ríkisstofnana, en frumvarpið náði þá ekki fram að ganga. Í frumvarpinu var ráð fyrir því gert að forstöðumenn ríkisstofnana væru skipaðir, settir eða ráðnir til 6 ára í senn og almennt yrði stuðlað að endurnýjun í þessum stöðum þegar sami maður hefði gegnt því 12 ár eða lengur.

Í samþykktum þeim, sem fyrri ríkisstjórn gerði haustið 1982 í tengslum við setningu bráðabirgðalaga um efnahagsmál, nr. 79/1982, var m. a. tekið fram:

„Undirbúin verði löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn."

Þá hafði einmitt verið unnið í fjármálaráðuneyti um nokkurt skeið að frumvarpi um þetta efni, og var stefnt að því að fella ný ákvæði um tímabundna ráðningu forstöðumanna ríkisstofnana inn í endurskoðuð ákvæði um starfsmannaráðningar almennt. Frumvarp þessa efnis var lagt fram og kynnt í ríkisstjórn nokkrum sinnum á seinastliðnum vetri og naut þá óumdeilanlega mikils stuðnings en hlaut þó ekki afgreiðslu þar og var því ekki lagt fram á Alþingi. Frumvarp þetta er nú lagt fram nær óbreytt með hliðsjón af því að á lista ríkisstjórnarinnar yfir mál, sem hún hyggst flytja á þessu þingi, er mál þetta ekki að finna.

Í greinargerð frumvarpsins, sem flutt var veturinn 1977, sagði m. a.:

„Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að stuðla að hæfilegri endurnýjun og mannaskiptum í ríkiskerfinu ... Hvergi er jafnbrýnt að forðast stöðnun og kyrrstöðu og í starfi forstöðumanns stofnunar. Þess vegna þarf sérstaklega að opna leið til að endurmeta skipan þessara embætta öðru hvoru."

Þessar röksemdir eru enn í fullu gildi og verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins:

Um 1. gr.

Grein þessi er að meginefni í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ekki var talin ástæða til að fella þá grein úr gildi.

Um 2. gr.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. laga nr. 38/1954, en ekki var talin ástæða til að fella hana niður eins og málum er háttað.

Um 3. og 4. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. er ákveðið að skipa skuli tímabundið í allar stöður forstöðumanna atvinnufyrirtækja ríkisins og ríkisstofnana. Segja má að slíkt hafi verið heimilt að því er forstjóra atvinnufyrirtækja varðar, sbr. 2. msl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954, en því ákvæði mun mjög lítið hafa verið beitt. Hér er það gert að aðalreglu að slíkir menn skuli skipaðir til fyrirfram ákveðins tíma. Þetta er nýmæli. Hér undir munu falla fjölmargir starfsmenn sem nú hafa æviráðningu. Rísi deilur um hvaða embætti eða embættismenn falli hér undir skal

fjármálaráðherra skera úr en bera má úrskurð hans undir almenna dómstóla, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 3. gr. er hverjum ráðherra heimilað á sínu starfssviði að ákveða að forstöðumaður ríkisstofnunar sé kosinn af starfsmönnum stofnunarinnar. Setja skal hann um þetta reglugerð svo og nánari reglur um kosningarétt, kjörgengi og kosningaframkvæmd ef til kemur.

Í 3. mgr. 3. gr. er tekið fram að reglur þessar gildi ekki um biskup og aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar, en þessir menn eru flestir nú þegar kjörnir til starfa og þjóðkirkjan nýtur að ýmsu leyti sérstöðu.

Í 4. gr. er ákveðið að starfstími þess, sem skipaður er eða kosinn til ákveðins tíma, skuli vera fjögur til sex ár. Að skipunartíma liðnum megi endurskipa eða endurkjósa mann einu sinni þannig að lengsti starfstími í sama embætti getur orðið tólf ár.

Um 5. gr.

Vantað hefur lagaákvæði um setningu manna í störf. Er lagt til að setning verði alltaf til ákveðins tíma og ekki lengur en í tvö ár. Þá er boðið að slíkar stöður skuli auglýstar ef fyrirsjáanlegt er að setning komi til með að vara lengur en í eitt ár. Þó er undantekning heimiluð þegar sérstaklega stendur á.

Um 6.—8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 96. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur fengið málið til umfjöllunar og afgreiðslu og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. nóv. 1983.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Árni Johnsen.	Skúli Alexandersson.	Karl Steinar Guðnason.

Nd. 97. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fengið málið til umfjöllunar og og mælir hún með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1983.

Páll Pétursson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ingvar Gíslason.	Gunnar G. Schram.
	Kristín Halldórsdóttir.	

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa.

Flm.: Helgi Seljan, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara gagngera athugun á sláturhúsum landsins með þessi meginmarkmið í huga:

1. Tryggður verði sem best rekstrargrundvöllur þeirra sláturhúsa sem nú standa lakast, m. a. með því að gera markvisst átak til þess að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo lengja megi nýtingartíma þeirra.
2. Sérstök áhersla verði lögð á að endurbæta eldri sláturhús svo viðunandi sé og ekki þurfi að ráðast í nýbyggingar. Sérstaklega sé þetta kannað þar sem sláturhúsavinna er snar þáttur í afkomu fólks í nágrenninu.

Greinargerð.

Málefni það, sem þessi tillaga fjallar um, hefur æði oft verið til meðferðar á vegum stjórnvalda. Nefndir hafa starfað að verkefninu og skilað áliti. Sumt af því hefur náð fram að ganga, en í mörgu er óbreytt ástand, sem telja má með réttu alls óviðunandi.

Vegna þess hverjar kröfur voru gerðar um húsbyggingar og aðstöðu alla hafa risið upp fokdýrar byggingar sem ógerningur er víða að standi undir fjármagnskostnaði. Þessar kröfur eru sumpart til komnar vegna erlendra markaða sem hlýtur að teljast í meira lagi vafasamt miðað við allar aðstæður, þ. e. litla og minnkandi sölumöguleika og ófullnægjandi verð fyrir vöruna.

Lítt hefur og verið að því gætt hvaða möguleikar kunni að vera á betri nýtingu þessara stórbygginga eftir að þeim hefur verið komið upp. Flm. draga ekkert úr nauðsyn þess að fyllstu hreinlætiskröfur séu gerðar þar sem um matvæli er að ræða en það ætti víða að vera unnt að gera með nauðsynlegum endurbótum og auknu eftirliti. Flm. leggja einnig áherslu á að eðlilegt er að leggja niður smæstu og óhagstæðustu einingarnar þar sem engin leið er til endurbóta án gífurlegs kostnaðar, allra helst þar sem þær skipta litlu eða engu máli fyrir atvinnuástand viðkomandi svæðis. Hér er vissulega vandi að vega og meta. Hins vegar er rekstrargrundvöllur ýmissa nýrra húsa nú lítill eða enginn og þeir, sem þar standa að baki, eygja sums staðar enga leið til að halda slátrun þar áfram, nema skerða grundvallarverðið til bænda um marga tugi prósenta. Svo mun t. d. ástatt um sláturhúsin á Breiðdalsvík og Patreksfirði, og knýjandi nauðsyn að koma til móts við þessa aðila og það sem allra fyrst. Að því lýtur fyrra áhersluatriðið í tillögunni. Þessi hús eru staðreynd og þeirri staðreynd þarf að mæta. Inn í þá mynd kemur einnig sú spurning sem knýr á við alla skoðun þessara mála: Hvernig má nýta hinar fullkomnu og dýru byggingar betur og lengur en nú er gert? Úrvinnsla hvers konar hlýtur að koma þar fyrst til álita, svo og allir aðrir tiltækir möguleikar sem ekki valda röskun á þeirri mánaðarnotkun sem yfirleitt er í sláturhúsunum. Þar ætti að vera unnt að gera átak, þótt flm. sé ljóst að ýmislegt hefur þar verið athugað og ekki virðist um auðsóttar leiðir að ræða.

Annað áhersluatriðið lýtur að þeim framkvæmdum sem á þarf að halda í framtíðinni svo að skapa megi viðunandi aðstöðu þar sem þess er álitin þörf. Hér þarf að dómi flm. að leita allra tiltækra leiða til endurbóta, m. a. með viðbyggingum ef nauðsynlegar eru við þau sláturhús sem vegna allra aðstæðna er óhjákvæmilegt að nýta áfram eða eru það snar þáttur í búsetu fólks á svæðinu vegna atvinnuauka að skylt sé að halda þeim gangandi. Allt þarf að gera sem unnt er til að hindra það að allt of stórar og dýrar byggingar verði reistar í framtíðinni, nema þá að þeim séu um leið tryggð viðbótarverkefni. Sem dæmi nefna flm. Djúpavog þar sem með endurbótum er unnt að skapa viðunandi aðstöðu með fyllstu

hreinlætiskröfur í huga í stað nýbyggingar sem yrði heimamönnum ofviða. Svipuðu máli gegnir um Hofshrepp í Öræfum, en þar hefur slátrun lengi verið mikil búbót og í raun ein megintryggingin fyrir þeirri búsetu sem þar hefur þróast og haldist. Þar yrði um verulegt áfall að ræða ef slátrun yrði hætt og því mikil nauðsyn á því að þar verði áfram aðstaða og hún bætt svo sem lágmarkskröfur segja til um í stað þess að leggja hana af.

Flm. benda á að hreinlæti og umgengni þarf ekki að vera síðri í minni húsum en hinum stærri. Það fer mjög eftir starfsfólki og vitanlega aðstæðum um leið. Leita þarf því leiða til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi rekstur þar sem kleift er og þörf er á án þess að leggja í mikinn kostnað, en þó þannig að hreinlætiskröfum sé fullnægt og viðunandi aðstaða, m. a. fyrir starfsfólk, sé tryggð.

Tillagan beinist að þessum aðalmarkmiðum: Bættri nýtingu húsanna, rekstrargrundvöllur sé tryggður og ráðist sé í endurbætur í stað nýbygginga þar sem unnt er.

Nánar verður að málinu vikið í framsögu.

Nd. 99. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

2. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Stjórn verkamannabústaða skal, fyrir hönd sveitarstjórnar, annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr., svo og 53. gr. eftir því sem við á.

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggð var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal íbúðin verðlögð samkvæmt 66. gr.

3. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð félagslegrar íbúðar samkvæmt 65. grein skal vera kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, þegar forkaupsréttar er neytt, og að viðbættu virðingarverði endurbóta, sem á eigninni hafa verið gerðar, en að frádreginni fyrningu, 0.5% — 1% á ári, af framreiknuðu kaupverði.

Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal draga ógjaldfallnar eftirstöðvar áhvílandi stofnlána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins framreiknaðar að fullu samkvæmt byggingarvísitölu og er þá seljandi laus við greiðslu eftirstöðvanna. Seljandi skal

að nokkru leyti njóta reiknaðra verðbóta eftir byggingarvísitölu af óverðtryggðum eftirstöðvum fyrrnefndra stofnlána þannig að hann fái 4% af verðbótunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, að hámarki fyrir 25 ár. Þessar verðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstíma eftir 31. desember 1985. Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal einnig draga uppfærðar eftirstöðvar skuldabréfa vegna annarra lána sem veitt kunna að hafa verið síðar úr Byggingarsjóði ríkisins umfram áðurnefnd stofnlán.

Nú er félagsleg íbúð í byggingarflokki þar sem hlutfallið milli kaupverðs íbúða samkvæmt 1. mgr. og fasteignamatsverðs er mjög frábrugðið því, sem almennt gildir um félagslegar íbúðir, og er þá matsnefnd félagslegra íbúða heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að hækka eða lækka kaupverð hennar um allt að 15% eftir því sem við á.

Vanrækslu á viðhaldi félagslegrar íbúðar eða eignarhluta hennar í sameign skal meta til lækkunar á kaupverði hennar.

4. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á kaupverði samkvæmt 66. gr. að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu til endursöludags. Ennfremur skal bæta við kaupverðið kostnaði við endurbætur og viðhald, ef til er að dreifa.

Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með hliðstæðum kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðarinnar til nýs kaupanda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af hækkun lánsfjárhæðarinnar til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á greiðslu til seljanda og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þegar um er að ræða íbúð samkvæmt 4. mgr. 65. gr. er húsnæðismálastjórn ennfremur heimilt að láta Byggingarsjóð ríkisins í stað Byggingarsjóðs verkamanna fjármagna innkaup og endursölu íbúðarinnar, meðal annars með viðbótarláni út á íbúðina, en mismunur á greiðslu til seljanda og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur þá til Byggingarsjóðs ríkisins.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins eftir því sem við á, gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 106/1970 um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meginbreytingarnar, sem þörf er á að gera, eru tvenns konar. Annars vegar að létta af sveitarfélögum kaupskyldu á íbúðum í verkamannabústöðum byggðum fyrir 1. júlí 1980, en láta þau njóta forkaupsréttar í staðinn. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur mikla áherslu á þetta atriði, þar sem kaupskyldan hefur reynst ýmsum sveitarfélögum þung í skauti. Hins vegar að sníða af annmarka á reglum laganna um innkaup og endursölu félagslegra íbúða, sem komið hafa í ljós í framkvæmd og hindrað eðlilega sölu. Er þá einkum haft í huga að koma í veg fyrir stökkbreytingar á verðlagningu íbúðanna og að samræma verðlagningarreglurnar og gera þær einfaldari í framkvæmd.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

2. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Stjórn verkamannabústaða skal, fyrir hönd sveitarstjórnar, annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr., svo og 53. gr. eftir því sem við á.

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggð var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal íbúðin verðlögð samkvæmt 66. gr.

3. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð félagslegrar íbúðar samkvæmt 65. grein skal vera kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, þegar forkaupsréttar er neytt, og að viðbættu virðingarverði endurbóta, sem á eigninni hafa verið gerðar, en að frádreginni fyrningu, 0.5% — 1% á ári, af framreiknuðu kaupverði.

Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal draga ógjaldfallnar eftirstöðvar áhvílandi stofnlána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins framreiknaðar að fullu

samkvæmt byggingarvísitölu og er þá seljandi laus við greiðslu eftirstöðvanna. Seljandi skal að nokkru leyti njóta reiknaðra verðbóta eftir byggingarvísitölu af óverðtryggðum eftirstöðvum fyrrnefndra stofnlána þannig að hann fái 4% af verðbótunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, að hámarki fyrir 25 ár. Þessar verðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstíma eftir 31. desember 1985. Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal einnig draga uppfærðar eftirstöðvar skuldabréfa vegna annarra lána sem veitt kunna að hafa verið síðar úr Byggingarsjóði ríkisins umfram áðurnefnd stofnlán.

Nú er félagsleg íbúð í byggingarflokki þar sem hlutfallið milli kaupverðs íbúða samkvæmt 1. mgr. og fasteignamatsverðs er mjög frábrugðið því, sem almennt gildir um félagslegar íbúðir, og er þá matsnefnd félagslegra íbúða heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að hækka eða lækka kaupverð hennar um allt að 15% eftir því sem við á.

Vanrækslu á viðhaldi félagslegrar íbúðar eða eignarhluta hennar í sameign skal meta til lækkunar á kaupverði hennar.

4. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á kaupverði samkvæmt 66. gr. að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu til endursöludags. Ennfremur skal bæta við kaupverðið kostnaði við endurbætur og viðhald, ef til er að dreifa.

Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með hliðstæðum kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðarinnar til nýs kaupanda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af hækkun lánsfjárhæðarinnar til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á greiðslu til seljanda og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þegar um er að ræða íbúð samkvæmt 4. mgr. 65. gr. er húsnæðismálastjórn ennfremur heimilt að láta Byggingarsjóð ríkisins í stað Byggingarsjóðs verkamanna fjármagna innkaup og endursölu íbúðarinnar, meðal annars með viðbótarláni út á íbúðina, en mismunur á greiðslu til seljanda og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur þá til Byggingarsjóðs ríkisins.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins eftir því sem við á, gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 106/1970 um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um eflingu fiskeldis með það að markmiði að eldi og ræktun sjávar- og vatnadýra geti sem fyrst orðið gildur liður í þjóðarbúskap og atvinnulífi á Íslandi.

Við gerð áætlunarinnar verður m. a. haft samráð við Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknaráð ríkisins og Háskóla Íslands.

Sérstök áhersla verður lögð á þá þætti sem skilað geti arði sem fyrst, svo sem eldi á ungfiski úr sjó, en jafnhliða verði sköpuð aðstaða til víðtækra rannsókna og tilrauna með aðra þætti, svo sem klak og seiðaeldi við íslenskar aðstæður.

Fyrstu aðgerðir á þessu sviði verði m. a. í því fólgnar:

1. að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi þar sem m. a. verði ákveðin yfirstjórn þessara mála og stuðningur af hálfu hins opinbera;
2. að koma upp tilraunaaðstöðu vegna fiskeldis og klaks á vegum Hafrannsóknastofnunar sem jafnframt geri tilraunir um öflun á ungfiski til eldis svo og með fóðuröflun;
3. að undirbúa fjármögnun til framkvæmda á þessu sviði;
4. að kanna almennar forsendur fyrir fiskeldi hérlendis, m. a. varðandi fisktegundir, markað og arðsemi;
5. að meta gildi jarðvarma og aðrar staðbundnar forsendur fyrir fiskeldi;
6. að draga saman vitneskju um rannsóknir og reynslu hérlendis og erlendis í ræktun vatna- og sjávardýra.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi ásamt frumvarpi til laga um fiskeldi eigi síðar en í þingbyrjun 1984.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að tryggja að átak verði gert í fiskeldismálum sem haft geta mikla þýðingu fyrir lífsafkomu þjóðarinnar.

Ræktun vatnafiska er komin á rekspöl með lax- og silungseldi og nokkur reynsla fengin á því sviði. Mörgum spurningum er þar hins vegar ósvarað, bæði varðandi nýtingu á veiðiám, hafbeit og eldi í kvíum. Ljóst virðist að sá þáttur, sem mest hefur verið sinnt hingað til, þ. e. ræktun á veiðiám með því að sleppa í þær seiðum, skilar enn takmörkuðum arði. Mikill hluti af þeim laxi, sem endurheimtist í góðar veiðiár, er skilinn eftir að hausti til verulegs tjóns, m. a. vegna sýkingarhættu. Talið er að allt að 80% af þeim laxi, sem gekk í Elliðaár við Reykjavík og Laxá í Kjós s. l. sumar, hafi ekki veiðst, t. d. 8—10 þúsund laxar í Elliðaánum. Mikið af þessum laxi mætti taka til eldis í kvíum og margfalda þannig verðmæti hans.

Silungsvötn eru víða ofsetin og vannýtt, en hafa mætti af þeim miklar nytjar með hóflegri veiði og ræktun. Reynsla af tilraunum með silungsveiði í vötnum í Fljótsdalshéraði s. l. sumar lofar góðu og hér gæti gæti orðið um mikilvæga aukabúgrein að ræða.

Mestu framtíðarmöguleikarnir fyrir þjóðarbúið í fiskeldi gætu hins vegar verið fólgnir í eldi sjávarfiska, en á því sviði hefur enn sem komið er lítið sem ekkert verið aðhafst hérlendis, á sama tíma og ýmsar þjóðir austanhafs og vestan hafa stundað rannsóknir og undirbúning að fiskeldi um áratugaskeið. Verulegar líkur eru á að með markvissu fiskeldi megi auka afrakstur sjávarafurða til muna og draga úr þeim miklu sveiflum sem fylgja hefðbundnum veiðum. Mikil breyting varð í landbúnaði með aukinni ræktun og sæmilegu öryggi í fóðuröflun. Hjarðmennska er þar á undanhaldi, þótt ofbeit sé enn alltof víða.

Í sjávarútvegi byggjum við á veiðum sem háðar eru náttúrulegum sveiflum og sókn í fiskistofnana. Mikið vantar á að menn hafi þar náð tökum á stjórn veiða til að tryggja hámarksafrakstur fiskistofnanna við ríkjandi aðstæður hverju sinni. Hrun loðnustofnsins fyrir fáum árum og hnignun þorskstofnsins að undanförnu tala þar skýru máli. Miklu skiptir við þessar aðstæður að leita nýrra úrræða í atvinnulífi þjóðarinnar. Endurbætur í rekstri og stjórn hefðbundinna atvinnugreina skipta þar miklu, en jafnframt þarf að hefja nýtt landnám í arðbærum rekstri. Ræktun sjávardýra virðist nærtækt verkefni fyrir fiskveiðiþjóð. Það verður nánast að teljast skylda opinberra aðila að bregðast skjótt við á þessu sviði. Vandaðar athuganir og undirbúningur skipta miklu hér sem annars staðar, en á þessu sviði á að vera unnt að sækja hratt fram og byggja m. a. á þekkingu og reynslu annarra þjóða.

Sú grein fiskeldis, sem talið er líklegast að geti skilað skjótum árangri, er eldi á „matfiski", þ. e. ungviði sem aflað er í sjó en alið upp í eldistjörnum eða lónum við strendur með stuðningi af jarðvarma. Tegundir, sem eðlilegt væri að líta til í byrjun, eru m. a. þorskur og lúða. Árlegur vaxtarhraði þorsks við kjörhita í eldistjörn gæti orðið margfaldur á við það sem gerist í náttúrunni. Þorskur gæti e. t. v. náð markaðsstærð á tveimur árum í stað 4—6 ára í sjó og unnt væri að koma honum á markað sem glænýrri gæðavöru.

Hafrannsóknastofnunin hefur reynt að fylgjast nokkuð með þróun fiskeldismála erlendis, en ekki fengið fjármagn til að ráða sérfræðinga til starfa á þessu sviði. Stofnunin hefur enga aðstöðu til rannsókna á lifandi fiskum sem er að sjálfsögðu undirstaða fyrir klak- og seiðarannsóknir. Þótt tilraunir með seiðaeldi sjávarfiska í stórum stíl séu e. t. v. ekki líklegar til að skila skjótum ávinningi þurfa Íslendingar að fylgjast náið með og verða hlutgengir á því sviði. Því er lagt til að aðstaða verði hið fyrsta sköpuð til slíkra tilrauna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Íslenskir sjávarlíffræðingar hafa orðið mikla þekkingu á lífríki sjávar og lífsskilyrðum við landið. Þeim hafa hins vegar ekki verið búnar aðstæður til margháttaðra grundvallarrannsókna og hagnýtra tilrauna sem eðlilegt væri að leggja áherslu á hérlendis. Úr því þarf að bæta strax.

Meðal íslenskra vísindamanna, sem á síðustu árum hafa kynnt sér fiskeldi og sérhæft sig nokkuð á því sviði, má nefna Eyjólf Friðgeirsson og Björn Björnsson. Sá síðarnefndi er nú að ljúka doktorsnámi við Dalhousie-háskóla í Halifax í Kanada. Fjallar ritgerð hans um orkubúskap þorsks, m. a. hvernig vaxtarhraði og vaxtarnýtni þorsksins breytist með fæðumagni. Við undirbúning þessarar tillögu hefur Björn veitt aðstoð og hugmyndir m. a. verið sóttar í grein, sem birtist eftir hann í tímaritinu Ægi, 9. tbl. 1983, undir heitinu „Ráðstefna um þorskeldi og nokkur orð um fiskeldismöguleika á Íslandi".

Þeir Björn og Eyjólfur sóttu ráðstefnu um þorskeldi í Noregi í júní 1983, en þar komu saman um 120 vísindamenn frá 13 þjóðum. Segir Björn frá þessari ráðstefnu í umræddri grein og tel ég rétt að birta hér niðurlag hennar í heild:

„Ég dreg þá ályktun eftir þessa ráðstefnu að ekki muni tímabært fyrir Íslendinga að hefja miklar tilraunir með seiðaeldi á þorski eða öðrum fiski sem hrygna í sjó. Slíkar tilraunir hafa reynst tímafrekar, mannfrekar, flóknar og kostnaðarsamar. Til að seiðaslepping hefði umtalsverð áhrif á árgangastyrk íslenska þorskstofnsins við núverandi aðstæður yrði að sleppa árlega tugum eða hundruðum milljóna af sumaröldum seiðum. Slík framleiðsla gæti orðið óhemjukostnaðarsöm og ólíklegt að hún svaraði kostnaði við núverandi aðstæður. Í sumum tilfellum gæti seiðaslepping jafnvel orðið til tjóns, þ. e. a. s. þegar fæðan er

takmarkandi þáttur hjá þorskstofninum. Aukinn fjöldi fiska gæti þannig leitt til aukinnar samkeppni um fæðu og því minni vaxtarhraða og meiri náttúrulegrar dánartíðni. Hins vegar gæti gagnsemi seiðasleppingar orðið mun áhrifameiri þegar nýliðun hefur brugðist að miklu leyti um árabil og fæðu skortir ekki fyrir fiskstofninn. Þess vegna er sjálfsagt að fylgjast náið með árangri Norðmanna sem hafa verið brautryðjendur á þessu sviði. Aftur á móti verður að horfast í augu við það að Íslendingar hafa ekki sama bolmagn til frumrannsókna og Norðmenn sem eru um 20 sinnum fjölmennari en Íslendingar.

Þó að tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl séu ekki tímabærar hér á landi, þá tel ég hins vegar mjög æskilegt fyrir Íslendinga að hefja fljótlega tilraunir með eldi á þorski og öðrum sjávardýrum til manneldis. Þá á ég aðallega við að veiða ungfisk hér við land og koma honum fyrir í sérstökum eldistjörnum og ala hann þar upp til slátrunar (kaup á laxaseiðum kæmu þó einnig til greina). Mætti hugsa sér að sjómönnum yrði borgað visst fyrir hvern lifandi smáfisk sem þeir kæmu með að landi, með tilliti til verðmætis í eldi. Þannig fengist t. d. margfalt meira verð fyrir smálúðu heldur en smáþorsk. Einnig væri æskilegt að kanna hvaða fisktegundir eru hentugastar til fiskeldis á Íslandi. Nokkrar tegundir, sem kæmu vel til greina, eru þorskur, lúða, lax, ufsi og kræklingur. Það er trúlega hagkvæmasti kosturinn að vera með blandað eldi, t. d. lúðu, lax og krækling saman í eldistjörn. Þannig yrði lúðan á botninum, laxinn við yfirborð og kræklingurinn mundi hreinsa vatnið og nýta um leið alla tiltæka smáfæðu.

Grundvallaratriði við eldi á matfiski er að nota ódýrt fóður þar sem fóðurkostnaður er einn helsti útgjaldaliðurinn. Eldisstöðvar á Íslandi ættu að geta haft greiðan aðgang að ódýru fóðri, t. d. loðnu og jafnvel síld, þegar verð á síld er lágt eða ekki er unnt að selja alla þá síld sem æskilegt er að veiða. Mætti hugsa sér að eitt eða fleiri nótaskip stunduðu fóðuröflun fyrir eldisstöðvar árið um kring þannig að sjaldan eða aldrei þyrfti að frysta fóður því að frysting hefur í för með sér mikinn aukakostnað. Einnig er mikilvægt við fiskeldi á Íslandi að nýta ódýran jarðhita til að halda eldisvatni hæfilega heitu árið um kring til að vaxtarhraði verði alltaf nálægt hámarki.

Íslendingar standa nú á tímamótum. Fiskstofnar hér við land eru flestir fullnýttir, en fiskeldi gefur góða von um aukna framleiðslu á úrvalsfiski. Rannsóknir á fiskstofnum hér við land eru nú að komast í viðunandi horf, en rannsóknir á sviði fiskeldis eru hins vegar ákaflega rýrar ennþá, t. d. hefur Hafrannsóknastofnunin ekki aðstöðu til neinna tilrauna með lifandi fiska. Án mikilla rannsókna hér á landi er lítil von til að þróun fiskeldis á Íslandi taki hagkvæmustu stefnuna. Aðstæður hér eru svo gerólíkar aðstæðum annarra landa þar sem fiskeldi er stundað að útilokað er að heimfæra niðurstöður annarra þjóða beint. Áður en byrjað er á fiskeldi í stórum stíl er nauðsynlegt að láta fyrst fara fram nokkurra ára rannsóknir og hönnun til að koma í veg fyrir stórfelld mistök.

Af framansögðu tel ég því æskilegt að Íslendingar hefji sem fyrst víðtækar fiskeldistilraunir þar sem megináhersla verði lögð á eldi á matfiski, en seiðaeldi sjávarfiska verði látið bíða enn um stund."

Þá hefur Björn Björnsson verið svo vinsamlegur að leyfa að birtar yrðu sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu „Nokkrar hugleiðingar um fiskeldi á Íslandi í kjölfar ráðstefnu um þorskeldi", en það er grein úr handriti, sem hann tók saman í júnímánuði s. l. eftir ráðstefnuna í Noregi. Kemur þar margt fram, sem varpar skýru ljósi á stöðu þessara mála.

Hugmyndir og tillögur Björns um æskilegar aðgerðir í fiskeldi hérlendis eru verðmætt veganesti og ástæða er til að hvetja alþingismenn og almenning til að kynna sér þær.

Nánar verður fjallað í framsögu um einstaka þætti málsins og undirbúning að því átaki í fiskeldi, sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Fylgiskjal.

Björn Björnsson:

Nokkrar hugleiðingar um fiskeldi á Íslandi í kjölfar ráðstefnu um þorskeldi

Tveir Íslendingar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sóttu nýlega ráðstefnu um þorskeldi, þeir Eyjólfur Friðgeirsson og Björn Björnsson (undirritaður). Ráðstefna þessi var haldin í Arendal, Noregi, dagana 14. — 17. júní 1983. Þátttakendur voru um 120 vísindamenn frá 13 þjóðum, þar af um 90 frá Noregi. Tilefni ráðstefnunnar var að minnast 100 ára afmælis hafrannsóknastöðvarinnar í Flödevigen sem er skammt frá Arendal.

Þessi rannsóknastöð var stofnuð í þeim tilgangi að framleiða þorskseiði á kviðpokastigi til sleppingar í stórum stíl og reyna þannig að styrkja þá þorskárganga sem fyrir væru. Fyrstu áratugina var einungis þorskklak stundað í Flödevigen, en smátt og smátt var farið að bæta við ýmsum öðrum rannsóknaverkefnum svo sem eldi á humri, kræklingi og ostrum. Árið 1971 var kviðpokaseiðum sleppt í sjóinn í síðasta sinn. Eftir þorskklak í nærri 9 áratugi og framleiðslu á um 10 milljörðum af kviðpokaseiðum þótti ekki sannað mál að slepping hefði komið að umtalsverðu gagni.

Árið 1976 hófust tilraunir í Flödevigen til stórframleiðslu og sleppingar á sumaröldum þorskseiðum. Aðalforsenda þessara tilrauna er að mestur hluti hvers þorskárgangs drepst á fyrsta sumri, m. a. vegna afráns, skorts á réttri fæðu eða vegna óhagstæðra veður- og sjávarskilyrða. Ef unnt væri á tiltölulega ódýran hátt að koma þorskinum yfir þennan erfiðasta hjalla við bestu skilyrði og í vernduðu umhverfi er líklegt að árangur seiðasleppingar yrði mun áhrifameiri en slepping á kviðpokaseiðum. Til samanburðar má geta þess að kviðpokaseiði eru um 3 mm að stærð en sumaralin þorskseiði um 10 cm. Einnig er unnt að meta mun betur árangur sleppingar hjá sumaröldum seiðum en kviðpokaseiðum vegna þess að merkingu verður við komið hjá stærri seiðunum. Árið 1979 hófust svipaðar tilraunir á annarri rannsóknastöð í Noregi, Austevoll, sem er skammt frá Bergen, og standa þessar tilraunir enn yfir og hafa vaxið að umfangi með hverju ári.

Jafnhliða þessum tilraunum hafa farið fram nokkrar tilraunir í Noregi með áframhaldandi eldi á þorski með það fyrir augum að framleiða þorsk til manneldis í þar til gerðum flotkvíum.

Megintilgangur ráðstefnunnar var að draga saman alla tiltæka þekkingu á sviði þorskeldis og reyna að vega og meta árangur af rannsóknum síðustu ára og áratuga með von um mörkun á æskilegri framtíðarstefnu á þessu sviði. Um 40 erindi voru flutt á ráðstefnunni um margvísleg efni sem tengjast þorskeldi, t. d. vandamál við frjóvgun og klak, fæðunám og vaxtarhraða seiða, sjúkdóma, stórframleiðslu á seiðum, endurheimtur merktra seiða, vaxtarhraða í áframhaldandi eldi, erfðafræði, hagkvæmni seiðaframleiðslu til sleppingar (hafbeitar) og hagkvæmni áframhaldandi eldis. Of langt mál yrði að ræða einstök erindi ráðstefnunnar hér, en ég hef þegar gert uppkast að grein þar sem fáeinum athyglisverðustu fyrirlestrunum verða gerð nokkur skil. (Er fyrirhugað að óska eftir birtingu á grein þessari í tímaritinu Ægi áður en langt um líður.) Fyrir ráðstefnuna var útbúinn fjölritaður bæklingur með útdrætti allra erinda sem flutt voru á ráðstefnunni og fylgir hann þessari greinargerð. Enn fremur munu viðkomandi vísindagreinar verða gefnar út í einu lagi að nokkrum mánuðum liðnum ásamt heildarútdrætti og lokaumræðum. Mun ég því ekki fjalla nánar um einstök erindi ráðstefnunnar, en ræða hins vegar þær ályktanir sem ég dreg af ráðstefnunni í sambandi við fiskeldi á Íslandi.

Ég dreg þá ályktun eftir þessa ráðstefnu að ekki muni **tímabært** fyrir Íslendinga að hefja miklar tilraunir með seiðaeldi á þorski eða öðrum sjávarfiskum. Seiðaeldi á sjávarfiskum

hefur reynst ákaflega tímafrekt, flókið og kostnaðarsamt. Tugir norskra vísindamanna hafa unnið að þessu verkefni árum saman, en árangur hefur ekki verið mikill fyrr en á allra síðustu árum. Langbesti árangur náðist nú í sumar þegar tókst að framleiða um 300 000 tveggja mánaða þorskseiði, en besti árangur þar áður var um 10 000 seiði á sumri. Við núverandi aðstæður hefði seiðaslepping ekki umtalsverð áhrif á árgangastyrkleika íslenska þorskstofnsins nema tugum eða hundruðum milljóna sumaralinna seiða væri sleppt árlega. Slík framleiðsla gæti orðið óhemjudýr og ekki öruggt hversu mikið gagn yrði af. Í sumum tilfellum gæti seiðaslepping jafnvel orðið til tjóns ef fæðuskilyrði fyrir þorskstofninn væru (eða yrðu) slæm, þannig að aukinn fjöldi fiska leiddi til aukinnar samkeppni um fæðu og því hægari vaxtar og aukinnar náttúrulegrar dánartíðni. Þó er sjálfsagt fyrir Íslendinga að fylgjast náið með árangri Norðmanna sem eru brautryðjendur á þessu sviði en horfast verður í augu við það að Íslendingar hafa ekki sama bolmagn til frumrannsókna og Norðmenn sem eru um 20 sinnum fjölmennari en Íslendingar.

Ég get ekki stillt mig um að koma á framfæri í þessu sambandi einni hugmynd sem ég tel athugandi fyrir okkur Íslendinga en það er að gera tilraunir með sleppingu á humri (**Homarus vulgaris/americanus**) til að kanna hvort hann geti þrifist og fjölgað sér hér við land. Humar er ákaflega verðmæt dýrategund í nokkrum nágrannalöndum okkar og t. d. í Kanada mun heildarverðmæti humaraflans slaga nokkuð hátt í verðmæti alls þorskaflans og veiða Kanadamenn þó meira af þorski en Íslendingar. Þar sem humar er ákaflega staðbundin dýrategund er vel hugsanlegt að hann hafi ekki náð að breiðast út til Íslands vegna einangrunar landsins. Vel má vera að skilyrði séu góð fyrir humar hér við land, t. d. í Breiðafirði þar sem mikið er af hörðum botni og þaragróðri. Kostnaður við slíkar tilraunir þyrfti ekki að vera mikill. Að undangenginni samanburðarathugun á aðstæðum, þar sem humar þrífst og aðstæðum hér við land, væri unnt að kaupa nokkur hundruð humra í Noregi eða Kanada og sleppa á nokkra líklega staði hér við land. Áhættuna af því að innleiða nýja dýrategund tel ég mjög litla þar sem sjúkdómahætta ykist ekki verulega vegna þess að sjúkdómar geta miklu fremur borist með flökkudýrum og skipum. Aðalfæða humars er krabbar, ígulker, hræ og burstaormar og yrði því afrán og samkeppni við önnur nytjadýr hverfandi.

Þó að seiðaeldi í stórum stíl sé ekki tímabært hér á landi tel ég hins vegar mjög æskilegt fyrir okkur Íslendinga að hefja fljótlega tilraunir með eldi á þorski og öðrum sjávardýrum til manneldis. Þá á ég einkum við að veiða ungfisk hér við land og koma honum fyrir í sérstökum eldistjörnum og ala hann þar upp til slátrunar. Einnig kæmi til greina að kaupa seiði, t. d. laxaseiði, sem nú þegar eru framleidd á skipulegan hátt.

Í Noregi er mikill áhugi fyrir eldi á þorski til slátrunar sem sést best á því að nú liggja fyrir um 150 umsóknir hjá norska sjávarútvegsráðuneytinu um leyfi til þorskeldis. Nú þegar hafa nokkrir aðilar hafið þorskeldi í Noregi án leyfis. Einnig er vel þekkt hin mikla framleiðsla Norðmanna á laxi, en gert er ráð fyrir um 15 000 tonna framleiðslu á þessu ári. Norðmenn rækta fiskinn í flotkvíum sem komið er fyrir í skjólsælum fjörðum þar sem hitastig er hagstætt. Slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi hér á landi því að hitastig er að jafnaði of lágt þar sem skjól er gott, eins og inn á fjörðum, til að góður vöxtur náist. Ég tel því að eldi á matfiski komi vart til greina hér á landi án jarðhita sem nýttur yrði í sérstökum afmörkuðum eldistjörnum.

Tilraunir hafa sýnt að ekki er við umtalsverð tæknileg vandamál að stríða við eldi á stærri fiski (matfiski). Spurningin er bara hvort unnt er að ala fiskinn upp á nógu ódýran hátt hér á landi til að um hagnað verði að ræða. Til að svo geti orðið verðum við Íslendingar að nýta sérstöðu okkar út í ystu æsar. Hér á eftir mun ég ræða nokkur atriði sem ég álít vera mikilvæg í þessu sambandi.

1. **Ungfiskur.**

Eins og kunnugt er elst gnægð af ungfiski upp við strendur landsins. Má líta á sjóinn kringum landið sem eina risastóra eldisstöð sem framleiðir seiði á reglubundinn, sjálfvirkan og mjög ódýran hátt. Ef við Íslendingar gætum lært að nýta ákveðinn hluta af þessari framleiðslu til eldis á matfiski gætum við aukið stórlega meðalverðmætasköpun á hvern fisk. Ef eldi á matfiski væri orðið algengt hér á landi mætti t. d. hugsa sér að sjómönnum yrði borgað visst fyrir hvern lifandi fisk sem þeir kæmu með að landi. Færi borgun einnig eftir fisktegund og stærð, t. d. yrði borgað margfalt meira verð fyrir lúðu en þorsk.

Við núverandi veiðar kemur oft mikið upp af smáfiski sem unnt væri að bjarga ef því væri sinnt, en oftast er smáfiskur látinn bíða þangað til aðgerð á stærri fiski er lokið og þá sópað dauðum fyrir borð. Með tiltölulega ódýrri aðstöðu væri unnt að halda miklum fjölda af smáfiski lifandi í bátunum. Þá hef ég einkum í huga rækjubáta og dragnótabáta, en a. m. k. hinir síðarnefndu fá talsvert af smálúðu sem gæti orðið ákaflega verðmætur eldisfiskur. Það gæti jafnvel svarað kostnaði við togaraútgerð að hirða smálúðu og selja lifandi í landi. Söfnun á ungfiski á þennan hátt gæti engan veginn orðið til tjóns fyrir fiskistofna.

Einnig mætti hugsa sér að sérstaklega yrði gert út á veiðar á ungfiski, t. d. á **línu** með smáum krókum, **handfæri** sem sportveiðimenn hefðu e. t. v. áhuga á að stunda og jafnvel **nót.** Þannig væri unnt að veiða t. d. smáufsa í nót á mjög ódýran hátt. Þessar veiðar á ungfiski yrði líka að stunda á ódýran hátt til að fiskur yrði ekki of dýr fyrir eldisstöðvar. Það er þessi væntanlega lági útgjaldaliður sem gæti e. t. v. gert þorsk- og lúðueldi ábatasamara en laxeldi þar sem hvert laxaseiði er mjög dýrt í framleiðslu. (Annað, sem mætti nefna, er aukinn fóðurkostnaður við að halda laxholdi rauðu).

Þessar veiðar yrðu seint svo umfangsmiklar að marktækra áhrifa gætti á fiskistofna við landið. Í vissum tilfellum gæti grisjun á smáfiski jafnvel orðið til gagns fyrir fiskistofna með því að minnka samkeppni um fæðu og á þann hátt tryggja góðan vöxt og miklar lífslíkur hjá þeim fiskum sem eftir verða. Ef síðar meir væri farið að reka eldi á matfiski í svo stórum stíl að veiðar á ungfiski hefðu veruleg neikvæð áhrif á fiskistofna væri unnt að bregðast við annaðhvort með því að sleppa einhverju af kynþroska fiski eða með því að hefja ræktun á seiðum fyrir eldisstöðvar. Að þeim tíma liðnum er auk þess líklegt að Norðmenn verði búnir að leysa flest byrjunarvandamál við seiðaeldi á sjávarfiskum.

Í þessu sambandi má geta þess að Japanar veiða einn sinn mikilvægasta eldisfisk (yellow tail) í miklu magni sem ungfisk við strendur Japans og ala síðan upp til slátrunar.

2. **Jarðhiti.**

Á Íslandi er mikið til af ónýttu og ódýru jarðhitavatni sem nýtanlegt væri til fiskeldis. Með því að blanda saman fersku eða söltu jarðhitavatni við hreinan sjó væri unnt að halda kjörhitastigi (um 10°C) í eldistjörnum árið um kring. Árlegur vaxtarhraði gæti því orðið margfaldur á við í náttúrunni. Þannig gæti t. d. þorskur náð markaðsstærð á um tveimur árum í stað 6—8 árum í náttúrunni. Mörg jarðhitasvæði koma til greina, t. d. Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Hveragerði og Reykjavík.

3. **Fóður.**

Við eldi á matfiski er nóg framboð af **ódýru** fóðri algert grundvallaratriði þar sem fóðurkostnaður yrði stærsti útgjaldaliðurinn í slíku eldi og gæti numið u. þ. b. helmingi af rekstrarkostnaði. Eldisstöðvar á Íslandi ættu að geta haft aðgang að ódýru fóðri og á ég þar einkum við loðnu og jafnvel síld þegar verð á síld er lágt eða þegar ekki er unnt að selja alla þá síld sem æskilegt er að veiða.

Ef fiskeldi væri komið á rekspöl mætti hugsa sér að eitt eða fleiri nótaskip stunduðu fóðuröflun fyrir eldisstöðvar árið um kring þannig að sjaldan eða aldrei þyrfti að frysta fóður. Frysting er einkum óæskileg vegna hins mikla viðbótartilkostnaðar, en frosin fæða kemur þó til greina á árstímum sem eru erfiðir til fóðuröflunar.

Bæði eigin tilraunir og tilraunir Norðmanna benda til þess að þorskur geti nýtt fæðuna ákaflega vel og tvö kg af loðnu eða síld gætu gefið allt að eitt kg af þorski.

4. **Sjógæði og landrými.**

Hér við land er sjór einstaklega hreinn og ómengaður og aldrei of heitur til eldis á sjávarfiskum, en slíkt gæti orðið vandamál sums staðar í Noregi. Hér á landi er líka mikið af ódýru landi sem nota má til fiskeldis, en það er mikilvægt því að fiskeldi yrði alllandfrek búgrein. Svæði, sem ég álít að kæmi vel til greina, er strandlengjan frá Vík í Mýrdal að Herdísarvík. Þar yrði ódýrt að útbúa eldistjarnir (laus jarðvegur) og tiltölulega stutt í jarðhita. Sjór er þar einnig tiltölulega heitur, en það sparaði mikinn jarðhita. Einnig kæmu vel til greina valdir staðir á Reykjanesskaga, svo sem Sandvík (við Reykjanes), Ósabotnar (við Hafnir) og ýmsir staðir í nágrenni Reykjavíkur. Sömuleiðis gæti verið um góða staði að ræða við Breiðafjörð og sums staðar á Norðurlandi svo sem í Ólafsfjarðarvatni og í Lóni í Kelduhverfi (þar sem laxeldi hefur reyndar verið stundað í nokkur ár).

Kostnaðarins vegna tel ég vart annað koma til greina en jarðvegstjarnir útbúnar með uppgreftri og stíflugerð á ódýran hátt (með stórvirkum jarðýtum) eða nýtingu á náttúrulegum lónum og tjörnum. Sjó yrði annaðhvort dælt inn í eldistjarnirnar eða sjóskipti ættu sér stað um neðansjávarpípur í þeim tilvikum sem því yrði við komið (þannig að sjávarfalla gætti hæfilega mikið í tjörnunum).

Eldi á matfiski virðist hafa marga kosti umfram hina hefðbundnu veiðimennsku, t. d.:

a) Árlegur vaxtarhraði er margfaldur.
b) Dauðsföll eru færri.
c) Slátrun er möguleg eftir hentugleikum, svo sem með tilliti til markaðsstöðu, kjörstærðar og nýtingar á fiskvinnsluaðstöðu.
d) Ferskleiki fisks er meiri og minna af hringormi.
e) Nýting á aukaafurðum er auðveldari, svo sem niðursuða á lifur, lýsisgerð og lífefnaiðnaður, t. d. vinnsla ensíma úr slógi.
f) Nýting á smáfiski sem nú er sópað dauðum fyrir borð.
g) Betri nýting á loðnu og síld en að mala í verðlítið mjöl (loðna) eða veiða ekki allan skammtinn (síld).
h) Aukin nýting á jarðhita, landi og vinnuafli.
i) Aukin þekking og reynsla á nýju sviði gæti opnað nýja og áður óþekkta nýtingar- og framleiðslumöguleika.

Af þessu leiddi að meðalverðmætasköpun á hvern fisk yrði margföld á við í náttúrunni og gæfi möguleika á að auka heildarfiskframleiðslu þjóðarinnar verulega. Auðvitað verður alltaf hagkvæmt að nýta hina náttúrulegu fiskistofna á hefðbundinn hátt hér við land, einkum með færri og ódýrari fiskiskipum. Hins vegar verður afrakstursgeta fiskistofna okkar ekki aukin verulega með núverandi veiðiaðferðum, en fiskeldi gæti aftur á móti leitt til umtalsverðrar **viðbótar.**

Ég legg á það ríka áherslu að hér er um frumhugmyndir að ræða sem ég tel æskilegt að vinna betur úr. Ég er reiðubúinn að standa að slíkri úrvinnslu ef þess verður óskað. Ég álít skynsamlegast að vinna að slíku þróunarverkefni í hæfilega stórum áföngum til að stjórnvöld geti fylgst með, metið árangur og tekið afstöðu til áframhaldandi fjárfestingar, t. d. hvort bæri að hægja á, hraða eða stöðva viðkomandi rannsóknir. Mætti hugsa sér að fyrsta árið færi til ýmissa forathugana, svo sem að draga saman upplýsingar sem að gagni geta komið,

t. d. um markaðsverð á mismunandi fisktegundum sem koma til greina (m. a. þorski, ufsa, lúðu, laxi, silungi og kræklingi); um vaxtarhraða mögulegra fisktegunda og vandamál í eldi; áætlaðan kostnað við veiðar eða kaup á ungfiski; áætlaða þörf á jarðhitavatni og kostnað við nýtingu; um fóðurverð; um sjódælingarkostnað; stofnkostnað; áhrif stærðar á hagkvæmni eldisstöðvar; vinnulaun; staðarval; hugmyndir um fyrstu tilraunir og tilraunabú; lauslega arðsemisútreikninga o. s. frv.

Ef niðurstaða yrði ekki alfarið neikvæð gæti næsta skrefið orðið að áætla arðsemi nákvæmlega fyrir nokkra vænlegustu möguleikana og reyna að velja stað fyrir tilraunastöð.

Þriðja skrefið gæti falist í því að koma upp tilraunaaðstöðu og hefja tilraunir til að kanna ýmsar forsendur betur, svo sem vaxtarhraða, vaxtarnýtni, dánartíðni, fiskgæði, vandamál í eldi, hagkvæmni blandaðs eldis (t. d. lúða, lax og kræklingar saman í eldi) o. s. frv. Samhliða mætti kanna mismunandi möguleika á ungfiskaveiðum eða kaup á seiðum.

Fjórða skrefið gæti verið að koma upp tilraunabúi til verulegrar framleiðslu á matfiski. Þetta tilraunabú gæti annaðhvort verið í eigu ríkisins eða einkaaðila með einhverjum stuðningi frá ríkinu til að byrja með. Á þessu búi færu fram stöðugar athuganir og tilraunir til að finna leiðir til mestrar hagkvæmni. Á þessum niðurstöðum ætti framtíðarfiskeldi á Íslandi að geta byggt. Ef einkaaðilar **óska** eftir að hefja fiskeldi áður en þessu þróunarverkefni lýkur er sjálfsagt að leyfa þeim að spreyta sig á eigin kostnað, fyrir utan ókeypis leiðbeiningarþjónustu.

Reykjavík, 27. júní 1983.
Björn Björnsson.

Nd. 101. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um launamál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu fulltrúar Sambands byggingamanna. Ekki varð samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. nóv. 1983.

Páll Pétursson, form.
Þorsteinn Pálsson, frsm.
Friðrik Sophusson.
Geir Hallgrímsson.

Nd. 102. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um launamál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÞP, GeirH).

1. Við 2. gr. 3. mgr. hljóði svo:
   Frekari hækkanir launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þessarar greinar á tímabilinu frá 25. maí 1983 til gildistöku laga þessara, hvort sem um þær er samið fyrir eða eftir 25. maí 1983, falla niður. Ákvæði

þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum sem komnar eru í framkvæmd fyrir 25. maí 1983.

2. Við 2. gr. 4. mgr. hljóði svo:

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, skulu allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslið 2. málsgreinar 1. greinar, gilda til gildistökudags laga þessara, en vera þá lausir.

Sþ. 103. Fyrirspurn [92. mál]

til samgönguráðherra um undanþágur til að gegna stöðum yfirmanna á íslenska flotanum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvaða undanþágur hafa verið gefnar af ráðuneytinu til þess að gegna eftirtöldum yfirmannastöðum á íslenska flotanum frá 1. október 1982 til 1. október 1983:

1. Skipstjórastöðum.
2. Stýrimannsstöðum.
3. Fyrsta vélstjóra stöðum.
4. Öðrum vélstjórastöðum.

Óskað er eftir nafni viðkomandi undanþáguhafa og heiti skips ásamt stærð þess og heimahöfn.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 104. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er eðli bráðabirgðalaga að ákvæði þeirra koma til framkvæmda áður en Alþingi gefst tækifæri til þess að fjalla um þau. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir lýst andstöðu sinni við þá miklu og einhliða kjara- og réttindaskerðingu sem bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar fela í sér. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að ná fram þeim endurbótum á lögunum sem miða að því að gera þau sanngjarnari og draga úr því misrétti, sem í þeim felst, þótt slík ákvæði geti eðli máls samkvæmt einungis náð til framtíðarinnar en ekki liðins tíma.

Í samræmi við þetta flytur 1. minni hluti nefndarinnar breytingartillögur á sérstöku þingskjali sem sníða vankanta af frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir.

1) Samkvæmt því lagafrumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er bannað að miða laun við vísitölu, en vísitölukerfið stendur að öðru leyti óhaggað, þannig að t. d. ríkið hefur sjálfvirkar heimildir samkvæmt vísitölu til að hækka gjöld til sín eins og bensíngjald, þungaskatt og flugvallagjald. Notkun ríkisins á þessum heimildum hefur birst í sífelldum hækkunum á bensínverði á undanförnum mánuðum. Vitaskuld er með öllu óeðlilegt og í fyllsta máta ósanngjarnt að þeir hlutar hins sjálfvirka vísitölukerfis, sem lúta að skattlagningu fólksins í landinu og tekjuöflun ríkisins, séu í fullu sambandi en launafólki sé óheimilt að njóta dýrtíðarbóta miðað við vísitölu. Þess vegna er lagt til á sérstöku þingskjali að þessi sjálfvirka heimild ríkisins verði afnumin. Óski ríkisstjórnin að breyta slíkum gjöldum yrði hún því, að samþykktri þessari breytingartillögu, að bera fram frumvarp um það á Alþingi.

Af sama toga eru gjaldskrár, sem miðast við fasteignamat. Fasteignamatið er hækkað samkvæmt ákvörðun Fasteignamatsnefndar ríkisins og er þá heimil gjaldtaka skv. gildandi lögum miðað við hið nýja fasteignamat. Þegar verðlag hækkar langt um fram launabreytingar felur þetta í sér óréttláta heimild til sjálfvirkrar gjaldtöku af þorra fólksins í landinu. Eigi að ráðast að vísitölukerfinu í heild sinni er því nauðsynlegt að höggva einnig á þessa sjálfvirkni.

Með samþykkt þessarar breytingartillögu yrði hið opinbera að sitja við sama borð og launafólk að því er afnám vísitöluviðmiðunar varðar og slíkt bann við notkun vísitölu ekki látið ná einungis til launanna einna eins og frv. ríkisstjórnarinnar gerir.

2) Lágmarkstekjur á mánuði eru nú 10 961 kr. Ef verðbætur hefðu verið reiknaðar skv. ákvæðum kjarasamninga væru þessar lágmarkstekjur nú um 15 000 kr. á mánuði. Öllum má ljóst vera að fólk getur vart framfleytt sjálfu sér, hvað þá fjölskyldu, á tekjum sem eru innan við 11 000 kr. á mánuði. Matvörukaupin ein hjá vísitölufjölskyldu eru talin nema um 9 100 kr. á mánuði um þessar mundir.

Öllum er ljóst að við erfiðleika er að etja í þjóðfélaginu. Skiptar skoðanir eru um hvernig við vandanum skuli bregðast, en allir ættu að vera á einu máli um að ekki er réttlætanlegt að skerða hlut hinna lakast settu. Það er með öllu óviðunandi að ætla fólki með lagaboði að lifa af 11 000 kr. á mánuði. Sú breytingartillaga um lágmarkstekjur, sem flutt er á sérstöku þingskjali, mun bæta hér úr og tryggja að ekki séu lagðar byrðar á hina lakast settu. Þessi ákvæði miða að því einu að engum séu greidd lægri laun í heild að meðtöldum öllum álagsgreiðslum en 15 000 kr. á mánuði og ná því einungis til þess launafólks sem hefur lægri heildarlaun, en ekki til þeirra sem ná hærri launum með álagsgreiðslum af einhverju tagi.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 105. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 1. gr. bætast tvær nýjar mgr. sem verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:
   Á sama hátt og á sama tímabili er óheimilt að miða opinber gjöld af einu eða öðru tagi, hvort sem er til ríkisins eða sveitarfélaga, með einum eða öðrum hætti við vísitölu. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum um heimildir til hækkunar gjalda eða skatta með tilliti til breytinga á vísitölu skal slík hækkun óheimil frá og með gildistökudegi þessara laga.
   Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamati fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn álagningarinnar um 20% við álagningu 1984 fyrir gjöld, sem reiknast árlega, en frá og með 1. des. 1983 að því er önnur gjöld varðar. Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentur frá því sem í gildi var hinn 25. maí 1983.
2. Við 2. gr. bætist ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:
   Frá og með gildistökudegi laga þessara og þar til öðruvísi um semst skulu lágmarksheildarlaun vera kr. 15 000 á mánuði fyrir fulla dagvinnu og tilsvarandi fyrir hlutastörf. Til heildarlauna teljast í þessu sambandi taxtalaun að viðbættum hvers kyns álögum, en án orlofs.
3. Fyrirsögn frv. breytist og verði: Frv. til l. um launamál og vísitöluviðmiðanir.

Sþ. 106. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þessa þingsályktunartillögu og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.
Svavar Gestsson.
Gunnar G. Schram.
Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðrún Agnarsdóttir.

Nd. 107. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd skiptist í afstöðu sinni til bráðabirgðalaganna um launamál. Minni hluti nefndarinnar, fulltrúar Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Bandalags jafnaðarmanna, er andvígur frumvarpinu og þeim ákvæðum um mannréttindaskerðingu og kauplækkanir sem í því felast. Kjartan Jóhannsson flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali og gerir grein fyrir afstöðu sinni í eigin nefndaráliti. Svavar Gestsson og Kristín S. Kvaran standa að þessu minnihlutaáliti. Samtök um kvennalista eiga ekki fulla aðild að fjárhags- og viðskiptanefnd, en Guðrún Agnarsdóttir sat einn fund sem áheyrnaraðili. Hún og aðrir þingmenn Samtaka um kvennalista eru andvíg frumvarpinu um staðfestingu bráðabirgðalaganna um launamál.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Svavar Gestsson, frsm.
Kristín S. Kvaran.

Ed. 108. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1982, um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.
Valdimar Indriðason.
Tómas Árnason.
Magnús H. Magnússon.
Lárus Jónsson.
Ragnar Arnalds.

Ed. 109. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og m. a. aflað upplýsinga frá fjármálaráðuneyti. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr. | Valdimar Indriðason.
Tómas Árnason. | Magnús H. Magnússon. | Lárus Jónsson.
Ragnar Arnalds.

Ed. 110. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og m. a. aflað upplýsinga frá fjármálaráðuneyti og gjaldeyrisyfirvöldum. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Lárus Jónsson. | Valdimar Indriðason.
Tómas Árnason.

Ed. 111. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum. Nefndin klofnaði um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að það verði afgreitt óbreytt, en minni hlutinn skilar séráliti og flytur breytingartillögu.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Valdimar Indriðason. | Tómas Árnason.
Lárus Jónsson.

Ed. 112. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta stefnir að því að afla ríkissjóði fjár í þágu Byggingarsjóðs ríkisins til að uppfylla gefin fyrirheit um viðbótarlán til húsbyggjenda. Minni hl. nefndarinnar vill ekki standa gegn því að reyndar verði nýjar leiðir í útgáfu ríkisskuldabréfa ef það gæti orðið til að auka innlendan sparnað í þágu Byggingarsjóðs ríkisins, þótt vandséð virðist að þessar nýju tegundir skuldabréfa seljist svo miklu betur en hin gamalkunnu spariskírteini ríkissjóðs og í svo miklu magni sem hér er stefnt að á þessu ári þegar aðeins einn og hálfur mánuður er til ársloka.

En meginatriði þessa máls er að loforðin um viðbótarlán til húsbyggjenda verði ekki svikin. Yfirlýsingar hæstvirts fjármálaráðherra undanfarna daga vekja ótta um að svo gæti farið. Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr.:

Það fé, sem fæst með sölu skuldabréfa, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins. Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr., til bráðabirgða. Takist ekki að selja skuldabréf samkvæmt frumvarpi þessu eins og ráðgert er, skal bráðabirgðalán Seðlabankans gert upp með innlendri fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Magnús H. Magnússon.

Ed. 113. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 81 23. des. 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja að ótímabært hafi verið að afnema gjald á ferðalög til útlanda eins og ástatt er í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar. Full heimild var til álagningar þessa gjalds a. m. k. til ársloka og ekkert rak á eftir því að gjaldið væri fellt niður á miðju ári þvert ofan í áætlun gildandi fjárlaga.

Í fjárlögum ársins var áætlað að innheimta gjaldsins á árinu 1983 næmi um 75 millj. kr. Miðað við breyttar gengisforsendur má telja víst að upphæðin hefði numið rúmlega 100 millj. kr. á árinu. Þegar gjaldið var fellt niður í júlímánuði s. l. nam innheimta þess um 58 millj. kr. og má því ætla að tekjutap vegna niðurfellingar gjaldsins nemi 40—50 millj. kr.

Við teljum að fyrr hefði átt að afnema ýmsa skatta sem leggjast með miklum þunga á láglaunafólk en að afnema gjald á ferðalög til útlanda. Auk þess skortir ríkissjóð fjármuni til að halda uppi ýmiss konar bráðnauðsynlegri þjónustu með eðlilegum hætti.

Við leggjum því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Magnús H. Magnússon.

Ed. 114. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson.

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Nöfn frambjóðenda skulu sett upp í stafrófsröð, en yfirkjörstjórn hlutar um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum framboðslista.

2. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Yfirkjörstjórn gerir þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði, og auk þess í dagblöðum eða vikublöðum í viðkomandi kjördæmi, á þann hátt, að greindur sé bókstafur hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálaflokk hann er í kjöri, að hann sé utan flokka, ef því er að skipta, og svo nöfn frambjóðenda á hverjum lista í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr.

3. gr.

2. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr., ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfn á hverjum lista.

4. gr.

2. mgr. 84. gr. laganna orðist svo:

Vilji kjósandi raða frambjóðendum á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill ráða röð frambjóðenda.

5. gr.

110. gr. laganna orðist svo:

Til að finna, hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi, skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista til að ákveða hvort og þá hve marga þingmenn hver framboðslisti fær.

Síðan raðar yfirkjörstjórn frambjóðendum á lista þannig, að efstur er sá, sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. sæti; annar sá, sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. og 2. sæti (að atkvæðum efsta manns frátöldum); þriðji sá, sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1., 2. og 3. sæti (að atkvæðum 1. og 2. manns á lista frátöldum) o. s. frv.

Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnháa tölu, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 113. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en fékk þá ekki afgreiðslu. Meginmarkmið þess er að veita kjósendum sem allra mest valfrelsi við kosningar til Alþingis; veita þeim kost á að ráða alfarið röðun frambjóðenda á viðkomandi framboðslista um leið og kosning fer fram.

Á síðari árum hefur kröfunni um persónuval í kosningum aukist mjög fylgi, og er það vel. Reynt hefur verið að koma til móts við þessa kröfu með prófkjörum í ýmsum myndum og skoðanakönnunum eða forvali. Ýmsir gallar hafa komið í ljós við þessar aðferðir, og má t. d. nefna eftirfarandi:

1. Í mörgum tilvikum hafa of fáir verið í framboði og í of fá sæti til að kjósendur fái umtalsvert valfrelsi.
2. Prófkjörunum fylgir gjarnan verulegt umstang og umtalsverður kostnaður, sem betur væri varið á öðrum sviðum stjórnmálastarfseminnar.
3. Mikil sárindi á milli samherja hafa hlotist af prófkjörunum og undirbúningi þeirra.
4. Ýmsir, sem alls ekki ætla sér að styðja viðkomandi flokk í kosningum, og eru jafnvel flokksbundnir í öðrum flokkum, hafa í vaxandi mæli reynt að áhrif á röðun frambjóðenda annarra flokka.

Samþykkt þessa frumvarps veitir kjósendum margfalt meira valfrelsi en prófkjörin, hversu opin sem þau eru, um leið og flestir þeir annmarkar, sem að framan er getið, eru sniðnir af.

Flutningsmenn halda því ekki fram, að sú leið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leysi allan vanda, en ókostir þess eru smávægilegir í samanburði við þá galla, sem prófkjörunum eru samfara, og þá annmarka, sem fylgja því að hafa engin prófkjör.

Í Danmörku hafa stjórnmálaflokkarnir um nokkurt skeið ráðið því, hvort þeir bjóða fram raðaða eða óraðaða lista. Allir stærri flokkarnir hafa valið þá leið að hafa óraðaða lista, og engum þeirra dettur í hug að breyta til fyrra horfs. Reynslan þar sýnir að um það bil helmingur kjósenda nýtir sér réttinn til að raða frambjóðendum á lista.

Árið 1977 flutti Jón Skaftason frumvarp, sem gekk í svipaða átt og hér er lagt til. Það frv. fékk mikla umræðu á Alþingi veturinn 1977—'78, en hlaut ekki afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrri mgr. er óbreytt frá gildandi lögum, en sú seinni er ný. Þar er gert ráð fyrir því, að flokkarnir skili framboðslistum sínum í stafrófsröð til viðkomandi yfirkjörstjórnar, en hún hluti til um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum lista.

Um 2. gr.

Í stað orðanna „í réttri röð“ í gildandi lögum komi: í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr.

Um 3. gr.

Sama og um 2. gr.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum hefur kjósandi heimild til að „breyta nafnaröð“ á viðkomandi lista og til útstrikana. Í reynd er þetta þó marklaus heimild vegna þess hve vægi breytinganna er lítið.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að kjósendur viðkomandi framboðslista, og þeir einir, ráði alfarið röðun listans.

Kjósendur hafa algerlega óbundnar hendur um það, hvort og að hve miklu leyti þeir vilja ráða röðun listans. Þeir þurfa ekki að gera það, þeir mega velja efsta mann, efstu tvo, efstu þrjá o. s. frv., og þeir mega raða öllum nöfnum á listanum.

Um 5. gr.

Greinin segir til um það, hvernig viðkomandi yfirkjörstjórn finnur út þingmannatölu hvers lista og hvernig hún raðar frambjóðendum á listana að kosningum loknum.

Reglurnar eru bæði einfaldar og skýrar.

Sþ. 115. Fyrirspurn [94. mál]

til iðnaðarráðherra um samstarfsnefnd um iðnráðgjöf í landshlutum.

Frá Páli Péturssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

1. Hvert er starfssvið samstarsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutum og að hvaða verkefnum hefur hún unnið?
2. Hverjir sitja í nefndinni og hverjir eru starfsmenn hennar?
3. Hver er kostnaður við störf nefndarinnar?

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

Flm.: Stefán Benediktsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um húsnæðissamvinnufélög sem taka mið af eftirfarandi:

1. Tryggður verði lagalegur réttur húsnæðissamvinnufélaga.
2. Búseturéttur verði lögbundinn.
3. Tryggð verði eðlileg fjármögnun fyrsta húsnæðissamvinnufélagsins.

Greinargerð.

Bygging og rekstur íbúða á samvinnugrundvelli á sér langa sögu. Fyrstu húsnæðissamvinnufélögin voru stofnuð í Þýskalandi og Danmörku um miðja síðustu öld, en í dag eru þau einna algengust sem rekstrarform í Svíþjóð þar sem Landssamband húsnæðissamvinnufélaga, HSB, hefur á 60 ára ferli byggt yfir 400 þús. íbúðir. Stærsta húsnæðissamvinnufélag Noregs, OBOS, hefur frá stríðslokum byggt meira en helming alls húsnæðis í Osló og nágrenni. Í Þýskalandi og á Niðurlöndum eru slík félög vel þekkt. Í Bandaríkjunum starfa húsnæðissamvinnufélög mjög víða og þar eru þau algengust í New York og nágrenni.

Húsnæðissamvinnufélög eru almannasamtök sem hafa forgöngu um byggingu eða öflun íbúða sem félagsmenn húsnæðissamvinnufélagsins eiga og reka í sameiningu. Húsnæðissamvinnufélög eru öllum opin gegn greiðslu félagsgjalds og er þátttaka í hverjum byggingaráfanga háð stofnframlagi sem veitir svonefndan búseturétt. Fjárhæð fyrir búseturéttinn ákveður stjórn félagsins hverju sinni. Búseturéttur er ótímabundinn. Hver byggingarhópur stofnar með sér búseturéttarfélag sem sér um rekstur íbúða félagsins.

Nú er það almennt viðurkennt að þjóðfélaginu sé skylt að tryggja öllum öruggt og fullnægjandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Því er þörf nýrra úrræða. Nú bjóðast aðeins

tveir kostir, annars vegar leigumarkaður og hins vegar séreignarform. Ísland hefur nokkra sérstöðu fyrir þá sök að leigumarkaður er þröngur og öryggi leigjenda lítið þrátt fyrir nýlega löggjöf á því sviði. Séreignarformið krefst hins vegar mikillar fjárfestingar, meiri fjárfestingar en flestir ráða við.

Húsnæðissamvinnufélög hafa það að markmiði að gefa fólki kost á góðu og öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Jafnframt er hér um að ræða frjálst framtak einstaklinga sem ekki hlíta algerlega forsjá einkafjármagns eða ríkisvalds. Að vísu krefst þetta framtak ákveðinnar fyrirgreiðslu á lánamarkaði, og þá að hluta til frá því opinbera. En framtakið hefur þó þann augljósa kost að fjármagn til bygginga á vegum húsnæðissamvinnufélaga helst til frambúðar innan félagslegs húsnæðiskerfis.

Benda má á marga augljósa eða líklega kosti þessa fyrirkomulags, en hér verður látið nægja að nefna tvo. Ef húsnæðissamvinnufélögum verður komið á laggirnar víðs vegar um landið yrði þetta íbúðarform ákveðin lausn á þeim vanda sem skapast vegna tíðra búsetuskipta á atvinnumarkaði, en það verður æ sterkara einkenni nútíma þjóðfélags. Annað atriði er að ábyrgð byggjenda og íbúa yrði á einni hendi vegna hins sameiginlega reksturs, en það tryggði markvisst gæðaeftirlit og viðhald húsnæðisins.

Undirtektir undir þessa nýju hugmynd til lausnar húsnæðisvandans, svo sem stofnfundur húsnæðissamvinnufélagsins á Hótel Borg 15. október s. l., gera augljósa þá brýnu nauðsyn að skapaður verði sem fyrst réttlátur grundvöllur fyrir þá starfsemi sem hér hefur verið gerð tillaga um.

Nd. 117. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

14. gr. laganna breytist svo:

a) Aftan við 1. málslið 6. mgr. 14. gr. bætist: sbr. þó 8. mgr.

b) Á eftir 6. mgr. koma þrjár nýjar málsgr. svo hljóðandi:

Ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, en aftur á móti börn, sem voru að hluta eða öllu leyti á framfæri hins látna sjóðfélaga, skal makalífeyririnn ganga til barnanna fram til 24 ára aldurs. Heimilt er að framlengja þær greiðslur samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar ef um er að ræða langvarandi sjúkdóm, fötlun eða aðrar erfiðar félagslegar aðstæður barna sjóðfélaga.

Ef um er að ræða að sjóðfélagi láti eftir sig maka, sem hann hefur fyrir andlátið slitið samvistum við, skal makalífeyririnn við sambærilegar aðstæður og um getur í 7. mgr. þessarar greinar skiptast að jöfnu á milli makans og barnanna.

Réttur barna sjóðfélaga samkvæmt 7. og 8. mgr. skerða ekki rétt þeirra samkvæmt 16. grein þessara laga.

c) Upphaf 1. málsliðar síðustu mgr. 14. gr. hljóðar svo:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka né börn, en einstæð móðir hans o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er að við fráfall sjóðfélaga gangi lífeyrisréttindi til barna hans undir sérstökum kringumstæðum.

Þær kringumstæður, sem hér um ræðir, eru að sjóðfélagi láti ekki eftir sig maka, en barn eða börn, og skulu lífeyrisréttindi sjóðfélagans þá ganga til barna hans fram til 24 ára aldurs, hafi börn að hluta eða öllu leyti verið á framfæri hins látna. Hér er um að ræða ekkjur, ekkla eða einstæða foreldra sem ekki hafa verið í sambúð eða hjónabandi. Heimilt er einnig að framlengja greiðslur ef um er að ræða langvarandi sjúkdóm, fötlun eða aðrar félagslegar aðstæður barna sjóðfélaga.

Í annan stað er lagt til að ef sjóðfélagi sé einstætt foreldri, sem láti eftir sig maka, sem sjóðfélagi hefur fyrir andlátið slitið samvistum við, skuli makalífeyririnn við sambærilegar aðstæður skiptast að jöfnu milli makans og barnanna.

Þær reglur, sem nú gilda um lífeyrisréttindi látins sjóðfélaga, sem greitt hefur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er að eftirlifandi maki fær greiddan makalífeyri. Hafi sjóðfélagi verið tvígiftur og lætur eftir sig tvo maka skiptist makalífeyririnn milli þeirra í hlutfalli við þann tíma sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna á þeim tíma sem hann ávann sér lífeyrisréttindin. Að auki er heimilt, *ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka* en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hafi sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, að greiða hlutaðeigandi makalífeyri eins og um ekkju eða ekkil væri að ræða. Með þessu ákvæði er opnaður möguleiki á að greiða öðrum aðila en maka makalífeyri. Enn fremur fá börn látins sjóðfélaga greiddan barnalífeyri til 18 ára aldurs. Ef barnið á foreldra eða kjörforeldra á lífi er sér um framfærslu þess er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Barnalífeyrir, sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiðir í dag, er því 808 kr. Ef barn á hins vegar ekki foreldri eða kjörforeldri á lífi er greiddur úr Lífeyrissjóðnum tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, eða 1 616 kr.

Það eru ekki síst einstæðir foreldrar, s. s. ekkjur og ekklar, sem þurfa að bera kvíðboga yfir því hvað verður um afkomu barnanna við fráfall þeirra. Hvaða fjárhagslega afkomu er barni tryggð hjá lífeyrissjóðunum ef einstætt foreldri þess fellur frá sem greitt hefur e. t. v. áratugum saman 4% af launum sínum til sjóðsins? Svarið er að til 18 ára aldurs er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir, þ. e. 1 616 kr. Engar greiðslur koma eftir 18 ára aldur, hvernig svo sem félagslegum aðstæðum barnsins er háttað. Munaðarlaus börn eða börn einstæðra foreldra eiga því ekki margra kosta völ þegar lífeyrisréttindi móður eða föður tryggja þeim aðeins þessa litlu lífeyrisupphæð til 18 ára aldurs.

Við fráfall sjóðfélaga, sem lætur eftir sig maka og börn, nýtast áunnin lífeyrisréttindi miklu betur nánustu ættingjum (maka og börnum) heldur en áunnin lífeyrisréttindi ekkju nýtast börnum hennar undir sömu kringumstæðum, jafnvel þó að hún hafi greitt jafnlengi og jafnmikið í lífeyrissjóð og sá sjóðfélagi sem lætur eftir sig maka og börn.

Auk barnalífeyris er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka, að lágmarki 20% af launum sjóðfélagans, en við bætist 1% af launum fyrir hvert ár sem sjóðfélagi hefur greitt í sjóðinn. Þessum lífeyrisréttindum heldur makinn svo lengi sem hann giftir sig ekki aftur.

Gefa má af þessu gleggri mynd:

Kona A: Hefur greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í 25 ár 4% af launum sínum. Hún var í 15. lfl. starfsmanna ríkisins, 3. þrepi, og með í laun 1. okt. 16 402 kr. Er gift og á tvö börn.

Kona B: Hefur greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í 25 ár 4% af launum sínum. Hún er í 15. lfl. starfsmanna ríkisins, 3. þrepi, eða með 16 402 kr. 1. okt. s. l. Er ekkja og á tvö börn.

Báðar hafa því greitt jafnmikið og jafnlengi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. En hverju skila áunnin lífeyrisréttindi nánustu aðstandendum (börnum og maka) í lífeyrisgreiðslum ef þær falla frá?

Kona A: Maki fær greiddan makalífeyri svo lengi sem hann kvænist ekki aftur ..... kr. 7 381 á mán.
Barnalífeyrir til 18 ára aldurs barnanna, samanlagt með báðum börnum ..... kr. 1 616 á mán.

Samtals kr. 8 997 á mán.

Kona B: Börnin fá greiddan tvöfaldan barnalífeyri til 18 ára aldurs ..... Samtals kr. 3 232 á mán.

Af þessu má sjá að þó að báðar þessar konur hafi greitt jafnlengi í lífeyrissjóð tryggja lífeyrisréttindi ekkjunnar B fjárhagslega afkomu nánustu aðstandenda mun verr en hjá konu A.

Eins og fyrr greinir er heimilt undir sérstökum kringumstæðum, þ. e. ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, að greiða öðrum, s. s. einstæðri móður eða ógiftri systur, makalífeyri ef þær hafa annast heimili hins látna sjóðfélaga. Fordæmið er því fyrir hendi að aðrir en makar geta fengið greiddan makalífeyri. Það sem hér er lagt til er að makalífeyrir geti undir sérstökum kringumstæðum runnið til barna sjóðfélaga sem ekki lætur eftir sig maka.

Hér verður að telja að um sanngirnismál sé að ræða sem kosti lífeyrissjóðina lítið, en geti tryggt fjárhagslega afkomu foreldralausra barna og ungmenna mun betur en nú er, þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skólagöngu barnsins, langvarandi sjúkdóms, fötlunar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Á annað ber einnig að líta. Ef aðeins annað foreldrið er á lífi er það bæði sanngirnismál og öryggi fyrir ekkjur og ekkla að geta treyst því að við fráfall þeirra tryggi margra ára greiðsla af launum þeirra til lífeyrissjóðanna bærilega fjárhagsafkomu barna þeirra á uppvaxtarárunum, geri þeim t. d. kleift að stunda nám.

Í frumvarpi til barnalaga, sem var til meðferðar á 103. löggjafarþingi, var lagt til að framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns væri heimilt að ákveða allt til þess að barn nær 24 ára aldri. Var þar vísað til þess að þetta ákvæði væri í dönsku barnalögunum frá 1960. Í meðförum þingsins var þessu breytt og miðað við 20 ára aldur.

Það er orðið æ algengara að ungt fólk fari í framhaldsnám að loknu skyldunámi. Þótt vissulega sé það ekki algilt þá á ungt fólk oft bakhjarl í einni eða annarri mynd í foreldrahúsum á þeim tíma. En foreldralaus ungmenni eiga síður nokkurn slíkan bakhjarl við þær aðstæður. M. a. þess vegna er miðað við 24 ára aldur í þessu frumvarpi, auk þess sem það er sanngirnismál að einstæðir foreldrar geti búið við það öryggi og réttlæti að þau lífeyrisréttindi, sem renna til maka og barna sjóðfélaga, geti, ef maki er ekki á lífi, runnið til að tryggja m. a. skólagöngu barna þeirra til 24 ára aldurs.

Að því er menntun og starfsþjálfun viðkemur hefur löggjafinn með réttu séð ástæðu til að heimila framlengingu á framfærsluskyldu meðlagsaðila til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna. Einnig er heimilt skv. 19. gr. barnalaga að úrskurða sérstök framlög af hendi meðlagsaðila vegna sérstakra útgjalda þess foreldris sem forræði barnsins hefur, t. d. vegna útgjalda við fermingu, vegna sjúkdóms eða af öðru sérstöku tilefni. Þennan bakhjarl hafa ekkjur t. a. m. ekki og geta ekki leitað til hins opinbera um fjárhagslega aðstoð í þessu skyni. Á þetta atriði er bent hér til að sýna fram á hve brýnt er að breyta þessu ákvæði í barnalögunum þannig að hið opinbera veiti þessa fjárhaglegu aðstoð þegar um einstæða foreldra er að ræða sem ekki geta leitað til meðalagsskyldra aðila s. s. vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna.

Af þessu má einnig ljóst vera hve afkoma foreldralausra barna getur verið ótrygg, og t. a. m. komið í veg fyrir frekari skólagöngu þeirra, þar sem greiðslu úr lífeyrissjóði lýkur við 18 ára aldur og ekki er til neins meðlagsskylds aðila að leita. Gæti það skipt verulegu máli fyrir framtíð foreldralausra barna og ungmenna að lögunum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna yrði breytt eins og hér er lagt til á þann hátt að lífeyrisréttindi sem foreldri hefur áunnið sér gæti við fráfall þess tryggt öruggari fjárhagslega afkomu barna á uppvaxtarárum, s. s. vegna náms eða þegar sérstaklega stendur á, t. d. vegna fötlunar, langvarandi sjúkdóms eða annarra félagslegra aðstæðna.

Ef frumvarp þetta yrði samþykkt er nauðsynlegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að sett verði sambærileg ákvæði í reglugerðir allra starfandi lífeyrissjóða í landinu.

Sþ. 118. Fyrirspurn [97. mál]

til félagsmálaráðherra um skattheimtu sveitarfélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða félagsmálaráðherra til þess að beitt verði á næsta ári ákvæði 25. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sem kveður á um heimild til sérstaks álags á útsvarsstofn?
2. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir að útsvör og fasteignagjöld verði við það miðuð að skattbyrði heimilanna aukist ekki milli áranna 1983 og 1984?

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni tafarlausa framkvæmd eftirtalinna verkefna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattsvik og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú tíðkast.

1. Að endurskoða lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur eða sérdómstól sem fengi a. m. k. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot.
2. Að endurskoða lög um meðferð opinberra mála, nr. 73/1973, með síðari breytingum. Sérstaklega skal athuga í því sambandi hvort hagkvæmt sé að fjölga og sérhæfa saksóknara í ákveðnum málaflokkum eða veita öðrum aðilum eins og ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra ákæruvald í skattamálum.
3. Að endurskoða refsilöggjöf og refsiákvæði einstakra laga, svo sem skatta- og bókhaldslaga, í því skyni að samræma þau og beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum fyrir afmörkuð afbrot í stað tímafrekra dómsrannsókna á flóknum, umfangsmiklum afbrotum sem leiða af sér refsivist í lengri eða skemmri tíma.
4. Að undirbúa nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum, nr. 51/1968, og reglugerð þar að lútandi, sem tryggja gleggri og áreiðanlegri fylgiskjöl með skýrum upplýsingum fyrir utanaðkomandi aðila, t. d. skattrannsóknarmenn, þar sem fram kemur nákvæmari

sundurliðun reikninga. Enn fremur að skuldbinda alla aðila til að taka í notkun tölusett eyðublöð og reikningsform sem eru útgefin eða viðurkennd af opinberum aðilum, t. d. skattstofum.

5. Að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo og framtalsreglum til þess að tryggja áreiðanlegri og fjölþættari upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri. Endurskoða þarf sérstaklega í því sambandi frádrátt af tekjum af atvinnurekstri, þ. m. t. risnukostnað, bifreiðafríðindi, launamat, afskriftir o. fl.
6. Að láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það að markmiði að koma á skilvísara eftirliti með innheimtu söluskatts. Athugað verði hvort hægt sé að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt.
7. Að beita sér fyrir aukinni hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala.
8. Að beita sér fyrir að veitt verði stóraukið fjármagn til skattaathugana, einkum til rannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins, þannig að hægt sé að taka til ítarlegrar rannsóknar u. þ. b. 10—20% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri árlega. Eðlilegt er að skattsektarfé ríkisskattanefndar standi straum af rekstri deildarinnar að einhverju leyti. Að öðrum kosti verður að koma til sérgreint fjármagn úr ríkissjóði eða frá hinu almenna skatteftirliti á framtölum launþega.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að stjórnvöld geri nú þegar átak á sviði skattrannsókna, skatteftirlits og meðferðar ákæru- og dómsmála í skattsvikamálum í þeim tilgangi að ná betri og markvissari tökum á skattsvikamálum og bókhaldsbrotum sem lið í því að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu.

Þegar til þess er litið að í skattsvikum liggur eitt hrikalegasta misréttið og ein helsta meinsemdin í þjóðfélaginu þá er það furðulegt að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gerðar markvissar og skipulegar aðgerðir og úrbætur af hálfu stjórnvalda til að koma í veg fyrir skattsvik og bókhaldsbrot. Víða í þjóðfélaginu má sjá á lífskjörum og lífsstíl manna að það er oft hrópandi ósamræmi milli lifnaðarhátta og þess sem greitt er í sameiginlegan sjóð landsmanna. Hlýtur það að vera siðferðileg skylda stjórnvalda að koma í veg fyrir slíkt með öllum tiltækum ráðum og að á þessum málum verði tekið af einbeitni og fyllstu hörku.

Í fyrsta lagi verður að koma í veg fyrir að skattalögin séu svo götótt að þau geti boðið upp á skattsvik.

Í öðru lagi verður að búa þannig að skattrannsóknum og skatteftirliti að hægt sé á markvissan hátt að uppræta skattsvik og að skattstofur og skattrannsóknarstjóri fái þá sérfræðilegu aðstoð, sem nauðsynleg er, til að halda uppi svo ströngu aðhaldi og rannsóknum að skattsvikarar séu hvergi óhultir, og mjög hart verði tekið á hvers konar skattsvikum og bókhaldsbrotum.

Í þriðja lagi að öll málsmeðferð skattsvikamála gangi greiðar fyrir sig en nú er raun á.

Öllum má ljóst vera að alltof lítið hefur verið gert til að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu. Þannig hefur það verið upplýst að undanförnu að þrjú stór, einföld skattsvikamál hafa lónað í kerfinu í þrjú til fimm ár án þess að dómur hafi verið kveðinn upp. Það hefur vakið athygli hversu langur tími líður frá því að rannsóknum lýkur þar til ákæra er gefin út og þar til dómur fellur. Þá hefur verið greint frá því að í einu skattsvikamáli, sem var vísað til ríkissaksóknara árið 1972, féll ekki dómur fyrr en tæpum níu árum síðar. Skýringar dómara á þessum töflum virðast hreint furðulegar.

Af máli ýmissa embættismanna má ráða að vegna seinagangs í dómskerfinu hafi aðeins fáum, tiltölulega einföldum og vel athuguðum málum, verið vísað til dómstólanna — sem

engu síður virðist taka mörg ár að fá úrskurð í. Öðrum er væntanlega vísað til ríkisskattanefndar (áður skattsektarnefndar) sem er lokuð nefnd og viðhefur nafnleynd. Þetta er augljós hagur hinna brotlegu og vissulega ekki til þess fallið að uppræta skattsvik, — og stingur sannarlega í stúf við meðferð annarra afbrota í þjóðfélaginu. Afleiðing þess að skattsvikamál eru svo seinfara í kerfinu og skattsvikamál ekki tekin fastari tökum af stjórnvöldum en raun ber vitni er að skattsvik í hvers konar mynd virðast orðin æði útbreidd í þjóðfélaginu.

Embættismenn tala um að það vanti pólitískan vilja til að gera átak í þessum málum. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að reyna á þann pólitíska vilja eða viljaleysi.

Síðan minnihlutastjórn Alþýðuflokksins sat að völdum 1979—80 hefur engin alvarleg tilraun verið gerð til að hreyfa þessum málum á Alþingi, en þá var lagt fram frumvarp um skattadóm og rannsókn skattsvikamála en náði ekki fram að ganga.

Þó að hafa beri í huga að langflest skattsvikamál, er upp komast, fá úrlausn hjá skattstjórum eða ríkisskattanefnd, þá er alveg ljóst að tiltölulega mjög fá mál fyrirtækja eða einstaklinga í atvinnurekstri fá þá rækilegu skoðun sem nauðsynleg er, eins og að yfirfara í mun ríkara mæli bókhald og hvers konar fylgiskjöl í atvinnurekstri.

Átján manna starfslið skattrannsóknarstjóra getur ekki annast nema fáa tugi mála af nokkurri alvöru. Það er von flutningsmanna þessarar tillögu að stjórnvöld telji það nú tímabært að gera alvarlegt átak í því skyni að breyta almennum launamannaskatti í sanngjarna tekjuöflunarleið fyrir samfélagið, sem verði til þess að hver og einn þjóðfélagsþegn greiði það, sem honum ber, af sínum tekjum til samfélagslegra þarfa.

Sþ. 120. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Flm.: Árni Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Verði við það miðað, að göngin verði tilbúin til umferðar eigi síðar en í árslok 1988.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er einn hættulegasti bílvegur landsins. Þar hafa orðið yfir 20 alvarleg umferðarslys á síðustu 7 árum. Í þessum slysum hafa fjórir látið lífið og margir slasast. Þá hefur eignatjón orðið mikið.

Oft hefur litlu munað að enn frekari stórslys yrðu á þessum vegi, og vitað er að ekki eru til skýrslur um öll óhöpp sem þar hafa orðið, enda lögreglu ekki alltaf tilkynnt um þau. Slysin hafa oftast orðið í hálku og snjó og af völdum grjóthruns, en á þessum vegi má ekkert út af bregða vegna þess, hve mjór hann er og víðast hvar þverhnípt í sjó fram.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er eina samgönguleiðin á landi við Ólafsfjörð mestan hluta ársins, þar eð Lágheiði lokast í fyrstu snjóum og opnast ekki fyrr en langt er liðið á vor og jafnvel ekki fyrr en komið er fram á sumar. Vegurinn um múlann er snjóþungur og oft erfitt og jafnvel lífshættulegt að ryðja hann. Vegurinn hefur á snjóþungum vetrum verið lokaður svo dögum skiptir, og vitað er að hann hefur lengst verið lokaður í 14 daga. Þá er kostnaður við snjómokstur mjög mikill og þungur baggi á skattgreiðendum. — Af framantöldu fer ekki hjá því, að menn veigri sér við að aka veginn í misjöfnum veðrum.

Þessar aðstæður hafa tvímælalaust mikil áhrif á allt mannlíf á Ólafsfirði. Þær valda öryggisleysi um allar samgöngur, og þótt áætlunarflug hafi breytt högum manna í þessu tilliti er það hvergi nóg. Eina lausnin á þessum vanda eru jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla.

Um þetta ástand segir fyrrv. bæjarstjóri Ólafsfjarðar, Jón E. Friðriksson: „Íbúafjölgun hér hefur stöðvast og íbúum í raun fækkað, þrátt fyrir að atvinna hefur verið mikil, en að vísu fábreytt. Ég tel það undantekningartilfelli ef menn flytja héðan vegna Múlavegar, en hins vegar er mjög líklegt að slíkur Ó-vegur dragi mikið úr að aðkomufólk setjist hér að. Jarðgöng í gegnum Ólafsfjarðarmúla eru því lykilatriði hvað varðar alla íbúafjölgun og framþróun á staðnum."

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að vegurinn um Ólafsfjarðarmúla hafi átt sinn þátt í því, að fólk hafi flutt frá Ólafsfirði. Umræður um þessi mál urðu miklar eftir hörmulegt slys, sem varð á veginum í lok októbermánaðar á síðasta ári, þegar tveir ungir menn létu lífið.

Það liggur í augum uppi, að vegur af þessu tagi hefur mjög neikvæð áhrif á alla framþróun staðarins, sérstaklega þegar þess er gætt, að lítið hefur verið gert til að auka og bæta aðrar samgöngur. Sú einangrun, sem þetta getur skapað, er ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem nú eru gerðar um öruggar og góðar samgöngur.

Nokkrar lausnir hafa verið nefndar til að bæta samgöngur við Ólafsfjörð. Um tíma var mikið rætt um svokallaðar „vegsvalir", en sú hugmynd hefur verið lögð á hilluna. Í allmörg ár hefur verið rætt um jarðgöng, en lítið verið aðhafst. Nú hefur hins vegar verið gerð úttekt á nokkrum stöðum sem til greina koma. Einkum hafa verið nefnd göng á milli Kúhagagils og Tófugjár.

Sumarið 1982 lét Vegagerðin bora í bergið svo kanna mætti heppilegasta staðinn hvað varðar hæð og jarðlög. Þessar athuganir gefa góðar vonir um það, að gerð jarðganga sé ekki eins erfið og áður hafði verið talið. Eftir er að vinna úr ýmsum gögnum áður en staður verður endanlega ákveðinn. Þetta verkefni er á vegáætlun, en samkvæmt henni munu líða æðimörg ár áður en göngin verða tilbúin. Það er því ósk flutningsmanna, að verkefninu verði hraðað að mun. Löng bið getur orðið dýru verði keypt.

Fylgiskjöl:
1. Bréf bæjarstjórans á Ólafsfirði.
2. Yfirlit lögreglunnar á Ólafsfirði um umferðarslys á Múlavegi.

Fylgiskjal I.

Ólafsfirði, 24. nóv. 1982.

Hr. alþingismaður,
Árni Gunnarsson,
Gullteigi 12,
105 Reykjavík.

Í framhaldi af símtölum sendi ég meðfylgjandi yfirlit um umferðarslys frá og með 1976 til og með október 1982.

Íbúafjölgun hér hefur stöðvast og íbúum í raun fækkað, þrátt fyrir að atvinna hefur verið mikil, en að vísu fábreytt. Ég tel það undantekningartilfelli ef menn flytja héðan vegna Múlavegar, en hins vegar er mjög líklegt að slíkur Ó-vegur dragi mikið úr að aðkomufólk setjist hér að. Jarðgöng í gegnum Múlaveg eru því lykilatriði hvað varðar alla íbúafjölgun og framþróun á staðnum.

Kveðja,
Jón E. Friðriksson,
bæjarstjóri.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um umferðarslys á Múlavegi frá og með 1976 til og með október 1982.

12.10.'76
Fólksbíll lendir á steini í Kúhagagili. Talsvert eignatjón. Slys urðu ekki á fólki.

01.12.'76
Jeppi vegaeftirlitsmanns fer fram af veginum í Ytra-Drangsgili er snjóflóð lendir á bílnum. Ökumaðurinn náði að komast út áður en bíllinn hrapaði um 180 m í sjó fram.

20.09.'76
Fólksbíll lendir á grjótskriðu við Flag. Bíllinn stórskemmdur. Ökumaður einn í bílnum, slapp ómeiddur.

25.05.'76
Fólksbíll rennur til í hálku í Ófærugjá, stöðvast á snjóruðningi á vegarbrún.

22.05.'76
Fólksbíll og létt bifhjól lenda í árekstri í Bríkargili þegar ökumenn ökutækjanna voru að kræka fyrir grjótskriðu á veginum. Ökumaður hjólsins slasaður en ekki alvarlega.

14.02.'77
Fólksbíll og sendibíll lenda í árekstri í þröngum snjógöngum í Ófærugjá. Slys urðu ekki á fólki en talsvert eignatjón.

21.04.'77
Rútubíll og jeppi lenda í árekstri á blindhorni norðan Ófærugjár. Þarna lá við stórslysi. Vegurinn aðeins 7 m breiður og nær þverhnípt um 250 m fram í sjó.

11.06.'78
Fólksbíll lendir á steini, á miðjum vegi, norðan við Kúhagagil. Lítið eignatjón.

29.07.'78
Fólksbíll lendir á stórum steini í Syðra-Drangsgili. Talsvert eignatjón.

23.11.'78
Árekstur tveggja fólksbíla í þröngum snjógöngum í Voghólsbrekku. Lítið eignatjón.

13.06.'79
Fólksbíll með þremur mönnum veltur út af veginum í Syðra-Drangsgili. Tveir létust en ungur drengur slasaðist nokkuð.

13.09.'79
Fólksbíll veltur út af veginum við Bríkargil. Hálka var á veginum. Ökumann sakaði ekki. Bíllinn ónýtur.

31.07.'80
Fólksbíll ekur á harðan snjóruðning sunnan Bríkargils. Eignatjón lítið.

02.04.'81
Snjóruðningstæki fer fram af veginum í Syðra-Drangsgili og um 180 m niður í fjöru. Ökumaður náði að komast út en tækið var gjörónýtt.

18.07.'81
Fólksbíll veltur á veginum við Voghól. Tveir menn í bílnum sluppu ómeiddir, en bíllinn ónýtur.

03.08.'81
Fólksbíll veltur á veginum sunnan Ófærugjár. Ökumaður einn í bílnum slapp ómeiddur.

15.08.'81
Árekstur tveggja bíla sunnan Kúhagagils. Eignatjón lítið.

31.12.'81
Jeppi veltur á veginum sunnan Kúhagagils. Ökumaður slapp ómeiddur. Eignatjón talsvert.

30.10.'82

Fólksbíll með fimm mönnum veltur út af veginum norðan við Kúhagagil. Tveir menn létust. Tveir talsvert slasaðir og einn slapp ómeiddur.

Til viðbótar þessari upptalningu er vitað um allmörg tjón sem hafa orðið á bílum vegna grjóthruns og annarra óhappa, er lögregluskýrslur hafa ekki verið gerðar um.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að móta opinbera stefnu í íslenskum flugmálum, er byggist á eftirtöldum grundvallaratriðum:

1. Stefnt skal að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.
2. Öðrum flugfélögum í innanlandsflugi verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsynlegt reynist, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.
3. Verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum verði gerð raunhæf til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.
4. Ekkert flugfélag skal hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.
5. Stefnt skal að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi.
6. Framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5 af hundraði fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.
7. Þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda, að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.
8. Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og reist ný flugstöð er öll flugfélög geti haft not af.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt í annað sinn á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Tillögunni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Það má öllum vera ljóst, að góðar og öruggar flugsamgöngur eru Íslendingum mikilvægari en flest annað. Þetta á bæði við um flugsamgöngur við umheiminn og innanlands. Segja má með fullum rétti, að traustar flugsamgöngur séu íslensku þjóðinni trygging fyrir frelsi hennar og sjálfstæði. En þetta verður ekki að fullu tryggt nema flugið sé að mestu eða öllu leyti í höndum Íslendinga sjálfra, en þó auðvitað innan þeirra marka er alþjóðlegir samningar setja, og er þá átt við gagnkvæma loftferðasamninga.

Til þess að tryggja góðar og öruggar flugsamgöngur til og frá Íslandi, svo og innanlands til frambúðar, verður að vera kleift **að þróa rekstrareiningar í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi.** Á mælikvarða hinna risavöxnu alþjóðlegu flugfélaga eru íslensk flugfélög örsmá, og mundu þau vafalaust eiga erfitt um vik ef stóru flugfélögin tækju þá ákvörðun að hefja harða samkeppni í Íslandsflugi, sem þau hafa rétt til samkvæmt gildandi tvíhliða loftferðasamningum.

Íslensk stjórnvöld hafa aldrei mótað alhliða flugmálastefnu, sem spannar hið stóra svið millilanda- og innanlandsflugs. Þó hafa stöku ríkisstjórnir og ráðherrar látið vinna allgott starf, er að notum getur komið við mótun alhliða, opinberrar stefnu í flugmálum.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru nokkur atriði, er snerta samgöngumál almennt og flugmál sérstaklega. Þau atriði verða nú rakin hér:

a) Unnið verði að því að færa viðhald flugvéla í meira mæli inn í landið en nú er.
b) Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið allt og einstaka landshluta.
c) Lögð verði áhersla á bætt skipulag flutninga innanlands og milli landa.
d) Framkvæmdum við flugvelli og öryggisbúnað þeirra verði hraðað.
e) Í byggðamálum verði unnið að brýnum framkvæmdum í undirstöðuþáttum, svo sem á sviði orkumála, samgangna og fjarskipta.
f) Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allra aðila í ríkisstjórninni.
g) Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli.

Af þessari upptalningu má ljóst vera, að núverandi ríkisstjórn hefur ekki fremur en aðrar ríkisstjórnir gert tilraun til að móta alhliða flugmálastefnu.

Í desember 1976 var dreift á Alþingi skýrslu sérstakrar nefndar um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, sem lokið var við í nóvember s. á. Skýrsla þessi var síðan lögð fram sem þingskjal 594 og henni fylgt úr hlaði með ræðu samgönguráðherra í sameinuðu þingi hinn 4. maí 1977.

Áminnst skýrsla hefur verið höfð til hliðsjónar hjá flugráði og samgönguráðuneyti við gerð fjárlagatillagna fyrir árin 1977 og 1978.

Ljóst er að ekki er unnt að mæta tillögum flugvallanefndar um fjármagn og framkvæmdahraða, en þar sem í skýrslu hennar eru á glöggan hátt dregnar saman upplýsingar um núverandi ástand íslenskra flugvalla og gerðar tillögur um sem skipulegastar úrbætur í þeim efnum, þá hefur verið talið rétt að leita með tillögu þessari eftir vilja Alþingis um alhliða stefnumörkun þess í uppbyggingu flugvalla og annars þess búnaðar sem nauðsynlegur er til sem öruggastra flugsamgangna hér á landi.

Hinn 2. maí 1978 var síðan afgreidd frá sameinuðu þingi (271. mál) þingsályktunartillaga, er hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því við skiptingu þess fjár, sem árlega er veitt til framkvæmda í flugmálum, að hliðsjón verði höfð í öllum meginatriðum af tillögum **flugvallanefndar frá nóvember** 1976 og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaðar.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs.“

Það er á valdi hvers og eins þingmanns að meta og vega á hvern hátt þessari þingsályktunartillögu hefur verið fylgt eftir.

Skýringar við einstaka töluliði.

1. töluliður:

Þar segir, að stefnt skuli að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.

Þessi stefna byggist á því grundvallaratriði, að rekstrareiningar nái að þróast í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi.

Það er öllum mönnum ljóst, sem eitthvað fást við flugmál á Íslandi, að millilandaflugið og aðalflugleiðir innanlands eru ekki til skiptanna, ef unnt á að vera að bjóða öruggar flugsamgöngur. Þetta hefur verið sannað með margvíslegum rökum, sem ekki verður hnekkt. Þá er þessi stefna staðfest er stjórnvöld beita sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða árið 1973. Í bréfi samgönguráðherra, dags. 25. júní 1973, kemur þessi stefna mjög skýrt fram, en þar segir orðrétt:

„Ráðuneytið vitnar til þess, sem fram hefur komið varðandi réttindi nýs sameinaðs flugfélags, ef stofnað verður, í viðræðum þeim um samvinnu eða sameiningu Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., sem staðið hafa yfir frá því seint í nóvember s. l. ár, með þátttöku trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, og sem nú eru komnar á lokastig.

Sjónarmið flugfélaganna um þessi atriði eru dregin saman í 6. lið bréfs stjórnarformanns Loftleiða, dags. 30. f. m., til ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, sem hefur stjórnað umræddum viðræðum.

Ráðuneytinu virðist að einkum sé um eftirgreinda þrjá þætti réttinda til flugstarfsemi að ræða, sem óskað er staðfestingar ráðuneytisins á, að nýtt sameinað félag mundi njóta:

1) Hið sameinaða félag fái einkarétt á öllu áætlunarflugi til útlanda.
2) Hið sameinaða félag fái sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.
3) Hið sameinaða félag fái forgangsrétt til leiguflugs til og frá útlöndum, eftir því sem við verður komið.

Ad. 1:

Ráðuneytið minnir á, að Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. hafa annaðhvort eða bæði allt frá því fyrsta verið tilnefnd af Íslands hálfu til að njóta þeirra réttinda, sem Ísland hefur haft, samkvæmt loftferðasamningum við önnur ríki (designated airlines), hafi félögin viljað starfrækja flug á viðkomandi flugleiðum.

Telur ráðuneytið ekki neina ástæðu til að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu, þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Ráðuneytið minnir á, að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna, og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag, eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs, á erlendum flugleiðum, sem Ísland hefur samkvæmt loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta.

Ad. 2:

Í liðlega 20 ár hefur framkvæmd sérleyfisveitinga til innanlandsflugs verið sú, að Flugfélag Íslands hf. hefur fengið sérleyfi eða flugleyfi án sérleyfis til reglubundins áætlunarflugs á þeim innanlandsleiðum, sem það hefur sótt um. Þannig voru Flugfélagi Íslands hf. síðast veitt, hinn 27. október 1970, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á 12 flugleiðum innanlands og leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án sérleyfis, á 11 öðrum innanlandsleiðum, allt eins og sótt var um af hálfu félagsins 1. september 1970. Leyfi þessi gilda til ársloka 1975, en samkvæmt VII. kafla loftferðalaga, nr. 34/1964, sbr. 85. gr., skal veita slík leyfi „um tiltekinn tíma“ og hefur í framkvæmd verið miðað við fimm ár.

Ekki er sjáanleg nein ástæða til að vænta hér breytinga þótt yfirstjórn Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. verði sameinuð.

Hins vegar er rétt að benda á, að ráðuneytið hefur veitt eða gefið öðrum flugfélögum fyrirheit um veitingu sérleyfa á nokkrum flugleiðum, sem ekki geta talist með „aðalflugleiðum", samkvæmt meðmælum heimamanna og flugráðs, enda hefur þá verið um að ræða þjónustu, sem Flugfélag Íslands hf. ekki hafði hug á að starfrækja.

Ad. 3:

Augljóst er, að það er ekki á valdi ráðuneytisins, miðað við gildandi viðskiptahætti, að gefa félaginu fyrirheit um „forgangsrétt" til leiguflugs til eða frá Íslandi, þar sem slíkt flug byggist á samningum flytjanda og skipuleggjanda ferðar.

Í viðræðum við fulltrúa flugfélaganna hefur hins vegar komið fram, að átt sé við, að félagið geti notið umræddra viðskipta „að öðru jöfnu", og mun ráðuneytið að sjálfsögðu stuðla að því, eftir því sem í þess valdi stendur.

Einnig er upplýst, að þess er vænst, að ráðuneytið hagi leyfisveitingum til leiguflugs á þeim leiðum, sem íslensk flugfélög fljúga reglulega, þannig að ekki komi tilfinnanlega við hagsmuni þeirra. Um þetta efni gildir nú reglugerð nr. 107/1972, um komu, brottför og yfirflug flugfara í millilandaflugi yfir íslensk yfirráðasvæði.

Er ráðuneytið reiðubúið til að taka til athugunar óskir nýs sameinaðs flugfélags um breytingar á téðum reglum, til að tryggja rekstursgrundvöll áætlunarflugs til og frá Íslandi.

Ráðuneytið væntir þess að framangreindar skýringar séu fullnægjandi en er að öðru leyti reiðubúið til viðræðna við fulltrúa fyrirhugaðs sameinaðs félags. Þar sem ráðuneytið telur sameiningu félaganna mikilsvert skref til að tryggja samgöngur Íslendinga, bæði innanlands og við önnur lönd, mun það að sjálfsögðu leggja sig fram til að koma til móts við sanngjörn sjónarmið sameinaðs flugfélags, til að tryggja því nægileg viðfangsefni og sem traustastan rekstrargrundvöll.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson."

Hér fer ekki á milli mála, hver grundvallarstefna ráðuneytisins er, enda var efnt til sameiningar félaganna þar eð samkeppni þeirra var talin valda báðum félögunum tjóni og auðvitað þjóðarbúinu í heild. Ástæðurnar eru augljósar og eru auðvitað í fullu gildi enn í dag, þótt svo slysalega hafi tekist til, að núverandi samgönguráðherra hafi efnt til samkeppni flugfélaga, sem forverar hans reyndu að koma í veg fyrir. Nánar verður fjallað um þetta atriði við framsögu málsins.

2. töluliður:

Í 2. tölulið segir, að öðrum flugfélögum verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsyn krefur, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.

Um þennan lið má segja, að um hann gildi mörg af þeim rökum, er fram koma í skýringum við 1. tölulið. Hér gildir það, að rekstrareiningar í innanlandsflugi geti orðið það stórar að unnt reynist að halda uppi öruggu og reglulegu flugi með góðum flugvélum á fjölförnustu leiðum. Vart þarf að minnast á nauðsyn eðlilegrar endurnýjunar flugflotans, en af ýmsum ástæðum, og þá m. a. rangri verðlagsstefnu, hefur ekki reynst unnt að endurnýja innanlandsflugflotann eins og æskilegt hefði verið.

Um nokkurra ára skeið hafa lítil flugfélög haldið uppi áætlunarflugi innan landsfjórðunga. Forustumenn þeirra félaga hafa sýnt fádæma dugnað og gjörbreytt öllum samgöngum til einangraðra byggðarlaga. Þeir hafa hins vegar fengið lítinn stuðning til að halda rekstr-

inum gangandi, þegar illar hefur árað. Þetta flug er mikilvægt og lífsnauðsynlegt. Hið opinbera verður að veita þessu flugi meiri stuðning en nú er, en binda svo um hnúta að ekki skarist aðalflugleiðir og þær, sem litlu flugfélögin hafa annast.

3. töluliður:

Í 3. tölulið segir, að verðlagningu fargjalda á innanlandsflugleiðum verði að gera raunhæfa til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

Áður hefur verið á það minnst, að röng verðlagsstefna í fargjaldamálum hafi komið í veg fyrir að þessi endurnýjun gæti átt sér stað.

Umtalsverður hallarekstur á innanlandsflugi, svo og öðru flugi, hlýtur fyrr eða síðar að hafa þær afleiðingar, að allt viðhald verður dýrara og óhagkvæmara eftir því sem flugvélarnar verða eldri. Þetta er hættuleg stefna í flugi, þar sem mikið ríður á að flugvélakostur sé sem fullkomnastur og að tafir verði ekki óeðlilega miklar vegna tíðra bilana. Þetta er einnig, að mati flutningsmanna, umtalsvert öryggisatriði.

4. töluliður:

Í 4. tölulið segir, að ekkert flugfélag skuli hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.

Þessi töluliður þarfnast ekki margra skýringa. Í honum er kveðið svo á, að ferðaskrifstofum og öðrum þeim aðilum, sem skipuleggja hópferðir, sé heimilt að semja við hvert það flugfélag, er best kjör býður, svo fremi að flugfélagið uppfylli allar kröfur um öryggisreglur. Þess verði hins vegar gætt, að leiguflug verði aldrei í beinni samkeppni við almennt áætlunarflug.

5. töluliður:

Í 5. tölulið segir, að stefnt skuli að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi. Nokkrar ríkisstjórnir hafa haft þetta mál á stefnuskrá sinni og íslenskir flugvirkjar hafa barist fyrir framgangi þess. Talsvert hefur miðað áleiðis.

Í september á síðasta ári gerði stjórn og trúnaðarráð Flugvirkjafélags Íslands eftirfarandi ályktun.

„Flugvirkjafélag Íslands hefur barist fyrir undanfarin ár, og eytt til þess mikilli vinnu og fé, að viðhald flugflota Flugleiða, ásamt fylgihlutum, sé unnið hérlendis af Íslendingum. Nú hefur starf þetta loks borið þann árangur, að mikið af þeirri vinnu, er áður var unnin erlendis, er nú gert hér á landi. Samfara þessu hefur flugvirkjum því verið fjölgað hjá Flugleiðum meðan öðru starfsfólki hefur fækkað.

Núverandi ríkisstjórn á þakkir skilið fyrir mikinn og eindreginn stuðning í máli þessu. Þess vegna væri miður, ef allt þetta væri unnið fyrir gýg, vegna hugsanlegs samdráttar Flugleiða af samkeppnisástæðum. Með fullri virðingu fyrir Arnarflugi hf., þá hefur F.V.F.Í. ekki trú á að það ráði til sín marga flugvirkja, þótt umsvif þess aukist, og má nefna hér að þótt flugkostur Arnarflugs hafi aukist að undanförnu, þá hefur félagsmönnum F.V.F.Í. verið sagt upp störfum þar, og hafa samskipti F.V.F.Í. og Arnarflugs frekar einkennst af erjum en hitt, vegna þessara mála og annarra. Arnarflug rekur nú þrjár stórar flugvélar erlendis og er allt viðhald þeirra og skoðanir í höndum útlendinga og ekki mikið atvinnuskapandi fyrir íslenska flugvirkja. Samt eru vélar þessar skrásettar hérlendis. Það má einnig geta þess, að Íscargo hf. fékk leyfi til áætlunarflugs til Amsterdam, og er það flogið með erlendri leiguflugvél, sem ekki skapar mikla atvinnu fyrir Íslendinga, hvorki flugvirkja né áhafnir.

Að lokum má geta þess, sem flestum er kunnugt, að á sínum tíma beitti þáverandi

ríkisstjórn Íslands sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða hf., vegna óraunhæfrar samkeppni þeirra á Evrópumarkaðnum, og fær F.V.F.Í. ekki séð að kakan sú sé frekar til skiptanna í dag, nema síður sé."

Vart þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslega hagkvæmni þess, að viðhald og eftirlit íslenskra flugvéla fari fram á Íslandi.

6. töluliður:

Í 6. tölulið segir, að framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5 af hundraði fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.

Við athugun fjárlaga áranna 1968—1981 kemur í ljós, að framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af niðurstöðutölu fjárlaga hvers árs er sem hér segir:

1968	0.96%
1969	0.99%
1970	0.80%
1971	0.79%
1972	0.86%
1973	0.70%
1974	**1.06%**
1975	0.92%
1976	0.54%
1977	0.68%
1978	**0.46%**
1979	0.53%
1980	0.55%
1981	0.60%

Athugasemdir:

a) Til gjalda teljast rekstrargjöld (laun, önnur rekstrargjöld, viðhald, vextir og yfirfærslur), afborganir lána og fjárfestingar, bæði fyrir flugmálastjórn samgönguráðuneytis og flugmálastjórn utanríkisráðuneytis (Keflavíkurflugvöllur).

b) Til tekna teljast „seldar vörur og þjónusta" flugmálastjórnar og Keflavíkurflugvallar, „flugvallagjald" og nettó-framlag ríkissjóðs til flugmála. Innheimta „flugvallagjalds" hófst árið 1976, en áætlaðar tekjur af því samkvæmt fjárlögum 1981 samsvara 24% heildarútgjalda flugmálastjórnar það árið.

c) Við ofangreinda úttekt hefur ekki verið tekið tillit til annarra tekna til ríkissjóðs, sem tengjast flugferðum, t. d. nettótekna fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og „gjalds á ferðalög til útlanda". Samkvæmt fjárlögum ársins 1981 eru tekjur ríkissjóðs af þessum tveim liðum hærri en nettó-framlag ríkissjóðs til flugmála.

Að mati sérfróðra manna eru litlar líkur taldar á því, að verulegar framfarir geti orðið við gerð og búnað flugvalla hér á landi á næstu árum, nema umtalsverð hækkun verði á fyrrgreindu hlutfalli, og hefur verið staðnæmst við töluna 1.5% af fjárlögum.

Ekki þarf að rekja það ófremdarástand, sem ríkir á mörgum flugvöllum hér á landi. Aðeins þrír flugvellir á landinu eru malbikaðir, þ. e. Keflavíkur-, Reykjavíkur- og Akureyrarflugvellir. Allir aðrir flugvellir eru malarvellir. Á þessu sviði þarf að gera mikið átak. Öryggistæki á flugvöllum eru í algjöru lágmarki, víðast skortir aðflugsljós og einföldustu tækni, er eykur allt öryggi í áætlunarflugi. Úr þessu þarf að bæta hið skjótasta, og verður það ekki gert nema með verulegu fjárframlagi úr ríkissjóði á næstu árum.

7. töluliður:

Í 7. tölulið segir, að þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda, að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er fyrir löngu úrelt. Þá sæmir það ekki frjálsri og fullvalda þjóð að reka millilandaflug sitt frá miðstöð, sem er á miðju athafnasvæði erlends varnarliðs. Um þennan lið þarf ekki að fara fleiri orðum.

8. töluliður:

Í 8. tölulið er því slegið föstu, að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og ný flugstöð reist, er öll flugfélög geti haft afnot af.

Oft hefur verið um það rætt, að flytja bæri Reykjavíkurflugvöll og nota flugvallarsvæðið fyrir nýtt íbúðahverfi, og hefur jafnvel verið talað um nýjan miðbæ. Allar þessar hugleiðingar hafa strandað á þeirri einföldu staðreynd, að annar staður er ekki betri fyrir flugvöll í nágrenni Reykjavíkur. Þá yrði kostnaðurinn gífurlegur og eyðilagt það hagræði, sem er að því að hafa flugvöllinn í miðri borginni.

Eins og flug hefur verið rekið frá Reykjavíkurflugvelli hin síðari árin, hefur það hvorki valdið ama né óþægindum. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum er brýnt að hefja þegar lagfæringar og endurbætur á Reykjavíkurflugvelli, og síðast en ekki síst að reisa þar nýja flugstöð.

Þessu máli til stuðnings fylgir hér ályktun fundar, sem haldinn var 29. apríl 1981 og fjallaði um framtíð Reykjavíkurflugvallar:

„Ráðstefna Flugmálafélags Íslands, Flugmálastjórnar og Félags íslenskra atvinnuflugmanna, haldin 29. apríl 1981, ályktar að nú þegar hefjist virkt samstarf flugmálayfirvalda, Reykjavíkurborgar, samtaka sveitarfélaga, flugrekstraraðila og annarra, sem hagsmuna hafa að gæta, um að tryggja framtíð og þróun Reykjavíkurflugvallar á núverandi stað.

Hugmyndir um breytta staðsetningu Reykjavíkurflugvallar eru andstæðar ákvörðunum borgaryfirvalda og samgönguráðuneytisins í aðalskipulagi frá 1976.

Fullyrða má að fyllsta öryggis sé gætt við flugumferð við Reykjavíkurflugvöll í hvívetna.

Annað hentugt flugvallarstæði er ekki til á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Sú staðreynd, að Reykjavíkurflugvöllur er staðsettur í hjarta borgarinnar, skapar umsvif, atvinnu og tekjur fyrir borgina.

Tíðar öruggar ferðir frá dreifbýlinu til Reykjavíkur hafa orðið til þess, að íbúar dreifbýlisins hafa sætt sig við að þurfa að sækja til höfuðborgarinnar hvers konar þjónustu sem ella yrði gerð krafa um að dreift yrði um landið með stórlega auknum kostnaði fyrir ríkið og tekjuskerðingu hjá Reykjavíkurborg.

29. apríl 1981.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna.
Flugmálafélag Íslands.
Flugmálastjórn."

(Á fundinn var boðið fulltrúum frá samgönguráðuneyti, flugráði, flugrekstraraðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, bæjarstjórnum nokkurra kaupstaða, borgarráði Reykjavíkur, almannavörnum ríkisins og samgöngunefndum efri og neðri deildar Alþingis)."

Nd. 122. Frumvarp til laga [101. mál]

um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna.

Flm.: Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Framkvæmdir við hús Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti í Reykjavík skulu stöðvaðar frá og með gildistöku laga þessara þar til annað verður ákveðið af Alþingi. Sama gildir um aðrar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisbanka og stofnun útibúa á þeirra vegum.

Ríkisstjórnin getur þó heimilað framangreindum aðilum að halda áfram framkvæmdum samkvæmt þegar gerðum verksamningum, sé ótvírætt að riftun eða breyting verksamninga vegna laga þessara leiði til verulegra bótagreiðslna til verktaka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engum getur dulist að íslenska þjóðin stendur frammi fyrir geigvænlegum vanda að því er varðar efnahags- og fjárhagsstöðu þjóðarbúsins. Óstjórn efnahagsmála og röng fjárfestingarstefna undangenginna ára eiga ekki hvað síst þátt í þeim vanda sem þjóðin á nú við að glíma. Lífskjör launafólks í landinu hafa verið skert svo hundruð alþýðuheimila ramba á barmi gjaldþrots, og áframhaldandi kjaraskerðing er boðuð. Ekki bæta úr skák síðustu upplýsingar fiskifræðinga um ástand þorskstofnsins sem augljóslega eykur enn á vandann, sem var þó ærinn fyrir.

Stjórnvöld hafa í kjölfar þessa ástands boðað stórkostlegan samdrátt og niðurskurð framkvæmdafjár til margvíslegra og brýnna framkvæmda, svo sem á sviði heilsugæslu og heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, hafnarframkvæmda og framkvæmda á sviði flugmála, svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta rökstutt með skorti á fjármagni vegna slæmrar stöðu þjóðarbúsins.

Fjöldi einstaklinga horfir fram á missi íbúðarhúsnæðis vegna kjaraskerðingarinnar og fjármagnsvöntunar húsnæðiskerfisins til eðlilegrar fyrirgreiðslu.

Á sama tíma og þessar staðreyndir blasa við og boðskapur stjórnvalda um fjármagnsskort dynur á landsmönnum er engu líkara en óþrjótandi fé sé til ráðstöfunar hjá bankakerfi landsmanna til eigin þarfa. Það er að minnsta kosti erfitt að ætlast til þess að almenningur í landinu trúi þeim boðskap stjórnvalda að allt sé á heljarþröm hvað fjármagn snertir til ýmissa brýnna verkefna í uppbyggingu víðs vegar um landið, á sama tíma og Seðlabankinn heldur ótrauður áfram byggingarframkvæmdum svo hundruðum milljóna króna skiptir. Hvert bankaútibúið á fætur öðru er byggt og stofnsett, að því er virðist án nokkurrar fyrirstöðu, og svo mætti lengi telja.

Það er í ljósi þessara staðreynda sem frumvarp þetta er flutt til stöðvunar framkvæmda við byggingu húss Seðlabankans og bann við frekari fjölgun bankaútibúa að óbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Flutningur þessa frumvarps helgast af því einu að engri átt nái að á sama tíma og neitað er um nauðsynlegar fjárveitingar til brýnustu verkefna skuli útþensla bankakerfisins látin óheft og aðhaldslaus.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frv. að grípa eigi inn í þá þróun, sem á sér stað innan bankakerfisins, og nýta það fjármagn, sem þar er ætlað til útþenslu, í aðrar og þjóðhagslega arðbærari og brýnni framkvæmdir, svo sem í húsnæðismálum. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt.

Sþ. 123. Fyrirspurn [102. mál]

til menntamálaráðherra um Íslandssögukennslu í skólum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hefur menntamálaráðherra lagt blessun sína yfir þá ákvörðun skólarannsóknadeildar að hætt verði að mestu leyti að kenna Íslandssögu í skólum landsins?

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga.

Flm.: Árni Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Stefán Benediktsson, Davíð Aðalsteinsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd er undirbúi hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum, geri tillögur um lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma. Í nefndinni eigi sæti einn fulltrúi frá Dómarafélagi Íslands, einn frá lagadeild Háskóla Íslands og einn frá Lögmannafélagi Íslands. Þá kjósi Alþingi tvo þingreynda menn til setu í nefndinni.

Greinargerð.

Nú er verið að undirbúa útgáfu nýs lagasafns sem verður mikið að vöxtum. Í safninu eiga að verða öll gildandi lög. Mörg þeirra þjóna vart nokkrum minnsta tilgangi. Formlega hafa þau ekki verið afnumin og útgáfa þeirra sóun á pappír og prentsvertu. Í mörgum lagabálkum eru einnig ákvæði sem verið hafa úrelt um lengri eða skemmri tíma. Þá eru mörg dæmi þess að greinar óskyldra laga reki sig hver á annarrar horn og skarist.

Alþingi hefur verið mjög atkvæðamikið við lagasetningu, og það svo að oft hefur keyrt úr hófi. Einföldustu hlutir eru bundnir í lög. Þá hefur Alþingi ekki hagnýtt sér svonefnda „sólarlagsaðferð“, sem bindur gildistíma laga við ákveðinn árafjölda. Séu þau ekki verð endurnýjunar að þeim tíma liðnum falla þau úr gildi og lagahreinsunin verður sjálfvirk að nokkru leyti.

Öllum þingmönnum, sem setið hafa á Alþingi einhvern árafjölda, er ljóst að frá þinginu eru lög oft afgreidd með óeðlilegum hraða. Þar með skapast sú hætta að þingmenn treysti um of á lagaþekkingu starfsmanna einstakra ráðuneyta þegar um stjórnarfrumvörp er að ræða. Þingmannafrumvörp eru oftar en ekki mun lengur í meðförum þingsins og fá þá vandaðri meðferð. Það hefur heldur ekki farið fram hjá þingreyndum mönnum að alvarlegir gallar hafa komið fram í lagasetningu. Einnig er orðalagi oft mjög ábótavant, þ. e. að eðlilegt og lipurt íslenskt mál víkur fyrir klúðurslegu stofnanamáli.

Það er orðið mjög tímabært að hefja undirbúning lagahreinsunar, eða „lagagrisjunar“, eins og verkið hefur stundum verið nefnt. Nefnd sú, sem hér er gerð tillaga um, þyrfti að semja mjög ítarlegt lagafrumvarp er miðaði að því að nema úr gildi öll þau lagaákvæði sem eru úrelt, valda vafa og óvissu og stangast á.

Því fer fjarri að lög þurfi fremur að grisja þótt gömul séu. Þó kemur fáránleikinn oft skýrast fram í gömlum lögum sem eru komin úr öllu samhengi við samfélag nútímamannsins. Þessu til staðfestingar verður hér greint frá einu dæmi sem fram kemur í greinargerð dr. Páls Sigurðssonar dósents og fylgir þessari þingsályktunartillögu sem fylgiskjal. Þar segir:

„Í 3. gr. tilskipunar um vald biskupa til að veita undanþágu frá fermingartilskipunum frá 23. mars 1827 segir: „Nú er barn, sem ferma á, krypplingur svo að það á bágt með að koma í kirkju til fermingar, eða það getur það eigi að hættulausu vegna stöðugra veikinda eða það hefur svo stórkostleg líkamslýti að koma þess og yfirheyrsla í kirkjunni gæti valdið hneyksli; og skal biskupi heimilt að leyfa að það sé fermt heima í votta viðurvist.““

Það er von flutningsmanna að þingsályktunartillaga þessi fái góðar undirtektir og að afgreiðslu hennar verði hraðað, enda væri slíkt í góðu samræmi við útgáfu nýs lagasafns.

Fylgiskjal.

Greinargerð eftir dr. Pál Sigurðsson dósent um lagahreinsun og fleira.

Senn mun nýtt lagasafn líta dagsins ljós, íslenskum lögfræðingum og mörgum öðrum til gagns og ánægju. Verður vafalaust fátt til sparað að gera lagasafnið nýja svo vel úr garði, sem unnt er. Hefur fríður og allfjölmennur flokkur lærdóms- og dugnaðarfólks, — karla og kvenna, — um langt skeið unnið við að búa safnið til prentunar, og þegar þetta er ritað er sú vinna langt á veg komin. Við útgáfu þessa lagasafns er nú í fyrsta sinn notast við svokallaða „ritvinnsluaðferð“, þ. e. texti ritsins er settur inn á tölvubúnað með þeim hætti að auðvelt er að leiðrétta hann í framtíðinni, og skapar þessi tækni auk þess margvísleg og nýstárleg tækifæri til notkunar safnsins handa þeim, sem helst þurfa á því að halda. Um hina tæknilegu hlið ræði ég ekki frekar, enda sjálfgefið að við útgáfuna sé notaður hinn besti búnaður, hverju nafni sem nefnist. Á hinn bóginn hefur þetta mikla útgáfuverk allra núgildandi laga vakið mig, og ýmsa aðra, til sérstakrar umhugsunar um **efni** lagasafnsins. Öllum, sem til þekkja, er ljóst, að það verður geysimikið að vöxtum, — meira en nokkru sinni fyrr í útgáfusögu lagasafna, — og þarf engan að furða ef litið er til alls þess fjölda lagafrumvarpa, sem hafa hlotið staðfestingu Alþingis hin síðari ár, og ekki verða séð merki um, að lát muni verða á þeirri „löggjafargleði“ í næstu framtíð. Það á að heita, að lagasafnið eigi að geyma öll gildandi lög (miðað við tiltekið tímamark), en þar kennir vissulega margra grasa. Eru mýmörg lagaákvæði komin heldur betur til ára sinna og fjölmörg þeirra úrelt að nokkru leyti eða öllu, miðað við nútíma lifnaðarhætti og þjóðarhagi, þótt aldrei hafi þau verið afnumin formlega og séu því tekin með í safnið. Reyndar eru, auk þess, skiptar skoðanir um gildi margra þessara eldri ákvæða. Það, sem hér var sagt um úrelt lög frá fyrri tímum, getur reyndar einnig, eftir atvikum, átt við um ýmis ákvæði í sumum hinna nýrri laga. Að sjálfsögðu kunna að vera skiptar skoðanir um það, hvað sé úrelt í lögum og hvað sé á hinn bóginn nothæft, en auðvelt er að benda á mörg dæmi um ákvæði, sem með eru tekin en sem engum heilvita manni kemur til hugar að framfylgja eða virða, og eru sum þeirra reyndar fáránleg frá sjónarhóli nútíðarmanna. Á þessum vettvangi skal ég láta mér nægja að benda á tvö lítil dæmi þessu til skýringar, en af mörgu er vissulega að taka:

1) Í 3. gr. tilskipunar um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipunum, frá 23. mars 1827, segir:

„Nú er barn, sem ferma á, krypplingur, svo að það á bágt með að koma í kirkju til fermingar, eða það getur það eigi að hættulausu vegna stöðugra veikinda *eða það hefur svo stórkostleg líkamslýti, að koma þess og yfirheyrsla í kirkjunni gæti vakið hneyksli;* og skal þá biskupi heimilt að leyfa, að það sé fermt heima í votta viðurvist.“ (Leturbreyting mín, P.S.).

2) Í konungsbréfi um fiskútveg á Íslandi, frá 28. febrúar 1758, segir m. a.:

„(1) Allir formenn og hásetar, sem hafa látið sig leigja eður festa til að róa nokkrum fiskibát um vertíðina, skulu án forsómunar koma í þann áskilda vissa tíma á þann stað, hvar

þeir ætla að róa og það allir í einu, undir það straff, að bæta fyrir þann tíma, sem þeir koma eigi, nefnilega hver formaður fyrir viku 2 mörk, fyrir hálfan mánuð 4 mörk og fyrir 3 vikur 1 ríkisdal; í sama máta hver háseti helmingi á móti því, sem fyrir formanninn er skilið. — (2) Þegar formaðurinn hefir snúið skipinu upp og fengið allar þar til heyrandi tilfæringar, má enginn af hásetunum á nokkurn hátt hindra hann frá því að sækja sjóinn, hve nær sem tækifæri gefst til þess, heldur skal sérhver skyldur vera, þegar hann er af formanninum kallaður, að láta sig án dvalar finna við bátinn og á honum róa, og varði 5 fiska í hvert sinn, að nokkur er í landi, þegar honum er sagt til, og fleiri en ¼ af bátunum í þeirri veiðistöð róa þann dag á sjó. — (3) Ef nokkur háseti er burtu eina klukkustund, eftir það honum hefir verið sagt til, og hinir aðrir eru komnir til bátsins, skal hann gjalda þrjá fiska í sekt fyrir það, nema hann geti sannað lögleg forföll. — (4) Enginn háseti má á sjónum á nokkurn hátt kúga formanninn til að fara til lands, fyrr en hann skipar það sjálfur, og varði 2 fiska fyrir hvert sinn, er nokkur lætur á sér heyra mögl um það, að formaðurinn sitji of lengi á sjónum, og kemur öðrum til hins sama. — (5) Hver sá háseti, er sýnir sig hyskinn eða latan til að fiska og lætur ekki að formannsins áminningum og skipan, sem hann gerir honum í því tilliti, skal gjalda 2 fiska í hvert sinn."

Í lagasafninu nýja mun því vissulega, enn sem fyrr, gefa að finna marga kynlega kvisti og kalviði, (skarn í snotrum umbúðum, svo annars konar samlíking sé tekin), sem ekkert erindi eiga til nútímamanna. Geri ég þar engan greinarmun á ákvæðum eftir uppruna þeirra eða „virðuleika" og legg að jöfnu Jónsbókarákvæði og danskar tilskipanir. Mikil þörf hefði verið á, að jafnhliða heföbundinni undirbúningsvinnu við útgáfu þessa lagasafns hefði verið unnið að „lagahreinsun" eða „lagagrisjun", þannig að tekið hefði verið saman ítarlegt lagafrumvarp, sem miðaði að því að nema úr gildi þau lagaákvæði, yngri og eldri, sem helst þykja úrelt orðin eða valdið geta vafa og óvissu, því að víða stangast ákvæði einnig á, svo sem kunnugt er. Eftir að Alþingi hefði samþykkt þess háttar frumvarp, væri þungu fargi létt af útgefendum lagasafns og safnið fengi, þannig úr garði gert, mun meira gildi en nú er, — auk þess sem það yrði þynnra og ódýrara í útgáfu.

Þegar litið er yfir íslenska löggjöf í heild, eins og hún birtist í lagasafninu, eru þó fleiri gallar áberandi en varðandi það, sem fyrr var sagt. Hér á ég við það, hve löggjöfin er, a. m. k. á mörgum sviðum, „dreifð" og ósamstæð. Í því sambandi leyfi ég mér að vitna í ummæli prófessors Ólafs Lárussonar í grein hans í Vöku 1927, sem síðar verður nánar getið, en þar segir hann (bls. 27):

„Þó að löggjafarstarfið sé mikið, ef litið er á lagatöluna, og þó að mörg þessara laga hafi verið góð og til mikilla bóta, þá hefir þessari löggjöf að ýmsu leyti verið óheppilega hagað. Aðalgallinn er það, hve lítið skipulag hefir verið á henni. Þing eða stjórnir hafa þar enga fasta áætlun haft. Augnabliks þarfir og tilviljunin hafa ráðið því, hver lög voru sett. Löggjöfin hefir því orðið í brotum. Að vísu hafa verið sett nokkur heildarlög, þar sem safnað hefir verið saman í einn bálk lagaákvæðum, sem áður voru á víð og dreif, ... en heildarlögin eru tiltölulega fá. Allt of víða eru lagareglurnar um sama efni dreifðar í smálögum, sínum frá hverjum tíma. Af skipulagsleysinu á löggjöfinni hefir og hlotist ýmiskonar ósamræmi í henni, og ennfremur það, að ýmis efni hafa orðið útundan, er þörf hefði verið á lagasetningu um. Því er löggjöf voru mjög glompótt þrátt fyrir allan lagafjöldann."

Þessu ummæli eiga, því miður, við enn í dag að mestu leyti, þótt ýmislegt hafi reyndar áunnist á síðari áratugum. Að vísu hafa ýmsir meiri háttar lagabálkar komið til sögunnar og aðrir verið endurskoðaðir, en heildarmyndin, sem við blasir, er enn hin sama. Þó er rétt að geta þess sérstaklega, að á tilteknu sviði hefur, það sem af er þessarar aldar, verið unnið mikið og þarft verk, — sem er sannkölluð „lagahreinsun", en þar á ég við útrýmingu margra

þeirra erlendu (danskra eða norskra) lagaákvæða eða tilskipana, sem áttu að teljast í gildi hérlendis, þótt eigi hentuðu þær ætíð vel íslenskum aðstæðum. Var oft mikill vafi um gildi sumra þessara ákvæða og svo seint sem árið 1915 sagði ekki ómerkari lagamaður en prófessor Lárus H. Bjarnason, að líklega vissi þá enn enginn maður til hlítar, hvaða lög giltu á landi hér (Andvari 1915, bls. 28—29). Enda þótt baráttan við þessi gömlu og erlendu ákvæði hafi þannig borið árangur, er þó að skapast nokkurt „hættuástand" á nýjan leik á skyldu sviði, en þar á ég við þá tilhneigingu, sem gætt hefur nokkuð á síðari árum, að lögtaka ýmsa alþjóðasáttmála, sem íslenska ríkið fullgildir, óbreytta með einfaldri tilvísun í lögum, í stað þess að setja í lög sérstök efnisákvæði af því tilefni. Þyrfti vissulega að verða breyting á þessu.

Þess var áður getið, að þegar á heildina sé litið, verði löggjöfin víða að teljast „götótt", — nánar tiltekið, að lagaákvæði vantar um afar mörg og mikilvæg réttaratriði eða þá að ákvæði eru alls ófullnægjandi. Á tilteknum réttarsviðum gætir þessa þó lítið, þar sem um viðamikla lagabálka er að ræða, sbr. t. d. refsirétt og réttarfar, en í vissum þáttum einkamálaréttar, — og þá einkum í fjármunaréttinum, — er þetta hins vegar áberandi og bagalegt. Á sumum sviðum fjármunaréttar gefur að vísu að finna allítarlega lagabálka, sbr. t. d. víxillög og tékkalög og lög um lausafjárkaup og um vátryggingarsamninga, (sumir þeirra eru þó einnig afar „götóttir", sbr. t. d. lögin um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga), en um önnur mikilvæg svið gefur hins vegar fátt sem ekkert að finna í settum lögum. Einnig skortir almennt á allt samhengi milli þeirra laga eða lagabálka, sem fyrir hendi eru. Sem dæmi um mikilvæg atriði úr fjármunarétti, sem löggjafinn hefur vanrækt, má nefna: ábyrgð, skuldabréf, verksamninga, afborgunarkaup, umsýslu, ýmis almenn atriði kröfuréttar (svo sem skuldajöfnuð), gjafir, lán, skaðabætur utan samninga (og reyndar einnig innan samninga að nokkru), fasteignakaup (borið saman við lausafjárkaupin), haldsrétt, sameign og almennt um upphaf og lok eignarréttar. Fjölmörg þeirra laga, sem nú gilda um tiltekin fjármunaréttarefni, þarfnast einnig gagngerrar endurskoðunar, sbr. t. d. lög um veð, hefð og fyrningu kröfuréttinda. Á öllum þessum sviðum, og mörgum fleiri, eru vissulega mikil verkefni framundan, sem hefjast þarf handa um við fyrsta tækifæri. Þar væri þó, að mínu áliti, heppilegast að horfið verði frá þeirri „hentistefnuaðferð", sem svo mjög hefur einkennt lagasetninguna, sbr. það sem fyrr sagði, en þess í stað tekin upp samræmd og markviss vinnubrögð. Að mínum dómi væri þá rétt, að stefnt verði að samningu viðamikils frumvarps, — samræmdrar og samstæðrar löggjafar, — um megindrætti fjármunaréttar og reyndar alls einkamálaréttarins, og væru þá jafnframt felldir inn í það frumvarp þeir lagabálkar, sem nú gilda á einkaréttarsviðinu, með þeim breytingum, sem þurfa þætti. Fyrr fæst enginn botn í þann glundroða, sem þarna ríkir. Með öðrum orðum: *Það verður að semja lögbók, sem taki til meginþátta einkamálaréttarins eða hins borgaralega réttar, — þ. e. um lögskipti borgaranna innbyrðis.* Um gildi þess háttar lögbóka sagði Lárus H. Bjarnason á sínum tíma (Andvari 1915, á bls. 32):

„Nokkrar erlendar þjóðir eru svo lánsamar að eiga heildarlög um stóra kafla lagakerfisins. Þjóðverjar hafa t. d. fyrir tæpum tuttugu árum eignast ein lög um öll svo kölluð borgaraleg lífskjör sín, lögræði, hjónaband, erfðir, kaup og sölu og önnur fjárskipti m. m. Eru slík lög vitanlega mesta gersemi bæði þeim, sem með lögin fara og eftir þeim eiga að fara. En þau eru jafnframt mesta vandaverk, enda hentari þjóðum, sem þroskaðar eru, heldur en þjóðum, sem eru á gelgjuskeiði."

Síðan bætir hann að vísu við athugasemd um, að Íslendingar muni enn hvorki vaxnir slíkum lögum, né löggjafar þeirra og lagamenn færir um að setja þau! Vera má, að það hafi

átt við árið 1915 (sem ég efast þó um), en slíkt kemur ekki til greina nú á dögum. Horttveggja er, að við þörfnumst lögbókar og eigum að hafa bolmagn til að semja hana.

Prófessor Ólafur Lárusson ritaði á sínum tíma stórmerka grein um þessi efni í tímaritið Vöku og birtist hún í fyrsta árgangi þess rits árið 1927 undir heitinu „Lög og landslýður". Leggur hann þar til, að hið fyrsta verði hafist handa um samningu lögbókar, sem sé til þess fallin að verða almenningi töm og kunn og sem tengi þannig saman lög og landslýð. Styður hann þetta með ljósum og gildum rökum, sem enn eiga við í megindráttum. Eiga þau rök raunar við almennt um kosti settra laga fram yfir óskráðar réttarheimildir. Hann segir m. a. réttilega:

„Lög eru tvennskonar. Annars vegar eru sett lög, þ. e. réttarreglur þær, sem þeir valdhafar í þjóðfélaginu hafa sett, er til þess eru bærir. Hjá oss ber nú mest á þeim settu lögum, er hið almenna löggjafarvald .... (hefur) sett. Hins vegar eru réttarreglur þær, sem ekki eru settar með þessum hætti, og eru þær nefndar lögvenja. Það eru réttarreglur þær, sem dómstólarnir fara eftir í úrskurðum sínum og almenningur í viðskiptum sínum, hvorttveggja þar, sem sett lög brestur. Þessarar tvískiptingar á réttinum gætir allsstaðar, hefir ávallt gætt og mun gæta. Sett lög ein nægja ekki, því þau ná aldrei til allra þeirra atvika, er fyrir kunna að koma. Margbreytni lífsins reynist meiri en hugvit löggjafanna. Nú telja sumir, að heppilegast sé að láta lögvenjuna ráða sem mestu, en hafa sem fæst af settum lögum. Þeir benda á það, að sett lög eru jafnan meðalhófsreglur. Undir ákvæði þeirra hljóta að falla ýms atvik, er víkja með einhverjum hætti frá meðalhófinu, án þess að ákvæðið sé miðað við þau afbrigði. Ákvæðið verður þar ekki fyllilega sanngjarnt. Telja þeir, að þá sé heppilegra að dómurinn, sem um málið fjallar, sé óbundinn af settum lögum og hafi frjálsar hendur til að taka öll atvik málsins til greina, meta þau eftir sanngirni og úrskurða málið eftir því. Frá sjónarmiði dómarans hefir þessi skoðun mikið til síns máls. Það getur verið mjög hart aðgöngu fyrir hann að verða að beita lögum, sem honum virðast ekki sanngjörn eftir málavöxtum. Jafnframt er þó á það að líta, að þegar finna á sanngjörn úrslit máls, dugir ekki að líta á það eitt, hvað sanngjarnast er gagnvart aðilunum sjálfum. Þar þarf víðar að horfa, aðrir hagsmunir koma þar líka til greina, heill þjóðfélagsins. Og gegn þessari skoðun má margt færa. Fyrst og fremst leggur hún alltof mikið vald í hendur dómarans. Úr agnúum þeim, er leiða af meðalhófseðli settra laga, má bæta að nokkru, með því að gæta þess við lagasetninguna, að veita dómaranum svigrúm til að meta málavexti þar sem þess er helst þörf. En það, sem þyngst er á metunum gegn þessari skoðun, er þetta: Lögin eru ekki til þess eins, að vera til leiðbeiningar um úrskurði þeirra tiltölulega mjög fáu mála, er koma undir úrskurð dómstólanna. Hlutverk þeirra er að stjórna athöfnum manna í lögskiftum þeirra sín á milli. Þau lögskifti eru óteljandi og er aðeins örlítið brot af þeim, er til dómstólanna kemur. Til þess að lögin geti náð þessum tilgangi sínum, er það mest um vert, að þau sé glögg og skýr, að menn eigi auðvelt með að vita, hvað sé leyft og hvað sé bannað, hvern rétt tiltekin athöfn veiti, hverja skyldu hún baki o. s. frv. Að menn þurfi ekki að renna blint í sjóinn um þetta, í þeirri óvissu, sem því mundi fylgja, ef rétturinn væri kominn undir mati á málavöxtunum eftir á. Þessa vissu, þetta öryggi, geta sett lög best veitt, og það réttlætir þau, vegur fyllilega á móti þeim ókosti, að þau eru meðalhófsreglur. — Þá mundu sumir segja, að aðrar leiðir væru vænlegri til bóta á löggjöf vorri en sú, að setja lögbók. Menn kynnu jafnvel að segja, að lögbók væri til hins verra. Oss væri heldur eigi vandara um en öðrum þjóðum sumum, er enga lögbók eiga, og mundi þá sérstaklega verða vitnað til Dana og Norðmanna, sem hafa látið lögbækur Kristjáns 5. ganga úr sér, svo að þær skifta nú litlu máli um rétt þeirra. Þeir, sem hafa minnst á umbætur á löggjöf vorri, hafa hugsað sér þær þannig, að löggjöfin yrði endurskoðuð og safnað saman þeim efnum, er saman eiga, í

lagabálka. Löggjöfin yrði því eftir sem áður í brotum. Brotin yrðu aðeins stærri og færri en þau eru nú. Þetta væri til mikilla bóta, að minnsta kosti í bili. En hætt er við, ef ekki væri vel að gætt, að fljótt mundi sækja í hið fyrra horfið. Lögunum yrði breytt með sérstökum lögum, lagafjöldinn ykist aftur og með því tvístringurinn. En þessi endurbót á lögunum kæmi enganveginn að sama haldi og lögbók."

Til viðbótar þessum ummælum prófessors Ólafs má einnig benda á, að góð lögbók er *aðgengileg* (og á margan hátt aðgengilegri en lagasafn), *af „skynsamlegri" stærð* og texti hennar *„auðskilinn almenningi"*. Tilkoma lögbókar er einnig til þess fallin *að vekja eða auka áhuga almennings á lögum og rétti,* sem vitanlega skiptir miklu máli. Lögbók er einnig *starfandi lögfræðingum til mikils hagræðis og sparar þannig fé og fyrirhöfn* og tilkoma nýrrar lögbókar myndi *létta lögfræðinemum nám þeirra.* Lögbók þarf vitanlega að endurskoða eins og hver önnur lög, en reynsla ýmissa annarra þjóða, t. d. Svía, Þjóðverja og Frakka, sýnir ljóslega, að auðvelt er að koma nauðsynlegum breytingum og nýmælum fyrir innan ramma lögbókar, sbr. einnig síðar.

Á þessum stað er ekki ráðrúm til að ræða ítarlega um þær lögbækur, sem eru eða hafa verið við lýði meðal annarra þjóða, og verður þar að mestu leyti að vísa til ritskrárinnar í greinarlok, en þó verður ekki hjá því komist að benda á, að flestar þjóðir heims eiga sér lögbækur, sem sumar hverjar eiga sér langa og merka sögu. Hefur setning nýrrar og vandaðrar lögbókar ætíð talist til merkra viðburða í sögu þjóðanna og almennt verið litið svo á, að tilkoma þeirra hefði í för með sér réttarbót, enda hafa þær sumar orðið almannaeign, í fleiri en einum skilningi, og stuðlað mjög að áhuga og skilningi almennings á landslögunum. Lögbækurnar hafa eflt þjóðerniskennd og þær hafa oft orðið máttarstólpar menningar og framfara. Sumar þeirra, t. d. franska borgaralögbókin (Code civil), hafa með réttu verið taldar til menningargersema, og samning þýsku borgaralögbókarinnar (BGB) var á sínum tíma talin andlegt afreksverk. Það eru í rauninni aðeins fjórar Evrópuþjóðir, sem skera sig úr að þessu leyti nú á tímum, þ. e. Danir, Norðmenn, Bretar og Íslendingar. (Svíar og Finnar eiga sér lögbók frá 1734, sem enn er í gildi að formi til, en með miklum breytingum). Danir og Norðmenn fengu nær samhljóða lögbækur á síðari hluta 17. aldar, sem þeir létu ganga sér til húðar (með eftirsjá) og hafa síðan ekki reynst menn til að endurnýja. Hugmyndir um setningu lögbókar hafa ætíð verið flestum breskum lagamönnum fjarlægar*), en þar í landi hefur gildi óskráðra réttarheimilda og fordæma löngum verið mun meira en annars staðar (þetta á einnig að nokkru leyti við um bandaríska rétt).

Það, að Danir og Norðmenn skyldu „glopra niður" lögbókum sínum, á síst af öllu að vera okkur Íslendingum til fyrirmyndar eða sem viðbára gegn gagnsemi lögbóka, og sama gildir um sérvisku Breta í réttarfræðum og löggjafarmálefnum, enda þótt hún sé forvitnileg á sinn hátt. Íslendingar áttu sér góða og merka lögbók um margra alda skeið, — Jónsbók, — sem aldrei hefur verið formlega afnumin í heild, en flest ákvæði hennar urðu úrelt með tímanum og aldrei komst í verk að setja nýja og endurskoðaða lögbók, þótt tilraunir væru til þess gerðar. Ástandið í löggjafarmálum hjá okkur er því svipað og meðal Dana og Norðmanna og ekki til fyrirmyndar að öllu leyti, svo sem fyrr hefur verið rakið. Svo mikil var og er þessi „lögfræðilega leti" okkar, að hinar vel rökstuddu tillögur Ólafs Lárussonar, sem fyrr getur, fengu ekki nægan hljómgrunn og komust ekki til framkvæmda, þótt enginn yrði heldur til að mótmæla þeim af neinni alvöru. Það er þó ekki hægt að segja, að Danir og Norðmenn hafi verið alveg sofandi í þessum efnum. Ýmsir áhrifamenn þeirra á meðal hafa t. d. tekið vel í hugmyndir um samningu „samnorrænnar" lögbókar, sem skutu nokkrum sinnum upp kollinum fyrr á öldinni (og voru t. d. nokkrum sinnum ræddar á norrænu

*) Breski heimspekingurinn Bentham var þó, á sínum tíma, mikill hvatamaður þess, að sett yrði lögbók þar í landi.

lögfræðingaþingunum), en þar ber að sjálfsögðu hæst frumvarp það til norrænnar lögbókar, sem hinn mikli danski lögvísindamaður Frederik Vinding Kruse samdi af eigin frumkvæði og lagði fram á lögfræðingaþinginu 1948. En hugmyndin um sameiginlega og samhljóða lögbók fyrir allar Norðurlandaþjóðirnar var frá upphafi óraunhæf, — þótt framtak Vindings Kruse væri einstætt og efni frumvarps hans stórlega áhugavert að öðru leyti, — enda hefur verið hljótt um þess háttar hugmyndir á síðari árum. Hitt skiptir hins vegar meira máli, að Norðmenn hafa, hina síðustu áratugi, haft nokkra tilburði um að koma sér upp nýrri lögbók á sviði einkamálaréttarins. Norðmenn búa reyndar svo vel, að þar er samning þess háttar lögbókar lögmælt á ekki ómerkari stað en í sjálfri stjórnarskránni og hafa fyrirmælin staðið þar allar götur frá 1814. Í 94. gr. stjórnarskrárinnar segir: „En ny almindelig civil og kriminal Lovbog skal foranstaltes udgivet paa første, eller om det ikke er muligt, paa andet ordentlige Storting.“ Þessi fróma ósk hinna vísu landsfeðra á Eiðsvelli rættist að nokkru leyti, hvað refsiréttinn varðar, með setningu hegningarlaganna norsku undir miðja 19. öld, en hin borgaralega lögbók hefur enn ekki litið dagsins ljós og liggja til þess ýmsar ástæður. Þann 24. maí árið 1949 ályktaði norska Stórþingið þó, að samin skyldi borgaraleg lögbók og skömmu síðar var sett á stofn nefnd („Sivillovbokutvalet“), sem átti að vinna að þessu lögbókarverki, en skemmst er frá því að segja, að hún hefur enga lögbók samið og er alls ekki að vænta að svo verði, þótt nefndin starfi enn og frá henni hafi komið nokkur lagafrumvörp á sviði eignar- og veðréttar og óðalsréttar. Því miður hafa umræður í Noregi um væntanlega lögbók, svo og starf lögbókarnefndarinnar, markast mjög af hinum hörðu deilum um ritmál og talmál þar í landi, sem eru mörgum Norðmanni viðkvæmnismál, og hefur þetta staðið hugmyndinni um samningu nýrrar lögbókar fyrir þrifum, en „nýnorskumenn“ voru upphafsmenn að þingsályktuninni, sem fyrr er getið, og hafa einnig ráðið ferðinni í lögbókarnefndinni. Þessar sérstöku aðstæður, sem nú voru nefndar og sem staðið hafa lögbókarverkinu fyrir þrifum, koma hins vegar okkur Íslendingum lítið við og skipta ekki máli varðandi nauðsyn þess, að lögbók sé samin.

Það gefur auga leið, að skoðanir manna, sem láta sig þetta mál varða, muni verða nokkuð skiptar skoðanir um það, hvernig væntanlegri lögbók yrði best hagað varðandi *form og efni,* og er það að vonum þar sem hér yrði um algera nýsmíði að ræða. Ég get, fyrir mitt leyti, tekið undir orð Ólafs Lárussonar, þar sem hann segir um þetta efni (Vaka 1927, á bls. 33—34):

„Í mörgum nýrri lögbókum hefir aðaláherslan verið lögð á form ákvæðanna. Bækurnar hafa verið sniðnar eftir fræðikerfi lögfræðinnar og mest um það hugsað, að orða ákvæðin þannig og skipa þeim niður svo, að hvert tæki við af öðru, þannig að þau yrðu fullkomlega rökföst heild. Ég skal fúslega játa, að ég býst ekki við, að vér getum samið slíka lögbók, enda eigum vér ekki að færast það í fang. Þessi aðferð þykir líka gefast misjafnlega. Lögin verða óþarflega tyrfin og óþjál í framkvæmd. Það verður of mikill fræðikeimur af þeim og þess vegna verða þau fjær lífinu en ella. Um borgaralögbókina þýsku, sem er samin með þessum hætti, hefur það verið sagt, að hún hafi að geyma líffærafræði réttarins, en ekki líffræðilisfræði hans. Slíka lögbók eigum vér ekki að semja. Vér ættum að setja oss tvær meginreglur við bókargerðina, aðra um formið og hina um efnið, og þær segja til um það, hvernig bókin á að vera. Forminu, máli og stíl, skyldi jafnan reynt að haga svo, að bókin yrði sem auðskildust og hver maður gæti sér að gagni sótt þangað fræðslu um lög og rétt landsins.

Að því er til efnisins tekur, skyldi fyrst og fremst látið um það hugsað, að ákvæðin ættu sem best við landshagi vora. Í hvorugu atriðinu skyldi binda sig um og við erlendar fyrirmyndir. Með þessu móti mætti fá lögbók, er ynni það gagn, sem lögbók fyrst og fremst á að vinna. Fræðihliðin yrði ekki látin vera aðalatriðið. Með því að haga bókinni þannig, tel ég að oss ætti að vera unnt að semja hana. Gallalaus yrði hún að sjálfsögðu ekki en það stæði til bóta við endurskoðun hennar síðar.“

Hins vegar er ég ósammála Ólafi um *efnissvið* lögbókarinnar. Hann taldi, að bókin ætti að vera svo víðtæk að hún næði yfir allan einkamálaréttinn, réttarfarið og refsiréttinn, en ég held á hinn bóginn að með því móti yrði bókin of viðamikil, auk þess sem meginreglur refsiréttar og réttarfars eru nú þegar í viðamiklum lagabálkum. Réttara væri að miða einungis við einkamálaréttinn, þ. e. hinn borgaralega rétt, eins og hann var fyrrum kallaður, — á sama hátt og er t. d. um hinar kunnustu lögbækur á meginlandi Vestur-Evrópu, þ. e. borgaralögbækur Þjóðverja og Frakka. Bókin ætti því fyrst og fremst að hafa að geyma ákvæði um erfða-, sifja- og persónurétt, eignar-, og veðrétt, höfundar-, vörumerkja- og einkaleyfisrétt og um kröfurétt (eða a. m. k. helstu þætti hins almenna og sérstaka hluta hans), auk þess sem rétt væri að hafa í bókinni ýmis almenn ákvæði um lögskipti einstaklinga, skýringar á tilteknum grundvallarhugtökum, sem víða eru notuð í bókinni, o. þ. h. Ýmis sérsvið, þar sem mikið reynir á fjármunaréttarlögskipti, yrðu þó að vera utan bókarinnar, einkum vegna umfangs, og á ég þar t. d. við efni siglingalaga og e. t. v. einnig sjómannalaga. Efni ábúðarlaga væri hins vegar, að mínu mati, rétt að hafa með og varla væri ástæða til að rígbinda efni bókarinnar við einkamálarétt í allra þrengstu merkingu, ef annað sýnist æskilegt samhengis vegna eða notagildis bókarinnar, og má í því sambandi t. d. velta fyrir sér efni jarðalaga. Hvað varðar fyrirmyndir við lögbókarsmíðina er vissulega af nógu að taka, þar sem eru hinar kunnu borgaralögbækur Evrópuþjóðanna, en einnig má vafalaust hafa gagn af frumvarpi Vindings Kruse að samnorrænni lögbók, sem fyrr var getið. Þó er það vitanlega höfuðskylda, að bókin beri þjóðlegan svip og hæfi í hvívetna íslenskum aðstæðum. Sérstaklega skal þess getið, að sá háttur, sem Vinding Kruse hafði á um töluröðun greina í frumvarpi sínu, er skynsamlegur og til fyrirmyndar. Þar er ekki notast við áframhaldandi töluröð (svo sem hins vegar er t. d. í þýsku og frönsku lögbókunum) heldur eru greinar auðkenndar með vísun til kaflanúmers og síðan stöðu greinarinnar innan tiltekins undirkafla, — á svipaðan hátt og gert var í hinum norsku og dönsku lögbókum Kristjáns konungs V á sínum tíma. Þetta verður til þess, að auðvelt er að breyta einstökum köflum, bæta við nýjum greinum o. þ. h., án þess að raska þurfi töluröð allra greina, sem síðar koma í bókinni. Stærð lögbókarfrumvarps Vinding Kruse er einnig skapleg, þ. e. ca. 1400 greinar.

Hvaða valda- eða áhrifastofnun í þjóðfélaginu ætti svo að eiga frumkvæði að því, að lögbók verði samin? Að minni hyggju er lítils framtaks í því efni að vænta frá Stjórnarráðinu og sýnist mér mun vænlegra að Alþingi sjálft eigi frumkvæðið, fyrir tilstilli áhugasamra þingmanna úr öllum flokkum, og að tryggt sé að Alþingi fylgist með framvindu verksins, þannig að það dagi ekki uppi úti í „kerfinu“. Heppilegast er, að fámennri nefnd mikilhæfra lögfræðinga verði falið að vinna að samningu lögbókarfrumvarpsins og að nefndin sæki síðan ráðgjöf til sérfræðinga á ýmsum sviðum. Ef þess er gætt, að nefndarmenn séu eigi hlaðnir öðrum störfum og gegni jafnvel þessu starfi einu saman (er hér ekki m. a. verkefni fyrir einn eða tvo hæstaréttardómara á eftirlaunum?!), má ætla að verkefninu yrði lokið á fáum árum. Að öllu athuguðu þykir mér líklegt, að vegur Alþingis og traust almennings til þess muni vaxa og batna, ef því tekst að leiða þetta þjóðþrifamál til lykta á farsælan hátt, en að margra mati mun ekki veita af að þessi æðsta stofnun ríkisins reki duglega af sér það slyðruorð, sem hún hefur því miður ekki farið algerlega varhluta af.

Jafnframt lögbókarsmíðinni, — og reyndar án tillits til þess hvort af samningu lögbókar verður, — þarf svo hið fyrsta að hefjast handa um almenna „lagahreinsun", eins og fyrr var drepið á, með löggjöf þar að lútandi og mætti í því sambandi hafa nokkurt mið af lögum, sem Norðmenn settu þann 15. febrúar 1963 („lov om å ta bort ymse forældre lovføresegner"), en með þeim voru numin brott fjölmörg úrelt lagaákvæði á hinum ýmsu réttar- og þjóðlífssviðum. Frumkvæði að þessari „lagahreinsun" ætti einnig að koma frá Alþingi Íslendinga.

Heimildir og hliðsjónarrit.

Hvað varðar frekara lesefni um lögbækur og lagahreinsun má einkum benda á eftirtalin rit:

Lárus H. Bjarnason, „Lagahreinsun", Andvari 1915, bls. 21–34; Ólafur Lárusson, „Lög og landslýður", Vaka 1927, bls. 19–34; Sami höf., „Lögbókarfrumvarp Vindings Kruse," Tímarit lögfræðinga 1951, bls. 211–216; Frederik Vinding Kruse, „En nordisk lovbog — udkast til en fælles borgerlig lovbog for Danmark, Finland, Island, Norge og Sverrig", Khöfn 1948 og 2. útg. 1962. Um lögbókarfrumvarp Vindings Kruse (þ. e. einstaka þætti þess) eru greinar eftir Gösta Walin, Hjalmar Karlgren, Jørgen Øvergaard, Sjur Brækhus, Þórð Eyjólfsson, Sigrid Beckman, Nils Beckman, Y.J. Hakulinen og Kyösti Haataja í Svensk Juristtidning 1950, bls. 321–337 og 879–897, og 1951, bls. 241–246. Um umræður á norrænum lögfræðingaþingum og víðar varðandi samnorræna lögbók má m. a. vísa til samantektar eftir Henrik Tamm í riti hans „De nordiske juristmøder 1872–1972", bls. 195 og áfr. Einn helsti forvígismaður þess, að sett verði lögbók í Noregi, er prófessor Sjur Brækhus, sbr. ritgerð hans „Bør vår privatrett kodifiseres?", Samtiden 1949, bls. 550–564 (endurprentuð í afmælisriti hans „Juridiske arbeider fra sjø og land", Osló 1968, bls. 5–15). Um ritmál væntanlegrar lögbókar er þó Brækhus ósammála þeim, sem mestu hafa ráðið í lögbókarmálefnum þar í landi, sbr. ritgerð hans „Sprogstrid og lovsprog", sem birt er í fyrrnefndu afmælisriti á bls. 19–39. Um norska „Sivillovbokutvalet" og undirbúning að samningu norskrar lögbókar má vísa til ritsins „St. meld. nr. 90 (1951) — Om plan for kodifikationsarbeidet med sikte på en norsk lovbok", útg. af Justis- og politidepartementet (til á bókasafni Alþingis), og ritgerðar eftir prófessor Knut Robberstad, „Det norska sivillovbokarbeidet" í Úlfljóti, 2. tbl. 1954, bls. 18–26. Um hinar norsku og dönsku lögbækur Kristjáns V. frá 1683 og 1687 og margvíslegan fróðleik um eldri evrópskar lögbækur vísast einkum til ritsins „Danske og Norske Lov i 300 år", Khöfn 1983; sjá þar m. a. grein eftir Pál Sigurðsson, „Danske og Norske Lov i Island og de islandske kodifikationplaner", á bls. 347–366, sbr. einnig grein eftir sama höfund, „Nokkur orð um Norsku og Dönsku lög Kristjáns V. og innleiðingu þeirra á Íslandi", í ritinu „Brot úr réttarsögu", Rvík 1971, bls. 164–196. Um ýmsar evrópskar lögbækur o. fl., sem því efni tengist eða nýtist til samanburðar, má benda á rit eftir sama höfund (P.S.): „Um Code civil og franskan samningsrétt", Rvík 1983 (fjölr.) og „Um þýsku borgaralögbókina (BGB) og um þýskan samningarétt", Rvík 1983 (fjölr.). Varðandi Jónsbók, sjá grein eftir sama höfund, „Um Jónsbók — sjö alda afmælisminning" í 1. tbl. Úlfljóts 1982, bls. 3–26. Um ýmis álitamál varðandi lögbækur í nútímasamfélagi má m. a. vísa til greinar eftir Friedrich Kübler, „Kodifikation und Demokratie", í Juristenzeitung, 20. tbl. 1969, bls. 645–651.

Reykjavík, 15. september 1983.

Sþ. 125. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Helgi Seljan, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að lækka og jafna upphitunarkostnað húsnæðis í landinu.

Þær ráðstafanir feli m. a. í sér eftirfarandi:

1. Við *lækkun* húshitunarkostnaðar verði höfð sú viðmiðun að ekki þurfi meira en 6 vikna laun á ári samkvæmt dagvinnutekjutryggingu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar til hitunar meðalíbúðar (400 m^3) miðað við lok ársins 1984 og því marki verði náð í áföngum fram að þeim tíma.

2. Við *jöfnun* húshitunarkostnaðar verði við það miðað að ekki síðar en frá næstu áramótum (1983/1984) verði hitunarkostnaður sambærilegs húsnæðis hvergi meiri en sem nemur 2,5-földu vegnu meðalverði samkvæmt gjaldskrá hjá veitufyrirtækjum og í lok ársins 1984 hvergi meiri en tvöfaldur.

3. Samhliða þessu verði gert *stórátak til orkusparnaðar* með endurbótum á einangrun og öðrum frágangi íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í landinu. Útvegað verði fjármagn í þessu skyni svo að unnt sé að veita styrki og hagstæð lán til úrbóta. Við úthlutun lána og styrkja verði m. a. tekið mið af raunnotkun orku hjá viðkomandi notanda.

Valdir verði úr nokkrir þéttbýlisstaðir á landinu í samráði við sveitarstjórnir og þar gert sérstakt átak hið fyrsta til að leiða í ljós hvaða árangri megi ná í orkusparnaði í heilum byggðarlögum.

4. Komið verði á sérstakri *ráðgjafarþjónustu í orkusparnaði* undir eftirliti Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, Orkustofnunar, orkusparnaðarnefndar og Húsnæðisstofnunar ríkisins. Verkefni hennar verði að veita ráðgjöf og samhæfa aðgerðir opinberra aðila á þessu sviði, m. a. um hagkvæma nýtingu þess fjármagns sem til ráðstöfunar er hverju sinni.

Endurmetnar verði kröfur um frágang nýbygginga til að draga úr orkunotkun.

Við fjáröflun til lækkunar á húshitunarkostnaði verði höfð hliðsjón af áliti nefndar á vegum iðnaðarráðuneytisins frá 28. janúar 1983 sem í áttu sæti fulltrúar þingflokka.

Greinargerð.

Enginn einn þáttur veldur jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Á sama tíma og tæp 60% landsmanna (135 þús. manns) búa við ódýrar hitaveitur þurfa 25% þjóðarinnar (57 þús. manns) að greiða margfaldan kostnað fyrir hitun frá dýrum rafveitum og hitaveitum. Auk þess eru 6% (tæp 15 þús. manns) sem enn búa við olíuhitun, en flestir þeirra eiga nú þegar eða á næsta ári völ á að tengjast innlendum en yfirleitt dýrum veitum. (Fylgiskjal 1.)

Þriðjungur landsmanna býr við háan hitunarkostnað.

Í grófum drættum lítur dæmið þannig út að um þriðjungur landsmanna býr við mjög háan hitunarkostnað þrátt fyrir niðurgreiðslur á raforku og olíu til húshitunar. Miðað við

gjaldskrá og vel einangrað húsnæði þarf þessi hluti þjóðarinnar að greiða um og yfir þrefalt meira en fyrir hitun híbýla sinna en þau 60% sem njóta ódýrra hitaveitna. Fyrrnefndi hópurinn þarf að verja í húshitun að meðaltali sem svarar 10—12 vikna launum lágtekjufólks miðað við tekjutryggingu í dagvinnu (sjá töflu I), en síðartaldi hópurinn ver í þessu skyni sem svarar fjögra vikna launum.

Í mörgum tilvikum er munurinn þó langtum meiri og kostnaðurinn við húshitun hrikalegri.

Dæmi frá Vestfjörðum.

Athuganir á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga á hitunarkostnaði á tveim þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum benda til að nú þurfi um 20 vikur í dagvinnu til að vinna fyrir húshitunarkostnaði miðað við algengasta fiskvinnslutaxta á Vestfjörðum og hafi þetta hlutfall nær tvöfaldast á fjórum árum. (Fylgiskjal 2.)

Á árinu 1981 var gerð úttekt á olíunotkun í 18 íbúðum á Hólmavík (meðalstærð 323 m^3). Sýndi hún eftirfarandi kostnað við olíuhitun fyrir þessar 18 íbúðir, miðað við núverandi orkuverð og að teknu tilliti til niðugreiðslu á olíu og rafhitun. Þessi kostnaður er jafnframt umreiknaður miðað við að sömu hús hefðu átt kost á rafhitun eða hitaveitu (fylgiskjal 3):

Hólmavík	**Árskostn. 18 íbúðir** þús. kr.	**Meðalkostn. íbúð** þús/íbúð
Olíuhitun nettó (rauntölur)	595	ca. 33
Rafhitun nettó (umreiknað)	540	ca. 30
Hitaveita Reykjavíkur (umreiknað)	151	ca. 8.4

Viðkomandi hús voru byggð á tímabilinu 1915—1964 og olíunotkun þeirra reyndist vera að meðaltali 16.7 lítrar á rúmmetra á ári. Samkvæmt þessu kostar *fjórum sinnum meira* að hita þessi hús með niðurgreiddri olíu en ef viðkomandi hefðu átt kost á viðskiptum við ódýra hitaveitu eins og Hitaveitu Reykjavíkur.

Mismunandi orkunotkun.

Olíunotkun til húshitunar er eflaust nokkuð mismunandi eftir landshlutum vegna ólíkra veðurfarsþátta. Hún er að jafnaði meiri á norðanverðu landinu en sunnanlands. Munurinn í orkunotkun á rúmmetra húsnæðis fer þó fyrst og fremst eftir gerð húsa, hegðun og fjölda íbúa.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur nýverið birt niðurstöður athugana á ástandi og orkunýtingu 322 íbúðarhúsa í fjórum þéttbýliskjörnum (fylgiskjal 4) og kemur þar margt fróðlegt í ljós. Könnun var m. a. gerð á olíunotkun í 133 húsum í þessum bæjum (Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn). Reyndist notkunin frá um 3 lítrum af olíu á rúmmetra á ári og upp í um 50 lítra (sbr. mynd 1), og algengasta notkunin á bilinu 8—30 lítrar á rúmmetra miðað við fasteignamatsverð. Samsvarandi athugun á raforkunotkun til hitunar í 73 húsum í sömu bæjum leiddi einnig í ljós mjög mismunandi eyðslu (mynd 2), og reyndist algengasta raforkunotkunin á bilinu 30—140 kWh á rúmmetra á ári.


Áhrif þessarar afar breytilegu orkunotkunar á útgjöld viðkomandi heimila er síst minni en milli veitusvæða innbyrðis vegna ólíkrar gjaldskrár. Miðað við algenga raforkunotkun í þessum bæjum er munurinn milli húsa á bilinu þrefaldur — fjórfaldur. Könnun á ástandi viðkomandi húsa leiddi einnig í ljós að um 15% af þakfleti væru óeinangruð og um 10% af gluggafleti væru með einföldu gleri. Með endurbótum á húsum og skipulegum orkusparnaði er unnt að lækka orkunotkunina verulega, einkum í þeim húsum þar sem eyðslan er mest. (Sjá einnig fylgiskjal 5.)

Tafla I

Skipting landsmanna á húshitunarsvæði (nóv. 1982) og árlegur meðaltalskostnaður við upphitun 400 rúmmetra íbúðar.


Hitunarform	Fjöldi íbúa	%	Hitunarkostnaður á ári skv. gjaldskrá (1. ágúst 1983)	Hitunarkostnaður á ári skv. gjaldskrá með niðurgreiðslu (1. ágúst 1983)	Hitunarkostnaður á ári samkvæmt þingsályktunartillögu 1984	1985
Ódýrar hitaveitur	135,000	58,8	ca. 10.000 kr/ári	engin niðurgreiðsla		
Meðaldýrar hitaveitur	13.000	5,7	ca. 22.000 " "	engin niðurgreiðsla		17.200
Dýrar hitaveitur	29.000	12,6	ca. 30-35.000 "	engin niðurgreiðsla (stofnstyrkir)	22.900	17.200
Ódýr rafhitun	6.000	2,6	ca. 31 000	engin niðurgreiðsla	22.900	17.200
Meðaldýr rafhitun	4.000	1,7	ca. 36 000 kr/ári	engin niðurgreiðsla	22.900	17.200
Dýr rafhitun og R/O - veitur	28.000	12,3	ca. 42-45.000 "	ca. 26-31.000 kr/ári	22.900	17.200
Olíuhitun	14.700	6,4	ca. 48.000 kr/ári	ca. 35.000 kr/ári	25.000	19.000

VOD-VV-997. JI
83.10. 1398. Sy.J.



Mynd 1

VOD-VV-997. JI
83.10. 1397. Sy.J.



Mynd 2

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að tvennt veldur mestu um ójöfnuð í húshitunarkostnaði: Mismunur í gjaldskrám veitufyrirtækja og ófullnægjandi frágangur húsnæðis. Aðgerðir til að lækka og jafna orkureikning heimila í landinu vegna húshitunar eiga því að beinast að hvoru tveggja: *Lækkun á hæstu gjaldskránum og skipulegum orkusparnaði, m. a. með endurbótum á húsnæði.* Þingsályktunartillagan tekur á báðum þessum þáttum eins og nánar verður vikið að síðar.

Aðgerðir á liðnum árum.

Olíuverð hefur hækkað mikið í tveimur stökkum á síðustu 10 árum, þ. e. 1973—74 og 1978—79. Íslensk stjórnvöld brugðust m. a. við þeirri þróun með því að hraða framkvæmdum í orkumálum til að innlendir orkugjafar, jarðvarmi og raforka, gætu tekið við af innfluttri olíu í húshitun. Árið 1973 voru 45% af hituðu húsrými kynnt með olíu, árið 1982 var þetta hlutfall komið niður í um 7% (sjá mynd 3) og hefur síðan enn lækkað. Gjaldeyrissparnaður af minnkandi olíuinnflutningi nemur háum fjárhæðum á þessu tímabili, t. d. um 50 milljónum bandaríkjadala brúttó á síðasta ári miðað við stöðuna eins og hún var árið 1973.

Olíustyrkir.

Til að létta undir með þeim, sem áfram hafa þurft að nota olíu til húshitunar, var gripið til niðurgreiðslu á olíu árið 1974 í formi olíustyrkja. Verðgildi þeirra fór jafnt og þétt minnkandi á árunum 1974—1978 eða úr hlutfallinu 100 í febrúar 1974 niður í 38 að tiltölu á miðju ári 1978. Eftir stjórnarskiptin 1978 voru styrkirnir þrefaldaðir að raungildi og hafa síðan verið sem hér segir miðað við verðlag og vísitöluna 100 í febrúar 1974:


1979 = 111,7
1980 = 124,7
1981 = 128,2
1982 = 111,7
1983 = 112,0 (1. árs fj.).

Niðurgreiðsla í formi olíustyrkja nam sl. vor um 22% af áætluðum kyndingarkostnaði.


Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar (nr. 53/1980) voru sett vorið 1980 (fylgiskjal 6). Með þeim var m. a. breytt reglum um olíustyrki og kveðið á um ýmsar aðgerðir til að lækka heildarkostnað við húshitun í landinu, m. a. með *orkusparnaði.*

Heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun til almenningsveitna hækkaði um nær 600% á árunum 1980—1982 eða meira en tvöfalt umfram hækkun byggingarvísitölu á sama tíma, og sýndi þó Landsvirkjun nokkurn rekstrarhalla á árinu 1982. Ástæðan fyrir þessari bágu stöðu og miklu hækkunarþörf hjá Landsvirkjun voru aðallega mjög óhagstæðir orkusölusamningar við stóriðjufyrirtæki, einkum álverið í Straumsvík, og hækkandi fjármagnskostnaður. Á árinu 1982 nam meðalframleiðslukostnaður Landsvirkjunar 18,79 mill á kílóvattstund, en álverið greiddi aðeins 6,47 mill, eða þriðjung af framleiðslukostnaði. Orkusölusamningurinn við Alusuisse hefur orðið æ meiri byrði fyrir Landsvirkjun á sama tíma og fjármagnskostnaður af lánum vegna nýrra virkjana og framkvæmdakostnaður hefur hækkað mikið. Ríkisstjórnin krafðist á árinu 1980 endurskoðunar á orkusölusamningnum við Ísal og *iðnaðarráðuneytið taldi eðlilegt að orkuverð til álversins yrði þrefaldað* þannig að það næði framleiðslukostnaði og yrði framvegis verðtryggt að fullu. *Með slíkri leiðréttingu væri unnt að lækka gjaldskrár vegna húshitunar um allt að 60%.* Í febrúar 1983 lögðu þingmenn


VOD-OB-389-JV
83.10 -1401-Gyða




VOD-OB-389-JV
83.10 -1403-Gyða



VOD-OB-389-JV
83.10 -1404-Gyða



VOD-OB-389-JV
83.10.-1414-Gyða



Alþýðubandalagsins í neðri deild fram frumvarp til laga um leiðréttingu á raforkuverðinu til Ísal (fylgiskjal 7) en það náði ekki fram að ganga.

Með bráðabirgðasamkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. september 1983 féllst Alusuisse á að greiða tímabundið álag á samningsbundið raforkuverð um eins árs skeið og nemur það 3 — 3,5 mill á kílóvattstund.

Jöfnun heildsöluverðs.

Samkvæmt lögum nr. 47/1983, um Landsvirkjun, sem samþykkt voru í mars 1983, skal fyrirtækið selja raforku eftir sömu gjaldskrá á öllum afhendingarstöðum byggðalína, en þeir eru nú einn eða fleiri í hverjum landsfjórðungi. Þetta ákvæði hefur hingað til einkum komið Orkubúi Vestfjarða til góða, en almennt séð er það stefnumarkandi og mikilsvert fyrir landsbyggðina.

Niðurgreiðsla á raforku.

Vegna mikilla hækkana á húshitunarkostnaði með innlendum orkugjöfum gaf ríkisstjórnin út svofellda yfirlýsingu 5. maí 1982 um *jöfnun húshitunarkostnaðar:*

„Ríkisstjórnin telur óhjákvæmilegt að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu. Hefur ríkisstjórnin ákveðið, með hliðsjón af áliti nefndar, sem nýverið hefur lokið störfum og skipuð var fulltrúum frá öllum þingflokkum, að beita sér fyrir úrbótum í þessu efni. Er að því stefnt að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúðarhúsnæðis verði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum, sbr. Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Verður á næstunni gerð áætlun um hvernig ná megi slíku markmiði í áföngum, m. a. með endurskoðun á gjaldskrá veitufyrirtækja á næstu 12 mánuðum.

Verulegur ójöfnuður og hár upphitunarkostnaður stafa sumpart af bágu ástandi íbúðarhúsnæðis. Því er brýnt að hvetja til orkusparandi endurbóta á húsnæði og mun ríkisstjórnin beita sér fyrir aðgerðum á því sviði, m. a. með meiri og hagstæðari lánveitingum í þessu skyni á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Nánar var kveðið á um þetta í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna efnahagsaðgerða 21. ágúst 1982. Þann 1. október 1982 var stigið fyrsta skrefið í niðurgreiðslu á raforku og lækkun á húshitunartaxta hjá fimm rafveitum og náði síðar til fleiri veitna. Síðan var þessi niðurgreiðsla aukin 1. nóvember 1982, 1. febrúar og 10. maí 1983 og nam þá um 27% af húshitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Var hitunarkostnaður með niðurgreiddri raforku þá orðinn ámóta eða lægri en hjá nýjum hitaveitum og svaraði til um 60% af hitunarkostnaði með óniðurgreiddri olíu.

Fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað.

Að höfðu samráði við alla þingflokka skipaði iðnaðarráðherra nefnd í lok september 1982 til að fjalla um framtíðarfjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. Í nefndinni voru: Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Gunnar R. Pétursson rafvirki, Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður og Kjartan Ólafsson ritstjóri (nefndarformaður).

Nefndin skilaði sameiginlegu áliti 28. janúar 1983 (fylgiskjal 8) og segir þar m. a.:

„Nefndin telur að veruleg hækkun raforkuverðs til stóriðju sé æskilegasta leiðin í því skyni að tryggja fjármagn til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Meðan ekki hefur náðst árangur í þeim efnum verður *til bráðabirgða* að grípa til annarra úrræða."

Í því sambandi benti nefndin á lög nr. 12 frá 1980, um orkujöfnunargjald, orkuskatt sem lagður yrði á alla notorku (undanskilin yrði þó orka til fiskiskipa og raforka sem nú er verðjöfnunargjaldskyld) eða hækkun söluskatts. Þá segir í nefndarálitinu: „Gert er ráð fyrir

að öll skattheimta í þessu skyni og sérstakar greiðslur ríkissjóðs falli niður þegar framtíðarfjáröflun hefur verið tryggð með hækkun orkuverðs til stóriðju."

Nefndarálit þetta var strax lagt fyrir ríkisstjórn og vildi Alþýðubandalagið tryggja tekjuöflun með leiðréttingu á raforkuverðinu til Ísal. Þingflokkur Framsóknarflokksins gerði hins vegar svofellda samþykkt 15. febrúar 1983 sem viðskiptaráðherra kynnti í ríkisstjórn:

„Þar sem ekki hefur enn tekist að ná fram hækkun á orkuverði til stóriðju sem nýta mætti til niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar samþykkir þingflokkur Framsóknarflokksins að ríkissjóður greiði niður til bráðabirgða verð á rafmagni til húshitunar af orkujöfnunargjaldi samkvæmt lögum nr. 12/1980, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 1982."

Reyndi þannig ekki frekar á tillögur nefndarinnar í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens. Þær eru hins vegar í fullu gildi hvað snertir tekjuöflunarleiðir að mati flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu.

Fjárhagsvandi hitaveitna var til sérstakrar athugunar á vegum vinnuhóps undir forystu Páls Flygenrings ráðuneytisstjóra, en iðnaðarráðherra fól starfshópnum í október 1982 að kanna fjárhags- og rekstrarstöðu nokkurra hitaveitna. Skilaði hann áliti um „fjárhagsvanda hitaveitna" 24. febrúar 1983. Að tillögu vinnuhópsins voru gerðar breytingar á orkulögum sem draga úr kostnaði og minnka áhættu við borun eftir heitu vatni (lög nr. 32/1983). Jafnframt gerði hópurinn tillögur um breytingu á reglugerð um framlag til varmaveitna samkvæmt lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Voru þær breytingar staðfestar af ráðherra og stofnstyrkur jafnframt greiddur til nokkurra veitna.

Orkusparnaðarnefnd iðnaðarráðuneytisins var skipuð í ágúst 1979 og endurskipuð í ágúst 1981. Meðal verkefna sem nefndin hefur beitt sér fyrir í samvinnu við ráðuneytið eru:

— Endurskoðun laga um olíustyrk.
— Ýmiss konar kynningarstarfsemi um orkusparnað í hitun húsa, m. a. útgáfa og dreifing bæklinga, auglýsingar í fjölmiðlum, greinar í blöð og erindi í útvarpi.
— Námskeið í stillingu olíukynditækja.
— Námskeið í stillingu ofnkerfa.
— Námsstefna um „hagkvæmari orkunotkun við rekstur húsnæðis".
— Ráðgjöf um orkusparnað við upphitun húsnæðis — fundir á þéttbýlisstöðum þar sem hús eru kynt upp með olíu eða rafmagni.
— Styrkur til Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi til ráðgjafarstarfsemi við einstaka húseigendur um orkusparnað við húshitun.
— Tilraunir með varmadælur og vindmyllur við húshitun.
— Lækkun aðflutningsgjalda af orkusparandi efnum og tækjum.
— Lánveitingar til orkusparandi breytinga, lánaflokkur hjá Húsnæðisstofnun.

(Sjá enn fremur skipunarbréf nefndarinnar, fylgiskjal 9).

Lán til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði voru tekin upp á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árinu 1981 að telja í samræmi við heimildir í lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar. Á árinu 1981 voru veitt lán vegna 189 íbúða að upphæð 5,9 milljónir króna og á árinu 1982 vegna 104 íbúða að upphæð 5,4 milljónir króna. Á tímabilinu 1. jan. — 1. okt. voru veitt 38 lán að upphæð 3,5 milljónir króna vegna orkusparandi breytinga. (Sjá fylgiskjal 10). Lán þessi eru verðtryggð og til skamms tíma og því ekki hvetjandi sem skyldi, og auk þess er aðeins lánað fyrir 50% af áætluðum kostnaði. Er því gert ráð fyrir hagstæðari lánum auk styrkveitinga í þingsályktunartillögunni.

Aðgerðir í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Hækkun húshitunarkostnaðar.

Í 3. grein bráðabirgðalaga um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, sem gefin voru út 27. maí 1983, segir:

„Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 150 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis."

Þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur á raforku á grundvelli þessarar heimildar hefur húshitunartaxti rafveitna *hækkað* um sem nemur 17,4% frá 27. maí s. l. Svarar það til hækkunar á áætluðum húshitunarkostnaði meðalíbúðar um 4 100 krónur á ári. Þessu veldur mikil hækkun sem heimiluð hefur verið að undanförnu á heildsöluverði Landsvirkjunar og nemur samtals 56% (19% 3. júní sl. og 31% 1. ágúst sl.) og afleidd 38,5% hækkun hjá rafveitum. Fyrir utan hækkun á húshitun hafa útgjöld vegna almennrar heimilisnotkunar (miðað við 4000 kílóvattstunda ársnotkun) hækkað um 5000 krónur. Áætluð útgjöld raforku vegna raforkukaupa meðalheimilis hafa þannig *hækkað um 9—10 þús. á ári vegna hækkana á gjaldskrám orkuveitna frá því í júníbyrjun 1983.*

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1984 er gert ráð fyrir 230 milljónum til niðurgreiðslna á raforku. Ljóst er að sú upphæð nægir ekki til að halda núverandi niðurgreiðslustigi og er þá ekkert aflögu til að mæta hugsanlegum hækkunum á gjaldskrám á árinu 1984.

„Orkuverðsnefnd" að störfum.

Í júní 1983 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um húshitunarkostnað. Í nefndinni eiga sæti: Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður, formaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Sigurjón Fjeldsted skólastjóri, Egill Jónsson alþingismaður. Nefndin hafði ekki skilað áliti 15. nóvember 1983.

Um einstaka liði þingsályktunartillögunnar.

1. Varðandi lækkun húshitunarkostnaðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sett verði hámark eða þak á húshitunarkostnað meðalíbúðar (400 m^3). Gjaldskrár verði við það miðaðar að ekki þurfi meira en svarar til 6 vikna launa á ári samkvæmt tekjutryggingartaxta fyrir dagvinnu til að greiða áætlaðan húshitunarkostnað slíkrar íbúðar. Við ákvörðun á þessu hámarki var höfð hliðsjón af hitunarkostnaði meðalíbúðar (377 m^3) í nýja vísitölugrundvellinum svonefnda, en þar er um eins konar vegið landsmeðaltal að ræða. Árskostnaður samkvæmt þessum grunni væri á núverandi verðlagi 18 760 krónur. Laun samkvæmt dagvinnutekjutryggingu hjá Dagsbrún eru nú 2 530 kr. á viku eða 15 180 kr. á 6 vikum. Þar sem laun eru nú óeðlilega lág er í útreikningi gert ráð fyrir hækkun á næstu mánuðum eða sem svarar 17 200 kr. fyrir 6 vikur sem væri það hámark sem gjaldskrár tækju mið af varðandi húshitunarkostnað á ári frá ársbyrjun 1985 að telja. Hins vegar er gert ráð fyrir áfanga að þessu marki frá ársbyrjun 1984 og þá miðað við að húshitunarkostnaður samkvæmt gjaldskrá svari að hámarki til 8 vikna launa, eða sem nemur 22 900 kr. á ári.

Verkfræðistofan Fjarhitun, sem mikið hefur unnið að athugunum á húshitunarkostnaði fyrir opinbera aðila, hefur áætlað heildarkostnað af niðurgreiðslum samkvæmt þessu sem hér greinir (sjá einnig fylgiskjal 11):

	Dæmi 1 (6 vinnuvikur,1985)	Dæmi 2 (8 vinnuvikur,1984)
		Mkr.
Íbúðir	604	421
Atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði	206[1])	136[1])
Samtals	810	557

Innifalinn í þessum tölum er kostnaður vegna niðurgreiðslu á rafhitun, dýrum hitaveitum og olíuhitun. Varðandi olíuhitun er gert ráð fyrir meðalorkuverði sem er rúmlega 10% hærra en við rafhitun.

Samkvæmt þessu þyrfti 421 milljónir króna til lækkunar á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á árinu 1984 og að auki 136 milljónir vegna atvinnuhúsnæðis og félagslegs húsnæðis. Til að ná því markmiði á árinu 1985 að ekki þurfi meira en 6 vikur til að vinna fyrir húshitunarkostnaði eru áætlaðar 604 milljónir vegna íbúðarhúsnæðis og 206 milljónir króna vegna atvinnuhúsnæðis.

Miðað við núverandi niðurgreiddan rafhitunarkostnað samkvæmt gjaldskrá hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, sem er áætlaður um 29 000 kr. á ári, *væri hér um að ræða 40% lækkun og hjá Hitaveitu Akureyrar, þar sem árskostnaður samkvæmt gjaldskrá er nú áætlaður 34 800 kr. á ári,* yrði um að ræða nálægt 50% lækkun.

2. Varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar.

Af útreikningum á fylgiskjali 11 (viðauki I) sést að ef uppfyllt verða skilyrðin um *lækkun* á húshitunarkostnaði skv. lið 1 er einnig náð þeim markmiðum um *jöfnun* hitunarkostnaðar sem kveðið er á um í tillögunni.

Tafla II:

Vegið meðalverð hjá hitaveitum og rafveitum reiknað út miðað við orkusölu til íbúða, sbr. fylgiskjal 1.

	Áætlað orkuverð kr/kWh	Dæmi 1	Dæmi 2
1. fl. ódýrar hitaveitur	0,30	0,30	0,30
2. og 3. fl. dýrar hitaveitur	0,90	0,52	0,70
4. og 5. fl. bæjarrafveitur	0,95	0,52	0,70
6. fl. dýr rafhitun (með ngr.)	0,88	0,52	0,70
Vegið meðalverð	0,55	0,38	0,44

Af töflunni sést að vegið meðalverð veitufyrirtækja miðað við dæmi 2, þ. e. að 8 vikur þurfi til að vinna fyrir húshitun á ári, er 0.44 kr/kWh, en verð hjá ódýrum hitaveitum er 0,30 kr/kWh.

Einnig sést af töflunni að eftir lækkun er munurinn á dýrum og ódýrum veitum 2,3-faldur miðað við dæmi 2 (8 vikna laun) og um 1,8-faldur miðað við dæmi 1 (6 vikna laun).

[1]) Niðurgreiðsla vegna atvinnuhúsnæðis og félagslegs húsnæðis er lauslega áætluð um þriðjungur af niðurgreiðslukostnaði vegna íbúðarhúsnæðis.

3. Stórátak til orkusparnaðar.

Niðurgreiðsla á innlendri orku er óhjákvæmilegt úrræði við núverandi aðstæður til að létta á þeim sem þyngstar byrðar bera. Hins vegar verður jafnhliða að tryggja stórátak í orkusparnaði, ekki síst með endurbótum á einangrun og öðrum frágangi húsnæðis, bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. *Það er hin þjóðhagslega æskilega leið* og með henni á að vera unnt að bæta aðstæður þeirra *til frambúðar* sem nú greiða hæstu orkureikningana, enda njóti þeir forgangs við úthlutun styrkja og hagstæðra lána til útbóta á húsnæði.

Í þessum efnum má leita að fyrirmynd hjá hinum Norðurlöndunum, ekki síst í Danmörku, þar sem stórvirki hefur verið unnið í orkusparnaði frá árinu 1975 að telja, m. a. með einangrun og öðrum endurbótum á húsnæði.

Reynslan af orkusparnaðarlánum Húsnæðisstofnunar undanfarin ár sýnir ótvírætt að annað og meira þarf að koma til, svo að hér náist viðunandi árangur.

Örva þarf húseigendur, sveitarfélög og atvinnurekendur til aðgerða með því að bjóða fram styrki, m. a. í formi ráðgjafar á þessu sviði, svo og löng og hagstæð lán.

Til að leiða í ljós með skjótum hætti hvaða árangri er unnt að ná í orkusparnaði er lagt til *að sérstakt átak verði gert á völdum stöðum á landinu* í endurbótum á húsnæði og með fræðslu um orkusparnað. Niðurstöður af slíkum aðgerðum þurfa að vera mælanlegar og því er eðlilegt að leita samvinnu við þá fjóra þéttbýliskjarna (Bolungarvík, Raufarhöfn, Neskaupstað og Hvolsvöll) þar sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Orkustofnun hafa staðið að víðtækum athugunum á húsnæði, eins og áður er getið, sbr. fylgiskjal 5.

Miklu skiptir að gefa iðnaðarmönnum kost á þjálfun í endurbótum á eldra húsnæði og nauðsyn gæti verið á að hafa einhvern hóp manna í förum til byggðarlaga þar sem heimamenn geta ekki sinnt þessum verkefnum.

Líkur benda til að eins og verkefnastaða er í byggingariðnaði gæti átak í viðhaldi húsnæðis fallið vel að vinnumarkaði og komið í veg fyrir atvinnuleysi iðnaðarmanna og annarra er í byggingariðnaði starfa.

4. Ráðgjafarþjónusta í orkusparnaði.

Lagt er til að komið verði upp ráðgjafarþjónustu í orkusparnaði undir eftirliti fjögurra aðila, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Orkustofnunar, orkusparnaðarnefndar iðnaðarráðuneytisins og Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þessir aðilar myndi eins konar ráðgefandi stjórn fyrir slíka þjónustu sem hafi í senn ráðgjafar- og samræmingarhlutverk með höndum. Samvinna við ýmsa aðila kemur þar til álita, m. a. við Byggingarþjónustuna, sveitarfélög og samtök þeirra. Eðlilegt verður að teljast að þessi þjónusta verði færð með skipulegum hætti út í landshlutana og tengist þar m. a. starfi byggingarfulltrúa.

Sérstakir *orkuráðgjafar* þyrftu að koma til sem sérhæfðu sig í ráðgjöf á þessu sviði og ferðuðust um landið. Svonefndir „energikonsulenter“ í Danmörku gætu verið viss fyrirmynd að slíkri starfsemi.

Ráðgjafarþjónustan gæti gefið leiðbeiningar til þeirra aðila sem ráðstafa fjármagni til orkusparnaðaraðgerða því að miklu skiptir að það nýtist sem best og unnt sé að svara umsóknum um lán og styrkveitingar skjótt og greiðlega.

5. Fjáröflun.

Eins og fram hefur komið kosta þær aðgerðir, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, verulegar fjárhæðir umfram það sem ráð er fyrir gert í áætlunum stjórnvalda vegna ársins 1984 (fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun). Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 230 m. kr. í niðurgreiðslu vegna rafhitunar og í olíustyrki 61,5 m. kr. eða samtals 291,5 m. kr. Samkvæmt þeim hugmyndum um áfangalausn á árinu 1984, sem fram

FYRIRTÆKI SEM SELJA ORKU TIL HÚSHITUNAR - YFIRLITSTAFLA Nóvember 1982

1 Ódýrar hitaveitur	2 Meðaldýrar hitaveitur	3 Dýrar hitaveitur	4 Ódýr rafhitun	5 Meðaldýr rafhitun	6 Dýr rafhitun og R/O-veitur	7 Olíu-hitun	Alls
Íbúafjöldi: 135.000	13.000	29.000	6.000	4.000	28.000	14.700	230.000 íbúar
Orkusala GWh/ár: 2.300	160	460	80	50	370	280	3.700 GWh/ár
Þar af íbúðir GWh/ár (1.600)	(110)	(320)	(60)	(40)	(300)	(170)	(2.600) -
Þar af atv. " (700)	(50)	(140)	(20)	(10)	(70)	(110)	(1.100) -
H.Reykjavíkur	H.Suðurnesja	H.Bessastaðahr.	Rafmv.Reykjav.	6 rafveitur á Suðurnesjum	Rarik		
H.Seltjarnarness		HAB	R.Hafnarfj.		Orkubú Vestfj.		
H.Mosfellshr.		H.Suðureyrar	R.Borgarness	R.Akraness	H.Hafnarhr. (R/O)		
H.Hvammstanga		H.Blönduóss	R.Sauðárkróks	R.Siglufjarðar	H.Seyðisfjarðar (R/O)		
H.Sauðárkróks		H.Siglufjarðar	R.Akureyrar	R.Reyðarfjarðar			
H.Ólafsfjarðar		H.Hríseyjar	R.Húsavíkur	R.Vestmannaeyja			
H.Dalvíkur		H.Akureyrar	R.Selfoss	R.Eyrarbakka			
H.Húsavíkur		H.Egilst.og Fella		R.Stokkseyrar			
H.Reykjahlíðar		H.Vestmannaeyja		R.Hveragerðis			
H.Selfoss		H.Rangæinga					
H.Hveragerðis		H.Eyra					
H.Laugaráss		H.Þorlákshafnar					
H.Flúða		H.Hjaltadals					
H.Brautarholti							
H.Reykhóla							
H.Laugarvatni							
H.Reykholti							
H.Reykjanesi							
H.Reykjum í Hrútafirði							
H.Laugarbakka							
H.Varmahlíð							
H.Laugum							

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA,
Hafnarstræti 6,
4oo - ÍSAFJÖRÐUR.

Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.

	pr. ltr. pr. m^3 á	Heildarkostnaður krónur	Olíunotendur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölsk. 4,12 meðl. kr. á ári	Tímakaup í viskv. krónur	Vinnust. að vinna fyrir árs notkun	Vinnuvikur að vinna f. árs notk
Verðlag 1/7 1973:								
6.o34.136 ltr. gasolía	5/3o	31.98o.92o	3o51	1o.482	43.186	135/7o	318,3	8,o
mínus olíustyrkur (enginn)	-o-	-o-						
	5/3o	31.98o.92o	3o51	1o.482	43.186	135/7o	318,3	8,o
Jafngildi í heitu vatni: 781.975 m^3	18/25	14.278.863	3o51	4.68o	19.282	135/7o	142,1	3,5
Mismunur		17.7o2.o57	3o51	5.8o2	23.9o4	135/7o	176,2	4,5
Verðlag 21/12 1979:								
5.392.512 ltr. gasolía	155/25	837.187.488	3o88	271.11o	1.116.973	1391/-	8o3,o	2o,1
mínus olíustyrkur	41/23	222.336.ooo	3o88	72.ooo	296.64o	1391/-	213,3	5,3
Nettóútgjöld notenda	114/o2	614.851.488	3o88	199.11o	82o.833	1391/-	589,7	14,8
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 m^3	119/-	83.16o.294	3o88	26.93o	11o.952	1391/-	79,8	2,o
Mismunur		531.691.194	3o88	172.18o	7o9.381	1391	5o9,9	12,8
Verðlag 1/11 1981:								
5.392.512 ltr. gasolía	29o/-	1.563.828.48o	3o88	5o6.421	2.o86.455	2.659/-	784,7	19,61
mínus olíustyrkur	45/81	247.o4o.ooo	3o88	8o.ooo	329.6oo	2.659/-	124,o	3,o9
	244/19	1.316.788,48o	3o88	426.421	1.756.855	2.659/-	66o,7	16,52
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 mtr.^{3}	256/-	178.899.456	3o88	57.934	238.687	2.659/-	89,7	2,24
Mismunur		1.137.889.o24	3o88	368.487	1.518.168	2.659/-	571,o	14,28

koma hér á undan, þyrfti samtals 557 m. kr. vegna niðurgreiðslna, þar af 421 m. kr. vegna íbúðarhúsnæðis.

Í þingsályktunartillögunni er vísað til nefndarálits um „fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað“ frá 28. janúar 1983 (fylgiskjal 8) og hefur hér á undan verið gerð grein fyrir meginatriðum þess. Ljóst er að þær tölur, sem nefndin gekk út frá að afla þyrfti í þessu skyni, eru úreltar, en þær *fjáröflunarleiðir,* sem nefndin bendir á, eru í fullu gildi að mati flutningsmanna. Mikilsvert er að um þær var samstaða í nefndinni þar sem sæti áttu fulltrúar frá þingflokkum sem studdu þáverandi ríkisstjórn og frá stjórnarandstöðu.

Ástæða er að gefa því sérstakan gaum að með átaki í orkusparnaði, eins og hér er lagt til, lækkar fljótlega sú upphæð sem verja þarf til niðurgreiðslna. Er eðlilegt að verja því fjármagni, er þannig verður til ráðstöfunar, í orkusparnað, þ. e. styrki og fjármagnskostnað vegna lána, er veitt yrðu á hagstæðum kjörum til að ýta undir orkusparandi endurbætur á húsnæði.

Eðlilegt verður að teljast að stefnt sé að breytingum á verðlagningu á innlendri orku til húshitunar sem geri kleift að ná viðunandi jöfnuði án þess að niðurgreiðslur þurfi að koma til. Slíkar breytingar taka hins vegar óhjákvæmilega nokkurn tíma. Sama máli gegnir um tilhögun á niðurgreiðslum. Þar getur vissulega komið til álita annar háttur en nú er við hafður.

Meginmáli skiptir hins vegar að húshitunarkostnaður verði lækkaður skjótlega frá því sem nú er hjá þeim sem þyngstar byrðar bera og samhliða verði hraðað varanlegum aðgerðum til úrbóta með orkusparnaði.

Skrá yfir fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: Fyrirtæki sem selja orku til húshitunar — yfirlitstafla (nóvember 1982).
Fylgiskjal 2: Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði. (Fjórðungssamband Vestfirðinga.)
Fylgiskjal 3: Athugun á upphitunarkostnaði með olíu á Hólmavík. (Fjórðungssamband Vestfirðinga.)
Fylgiskjal 4: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Orkunýtingarkönnun íbúðarhúsa.
Fylgiskjal 5: Jón Ingimarsson: Húshitunarvandinn — leið til lausnar.
Fylgiskjal 6: Lög nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.
Fylgiskjal 7: Frumvarp til laga um leiðréttingu á orkuverði til Íslenska álfélagsins hf.
Fylgiskjal 8: Fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. (Nefndarálit.)
Fylgiskjal 9: Skipunarbréf orkusparnaðarnefndar iðnaðarráðuneytisins.
Fylgiskjal 10: Reglur um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsum.
Fylgiskjal 11: Fjarhitun hf. — verkfræðistofa: Útreikningur vegna tillögu til þingsályktunar um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði.

Verðlag 12/8 1982:

5.392.512 ltr. gasolía	455/-	2.453.592,96o	3o88	794.557	3.273.576	3723/-	879,3	21,98
minus olíustyrkur	8o/17	432.32o.ooo	3o88	14o.ooo	576.8oo	3723/-	154,9	3,87
	374/83	2.o21.272.96o	3o88	654.557	2.696.776	3723/-	724,4	18,11
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 m^3	448/-	313.o74.o48	3o88	1o1.384	417.7o2	3723/-	112,2	2,81
Mismunur		1.7o8.198.912	3o88	553.173	2.279.o74	3723/-	612,2	15,3o

Verðlag 2/8 1983.

5392.512 ltr. gasolía	86o/-	4.637.56o.32o	3o88	1.5o1.8oo	6.187.416	545o/-	1.135,3	28,38
minus olíustyrkur	18o/96	975.8o8.ooo	3o88	316.ooo	1.3o1.92o	545o/-	238,9	5,97
	679,o4	3.661.752,32o	3o88	1.185.8oo	4.885,496	545o/-	896,4	22,41
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 m^3	12oo/-	838.591.2oo	3o88	271.565	1.118.846	545o/-	2o5,3	5,13
Mismunur		2.823.161.12o	3o88	914.235	3.766.65o	545o/-	691.1	17,28

2/8 1983. J.T.B.

Öll verð í gömlum krónum. Gengið er út frá því að olíustyrkur sé til jafnaðar einn á mann.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA,
Hafnarstræti 6,
4oo - ÍSAFJÖRÐUR.

Athugun á upphitunarkostnaði með olíu á Hólmavík miðað við raforku frá O.V. og heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Nr.	m^3	Efni	Smíða-ár	Íb.	Olíu-lítrar 1)	Olíu-kostnaður 2) krónur	Olíu-styrkur 3) krónur	Nettó-kostnaður m/ olíu krónur	Olíulítrar umreikn. í kwst. 1:6,35	Raforku-kostnaður kwst. o/8734 4)	Mismunur á olíukostnaði nettó og rafm. krónur	Olíukostn. umfram raf-hitun %	Orkunotk. umr. í m^3 heitt vatn. H.R.	Orkukostn. miðað við Hitaveitu Reykjavíkur	Orkukostn. Hitav. Rv. í % af olíu kostnaði nettó
1	17o	T	1931	4	5.o73	43.628	12.64o	3o.988	32.214	28.136	2.852	1o,14	657,4	7.888	25,46
2	324	S	1963	7	4.499	38.691	17.38o	21.311	28.569	24.952	- 3.641	- 14,59	583,o	6.996	32,83
3	27o	S	1947	4	5.238	45.o47	12.64o	32.4o7	33.261	29.o5o	3.357	11,56	679,o	8.148	25,14
4	27o	S	1947	3	3.948	33.953	11.o6o	22.893	25.o7o	21.896	997	4,55	511,6	6.139	26,82
5	357	S	1964	8	6.226	53.544	17.38o	36.164	39.535	34.53o	1.634	4,73	8o6,8	9.682	26,77
6	54o	S	1965	5	7.4o7	63.7oo	14.22o	49.48o	47.o34	41.o8o	8.4oo	2o,45	959,9	11.519	23,28
7	362	S	1964	4	6.o46	51.996	12.64o	39.356	38.392	33.532	5.824	17.37	783,5	9.4o2	23,89
8	445	S	193o	3	5.538	47.627	11.o6o	36.567	35.166	3o.714	5.853	19,o6	717,9	8.615	25,56
9	257	S	1933	3	4.635	39.861	11.o6o	28.8o1	29.432	25.7o6	3.o95	12,o4	6oo,7	7.2o8	25,o3
1o	35o	S	1933	3	8.3o6	71.432	11.o6o	6o.372	52.743	46.o66	14.3o6	31,o6	1.o76,4	12.917	21,4o
11	36o	T	194o	2	4.844	41.658	9.48o	32.178	3o.759	26.865	5.313	19,78	627,8	7.534	23,41
12	462	T	1925	1o	5.675	48.8o5	17.38o	31.425	36.o36	31.474	- 49	- o,16	735,4	8.825	28,o8
13	24o	S	1925	8	4.337	37,298	17.38o	19.918	27.54o	24.o53	- 4.135	- 17,19	562,o	6.744	33,86
14	18o	T	1935	5	4.463	38.382	14.22o	24.162	28.34o	24.752	- 59o	- 2,38	578,4	6.941	28,73
15	274	T	1915	1	3.646	31.356	6.32o	25.o36	23.152	2o.221	4.815	23,81	472,5	5.67o	22,65
16	3oo	S	196o	6	5.324	45.786	15.8oo	29.986	33.8o7	29.524	462	1,56	69o,o	8.28o	27.61
17	538	S	1964	8	5.813	49.992	17.38o	32.612	36.913	32.24o	372	1,15	753,3	9.o4o	27,72
18	116	T	19o4	4	6.22o	53.492	12.64o	4o.852	39.497	34.497	6.355	18,42	8o6,1	9.673	23,68
	5815			88	97.238	836.248	241.74o	594.5o8	617.459	539.289	55.219	1o,24	12.6o1,7	151.22o	25,44

T = timbur
S = steinsteypa.

4/8 1983. J.T.B.

1) Raunveruleg olíunotkun í tilgreindum húsum á árinu 1981.
2) Miðað er við gasolíuverð hinn 2/8 1983, kr. 8,6o pr. ltr.
3) Miðað er við olíustyrk 3. ársfjórðungs 1983, kr. 79o pr. einíng, þ.e. kr. 3.16o á ári.
4) Gildandi húshitunartaxti Orkubús Vestfjarða 2/8 1983, kr. o,82 pr. kwst. (niðurgreitt [7]) + fastagjald o,o534 pr. kwst.
5) Hver m^3 af heitu vatni er látinn jafngilda 7,7165 ltr. af gasolíu.
6) Gildandi orkuverð Hitaveitu Reykjavíkur 2/8 1983, kr. 12,oo pr. m^3.
7. Niðurgreiðsla á raforku til upphitunar kr. o,48 pr. kwst.

Fylgiskjal 4.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS: SKÝRSLA UM STÖRF 1980—1982.

4.4 Orkunýtingarkönnun íbúðarhúsa

4.4.1 Valdir bæir

Skoðaðir voru fjórir þéttbýliskjarnar sem valdir voru eftir athugun á aldursdreifingu húsa o.fl. atriðum.

Aðalforsenda var að þéttbýlisstaðirnir væru utan þeirra svæða sem fengju hitaveitu í fyrirsjáanlegri framtíð.

Fyrir valinu urðu:

- Hvolsvöllur,
- Bolungarvík,
- Neskaupstaður,
- Raufarhöfn.

Sú breyting hefur orðið á tilhögun upphitunar á Hvolsvelli að hitaveita hefur verið lögð þar síðan skoðun fór fram.

4.4.2. Þéttbýli bæjanna

Út frá niðurstöðum könnunarinnar má draga upplýsingar um hversu þröngt fólk býr í þessum þéttbýliskjörnum. Eftirtektarvert er hversu stórt húsnæði hver einstakur hefur til umráða. Fyrir einstaka bæi skiptist þéttbýlið þannig:

Hvolsvöllur .	38,4m^2/íbúa
Bolungarvík	31,6m^2/íbúa
Neskaupstaður	35,7m^2/íbúa
Raufarhöfn	28,2m^2/íbúa

Þessar upplýsingar byggja á niðurstöðum mældra húsa en ekki á heildaríbúðaflatarmáli deilt með íbúafjölda.

4.4.3. Veðurfar, byggingarlag og áhrif þess á orkunotkun.

Veðurfar á hverjum stað hefur augljóslega mikil áhrif á orkunotkun húsa. Þeir veðurfarsþættir sem hafa mest áhrif á orkunotkunina eru:

útihitastig,
veðurhæð,
sólar- og himingeislun.

Af athugun á þessum veðurfarsþáttum eru eingöngu hitastigsmælingar gerðar nógu oft, og nógu víða um landið, til þess að nægjanleg nákvæmni fáist fyrir útreikninga á orkutapi bygginga.

Af þessum sökum er í orkutapsteikningum og reikningum á orkuþörf til upphitunar hérlendis oftast látið nægja að taka tillit til mismunar inni- og útihita þar sem reiknað er með innihitanum +17°C. Sú aukaorkuþörf sem þarf til að hækka innihitann úr reikningslegu gildi + 17°C í „raunverulegan" innihita +20°C – +22°C (eða hærri),

Flokkur húsa	Meðal hlutfalls-loftraki	Meðal innihiti, °C	ÁLIT ÍBÚA, LOFT:			Einhvern tíma skemmdir af völdum raka eða leka	EFNI HÚSA		Meðal íbúafjöldi
			Of þurrt	Of rakt	Í lagi		Steypt	Timbur	
Öll hús (130)	~ 33,0%	~ 21,0	48 = 36,9%	3 = 2,3%	80 = 61,5%	61 = 46,9%	108	22	~ 4,1
Hús byggð fyrir 1945 (21)	33,3%	20,4	6 = 28,6%	0	15 = 71,4%	5 = 23,8%	9	12	~ 3,6
Hús byggð 1945-65 (31)	32,9%	21,1	10 = 32,3%	3 = 9,7%	18 = 68,0%	16 = 51,6%	31	0	~ 2,6
Hús byggð eftir 1965 (78)	32,3%	21,2	28 = 35,9%	0	50 = 64,1%	41 = 52,6%	68	10	~ 5,1
Íbúðir stærri en 400 m^3 (34)	32,8	20,8	9 = 26,5%	1 = 2,9%	24 = 70,6%	19 = 55,9%	33	1	~ 4,5
Íbúðir minni en 200 m^3 (22)	32,3%	21,0	11 = 50%	1 = 4,5%	10 = 45,5%	10 = 45,5%	15	7	~ 2,8

Tafla 4.3.1 Helstu niðurstöður könnunar á loftraka í íbúðarhúsum.


telst koma frá íbúum, almennri raforkunotkun og sólargeislum. Þessi reikningsaðferð er augljóslega ónákvæm þar sem áhrif sólargeislunar eru mjög mismunandi. Orkuviðbótin, sem kemur frá íbúum, almennri raforkunotkun og sól, er ennfremur hlutfallslega stærri hluti orkuþarfarinnar því meiri sem einangrun hússins er. Þar af leiðandi er nú erlendis leitast við að gera reiknilíkön svo nákvæm sem verða má og taka því tillit til sem flestra veðurfarsþátta.

Í rannsókn þeirri, sem hér er greint frá, var reynt að gera reiknilíkan fyrir orkutap húsa, þar sem tekið var tillit til áhrifa frá sólargeislun auk útihitastigs. Fyrir fram var vitað að áhrif mismunandi vindhraða á orkutap húsa voru svo lítið þekkt hérlendis að marklaust væri að taka þennan áhrifavald með í reikningana. Fljótlega sýndi sig að beinar mælingar á sólargeislum voru af svo skornum skammti að þær nægðu ekki til að byggja á þeim reikninga varðandi orkuviðbót frá sól. Þessi þáttur var því tekinn með í reiknilíkanið með því að byggja eingöngu á meðaltölum fyrir skýjahulu margra ára sem grunnupplýsingum.

Til þess að gerð slíkra reiknilíkana sé möguleg hérlendis þarf að vinna mun meira úr veðurmælingum heldur en nú er gert, og jafnframt auka mælingar á ýmsum veðurþáttum verulega. Á þetta ekki síst við um sólargeislun, sem getur gefið verulegan hluta af nauðsynlegri varmaþörf húsa. Jafnframt þarf að rannsaka áhrif umhverfis, byggðar og náttúru, á staðbundið veðurfar ("microclimat").

Talsverður hluti af orkutapi húsa verður vegna loftskipta, bæði loftræstingar og eins loftleka, og hlutur þessa orkutaps af heildarorkutapinu fer vaxandi með aukinni einangrun. Í þessu sambandi vantar tilfinnanlega rannsóknir á fjölda loftskipta og einnig á þéttleika húsanna, en síðastnefnda atriðið stendur til að rannsaka hjá Rb á næsta ári. Sérstaklega þarf að athuga hver áhrif mismunandi vindhraða eru á orkutap húsa, bæði leiðni- og loftskiptatap. Þessi áhrif hafa lítt verið rannsökuð, og virðist vera um nánast óþrjótandi rannsóknarverkefni að ræða.

Til þess að sýna lauslega hversu breytilegur vindhraðinn er milli staða og milli ára, er í línuriti 4.4.1 sýndur mánaðarmeðalvindhraði í bæjunum fjórum fyrir árið 1978. Línurit 4.4.2 sýnir mánaðarmeðalvindhraða í hverjum bæ fyrir sig árin 1976 – 1979. Áhrif vindhraða á orkutap einstaks húss fer síðan eftir því hver raunverulegur vindhraði er við húsið, og hefur skjólverkun frá umhverfi því mikið að segja. Það er vel þekkt að vissar vindáttir eru ríkjandi á hverjum stað og á ákveðnum árstíma. Af þessum sökum verða sum hús í bæjunum í



	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	ÁR
BOLUNGARVÍK	6.0	7.1	7.4	4.0	3.7	4.0	3.8	3.0	4.6	6.0	6.0	5.0	5.0
HVOLSVÖLLUR	5.8	4.6	7.1	5.0	5.9	4.7	3.6	3.1	4.4	4.8	4.8	5.4	5.0
NESKAUPSTAÐUR	4.2	3.7	4.7	2.0	2.5	1.7	2.1	2.3	2.6	4.0	2.7	4.4	3.1
RAUFARHÖFN	7.5	6.0	6.7	4.7	5.0	5.8	4.8	4.0	5.8	6.2	6.2	6.2	5.7

Línurit 4.4.1.
Mánaðar meðalvindhraði í fjórum bæjum árið 1978.

skjóli af umhverfi sínu hluta af hverju ári, og hlýtur slíkt óneitanlega að hafa mismunandi áhrif á orkutap húsanna.


Áður hefur verið nefnt að þéttleiki húsa og umhverfi hefur áhrif á orkutap þeirra, og þar með orkuþörf. Annar þáttur í uppbyggingu hússins, sem oft er ekki reiknað með, getur einnig haft áhrif á orkuþörfina en það er varmarýmd hússins. Hús með mikla varmarýmd jafnar út hitasveiflur og nýtir því betur varma frá íbúum, sólskini og almennri raforku.


4.4.4 Orkunotkun til upphitunar

Orkunotkun húsa til upphitunar er mjög mismunandi og er ekki um einhlítt samband milli aldurs húss og orkunotkunar þess að ræða. Orkunotkun á rúmmetra hitaðs rýmis fer þó, eins og vænta má, lækkandi því nýrri sem húsin eru. Dreifingin er þó mikil og jafnvel fyrir nýjustu húsin, sem þó eru sambærileg innbyrðis, er mikill munur á orkunotkun þess orkufrekasta og þess sparneytnasta.


Í línuritum 4.4.3 og 4.4.4 er sýnd orkunotkun til upphitunar á hvern rúmmetra hitaðs rýmis fyrir mismunandi hitunarorku og eftir byggingarári. Eins og sjá má er orkunotkun húsa á hvern rúmmetra mjög mismunandi, þó svo að húsin séu frá sama byggingartímabili. Ástæðuna fyrir þessu má sennilega helst rekja til mismunandi hegðunar íbúa og breytilegs íbúafjölda.

Þegar talað er um orkusparnað, þá er oft rætt um hversu miklum árangri megi ná í lækkun meðalorkunotkunar. Út frá línuriti 4.4.5 má gera sér nokkra grein fyrir hvaða






Línurit 4.4.2.
Mánaðar meðalvindhraði í fjórum bæjum árin 1976 – 79.




Línurit 4.4.3
Raforkunotkun til upphitunar á hitað rými (kWh/m³) eftir byggingarárum húsa.



Línurit 4.4.4
Olíunotkun til upphitunar á hitað rými (l/m³) eftir byggingarárum húsa.

dreifingu er um að ræða. Í þeim tilfellum, sem upplýsingar eru til um talsverðan fjölda húsa, t.d. olíuhituð hús eða hús með þilofnahitun, þá virðist sem húsin dreifist eftir skekktri dreifingu (mynd 4.4.1).



Mynd 4.4.1
Einfölduð mynd af dreifingu húsa eftir orkunotkun samkvæmt *könnun á árunum 1979 – 80.*

Mynd 4.4.2
Með auknum orkusparnaði er líklegt að breyting í orkunotkun húsa miðað við mynd 4.4.1 verði eins og hér sýnir.

Þetta hlýtur að teljast eðlilegt þar sem stór hluti íbúanna leitast við að halda orkunotkun í lágmarki vegna þess hve hátt orkuverðið er. Það eru þó takmörk fyrir því hve lágt er hægt að komast í orkunotkun fyrir ákveðið hús og fjölskyldustærð, miðað við að eðlilegum kröfum um innihita og loftskipti sé fullnægt. Alltaf verða þó einhver hús með óeðlilega háa orkunotkun, annaðhvort vegna erfiðra aðstæðna (léleg hús, erfitt veðurfar o.fl.), eða þá að íbúarnir hafa ekki áhuga á orkusparnaði. Einnig verður í framtíðinni eitthvað um hús með óvenju lága orkunotkun, jafnvel hús sem þurfa nánast enga aðkeypta orku til upphitunar („núll orku hús"). Eftir því sem hlutur endurbættra húsa og nýbygginga samkvæmt gildandi *reglugerð vex, þá er eðlilegt að dreifingin nálgist að vera* samhverf (symmetrisk) og líkist þannig æ meir þeirri dreifingu sem mynd 4.4.2 sýnir.

Vegna þess hvernig dreifingunni er háttað, þ.e. allvel afmarkaður toppur sem liggur nokkuð fyrir neðan meðaltal þá er augljóst að auðveldlega má minnka *orkunotkun í hluta húsanna, og þannig* lækka meðalhitunina nokkuð. Allar meiriháttar breytingar í meðalnotkun krefjast hins vegar mikils átaks.

4.4.5 Almenn raforkunotkun og heildarorkunotkun

Í umræddu rannsóknarverkefni stóð m.a. til að athuga hvernig skipting orkunotkunar milli upphitunar, kranavatns og almennrar raforkunotkunar væri. Almenn raforka er samkvæmt skilgreiningu öll raforka sem fer til eldunar, lýsingar svo og til að tengja heimilistæki.


Það er skemmst frá að segja að upplýsingar um orkunotkun til hitunar kranavatns fengust ekki í neinu af húsunum þrátt fyrir að í nokkrum tilfellum væru kerfi til hitunar kranavatns aðskilin frá hitakerfi hússins. Almenn raforkunotkun er hins vegar auðfengin fyrir langstærstan hluta húsanna.

Tafla 4.4.1 *Meðalorkunotkun heimila, og hlutfall almennrar raforkunotkunar af heildarnotkun.*

Olíuhitun						Rafhitun									
						Þilofnar					Raftúpa				
	Fj. húsa	Hitun kWh/ár (a_1)	Alm. raforka kWh/ár (b_1)	Samt. kWh/ár (c_1)	b_1/c_1	Fj. húsa	Hitun kWh/ár (a_2)	Alm. raforka kWh/ár (b_2)	Samt. kWh/ár (c_2)	b_2/c_2	Fj. húsa	Hitun kWh/ár (a_3)	Alm. raforka kWh/ár (b_3)	Samt. kWh/ár (c_3)	b_3/c_3
– 1919	12	28662	3318	31980	0,104	4	17575	6533	24108	0,27	8	46068	4156	50374	0,08
1920-39	19	37614	4366	41980	0,104	7	29366	4121	33487	0,12	5	36938	4034	40972	0,10
1940-49	28	39399	4525	43924	0,103	7	32497	3130	35627	0,09	2	27018	2618	29636	0,09
1950-59	29	37990	4318	42308	0,102	6	44886	4221	49107	0,09	4	39040	5450	44490	0,12
1960-69	30	36759	3854	40613	0,10	2	46004	4080	50083	0,08	6	35622	3281	38903	0,08
1970-79	2	46676	4474	51151	0,09	45	31564	3591	35155	0,10	6	46206	5123	51329	0,10

Í töflu 4.4.1 eru sýnd meðaltöl orkunotkunar til hitunar og almennrar raforkunotkunar eftir aldursflokkun. Í þessari töflu hefur olíunotkun verið umreiknuð yfir í kWh. Slíkur umreikningur er talsverðum vandkvæðum bundinn og því engin vissa fyrir því að um sambærilegar tölur sé að ræða varðandi orkunotkun rafhitaðra og olíuhitaðra húsa. Yfirleitt virðist þó meðalhlutfall almennrar raforkunotkunar vera um 10% af heildarorkunotkuninni, þó svo að einstök hús geti sýnt mikil frávik frá þessu. Athuga ber að í einstaka tilfellum geta ýmis atriði gert þennan samanburð marklausan, svo sem ef um óeðlilega notkun raftækja t.d. smíðavéla er að ræða.

Það kemur talsvert á óvart að almenn raforkunotkun skuli vera nokkuð jafnt hlutfall af heildarorkunotkuninni, óháð því að orkunotkun til upphitunar fer fremur lækkandi því nýrri sem húsin eru. Skýringin á þessu er vafalaust að almenn raforkunotkun er háð íbúafjölda og íbúðarstærð. Nýrri húsin eru einmitt að jafnaði stærri en þau eldri og meðalíbúafjöldi er oft hlutfallslega hár í nýjustu húsunum.



Línurit 4.4.5
Fjöldi húsa eftir orkunotkun í fjórum bæjum, Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn.

4.4.6 Ástand mismunandi byggingarhluta

4.4.6.1 Einangrun gólfa

Á myndum 4.4.3-6 er sýnd orkunotkun húsa og ástand einangrunar eftir aldursflokkum í bæjunum fjórum.

- Einangrun gólfa er áberandi best á Hvolsvelli. Þetta á sína eðlilegu skýringu m.a. vegna nálægðar við stórar vikurnámur. Ekkert gólf þar reyndist hafa hærra k-gildi en 0,8 W/m^2°C og rúmlega helmingur gólfflatarmáls þess sem mælt var hefur k≤ 0,30 W/m^2°C eða uppfyllir með öðrum orðum kröfur Byggingarreglugerðar frá 1979 (BR 79).
- Neskaupstaður, Bolungarvík og Raufarhöfn hafa álíka einangruð gólf, en verulega lakari en Hvolsvöllur.
  Á Bolungarvík hafa 56% skoðaðra gólfa k≤ 0,50 W/m^2°C, en aðeins 9% uppfylla skilyrði BR 79.
  Í Neskaupstað er 55% gólfa með k≤ 0,50 W/m^2°C, og 12% uppfylla skilyrðið k≤ 0,3 W/m^2°C.
  Á Raufarhöfn er 59% gólfa með k≤ 0,50 W/m^2°C skv. könnuninni en um 2% uppfylla kröfur BR 79.

4.4.6.2 Ástand útveggja

Niðurstöður athugana á útveggjaeinangrun sýna svo ekki verður um villst að mikill hluti útveggja er lítið einangraður og mjög fátítt er að veggeinangrun sé verulega góð. Af þeim fjórum bæjum sem skoðaðir voru eru útveggir á Hvolsvelli best einangraðir enda yngsti bærinn. Þar eru 35% skoðaðra útveggjaflata með k≤ 0,50 W/m^2°C en aðeins 15% útveggjaflata með k≥ 1,0 W/m^2°C. Í Bolungarvík eru 27% útveggja með k≤ 0,50 W/m^2°C en 22% útveggjaflata með k≥ 1,0 W/m^2°C. Á Neskaupstað eru 25% útveggja með k≤ 0,50 W/m^2°C en samtals 30% hafa k≥ 1,0 W/m^2°C. Á Raufarhöfn eru 21% útveggjaflata með k≤ 0,50 W/m^2°C. Þar eru 26% skoðaðra veggflata með k≥ 1,0 W/m^2°C. Algengast er að útveggirnir hafi k-gildi milli 0,61–0,80 W/m^2°C.

Til viðmiðunar má nefna að fyrir heföbundinn steyptan útvegg þarf um 7,5 cm polystyren plasteinangrun til að ná k-gildinu niður í 0,50 W/m^2°C en 3,0 cm til að kólnunartalan verði 1,00 W/m^2°C. Lágmarkskrafa BR 79 er 0,50 W/m^2°C fyrir útveggi ásamt kröfunni um að vegið meðaltal k-gildis veggja og glugga skuli vera ≤ 0,8 W/m^2°C fyrir staði sem liggja utan hitaveitusvæða. Ljóst er að einungis í undantekningartilvikum standast húsin þá kröfu enda er hún tilkomin löngu eftir að flest húsin voru byggð.

4.4.6.3 Ástand glugga, glers og útihurða

Gluggastærðir í öllum bæjum eru svipaðar, um 12–14% af útveggjaflatarmáli fram undir 1960. Þá tekur við tímabil með stórum gluggum og eru meðaltalstölur fyrir hús eftir áratugum 17–25% gluggar. Einstök hús fara verulega upp fyrir þessi meðaltöl. Þessu tímabili er nú að mestu lokið og hóflegar gluggastærðir aftur í tísku. Þéttikantar eru nú komnir í flesta opnanlega glugga samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Á Hvolsvelli, Raufarhöfn og Neskaupstað eru næstum allir gluggar með þéttilistum, en á Bolungarvík reyndust 82% húsa vera komin með þéttilista. Óþéttir opnanlegir gluggar kæla ótrúlega mikið og hleypa inn ryki. Því er sjálfsagt að lagfæra þetta atriði strax í þeim húsum þar sem því hefur ekki enn verið komið í verk.

Útihurðir eru víða mjög óþéttar samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Verulegur hluti eldri húsa á Raufarhöfn, Bolungarvík og í Neskaupstað er enn með einfalt gler. Segja má þó að einfalt gler sé ekki til staðar á Hvolsvelli.

4.4.6.4 Ástand þaka

Næsta ótrúlegt er hvað þök eru illa einangruð, þótt nokkur breyting hafi orðið til batnaðar síðustu ár.

Nánast engin þök standast nýjustu reglugerðarkröfur frá 1979 sem krefjast þess að $k \leq 0,2$ W/m^2°C fyrir hús á svæðum utan hitaveitna. Niðurstöður könnunarinnar sýna að ástandið er slæmt.
Á Hvolsvelli er 65% þakflata með $k \leq 0,5$ W/m^2°C en 9% þakflata hafa $k \geq 1,0$ W/m^2°C.
Á Bolungarvík eru 53% þakflata með $k \leq 0,5$ W/m^2°C, en rúmlega 25% þakflata hefur $k \geq 1,0$ W/m^2°C.
Í Neskaupstað eru 62% þakflata með $k \leq 0,5$ W/m^2°C en 22% hafa $k \geq 1,0$ W/m^2°C.
Á Raufarhöfn eru 47% skoðaðra þakflata með $k \leq 0,5$ W/m^2°C en um 28% hefur einangrun sem gefur $k \geq 1,0$ W/m^2°C.

4.4.7 Niðurlag

Áframhaldandi rannsóknum mun á næstunni verða beint að þeim þáttum sem valda óvissu í mati á eðlilegri orkunotkun húsa. Fyrst og fremst verða gerðar mælingar á þéttleika og loftskiptum húsa og reynt að auka þekkingu varðandi orkujafnvægi húsa. Einnig verða gerðar mælingar á einangrunargildum byggingarhluta og þær bornar saman við fræðilegar forsendur og reikninga.

Með þeim tækjabúnaði sem stofnunin hefur nú aflað sér verður kleift að finna og meta byggingargalla mun betur en áður.

Út frá þeim niðurstöðum sem þegar hafa verið raktar virðist ljóst að til orkusparnaðar í hitun húsa eru eftirtaldar aðgerðir vænlegastar.

Almennt er eðlilegt að ráðast í aðgerðirnar í eftirtalinni röð, þótt í einstökum tilvikum eigi vissar aðgerðir ekki við. Án aðgerða geta íbúar haft veruleg áhrif á orkunotkunina með aðgæslu og skynsamlegri umgengni.

Helstu aðgerðir:

1) Þétting opnanlegra glugga og hurða og aðrar þéttingar þegar við á.
2) Viðbótareinangrun illa einangraðra byggingarhluta. Oft eru loftplötur, kjallaragólf, bílskúrsveggir illa einangruð og má auðveldlega bæta.
3) Tvöföldun a einföldu gleri.
4) Endurnýjun úreltra kyndingartækja og stillingar hitakerfa.
5) Lækkun innihita um 1°C minnkar hitunarkostnað um 7%.

BOLUNGARVÍK

Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.3**

BYGG. ÁR – 1919 Þak 1.017 Veggir 1.273 Gluggar 4.292 Gólf 0.804 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1920-'39 Þak 0.940 Veggir 0.927 Gluggar 3.572 Gólf 0.851 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1940-'49 Þak 0.980 Veggir 0.803 Gluggar 3.883 Gólf 0.634 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 1.290 W/m²°C Olíunotkun = 23,5 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = 187,4 kWh/m³fa, ár *þilofnar = 109,9 kWh/m³ fa, ár	Meðal k-gildi = 1.068 W/m²°C Olíunotkun = 24,4 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = 264,7 kWh/m³fa, ár þilofnar = 141,6 kWh/m³ fa, ár	Meðal k-gildi = 1.016 W/m²°C Olíunotkun = 20,7 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = – þilofnar = –
BYGG. ÁR – 1950-'59 Þak 0.775 Veggir 0.660 Gluggar 3.434 Gólf 0.775 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1960-'69 Þak 0.511 Veggir 0.542 Gluggar 2.996 Gólf 0.625 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1970-'79 Þak 0.407 Veggir 0.455 Gluggar 2.936 Gólf 0.651 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 0.918 W/m²°C Olíunotkun = 16,2 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = – þilofnar = –	Meðal k-gildi = 0.754 W/m²°C Olíunotkun = 14,4 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = 76,4 kWh/m³fa, ár þilofnar = –	Meðal k-gildi = 0.747 W/m²°C Olíunotkun = 13,2 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = 68,6 kWh/m³fa, ár þilofnar = 79,2 kWh/m³ fa, ár

Útskýringar: m³fa =rúmmál samkvæmt fasteignamati *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun

HVOLSVÖLLUR

Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.4**

BYGG. ÁR – 1919 Engin hús skoðuð Þak Veggir Gluggar Gólf Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1920-'39 Þak 0.355 Veggir 1.014 Gluggar 3.112 Gólf 0.496 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1940-'49 Þak 0.808 Veggir 0.831 Gluggar 3.380 Gólf 0.443 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = Olíunotkun = Rafhitun: túpa = þilofnar =	Meðal k-gildi = 0.911 W/m²°C Olíunotkun = 14,0 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = þilofnar =	Meðal k-gildi = 0.845 W/m²°C Olíunotkun = 15,4 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = 120,4 kWh/m³fa, ár þilofnar = – kWh/m³fa, ár
BYGG. ÁR – 1950-'59 Þak 0.855 Veggir 0.539 Gluggar 3.305 Gólf 0.423 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1960-'69 Þak 0.480 Veggir 0.556 Gluggar 2.976 Gólf 0.375 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1970-'79 Þak 0.373 Veggir 0.469 Gluggar 2.939 Gólf 0.296 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 0.787 W/m²°C Olíunotkun = 16,2 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = – þilofnar = –	Meðal k-gildi = 0.683 W/m²°C Olíunotkun = 14,6 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = 80,3 kWh/m³fa, ár þilofnar = – kWh/m³fa, ár	Meðal k-gildi = 0.618 W/m²°C Olíunotkun = – Rafhitun: *túpa = 73,3 kWh/m³fa, ár þilofnar = 71,3 kWh/m³ fa, ár

Útskýringar: m³fa =rúmmál samkvæmt fasteignamati *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun

NESKAUPSTAÐUR

Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.5**

BYGG. ÁR – 1919 Þak 1.028 Veggir 0.909 Gluggar 3.853 Gólf 0.836 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1920-'39 Þak 0.826 Veggir 0.943 Gluggar 3.708 Gólf 0.740 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1940-'49 Þak 0.959 Veggir 0.856 Gluggar 3.832 Gólf 0.634 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 1.110 W/m²°C Olíunotkun = 14,6 l/m³fa. ár Rafhitun: túpa = 113,3 kWh/m³fa. ár þilofnar = 110,1 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 1.061 W/m²°C Olíunotkun = 15,5 l/m³ fa. ár Rafhitun: túpa = 88,0 kWh/m³fa. ár *þilofnar = 82,6 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 1.019 W/m²°C Olíunotkun = 17,0 l/m³ fa. ár Rafhitun: túpa = – kWh/m³fa. ár *þilofnar = 91,8 kWh/m³fa. ár
BYGG. ÁR – 1950-'59 Þak 0.585 Veggir 0.708 Gluggar 3.431 Gólf 0.676 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1960-'69 Þak 0.389 Veggir 0.451 Gluggar 3.322 Gólf 0.540 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1970-'79 Þak 0.325 Veggir 0.552 Gluggar 2.972 Gólf 0.555 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 0.834 W/m²°C Olíunotkun = 13,8 l/m³ fa. ár Rafhitun: *túpa = 76,3 kWh/m³fa. ár *þilofnar = 64,2 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 0.678 W/m²°C Olíunotkun = 10,2 l/m³ fa. ár Rafhitun: *túpa = 75,8 kWh/m³fa. ár *þilofnar = 67,3 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 0.703 W/m²°C Olíunotkun = – Rafhitun: túpa = 87,3 kWh/m³fa. ár þilofnar = 64,2 kWh/m³ fa. ár

Útskýringar: m³fa =rúmmál samkvæmt fasteignamati *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun

RAUFARHÖFN

Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.6**

** BYGG. ÁR – 1919 Þak 0.600 Veggir 0.552 Gluggar 3.724 Gólf 1.632 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1920-'39 Þak 1.245 Veggir 1.219 Gluggar 4.969 Gólf 0.913 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1940-'49 Þak 1.012 Veggir 1.039 Gluggar 4.191 Gólf 0.779 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 0.968 W/m²°C Olíunotkun = – Rafhitun: túpa = – *þilofnar = 146,5 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 1.287 W/m²°C Olíunotkun = 22,3 l/m³ fa. ár Rafhitun: túpa = 167,4 kWh/m³fa. ár þilofnar = 114,0 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 1.158 W/m²°C Olíunotkun = 23,7 l/m³ fa. ár Rafhitun: túpa = – kWh/m³fa. ár *þilofnar = 117,0 kWh/m³fa. ár
BYGG. ÁR – 1950-'59 Þak 0.820 Veggir 1.013 Gluggar 4.283 Gólf 0.643 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1960-'69 Þak 0.502 Veggir 0.605 Gluggar 3.091 Gólf 0.633 Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1970-'79 Þak 0.449 Veggir 0.454 Gluggar 3.010 Gólf 0.450 Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 1.069 W/m²°C Olíunotkun = 18,6 l/m³ fa. ár Rafhitun: *túpa = – þilofnar = 131,5 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 0.769 W/m²°C Olíunotkun = 15,8 l/m³ fa. ár Rafhitun: túpa = 111,3 kWh/m³fa. ár *þilofnar = 137,8 kWh/m³fa. ár	Meðal k-gildi = 0.668 W/m²°C Olíunotkun = 19,4 l/m³fa. ár Rafhitun: túpa = – þilofnar = 80,7 kWh/m³ fa. ár

Útskýringar: m³fa =rúmmál samkvæmt fasteignamati *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun **Aðeins eitt hús skoðað

Fylgiskjal 5.

Jón Ingimarsson:
Húshitunarvandinn — leið til lausnar.
(Fréttabréf Orkustofnunar nr. 3, október 1983.)

Um þessar mundir eru liðin 10 ár síðan OPEC-ríkin hækkuðu verð á olíu samtímis því sem þau minnkuðu vinnslu. Afleiðing þess var fyrri olíukreppan. Hér á landi var brugðist við hækkunum á olíuvörum með tvennu móti. Annars vegar var lögð áhersla á aukna nýtingu innlendra orkugjafa. Í því sambandi má benda á að á árinu 1973 notuðu um 45% landsmanna olíu til húshitunar en samsvarandi tala nú er um 6%. Hins vegar var ákveðið að létta þeim byrðarnar, sem kyntu hús sín með olíu, með því að veita svokallaða olíustyrki. Víða erlendis þurfti að skammta olíu en til þess kom aldrei hér vegna viðskiptasamninga við Sovétríkin. Það var væntanlega af þeirri ástæðu og gnóttar innlendra orkulinda að við beittum ekki einnig orkusparnaði til lausnar vandanum eins og flestar aðrar þjóðir. Það má heita að fyrst hafi verið farið að ræða alvarlega um orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í húshitun hérlendis í seinni olíukreppunni sem skall á seint á árinu 1978.


Ljóst er að innan skamms munu svo til allir landsmenn nota innlenda orkugjafa til húshitunar. Þeir spara bæði húseigendum og þjóðarbúinu miklar upphæðir, það á eftir að koma enn betur fram á næstu árum. Að þessari leið frátalinni eru tvær leiðir til að létta húseigendum byrðar við hitun híbýla sinna, þ. e. aukin niðurgreiðsla á orku og aðgerðir til orkusparnaðar.

Sá grundvallarmunur er á þessum leiðum að aðgerðir til orkusparnaðar lækka kostnaðinn við húshitunina til frambúðar og koma því þeim, sem bera þyngstu byrðarnar, mest til góða. Þær hafa auk þess einatt í för með sér endurbætur á húsnæði. Olíustyrkir og niðurgreiðsla raforku og heits vatns er hins vegar skammtímalausn sem leysir ekki vandann til frambúðar.


Lítum nú aðeins nánar á „húshitunarvandann". Mynd 1, sem byggir á upplýsingum frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sýnir dreifingu olíunotkunar 139 húsa í fjórum bæjum á landinu (Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn). Eins og sjá má er notkunin frá um þremur lítrum á ári af olíu á rúmmetra og upp í um fimmtíu lítra (rúmmál samkvæmt fasteignamati sem er oftast meira en hitað húsrými). Algengast er að notkunin sé á bilinu 8-30 lítrar á rúmmetra á ári. Samkvæmt því er kostnaður við að kynda 400 rúmmetra hús (lítið einbýlishús) 28-105 þús. kr. á ári. Að frádregnum olíustyrk (miðað við 4ra manna fjölskyldu) er kostnaður húseigenda 14-91 þús. krónur. Mynd 2 sýnir dreifingu raforkunotkunar 73 húsa í sömu bæjum. Yfirleitt er notkunin 30-140 kWh á rúmmetra á ári. Á þessu ári var byrjað að greiða niður raforku til húshitunar. Samkvæmt gildandi verðskrá frá Rafmagnsveitum ríkisins (sjá mynd 3) er kostnaður við að hita upp 400 rúmmetra hús á bilinu 20-72 þúsundir á ári fyrir niðurgreiðslu, en á bilinu 14-45 þúsundir á ári þegar tekið er tillit til hennar.

Við umræður um olíustyrki og niðurgreiðslu á raforku og heitu vatni til húshitunar gleymist yfirleitt hversu breytileg orkunotkunin er, jafnvel þó miðað sé við jafnstór hús á svipuðum aldri við sömu götu og í sama bæ. Vandinn vegna hinnar breytilegu orkunotkunar verður ekki leystur með olíustyrkjum né niðurgreiðslum á orku. Hann verður að leysa með því að minnka orkunotkunina.

Ástæðurnar fyrir mismunandi orkunotkun til hitunar eru margar. Nefna má mismunandi aldur húsa, misjafnlega mikla einangrun, misgóð hitakerfi og breytilega hegðun íbúanna (kröfur um innihita, loftræstingu o. fl.). Gerð hefur verið könnun á ástandi og orkunýtingu 322 húsa í áðurnefndum fjórum bæjum. Samkvæmt könnuninni má áætla að



Mynd 1



Mynd 2

C.1 HITUN

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

(Orkugjald	1,19 kr/kWh)
Orkugjald, niðurgreitt	0,71 kr/kWh
Fastagjald 3×F1	5.610,00 kr/a

Roftími er allt að 2×1½ klukkustund á dag.

Mynd 3. Úr gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins Nr.58

15% þakflatar (250 000 fermetrar) húsa á landinu, sem hituð eru með olíu eða rafmagni, séu algerlega óeinangruð og um 10% gluggaflatar (43 000 fermetrar) séu með einfalt gler. Áætla má að heildarkostnaður (efni og vinna) við að endurbæta einangrun þaka í olíu- og rafhituðum húsum sé um 250 milljónir króna miðað við verðlag í júní 1983. Orkusparnaður vegna einangrunar þaka er áætlaður um 65 GWh (65 000 000 kWh) á ári. Ef miðað er við raforku (olíukynding heyrir vonandi sögunni til innan fárra ára) og taxta Rafmagnsveitna ríkisins sparar þetta húseigendum 46 milljónir króna á ári og ríkissjóði 31 milljón króna eða alls 77 milljónir. Heildarkostnaður við að setja tvöfalt gler í stað einfalds í olíu- og rafhituðum húsum er áætlaður 110—160 milljónir króna og orkusparnaður 22 GWh sem mundi spara húseigendum um 16 milljónir króna og ríkissjóði um 10 milljónir króna vegna niðurgreiðslu.

Heildarupphæð olíustyrkja á árunum 1974—1983 er rúmlega 1300 milljónir króna á verðlagi í júní 1983 (byggingarvísitala fyrir júlí — september). Auk þess verður varið um 135 milljónum króna á þessu ári til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar. Alls verður því á þessu tíu ára tímabili varið um 1440 milljónum króna til að létta landsmönnum kostnað við húshitun. Ætla mætti að staldrað yrði við á tímum aðhalds í ríkisfjármálum og kannað hvort ekki væru aðrar leiðir færar til að lækka hitunarkostnaðinn en styrkir og niðurgreiðslur. Svo virðist ekki vera því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1984 er lagt til að 230 milljónum verði varið til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og 61.5 milljónum til olíustyrkja eða 291.5 milljónum alls (58% hækkun frá 1983).

Ég vil að lokum velta fyrir mér spurningunni hvernig ástatt væri ef jafnmikilli fjárhæð og veitt hefur verið til olíustyrkja og niðurgreiðslu á raforku til hitunar á árunum 1974—1983 hefði verið varið til orkusparandi aðgerða. Ef við lítum aftur á dæmin um einangrun þaka og tvöfalt gler í stað einfalds og deilum orkusparnaðinum upp í heildarkostnaðinn þá sjáum við að það kostar tæplega 4 krónur að spara hverja kílówattstund með endurbótum á einangrun þaka og 5—7 krónur með tvöföldu gleri í stað einfalds. Ýmsar aðrar aðgerðir koma til greina svo sem þéttilistar í dyra- og gluggaop, bætt hitastýring og einangrun gólfa og veggja. Hagkvæmni þeirra er mismunandi en ef við reiknum með að það kosti að jafnaði 7 krónur að spara hverja kílówattstund með þeim hætti þá mundi sparnaðurinn vera rúmlega 200 GWh á ári (1440 000 000 kr/7kr/kWh) sem kosta húseigendur yfir 140 milljónir króna og ríkissjóð tæplega 100 milljónir króna í niðurgreiðslum eða samanlagt svipaða upphæð og reiknað er með að verja til olíustyrkja og niðurgreiðslna á næsta ári.

Hér hefur verið bent á aðra leið til að leysa „húshitunarvandann“, tæknilega færa og varanlega leið sem léttir mest á þeim sem þyngstar bera byrðarnar. Ég er ekki að halda því fram að hætta eigi olíustyrkjum og niðurgreiðslum hér og nú, heldur að draga eigi úr þeim samhliða varanlegum aðgerðum, þ. e. orkusparnaði.

Fylgiskjal 6.

LÖG NR. 53 28. MAÍ 1980 UM JÖFNUN OG LÆKKUN HITUNARKOSTNAÐAR

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Með lögum þessum er stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum:

a) Greiðslu olíustyrks vegna þeirra sem búa við olíukyndingu.
b) Hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði.
c) Aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um olíustyrk.

3. gr.

Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk, sbr. 4. gr.

Olíustyrkur skal vera 20 þús. kr. á ársfjórðungi og er heimilt að breyta honum miðað við breytingu á gasolíuverði og verði annarra orkugjafa.

4. gr.

Olíustyrkir skulu greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna þeirra íbúa sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í viðkomandi íbúð meirihluta styrktímabils.

Fjöldi styrkja reiknast þannig:

a) Fyrir einn íbúa greiðast 2 olíustyrkir.
b) Fyrir tvo íbúa greiðast 3 olíustyrkir.
c) Fyrir þrjá íbúa greiðast 3½ olíustyrkur.
d) Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 olíustyrkir.
e) Fyrir fimm íbúa greiðast 4½ olíustyrkur.
f) Fyrir sex íbúa greiðast 5 olíustyrkir.
g) Fyrir sjö íbúa eða fleiri greiðast 5½ olíustyrkur.

Við framangreinda styrki bætist ½ olíustyrkur vegna lífeyrisþega, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, og annarra lífeyrisþega sem hafa svipaðar heildartekjur.

Olíustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

5. gr.

Heimilt er að greiða árlega einn olíustyrk, sbr. 3. gr., á hvert olíukynditæki sem hefur verið sóthreinsað og stillt á árinu.

6. gr.

Þeir sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olíustyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneyti sker úr um vafaatriði.

7. gr.

Heimilt er:

a) að greiða styrk vegna skólahúsnæðis, sem hitað er með olíu. Árlegur styrkur má nema 465 kr. á hvern rúmmetra upphitaðs húsrýmis, og er heimilt að breyta honum, sbr. 3. gr.

b) að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

c) að styrkja aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. lögum þessum.

8. gr.

Olíustyrkir skv. 4. gr. skulu greiddir til sveitarfélaga, sem annast úthlutun þeirra til húsráðenda. Sveitarfélögum er skylt að senda ráðuneyti ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja. Vanræki sveitarfélag slíkt er heimilt að fresta greiðslum til þess þar til úr hefur verið bætt. Skylt er orkuveitum, að olíusölum meðtöldum, að gefa upplýsingar um orkusölu til einstakra húseigna.

III. KAFLI
Um orkusparnað.

9. gr.

Orkustofnun skal gera áætlun um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað í húshitun. Í áætluninni skal gerð grein fyrir orkunotkun húsnæðis í landinu, möguleikum til orkusparnaðar, hagkvæmni einstakra aðgerða og heildarkostnaði miðað við tiltekin orkusparnaðarmarkmið.

10. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skal halda námskeið um þætti sem varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun.

11. gr.

Til fræðslu og upplýsingastarfsemi um orkusparnað skal verja árlega upphæð sem nemur a. m. k. ½ hundraðshluta af áætlaðri heildarupphæð olíustyrkja til einstaklinga skv. 3. gr.

12. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar og til að undirbúa aðgerðir, sem stuðlað geta að hagkvæmari orkunotkun.

13. gr.

Húsnæðismálastofnun er heimilt að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði, sem hitað er með olíu.

IV. KAFLI
Um nýtingu innlendra orkugjafa.

14. gr.

Orkustofnun skal í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Skal þar gera tillögur um árlegar framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983.

15. gr.

Til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu er heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

V. KAFLI
Um gildistöku og reglugerð.

16. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd II. kafla.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu greiðslur olíustyrks fyrir 2. ársfjórðung 1980 og síðar fara eftir ákvæðum þeirra. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 13/1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstjórninni heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1980.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Tómas Árnason.

Fylgiskjal 7.

FRUMVARP TIL LAGA UM LEIÐRÉTTINGU ORKUVERÐS TIL ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.

(105. löggjafarþing, 204. mál, þskj. 363. Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.)

1. gr.

Verð á raforku frá Landsvirkjun til Íslenska álfélagsins h.f. samkvæmt rafmagnssamningi dags. 28. júní 1966 með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975 skal vera 12,5 mill á kWst (0.0125 bandaríkjadalir/kWst).

2. gr.

Ákvæði í 13. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins h.f. um orkuverð svo og önnur ákvæði í samningnum, sem fara í bága við ákvæði 1. gr. laganna, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi, þegar samningar hafa tekist milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun raforkuverðákvæðis rafmagnssamningsins, sem að framan greinir.

Sú endurskoðun skal byggjast á eftirfarandi:

a) Þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið;
b) Raforkuverði því, sem álver annars staðar í heiminum greiða;
c) Framleiðslukostnaði raforku hér á landi;
d) Heimsmarkaðsverði á áli.

4. gr.

Fari svo, að ekki náist samningar um endurskoðun raforkuverðákvæðis samkvæmt 3. gr. fyrir árslok 1983, skal stjórn Landsvirkjunar með stoð í þessum lögum ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill á kWst (0,015—0,020 bandaríkjadalir/kWst) frá og með 1. janúar 1984 og breytist verðið eftir það í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli, eins og það er skilgreint í ákvæðum 26.02 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. dags. 28. mars 1966 með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal 8.

FJÁRÖFLUN TIL AÐ JAFNA HÚSHITUNARKOSTNAÐ

Álit nefndar á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Með bréfi, dagsettu 30. september 1982, skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um framtíðarfjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. Tekið var fram að við verkefni sitt væri nefndinni ætlað að hafa til hliðsjónar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 1982 og skýrslur unnar á vegum iðnaðarráðuneytisins um jöfnun upphitunarkostnaðar í áföngum. Einnig var vísað til skýrslu starfshóps ráðuneytisins: Athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf. frá júlí 1982.

Í nefndina voru skipaðir: Guðmundur Bjarnason alþm., Gunnar R. Pétursson rafvirki, Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm., Kjartan Ólafsson ritstjóri og skyldi hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfinu var og kveðið á um, að ritari nefndarinnar skyldi vera Gylfi Ísaksson verkfræðingur, sem jafnframt yrði nefndinni til ráðuneytis. Þá var fram tekið í bréfi ráðherra að gert væri ráð fyrir að nefndarmenn hefðu samráð við viðkomandi þingflokka varðandi mótun tillagna eftir því sem þeir teldu ástæðu til.

Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar hófust þann 1. október s.l., en sýnt er að tryggja þarf sérstaka fjáröflun eigi þær niðurgreiðslur að geta haldið áfram. Verði raforka til húshitunar ekki greidd niður á árinu 1983, þá má búast við að kostnaður við rafhitun hjá RARIK muni á því ári nema nálægt 100% af verði óniðurgreiddrar olíu til húshitunar (sjá fylgiskjal 9). Þetta sýnir hversu brýna nauðsyn ber til að tryggja með einum eða öðrum hætti niðurgreiðslur raforku til húshitunar og hefur ríkisstjórnin sett það mark að kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis verði eftir 1. maí 1983 eigi meiri en sem svarar um 60% af kyndingarkostnaði með óniðurgreiddri olíu. Slíkt skref til jöfnunar væri einnig í aðalatriðum í samræmi við niðurstöður í nefndaráliti frá apríl 1982 (nefnd á vegum viðskiptaráðuneytis) og niðurstöður í frumvarpi Þorvaldar Garðars Kristjánssonar o. fl. frá 104. löggjafarþingi, 286. mál.

Áætlað er að miðað við verðlag í janúar 1983 muni þurfa um 100 m.kr. á ári (90 m.kr. á verðlagi í nóvember 1982) til þess að tryggja að þessu markmiði verði náð. Auk þess er reiknað með að greiða þurfi niður stofnkostnað hjá nokkrum hitaveitum í þessu skyni og samkvæmt lauslegu mati er talið að til þess þurfi um 6 m.kr. á ári í nokkur ár (5 m.kr. á verðlagi í nóvember 1982). (Sjá fylgiskjal 14).

Nefndin hefur fjallað um ýmsar leiðir til að afla fjár í þessu skyni og hafa umræður einkum beinst að eftirfarandi leiðum: Hækkun á orkuverði til stóriðju, orkujöfnunargjaldi samkvæmt lögum nr. 12/1980, orkuskatti og söluskatti.

Í fylgiskjölum, sem nefndarálitinu fylgja, kemur fram að heildsöluverð á raforku til almenningsveitna í landinu hefur að undanförnu verið um fimmfalt hærra en verð á raforku til álversins í Straumsvík. Mismunurinn er um 400%. Í niðurstöðum starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins, sem gert hefur sérstaka athugun á raforkuverðinu til Íslenska álfélagsins hf., kemur fram að eðlilegur munur þarna á milli væri hins vegar í kringum 50%. (Niðurstöður starfshópsins fylgja hér sem fylgiskjal 2).

Nefndin telur eðlilegt að raforkuverð til stóriðju verði hækkað verulega, og að stjórnvöld beiti öllum tiltækum ráðum í því skyni að tryggja framgang þeirrar kröfu nú hið allra fyrsta.

Nefndin leggur til að hluta þess fjármagns, sem þannig yrði aflað, verði varið til að tryggja lægra raforkuverð til húshitunar, þannig að kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis verði eigi hærri en sem nemur um 60% af kyndingarkostnaði með óniðurgreiddri olíu. Til að ná því marki þarf um það bil 100 m.kr. á ári miðað við verðlag í janúar 1983, eins og áður segir.

Nefndin telur að veruleg hækkun raforkuverðs til stóriðju sé æskilegasta leiðin í því skyni að tryggja fjármagn til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Meðan ekki hefur náðst árangur í þeim efnum verður *til bráðabirgða* að grípa til annarra úrræða.

Nefndin minnir á lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, er nemur 1,5% á söluskattsstofn. (Sjá fylgiskjal 12). Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum kemur fram að megintilgangur þeirra er að afla ríkissjóði fjár til að standa straum af kostnaði við greiðslu olíustyrks til húshitunar og til að styrkja orkusparandi aðgerðir, en skatturinn renni óskiptur í ríkissjóð. Samkvæmt fjárlögum 1983 er gert ráð fyrir að tekjur af orkujöfnunargjaldi nemi um 315 m.kr.

Nefndin telur nauðsynlegt að vandlega verði athugaðir allir möguleikar á því að ríkissjóður greiði af núverandi tekjum sínum þær 106 m.kr. á ári sem hér er lagt til að gangi til jöfnunar á kostnaði við húshitun meðan ekki hefur verið aflað tekna í þessu skyni með hækkun orkuverðs til stóriðju. Samkvæmt fjárlögum 1983 er nú þegar gert ráð fyrir 35 m.kr. niðurgreiðslu vegna rafhitunar auk 2,3 m.kr. vegna jöfnunar og lækkunar hitakostnaðar skv. lögum nr. 53/1980 (til hitaveitna), þannig að þegar er til fjárveiting fyrir hluta af áðurnefndum 106 m.kr. Auk þessa eru í fjárlögum 1983 gert ráð fyrir olíustyrk að fjárhæð 29,2 m.kr. sem ekki er hluti af þeirri 106 m.kr. fjáröflun sem hér er gerð tillaga um.

Reynist ekki unnt að tryggja þannig greiðslur úr ríkissjóði, þá leggur nefndin til að ríkissjóður greiði helming fjárins, þ. e. 53 m.kr. yfir árið, en jafnhárrar upphæðar verði aflað með sérstökum orkuskatti og því fé einnig ráðstafað til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Orkuskatturinn verði lagður á alla notorku (sbr. skilgreiningu á notorku í fylgiskjali 14, bls. 46). Undanþegin orkuskatti verði þó orka til fiskiskipa og sú raforka sem nú er verðjöfnunargjaldskyld. Upphæð orkuskattsins verði sem svarar 0,75 aurar á kílówattstund miðað við verðlag í janúar 1983. Seld notorka á árinu 1981 er áætluð 8 050 GWh, þegar orka til fiskiskipa og verðjöfnunargjaldskyld raforka hefur verið dregin frá. Nefndin telur að til greina komi að dýrar orkuveitur, t. d. þær sem ekki njóta niðurgreiðslna, fái endurgreiddan orkuskatt með einu eða öðru móti. Er skv. því ekki reiknað með orkuskattstekjum af um 700 GWh á ári til húshitunar.

Miðað við ofangreindar forsendur ætti sá orkuskattur, sem hér er gerð tillaga um, að gefa 53—55 m.kr. í tekjur á ári (verðlag í janúar 1983) og er það um helmingur þess fjár sem afla þarf svo að markmiði ríkisstjórnarinnar samkvæmt stefnuyfirlýsingu hennar frá 5. maí s.l. verði náð.

Á það skal bent að slíkur orkuskattur myndi t.d. hækka orkuverð til notanda hjá Hitaveitu Reykjavíkur um svo sem 5% og nokkru minna ef leyfð verður hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur sem nefndin telur eðlilegt að hitaveitan fái (sjá nánar fylgiskjal 14).

Nefndin bendir einnig á þann möguleika að í stað orkuskatts verði söluskattur hækkaður og samsvarandi fjárupphæðar aflað með þeim hætti í sama tilgangi. Verði sú leið valin þyrfti söluskattur að hækka um tæplega 0,3 prósentustig, og er þá eins og áður miðað við að ríkissjóður greiði álíka upphæð á ári til jöfnunar húshitunarkostnaðar af sínum núverandi tekjum.

Gert er ráð fyrir að öll skattheimta í þessu skyni og sérstakar greiðslur ríkissjóðs falli niður þegar framtíðarfjáröflun hefur verið tryggð með hækkun orkuverðs til stóriðju.

Nefndin hefur haldið 14 fundi og telur sig nú hafa lokið störfum. Með nefndarálitinu leggjum við fram fylgiskjöl nr. 1—21, sbr. efnisyfirlit. Vakin er athygli á því að útreikningar í

fylgiskjölum miðast við verðlag í nóvember 1982, en tölur í nefndarálitinu eru miðaðar við verðlag í janúar 1983.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur fyrirvara sem hér segir:

Það er lagaskylda að ráðstafað sé fjármagni, sem aflað er með orkujöfnunargjaldi skv. lögum nr. 12/1980, eftir því sem með þarf til jöfnunar hitunarkostnaðar. Þess vegna er hvorki rétt né nauðsynlegt að leggja nýja skatta á til að mæta þessum þörfum, hvort heldur er orkuskattur eða söluskattur. Ráðagerðin um ráðstöfun á hluta af auknum tekjum Landsvirkjunar af orkusölu til stóriðju er nú hvorki tímabær né raunhæf, enda koma þær tekjur í góðar þarfir engu síður og raunar mest um vert að láta einskis ófreistað til að ná hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins hf.

Reykjavík, 28. janúar 1983.

Kjartan Ólafsson ritstjóri, formaður.
Guðmundur Bjarnason alþm.
Gunnar R. Pétursson rafvirki.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm.

Fylgiskjal 9.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Hr. Björn Marteinsson verkfræðingur
Nesvegi 48
107 Reykjavík.

27. ágúst 1981.

Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að vinna að orkusparnaði og hagkvæmri orkunotkun. Nefnd þessi tekur við störfum orkusparnaðarnefndar, sem skipuð var með bréfi ráðuneytisins hinn 2. ágúst 1979.

Í nefndina hafa verið skipaðir frá 10. ágúst 1981 að telja:
Björn Friðfinnsson fjármálastjóri, formaður,
Björn Marteinsson verkfr., varaformaður,
Ólafur Eiríksson tæknifræðingur,
Bergsteinn Gissurarson verkfræðingur,
Ingjaldur Hannibalsson verkfræðingur.
Ritari nefndarinnar verður Jón Ingimarsson verkfræðingur.

Nefndinni er m.a. ætlað að vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Að gera tillögur til ráðuneytisins um orkusparnað og hagkvæmari orkunotkun á húshitun, atvinnurekstri og samgöngum og stýra aðgerðum á þessum sviðum.
2. Að fylgjast með starfi annarra aðila á þessu sviði og nýjungum í orkusparnaði jafnt hér á landi sem erlendis.
3. Að skipuleggja fræðslu og miðla upplýsingum um orkusparnað til almennings og vera sveitarfélögum og fyrirtækjum til ráðgjafar um orkusparnað og hagkvæma orkunotkun.
4. Að leita samstarfs við skóla og stofnanir, sem vinna að fræðslumálum, um eflingu þeirra fræðsluþátta sem glætt geta áhuga og skilning á orkusparnaði.
5. Að fjalla um önnur atriði sem nefndin telur að hafi þýðingu varðandi orkusparnað og aukna hagkvæmni í orkunotkun.

Nefndin getur haft forgöngu um að koma á fót starfshópum um einstaka þætti á sviði orkusparnaðar, enda liggi fyrir samþykki ráðuneytisins varðandi kostnað af slíku starfi sem og öðrum aðgerðum er nefndin beitir sér fyrir.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður ákveðin af þóknananefnd.

Þér eruð hér með skipaður í ofangreinda nefnd.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Fylgiskjal 10.

REGLUR UM LÁNVEITINGAR HÚSNÆÐISSTOFNUNAR RÍKISINS TIL ORKUSPARANDI ENDURBÓTA Á ÍBÚÐARHÚSUM

1. Þær orkusparandi endurbætur, sem hér um ræðir, teljast þær breytingar á íbúðarhúsnæði sem leiða til lækkunar á kyndikostnaði.
2. Áformað er að veita einstaklingum lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði sem hitað er með olíu eða rafmagni (beint eða með fjarvarmaveitu) og mun ekki tengjast hitaveitu (jarðvarmaveitu) innan þriggja ára. Lán verða einnig veitt til endurbóta á íbúðarhúsnæði á þeim hitaveitusvæðum þar sem hitunarkostnaður 400 m^3 viðmiðunarhúss er hærri en 85% af hitunarkostnaði olíuhitaðs húss samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
3. Lágmarkslán verður kr. 10 000,00 miðað við verðlag 1. janúar 1981, enda nemi kostnaðaráætlun tæknideildar Húsnæðisstofnunarinnar við fyrirhugaðar endurbætur eigi lægri fjárhæð en 20 000,00 krónum.
4. Skilyrði fyrir lánveitingu eru:
   a) Að íbúðin hafi hlotið samþykki byggingarnefndar, hún hafi samþykkt orkusparandi endurbætur og jafnframt staðfest að húsið njóti fullkominna lóðarréttinda í 11 ár að minnsta kosti, enda sé um heils árs íbúð að ræða.
   b) Að kröfum byggingarreglugerðar um gerð og frágang einangrunar sé fylgt við endurbætur á þeim húshluta eða húshlutum sem sótt er um lán til.
   c) Að sótt sé um lán til fyrirhugaðra endurbóta og fram fari skoðun húss af hálfu trúnaðarmanns tæknideildar Húsnæðisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 8. gr. þessara reglna.
   d) Að þegar fyrirhugaðar orkusparandi endurbætur ná til fleiri en einnar íbúðar í sama húsi skulu umsóknir berast sameiginlega frá öllum íbúðareigendum sem samþykkja þurfa framkvæmdina, samkvæmt lögum nr. 59/1976, um fjölbýlishús.
5. Lánsumsóknir einstaklinga geta verið með tvennum hætti:
   A. **Umsóknir um eftirtaldar endurbætur:**
      I. Ísetning á tvöföldu einangrunargleri í alla glugga húss þar sem einfalt gler er fyrir.
      II. Einangrun þakplötu.
      III. Einangrun og klæðning húsveggja að utan þar sem ekki er þegar fyrir hendi fullnægjandi einangrun húsveggja að dómi tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.
      IV. Skipti á lágþrýstum olíubrennara í háþrýstan í húsum þar sem fyrirsjáanlegt er að kynt verður með olíu næstu 3 ár eða lengur. Enn fremur til skipta á lágþrýstum olíubrennara í rafmagnshitun.

      Framangreindar endurbætur skal vinna eftir sérstökum stöðluðum verklýsingum sem tæknideild Húsnæðisstofnunar gefur út og fylgja munu umsóknareyðublöðum.
   B. **Umsóknir um orkusparandi endurbætur aðrar en þær sem taldar eru í A-lið:**
      Umsækjandi skal leggja fram fullnægjandi verklýsingu og kostnaðaráætlun og sýna fram á að fyrirhugaðar orkusparandi endurbætur lækki kyndikostnað samanlagt meira á þeim 11 árum, sem lánið stendur, en sem nemur kostnaði við að framkvæma þær.

6. Lánið mun nema tilteknu hlutfalli af kostnaði við ofangreindar framkvæmdir samkvæmt staðlaðri kostnaðaráætlun tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Skal það hlutfall ákveðið fyrir eitt ár í senn um leið og gengið er frá fjárhagsáætlun Byggingarsjóðs ríkisins fyrir það ár. Fjárhæð láns miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar það er ákveðið.
7. Sækja skal um lán til orkusparandi endurbóta á sérstöku eyðublaði er stofnunin lætur í té. Umsækjandi skal gera heildaráætlun um allar þær orkusparandi endurbætur, sem fyrirhugaðar eru, og væntanleg áfangaskipti, fari þær fram í áföngum. Umsókn um lán til framkvæmda við síðari áfanga skal umsækjandi senda með sérstakri skriflegri tilkynningu er vísar í frumumsókn.
8. Eindagar fyrir lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði skulu vera 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.
9. Þegar eftir eindaga mun tæknideild sannreyna upplýsingar í umsóknum og fylgigögnum og ganga úr skugga um að fyrirhugaðar endurbætur á viðkomandi húsum uppfylli settar reglur. Tæknideild skal þá láta trúnaðarmann sinn skoða þau hús, sem sótt er um lán til endurbóta á.
10. Þegar stofnunin hefur kynnt sér umsóknirnar skal hún svara umsækjendum skriflega um lánshæfni þeirra og fjárhæðir lána. Heimilt er að greiða lán út í einu lagi þegar frágangi einangrunar er lokið og trúnaðarmaður tæknideildar hefur tekið verkið út. Vitji lántaki ekki lánveitingarinnar innan 6 mánaða frá fyrsta útborgunardegi fellur hún úr gildi.
11. Með veðsetningu lána skal fara skv. 3. ml. 9. gr. rg. nr. 526/1980, um Byggingarsjóð ríkisins.
12. Tæknideild Húsnæðisstofnunarinnar skal veita umsækjendum allar upplýsingar um þær framkvæmdir sem lánshæfar eru samkvæmt 4. tölulið þessara reglna. Hún skal semja staðlaðar verklýsingar og gera kostnaðaráætlanir um algengustu endurbætur á eldri húsum, sbr. 4. tl. Fyrir þjónustu tæknideildar og úttektir á framkvæmdum skulu lántakendur greiða allt að 2% af veittum lánum til Byggingarsjóðs ríkisins, enda nemi kostnaður tæknideildar skv. reikningum a. m. k. þeirri fjárhæð, sbr. 69. og 70. gr. l. nr. 51/1980.
13. Reglur þessar verða endurskoðaðar fyrir árslok 1981 í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist.

VIÐAUKI I.

Umsóknir um lán til orkusparandi breytinga.

Fjöldi umsókna innkominn 1982:

Vesturland	15
Vestfirðir	32
Norðurland vestra	8
Norðurland eystra	4
Austurland	36
Suðurland	6
Reykjanes	
Samtals:	101

Fjöldi umsókna innkominn fyrir 1. okt. 1983:

Vesturland	27
Vestfirðir	7
Norðurland vestra	4
Norðurland eystra	6
Austurland	24
Suðurland	4
Reykjanes	2
Samtals:	74

38 lánveitingar hafa verið á árinu 1983 að fjárhæð kr. 3 474 000. Fleiri hafa ekki uppfyllt skilyrði.

VIÐAUKI II.

A. Lán til orkusparandi breytinga voru veitt á árinu 1981 í 3 lánveitingum: Umsóknir innkomnar fyrir 1. júlí 1981.

Landshlutar	Fjöldi íbúða	%	Lán í 1000 kr.	%
Vesturland	29	15.3	839	14.1
Vestfirðir	57	30.1	1 650	27.7
Norðurland v.	13	6.9	570	9.6
Norðurland e.	17	9.0	543	9.1
Austurland	54	28.6	1 843	31.0
Suðurland	17	9.0	443	7.5
Reykjanes	2	1.1	61	1.0
Samtals	189	100.0	5 949	100.0
Meðallán			31.5	

B. Lán til orkusparandi breytinga voru veitt á árinu 1982 í 3 lánveitingum: Umsóknir innkomnar fyrir 1. júlí 1982.

Landshlutar	Fjöldi íbúða	%	Lán í 1000 kr.	%
Vesturland	10	9.6	528	9.7
Vestfirðir	20	19.3	946	17.4
Norðurland v.	8	7.7	525	9.7
Norðurland e.	5	4.8	283	5.2
Austurland	46	44.2	2 317	42.7
Suðurland	13	12.5	737	13.6
Reykjanes	2	1.9	91	1.7
Samtals	104	100.0	5 427	100.0
Meðallán			52.2	

Fylgiskjal 11.

Fjarhitun hf. — verkfræðistofa:

ÚTREIKNINGUR VEGNA TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM LÆKKUN OG JÖFNUN HÚSHITUNARKOSTNAÐAR OG ÁTAK Í ORKUSPARNAÐI.

(Reykjavík, okt. 1983.)

Forsendur útreikninga:

1. Gjaldskrár orkuveitna og olíuhitunar í september 1983, sbr. yfirlitstöflu iðnaðarráðuneytisins (viðauki II).
2. Verðlag 1. október 1983, bv. 149 stig.
3. Yfirlitstafla (bls. 54) úr skýrslu iðnaðarráðuneytisins, nr. 83—1:

Fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað, febrúar 1983 (sjá fylgiskjal 1 með þessari þingsályktunartillögu).

A. Hámark á hitunarkostnaði miðað við fjölda vinnuvikna.

Samkvæmt Dagsbrúnarsamningum frá 1. október s.l. eru laun skv. dagvinnutekjutryggingu 2530 kr. á viku. Þar sem laun eru nú óeðlilega lág er reiknað með að nokkur hækkun verði á næstu missirum og er reiknað með launum sem hér segir:

6 vinnuvikur kr. 17 200
(7 vinnuvikur kr. 20 100)
8 vinnuvikur kr. 22 900
(9 vinnuvikur kr. 25 800)

Eins og fram kemur í bréfi, dagsettu 13. október s.l., er meðalhitunarkostnaður 377 m^3 meðalíbúðar talinn 18 760 kr. sem myndi jafngilda um 6,5 vinnuvikum.

Eftirfarandi útreikningar miðast við:

1. Hámark sem samsvarar 6 vinnuvikum, 17 200 kr. hitunarkostnað á ári eða 0,52 kr/kWh miðað við 32 800 kWh/ári fyrir 400 m^3 hús.
2. Hámark sem samsvarar 8 vinnuvikum, 22 900 kr. hitunarkostnað á ári eða 0,70 kr/kWh.

Í viðauka I er reiknaður heildarkostnaður af niðurgreiðslum í báðum þessum tilvikum, en helstu niðurstöður eru þessar:

	Dæmi 1 (6 vinnuvikur) Mkr.	Dæmi 2 (8 vinnuvikur) Mkr.
Íbúðir:	604	421
Atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði:	206*)	136*)
Samtals	810	557

*) Félagslegt húsnæði er lauslega áætlað um þriðjungur af þessum tölum.

B. Jöfnun á hitakostnaði.

Í bréfi, dagsettu 13. okt. s.l., er miðað við að upphitunarkostnaður sambærilegs húsnæðis verði hvergi meiri en sem nemur 2,0-földu vegnu meðalverði samkvæmt gjaldskrám hjá veitufyrirtækjum í lok ársins 1984 (sbr. dæmi 1, hámark 6 vinnuvikur).

Frá næstu áramótum verði upphitunarkostnaður 2,5-falt vegið meðalverð (sbr. dæmi 2, hámark 8 vinnuvikur).

Útreikningar eru sýndir í viðauka I, en helstu niðurstöður eru þær að vegið meðalverð hjá hitaveitum og rafveitum í dæmi 1 (6 vinnuvikur) yrði 0,38 kr/kWh og fyrir dæmi 2 (8 vinnuvikur) 0,44 kr/kWh.

Tilsvarandi hámarksverð húshitunar:

Dæmi 1 0,38 × 2 = 0,76 kr/kWh
Dæmi 2 0,44 × 2,5 = 1,10 kr/kWh

Þessar tölur eru mun hærri en í A-lið hér að framan.

Ef skilyrði í A-lið ráða yrði hlutfall af vegnu meðalverði:

$$\text{Dæmi 1: } \frac{0{,}52}{0{,}38} = 1{,}4$$

$$\text{Dæmi 2: } \frac{0{,}70}{0{,}44} = 1{,}6$$

C. Verðþróun hjá ódýrum hitaveitum.

Búast má við að Hitaveita Reykjavíkur fái meiri hækkun á næstu missirum en samsvarar verðlagsþróun og ef slík hækkun yrði 20% myndi vegið meðalverð hjá hitaveitum og rafveitum hækka um 4 aura/kWh. Tölur í B-lið breytast í samræmi við það.

VIÐAUKI I.

Útreikningur vegna A-liðar:

DÆMI 1: Hámark á húshitunarkostnaði 6 vinnuvikur, orkuverð 0,52 kr/kWh. Orkusala skv. fylgiskjali 1 í þessari þingsályktunartillögu:

	Íbúðir Mkr.	Annað húsrými Mkr.
Dýr rafhitun (6. fl.): Orkuverð án ngr. 1,36 kr/kWh		
Íbúðir: 300 GWh/a × (1,36—0,52)	252	
Annað húsrými: 70 GWh/a × (1,36—0,52)		59
Bæjarrafveitur (4. og 5. fl.): Orkuverð án ngr. (áætlað) 0,95 kr/kWh		
Íbúðir: 100 GWh/a × (0,95—0,52)	43	
Annað húsrými: 30 GWh/a × (0,95—0,52)		13
Dýrar hitaveitur (2. og 3. fl.): Orkuverð án ngr. (áætlað) 0,90 kr/kWh		
Íbúðir: 430 GWh/a × (0,90—0,52)	163	
Annað húsrými: 190 GWh/a × (0,90—0,52)		72
Samtals	458	144
Gjaldskrár orkuveitna frá ágúst 1983 eru miðaðar við byggingarvísitölu 140 stig. Kostnaðaráætlun færð til bv. 149 stig:	488	154

Olíuhitun (7. fl.):

Orkuverð við hitun íbúða er áætlað 1,49 kr/kWh, sbr. viðauka II, en 1,23 kr/kWh fyrir annað húsrými. Af 170 GWh/a orkunotkun íbúða er áætlað að 40 GWh/a sé notkun umfram 13 l/m³/ári og 30 GWh/a af 110 GWh/a orkunotkun annars húsrýmis. Meðalorkuverð olíuhitunar er áætlað 0,60 kr/kWh eftir niðurgreiðslur sem er rúmlega 10% hærra en við rafhitun:

	Íbúðir Mkr.	Annað húsrými Mkr.
Íbúðir: 130 GWh/a × (1,46 – 0,60)	116	52
Annað húsrými: 80 GWh/a × (1,23 – 0,60)	116	52

Heildarkostnaður (dæmi 1)	Alls Mkr.	Íbúðir Mkr.	Annað húsrými Mkr.
	810	604	206

DÆMI 2: Hámark á húshitunarkostnaði 8 vinnuvikur, orkuverð 0,70 kr/kWh. Orkusala samkvæmt fylgiskjali 1 í þessari þingsályktunartillögu:

	Íbúðir Mkr.	Annað húsrými Mkr.
Dýr rafhitun (6. fl.): Orkuverð án ngr. 1.36 kr/kWh		
Íbúðir: 300 GWh/a × (1,36 – 0,70)	198	
Annað húsrými: 70 GWh/a × (1,36 – 0,70)		46
Bæjarrafveitur (4. og 5. fl.):		
Orkuverð án ngr. 0,95 kr/kWh (áætlað)		
Íbúðir: 100 GWh/a × (0,95 – 0,70)	25	
Annað húsrými: 30 GWh/a × (0,95 – 0,70)		8
Dýrar hitaveitur (2. og 3. fl.):		
Orkuverð án ngr. (áætlað) 0,90 kr/kWh		
Íbúðir: 430 GWh/a × (0,90 – 0,70)	86	
Annað húsrými: 190 GWh/a × (0,90 – 0,70)		38
Samtals (byggingarvísitala 140 stig):	309	92
Kostnaðaráætlun færð til bv. 149:	329	98

Olíuhitun (7. fl.):
Meðalorkuverð olíuhitunar er áætlað
0,78 kr/kWh eftir ngr.

	Íbúðir Mkr.	Annað húsrými Mkr.
Íbúðir: 130 GWh/a × (1,46 – 0,78)	92	
Annað húsrými: 80 GWh/a × (1,23 – 0,78)		38
	92	38

Heildarkostnaður (dæmi 2)	Alls Mkr.	Íbúðir Mkr.	Annað húsrými Mkr.
	557	421	136

Útreikningur vegna B-liðar:

Vegið meðalverð hjá hitaveitum og rafveitum er reiknað út miðað við orkusölu til íbúða, sbr. fylgiskjal 1 í þessari þingsályktunartillögu:

	Áætlað orkuverð kr/kWh	Dæmi 1 kr/kWh	Dæmi 2 kr/kWh
1. fl. ódýrar hitaveitur	0,30	0,30	0,30
2. og 3. fl. dýrar hitaveitur	0,90	0,52	0,70
4. og 5. fl. bæjarrafveitur	0,95	0,52	0,70
6. fl. dýr rafhitun (með ngr.)	0,88	0,52	0,70
Vegið meðalverð	0,50	0,38	0,44

VIÐAUKI II.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
SAMANBURÐUR HITAKOSTNAÐAR SEPT 83 — AÆTLAÐUR ARLEGUR HITAKOSTNAÐUR
02.09.83/KH/gh:niðurgrd — 400 RUMMETRA IBUÐAR NR 5 A

HUSHITUN		KOSTN SKV. GJALDSKRA KR/ARI	AF ONIÐUR-GR. OLIU %	AF NIÐUR-GR. OLIU %
1. HITAVEITUR				
.01 Reykjavik		9936	20	27
.02 Seltjarnarnes		8815	18	24
.03 Mosfellshreppur		10354	21	29
.04 Bessastaðahreppur		25690	52	71
.05 Suðurnes		21781	44	60
.06 Þorlakshöfn		23556	48	65
.07 Eyrar		32550	66	90
.08 Selfoss		8988	18	25
.09 Hveragerði		6962	14	19
.10 Laugaras		7820	16	22
.11 Fluðir		8860	18	24
.12 Brautarholt		760	2	2
.13 Vestmannaeyjar		26476	54	73
.14 Akranes og Borgarfj		34608	71	95
.15 Reykholar		2554	5	7
.16 Suðureyri		29425	60	81
.17 Hvammstangi		15667	32	43
.18 Blönduos		31099	63	86
.19 Sauðarkrokur		9276	19	26
.20 Siglufjörður		30972	63	85
.21 Olafsfjörður		11746	24	32
.22 Dalvik		9012	18	25
.23 Hrisey		34662	71	95
.24 Akureyri		34800	71	96
.25 Husavik		7735	16	21
.26 Reykjahlið		12060	25	33
.27 Egilstaðir		36230	74	100
.28 Rangæinga		33082	68	91
2. VARMAVEITUR				
.01 Orkubu Vestfja	MN	27262	56	75
	AN		86	
.02 Seyðisfjörður	MN	27224	56	75
	AN		86	
.03 Höfn Hornaf.	MN	26928	55	74
	AN		86	
3. RAFHITUN				
.01 Vestmannaeyjar	MN	26288	54	72
	AN		74	
.02 Akranes		31320	64	86
.03 Orkubu Vestfja	MN	28766	59	79
	AN		91	
.04 Siglufjörður	MN	27224	56	75
	AN		80	
.05 Akureyri		30957	63	85
.06 Reyðarfjörður	MN	28898	59	79
	AN		85	
.07 Rafmagnsveitur	MN	28898	59	79
rikisins	AN		91	
4. OLIUHITUN				
.01 An oliustyrks		49020	100	135
.02 Með oliustyrk		36380	74	100


FORSENDUR SJA NÆSTA BLAÐ MN: Með niðurgreiðslum AN: An niðurgreiðslna
SIÐASTA BREYTING: HÆKKUN OLIUVERÐS 01.09.83

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

FORSENDUR:

1)Husnæði miðast við husstærð	400	rumm 4 ibuar
2)Orkunotkun hitav. og rafhita	82	kWh/rumm./ari
3)Oliunotkun 60% arsmeðalnytni:	13.50	l/rumm/ari
+ raforkukostn. og fastur kostn:	1500	kr/hus
4)Oliustyrkur 4 manna fjölsk(790):	12640	kr/ari
5)Oliuverð	8.80	kr/l
6)Hækkun raforkuverðs 1. agust 83	26.60	%
7)Gjaldskrar hitaveitna 1. agust 1983		
8)Hækkun um 31% a gjaldskra Landsvirkjunar 01.08.83		

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
SAMANBURÐUR HITAKOSTNAÐAR SEPT 83
02.09.83/KH/gh:niðurgrd



Nd. **126. Frumvarp til laga** [11. mál]

um launamál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. nóv.)

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala samkvæmt 48. gr. til 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf, eða nokkrar starfstengdar greiðslur, skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarfélaga og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykkta allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina.

2. gr.

Laun í maí 1983 samkvæmt þágildandi kjarasamningum og lögum, það er grunnlaun að viðbættum verðbótum samkvæmt verðbótavísitölu, er gildi tók 1. mars 1983, teljast grunnlaun við upphaf gildistíma þessara laga.

Laun þessi skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983, þó skulu lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt gildandi ákvæðum í kjarasamningum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hækka um 10% hinn 1. júní 1983. Laun og lágmarkstekjur samkvæmt þessari málsgrein skulu síðan hækka um 4% hinn 1. október 1983.

Frekari hækkanir launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þesarar greinar á tímabilinu frá 25. maí 1983 til gildistöku laga þessara, hvort sem um þær er samið fyrir eða eftir 25. maí 1983, falla niður. Ákvæði þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum sem komnar eru í framkvæmd fyrir 25. maí 1983.

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, skulu allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslið 2. málsgreinar 1. greinar, gilda til gildistökudags laga þessara, en vera þá lausir.

3. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]

um viðhald og endurbætur á skipastólnum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Stefán Guðmundsson, Þórarinn Sigurjónsson, Ólafur Jóhannesson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að viðhald og endurbætur á íslenska skipastólnum fari í ríkari mæli fram innanlands.

Greinargerð.

Skipafloti Íslendinga er mikill að vöxtum. Samkvæmt skipaskrá frá síðustu áramótum var flotinn 947 skip, alls 193 306 lestir. Miðað til tölu rúmlesta eru ca. 58% fiskiskip, 37% flutningaskip og 5% ýmsar aðrar gerðir skipa.

Eins og nærri má geta er viðhald þessa mikla flota viðamikið viðfangsefni. Með viðhaldi er átt við allar viðgerðir, stórar og smáar, svo og endurnýjun skipa eða skipshluta. Engar áreiðanlegar tölur eru til um umfang þessara verkefna en hitt er víst að hér er um gífurlega fjármuni að tefla. Þess vegna veltur á miklu að vel takist til og augljóst að hvert framfaraspor í þessum efnum hefur áhrif á þjóðarhag.

Í meginatriðum eru það þrír aðilar sem koma við sögu þegar viðgerðir og viðhald skipa eru til umfjöllunar: útgerðir/skipafélög, smiðjur/skipasmíðastöðvar og opinberir aðilar. Í mörgum tilvikum bætast tryggingafélög einnig í þennan hóp. Á miklu veltur að gott samstarf sé á milli þessara aðila, og að þeir leggi sig fram um að vanda svo til verka að þessi mikilvægi þáttur útgerðar sé ávallt rekinn sem hagkvæmast.

Viðgerðir og viðhald flotans fara ýmist fram innanlands eða erlendis. Eðli málsins samkvæmt er og verður umtalsverður hluti þessara verkefna unninn hér á landi. Á það einkum við um hin smærri verk og viðgerðir, sem framkvæma þarf fljótt. Engu síður fer talsverður hluti viðhalds og viðgerða flotans fram erlendis.

Með þingsályktunartillögu þessari er gengið út frá því að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að sem mest af viðgerðum og viðhaldi skipaflotans fari fram innanlands, enda verði sú þjónusta samkeppnisfær við erlenda aðila bæði hvað varðar verð og gæði. Í sumum tilvikum hefur því verið haldið fram að hagkvæmara sé að leita út fyrir landsteinana eftir þessari þjónustu og m.a. verið bent á að viðgerðarstöðvar þar séu betur í stakk búnar. Enn fremur kemur til að erlendis er öll fyrirgreiðsla meiri, þar með talin fjármögnun, og til muna auðveldari. Opinberir aðilar og bankar í viðkomandi löndum hafa séð sér hag í því að greiða fyrir í þessum efnum. Fjölmargir hafa bent á að okkar aðstæður innanlands þoli vart samanburð í því tilliti.

Ekki verða tíunduð í þessari greinargerð öll þau fjölmörgu rök sem skjóta stoðum undir þá stefnu að við Íslendingar sjálfir önnumst viðhald og viðgerðir skipaflota okkar. Til þess að ná því markmiði þurfa allir aðilar, sem málið varðar, að leggjast á eitt: útgerðir og skipafélög verða að undirbúa betur áætlanir um viðhald og stefna í auknum mæli að fyrirbyggjandi viðhaldi; smiðjur og skipasmíðastöðvar að efla verk- og rekstrartæknilega getu og auka með því framleiðnina og veita betri þjónustu. Með samstilltu átaki þessara aðila er hægt að ná mun betri árangri og má benda á nýleg dæmi því til áréttingar.

Opinberir aðilar þurfa jafnframt að leggja sitt af mörkum, svo sem yfirvöld iðnaðar og sjávarútvegs, bankar og opinberir sjóðir, ekki síst með því móti að beita sér fyrir róttækum aðgerðum til að jafna þann mun sem er á fjármögnun viðgerða á verktímanum annars vegar hér á landi og hins vegar erlendis; þar er umtalsverður mismunur, innlendum viðgerðarfyrirtækjum og útgerðum í óhag.

Enn fremur má líta svo á að sú hvatning um eflingu innlendrar skipa- og viðgerðarþjónustu, sem í þessari tillögu felst,ýti með beinum og óbeinum hætti undir þá viðleitni sem samtök skipasmíðastöðva, smiðja og útgerða hafa staðið að undanfarna mánuði og miðar að því að auka samstarf þessara aðila um betra og jafnara viðhald íslenska skipastólsins.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um landnýtingaráætlun.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Helgi Seljan, Ingvar Gíslason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Drög að landnýtingaráætlun skulu liggja fyrir í árslok 1985. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt. Í eftirfarandi greinargerð verður getið um nokkur mikilvæg atriði, en ekki leitast við að skilgreina alla þætti landnýtingar. Gert er ráð fyrir því, að slíkt verði hluti þeirrar undirbúningsvinnu sem vikið er að í tillögunni.

Á seinni árum hefur gætt vaxandi skilnings á nauðsyn skipulegrar og hóflegrar nýtingar auðlinda til lands og sjávar.

Með landgræðsluáætlun 1974 var gert stórátak til að vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs í þeim tilgangi að varðveita og bæta landgæði.

Nú, þegar unnið er að framkvæmd nýrrar landgræðsluáætlunar, er við hæfi að fylgja því starfi eftir með gerð víðtækrar áætlunar er taki til hinna fjölmörgu þátta landnýtingar í **landbúnaði,** svo sem nýtingar beitilanda og ræktunar skóga. Enn fremur þarf að tryggja **orkuvinnsluiðnaðinum** land til afnota. Huga þarf að landnotum vegna einstakra **mannvirkja** og **þéttbýlis,** en einnig vegna útivistar og sumarbyggða.

Einn af veigamiklum þáttum landnýtingar er nýting úthagabeitar, bæði í heimalöndum og afréttum. Landbúnaðurinn, einkum sauðfjárrækt, byggist á þessari miklu auðlind, fjölbreyttum og kjarnmiklum gróðri. Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur reyndar að byggjast mjög á hóflegri og hagkvæmri nýtingu beitilanda.

Metum við framleiðslugildi úthagagróðurs að verðleikum? Náttúrleg gróðurlendi eru veigamikil auðlind á tímum síhækkandi orkukostnaðar. Til dæmis er hætt við að framleiðslukostnaður sauðfjárafurða yrði mun hærri ef ekki tækist að varðveita beitargæði úthaga, sérstaklega afréttanna.

Sem best samræmi þarf að vera á milli búfjárfjölda og tiltæks haglendis í hinum ýmsu beitarsvæðum landsins. Því þarf að koma á nánara samhengi á milli vals á búgreinum, uppbyggingar og búfjárfjölda á sérhverri bújörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða sem jörðin hefur til umráða. Þannig verði ekki aðeins tekið tillit til ræktunarskilyrða, heldur einnig og ekki síður landrýmis í heimahögum og afréttum.

Hér kemur m. a. til álita hvernig fjárfestingu er hagað í landbúnaði, hvernig er hægt að koma á virkari og markvissari stjórnun, hvernig er hægt að aðstoða bændur sem gera róttækar breytingar í búskaparháttum.

Nauðsyn ber til að taka sérstakt tillit til landnýtingar við gerð búrekstrar- og byggðaáætlana. Þar eð nýting jarðargróða er einn af hornsteinum lífvænlegrar byggðar um land allt er landnýting veigamikið byggðamál. Athuga þyrfti m. a. hvort æskilegt eða fært væri að koma á einhvers konar svæðaskipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við hóflega og skynsamlega nýtingu landkosta og jafnframt með tilliti til markaðsþarfar fyrir hinar ýmsu búvörur. Mismunandi verðlagning búvara eftir framleiðslusvæðum gæti ef til vill komið til greina, en ljóst er að slíkt yrði mjög flókið í framkvæmd. Hér er komið að tengslum milli landnýtingar og framleiðslumála.

Kvótakerfið svonefnda tekur lítið sem ekkert mið af landnýtingar- og byggðasjónarmiðum, en hugsanlega mætti byggja upp einhvers konar framleiðslustjórnun sem gerði það. Það leiðir aftur hugann að svæðaskipulagningu. Dæmi mætti taka bæði úr nautgripa- og sauðfjárrækt. Hér er um margþætt og viðkvæmt mál að ræða sem þarfnast ítarlegrar könnunar og umræðu. Bændur vilja að sjálfsögðu hafa sem mest frelsi til athafna, en flestir gera sér ljósa þörf fyrir bætta skipulagningu. Hún kemur stéttinni til góða í framtíðinni og stuðlar að bættum þjóðarhag.

Skógrækt til nytja er í raun landbúnaður, og kanna þarf hvernig heppilegast er að tengja hana traustari böndum þeim atvinnuvegi. Síðustu árin hefur komið fram viðleitni til að tengja skógrækt hefðbundnum búskap, einkum á Austurlandi, en líta ekki á þessar greinar sem andstæður. Þannig er unnt að samræma t. d. sauðfjárrækt ræktun nytjaskóga. Skilyrði til skógræktar eru greinilega breytileg í landinu og virðist þörf markvissari skipulagningar þeirra mála.

Líkt og á við um beitarmál er hér að nokkru leyti um byggðamál að ræða. Trúlega gætu tekjur af skógrækt skipt nokkru máli þegar tímar líða, því að líkur eru á hækkandi verði á timbri og ýmiss konar skógarafurðum í framtíðinni og jafnvel gæti orðið skortur á þeim. Margt fleira þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar þegar lögð eru á ráðin um skipulega nýtingu landgæða, svo sem nýtingu hlunninda, enda þótt allir þættir landnýtingar verði ekki raktir hér.

Gerð landnýtingaráætlunar verður einnig að taka til þarfa **orkuvinnsluiðnaðarins** fyrir land. Orkulindir landsins eru ein veigamesta auðlind þess, en nýting þeirrar auðlindar er tiltölulega skammt á veg komin. Ef að líkum lætur mun þjóðin í vaxandi mæli byggja afkomu sína á skynsamlegri nýtingu innlendrar orku. Því er nauðsynlegt að tryggja orkuvinnsluiðnaðinum nægilegt landrými, ekki síst til að forðast árekstra í framtíðinni.

En landnýting varðar ekki aðeins hinn beina efnahagslega afrakstur landsins. Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknum áhuga almennings á náttúruvernd, umhverfismálum og útivist hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að fjalla um landnýtingu á breiðum grundvelli. Hin náttúrlegu gróðurlendi eru viðkvæm fyrir óhóflegum ágangi, hvort sem er af völdum fénaðar eða manna. Með bættum skilyrðum til ferðalaga um óbyggðir landsins hefur sá vandi farið vaxandi.

Öll meðferð gróðurlendis er náttúruverndarmál. Nú er ljóst, að ekki er unnt að komast hjá röskun lífríkja, t. d. með virkjun fallvatna, vegagerð og framræslu mýra. Það, sem skiptir meginmáli, er að meta vandlega allar aðstæður og leita þeirra leiða, sem minnstri röskun valda, og að skilningur ríki varðandi hin ýmsu landnot.

Velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð byggist á því að nýta af skynsemi þann auð sem fólginn er í gæðum landsins. Ætla má að landnýtingaráætlun geti stuðlað að æskilegri þróun á þessu sviði.

Sþ. 129. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis.

Greinargerð.


Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

Póst- og símamálastofnun gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Góð símaþjónusta er einn af undirstöðuþáttum nútímasamfélags. Framþróun í póst- og símamálum hefur orðið ör á seinni árum, þótt fæstum þyki nóg að gert. Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 er ákvæði um að stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á. Svo sem kunnugt er vantar mikið á að áðurnefnt ákvæði laganna sé framkvæmt til fullnustu, og ráða þar mestu tæknilegar hindranir, en einnig fjárhagslegar. Segja má að tillaga sú, sem hér er lögð fram, fari bil beggja með tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra forsendna annars vegar og bættrar þjónustu við símnotendur hins vegar.

Meðfylgjandi kort yfir sjálfvirkar símstöðvar sýnir að landinu er skipt í 20 greinistöðvarsvæði og svæðisstöðina í Vestmannaeyjum og í mörgum tilfellum fara svæði greinistöðvanna saman við athafna- og viðskiptasvæði. Sú upptalning, sem hér fer á eftir, sýnir aðeins hugmynd að gjaldskrársvæðum á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu.

1. **Reykjavík** — Kópavogur — Hafnarfjörður — Varmá.
2. **Akranes** — Lambhagi — Hvalfjörður.
3. **Borgarnes** — Hvanneyri — Kljáfoss — Hreðavatn.
4. **Stykkishólmur** — Búðardalur — Grundarfjörður — Ólafsvík — Hellissandur — Saurbær — Reykhólar.
5. **Patreksfjörður** — Bíldudalur — Tálknafjörður — Krossholt.
6. **Ísafjörður** — Bolungarvík — Flateyri — Súðavík — Suðureyri — Þingeyri.
7. **Brú** — Hólmavík — Hvammstangi — Laugarbakki — Reykir.
8. **Blönduós** — Bólstaðarhlíð — Skagaströnd.
9. **Sauðárkrókur** — Hofsós — Varmahlíð.
10. **Siglufjörður** — Grímsey — Fljót.
11. **Dalvík** — Árskógur — Hrísey — Ólafsfjörður.
12. **Akureyri** — Grenivík — Hjalteyri — Hrafnagil.
13. **Húsavík** — Breiðamýri — Kópasker — Raufarhöfn — Rein — Reykjahlíð — Staðarhóll — Þórshöfn.
14. **Egilsstaðir** — Borgarfjörður — Eiðar — Seyðisfjörður — Vopnafjörður.
15. **Reyðarfjörður** — Breiðdalsvík — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður — Neskaupstaður — Stöðvarfjörður.
16. **Höfn** — Djúpivogur.
17. **Vík** — Kirkjubæjarklaustur.
18. **Hvolsvöllur** — Búrfell — Hella — Laugaland — Steinar — Þykkvibær.
19. **Selfoss** — Aratunga — Árnes — Ásgarður — Brautarholt — Eyrarbakki — Stokkseyri — Flúðir — Hamar — Hveragerði — Laugarvatn — Minni-Borg — Þorlákshöfn.
20. **Keflavík** — Gerðar — Grindavík — Hafnir — Innri-Njarðvík — Sandgerði — Vogar.

Fylgiskjal.


SJÁLFVIRKAR SÍMSTÖÐVAR
31 DESEMBER 1981
PÓST- OG SÍMAMÁLASTOFNUNIN
ABALSTOD
SVÆÐISSTOD
SKIPTISTOD
ENDASTOD
96
97
94
93
95
91
92
99
98
HUSAVIK
AKUREYRI
EGILSSTADIR
REYDARFJÖRDUR
HÖFN
SAUDÁRKRÓKUR
SIGLUFJÖRDUR
BLÖNDUÓS
BRÚ
BORGARNES
STYKKISHÓLMUR
ÍSAFJÖRDUR
PATREKSFJÖRDUR
BÍLDUDALUR
FLATEYRI
SUÐUREYRI
HVOLSVÖLLUR
SELFOSS
VESTMANNAEYJAR
VÍK
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
VARMA
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20

Ed. 130. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og aflað margvíslegra upplýsinga, skriflegra og munnlegra.

Meiri hl. nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fram. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 16. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Tómas Árnason.

Lárus Jónsson.

Sþ. 131. Þingsályktun [86. mál]

um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Afgreidd frá Sþ. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 91.

Ed. 132. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Yfirlýst stefna þeirra bráðabirgðalaga, sem þetta frv. er flutt til staðfestingar á, er *„að vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa“*, eins og þar stendur.

Hækkun persónuafsláttar um 1400 kr. á mann kemur flestum að fullu gagni, **nema** þeim sem við lökust kjör búa.

Dæmi:

Hjón með eitt barn, yngra en 7 ára, og 130 þús. kr. tekjur eða hærri á síðasta ári hafa fullt gagn af þessum aukna persónuafslætti, eða samtals 2800 kr. Ef sömu hjón hefðu haft 122.4 þús. kr. eða minna í laun á því ári, þá græddu þau ekki eyri á breytingunni. Ef þessar tölur eru yfirfærðar á tekjur þessa árs (1983) og skatta næsta árs, eins og þeir eru áætlaðir í fjárlagafrumvarpinu (28% hækkun), þá hafa sömu hjón fullt gagn af breytingunni ef tekjur þessa árs ná 166.4 þús. kr. eða hærri upphæð, en ekkert gagn ef tekjurnar verða 156.7 þús. kr. eða minna.

Einstætt foreldri með eitt barn, undir 7 ára aldri, hefur fullt gagn af breytingunni ef bruttótekjur síðasta árs voru 122 þús. kr. eða meira, en ekkert gagn ef tekjurnar voru 118.2 þús. kr. eða minna. Yfirfært á tekjur þessa árs og væntanlega skatta næsta árs, sbr. fjárlagafrumvarpið, þá verður fullt gagn af breytingunni ef tekjurnar verða 156.2 þús. kr. eða hærri, en ekkert gagn ef tekjurnar verða 151.3 þús. kr. eða minni.

Verulegur meiri hluti elli- og örorkulífeyrisþega kemur ekki til með að hafa neitt gagn af hækkun persónuafsláttar. Þannig þarf einstaklingur að hafa 104 þús. kr. í tekjur á þessu ári til að hafa gagn af breytingunni og hjón 202 þús. kr., en fullur elli- og örorkulífeyrir, með óskertri tekjutryggingu, nemur á þessu ári tæplega 77 þús. kr. og hjóna, sem bæði njóta fullrar tekutryggingar, tæplega 134 þús. kr.

Lagfæringar á skattalögunum, svo sjálfsagðar sem þær annars eru, koma þeim tekjulægstu, og þar með meiri hluta elli- og örorkulífeyrisþega, að alls engu gagni meðan sá hluti persónuafsláttar, sem ekki nýtist til greiðslu annarra gjalda, rennur til ríkissjóðs.

Ef nota á skattalögin, sem sjálfsagt er að gera, til að bæta hag þeirra tekjulægstu verður að greiða þennan hluta persónuafsláttar út til skattaðila á sama hátt og nú er gert við þann hluta barnabóta sem ekki gengur til greiðslu annarra gjalda. Þá er það álit minni hl. nefndarinnar að engin rök hnígi að því að barnabætur lækki um helming þegar börn ná 7 ára aldri.

Með þetta hvorttveggja í huga flytur minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali og leggur til að þannig breytt verði það samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Magnús H. Magnússon, frsm.	Ragnar Arnalds.

Ed. 133. Breytingartillögur [26. mál]

við frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK, MHM, RA).

Við 1. gr.

a) 2. mgr. orðist svo:

Sá hluti sérstaks persónuafsláttar skv. 1. mgr. og persónuafsláttur skv. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem ekki nýtist til lækkunar á gjöldum skv. 2. mgr. 68. gr. sömu laga, skal greiddur skattaðila í desembermánuði ár hvert. Ekki skal þó greiða persónuafslátt mönnum, sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né mönnum með samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 sem nema meira en 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr. sömu laga.

b) 3. mgr. orðist svo:

Enn fremur skal, auk barnabóta skv. 69. gr. sömu laga, greiða á gjaldárinu 1983 sérstakar barnabætur fyrir þau börn, er um ræðir í þeirri grein, er nemi 3000 kr. fyrir hvert barn. Um ráðstöfun þessa barnabótaauka fer eftir ákvæðum 69. gr.

Nd. 134. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til. l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi 17. nóv. og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Guðmundur Einarsson.

Alþingi, 17. nóv. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Ingvar Gíslason.	Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.

Sþ. 135. Fyrirspurnir. [108. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um kreditkort.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvað er fyrirhugað um löggjöf og reglugerðarsetningu varðandi útgáfu og notkun svonefndra kreditkorta?

II. Til landbúnaðarráðherra um eflingu kalrannsókna.

Frá Birni Dagbjartssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 27. apríl 1982 um eflingu kalrannsókna?

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um framhaldsrannsóknir á ilmenitmagni í Húnavatnssýslum, eiginleikum þess og vinnsluhæfni.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim ilmenitsvæðum, sem þekkt eru í Húnavatnssýslum, og leita nýrra svæða þar sem titanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni titans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf, fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði ekki afgreiðslu. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

„Vitað er um nokkra staði í Húnavatnssýslum þar sem ilmenit er að finna, en ilmenit er titansteind ($TiFeO_3$) sem er helsta titanhráefnið í heiminum sem unnið er nú.

Ilmenitið er unnið bæði úr bergi og sandi og er það aðallega í basísku djúpbergi (gabbróí).

Þeir staðir, sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum, þar sem ilmenit er að finna, eru Steinsvað í Víðidalsá, Urðarfell upp af Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan í Víðidalsfjalli, Deildarhjalli í Vatnsdalsfjalli og fleiri staðir. (Sjá fskj.)

Þær takmörkuðu rannsóknir, sem fram hafa farið á þessum stöðum, benda til þess, að þar geti verið um mikið magn af basísku bergi að ræða, og hafa frumrannsóknir sýnt athyglisvert magn af titani, auk málmsteinda, í berginu.

Árið 1978 var gefin út könnunarskýrsla Iðnþróunarstofnunar Íslands og Orkustofnunar um íslenskt ilmenit.


Fram kemur í skýrslunni að þótt hlutfall titans og annarra verðmætra efna í íslensku ilmeniti sé e. t. v. lágt miðað við það sem best gerist erlendis, þá sé tekið til vinnslu berg með sífellt minna innihaldi verðmætra efna með hverju árinu sem líður, þar sem auðugustu

námurnar eru nýttar fyrst og verið er að taka til vinnslu námur sem ekki þóttu vinnsluhæfar áður. Dæmi: kopargrýti 1942 1.1%, 1977 0,65%, 2000 (áætl.) 0,03%.

Þá virðast rannsóknir sýna að á Íslandi sé titanauðugt berg í allmiklum mæli á hverjum stað, einnig virðist kornastærð, aukaefni, harka bergsins o.fl., sem máli skiptir varðandi vinnsluhæfni, hagstætt íslenska ilmenitinu.

Með tilkomu nálægrar orkuvinnslu (Blönduvirkjunar), með tilliti til nálægðar tveggja þéttbýlisstaða, Hvammstanga og Blönduóss, og hafnaraðstöðu þar svo og með tilliti til þéttbýlla sveita í næsta nágrenni virðast ýmis skilyrði vera fyrir hendi til framkvæmda og framleiðslu ef þær rannsóknir, sem þingsályktunartillaga þessi gerðir ráð fyrir að fram fari, leiða í ljós að hagkvæmt sé að hefja vinnslu titans og annarra verðmætra efna á þeim stöðum sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Fylgiskjal



Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að benda sérstaklega á mismun þess að vinna dýrmæt hráefni til iðnaðarframleiðslu úr íslenskri jörð eða flytja hráefnið e. t. v. um hálfan hnöttinn hingað til vinnslu eins og gert er.

Þar sem nokkur vitneskja er þegar fyrir hendi um verðmæt efni í jörðu hér á landi, eins og að framan greinir, ber okkur að bæta við þá vitneskju með frekari rannsóknum, svo við vitum hvar við stöndum í þessum efnum, og vinna að verðmætasköpun með íslenskum höndum úr íslenskri jörð og með íslenskri orku, ef eða þegar hagkvæmt þykir. Það er með þessi grundvallaratriði í huga sem flm. flytja þessa þingsályktunartillögu og vonast til að hún njóti skilnings og fyrirgreiðslu Alþingis.“

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um fullnýtingu fiskafla.

Flm.: Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta nú þegar endurskoða lög nr. 81 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 32 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, og reglugerðir útgefnar samkvæmt framangreindum lögum með það að markmiði að fiskiskip verði skylduð til að koma með að landi allan fiskafla af öllum tegundum, svo og allan þann fiskúrgang sem til fellur í veiðiferð, enda sé tryggt að allur sá aflafengur sé verðlagður af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Greinargerð.

Sú tillaga, sem hér er flutt, miðar að því að taka af öll tvímæli um heimildir til sjávarútvegsráðherra að skylda fiskiskip til að koma með að landi allan fisk allra tegunda svo og hvers konar fiskúrgang sem til fellur í veiðiferð. Í 12. gr. laga nr. 81 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er bókstaflega gefið í skyn að fiski, sem ekki nær tiltekinni lágmarksstærð, megi ekki landa nema öðruvísi sé ákveðið. Greinin hljóðar svo:

„Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa mál. Skulu reglur um þessi ákvæði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.“

Í lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, segir m. a. í 1. gr. að ólöglegur sjávarafli sé sá afli eða hluti afla sem ekki nær lágmarksstærð þeirri sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum. Og í 2. gr. segir: „Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð ...“

Eftir setningu þessara laga, sem fyrst og fremst hafa verið hugsuð til verndar smáfiski, kom fljótt í ljós að mikill misbrestur mundi vera á því að undirmálsfiskur kæmi yfirleitt að landi, heldur væri fleygt í sjó. Sjávarútvegsráðherra setti því í reglugerð nr. 262 1977 ákvæði um lágmarksstærðir fisktegunda. 1. gr. hennar hljóðar svo:

„Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli, steinbítur og karfi.“

Þessari reglugerð var breytt 9. ágúst sama ár með því að orðið „skarkoli“ var fellt niður og auk þess sett inn heimildarákvæði fyrir þá, sem stunda handfæraveiðar, til að sleppa í sjóinn þorski undir lágmarksstærð. Þessa síðustu undantekningu verður að telja eðlilega þar sem handfærafiski er í flestum tilfellum vel lífvænt þó sleppt sé frá borði.

Þrátt fyrir þessi ákvæði í lögum og reglugerðum um lágmarksstærðir fisktegunda hafa deilur um veiðar á smáfiski síður en svo hjaðnað. Hvað hæst risu þessar deilur í lok síðasta árs. Engin leið hefur verið að komast að hinu sanna í þessum efnum þar sem skort hefur sönnunargögn og staðhæfing staðið gegn staðhæfingu. Stuðst hefur verið við sögusagnir en þær hafa stundum verið sérstaklega þrálátar. Því hefur meira að segja verið haldið fram í blaðaskrifum að hinar lélegu heimtur á þorskárgöngum, sem áttu skv. mælingum að vera sterkir, stafi af því að þessum tilteknu árgöngum hafi verið rutt fyrir borð sem 3ja ára undirmálsfiski. Ásökunum um smáfiskadráp hefur að langmestu leyti verið beint gegn togurum. Þó verður að teljast mjög ótrúlegt að togarar stundi eða hafi stundað smáfiskadráp í þeim mæli sem harðir gagnrýnendur hafa viljað vera láta. Hitt er svo annað mál að smáfiskur getur komið í vörpu togskipa, t. d. í fyrsta kasti á nýrri togslóð. Það hefur ætíð verið og verður framvegis háð dómgreind stjórnanda fiskiskips hvernig hann stundar veiðiskap með framtíðarsjónarmið í huga. Því verður ekki trúað að skipstjórar togskipa stundi vísvitandi dráp á undirmálsfiski í stórum stíl. Það verður heldur ekki séð að ákvæði um skyndilokanir og veiðieftirlitsmenn hafi getað eða geti hindrað slys í þessum efnum. Þá hefur því verið haldið fram að vegna ákvæða í lögum um upptöku ólöglegs afla sé smáfiski yfirleitt fleygt þó að hann sé allur dauður eða dauðans matur. Hér er um mjög ógeðfellda sóun á verðmætum að ræða sem verður að hindra með lagabreytingum. Með því að greiða lágmarksverð fyrir undirmálsfisk, en setja jafnframt nýjar reglur um viðurlög vegna undirmálsfisks í afla, á það að vera tryggt að smáfiskur verði að verðmætum án þess að tapað sé neinum möguleikum til að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski nema síður væri. Viðurlög við smáfiskadrápi gætu verið veiðileyfissvipting fyrir endurtekin brot, en ráðherra hefur boðað leyfisbindingu togveiða á næstunni.

Þá er það annar aðaltilgangur tillögunnar að tryggja betur nýtingu á fiskúrgangi, s. s. slógi, hrognum og lifur, og svokölluðum úrgangsfiski, t. d. kolategunda, gaddaskötu, blágómu, gulllaxi o. fl.

Nú er svo komið, og kunnara en frá þurfi að segja, að varla þarf að reikna með auknum fiskafla hér við land. Aukin verðmætasköpun í fiskiðnaði hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á betri meðferð og nýtingu þess sem aflað er. Auk verðmætasköpunar eru það oft umhverfissjónarmið sem leiða til þess að farið er að huga að nýtingu úrgangsefna. Það er því miður fremur fátítt hér á landi enn sem komið er, en rétt er þó að hafa það í huga að mengunarvaldur reynist oft vera verðmæti á röngum stað. Slóg úr bolfiski, þ. e. þorski og ufsa, er að jafnaði talið vera um 15—20% af þunga fisksins upp úr sjó, þar af er þriðjungur lifur og þriðjungur hrogn eða svil í kynþroska fiski. Allt þetta hverfur í hafið frá togurunum. Þó að það sé að jafnaði e. t. v. eitthvað minna af innyflum í smærri þorski og þó að bolfiskafli togara verði ekki nema 200 þúsund tonn á ári, þá erum við samt að tala um nálægt 40 000 tonnum, þar af þriðjungurinn lifur eða um 10 000 tonn af lýsi að verðmæti um 150 milljónir króna á ári.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur í allmörg ár bent sérstaklega á eina leið til að nýta þessar aukaafurðir um borð í veiðiskipunum, og það er með svokallaðri **meltuvinnslu.** Þessi aðferð hefur verið ítarlega rædd og rakin víða, en hún byggist á því að blanda slóg og fiskúrgang sýru og láta síðan meltingarsafana um að leysa upp vefina í þykka súpu sem er rotvarin af sýrunni um leið. Meltuvinnsla um borð hófst í Vestmannaeyjatogara í sumar. Úr henni var framleitt meltuþykkni og selt til Gunnarsholts þar sem úr því voru gerðir fóðurkögglar. „Fóður og fræ“ í Gunnarsholti mun nú byggja upp slíka fóðurblöndunarstöð í stað þeirrar sem brann þar í haust. Þá er nýlokið við að setja fullkominn meltubúnað í Kambaröst SU, verið að setja sams konar tæki í Dagrúnu ÍS. Einn Akureyrartogari bíður eftir slíkri breytingu og fleiri hafa fengið teikningar og upplýsingar. Þó að e. t. v. verði ekki hægt að selja alla meltu í fóðurstöðvar strax, þá er alltaf hægt að skilja lýsið úr í hvaða

fiskimjölsverksmiðju sem er og þurrka eggjahvítu og steinefni í mjöl. Lýsið eitt ætti að duga fyrir afskriftum af búnaði og aflahlut en fyrirhöfn áhafnar verður engin umfram venjulega slægingu. Meltan sjálf er hrein aukageta sem getur orðið drjúg, ekki síst þar sem hægt verður að nýta svokallaðan ruslfisk og smáfisk sem menn slysast til að drepa.

Á Alþingi 1977 var samþykkt þingsályktunartillaga frá Sigurlaugu Bjarnadóttur þar sem skorað var á ríkisstjórnina að gera könnun á því hvernig fullnýtingu hrogna og lifrar yrði við komið. Svo er að sjá á útflutningsskýrslum að nýting hrogna hafi a. m. k. ekki dregist saman á undanförnum árum. Stafar það að nokkru leyti af því að áhafnir hafa fengið að hirða og salta hrogn um borð. En það verður því miður ekki sagt um lifrarnýtingu. Á árinu 1983 hefur Lýsi hf., langstærsti lýsisframleiðandi landsins, ekki tekið á móti neinni lifur frá togurum og árið 1982 voru það innan við 10 tonn. Heildar-þorskalýsisframleiðslan var, þegar best lét á árunum fyrir 1965, 3.5–4% af heildar-aflamagni þorsks og ufsa, en hefur undanfarin 6–8 ár verið innan við 1%. Á met-aflaárinu 1981 má ætla að allt að 25 000 tonn af þorskalýsi, að núvirði um 400 milljónir króna, hafi farið til spillis. Þá má og benda á það að niðursuðuverksmiðjur hefur skort lifur til niðursuðu.

Einnig skal vakin athygli á þingsályktunartillögu Guðmundar G. Þórarinssonar o. fl. vorið 1981 um lífefnavinnslu, m. a. úr fiskinnyflum. Þessi og aðrar ofangreindar framleiðslugreinar úr fiskúrgangi eru og yrðu að öllum líkindum landbundnar og hráefnið verður því að koma að landi. Hins vegar er möguleiki á vinnslu um borð á úrgangsfiski og smáfiski í frystar afurðir, t. d. í refafóður eða marning með sérstökum vélasamstæðum. Við Íslendingar höfum nú eignast a. m. k. þrjú verksmiðjuskip sem geta unnið og fryst afla um borð. Við framleiðslu fiskflaka ganga u. þ. b. 60% af þunga slægðs fisks úr sem hausar og bein. Þó að beinaverð til fiskmjölsframleiðslu eða refafóðurs sé e. t. v. ekki ýkja-hátt þá er ótækt að láta henda slíkum úrgangi í sjóinn. Við má búast að frystitogurum fjölgi og gefur það auga leið hvernig umhorfs yrði á miðunum ef úrgangi frá 30 skipum væri fleygt á veiðislóðinni, en sjómenn annarra skipa telja úrgang þessara tveggja frystitogara þegar mjög áberandi. Því er nauðsynlegt að grípa þegar í taumana og skylda verksmiðjuskip til að hirða sinn úrgang og koma með að landi frystan, meltan eða þurrkaðan. Sams konar skyldur ættu að fylgja grásleppuveiðunum. Það er ófært að fyrir hverja tunnu af hrognum sé hálfu tonni af úrgangi fleygt í sjóinn.

Að lokum skal það ítrekað að til þess að megintilganginum með flutningi þessarar tillögu verði náð og allur fiskafli, sem veiðist, komi að landi er talið óhjákvæmilegt að fyrir hann sé greitt lágmarksverð. Í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins er kveðið á um það að ráðið skuli verðleggja allan fiskafla. Það er þó mögulegt að á meðan verðlagsgrundvöllur er að skapast fyrir það sjávarfang, sem lögin skylda sjómenn til að flytja að landi, verði til að koma opinber ábyrgð á lágmarksgreiðslum til seljenda. Í því sambandi má benda á að löndunarkostnaður, ís o. fl. eru útgjöld sem ekki er hægt að horfa fram hjá.

Nú er unnið að endurskoðun á reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski. Það skiptir miklu að þar sé tekið tillit til anda þessarar þingsályktunartillögu, ef samþykkt verður, t. d. að því er varðar skyldur sjómanna til að koma með slægðan fisk að landi að sumarlagi.

Í janúarlok s. l. skilaði nefnd undir formennsku Jóns B. Jónassonar skrifstofustjóra sjávarútvegsráðuneytisins drögum að frumvarpi til endurskoðaðra laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Frumvarpið var ekki lagt fram á síðasta þingi og munu frekari breytingar á einstökum greinum vera fyrirhugaðar. Það er nauðsynlegt að þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á lögunum, taki mið af anda tillögunnar sem nú liggur fyrir ef samþykkt verður.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um heimild til bruggunar og sölu meðalsterks áfengs öls.

Atkvæðagreiðslan fari fram samtímis næstu alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum, hvorar sem á undan verða.

Greinargerð.

Tvisvar áður, hin síðari ár, hefur bruggun og sala áfengs öls komið til kasta Alþingis í frumvarpsformi. Þau mál fengu mikið umtal, innan þings og utan. Annað var fellt. Hitt fékk ekki afgreiðslu.

Í þessari þingsályktunartillögu er **ekki** gert ráð fyrir því, eins og í fyrri tilvikum, að Alþingi sjálft taki endanlega ákvörðun í málinu, heldur verði því skotið til ákvörðunar þjóðarinnar í almennri atkvæðagreiðslu, eins og raun er á um aðrar meiri háttar breytingar er varða áfengislög. Einnig eru ákvarðanir um opnun eða lokun áfengisútsölu teknar í almennum atkvæðagreiðslum í viðkomandi sveitarfélagi.

Flutningsmenn gera ekki lítið úr þeirri hættu sem neyslu áfengis fylgir né þeirri ógæfu sem af ofneyslu þess hlýst. Hins vegar finnst flutningsmönnum það skjóta nokkuð skökku við að banna sölu á veikustu tegundum áfengis með öllu en leyfa ótakmarkaða sölu á sterkustu tegundum þess. Það sýnist svipað og að banna sölu á magnyl en leyfa sölu á morfíni.

Fram á 16. öld var áfengt öl, mjöður, notað í allmiklum mæli hér á landi og er ekki vitað til þess að um áfengisvandamál hafi þá verið að ræða. Það kom fyrst þegar farið var að flytja brennda drykki til landsins.

Andstæðingar áfengs öls hafa einkum uppi þau rök að það muni bætast við þá áfengisneyslu sem fyrir er, ekki koma í staðinn fyrir hana. Það telja þeir vera reynslu annarra þjóða þar sem ölið hefur verið leyft eftir langvarandi bann. Það má rétt vera, en í þeim tilvikum hefur sala ölsins verið leyfð í öllum matvöruverslunum. Flm. telja að áfenga ölið eigi einungis að selja í verslunum Á.T.V.R. í heilum og hálfum kössum og í þeim veitingahúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, og til útflutnings. Annars er reynsla flestra þjóða sú að áfengisneysla hefur aukist hin síðari ár, hvort sem áfengt öl hefur verið leyft eða ekki. Einnig skal það undirstrikað að hér er átt við meðalsterkt öl, ekki sterkari tegundir þess.

Ekki má gleyma því að leyfður er innflutningur á ölgerðarefnum sem margir notfæra sér og brugga þá oftast mun sterkara öl en áfengislögin leyfa og sterkara en það öl sem hér er talað um. Auk þess hafa ýmsir í framhaldi af því leiðst út í eimingu og þar með bruggun sterkra vína. Það er afleitt að hafa lög í landi sem fáir virða og ekki er unnt að framfylgja. Það venur menn á lögbrot og slíkum lögum ber að breyta.

Auðvitað má endalaust deila um þessa hluti, enda sýnir reynslan það. Ýmis rök finnast á móti sölu áfengs öls, en miklu fleiri með að mati flutningsmanna, a. m. k. á meðan áfengissala er á annað borð leyfð.

Flutningsmenn telja eðlilegast að þjóðin sjálf skeri úr í þessum efnum í almennri atkvæðagreiðslu og því er þingsályktunartillagan flutt.

Í framhaldi af þeirri atkvæðagreiðslu, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þarf að fylgja formleg breyting á 7. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, ef það reynist vilji meiri hluta kjósenda.

Sþ. 139. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um könnun og nýtingu bújarða (ríkisjarða) í þágu aldraðra.

Flm.: Helgi Seljan, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta bújarðir (ríkisjarðir sérstaklega) í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með nauðsynlegri aðstoð og aðhlynningu.

Reynt yrði einnig að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur nokkrum sinnum áður verið flutt, en aldrei orðið útrædd. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð, lítillega breytt.

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævikvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþykkt í formi þingsályktunar fyrir nokkrum árum, en fyrsti flm. þeirrar tillögu þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og snögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem á högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þingsályktun beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólki, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hin dæmin munu þó, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. eru þess fullvissir að þessa könnun sé rétt að gera og það sem besta, því með þessu móti gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við

miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari tillögu er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólki, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum, sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hið besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því ítarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólki í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einangrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluaðstöðu, en þeim þéttbýlisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþýðubandalagsmenn fengu samþykkta vorið 1979 tillögu um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Því telja flm. þessarar tillögu rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður mun skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks, sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Með tilkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra og lána frá Húsnæðisstofnun til þessara verkefna hlýtur að verða unnið rösklegar að þessum málum á næstunni. Brýnt er því að kanna rækilega, hvort fyrirkomulag það, sem hér er ráð fyrir gert, eigi ekki að koma til greina í þeirri heildaruppbyggingu sem mun eiga sér stað í vaxandi mæli.

Nánar í framsögu.

Sþ. 140. Fyrirspurnir. [113. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fjárhagsstöðu og verkefni Námsgagnastofnunar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða horfur eru á að Námsgagnastofnun geti fullnægt þörfum skólanna fyrir námsgögn á næstunni og sinnt lögboðnu hlutverki sínu með tilliti til fjárveitinga samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984?

II. Til menntamálaráðherra um fræðslu í skólum, sjónvarpi og hljóðvarpi um skaðsemi fíkniefna.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Hyggst menntamálaráðuneytið gera ráðstafanir til þess að auka fræðslu í skólum landsins um skaðsemi fíkniefna vegna mjög vaxandi neyslu þeirra meðal unglinga?
2. Er ætlunin að hefjast handa á næstunni um gerð hljóðvaps- og sjónvarpsefnis þar sem fjallað er um það vandamál sem fíkniefnaneysla er orðin í íslensku þjóðfélagi?

III. Til félagsmálaráðherra um endurskoðun á tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hvað líður athugun á að flytja verkefni og tekjustofna í áföngum frá ríki til sveitarfélaga svo sem greint er frá í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1984?
2. Hverjir vinna að athuguninni?
3. Hvaða tekjustofna er um að ræða?
4. Hvaða verkefni er um að ræða?
5. Liggja fyrir upplýsingar um:
   a) tekjuauka sveitarfélaganna af nýjum tekjustofnum;
   b) útgjaldaaukningu sveitarfélaganna vegna nýrra verkefna?
6. Liggja fyrir upplýsingar um hvernig fyrirhuguð tekju- og verkefnatilfærsla kemur við sveitarfélögin eftir gerð þeirra:
   a) stór þéttbýlissveitarfélög;
   b) lítil þéttbýlissveitarfélög;
   c) sveitarfélög í dreifbýli?
7. Hvenær má búast við að athuguninni ljúki?

IV. Til dómsmálaráðherra um flutning frumvarps um lögréttu og endurbætur í dómsmálum.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Hyggst dómsmálaráðherra endurflytja á þessu þingi frumvarp um lögréttu?
2. Ef svo er ekki, á hvern hátt er þá ætlunin að stuðla að réttareiningu í störfum Hæstaréttar og leysa þann vanda sem skapast hefur vegna hins mikla fjölda mála sem þar bíða flutnings?

V. Til dómsmálaráðherra um átak gegn útbreiðslu ávana- og fíkniefna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hyggst dómsmálaráðherra efla toll- og löggæslueftirlit vegna stóraukinnar útbreiðslu á ávana- og fíkniefnum eða gera á annan hátt átak til að fyrirbyggja að fíkniefni berist til landsins?

Sþ. 141. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna og framhald samningaviðræðna í Genf.

Flm.: Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson, Páll Pétursson, Haraldur Ólafsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Árni Gunnarsson, Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á vettvangi Evrópuríkja að viðræðum um takmörkun kjarnavopna í Genf verði haldið áfram, að frekari uppsetning kjarnaflugvopna í löndum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins verði stöðvuð og næstu sex mánuðir notaðir til raunverulegra tilrauna til að ná samkomulagi um fækkun kjarnorkuvopna í Evrópu.

Greinargerð.

Augljóst er að flestir íbúar í aðildarríkjum NATO eru á þeirri skoðun að ekki skuli setja upp fleiri kjarnaflugvopn í Evrópu heldur fækka þeim sem fyrir eru. Tillaga sú, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir að Sovétríkin og Bandaríkin stöðvi uppsetningu kjarnaflugvopna og samningaviðræðum um fækkun þessara vopna verði haldið áfram af auknum krafti.

Uppsetning Sovétríkjanna á SS-20, SS-4 og SS-5 kjarnaflugvopnum stofnar heimsfriði og öryggi í stórfellda hættu. Fullvíst er og að uppsetning þessara ógnarvopna bætir ekki samningsstöðu þeirra nema síður sé. Sú hótun, sem í uppsetningunni felst, er tvíbent þegar litið er til þess að beiting þessara vopna leiðir ekki aðeins tortímingu og dauða yfir Vestur-Evrópubúa heldur einnig bandamenn Sovétríkjanna og þau sjálf. Hið sama gildir um uppsetningu Pershing II og stýriflauganna. Tilvist þessara vopna er nöturleg staðreynd sem hefur jafnmikið vægi við samningaborðið hvort sem þeim er komið fyrir eða ekki.

Uppsetning þessara eldflauga veikir aftur á móti þann siðferðilega bakhjarl sem vestrænir samningsaðilar geta átt í evrópskum friðarhreyfingum í dag. Flm. telja að Sovétríkin og Bandaríkin hafa í samningaviðræðunum í Genf verið of upptekin af áróðursstríði.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir því að stórveldin verði knúin til þess að halda uppi alvarlegum samningaviðræðum nú á elleftu stundu.

Ed. 142. Frumvarp til laga [115. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

1. gr.

Lífeyrissjóður bænda starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þ. m. t. aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

Launþegar er stunda störf við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum, sambúðarkonum eða sambúðarmönnum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila er um ræðir í þessari málsgrein.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Ráðherra er fer með málefni lífeyrissjóða skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórn skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af stjórn Stéttarsambands bænda en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandi bænda sameiginlega. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um tilnefningu endurskoðanda skal hann tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við aðra aðila um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum, að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn til ársloka 1985. Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteign.

Heimilt er sjóðstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa o. fl. stofnana er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðstjórn heimilt að víkja frá þessu í byggðarlögum sem Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki tryggingafræðingi rannsókn leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem á vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða hærra iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti af verði til framleiðenda. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótframlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvað teljast skuli laun í þessu sambandi. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Aðilar sem taka búvörur bænda til sölu, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda skulu annast innheimtu mótframlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. samkvæmt fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og skal þá endurgreiða það sem umfram er eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns vegna búrekstrar, sbr. 1. mgr. 7. gr., skulu skiptast milli þeirra til helminga. Nái iðgjald þessara sjóðfélaga vegna búrekstrar ekki því hámarki er um getur í 1. mgr. 7. gr. og hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa rétt til lífeyris í þessum sjóði eða öðrum getur sjóðstjórn þó fallist á umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Aldrei getur slík skipting þó leitt til þess að hærra iðgjald sé reiknað sjóðfélaga vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds einhleyps bónda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. Falli iðgjöld annars niður vegna aldurs, töku ellilífeyris eða fráfalls skal með sömu takmörkunum reikna hinu iðgjöld vegna búrekstrarins. Verði annar sjóðfélaginn öryrki í þeim mæli sem í 10. gr. segir skal skipting ákveðin á ný í samræmi við orkutap, þó aldrei fyrr en frá byrjun þess árs er úrskurður um orkutap er kveðinn upp.

Að lokinni skiptingu samkvæmt 1. mgr. skulu samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 6 mánaða frá lokum almanaksárs og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð fast mánaðarkaup miðað við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig hvers árs reiknast þannig að deilt skal með viðmiðunarlaunum ársins í 24-föld iðgjöld sjóðfélagans fyrir það árið.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs er taka ellilífeyris hefst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 0,5 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs um 0,4% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, annað hvort samfleytt undanfarandi 18 mánuði eða undanfarandi þrjú almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. verða hærri en nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, atvinnuleysis eða slæms árferðis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örokulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorka óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess almanaksárs er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum sem af 1. mgr. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarandi 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum í þrjú ár eftir andlátið, enda hafi hjónabandið þá staðið a. m. k. í tvö ár. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir þó veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma.

Kjörbarn þeirra skapar sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. mgr., enda hafi ósk um aðild að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. borist sjóðnum a. m. k. einu ári fyrir andlátið. Nú annast sambúðarmaður eða -kona eða systkini sjóðfélaga heimili hans án þess að vera sjálft sjóðfélagi og er þá stjórn sjóðsins heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélagans um sams konar rétt hlutaðeigandi manni til handa.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum sem tiltekinn er í 1. mgr. ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri eftir 67 ára aldur hins eftirlifandi maka. Aldrei skal makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein þó vera hærri en svo að hann svari til 40 stiga að frádregnum þeim stigum sem hinum eftirlifandi maka hafa sjálfum verið reiknuð. Taka skal á hliðstæðan hátt tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum.

Upphæð fulls makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar 10. gr., en síðan til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem undanfarna 6 mánuði hefur greitt iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyri þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 4. mgr. 11. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma sé uppfyllt. Sama gildir ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af öðrum ástæðum en veikindum af starfi, er veitti honum aðgang að sjóðnum, telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur og öðlast a. m. k. 0,5 stig fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda til sjóðfélaga er óheimil nema þegar svo stendur á sem greinir í 5. mgr. 7. gr., sbr. enn fremur ákvæði 15. gr. um flutning milli lífeyrissjóða.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. Hafi náð 70 ára aldri.
b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
c. Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum veldur það þó ekki réttindamissi, ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður, sem öðlast hafði rétt til lífeyris samkvæmt 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði, að hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð, sbr. 2. mgr. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn

sjóðsins heimilt að veita systkini bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði eldri laga um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal viðmiðunarlauna, sbr. 2. mgr. 8. gr., næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna, ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést, og verið yngri en 67 ára, skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 3. mgr. 17. gr. taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt 9.–11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. mgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. og 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður auk réttindatíma sem bóndi jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð, sem hvor aðili hefði greitt, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu er nema 1/4 viðmiðunarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en 3/4 skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. og 18. gr. greitt að 37,5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62,5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Þeir bændur sem telja sig eiga rétt til lífeyris samkvæmt 18. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar er sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

Skylt er þeim, er nýtur lífeyris samkvæmt 18. gr. sem kvæntur bóndi, að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðarmaður eða -kona fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðstjórn krafist dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess að tilkynning um hjúskap hefur ekki borist henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Upphaf sjóðsaðildar vegna óvígðrar sambúðar og skyldur þær og réttindi samkvæmt I. kafla er af henni leiða miðast við þann tíma er skrifleg ósk beggja aðila hefur borist sjóðstjórn. Úrganga úr sjóðnum vegna slita á óvígðri sambúð og brottfall slíkra réttinda og skyldna er af því leiða miðast við þann tíma er skrifleg tilkynning annars sambúðaraðila um sambúðarslitin berst sjóðstjórn.

22. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

23. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Árin 1984 og 1985 skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla hvort ár fyrir sig, miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi 5 almanaksára.

25. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla ef sjóðurinn er talinn þess megnugur með hliðsjón annars vegar af kaupgjaldsþróun og hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna hans.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun viðmiðunarlauna samkvæmt 8. gr. frá því sem þau voru á því tímabili er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingurinn hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á viðmiðunarlaunum. Lækki viðmiðunarlaun skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. mgr.

26. gr.

Stig, sem sjóðfélagar hafa áunnið sér til ársloka 1983 og miðuð eru við grundvallarlaun sjóðsins eins og þau hafa verið til þess tíma samkvæmt eldri lögum, skulu umreiknuð í stig samkvæmt 3. mgr. 8. gr. þannig, að hvert stig samkvæmt eldri lögum jafngildi 1 ⅓ stigi samkvæmt lögum þessum. Hundraðshlutar þeir sem réttindi samkvæmt II. kafla miðast við, sbr. 1. mgr. 18. gr., skulu breytast í sama hlutfalli.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga þau ár sem hjónabandið eða sambúðin hefur staðið fram til ársloka 1983 skipt að jöfnu, sbr. þó 5. mgr.

Um lífeyrisgreiðslur samkvæmt I. kafla fram til ársloka 1983 fer eftir eldri lögum. Þeir sem njóta lífeyris í árslok 1983 skulu frá 1. janúar 1984 taka lífeyri samkvæmt lögum þessum, nema þeir eigi betri rétt samkvæmt eldri lögum.

Falli sjóðfélagi frá eftir árslok 1983 helst réttur til makalífeyris samkvæmt 11. gr. laga nr. 101/1970, sbr. lög nr. 67/1974, vegna stiga sem áunnin hafa verið til ársloka 1983, að því leyti sem hann er betri en réttur samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. mgr. Slíkur réttur skal þó einungis miðast við áunnin stig án framreiknings.

Nú óskar bóndi, sem fæddur er árið 1915 eða síðar, eftir skiptingu réttinda, sem áunnin eru fyrir árslok 1983, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. og miðað við þann tíma er hjúskapur eða sambúð hefur staðið, sbr. síðasta málslið 1. mgr. 7. gr., og skal þá orðið við slíkri ósk, enda berist hún stjórn sjóðsins ásamt samþykki maka eða sambúðaraðila fyrir árslok 1984. Það er enn fremur skilyrði fyrir slíkri skiptingu, að taka lífeyris samkvæmt ákvæðum eldri laga hafi ekki átt sér stað. Við skiptinguna fellur niður réttur sá sem nefndur er í 4. mgr. og skiptingin veitir ekki rétt til lífeyris vegna orkutaps eða fráfalls sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1983.

27. gr.

Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð er ráðherra sem fer með málefni lífeyrissjóða setur að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, svo og lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980, lög nr. 84/1980 og lög nr. 100/1982, um breyting á þeim lögum.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

Árið 1984 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að í stað þess að reiknast af viðmiðunarlaunum áranna

1979—1983, sbr. 1. mgr. 18. gr. og 24. gr., miðist lífeyrir frá 1. janúar 1984 við 80,1% af þágildandi viðmiðunarlaunum. Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla skal reiknaður á sama hátt, þó þannig, að miðist lífeyrir við fleiri stig en 40 verði einungis sá lífeyrir er svarar til 40 stiga reiknaður á þennan hátt, en um afganginn fari eftir ákvæðum 24. og 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar á árinu 1984, sem greidd er lífeyrisþegum er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í september 1982 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að fjalla um endurskoðun á lögum um lífeyrissjóð bænda. Skyldi nefndin sérstaklega gera tillögur til breytinga á þeim reglum er fjalla um lífeyrisrétt hjóna og sambúðarfólks. Í nefndinni áttu sæti þeir Árni Kolbeinsson, Bjarni Þórðarson, Guðjón Hansen og Gunnar Guðbjartsson. Tilefnið að skipun nefndarinnar var umfjöllun kjörmannafunda, aðalfundar og stjórnar Stéttarsambands bænda á árinu 1981 um breytingar á lífeyrissjóðslögunum. Samþykkti aðalfundur Stéttarsambandsins árið 1981 ályktun um þetta efni og hinn 5. nóvember það ár samþykkti stjórn sambandsins ályktun mjög svipaðs efnis. Í þessum ályktunum er talið að þrjú atriði laganna þarfnist endurskoðunar eða nánari könnunar. Í fyrsta lagi skuli mökum bænda tryggð sjálfstæð aðild að sjóðnum, þannig að lífeyrisréttur hjóna verði jafn. Í öðru lagi þurfi að kanna möguleika á skylduaðild launþega í landbúnaði að sjóðnum. Í þriðja lagi verði athuguð hvort tímabært sé að lækka aldursmarkið til töku lífeyris úr sjóðnum.

Nefndin fjallaði um öll þau atriði í lögum um lífeyrissjóð bænda sem að framan getur. Ljóst varð og að ýmis önnur atriði laganna þörfnuðust endurskoðunar vegna breyttra aðstæðna og breyttrar almennrar löggjafar um lífeyrismál. Varð niðurstaðan sú í nefndinni að stefnt skyldi að heildarendurskoðun laganna. Skilaði nefndin tillögum sínum í júlímánuði 1983 og er frumvarp þetta byggt á þeim.

Meginatriði frumvarpsins.

1. Sjálfstæður lífeyrisréttur maka bænda og aukinn réttur hjóna.

Í frumvarpinu er lagt til að hjón verði hvort um sig sjálfstæðir sjóðfélagar og öðlist þannig sjálfstæðan rétt til elli- og örorkulífeyris og eftirlifendur þeirra til maka- og barnalífeyris. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að iðgjöld bónda og maka hans skiptist milli þeirra til helminga (1. mgr. 8. gr.). Sama gildir um skiptingu iðgjalda milli bónda og sambýlings hans ef uppfyllt eru nánari skilyrði um sambúðina (1. mgr. 2. gr.) og skrifleg ósk um aðild sambýlingsins berst sjóðstjórn. Samhliða þessu er lagt til að iðgjaldahámark bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð sé samtals fyrir hjónin bæði jafnt tvöföldu iðgjaldahámarki einhleyps bónda (2. mgr. 7. gr.) í stað þess að hámarkið er nú 50% hærra fyrir bændur í hjúskap. Jafnframt er lagt til að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga þess efnis að iðgjaldagreiðslur umfram tiltekið mark er svarar til framleiðslu meðalbús veiti einungis skert réttindi. Stjórn sjóðsins getur samþykkt frávik frá reglunni um jafna skiptingu iðgjalda milli hjóna ef annað hjóna hefur atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa sjálfstæðan lífeyrisrétt, en aldrei má slíkt frávik þó valda því að öðru hjóna séu reiknuð hærri iðgjöld en nemur hámarki fyrir einhleypan bónda. Með þessum ákvæðum er að því stefnt að réttindin skiptist jafnt milli hjóna. Ekki er hins vegar gert ráð

fyrir að hróflað verði við þegar áunnum réttindum og haldast þau á nafni bóndans eins. Við skilnað eða sambúðarslit heldur maki sjóðfélaga að sjálfsögðu núverandi rétti til jafnrar skiptingar stiga, áunninna samkvæmt núgildandi reglum. Þá er gert ráð fyrir að maki haldi rétti sínum til makalífeyris eftir núgildandi reglum vegna áunninna stiga fram til ársloka 1983, en þó án framreiknings. Ætla má að sjóðfélögum fjölgi frá því sem nú er um 70—75% við sjálfstæða aðild maka að sjóðnum.

2. Breyttar reglur um makalífeyri.

Sjálfstæð aðild maka og sambúðaraðila bænda að lífeyrissjóði breytir viðhorfum til þess afleidda makalífeyrisréttar sem um er fjallað í 11. gr. núgildandi laga, enda er þess að vænta að hin almenna þróun í þjóðfélaginu til aukinnar hlutdeildar beggja hjóna í atvinnulífinu muni leiða til þess að réttur til makalífeyris hjá lífeyrissjóðum almennt verði á næstu árum skertur nokkuð. Samkvæmt frumvarpinu er réttur til makalífeyris almennt bundinn við fyrstu þrjú ár eftir andlát sjóðfélaga, enda hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarna 18 mánuði og hjónabandið staðið í tvö ár eða lengur. Er hér um verulega styttingu á tímabili makalífeyrisgreiðslna að ræða frá núgildandi ákvæðum, en samkvæmt þeim er réttur til makalífeyris ekki bundinn neinum tímamörkum frá andláti sjóðfélaga. Frá reglunni um að makalífeyrisgreiðslur standi ekki lengur en þrjú ár frá andláti hins skammlífara er gert ráð fyrir tveimur undantekningum. Annars vegar skal makalífeyrir veittur til 18 ára aldurs sameiginlegs barns hins látna sjóðfélaga og makalífeyrisþega án tillits til hjúskapartíma og hins vegar er opnuð heimild fyrir sjóðstjórn til að greiða makalífeyri eftir hið almenna þriggja ára tímabil ef hið eftirlifandi skortir 50% eða meira á fulla starfsorku eða er orðið 67 ára að aldri.

3. Stigagrundvöllur.

Hjá lífeyrissjóðum, sem nota stigaútreikning til að ákvarða lífeyrisréttindi sjóðfélaga, hafa svonefnd grundvallarlaun það hlutverk að vera mælikvarði á réttindi sem iðgjöld hvers árs veita. Enn fremur er gert ráð fyrir að við breytingar á lífeyrisfjárhæðum sé tekið mið af breytingum á grundvallarlaunum.

Í gildandi lögum um Lífeyrissjóð bænda er ákveðið að grundvallarlaun sjóðsins skuli reiknuð fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Skulu grundvallarlaunin nema samanlögðu dagvinnukaupi bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættu 10—20% álagi.

Óhjákvæmilegt er að endurskoða stigagrundvöllinn. Samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju er ekki lengur tilgreint í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, heldur er nú talin í einu lagi vinna bónda og fjölskyldu hans og aðkeypt vinna. Þá hefur stóraukin verðbólga valdið því að sú aðferð að ákveða grundvallarlaun fyrirfram einu sinni á ári er orðin afar ónákvæm. Aðrir lífeyrissjóðir, sem nota stigagrundvöll, munu nær undantekningarlaust reikna grundvallarlaun mánaðarlega.

Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lagt til að stigagrundvöllur sjóðsins verði framvegis miðaður við fast mánaðarkaup samkvæmt næstlægsta taxta Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Eru þetta sömu grundvallarlaunin og við er miðað í lögunum um eftirlaun til aldraða. Fullnægja þau þeirri kröfu að vera allskýr og ótvíræð, jafnframt því að breytast reglulega í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um umreikning eldri stiga til hins nýja kerfis. Samkvæmt því samsvarar hvert stig samkvæmt núgildandi ákvæðum 1⅓ stigi samkvæmt frumvarpinu. Er þetta hlutfall í samræmi við það sem var á árunum 1978—1982.

4. Sjóðsaðild launþega í landbúnaði.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samkvæmt 3. mgr. 2. gr. gildandi laga heimild til að taka launþega í landbúnaði í tölu sjóðfélaga. Hins vegar er samkvæmt gildandi lögum hvorki um að ræða skyldu sjóðsins til að veita launþegum viðtöku né skyldu launþega í landbúnaði til aðildar að sjóðnum. Líkur benda til að misbrestur sé nú á að fullnægt sé tryggingarskyldu launþega í landbúnaði samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980. Mundu ákveðnari reglur um aðild þessara manna að tilteknum sjóði auðvelda allt eftirlit með því að skyldunni væri fullnægt. Gert var úrtak bænda úr sjóðfélagaskrá Lífeyrissjóðs bænda og kannað hverjir hefðu haft launþega í þjónustu sinni, hver væri aldur launþeganna, vinnuvikufjöldi og laun. Í ljós kom að um 40% þeirra bænda er í úrtakinu lentu höfðu greitt laun á árinu 1981. Fjöldi launþega var 1,8 á hvern launagreiðanda að meðaltali en 0,75 á hvern bónda í úrtakinu. Meðalvinnuvikufjöldi hvers launþega reyndist vera rúmlega 10. Yfirgnæfandi meirihluti launþega var ungur að árum. Voru 14% þeirra yngri en 16 ára og 50% á aldursbilinu 16—24 ára og 36% 25 ára og eldri. Þó að úrtak það sem unnið var úr væri lítið og ekki vandlega valið má ætla að könnunin bendi til þess að

— aldursskipting launþega í landbúnaði sé mjög hagstæð frá sjónarmiði lífeyrissjóðs,
— skylduaðild launþega í landbúnaði mundi leiða til um 60—70% fjölgunar sjóðfélaga frá því sem nú er,
— flestir hinna nýju sjóðfélaga myndu ávinna sér tiltölulega lítil lífeyrisréttindi vegna stutts starfstíma í landbúnaði.

Stærsti vandinn við skylduaðild launþega í landbúnaði er eflaust tengdur innheimtu iðgjalda og eftirliti með því að aðildarskyldu að sjóðnum sé fullnægt. Þessi vandi er þó þegar fyrir hendi varðandi þessa launþega og er engin ástæða til að ætla að Lífeyrissjóður bænda sé vandanum síður vaxinn en aðrir þeir lífeyrissjóðir sem þyrftu að takast á við hann ef skylduaðild launþega í landbúnaði að Lífeyrissjóði bænda verður ekki lögbundin. Því er lagt til í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að upp verði tekin skylduaðild launþega í landbúnaði að sjóðnum. Þessi skylduaðild er þó háð því að launþeginn eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Þrátt fyrir þvílíka skipan er þó engan veginn tryggt að skil verði á iðgjöldum til lífeyrissjóðs fyrir alla launþega í landbúnaði, og er það hluti af þeim almenna vanda sem er á framkvæmd ákvæða laga nr. 55/1980, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

5. Áhrif frumvarpsins á fjárhag sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif þeirra breytinga sem í frumvarpinu felast verði þau að iðgjöld og framlög til sjóðsins hækki um því sem næst 12% og framtíðarskuldbindingar vaxi um sama hundraðshluta. Tekjuaukningin stafar annars vegar af því að tekjumörk þau, sem iðgjaldsskylda miðast við, hækka, og er áætlað að sú breyting valdi um 7% hækkun heildarfjárhæðar iðgjalda og framlaga. Hins vegar er um að ræða beina almenna iðgjaldahækkun til að vega á móti aukningu skuldbindinga, og er sú hækkun talin nema um 5%. Aukningu skuldbindinga má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er talið að afnám skerðingar, sem átt hefur sér stað á réttindum þeirra sem ávinna sér meira en eitt stig á ári samkvæmt núgildandi lögum, auki skuldbindingar um 9—10%. Í öðru lagi veldur hækkun áðurnefndra tekjumarka um 7% aukningu skuldbindinga. Í þriðja lagi eru breytingar á bótaákvæðum, aðrar en afnám nefndrar skerðingar, taldar hafa í för með sér um 4% heildarlækkun skuldbindinga. Útgjöld til makalífeyris lækka, en skipting stiga milli hjóna og sambúðarfólks ásamt lengri meðalævi kvenna en karla valda aukningu skuldbindinga, og einnig munu útgjöld til barnalífeyris vaxa.

Samkvæmt framanrituðu hefur verið leitast við að halda fjárhagsgrundvelli sjóðsins í horfinu með tilliti til þeirrar aukningar skuldbindinga er samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér. Hins vegar hefur ekki verið lagt heildarmat á fjárhagsstöðu né fjárhagshorfur fyrir og eftir breytinguna.

6. Önnur atriði.

Auk framangreindra atriða eru í frumvarpinu gerðar tillögur um fjölmargar veigaminni breytingar. Meðal þeirra má nefna breytt ákvæði um endurskoðun reikninga sjóðsins, takmörkun á heimild til endurgreiðslu iðgjalda og breytingar á nokkrum ákvæðum II. kafla. Um þessar og aðrar hliðstæðar breytingartillögur vísast til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir. Við undirbúning frumvarpsins var einnig fjallað um ýmis atriði sem ekki þykir rétt að leggja til að lögfest verði, a. m. k. ekki á þessu stigi. Meðal þeirra atriða sem hagsmunasamtök bænda töldu að kanna þyrfti var lækkun ellilífeyrisaldurs. Slíkar breytingar myndu hafa afar mikil áhrif á skuldbindingar sjóðsins. Niðurstöður útreikninga á þessum þætti fara að sjálfsögðu eftir því, við hvaða forsendur er miðað varðandi reikningsgrundvöll (ávöxtun og lífslíkur), inngöngualdur og dreifingu tekna á starfsævina. Miðað við 30 ára inngöngualdur í sjóðinn, jafna dreifingu tekna á starfsævina og 2% raunávöxtun lífeyrissjóðsins, má reikna með að skuldbindingar vegna ellilífeyris myndu aukast um eftirfarandi hundraðshluta við lækkun ellilífeyrisaldurs:

Við lækkun úr 67 árum í 65 ár, 18%

Við lækkun úr 67 árum í 60 ár, 70%.

Hér er um lauslegan útreikning að ræða. Við það er miðað, að engar takmarkanir séu á heimild manna til að taka lífeyri frá hinum tilgreinda aldri og menn notfæri sér rétt sinn. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að lífeyrir miðist við áunninn rétt án sérstakrar skerðingar vegna þess að hann er tekinn frá lægri aldri en áður, svo og að lífeyrir taki breytingum í samræmi við breytingar á grundvallarlaunum sjóðsins, þ. e. sé „verðtryggður“ að fullu.

Til að standa undir þessum útgjaldaauka þyrfti til að koma mjög veruleg iðgjaldahækkun. Eins og fram kemur í lið 5 hér að framan leiða þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögunum til allt að 12% hækkunar tekna og skuldbindinga sjóðsins. Sýnast ekki efni til enn frekari hækkana. Eru því ekki gerðar tillögur um lækkun ellilífeyrisaldurs í frumvarpinu.

Annað atriði sem ekki er tekið á í frumvarpinu er verðtrygging lífeyrisgreiðslna. Í frumvarpinu er, eins og í gildandi lögum, kveðið á um að fjárhæð lífeyris miðist við meðaltal viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst en sjóðstjórn hins vegar veitt heimild til greiðslu uppbóta á lífeyri með hliðsjón af kaupgjaldsþróun annars vegar og ávöxtun og verðtryggingu eigna sjóðsins hins vegar. Þessar reglur hafa í reynd vikið fyrir tímabundnum ákvæðum um verðtryggingu lífeyris til ársloka 1984. Vissulega væri æskilegt að geta kveðið fastar á um greiðslu slíkra verðbóta til frambúðar en gert er í frumvarpinu. Á þessari stundu verður þó að teljast hæpið að fastbinda slíkar reglur í lög varðandi Lífeyrissjóð bænda. Í þeim efnum er eflaust farsælast að staldra við og sjá hver fjárhagsgeta sjóðsins verður og einnig hver þróunin verður í þessum efnum hjá lífeyrissjóðum almennt.

Loks skal á það bent að í II. kafla laganna er ekki að finna neina framtíðarlausn á fjármögnun lífeyrisgreiðslna til þeirra bænda sem skiluðu miklum hluta starfsævi sinnar fyrir stofnun lífeyrissjóðsins. Eru ákvæði þess kafla að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Verður að leysa þessi mál í tengslum við almenna lausn á lífeyrismálum þessa aldurshóps þjóðfélagsþegna. Sýnist óhjákvæmilegt að löggjafinn finni lausn á þessum vanda fyrir árslok 1984, sbr. athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

7. Dæmi um áhrif á iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og lífeyrisréttindi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðmiðunarlaun fylgi kauptaxtabreytingum, í stað þess að ákvarðast fyrirfram hvert haust fyrir næsta almanaksár með hliðsjón af væntanlegri kaupgjaldsþróun og innan þeirra marka sem lögin heimila. Þessi breyting hefur í för með sér að samanburður á iðgjaldagreiðslum og áunnum réttindum samkvæmt núgildandi lögum annars vegar og frumvarpinu hins vegar markast að nokkru af því hver verðbólgan er á

hverjum tíma. Eftirfarandi samanburður miðast við fjárhæðir árið 1983, og er tekið tillit til lögbundinnar 4% hækkunar launa 1. október.

	Núg. lög kr.	Frumvarp kr.
Grundvallar- eða viðmiðunarlaun	162 492	119 565
Hámarksiðgjald:		
Einhleypur sjóðfélagi	6 500	7 533
Hjón	9 749	15 065

Í eftirfarandi töflu eru sýnd dæmi um iðgjöld sjóðfélaga og réttindi reiknuð í stigum miðað við mismunandi framleiðsluverðmæti.

Framleiðsluverðmæti	Núgildandi lög				Frumvarp			
	Einhleypur bóndi		Hjón		Einhleypur bóndi		Hjón	
	Iðgj.	Stig	Iðgj.	Stig	Iðgj.	Stig	Iðgj.	Stig
400 000	4 760	0,732	4 760	0,732	5 000	1,004	5 000	1,004
700 000	6 500	1,000	8 330	1,113	7 533	1,512	8 750	1,756
1 000 000	6 500	1,000	9 749	1,200	7 533	1,512	12 500	2,509
1 300 000	6 500	1,000	9 749	1,200	7 533	1,512	15 065	3,024

Eins og áður er sagt er gert ráð fyrir því sem meginreglu að stig hjóna samkvæmt aftasta dálki töflunnar skiptist til helminga milli þeirra.

Við umreikning samkvæmt 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins er hvert stig samkvæmt núgildandi lögum talið jafnvirði 1⅓ stigs samkvæmt frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi, sem er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga, þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði tvær þýðingarmiklar breytingar varðandi aðildarskyldu að sjóðnum. Annars vegar er í 1. mgr. lagt til að makar bænda og sambúðaraðilar verði sjálfstæðir sjóðfélagar og hins vegar er í 2. mgr. lagt til að launþegum í landbúnaði verði skylt að eiga aðild að sjóðnum.

Rökin að baki sjálfstæðri sjóðsaðild maka bænda eru þau að almennt ganga hjón bæði til verka á búinu og því er eðlilegt að hvort um sig öðlist sjálfstæðan lífeyrisrétt vegna þeirrar vinnu sinnar. Er sú skipan einnig í besta samræmi við ákvæði laga nr. 55/1980 um skyldu allra þeirra sem stunda launuð störf, atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi til aðildar að lífeyrissjóði. Þá ganga óskir hagsmunasamtaka bænda og í þessa átt eins og rakið er í almennum athugasemdum. Hin sjálfstæða sjóðsaðild maka og sambúðarfólks hefur víðtæk áhrif á önnur ákvæði frumvarpsins. Vísast um það efni til almennra athugasemda sem og athugasemda við einstakar greinar, t. d. 7., 8., 11., 21. og 26. gr.

Í 1. mgr. er sambúðarmönnum og sambúðarkonum bænda veittur hliðstæður réttur til sjóðsaðildar og mökum bænda. Þessi réttur er þó háður því að skrifleg ósk beggja berist um það og að uppfyllt séu skilyrði um varanleika sambúðarinnar. Eru þau skilyrði að mestu leyti hliðstæð skilyrðum almannatryggingalaga og skattalaga varðandi réttindi og skyldur sambúðarfólks. Auk þeirra skilyrða sem beinlínis eru orðuð í greininni felst í orðalaginu að ekki getur komið til sjóðsaðildar sambúðarfólks nema um sé að ræða sambúð milli karls og konu sem hvorugt er gift fyrir.

Um rök fyrir skylduaðild launþega í landbúnaði að sjóðnum samkvæmt 2. mgr. vísast til almennra athugasemda hér að framan. Ekki kemur þó til aðildar launþega í landbúnaði að Lífeyrissjóði bænda ef þeir eiga sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Gæti slíkt t. d. átt við um starfsmenn á ríkisbúum sem uppfylla aðildarskilyrði laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins svo og um launþega á búum sem taka laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags á svæðinu og eiga því skylduaðild að lífeyrissjóði þess.

Í 3. mgr. er felld niður heimild sjóðstjórnar til að veita undanþágu frá sjóðsaðild bændum sem jafnframt eru sjóðsfélagar í öðrum lífeyrissjóði og hafa meirihluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu. Þá er mökum eða sambúðaraðilum þeirra bænda sem um ræðir í málsgreininni opnuð leið til aðildar að sjóðnum. Slík aðild er þó háð heimild sjóðstjórnar. Sjóðstjórn verður því að meta það í hverju tilviki hvort maki sjóðsaðila samkvæmt 3. mgr. gangi með þeim hætti til verka á búinu að eðlilegt sé að jafna því, hvað sjóðsaðild varðar, til starfa maka bónda er býr á lögbýli.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi ákvæði en þó er gert ráð fyrir formlegri skipan stjórnar. Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarps þessa leiði til breytinga á starfstíma núverandi sjóðstjórnar.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að reikningar sjóðsins skuli endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda auk þess að vera endurskoðaðir af tveimur „félagslegum“ endurskoðendum. Almennt er gerð sú krafa til lífeyrissjóða að löggiltur endurskoðandi endurskoði reikninga þeirra. Þykir rétt að gera sömu kröfur til Lífeyrissjóðs bænda.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 5. og 6. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er í samræmi við ofanritað kveðið á um hækkun iðgjalda sjóðfélaga vegna búrekstrar. Annars vegar felst þessi aukning í hækkun þess hlutfalls sem innheimt er af búvöruverði til framleiðanda upp í 1,25% af stofni, en þetta hlutfall hefur verið nálægt 1,20% á undanförnum árum. Er auk þess lagt til að hlutfallið verði fastbundið í lögum, en samkvæmt gildandi ákvæðum skal það ákveðið fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Hins vegar fást auknar tekjur af iðgjöldum með hækkun árlegs iðgjaldahámarks vegna bænda í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra. Þetta árlega hámark hækkar úr því að samsvara hálfri annarri hámarksfjárhæð einhleypings samkvæmt gildandi lögum í það að samsvara tvöfaldri hámarksfjárhæð einhleypings samkvæmt frumvarpinu. Aðrar breytingar á 1. mgr. leiða af breytingu á viðmiðunarlaunum og vísast um þær til athugasemda við 8. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um fjárhæð framlags til lífeyrissjóðs í formi gjalds á búvörur sem kemur sem mótframlag við iðgjöld sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. Ættu ákvæði þessi að leiða til samsvarandi hækkunar á heildarfjárhæð mótframlagsins og nemur heildarhækkun iðgjaldatekna samkvæmt 1. mgr. eða því sem næst til 12% hækkunar, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Hækkun lágmarksfjárhæðar mótframlagsins samkvæmt niðurlagi 2. mgr. nemur nokkurn veginn sama hundraðshluta og mun það leiða til um 0,17% hækkunar á búvöruverði miðað við óniðurgreitt heildsöluverð.

Í 3. mgr. er sjóðfélögum vegna búrekstrar og mökum þeirra gert skylt að greiða í sjóðinn iðgjöld vegna atvinnutekna af öðru en búvöruframleiðslu enda veiti þessi störf ekki

sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Samkvæmt gildandi lögum um Lífeyrissjóð bænda er hér einungis um heimild að ræða en það ákvæði samrýmist varla lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þá er lagt til að iðgjöld samkvæmt þessari málsgrein sæti ekki hámarki því er gildir um iðgjöld vegna búrekstrar samkvæmt 1. mgr.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við gildandi lög. Þá er skotið inn ákvæði varðandi búrekstur lögaðila. Ef búskapur er rekinn af hlutafélagi, samvinnufélagi, opinberum aðila eða annarri lögpersónu og enginn af forstöðumönnum búsins telst bóndi í merkingu 1. mgr. þessarar greinar þykir sanngjarnt við ákvörðun mótframlags atvinnurekenda samkvæmt þessari málsgrein að taka nokkurt tillit til gjalds þess sem tekið er af búvörum samkvæmt 2. mgr.

Ákvæði 5.—7. mgr. eru að mestu í samræmi við gildandi lög.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skiptingu á iðgjöldum kvæntra sjóðfélaga vegna búrekstrar. Er meginreglan sú að iðgjöld skuli skiptast til helminga milli bóndans og maka hans, sambúðarmanns eða sambúðarkonu. Frá þessari meginreglu getur sjóðstjórn vikið samkvæmt umsókn sjóðfélaga ef annað hjóna hefur atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa lífeyrisrétt. Þar sem þessi frávíksheimild má aldrei leiða til þess að hærra iðgjald sé reiknað öðrum maka vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds fyrir einhleyping samkvæmt 1. mgr. 7. gr. hefur frávíksheimildin ekki þýðingu fyrir stór bú. Þá eru í málsgreininni sérákvæði um iðgjaldaskiptingu ef annar makinn verður öryrki svo og um hvernig með skuli fara ef iðgjöld annars falla niður vegna aldurs, töku ellilífeyris eða fráfalls.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að upp verði tekinn nýr grundvöllur við útreikning stiga sjóðfélaga en í 26. gr. er að finna ákvæði um tengsl þessa nýja grundvallar við hinn eldri. Um ástæður fyrir breytingu á stigagrundvellinum vísast til almennra athugasemda. Lagt er til að upp verði tekin viðmiðun við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Er það sama viðmiðun og notuð er í lögum um eftirlaun til aldraðra og í reglugerðum margra lífeyrissjóða. Þá er gert ráð fyrir að niður verði fellt það ákvæði sem nú er í 4. mgr. 8. gr., enda hefur því aldrei verið beitt í framkvæmd. Ákvæði 4.—6. mgr. samsvara 5.—7. mgr. gildandi laga. Samkvæmt 5. mgr. eru stig nú reiknuð þannig að deilt er með grundvallarlaunum sjóðsins í 25-föld iðgjöld sjóðfélaga, en samkvæmt 4. mgr. frumvarpsins skal deilt með viðmiðunarlaunum í 24-föld iðgjöld. Af þessari reiknireglu leiðir að hámarksstigafjöldi einstaklings á ári verður 1,512 stig, en til þess að 4,2% iðgjald af hálfum öðrum viðmiðunarlaunum, sbr. 1. mgr. 7. gr., gæfi nákvæmlega 1,5 stig á ári þyrfti margfaldarinn að vera 23,81.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að rýmkuð verði verulega ákvæði um þann lágmarksgreiðslutíma iðgjalda og lágmarksstigafjölda sem veitir rétt til ellilífeyris úr sjóðnum. Er lagt til að í stað kröfu um greiðslu til sjóðsins í 5 almanaksár og um a. m. k. 3 stiga réttindi komi krafa um greiðslu í 12 mánuði og réttindi er nema a. m. k. 0,5 stigum. Eru þessar tillögur í samræmi við þá þróun sem almennt hefur orðið hjá lífeyrissjóðum hér á landi, þar sem biðtími hefur verið að styttast, og hafa biðtímaákvæði jafnvel verið felld alveg niður hjá sumum sjóðum. Að öðru leyti eru ekki gerðar tillögur til breytinga á 9. gr. frá gildandi ákvæðum.

Um 10. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um róttækar breytingar á rétti til örorkulífeyris úr sjóðnum. Greinin er því að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Rétt er þó að vekja athygli á eftirfarandi tillögum: Lagt er til að réttur til örorkulífeyris verði bundinn því að sjóðfélagi

hafi annað hvort greitt iðgjöld til sjóðsins samfleytt undanfarandi 18 mánuði eða að hann hafi greitt til sjóðsins á undanförnum þremur árum og í a. m. k. 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum. Samkvæmt gildandi lögum er rétturinn bundinn við greiðslu iðgjalda til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði.

Gildandi ákvæði eru bersýnilega miðuð eingöngu við hagi bænda en með vaxandi fjölda launþega í sjóðnum þykir nauðsynlegt að miða skilyrði fyrir örorkulífeyri einnig við þeirra aðstæður.

Þá er í samræmi við gildandi ákvæði kveðið á um að örorkumat skuli aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf en því bætt við að þessa viðmiðun skuli þó einungis nota fyrstu þrjú árin. Eftir þann tíma þykir eðlilegra að miða mat örorkunnar við almennari mælikvarða.

Loks eru tekin af tvímæli um að við beitingu þeirrar reglu, að örorkulífeyrir skuli aldrei fara fram úr þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, skuli litið til alls þess lífeyris sem af örorkunni leiðir, þ. e. samanlagðs lífeyris samkvæmt 10. gr. og 3. mgr. 12. gr.

Um 11. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan eru gerðar tillögur um róttækar breytingar á ákvæðum laganna um makalífeyrisrétt.

Í stað ótímabundins réttar til makalífeyris er lagt til að makalífeyrir verði almennt bundinn við þrjú ár eftir andlát sjóðfélaga. Sá lágmarkstími hjúskapar sem skapað getur makalífeyrisrétt er hins vegar styttur úr fimm árum í tvö.

Við tvenns konar aðstæður er gert ráð fyrir að makalífeyrisgreiðslur geti staðið lengur en þrjú ár eftir andlát sjóðfélaga. Eigi hinn látni sjóðfélagi og eftirlifandi maki barn saman skal makalífeyrir greiddur til 18 ára aldurs barnsins. Í þessum tilvikum er gert ráð fyrir að makalífeyrir sé greiddur án tillits til hjúskapartíma og er það í samræmi við gildandi lög. Skorti eftirlifandi maka 50% eða meira á þessa starfsorku eða sé hann orðinn 67 ára að aldri getur sjóðstjórn ákveðið að halda áfram eða hefja að nýju greiðslu makalífeyris eða hluta hans að loknu hinu almenna þriggja ára tímabili. Þessar greiðslur sæta þó lögbundnu hámarki, sbr. 3. mgr.

Sambýlingur hins látna sjóðfélaga á sama rétt og maki hans ef hann fullnægir aðildarskilyrðum að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og ósk um sjóðsaðild hefur borist a. m. k. einu ári fyrir andlátið. Auk þess er sjóðstjórn heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélaga um sams konar makalífeyrisrétt til systkinis eða sambýlings sem annast heimili sjóðfélagans, enda þótt viðkomandi sé ekki sjóðfélagi. Er þetta í samræmi við gildandi ákvæði.

Loks er bætt við ákvæði um að réttur til makalífeyris falli niður gangi eftirlifandi maki í hjúskap að nýju. Rétturinn raknar þó við aftur ef hjúskapnum lýkur án þess að makinn öðlist lífeyrisrétt. Sambúð sem til er stofnað veldur brottfalli makalífeyrisréttar á sama hátt.

Á það skal bent að með þessum breytingum er ekki ætlað að hrófla við þegar áunnum réttindum samkvæmt gildandi lögum. Er í 26. gr. gert ráð fyrir að slíkur þegar áunninn réttur verði geymdur án framreiknings.

Um 12. gr.

Ákvæðin um rétt til barnalífeyris eru að mestu óbreytt frá ákvæðum gilandi laga. Þó er skotið inn sérstöku ákvæði um skertan barnalífeyri ef árleg stig áætluð samkvæmt 4. mgr. 11. gr. eru færri en 0,5 og ákvæði þess efnis að séu áætluð árleg stig minni en 0,1 falli réttur til barnalífeyris niður. Lokamálsgrein gildandi 12. gr. (sbr. lög nr. 3/1977) verður óþörf vegna sjálfstæðrar aðildar beggja hjóna að sjóðnum og er því gert ráð fyrir að hún falli niður.

Um 13. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á 1. mgr.

Breytt er 2. mgr. til samræmis við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 9. og 14. gr.

Um 14. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda samrýmist ekki almennum reglum um lífeyrissjóði, sbr. ákvæði 5. gr. laga um starfskjör launþega nr. 55/1980. Er því lagt til að réttur til endurgreiðslu verði felldur niður. Lækkun lágmarks iðgjaldagreiðslutíma og stigafjölda veldur því að geymd réttindi nýtast fyrrverandi sjóðfélögum í mun fleiri tilvikum en áður, sbr. enn fremur 16. gr., þar sem kveðið er á um heimild til samningagerðar við aðra sjóði um sameiningu réttinda.

Um 15. gr.

Greinin er færð til samræmis við 5. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega og flutningur einungis heimilaður til annarra lífeyrissjóða. Lögbinding á vaxtagreiðslum vegna iðgjaldaflutnings er felld niður og yrðu kjör í því sambandi á valdi sjóðstjórnar hverju sinni. Rétt þykir að halda heimild til iðgjaldaflutnings með þessum takmörkunum enda þótt mjög lítið kveði nú að slíkum flutningum milli sjóða.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að heimildin í síðasta málslið 2. mgr. taki til systkinis bónda í stað þess að takmarkast við systur. Vegna breytinga á 11. gr. breytist orðalag 2. mgr. þannig að 1. málsliður styttist, en í staðinn kemur nýr málsliður.

Um 18. gr.

Breyting frítekjumarksins í síðustu mgr. 18. gr. úr ⅕ í ¼ viðmiðunarlauna stafar af breyttum viðmiðunarlaunum, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Um 19. gr.

Grein þessi er óbreytt.

Um 20. gr.

Núgildandi ákvæði 2. málsliðar um atbeina búnaðarfélaga tók til skráningar rétthafa í upphafi starfsemi sjóðsins og er því fellt niður.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. málslið 3. mgr. 21. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um tilkynningar vegna stofnunar og slita hjúskapar og er málsgreinin að mestu samhljóða gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. er kveðið á um tilkynningar er verða á óvígðri sambúð og réttindi og skyldur við sjóðinn er henni tengjast.

Ákvæði um skiptingu áunninna stiga að jöfnu milli hjóna við skilnað sem er í 3. mgr. 21. gr. lagannna er flutt aftur í 26. gr. frumvarpsins. Það hefur einungis þýðingu vegna stiga sem áunnin verða fyrir gildistöku frumvarps þessa þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að hvort hjóna um sig ávinni sér sjálfstæð réttindi í sjóðnum. Þá er ákvæði um skiptingu ellilífeyris samkvæmt II. kafla laganna flutt í 20. gr.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 22. og 23. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að skylda sjóðstjórnar til að úrskurða lífeyri aftur í tímann verði bundin við tvö ár frá upphafi þess mánaðar sem umsókn barst sjóðnum.

Um 24. gr.

Í greininni felst sú efnisbreyting að í stað heimildar ráðherra til að kveða á um uppbót á lífeyri frá og með árinu 1985 er hér gert ráð fyrir að uppbót sú sem greinin fjallar um verði lögákveðin til ársloka 1985. Að öðru leyti skírskotast til hinna almennu athugasemda um verðtryggingu lífeyris sjóðsins í framtíðinni.

Um 25. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga en gerðar tillögur um orðalagsbreytingar vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á ávöxtun fjár lífeyrissjóða á síðustu árum.

Um 26. gr.

Í þessari grein er safnað saman ýmsum ákvæðum er varða tengsl ákvæða frumvarpsins við núgildandi lög sjóðsins og réttindi áunnin samkvæmt þeim.

Vegna breytingar á gundvallarlaunum sjóðsins er í 1. mgr. kveðið á um umreikning stiga sem áunnin hafa verið fram til ársloka 1983. Eins og greint er frá í almennum athugasemdum styðst hlutfallið 1⅓ milli eldri stiga og nýrra við reynslu árin 1978—1982.

Samkvæmt 2. mgr. skal stigum áunnum fram til ársloka 1983 skipt við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar með sama hætti og hingað til, sbr. núgildandi ákvæði 1. málsliðar 2. mgr. 21. gr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 27. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa. Hún er hliðstæð 26. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæðin eru efnislega samhljóða núgildandi lögum, sbr. lög nr. 100/1982 og lög nr. 92/1982. Eru lífeyrisfjárhæðir á árinu 1984 hér ákvarðaðar með þeim hætti að þær verða hinar sömu og þær yrðu að óbreyttum lögum. Er þetta sú verðtrygging lífeyris sem komið var á árið 1976, en síðan hafa lífeyrisfjárhæðir samkvæmt II. kafla laganna hækkað misserislega í samræmi við breytingar á launum þeim sem samkvæmt frumvarpinu verða viðmiðunarlaun sjóðsins. Innan ákveðinna marka hefur lífeyrir samkvæmt I. kafla hækkað með sama hætti, en sá hluti hans sem umfram er þau mörk hefur hækkað árlega. Um verðtryggingu lífeyris eftir árslok 1984 skírskotast til almennra athugasemda.

Sþ. 143. Fyrirspurn [116. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um krabbameinslækningar og K-byggingu Landspítalans.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hyggst heilbrigðismálaráðherra bregðast við eftirfarandi ummælum í greinargerð stjórnar læknaráðs Landspítalans í nóvember 1983 um K-byggingu:
   „Ef ekki verður leyst úr vanda deildarinnar er fyrirsjáanlegt að geislameðferð mun falla niður vegna úreltrar aðstöðu. Krabbameinssjúklingar, sem síðast liðin ár hafa langflestir notið geislameðferðar á þessari deild Landspítalans, yrðu þá tilneyddir til að leita lækninga erlendis."
2. Hver eru áform heilbrigðismálaráðherra um framkvæmdahraða við K-byggingu Landspítalans.

Sþ. 144. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um húsnæðismál námsmanna.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega á hvern hátt megi bæta úr þeim mikla húsnæðisvanda sem námsmenn utan Reykjavíkur og nágrennis búa við vegna staðsetningar Háskóla Íslands og flestra sérskóla.

Áhersla skal á það lögð að ljúka þessari könnun svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Stærstu árgangar Íslandssögunnar eru það æskufólk sem nú er á aldrinum 18—25 ára. Menntun, og þá sérstaklega framhaldsmenntun, er orðin mun algengari en nokkru sinni fyrr. Menntastofnanir framhalds- og sérnáms eru aðallega á Reykjavíkursvæðinu. Námsfólk utan af landsbyggðinni leitar því í miklum mæli til höfuðborgarinnar eftir menntun sinni.

Á undangengnum árum hafa verið settir á stofn fjölbrauta- og menntaskólar víða um land, auk menntaskólanna sem voru fyrir. Á skólaárinu 1982—1983 voru 5733 nemendur utan Reykjavíkur í þessum skólum, þar með taldar framhaldsdeildir grunnskólanna.

Á höfuðborgarsvæðinu eru m. a. eftirtaldir framhaldsskólar sem æskufólk af landsbyggðinni sækir:

Iðnskólinn í Reykjavík,
Vélskóli Íslands,
Stýrimannaskólinn í Reykjavík,
Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði,
Myndlista- og handíðaskólinn,
Leiklistarskóli Íslands,
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands,
Hjúkrunarskóli Íslands,
Nýi hjúkrunarskólinn,
Ljósmæðraskóli Íslands,
Þroskaþjálfaskóli Íslands,
Röntgentæknaskóli Íslands,

Sjúkraliðaskóli Íslands,
Fósturskóli Íslands,
Lyfjatæknaskóli Íslands,
Hótel- og veitingaskóli Íslands,
Tækniskóli Íslands,
Kennaraháskóli Íslands,
Háskóli Íslands.

Fjöldi landsbyggðarmanna í þessum skólum er nú 1800—2000.

Öllum er nú ljóst að húsnæði er ein af forsendum þess að hægt sé að stunda nám í Reykjavík. Álitið er að um 5500—6000 íbúðir séu til leigu í Reykjavík. Ásókn í þær er gífurleg, sbr. umfjöllun leigjendasamtakanna, svo og skýrslu Félagsstofnunar stúdenta frá 1982 um húsnæðisaðstöðu háskólastúdenta. Samkeppnin um of fáar íbúðir gerir það að verkum að mikil fyrirframgreiðsla og tiltölulega há húsaleiga eru oft forsenda fyrir því að fá íbúð á leigu. Þetta eykur mjög tilkostnað landsbyggðarnemenda við öflun menntunar í Reykjavík og mismunur þess vegna fólki vegna búsetu sinnar. Stór hluti þeirra 5733 nemenda, sem nú stunda undirbúningsnám utan höfuðborgarsvæðisins, á eftir að leita á þennan þrönga húsnæðismarkað.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er reynt að vekja umræðu og leita leiða til að bæta úr því slæma ástandi sem nú ríkir og búa betur í haginn.

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Flm.: Gunnar G. Schram, Björn Dagbjartsson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Hjörleifur Guttormsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Pálmi Jónsson, Valdimar Indriðason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svonefndan Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá.

Greinargerð.

Inngangur.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd og er því endurflutt. Flutningsmenn hennar voru þáverandi fulltrúar í Rannsóknarráði ríkisins, kosnir af Alþingi, þeir Friðrik Sophusson, Stefán Jónsson, Stefán Valgeirsson, Karl Steinar Guðnason, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Árið 1950 var á aðalfundi UNESCO (General Conference), sem haldinn var í Flórens á Ítalíu, samþykktur sáttmáli um niðurfellingu gjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarmála og ákveðið að leggja samninginn fyrir aðildarríkin til staðfestingar. Samningur þessi miðar að því að efla mennta-, vísinda- og menningarmálastarfsemi landanna og greiða fyrir streymi hvers kyns efnis, tækjabúnaðar og tækja milli aðildarríkja í þeim tilgangi að stuðla að menningarlegum og efnahagslegum framförum í aðildarríkjunum.

Sáttmáli þessi, sem nefndur hefur verið Flórens-sáttmáli, kveður á um niðurfellingu aðflutningsgjalda af eftirfarandi efni og búnaði, sem skilgreint er nánar í viðaukum samningsins (Annexes A-E).

Annex A Bækur, tímarit og skýrslur (hvers kyns sérútgáfur).
Annex B Listaverk, safngripir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi.
Annex C Sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni með menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi.
Annex D Vísindatæki og búnaður.
Annex E Vörur til afnota fyrir blinda.

Á aðalfundi UNESCO í Nairobi í nóvember 1976 var svo samþykkt **viðaukabókun** við Flórens-sáttmálann, þar sem gildi hans var víkkað út allverulega og bætt við eftirfarandi flokkum:

Annex C1 Hvers kyns lesmál og sýningarefni, svo og hljóðritað efni.
Annex F Íþróttatæki.
Annex G Hljóðfæri og annar búnaður til tónlistariðkana.
Annex H Efni og vélar til bókagerðar og útgáfu blaða, tímarita og skýrslna.

Fram að þessu hafa rúmlega 70 ríki (sjá meðf. lista) staðfest sáttmála þennan og gerst aðilar að honum. Öll hafa þau staðfest Flórens-sáttmálann frá 1950, en hins vegar hefur aðeins hluti ríkjanna staðfest **viðaukabókunina,** sem m. a. innifelur margvíslegar vörur til afþreyingar og tómstundaiðkana og eru víða tollaðar bæði af tekjuástæðum og verndarástæðum í einstökum ríkjum.

Afstaða Íslands.

Ísland er eitt af fáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja, sem ekki hefur gerst aðili að sáttmála þessum. Ísland hefur þó í reynd framfylgt öllum ákvæðum Flórens-sáttmálans frá 1950 að undanteknu ákvæðinu um aðflutningsgjöld af vísindatækjum (Annex D). Menntamálaráðuneytið mun ítrekað hafa óskað eftir því við fjármálaráðuneytið, að gerðar yrðu þær breytingar á tollskrá sem gerðu kleift að uppfylla ákvæði samningsins og staðfesta hann, en fjármálaráðuneytið hefur hingað til færst undan því.

Ekki er með góðu móti hægt að sjá hvaða rök mæla á móti því, að Ísland gerist fullgildur aðili að þessum sáttmála. Því miður mun hafa verið borið við, að erfitt væri að gera greinarmun á tækjum og búnaði til rannsókna og hliðstæðum tækjum til annarra nota og því veruleg hætta á misnotkun. Á það var bent að gera mætti tæmandi lista yfir þær stofnanir, sem vísindarannsóknir stunda, og tollflokka, sem sáttmálinn næði til, og koma þannig í veg fyrir misnotkun. Var þá talið að eitt yrði yfir alla að ganga og fyrirtæki og einkaaðilar ættu að njóta þessarar undanþágu frá aðflutningsgjöldum ekki síður en opinberar stofnanir. Á þessum forsendum hefur fjármálaráðuneytið ekki viljað fallast á að Ísland staðfesti samninginn.

Nú hefur fjármálaráðuneytið hins vegar auglýst að ýmis tæki til rannsókna, gæðaeftirlits og vöruþróunar, sem að öðru jöfnu falla undir Annex D í Flórens-sáttmála og flutt eru inn af fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum, fái niður felld aðflutningsgjöld eins og um tæki og framleiðslubúnað væri að ræða í samræmi við 12. tl. 3. gr. í tollskrárlögum. Þar sem flest stærri innlend fyrirtæki í framleiðslugreinum falla nú orðið undir þessa skilgreiningu eru það nánast eingöngu opinberar stofnanir sem ekki njóta þessara skilyrða, og er þar með brostin sú röksemd, að ekki skuli mismunað í þessu efni. Jafnframt virðist nú talið gerlegt að taka afstöðu til þess, hvaða tæki eru flutt inn til rannsókna.

Ákvæði sáttmálans um vísindatæki og búnað (Annex D) er eftirfarandi:

Annex D Vísindatæki og búnaður.

Vísindaleg tæki og búnaður ætluð eingöngu til kennslu eða hreinna vísindastarfa, að því tilskildu:

a) að þau séu ætluð vísinda- eða menntastofnun í opinberri eign eða einkaeign, sem fengið hefur heimild þar til bærra yfirvalda í innflutningslandinu til að flytja inn slíkt tæki og

búnað án aðflutningsgjalda, og eiga að notast án viðskiptalegs tilgangs undir eftirliti og ábyrgð þessara stofnana;

b) að tæki og búnaður með sama vísindalegt gildi séu ekki framleidd í innflutningslandinu.

Í **viðaukabókun** við samninginn frá 1976 er skilgreiningin einnig látin ná til varahluta, aukabúnaðar og verkfæra til viðhalds og stillingar á vísindatækjum og jafnframt afnumin sú takmörkun, að tækin skuli eingöngu ætluð til kennslu eða vísindastarfa. Þá eru í viðaukanum vörur sem nú eru allmikið tollaðar og eru söluvara á almennum markaði, eins og íþróttatæki og hljóðfæri. Í tillögu þessari er ekki gert ráð fyrir að Ísland staðfesti **viðaukabókunina** að svo stöddu.

Mikilvægir hagsmunir fyrir rannsóknir.

Augljóst er að hér er um mjög mikið hagsmunamál fyrir rannsóknastarfsemina í landinu að ræða. Í töflu 1 er skrá yfir þá tollaflokka sem ná yfir tæki og búnað sem ætla má að nær eingöngu séu notuð til vísindaiðkana, rannsókna og skyldrar starfsemi. Í töflunni sést hve mikið var flutt inn af tækjum árið 1981 í hverjum þessara tollflokka og hvaða aðflutningsgjöld mætti reikna ofan á CIF-verðmæti þessa búnaðar. Kemur í ljós að af innflutningi, sem að CIF-verðmæti var 57 030 þús. kr., mátti reikna toll, sem nam 8 087 þús. kr., og vörugjald að upphæð 18 053 þús. kr. Heildarupphæð aðflutningsgjalda án jöfnunargjalds nam því 26 140 þús. kr., eða 46% ofan á CIF-verðmætið. Í mörgum tilvikum er þó þetta hlutfall miklu hærra.

Í töflu 2 er listi yfir tollflokka sem jöfnum höndum ná yfir tæki sem notuð eru til vísindastarfsemi og annarra hluta. Fer þá eftir innflytjandanum (kaupandanum) hvort fella bæri niður aðflutningsgjöld eftir Flórens-sáttmálanum. Í töflunni eru tölur um innflutninginn 1981 svo og reiknaðan toll og vörugjöld af honum. Heildarupphæð aðflutningsgjalda er 30% ofan á CIF-verðmæti. Ekki er þó hægt að segja um hve mikill hluti þessara tækja hefur í reynd farið til vísindaiðkana.

Af ofangreindum tölum er ljóst að aðflutningsgjöld af vísindatækjum eru umtalsverð fjárhagsleg byrði fyrir íslenska rannsóknastarfsemi og veruleg hindrun á framförum á því sviði. Íslenskar rannsóknastofnanir fjármagna tækjakaup sín annars vegar af fjárveitingum til tækjakaupa og hins vegar af eigin aflafé sem þær fá fyrir greidda þjónustu og rannsóknaverkefni sem greidd eru af utanaðkomandi aðilum, þ. á m. atvinnufyrirtækjum. Í báðum tilfellum verður að telja álagningu aðflutningsgjalda óskynsamlega ráðstöfun, ekki síst eftir að slík aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af flestum atvinnufyrirtækjum í landinu. Fjárveitingar á fjárlögum til tækjakaupa eru venjulega af skornum skammti og eru því miður oft látnar mæta afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Mörg dæmi eru til þess, að þegar umsóknir um fjárveitingar til tækjakaupa hafa verið skornar niður nægi fjárveiting ekki nema til greiðslu aðflutningsgjaldanna af hinum fyrirhuguðu tækjakaupum. Þá þykir sárt að sjá verulegan hluta naumra fjárveitinga renna aftur til ríkissjóðs. Þegar um ráðstöfun á eigin tekjum stofnana til tækjakaupa er að ræða sýnist jafnórökrétt að ríkissjóður skuli taka hluta af þeim tekjum í opinber gjöld, ekki síst þegar nú liggur fyrir sú stefnumótun að hvetja þær stofnanir, sem tök hafa á, að leita eigin tekna utan fjárlaga, m. a. frá atvinnuvegunum.

Svo sem fram hefur komið leggja Íslendingar minna fé til rannsókna en flestar aðrar þjóðir á sama þróunarstigi. Er það síst til að bæta ástandið, ef fjármagn til tækjakaupa er skert um allt að helming með aðflutningsgjöldum.

Þann 8. mars 1983 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Er þar fjallað um eflingu rannsókna á öllum sviðum til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og þjóðfélagið og bætt skilyrði fyrir rannsóknarstarfsemi, bæði á vegum atvinnufyrirtækja, einkaaðila og opinberra stofnana. Það er skoðun

flutningsmanna þessarar tillögu að niðurfelling aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til vísindarannsókna sé afar mikilvægt skref í þessu efni.

Samhliða þessari þingsályktunartillögu mun flutt í Nd. frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., en því frumvarpi er ætlað að breyta lögunum til samræmis við fyrirhugaða aðild að Flórens-sáttmálanum.

Skrá um ríki sem staðfest hafa sáttmála um afnám aðflutningsgjalda af vörum til mennta-, vísinda- og menningarmála.

(Flórens-sáttmáli frá 1950.)

Afganistan
Austurríki
Bandaríkin
Barbados-eyjar
Belgía
Bólivía
Danmörk
Efri-Volta
Egyptaland
El Salvador
Filippseyjar
Fílabeinsströndin
Fiji-eyjar
Finnland
Frakkland
Gabon
Ghana
Grikkland
Guatemala
Haíti
Holland
Írak
Íran
Írland
Ísrael
Ítalía
Japan
Jórdanía
Júgóslavía
Kamerún
Kampútsea
Kenýa
Kongó
Kúba
Kýpur
Laos alþýðulýðveldið
Líbýa
Luxemborg
Madagaskar
Malaví
Malaysía
Malta
Marokkó
Máritanía
Mónakó
Níger
Nígería
Níkaragúa
Noregur
Nýja-Sjáland.
Pakistan
Pólland
Rúanda
Rúmenía
Singapor
Síerra León
Sólómonseyjar
Spánn
Sri Lanka
Stóra-Bretland
Sviss
Svíþjóð
Sýrland
Taíland
Tanzanía
Trinidad og Tóbagó
Túnis
Ungverjaland
Úganda
Vatíkanið
Vestur-Þýskaland
Víetnam
Zaíre
Zambía

Tafla 1: Tæki sem nær eingöngu eru notuð til rannsókna — innflutningur 1981.

Tollsk.nr.	Flórens-sáttm.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.)
90.06.00	Fl.	Stjörnufræðileg tæki og áhöld	35	23	8.05	32	9.94	17.99
90.07.11		Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðil. ranns.	15	22	3.3	—	—	3.3
• 90.07.12		Ljósmyndavélar, ót. a., 3 kg og þyngri	0	1 137	—	—	—	—
90.07.13		Ljósmyndavélar fyrir 60 mm filmur og stærri	20	1 080	216.0	—	—	216.0
90.07.21		Leifturljósatæki fyrir 300⅄ wattsekúndur og fleiri	15	45	6.75	—	—	6.75
90.07.29		Önnur	35	949	332.15	40	512.46	844.61
90.07.31		Hlutar og fylgitæki til myndavéla og tækja í nr. 90.07.11, 90.07.13, 90.07.21	15	72	10.80	—	—	10.80
• 90.07.32		Til myndavéla í nr. 90.07.12	0	44	—	—	—	—
90.11.00	Fl.	Rafeinda- og prótonsmásjár, rafeinda- og prótondiffraktógrafar	35	47	16.45	32	20.30	36.75
90.12.00	Fl.	Optískar smásjár	35	837	292.95	32	361.58	654.53
90.14.20	Fl.	Annað í nr. 90.14 (tæki til landmæl., veðurfr. o. þ. h.)	35	1 118	391.30	32	482.98	874.28
90.15.00	Fl.	Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til	7	301	21.07	—	—	21.07
90.16.10	Fl.	Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (áhöld, tæki og vélar)	7	3 602	252.14	32	1 233.32	1 485.46
90.16.20	Fl.	— Hlutar og fylgitæki	7	237	16.59	32	81.15	97.74
90.20.00	Fl.	Röntgentæki o. þ. h. með tilheyrandi búnaði	15	6 558	983.70	32	2 413.34	3 397.04
90.22.00	Fl.	Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika o. þ. h.	7	610	42.70	—	—	42.70
90.23.02	Fl.	Aðrir hitamælar	35	1 882	658.70	32	813.02	1 471.72
90.23.03	Fl.	Loftþyngdarmælar	35	142	49.70	32	61.34	111.04
90.23.04	Fl.	Háhitamælar, flotvogir og rakamælar	7	270	18.90	—	—	18.90

Tollsk.nr.	Flórens-sáttm.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.)
90.23.09	Fl.	Annað	35	181	63.35	32	78.19	141.54
• 90.24.01	Fl.	Hitastillar (termóstatar)	35	3 275	1 146.25	32	1 414.8	2 561.05
• 90.24.09	Fl.	Annað	7	2 914	203.98	32	997.7	1 201.68
• 90.25.00	Fl.	Tæki og áhöld til fysískrar og kemískrar greiningar o. þ. h.	7	1 911	133.77	32	654.3	780.07
90.26.01	Fl.	Notkunarmælar fyrir rafmagn	35	1 820	637.00	32	786.2	1 423.2
90.26.02	Fl.	Mælar til prófunar á tækjum er falla í nr. 90.26	7	1	0.07	32	0.3	0.37
• 90.26.09	Fl.	Aðrir	35	1 636	572.60	32	706.7	1 279.30
• 90.27.01	Fl.	Snúnings- og framleiðsluteljarar, snúningshraðamælar, segulmagnsmælar, snúðsjár	7	600	42.00	—	—	42.0
90.27.09	Fl.	Annað	25	187	46.75	32	14.96	61.71
• 90.28.10	Fl.	Rafeindatæki til sjálfvirkra stillinga	7	1 946	136.22	32	666.3	802.52
90.28.20	Fl.	Rafeindatæki og áhöld til að mæla eða greina jónageislun	7	330	23.10	32	112.99	136.09
• 90.28.39	Fl.	Önnur	7	9 211	644.77	32	3 153.85	3 798.62
• 90.28.40	Fl.	Sjálfvirk stillitæki, þó ekki rafeindatæki	7	567	39.69	32	194.14	233.83
• 90.28.50	Fl.	Önnur tæki og áhöld, þó ekki rafeindatæki og áhöld	7	2 392	167.44	32	819.02	986.46
90.29.01	Fl.	Til tækja og áhalda sem teljast til nr. 90.28.31	4	3 964	158.56	—	—	158.56
• 90.29.09	Fl.	Annað	7	6 011	420.77	32	2 058.17	2 478.94
70.17.01		Glervara	0	167	—	—	—	—
70.17.09		Annað	35	941	329.35	32	406.51	735.86
				57 030	8 086.92		18 053.84	26 140.48

* Tollundanþága fyrir samkeppnisiðnað skv. 3. gr., 12. tl. tollskrárlaga.

Tafla 2: Tæki sem ýmist eru notuð til rannsókna eða annarra nota.

Tollskr.nr.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.
• 40.14.05	Vörur úr toggúmmíi til tækninota	0	2 663	—	—	—	—
70.03.00	Gler í kúlum, stönglum og pípum	0	91	—	—	—	—
82.09.02	Hnífablöð úr ódýrum málmi	0	140	—	32	44.8	44.8
82.09.09	Aðrir hnífar úr ódýrum málmi	80	1 436	1 148.80	—	—	1 148.8
83.07.03	Lampar, sérstaklega gerðir til notkunar við uppskurði	35	101	35.35	—	—	35.35
83.14.00	Merki (fiska- og fuglamerki)	17	380	64.60	—	—	64.60
• 84.11.12	Loftþjöppur	0	4 349	—	—	—	—
84.35.53	Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar o. þ. h.	7	23 897	1 672.79	—	—	1 672.79
• 84.57.00	Vélar til vinnslu á gleri o. fl.	0	2	—	—	—	—
• 85.11.10	Rafbræðslu- og hitunarofnar og tæki til hitunar efna o. þ. h.	0	6 651	—	—	—	—
• 85.11.20	Rafmagns- eða lasergeisla-suðu-, lóðningar- og skurðar-vélar og -tæki og hlutar til þeirra	0	6 839	—	—	—	—
85.15.25	Svarthvít sjónvarpstæki, einnig með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljómflutningstækjum	75	331	248.25	32	185.36	433.61
85.15.40	Önnur útvarpstæki	75	7 275	5 456.25	32	4 074.00	9 530.25
85.15.60	Sjónvarpsmyndavélar	35	1 422	497.70	—	—	497.70
85.15.79	Önnur	35	60	21.00	—	—	21.00
85.20.20	Úrhleðslulampar, þó ekki þeir sem senda útfjólublá geisla	40	3 653	1 461.20	32	1 636.54	3 097.74
• 85.20.40	Lampar, sem senda innrauða eða útfjólubláa geisla, og bogalampar	40	131	52.4	32	58.69	111.09
• 85.20.50	Hlutar	40	3	1.2	32	1.34	2.54
85.21.10	Sjárör	35	174	60.90	32	75.17	136.07
85.21.20	Aðrir rafeindalampar og -lokar	35	1 095	383.25	32	473.04	856.29
• 85.21.31	Ljóshemlar	0	211	—	—	—	—

Tollskr.nr.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.
*85.21.32	Samsettir transitorar og díóður	0	1 492	—	—	—	—
*85.21.39	Annað	35	447	156.45	32	193.10	349.55
*85.21.40	Rafeindadvergrásir	0	1 645	—	—	—	—
*85.21.50	Uppsettir þrýstirafmagnskristallar	0	323	—	—	—	—
85.21.60	Hlutar	35	44	15.40	32	19.01	34.41
85.22.10	Flýtar fyrir rafeindir og hlutar til þeirra	0	8	—	—	—	—
85.22.20	Annað	35	1 669	584.15	32	721.01	1 305.16
90.01.09	Annað	35	177	61.95	32	76.46	138.41
90.02.09	Annað	50	1 254	627.00	—	—	627.00
90.05.00	Sjónaukar með eða án prisma fyrir annað augað eða bæði	35	795	278.25	32	343.44	621.69
			68 758	12 826.89		7 901.97	20 728.86

* Tollundanþága fyrir samkeppnisiðnað skv. 3. gr. 12. tl. tollskrárlaga

Nd. 146. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Gunnar G. Schram, Björn Dagbjartsson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Hörleifur Guttormsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Í 3. gr. laganna breytist 39. tl. og orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði, sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þingmönnum í neðri deild sem sæti eiga í Rannsóknaráði ríkisins og kosnir eru af Alþingi. Tilgangur frumvarpsins er að opna heimild í tollalögum til að Ísland geti uppfyllt öll meginatriði sáttmála UNESCO um niðurfellingu aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til vísinda-, mennta- og menningarmála, svokallaðan Flórens-sáttmála. Þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram af sömu flutningsmönnum um aðild Íslands að sáttmála þessum og er vísað til ítarlegrar greinargerðar með henni um efnisatriði sáttmálans.

Á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar um stefnumótun í málefnum vísinda og rannsókna, þar sem stefnt er að því að efla þá starfsemi í þjóðarbúskapnum og hvetja til aukinna rannsókna á vegum einkaaðila sem og opinberra stofnana. Nýlega birti fjármálaráðuneytið auglýsingu (nr. 219 23. apríl 1982) sem felur í sér að ýmis rannsóknatæki, sem keypt eru af fyrirtækjum í samkeppnisgreinum iðnaðar, njóti sömu undanþágu frá aðflutningsgjöldum og vélar og aðföng til sömu greina, skv. 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Með þessu frumvarpi er stefnt að því, að allar vísinda- og menntastofnanir, sem rannsóknir stunda, fái að njóta sömu aðstöðu og að um framkvæmd þessa heimildarákvæðis verði farið með hliðstæðum hætti og um fyrirtæki sé að ræða. Við ákvörðun um veitingu undanþágu til einstakra stofnana, sem vafi leikur á að stundi rannsóknir, er eðlilegt að leitað sé umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins sem reglubundið geri könnun á því, hverjir stundi rannsóknir og þróunarstarfsemi, og birti heildarskýrslu um þá aðila annað hvert ár. Verður því ekki séð að vandkvæðum sé bundið að framkvæma þetta ákvæði.

Í núverandi 39. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum. Þá eru í 40. tl. 3. gr. laganna ákvæði um að veita megi Norrænu eldfjallastöðinni undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

Íslenskar vísindastofnanir kaupa tæki sín og búnað annaðhvort fyrir framlög á fjárlögum eða fyrir eigið aflafé. Að svo miklu leyti sem fé er veitt á fjárlögum til tækjakaupa sýnist engin ástæða til að láta það fé renna að verulegu leyti aftur til ríkissjóðs í gegnum aðflutningsgjöld, — þeim mun síður sem fjárveitingar til tækjakaupa mæta oft afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Að svo miklu leyti sem tækin eru keypt af eigin aflafé stofnananna er enn síður ástæða til að skerða ráðstöfunarfé þeirra með greiðslu aðflutningsgjalda. Fremur er þörf á að hvetja stofnanirnar til að auka þátt eigin tekna með því að selja þjónustu og leita þátttöku atvinnufyrirtækja í rannsóknaverkefnum.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um áætlun um búrekstur með tilliti til landkosta, markaðsaðstæðna og nýrra búgreina.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Helgi Seljan, Hjörleifur Guttormsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson, Þórður Skúlason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um framtíðarskipan búrekstrar á Íslandi með sérstöku tilliti til eftirtalinna þátta:

1. Að búskapur á hverjum stað verði færður til betra samræmis við landkosti en nú er. Með landkostum er átt við beitarmöguleika í úthaga, bæði afrétt og heimalönd, ræktað land, ræktunarmöguleika og aðrar náttúrulegar aðstæður.

2. Að framleiðslan á hverju svæði og á landinu í heild verði í sem bestu samræmi við markaðsaðstæður innanlands og hagkvæma möguleika erlendis. Leita þarf jafnvægis milli landnýtingar- og hagkvæmnisjónarmiða og stefna að arðbærum landbúnaði er nýti sem best landkosti og framleiðslumöguleika hvers svæðis með hliðsjón af markaðsaðstæðum og hagsmunum neytenda.

3. Að uppbygging nýrra búgreina verði skipulögð með tilliti til aðstæðna, svo sem framboðs á hráefni og annarra veigamikilla hagkvæmnisatriða, ástands vinnumarkaðarins og búsetusjónarmiða. Nýta skal sem best þá möguleika sem skapast til endurskipulagningar hefðbundins búskapar með tilkomu nýrra búgreina og ef með þarf tilfærslu landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við fyrsta og annan lið hér að framan.

4. Að unnið verði markvisst gegn frekari eyðingu byggða sem byggja afkomu sína að meira eða minna leyti á landbúnaði og þau svæði sérstaklega styrkt sem nú standa tæpast.

5. Að í landbúnaði og við úrvinnslu landbúnaðarafurða verði lífskjör jafnari en nú er og sambærileg við kjör fólks í öðrum starfsgreinum.

6. Að slík áætlun sem hér um ræðir verði liður í heildarstefnumörkun í landbúnaði sem Alþingi telur nauðsynlegt að fylgi í kjölfarið og unnið verði að á næstunni. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi sem taki ákvörðun um framkvæmd hennar.

Greinargerð.

Ýmsar ástæður liggja að baki flutnings þessarar þingsályktunartillögu og verða hér á eftir raktar nokkrar þær helstu.

Brýnt verður að telja að þegar verði hafist handa um að koma á farsælla sambandi milli búskaparhátta og landnýtingar og betra skipulagi fjárfestingar í landbúnaði. Þá er einnig ljóst að eigi að nýta sem best þá möguleika, sem gefast til skipulagningar nýrra búgreina, er heppilegast að það gerist samfara uppbyggingu þeirra. Í þessum efnum sem öðrum yrði það seint að vera vitur eftir á.

Tilgangur þessarar ályktunar er því ekki hvað síst sá að vekja athygli á þeim þáttum landbúnaðarmálanna sem rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á og skulu hafa forgang í heildarendurskipulagningu atvinnuvegarins sem vikið er að í 6. lið.

Athugasemdir við einstaka liði.

Um 1. lið.

Þörfin á því að færa búrekstur á ýmsum svæðum til betra samræmis við landkosti ætti að vera hverjum manni ljós. Í fyrsta lagi má nefna ofbeit á mörgum afréttum í landinu en vannýtta möguleika á öðrum. Brýnt er að þegar verði hugað að áætlanagerð í þessum málum svo að fjárfestingar í landbúnaði tengist sem fyrst slíkri áætlun.

Um 2. lið.

Samstilling framleiðslunnar og markaðarins innanlands er margþætt verkefni. M. a. þarf að tryggja betur en nú er gert að til þess komi ekki að flytja þurfi mjólk eða aðrar daglegar neysluvörur milli landshluta. Leitast þarf við að samræma sem best hlutföll hinna ýmsu greina landbúnaðarframleiðslunnar markaðsaðstæðum og landkostum á viðkomandi svæði eða í viðkomandi landshluta. Kanna þarf hvort ekki megi í mörgum tilfellum færa úrvinnslu afurða í meira mæli út á framleiðslusvæðin, skapa þar atvinnu og minnka flutningskostnað.

Í sambandi við útflutning þarf að hafa hliðsjón af þeim útflutningsiðnaði sem byggir á hráefnum frá landbúnaði og þeirri atvinnu sem slíkum iðnaði fylgir. Ákveðnar tilraunir gefa góða von um að með endurskipulögðu og efldu markaðsstarfi og útflutningi unninnar gæðavöru í hæsta verðflokki takist að fá miklum mun hærra verð erlendis fyrir íslenskar landbúnaðarvörur en hingað til hefur tekist.

Um 3. lið.

Í sambandi við þriðja lið er rétt að ítreka nauðsyn þess að skipulega verði að hlutunum staðið þegar í upphafi og leyfum til t. d. loðdýraræktar verði dreift um landið með hliðsjón af fóðurframboði á hverju svæði þannig að tilkostnaður við framleiðsluna verði í lágmarki og samkeppnishæfni atvinnuvegarins sem mest frá byrjun.

Í sambandi við fiskeldi og fiskrækt er rétt að benda á öran vöxt þessara atvinnugreina í nálægum löndum og undirstrika nauðsyn þess að Íslendingar verði með í uppbyggingu á þessu sviði og tryggi sér hlutdeild á mörkuðum erlendis.

Um 4. lið.

Um fjórða lið eiga við ýmis rök fyrir byggðastefnu og rök gegn búseturöskun. Í því sambandi má benda á þau miklu verðmæti sem liggja í ræktuðu landi og byggingum sem fara forgörðum á stuttum tíma ef nytjar afleggjast, auk sögulegra og menningarlegra gilda sem í húfi eru.

Um 5. lið.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. lið.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal:

Erindi Egils Bjarnasonar, Gísla Ellertssonar og Hjalta Gestssonar um landnýtingu, búfjárframleiðslu og gerð jarðabókar.
(Búnaðarrit. Útg. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík 1983.)

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum:

Búnaðarþing telur, að skipuleg notkun landsins hafi afgerandi þýðingu fyrir landbúnaðinn og þjóðina alla. Góð þekking á gróðri þess og öðrum gæðum er grunnur þess, að landið verði skynsamlega og skipulega nýtt.

Gerð gróðurkorta af landinu er ein meginforsenda þess, að framangreint markmið náist, hvað landbúnaðinn áhrærir. Í því sambandi leggur þingið til eftirfarandi:

1. Búnaðarþing lýsir ánægju sinni yfir frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins að samræmingu á störfum þeirra aðila, sem nú vinna að gerð grunnkorta. Þingið leggur áherzlu á, að hið fyrsta verði lokið gerð grunnkorta af landinu. Gerð kortanna skapi sem víðtækasta undirstöðu fyrir þær stofnanir, sem nota þurfa slík kort í mismunandi útfærslu, m. a. til undirbúnings að gerð mannvirkja, sem þær standa fyrir.
   Búnaðarþing leggur áherzlu á, að náð verði sem mestri hagkvæmni í gerð grunnkortanna. Því verði einum ákveðnum aðila falið að hafa yfirumsjón þessa verkefnis með höndum. Í því sambandi bendir þingið á Landmælingar Íslands sem forystuaðila á þessu sviði og telur brýnt, að teknar verði upp sérstakar fjárveitingar til landmælinganna til að ljúka þessu verkefni á skipulegan hátt innan 10 ára. Jafnframt verði verksvið Landmælinga Íslands afmarkað og skilgreint með lögum.
2. Gerð hafa verið gróðurkort af verulegum hluta hálendisins, og fyrir liggur undirbúningsvinna (gróðurmælingar) að gerð gróðurkorta fyrir nokkur héruð, en útgáfa gróðurkortanna strandar á gerð nothæfra grunnkorta.
   Óunninni forvinnu vegna gróðurkortagerðar verði lokið eigi síðar en grunnkortagerðinni, þannig að gerð gróðurkortanna geti farið fram jafnhliða henni og verði lokið svo fljótt sem tök eru á, eftir að grunnkort liggja fyrir. Þá verði gefið út reiknað beitarþol landsins, bæði afrétta og heimalanda.
   Nauðsynleg vinnsla grunnkorta til gróðurkortagerðar verði kostuð af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fjárveitingar jafnframt tryggðar til þessa verkefnis.
3. Stefnt verði að úrvinnslu gróðurkorta fyrir einstök svæði og ákvörðun beitarþols fyrir hverja einstaka jörð þannig, að unnt verði á grunni þeirra að skipuleggja nýtingu heimalanda einstakra jarða og fella það skipulag að notkun viðkomandi afréttarlanda og landsins í heild.
   Sérkostnaður vegna þessa verkefnis greiðist af viðkomandi sveitarfélagi og/eða einstökum notendum.
4. Búnaðarþing telur, að stefna beri að gerð jarðabókar, þar sem fram komi sem fjölþættastar upplýsingar um hverja jörð.
   Búnaðarþing telur, að þetta mál eigi að vera eitt af forgangsverkefnum, m. a. vegna mikillar þýðingar fyrir landbúnaðinn, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna markvisst að framgangi þess við landbúnaðarráðuneytið.

Ed. 148. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fengið málið til umfjöllunar og mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Valdimar Indriðason.	Tómas Árnason.	Magnús H. Magnússon.
	Þórður Skúlason.	

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar.

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðrún Agnarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Svavar Gestsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Hér á landi eru ekki til nein almenn stjórnsýslulög sem m. a. hefðu að geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni (sbr. réttarfarsreglur), þ. e. bæði form- og efnisreglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þ. á m. um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru fáar. Af þessu leiðir að þeir, sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum, standa höllum fæti. Oft er ekki ljóst hver er réttur þeirra við málsmeðferðina, m. a. hvort þeir megi koma á framfæri skoðunum sínum og sjónarmiðum við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá í hvaða mæli.

Hér mætti hreyfa þeirri mótbáru að óskráðar stjórnarfarsreglur komi í stað skráðra réttarreglna. Því er því miður ekki að heilsa. Slíkar reglur eru margar næsta óljósar og samhæfða framkvæmd skortir sem veiti þeim ótvírætt lagagildi.

Þar að auki skortir beinlínis skráðar eða óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttar sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa. Oftast er ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvald skuli t. d. rökstyðja synjun um leyfi. Þá er ekki að finna ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin byggist á. Hið sama gildir í öðrum tilvikum að reglur skortir almennt um skyldu stjórnvalda til þess að rökstyðja almennt úrskurði sína. Fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda en ekki náð fram að ganga.

Einnig skortir í íslenskum stjórnarfarsrétti almennar settar reglur um heimild manna til þess að koma að andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrskurðar eða úrlausnar hjá stjórnvöldum. Sama má segja um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Flestir virðast að vísu sammála um það að samkvæmt íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans. Þessi réttarregla hefur þó verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér.

Hér á landi er ekki til embætti umboðsmanns Alþingis, en það hefur verið stofnað í ýmsum nálægum löndum. Er hlutverk umboðsmannsins að taka við kærum og kvörtunum frá borgurum sem telja að yfirvöld hafi á einhvern hátt gengið á hlut þeirra. Er unnt að koma fram leiðréttingum vegna aðgjörða stjórnsýsluyfirvalda á ýmsan hátt með aðgjörðum umboðsmannsins. Þetta starf hefur hins vegar ekki verið lögleitt hér á landi þótt tillögur hafi komið fram um það. Er því enn brýnni nauðsyn en ella á heildstæðri og virkri stjórnsýslulöggjöf til þess að vernda rétt borgaranna gagnvart yfirvöldum.

Þeir gallar, sem hér hefur verið vikið að, varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldum heldur starfsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum álitaefnum á hinum margvíslegustu sviðum. Hætta er á að úrlausnir verði handahófskenndar og skilvirkni mun minni en æskilegt verður að telja.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sett verði almenn stjórnsýslulög hér á landi. Er það annars vegar vegna réttaröryggissjónarmiða og hins vegar vegna hagkvæmnis- og skilvirknissjónarmiða. Ástæðulaust er að slíkar reglur séu allt of flóknar og nákvæmar, heldur verður að greina hér milli aðalatriða og aukaatriða.

Fyrirmyndir að slíkri stjórnsýslulöggjöf má finna m. a. á Norðurlöndum. Í Noregi voru sett lög um meðferð mála í stjórnsýslunni árið 1967 og í Svíþjóð 1971 og í Danmörku hefur verið samið ítarlegt frumvarp til stjórnsýslulaga.

Ed. 150. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingabankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fengið málið til umfjöllunar og afgreiðslu og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Valdimar Indriðason.	Þórður Skúlason.	Lárus Jónsson.

Ed. 151. Lög [44. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Afgreidd frá Ed. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 47.

Ed. 152. Frumvarp til laga [122. mál]

um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

Skilyrði fyrir framsali.

1. gr.

Þann, sem í erlendu ríki er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, er heimilt að framselja samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ekki má framselja íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Framsal á manni er aðeins heimilt ef verknaður eða sambærilegur verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum. Heimilt er að semja við önnur ríki um framsal vegna verknaðar sem samkvæmt íslenskum lögum getur varðað styttri refsivist.

Framsal til meðferðar máls er einungis heimilt, ef tekin hefur verið ákvörðun í erlenda ríkinu um að sá, sem óskað er framsals á, skuli handtekinn eða fangelsaður fyrir viðkomandi verknað.

Framsal til fullnustu á dómi er, nema annað sé ákveðið með samkomulagi við viðkomandi ríki, aðeins heimilt:

1) ef refsing samkvæmt dómi er minnst 4 mánaða refsivist,

2) ef dómþoli samkvæmt dómi eða ákvörðun, sem tekin er samkvæmt heimild í dómi, skuli vistaður á stofnun og að dvöl hans þar geti varað í a. m. k. 4 mánuði.

Framsal til meðferðar máls eða fullnustu refsingar fyrir fleiri verknaði er heimilt þótt skilyrði samkvæmt 1.—3. mgr. séu einungis uppfyllt, að því er varðar einn verknað.

Ef rökstudd ástæða er til að ætla að grunur um refsiverða háttsemi eða niðurstaða dóms, sem óskað er framsals vegna, þykir eigi fullnægja grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, um refsiverða háttsemi eða um lögfulla sönnun sakar í refsimálum, er framsal óheimilt.

4. gr.

Framsal vegna verknaða er varða við herlög er óheimilt.

5. gr.

Framsal vegna stjórnmálaafbrota er óheimilt.

Nú er verknaðurinn jafnframt brot á lagaákvæðum sem ekki eru stjórnmálalegs eðlis og er þá framsal heimilt ef verknaðurinn telst að litlu leyti stjórnmálaafbrot.

6. gr.

Ekki má framselja mann, ef veruleg hætta er á, að hann eftir framsal, vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar, stjórnmálaskoðana eða að öðru leyti vegna stjórnmálaaðstæðna verði að sæta ofríki eða ofsóknum sem beinist gegn lífi hans eða frelsi eða er að öðru leyti alvarlegs eðlis.

7. gr.

Í sérstökum tilfellum má synja um framsal ef mannúðarástæður mæla gegn því svo sem aldur, heilsufar eða aðrar persónulegar aðstæður.

8. gr.

Framsal er óheimilt þegar sá sem óskast framseldur hefur verið sakfelldur eða sýknaður hér á landi fyrir viðkomandi refsiverðan verknað.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni ekki leitt til ákæru á hendur honum og verður hann þá ekki framseldur fyrir þann verknað sem rannsókn tók til, nema skilyrði séu fyrir hendi til upptöku máls samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

9. gr.

Framsal er óheimilt ef sök eða dæmd refsing er fyrnd eða að öðru leyti fallin niður samkvæmt íslenskum lögum.

10. gr.

Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í refsivist eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðnin fjallar um, þá er ekki heimilt að framselja hann fyrr en refsivist er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni. Ekki er heldur heimilt að framselja hann ef hér á landi er til meðferðar mál fyrir annan verknað, en þann sem hann óskast framseldur fyrir og sem getur varðað minnst 2 ára refsivist, eða ef hann er hafður í gæslu eða er laus gegn tryggingarráðstöfunum settum samkvæmt 71. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Framsal til meðferðar máls má þó heimila með því skilyrði að viðkomandi verði sendur til baka svo fljótt sem verða má að lokinni meðferð málsins.

11. gr.

Setja skal eftirfarandi skilyrði fyrir framsali:

1. Að ekki verði höfðað mál gegn hinum framselda manni eða hann látinn taka út refsingu eða framseldur til þriðja ríkis fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn var áður en til framsals kom nema:
   a. að dómsmálaráðuneytið heimili það sbr. 20 gr. eða
   b. að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost að fara þaðan óhindraður í minnst 45 daga eða
   c. að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.
2. Að án leyfis dómsmálaráðuneytisins má ekki reka mál hins framselda manns fyrir bráðabirgðadómstólum eða dómstól sem aðeins hefur heimild til að fjalla um viðkomandi afbrot eða sérstök undantekningartilfelli.
3. Að óheimilt er að fullnægja dauðarefsingu gagnvart hinum framselda manni.

Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir framsali.

II. KAFLI
Meðferð framsalsmála.

12. gr.

Beiðni um framsal skal borin fram eftir diplomatiskum leiðum nema um annað hafi verið samið við viðkomandi ríki.

Í framsalsbeiðni skulu vera upplýsingar um ríkisfang þess manns sem óskast framseldur, dvalarstað hans hér á landi, ef um hann er vitað, hvers eðlis afbrotið er og hvar og hvenær það var framið. Ef til er lýsing á þeim sem óskast framseldur skal hún fylgja. Með framsalsbeiðni skal enn fremur fylgja endurrit af þeim lagaákvæðum sem verknaðurinn er talinn varða við. Ef veruleg vandkvæði eru á að útvega endurrit, má láta nægja að gerð sé grein fyrir lagaákvæðum þeim, sem talið er að hafi verið brotin.

Með framsalsbeiðni til meðferðar máls skal fylgja frumrit eða staðfest endurrit af handtökuskipun eða annarri ákvörðun um handtöku sem samkvæmt samningi er í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis og sem færir að því rök að það séu gildar ástæður til að fella grun á viðkomandi mann fyrir hinn refsiverða verknað.

Með beiðni um framsal manns til fullnustu á dómi skal dómurinn fylgja eða staðfest endurrit hans.

13. gr.

Telji dómsmálaráðuneytið, á grundvelli framsalsbeiðni og þeim upplýsingum er henni fylgja, að hafna beri beiðninni þá þegar, skal það gert.

Ef beiðni er ekki strax hafnað skv. 1. mgr. sendir dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara beiðnina og ber honum að sjá til þess að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Ef ekki er annars getið í lögum þessum skal, um framkvæmd rannsóknar og annað sem framsalsbeiðni varðar, beita reglum um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

14. gr.

Maður sá sem óskast framseldur getur krafist úrskurðar sakadóms í Reykjavík um, hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Ríkissaksóknari skal, jafnframt því sem hann tilkynnir manninum um framsalsbeiðnina og rök fyrir henni, láta hann vita um heimild þessa og að hann eigi þess kost að fá sér skipaðan réttargæslumann samkvæmt 16. gr.

Krafa um úrskurð skal berast ríkissaksóknara eða dómsmálaráðuneyti eigi síðar en 1 sólarhring eftir að þeim sem óskast framseldur er tilkynnt um að dómsmálaráðuneytið hafi ákveðið að verða við beiðni um framsal. Ef sérstakar ástæður mæla með getur dómsmálaráðuneytið leyft að ákvörðun um framsal sé borin undir dómstól þótt framangreindur frestur sé liðinn.

Hafi úrskurðar verið krafist innan lögmælts frests eða undanþága leyfð skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

15. gr.

Við rannsókn vegna framsalsbeiðni má beita þeim þvingunaraðgerðum sem lög um meðferð opinberra mála heimila við rannsókn sambærilegra sakamála. Við ákvörðun þess hvort skilyrði séu til beitingar þvingunaraðgerða má leggja til grundvallar dómsákvarðanir þær, sem framsalsbeiðni fylgja án frekari rannsóknar um sönnun sakar viðkomandi manns.

Framangreindum þvingunaraðgerðum má beita, uns úr því er skorið, hvort framsal skal fram fara og síðan þangað til framsal er framkvæmt, sé það heimilað. Ef kveðinn er upp

úrskurður um gæsluvarðhald, skal því ekki markaður lengri tími en 3 vikur. Þyki nauðsyn bera til að lengja gæsluvarðhaldstímann, skal það gert með úrskurði á dómþingi, þar sem gæslufanginn er viðstaddur. Ekki má framlengja gæsluvarðhaldstímann um meira en 2 vikur í senn.

16. gr.

Dómari skal skipa manni þeim sem óskast framseldur réttargæslumann, ef maðurinn eða ríkissaksóknari æskja þess. Dómari getur og af sjálfsdáðum skipað réttargæslumann ef honum þykir ástæða til.

Laun réttargæslumanns og annar sakarkostnaður skulu greidd úr ríkissjóði. Dómari getur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að viðkomandi maður skuli greiða kostnaðinn.

17. gr.

Þegar að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort framsal skuli heimilað.

18. gr.

Þegar dómsmálaráðuneytið hefur ákveðið að verða við beiðni um framsal, skal það framkvæmt svo fljótt sem unnt er. Ef sá sem óskast framseldur er ekki í haldi má handtaka hann og úrskurða í gæslu uns hann er afhentur eða takmarka frelsi hans með öðrum hætti eftir því sem segir í 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Úrskurður um þvingunaraðgerðir skal þó ekki gilda lengur en í 30 daga eftir að endanleg ákvörðun um framsal hefur verið tekin. Samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytisins getur sakadómur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að þvingunarráðstöfunum skuli beitt um tiltekinn lengri tíma.

Þegar maður er framseldur má ákveða að munir eða verðmæti sem lagt hefur verið hald á í sambandi við málið séu afhent stjórnvaldi því, sem framsals óskaði, enda sé við afhendingu gerður fyrirvari, ef ástæða þykir til, til verndar rétti þriðja manns.

III. KAFLI

Aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal.

19. gr.

Nú er maður eftirlýstur af yfirvöldum í erlendu ríki vegna þess að hann er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, sem orðið gæti grundvöllur framsals samkvæmt lögum þessum og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita, ef viðkomandi yfirvöld tilkynna, að þau muni krefjast framsals fyrir verknaðinn.

Ákvörðun um þvingunaraðgerðir skal þegar tilkynnt dómsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið getur ákveðið að þvingunarráðstöfunum skuli ekki beitt, ef það telur að framsalsgrundvöllur sé ekki til staðar. Ef ráðuneytið ákveður ekki að þvingunarráðstafanir skuli felldar niður skal það hlutast til um að erlenda ríkinu verði tilkynnt um þær og að þær verði felldar niður ef framsalsbeiðni berst ekki svo fljótt sem verða má. Ef framsalsbeiðni hefur ekki borist innan 30 daga frá því að tilkynning var send skulu þvingunarráðstafanir felldar niður. Ef sérstaklega stendur á, er heimilt að lengja þennan frest.

20. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur samkvæmt beiðni heimilað að höfðað verði mál gegn þeim sem framseldur er samkvæmt lögum þessum eða hann látinn taka út refsingu fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn er áður en til framsals kom og framselt var fyrir. Það sama gildir um samþykki til að hann verði framseldur áfram til þriðja ríkis fyrir refsiverðan verknað sem framinn var áður en hann var framseldur héðan.

Samþykki má því aðeins veita ef til framsals hefði getað komið fyrir verknaðinn samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 14. og 16. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

Samþykki til að viðkomandi maður verði framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er þó heimilt að veita ef skilyrði laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa eru til staðar.

Í beiðni um samþykki samkvæmt 1. mgr. skulu vera sömu upplýsingar og um getur í 2. mgr. 12. gr. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 14. og 16. gr. eftir því sem við á og um hvort hann óski eftir að notfæra sér þann rétt.

Þegar krafist er dómsúrskurðar um hvort skilyrði laga eru til staðar, er óheimilt að veita samþykki fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggur fyrir. Slík mál skulu lögð til úrskurðar í sakadómi í Reykjavík.

Samkvæmt beiðni getur dómsmálaráðuneytið leyft að um mál hins framselda manns sé fjallað af bráðabirgðadómstól eða öðrum dómstól sbr. 2. mgr. 11. gr., en einungis ef það er talið óhætt vegna málsmeðferðar fyrir þeim dómstól.

21. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur leyft að maður sem framseldur er frá einu erlendu ríki til annars sé fluttur um íslenskt yfirráðasvæði nema ákvæði 2. gr. eða 4.—6. gr. hindra framsal frá Íslandi til viðkomandi ríkis fyrir verknaðinn.

Ef um er að ræða framsal til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er heimilt að veita samþykki skv. 1. mgr., nema ef ákvæði 2. eða 4. gr. í lögum nr. 7/1962 um framsal til þessara landa kæmu í veg fyrir framsal frá Íslandi til viðkomandi ríkis.

IV. KAFLI

Önnur aðstoð vegna reksturs sakamála.

22. gr.

Til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki er heimilt að ákveða samkvæmt beiðni að ákvæðum þeim sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skuli beitt á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi.

Beiðni skal send dómsmálaráðuneytinu nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki, sbr. 6. mgr. Í beiðni skulu vera upplýsingar um tegund afbrots og hvar og hvenær það var framið. Því aðeins er heimilt að verða við beiðni að sannað sé að það liggi fyrir ákvörðun um þvingunaraðgerðir sem eru í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis.

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður, er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.—7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal í stað framangreindra skilyrða gerð krafa um

að framsal vegna verknaðarins sé óheimilt vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa.

Dómsmálaráðuneytið skal strax hafna beiðni ef skilyrði 2. mgr. eru ekki til staðar eða ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni. Sé beiðni ekki synjað samkvæmt þessari málsgrein skal málið sent ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu og skal hann hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni.

Í samningi við erlent ríki er heimilt að ákveða að málið skuli falið öðru stjórnvaldi en ráðuneyti til afgreiðslu.

Ef það er líklegt að maður sem dvelur á Íslandi og sem ekki er grunaður vegna málsins hafi með lögmætum hætti þann hlut sem leggja skal hald á, skal afhending hans til yfirvalda annars ríkis háð því skilyrði að hann, án kostnaðar, skuli sendur til baka þegar meðferð málsins er lokið.

23. gr.

Vegna meðferðar refsimáls í öðru ríki er samkvæmt beiðni heimilt að ákveða að maður sem hér á landi er fangelsaður eða sviptur frelsi samkvæmt dómi vegna refsiverðs verknaðar, skuli sendur til annars ríkis til yfirheyrslu sem vitni eða til samprófunar.

Beiðni skal send dómsmálaráðuneytinu nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki sbr. 6. mgr. Í beiðni skulu vera nákvæmar upplýsingar um hinn refsiverða verknað.

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn sem hún fjallar um eða sambærilegur verknaður er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.—7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Beiðninni skal auk þess hafnað ef nærvera viðkomandi er nauðsynleg hér á landi vegna refsimáls eða ef aðrar ríkar ástæður mæla gegn því að flytja hann til hins ríkisins. Sérstakt tillit skal tekið til þess hvort flutningurinn sé líklegur til að lengja þann tíma sem hann myndi verða sviptur frelsi. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal í stað skilyrðis í 1. ml. þessarar málsgreinar gerð krafa um að framsal vegna verknaðarins sé óheimilt vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa.

Dómsmálaráðuneytið skal strax hafna beiðni ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni. Sé beiðni ekki synjað samkvæmt þessari málsgrein skal málið sent ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu og skal hann hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Ef viðkomandi samþykkir ekki flutning skal sakadómur í Reykjavík kveða upp úrskurð um hvort lagaskilyrði til flutnings séu til staðar. Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um málið í heild. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni.

Í samningi við erlent ríki er heimilt að ákveða að málið skuli falið öðru stjórnvaldi en ráðuneyti til afgreiðslu.

Gera skal það skilyrði fyrir flutningi á manni að viðkomandi skuli sendur til baka svo fljótt sem verða má, ef til vill innan nánari ákveðinna tímamarka og að ekki skuli hafin rannsókn í máli gegn honum meðan hann dvelur í hinu ríkinu, honum refsað þar eða hann framseldur áfram fyrir verknað sem hann framdi áður en flutningur átti sér stað.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

24. gr.

Úrskurðir þeir sem kveðnir eru upp samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Heimilt er að gera samninga við önnur ríki um skyldu til framsals og um aðra aðstoð vegna sakamála með ákveðnum skilyrðum, sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum laga þessara.

Án tillits til laga þessara getur framsal átt sér stað og beiðnir um aðstoð í sakamálum framkvæmdar í þeim mæli sem Íslands hefur skyldu til samkvæmt samningum gerðum fyrir gildistöku laga þessara við önnur ríki.

Framsal og önnur aðstoð í sakamálum er heimil samkvæmt lögum þessum, þótt ekki sé það skylt samkvæmt samningi sem Ísland hefur gert þar að lútandi við viðkomandi ríki.

26. gr.

Ákvæðin í I. og II. kafla um framsal og þau ákvæði í III. kafla sem fjalla um framsal gilda ekki gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

27. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984. Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 9. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og fjallar um eins og nafnið ber með sér um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Frumvarpið er samið í tengslum við væntanlega aðild Íslands að samningum Evrópuráðsins um framsal sakamanna og tveimur viðbótarsamningum við hann, og um gagnkvæma aðstoð í sakamálum og viðbótarsamningi við hann. Verði frumvarp þetta að lögum verða framangreindir samningar fullgiltir af Íslands hálfu. Framangreindir samningar eru prentaðir sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu. Síðar í þessum inngangi er nánari greinargerð um samningana.

Hér á landi eru ekki í gildi almenn lög um framsal sakamanna. Í 9.—11. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru almenn ákvæði um framsal. Um framsal sakamanna á milli Norðurlandanna gildir samræmd löggjöf. Eru íslensku lögin nr. 7/1962.

Lagafrumvarp þetta byggir á norrænni löggjöf um sama efni, en náið samstarf var á milli hinna Norðurlandanna er þau endurskoðuðu eða settu almenn lög um framsal. Eru sænsku framsalslögin frá árinu 1957, dönsku frá 1967, finnsku frá 1970 og norsku frá 1975. Framangreind endurskoðun á framsalsákvæðum í löggjöf hinna Norðurlandanna var gerð í framhaldi af gerð evrópusamnings um framsal og byggir löggjöfin á nokkrum þeim meginreglum er lagðar eru í samningunum.

Samvinna Norðurlandanna varðandi framangreinda lagasetningu var framhald samvinnu um samræmda löggjöf um framsal milli Norðurlandanna og stöðu Norðurlandanna til evrópusamnings um framsal. Þá er almennt mjög æskilegt að á Norðurlöndum gildi sömu grundvallarákvæði um framsal.

Eins og áður segir eru í 9.—11. gr. almennra hegningarlaga almenn ákvæði um framsal. Það er almennt viðurkennt að dómsmálaráðuneytið hafi heimild til að taka ákvörðun um framsal til meðferðar sakamáls eða fullnustu refsingar og að hægt sé að verða við beiðni um framsal án tillits til þess hvort í gildi sé framsalssamningur við það ríki er óskar framsals.

Síðan Ísland varð lýðveldi hafa engir gagnkvæmir samningar um framsal verið gerðir. Um hvaða samningar frá fyrri tímum eru í gildi er erfitt að skera úr um, ekki síst þar sem traustar upplýsingar eru í sumum tilfellum ekki fyrir hendi. Sérstaklega er erfitt að skera úr um gildi samninga við fyrrverandi nýlendur Bretlands. Fer hér á eftir yfirlit um þá samninga sem taldir eru í gildi. Er yfirlit þetta unnið af utanríkisráðuneytinu í febrúar 1980.

Bandaríki Norður-Ameríku:

6. 1.1902. Samningur um framsal sakamanna.
6.11.1905. Viðbótarsamningur.

Belgía:
25. 3.1876. Samningur um framsal sakamanna.

Frakkland:
28. 3.1887. Samningur um framsal sakamanna.

Holland:
18. 1.1894. Samningur um framsal sakamanna.
2. 7.1895. Viðaukasamningur.

Ítalía:
19. 7.1873. Samningur um framsal sakamanna.

Luxemborg:
8. 4.1879. Samningur um framsal sakamanna.

Spánn:
12.10.1889. Samningur um framsal sakamanna.

Sambandslýðveldið Þýskaland:
8.10.1890— 2.11.1891. Erindaskipti um kostnað við framsal sakamanna.
2. / 7.11.1912. Samkomulag um framsal manna, sem viljandi hafa valdið meiðslum.

Samningar við Bretland og fyrrverandi breskar nýlendur, landssvæði o. s. frv.

Samningar við **Bretland** eru eftirfarandi:
a. 31. 3.1873. Samningur um framsal sakamanna.
b. 25.11.1937. Samkomulag um að samningurinn skuli ná til vissra nýlendna og landssvæða.
c. 25.10.1938. Viðbótarsamningur.

Samningurinn frá 1873 gilti einnig gagnvart samveldislöndum og nýlendum. Með samkomulaginu frá 1937 var samningurinn frá 1873 látinn ná til ýmissa verndarsvæða og verndarríkja Breta, t. d. Bechuanaland, Gambíu, Kenya og Nígeríu. Skv. viðbótarsamningnum frá 1938 er framsal heimilt vegna glæpa annarra en taldir eru upp í samningnum frá 1873. Viðbótarsamningurinn gilti gagnvart nýlendum og þeim svæðum, sem samkomulagið frá 1937 fjallaði um. Skv. 3. gr. var samveldislöndum heimilað að gerast aðilar.

Samkvæmt athugun sem gerð var við útgáfu ritsins „Samningar Íslands við erlend ríki“ árið 1963 var aðild samveldislanda að samningnum sem hér segir (aðild einkennd með „×“):

	a. 1873	b. 1937	c. 1938
Ástralía	×	×	×
Indland	×		×
Kanada	×		
Nýja-Sjáland	×		×
Sri Lanka	×		×

Skv. skrá um samninga Íslands frá 1966 og síðar er **Suður-Afríka** einnig talin aðili að samningnum frá 1873. Ákveðið hefur verið að samningarnir frá 1873, 1937 og 1938 gildi gagnvart Papúa Nýju-Guineu. Hins vegar var stjórnvöldum Uganda skýrt frá því að samningarnir giltu ekki milli Íslands og Uganda.

Eitt af þeim atriðum sem taka þarf afstöðu til verði frumvarp þetta að lögum er hvort segja eigi framangreindum samningum upp eða óska eftir endurskoðun á þeim. Þessir samningar sem eru mismunandi að efni til gilda þótt þeir séu í andstöðu við þetta lagafrumvarp sbr. 25. gr. frumvarpsins. Þykir nauðsynlegt í frumvarpi þessu að taka tillit til skyldu samkvæmt eldri samningum.

Þegar sett hafa verið almenn framsalslög er eðlilegt að í kjölfar þeirra fylgi endurskoðun á eldri samningum. Lagasetningin gæti haft takmarkað gildi ef samningarnir stæðu óbreyttir.

Varðandi þörfina á almennum framsalslögum má benda á að núverandi ákvæði um framsal til annarra landa en Norðurlandanna eru mjög ófullnægjandi. Framsal er alvarleg íhlutun á frelsi einstaklingsins og ætti einungis að eiga sér stað samkvæmt skýrri lagaheimild. Þá hefur verulegt ósamræmi skapast eftir að um framsal til hinna Norðurlandanna var sett löggjöf. Einnig er æskilegt að á Norðurlöndunum gildi svipuð ákvæði um framsal.

Rétt er að benda á að skilyrði þau sem í frumvarpinu greinir fyrir framsali eru lágmarksskilyrði og er því hægt að hafna framsalsbeiðni af ástæðum sem ekki eru lögfestar, ef ekki hefur verið um annað samið.

II. Evrópusamningur um framsal sakamanna.

Hinn 13. desember 1957 var í París gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um framsal sakamanna. Var þetta fyrsti samningur Evrópuráðsins á sviði sakamála. Þá hafa verið gerðir tveir viðbótarsamningar við framsalssamninginn, sá fyrri í Strassborg, hinn 15. október 1975 og sá síðari í Strassborg 17. mars 1978. Þá hefur Evrópuráðið samþykkt fleiri en eina ályktun í tengslum við framangreinda samninga.

Eftirtalin 15 aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt framsalssamninginn frá 1957: Austurríki, Kýpur, Danmörk, Sambandslýðveldið Þýskaland, Grikkland, Írland, Ítalía, Liechtenstein, Luxemborg, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Sviss og Tyrkland. Auk þessara ríkja eru Finnland og Ísrael aðilar að samningnum. Þá hafa 4 ríki undirritað samninginn þ. e. Belgía, Frakkland, Ísland og Portúgal. Einungis tvö aðildarríki Evrópuráðsins, Malta og Bretland, hafa ekki samþykkt samninginn.

Viðbótarsamningurinn frá 1975 hefur verið fullgiltur af eftirtöldum ríkjum: Kýpur, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð. Auk þeirra hafa eftirtalin ríki undirritað samninginn: Grikkland, Ísland, Luxemborg, Portúgal og Sviss.

Síðari viðbótarsamningurinn frá 1978 hefur verið fullgiltur af eftirtöldum ríkjum: Austurríki, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð. Eftirtalin ríki hafa undirritað samninginn: Kýpur, Grikkland, Ísland, Ítalía, Portúgal, Spánn og Sviss.

Flest ríkin sem eru aðilar að framsalssamningnum hafa gert fyrirvara við eitt eða fleiri ákvæði hans.

Samkvæmt 1. gr. framsalssamningsins eru aðilar hans skuldbundnir til framsals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ýmsum gagnkvæmum framsalssamningum er listi yfir þær tegundir afbrota sem framsalsskylda nær til, en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. samningsins er framsalsskyldan bundin við ákveðinn refsiramma þ. e. að afbrotið geti varðað 1 árs fangelsi og þegar um framsal til fullnustu refsingar er að ræða þá sé dæmd refsing a. m. k. 4 mánaða refsivist. Heimili lög samningsaðila ekki framsal fyrir tiltekin afbrot sem falla undir almennu skilgreininguna er heimilt að gera fyrirvara um það atriði. Þá eru í samningnum ákvæði um að framsal í ákveðnum tilfellum sé óheimilt og ákvæði þar sem heimilt er að synja um framsal.

Samkvæmt samningnum er óheimilt að framselja menn í eftirtöldum tilfellum:

a. Framsal fyrir stjórnmálaafbrot og afbrot tengd stjórnmálaafbroti er óheimilt.
b. Framsal er óheimilt fyrir almennt afbrot ef tilgangurinn er að höfða refsimál gegn eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana, eða ef réttarstaða hans kunni að vera skert vegna einhverra þessara ástæðna.
c. Framsal fyrir afbrot gegn herlögum er óheimilt.
d. Framsal er óheimilt ef reglan ne bis in idem á við, það er ef viðkomandi hefur verið dæmdur fyrir viðkomandi verknað í því ríki sem hann óskast framseldur frá.
e. Framsal er óheimilt ef sök eða refsing er fyrnd.

Samkvæmt samningnum er heimilt að synja um framsal í eftirtöldum tilfellum:

a. Heimilt er að synja um framsal fyrir afbrot sem varða skatta.
b. Heimilt er að synja um framsal á eigin ríkisborgurum.
c. Heimilt er að synja um framsal ef brotavettvangur er landssvæði aðilans sem framsalsbeiðni er beint til.
d. Heimilt er að synja um framsal ef til meðferðar er mál fyrir sama verknað í því landi sem beðið er um framsal frá.
e. Heimilt er að synja um framsal ef afbrotið getur varðað dauðarefsingu samkvæmt lögum þess sem framsals beiðist, en afbrotið getur ekki varðað dauðarefsingu samkvæmt lögum þess sem framsalsbeiðni er beint til eða dauðarefsingu fyrir slík afbrot er almennt ekki fullnægt.

Ef ríki notfærir sér heimild til að framselja ekki eigin ríkisborgara er í samningnum ákvæði um að viðkomandi ríki verði, samkvæmt beiðni, að höfða mál á hendur viðkomandi fyrir verknaðinn.

Önnur ákvæði samningsins fjalla um meðferð framtalsmála, sérregluna svokölluðu, þ. e. að ekki megi höfða mál á hendur viðkomandi, dæma eða fullnusta refsingu fyrir annan verknað framinn fyrir framsal en hann er framseldur fyrir, endurframsal til þriðja ríkis og gegnumflutning.

Efnisatriði **viðbótarsamningsins frá 1975** eru þau í fyrsta lagi að ákveðnir stríðsglæpir og glæpir gegn mannkyninu eru undanþegnir því að geta talist til stjórnmálaafbrota og er í samningnum nánari skilgreining á því við hvaða afbrot er átt.

Í öðru lagi eru ákvæði 9. gr. samningsins um ne bis in idem skilgreind nánar og talin upp tilfelli þar sem framsal er óheimilt og þar sem heimilt er að synja um framsal. Er þetta gert til að samræma ákvæði reglunnar við notkun hennar í öðrum samningum Evrópuráðsins sem gerðir hafa verið síðar.

Efnisatriði **annars viðbótarsamningsins frá 1978** eru í fyrsta lagi viðbót við 2. mgr. 2. gr.

samningsins þannig að þegar beðið er um framsal fyrir fleiri sjálfstæð afbrot en eitt þá sé heimilt að framselja mann þótt sum afbrotin varði einungis sektum.

Í öðru lagi er 5. gr. samningsins breytt þannig að hún er einnig látin taka yfir afbrot er varða skatta.

Í þriðja lagi er bætt við samninginn ákvæðum um dóma sem kveðnir hafa verið upp yfir fjarstöddum sakborningum. Er samkvæmt greininni heimilt að synja um framsal til fullnustu á slíkum dómum ef málsmeðferð sú sem var undanfari dómsins fullnægir, að mati þess sem framsalsbeiðni er beint til, ekki lágmarksréttindum til málsvarnar. Þó skal verða við framsalsbeiðni ef sá sem biður um framsal veitir tryggingu sem talin er fullnægjandi til að tryggja manni þeim sem óskast framseldur rétt til nýrra réttarhalda sem tryggja málsvörn.

Í fjórða lagi er ákvæði um að ekki skuli verða við beiðni um framsal ef viðkomandi hefur verið veitt sakaruppgjöf hjá þeim sem framsalsbeiðni er beint til enda hafi verið heimilt að lögsækja hann þar.

Í fimmta lagi er ákvæði um að beiðnir um framsal skuli sendar beint á milli viðkomandi dómsmálaráðuneyta.

III. Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.

Hinn 20. apríl 1959 var í Strassborg gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Þá var 17. mars 1978 á sama stað gerður viðbótarsamningur við hann. Einnig hefur Evrópuráðið samþykkt ályktanir í tengslum við samningana.

Eftirtalin 15 aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt aðalsamninginn: Austurríki, Belgía, Danmörk, Frakkland, Sambandslýðveldið Þýskaland, Grikkland, Ítalía, Liechtenstein, Luxemborg, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Sviss og Tyrkland. Auk þessara ríkja hafa Ísland og Portúgal undirritað samninginn. Þá eru Finnland og Ísrael aðilar að samningnum.

Viðbótarsamningurinn frá 1978 hefur verið fullgiltur af eftirtöldum ríkjum: Austurríki, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð. Eftirtalin ríki hafa undirritað samninginn: Grikkland, Ísland, Ítalía, Portúgal, Spánn og Sviss.

Flest aðildarríkja samninganna hafa gert ýmsa fyrirvara við ákvæði þeirra.

Samkvæmt samningnum skuldbinda samningsaðilar sig til að veita hver öðrum, samkvæmt ákvæðum samningsins, víðtækustu gagnkvæma aðstoð í sakamálum vegna afbrota sem eru þess eðlis að refsivald fyrir þau sé innan lögsögu dómsmálayfirvalda beiðanda þegar farið er fram á aðstoðina. Þetta ákvæði sem er almenns eðlis ber að túlka rúmt. Því er ekki aðeins ætlað að taka yfir gagnkvæma aðstoð sem sérstaklega er nefnd í samningnum svo sem varðandi réttarbeiðnir, það er aðstoð við að afla sönnunargagna eða fá send sönnunargögn, skýrslur eða málsskjöl, fyrirkall vitna, sérfróðra manna eða ákærðra eða gagnkvæm skipti á aðstoð. Þá skal einnig heimila aðstoð í málum þótt afbrotið falli líka undir lögsögu þess aðila sem beðinn er um aðstoð.

Í samningnum eru sett fram nokkur leiðbeiningarákvæði. Það var ákveðið að gagnkvæm aðstoð skyldi standa sjálfstæð gagnvart framsali, þannig að aðstoðin skyldi tryggð jafnvel í málum þar sem framsali er hafnað. Til dæmis var það samþykkt að aðstoð skyldi tryggð í minniháttar málum og sem aðalregla þarf afbrotið ekki að vera refsivert samkvæmt lögum beggja ríkjanna.

Gagnkvæm aðstoð vegna máls á hendur ríkisborgara þess ríkis sem beðið er um aðstoð er ekki undanskilin ákvæðum samningsins. Í samningnum er ákvæði um að ef birta á stefnu á hendur sökuðum manni er hægt að gera það skilyrði að hún sé send innan ákveðins tíma áður en málið verður tekið fyrir. Er þetta gert til að vernda hagsmuni viðkomandi. Í samningnum er ákvæði um að sérhverjum samningsaðila beri að tilkynna sérhverjum aðila öðrum um alla dóma í sakamálum sem færðir eru á sakaskrá.

Í samningnum er ákvæði þar sem ekki á að verða við beiðni um aðstoð og í hvaða tilfellum er heimilt að synja um aðstoð.

Samningurinn tekur ekki til afbrota sem eingöngu varða við herlög.

Í eftirtöldum tilfellum er heimilt að synja um aðstoð:

a. Ef afbrotið er talið vera stjórnmálaafbrot eða afbrot tengt stjórnmálaafbroti.
b. Ef afbrotið er talið varða skatta.
c. Ef framkvæmd hennar er talin líkleg til að skaða fullveldi, öryggi, almannareglu eða aðra grundvallarhagsmuni landsins.

Með þessum undantekningum er samningsaðilum skylt að tryggja hver öðrum aðstoð og ef synjað er um aðstoð skal ástæða synjunar gefin upp. En eins og áður segir er hægt að gera fyrirvara við ákvæði samningsins.

Efnisatriði **viðbótarsamningsins frá 1978** eru þau í fyrsta lagi að felld er niður áður nefnd heimild til að synja um aðstoð vegna þess að afbrotið er talið varða skatta.

Í öðru lagi er ákvæði um að hafi samningsaðili sett það skilyrði fyrir framkvæmd réttarbeiðna varðandi leit og hald á munum að brot það er leiddi til réttarbeiðninnar sé refsivert að lögum bæði beiðanda og aðilans sem beiðni er beint til, skuli umrætt skilyrði uppfyllt talið, að því er tekur til afbrota er varða skatta, ef afbrotið er refsivert að lögum beiðanda og er sambærilegt við afbrot sama eðlis að lögum aðilans sem beiðni er beint til.

Í þriðja lagi er bætt við samninginn ákvæðum er varða birtingu málsgagna og ráðstafanir vegna fullnustu dóma.

Og í fjórða lagi er bætt við ákvæði um að samkvæmt beiðni skuli senda afrit af refsidómum, vegna einstakra mála, og um ráðstafanir svo og allar aðrar upplýsingar sem máli skipta til að auðvelda beiðanda mat á því hvort þörf sé einhverra ráðstafana innanlands.

Þar sem Ísland er aðili að Norðurlandasamningi frá 26. apríl 1974 um gagnkvæma dómsmálaaðstoð verður farið eftir ákvæðum hans í samskiptum við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð í þeim tilfellum sem hann er frábrugðinn evrópusamningnum.

IV.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein verður verknaður sem getur leitt til framsals að vera refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis sem biður um framsal og viðkomandi maður verður að vera grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir viðkomandi verknað. Gert er ráð fyrir að bæði sé heimilt að framselja mann til meðferðar máls og til fullnustu á dæmdri refsingu eða til vistunar á stofnun.

Þessi grein og aðrar greinar frumvarpsins leggja ekki skyldu á íslensk stjórnvöld til framsals. Hins vegar getur verið skylt að framselja mann samkvæmt gagnkvæmum framsalssamningum t. d. evrópusamningnum frá 1957.

Í frumvarpi þessu hefur verið valið að nota orðið „grunaður" fyrir réttarstöðu sem ekki hefur skýrt afmarkaða skilgreiningu í sakamálaréttarfari hér á landi. Eins hefði verið hægt að nota orðið „kærður" en hér eru notuð sömu hugtök og í lögum nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Í mörgum löndum er hugtak sambærilegt við „grunaður" ekki til. Frá lagalegu sjónarmiði skiptir varla máli hvort orðið er notað. Notkun á hugtakinu grunaður hefur enga þýðingu varðandi hvaða sönnunargagna er krafist.

Um 2. gr.

Bann við framsali á íslenskum ríkisborgurum er nú í 1. tl. 1. mgr. 9. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Grundvöll fyrir slíku banni má sennilega rekja aftur til síðustu aldar, en þá var það talið liggja í eðli ríkisborgararéttar, að ríkisborgari skyldi næstum hafa

skilyrðislausan rétt til dvalar á landinu og þar með vernd gegn framsali. Telja má að bann við framsal á eigin ríkisborgurum byggist í dag á réttaröryggis- og mannúðarsjónarmiðum. Bann við framsali á eigin ríkisborgurum er í samræmi við löggjöf á hinum Norðurlöndunum.

Undantekningu frá framangreindu banni við framsali á eigin ríkisborgurum er að finna í lögum um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna, en samkvæmt þeim má framselja Íslending til hinna Norðurlandanna ef hann hefur verið búsettur tvö síðustu árin, áður en afbrot var framið, í því landi, sem framsals óskar eða að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við afbrotinu eða samsvarandi afbroti samkvæmt íslenskum lögum.

Komið hefur til tals á hinum Norðurlöndunum hvort ekki væri ástæða til að upphefja algjört bann við framsali á eigin ríkisborgurum og opna möguleika á að víkja frá banni í sérstökum tilfellum og þá samkvæmt nánar tilteknum skilyrðum. Enn sem komið er hefur það ekki verið gert.

Helstu rökin gegn algjöru banni á framsali eigin ríkisborgara eru aukin alþjóðasamskipti og hvernig alþjóðleg afbrotastarfsemi hefur þróast.

Samkvæmt 6. gr. evrópusamningsins um framsal sakamanna hefur aðildarríki rétt til að hafna framsali á eigin ríkisborgurum og aðildarríkjunum er sjálfum gefin heimild til að skilgreina hugtakið „ríkisborgari“ í þessu sambandi.

Á grundvelli þessa ákvæðis hafa Danmörk, Noregur og Svíþjóð gefið yfirlýsingu þegar þau gerðust aðilar að samningnum að „ríkisborgari“ viðkomandi lands teljist þeir sem hafi ríkisborgararétt eða eru búsettir í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi eða Svíþjóð. Fyrirhugað er að gefa samsvarandi yfirlýsingu af Íslands hálfu.

Ísland gæti þannig ekki einungis hafnað beiðnum um framsal á eigin ríkisborgurum, heldur einnig beiðnum um framsal á persónum sem, án þess að vera ríkisborgarar hér, eru búsettir hér eða á persónum sem hafa réttindi innfæddra eða eru búsettir á hinum Norðurlöndunum, en eru staddir hér. En eins og áður segir er algjört bann við framsali bundið við íslenska ríkisborgara.

Tekið skal fram að þessi rúma túlkun á ríkisborgarahugtaki evrópusamningsins hefur sætt talsverðri gagnrýni frá öðrum Evrópulöndum.

Um 3. gr.

Um 1. mgr. 1. mgr. tekur bæði yfir framsal til meðferðar máls og framsals vegna fullnustu á dómi þ. e. a. s. að takmörkun greinarinnar á framsali miðast við að afbrotið svari til verknaðar, sem samkvæmt íslenskum lögum getur varðað fangelsi í meira en 1 ár.

Verði evrópusamningur um framsal sakamanna fullgiltur tekur Ísland á sig skyldu til framsals ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Þessi samningsskylda gildir þó aðeins, ef afbrotið samkvæmt löggjöf í því landi sem setur fram beiðni um framsal getur varðað 1 árs fangelsisrefsingu eða þyngri fangelsisrefsingu. Þessa viðbótartakmörkun hefur ekki þótt ástæða til að taka upp í frumvarpið.

Talið er hentugt að hafa möguleika til að verða við beiðni um framsal fyrir verknaði sem samkvæmt íslenskum lögum geta varðað vægari refsingu en 1 árs fangelsi, og er því tekin upp í 1. mgr. heimild til að gera samninga þar að lútandi. Slíkt samkomulag kæmi til greina að gera við ríki sem Ísland hefði náin samskipti við.

Í 2. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna er það skilyrði að verknaður varði 1 árs fangelsi eða þyngri refsingu. Á hinum Norðurlöndunum hefur ekki þótt ástæða til að leyfa framsal almennt vegna verknaðar sem varðar 1 árs fangelsi. Verði evrópusamningurinn fullgiltur er ráðgert að gera fyrirvara um framangreint atriði.

Það er ekki skilyrði fyrir framsali að verknaðurinn falli beint undir verknaðarlýsingu íslensks refsiákvæðis. Það er nóg að viðkomandi tegund verknaðar sé refsiverð samkvæmt íslenskri löggjöf. Í frumvarpinu er notað hugtakið „sambærilegur verknaður“.

Um 2. mgr. Í 2. mgr. er það skilyrði sett að ef óskað er framsals til meðferðar máls verði í erlenda ríkinu að vera búið að taka ákvörðun um handtöku eða fangelsun vegna viðkomandi verknaðar. Er þetta í samræmi við venjur í framsalsmálum og ákvæði sambærilegt við þetta er í mörgum framsalssamningum t. d. í 2. mgr. 12. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna. Í flestum löndum þaðan sem raunhæft er að ætla að framsalsbeiðni geti borist er slík ákvörðun tekin af dómstól, en það er varla ástæða til að gera slíkt að lagaskilyrði, heldur er æskilegra að virða þær heimildarreglur um handtöku og fangelsun sem gilda í viðkomandi ríkjum.

Um 3. mgr. Ákvæði 1. mgr. takmarka þær tegundir afbrota sem geta verið grundvöllur framsals til meðferðar máls eða til fullnustu á dómi, en í 3. mgr. eru takmarkanir á framsali með tilliti til þeirra viðurlaga sem eru grundvöllur framsals. Samkvæmt málsgreininni er það sem aðalregla skilyrði fyrir framsali að dómurinn hljóði upp á minnst 4 mánaða refsivist eða að dómþoli samkvæmt dómnum eða ákvörðun sem tekin er með heimild í dómnum, skuli settur á stofnun og að dvöl hans þar geti orðið í 4 mánuði. Fyrirmynd að þessari 4 mánaða reglu er að finna í 2. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna. Hin Norðurlöndin hafa í sínum framsalslögum tekið upp framangreinda viðmiðun.

Í þessari málsgrein er notað orðið „refsivist“ og tekur það bæði yfir fangelsi og varðhald. Takmörkun 1. mgr. miðast eins og áður er komið fram við að verknaðurinn geti „varðað fangelsi í meira en 1 ár“.

Ef talið er æskilegt að gera samkomulag við ríki, sem Ísland á náin samskipti við, um að víkja frá framangreindri 4 mánaða reglu er heimilt samkvæmt greininni að gera slíkt samkomulag.

Verði evrópusamningur um framsal sakamanna fullgiltur er ráðgert að gera fyrirvara um að hægt sé að hafna beiðni um framsal vegna fullnustu á dómi sem kveðinn er upp af bráðabirgðadómstól sbr. 11. gr. frumvarpsins. Ef stofnun bráðabirgðadómstólsins eða skipun hans eða þær reglur sem gilda um málsmeðferð fyrir honum, vekja ekki tortryggni út frá réttarfarssjónarmiðum í refsimálum, er ekki ástæða til að hafna beiðni vegna fullnustu á dómi uppkveðnum af bráðabirgðadómstól.

Af framangreindum ástæðum er ekki tekið upp í frumvarpið ákvæði um bann við framsali til fullnustu á dómi uppkveðnum af bráðabirgðadómstól. Gert er ráð fyrir að til framsals vegna fullnustu á slíkum dómum komi ekki fyrr en eftir nákvæma athugun á framangreindum atriðum í hverju einstöku tilfelli.

Um 4. mgr. Þegar um er að ræða framsal vegna fleiri refsiverðra verknaða og skilyrði 1.—3. mgr. varðandi málið, ákvörðun um handtöku eða fangelsun og það sem þar kemur á eftir er uppfyllt með tilliti til eins af verknuðunum er eins og í norrænu framsalslögunum talið ónauðsynlegt að krefjast þess að þessi skilyrði séu uppfyllt að því er varða hina verknaðina.

Af þessu leiðir meðal annars að samkvæmt frumvarpinu er ekki útilokað að leyft verði framsal auk verknaða sem uppfylla skilyrði 1.—3. mgr. fyrir verknað sem ekki er refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða aðeins getur varðað sektarrefsingu, varðhaldi eða fangelsi í 1 ár eða minna.

Um 5. mgr. Samkvæmt a lið 2. mgr. 12. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna skal með beiðni um framsal fylgja: „Frumrit eða staðfest afrit fullnustuhæfs refsidóms eða ákvörðunar um öryggisráðstöfun, eða handtökuskipunar, eða annars úrskurðar sem hefur sömu verkun og kveðinn er upp á þann hátt sem lög þess aðila sem framsals beiðist segja fyrir um.“

Við fullgildingu á evrópusamningnum gáfu hin Norðurlöndin þá yfirlýsingu vegna framangreinds ákvæðis að þegar sérstakar ástæður krefðust gætu viðkomandi yfirvöld beðið það land, sem setti fram framsalsbeiðni að útvega sönnunargögn sem sýndu fram á að líklegt

mætti teljast að viðkomandi væri sekur og að hægt væri að hafna beiðninni ef sönnunargögnin teldust ófullnægjandi.

Verði evrópusamningurinn fullgiltur af Íslands hálfu er það aðalregla samkvæmt honum að íslensk yfirvöld yrðu skyldug án frekari könnunar á sönnunaratriðum að leggja erlendan dóm eða ákvörðun um handtöku eða fangelsun til grundvallar við meðferð framsalsmálsins.

Komi sú staða upp að sá sem óskast framseldur neiti sök fyrir íslenskum yfirvöldum réttlætir það eitt ekki að íslensk yfirvöld krefjist frekari sönnunargagna. Ef aftur á móti viðkomandi til stuðnings staðhæfingu sinni getur vísað til sérstakra ástæðna, sem leiða til þess að réttmætur vafi er um sök hans, þá er hægt að biðja um að útveguð verði gögn sem sýna fram á að líklegt sé að viðkomandi sé sekur, og ef þessi gögn eru ekki útveguð eða þau teljist ófullnægjandi, er hægt að hafna framsalsbeiðni.

Á þessum grundvelli er lagt til í 5. mgr. að framsal sé óheimilt, ef rökstudd ástæða sé til að ætla að grunur um refsiverða háttsemi eða niðurstaða dóms, þyki eigi fullnægja grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, um refsiverða háttsemi eða um lögfulla sönnun sakar í refsimálum.

Í samræmi við það sem sagt er hér að ofan er þó rétt að benda á að einungis er hægt að synja um framsal samkvæmt þessu ákvæði ef af **rökstuddum** ástæðum megi ætla að gruninn eða dóminn, sem er grundvöllur framsalsbeiðninnar, skorti þann sönnunargrundvöll, sem eðlilegt má telja að grunur eða dómur sé byggður á. Ákvæðið felur ekki í sér, að sem liður í könnun á hvort skilyrði til framsals séu til staðar, sbr. 13. gr. frumvarpsins, skuli fara fram almenn könnun á sök viðkomandi, heldur aðeins að við yfirheyrslu yfir honum leiði yfirvöld athygli að hvort slíkar sérstakar ástæður séu til staðar að varhugavert sé að leggja til grundvallar, án frekari athugunar, þær afgreiðslur (handtökuskipun, dóm) sem fylgdu framsalsbeiðninni.

Um 4. gr.

Í 4. gr. evrópusamningsins um framsal sakamanna segir að framsal fyrir verknað sem varðar við herlög, en er ekki refsiverður að almennum lögum sé undanskilið ákvæðum samningsins.

Við fullgildingu á evrópusamningnum mun Ísland gefa yfirlýsingu um að framsal vegna verknaðar sem varðar við herlög og sem jafnframt er refsiverður að almennum lögum sé aðeins heimilt með því skilyrði að viðkomandi manni verði ekki refsað samkvæmt herlögum.

Það leiðir af ákvæðum 4. gr. frumvarpsins að framsal í slíkum tilfellum sem þar greinir sé aðeins heimilt með áðurnefndu skilyrði.

Um 5. gr.

Í 2. tl. 1. mgr. 9. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er ákvæði um að ekki megi framselja menn sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot.

Bann við framsali á mönnum fyrir stjórnmálaafbrot hefur verið eitt af grundvallaratriðum framsalsréttar allt frá því að það var tekið upp í belgísku framsalslögunum árið 1833. Aftur á móti hafa verið skiptar skoðanir og óvissa ríkjandi um nánara innihald hugtaksins. Talið er vafasamt að hugtakið sé hér sömu merkingar og á öðrum lagasviðum þar sem það hefur þýðingu. Ein aðalspurningin hefur verið hvort takmarka eigi hugtakið við svokölluð „algjör stjórnmálaafbrot“ það er að segja afbrot sem vegna þess hvers eðlis verknaðurinn er og þá sérstaklega hverra hagsmunir það eru sem hann beinist gegn megi líta á sem stjórnmálalega. Er þá verið að hugsa um afbrot sem beinist beint gegn ríkinu eða varðar sjálfsforræði ríkisins, stjórnskipulag þess eða fulltrúa fyrir ríkisvaldið. Enginn vafi er á að hugtakið „stjórnmálaafbrot“ tekur yfir þessa verknaði. Aftur á móti er óvissa um hvort og ef til vill að hve miklu leyti hugtakið tekur yfir (eða á að taka yfir) afbrot sem rekja má til stjórnmálalegra orsaka, en sem annars varða við almenn refsiákvæði (afstæð

stjórnmálaafbrot). Það er almennt viðurkennt að slík afbrot sem standa í sambandi við hrein stjórnmálaafbrot eða hafa verið liður í eða hluti af þeim skuli teljast stjórnmálaafbrot í skilningi 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Önnur afbrot sem spurning getur orðið um hvort líta eigi á sem stjórnmálaafbrot eru t. d. flótti frá landi þar sem flóttinn sem slíkur er refsiverður og ennfremur afbrot sem eru hluti af þeim verknaði að flýja, en sem hvorki í sjálfu sér er stjórnmálaafbrot eða sem er gert til að komast hjá afleiðingum af stjórnmálaafbroti.

Án tillits til þess hvaða atriði eru lögð til grundvallar við skilgreiningu á stjórnmálaafbroti, er almennt viðurkennt að viss afbrot eða tegundir afbrota geta orðið grundvöllur framsals jafnvel þótt þau falli undir almenna skilgreiningu. Það á sérstaklega við um afbrot sem samkvæmt eðli sínu má líta á sem „alþjóðleg“ t. d. stríðsglæpi. Sama sjónarmið hefur verið lagt til grundvallar þegar um alvarlega hryðjuverkastarfsemi er að ræða. Þá er í sumum alþjóðasamningum fjallað um hugtakið.

Almenn skilgreining á hugtakinu stjórnmálaafbrot er ekki að finna í framsalslögum annarra ríkja. Þó hafa sum lönd ákvæði um að viss afbrot skuli ekki teljast stjórnmálaafbrot.

Í framsalslögum einstakra ríkja, þar á meðal hinna Norðurlandanna, er viðbótarákvæði um að ef verknaðurinn (stjórnmálaafbrotið) er jafnframt brot á öðrum lagaákvæðum, sem ekki eru stjórnmálalegs eðlis, þá sé framsal óheimilt fyrir það afbrot ef verknaðurinn telst að litlu leyti stjórnmálaafbrot.

Í finnsku framsalslögunum er auk þess ákvæði um að manndráp eða tilraun til manndráps sem ekki gerist í bardaga teljist ekki til stjórnmálaafbrota. Í greinargerðum með framsalslögum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar kemur fram það sjónarmið að ekki eigi að takmarka notkun hugtaksins við hin svokölluðu „algjör stjórnmálaafbrot“.

Evrópusamningur um framsal sakamanna byggir heldur ekki á ákveðnum forsendum um skilning á hugtakinu. Samningurinn virðist viðurkenna að þetta er afstætt. Samkvæmt honum er forsendan sú að ef afbrotið af þeim aðila sem framsalsbeiðni er beint til telst stjórnmálaafbrot, eða afbrot tengt slíku afbroti, þá ræður sá skilningur (sjá 1. tl. 3. gr. samningsins).

Bæði við matið á þörfinni fyrir, og umfangi undantekningarákvæðis vegna stjórnmálaafbrota má hafa í huga ákvæði 6. gr. frumvarpsins sem veitir heimild til að hafna beiðni um framsal m. a. ef áþreifanleg rannsókn leiðir í ljós að hætta sé á að viðkomandi verði látinn þola meðferð sem er alvarlegs eðlis til dæmis vegna stjórnmálaaðstæðna eða vegna stjórnmálaskoðana. Það er í samræmi við sjónarmið sem fram koma í nýrri framsalslögum m. a. á hinum Norðurlöndunum að til viðbótar ákvæðum 6. gr. frumvarpsins sé rétt að hafa sérstakt undantekningarákvæði fyrir stjórnmálaafbrot. Að hafna beiðni um framsal samkvæmt ákvæðum 6. gr. frumvarpsins, vegna þess að ákveðið mat leiðir til þeirrar niðurstöðu að ákvæði greinarinnar eigi við, þá má gera ráð fyrir að slíkt mat sé mjög erfitt og óöruggt og slík niðurstaða geti leitt til vandkvæða í samskiptum við önnur ríki. Þegar beiðni um framsal er hafnað á þeirri forsendu að verknaðurinn teljist stjórnmálaafbrot þá verður slíkt ekki gert fyrr en eftir ítarlega athugun. Samt sem áður verður að telja auðveldara að hafna beiðni á þeirri forsendu heldur en samkvæmt ákvæðum 6. gr. frumvarpsins.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið þá telur ráðuneytið ekki rétt að hugtakið „stjórnmálaafbrot“ verði skilgreint þannig að það miðist eingöngu við ákveðnar aðstæður. Hætta er á að slík skilgreining myndi takmarkast við algjör stjórnmálaafbrot, en það er talið vera of þröng skilgreining í dag. Jafnvel ónákvæmara hugtak myndi leiða til vandkvæða í framkvæmd og það er ekki eðlilegt að miða við þrengri réttarreglu á þessu sviði en annars er viðurkennd í alþjóðlegum fræðikenningum og framkvæmd.

Ráðuneytið gengur þó út frá þeirri forsendu að hugtakið stjórnmálaafbrot í frumvarpi þessu taki fyrst og fremst yfir afbrot sem beinast gegn ríki og þjóðfélagsskipun, en það taki

einnig yfir afbrot almenns eðlis sem hefur veruleg stjórnmálaleg einkenni. Að hve miklu leyti slík afbrot skulu talin falla undir skilgreiningu hugtaksins ræðst af almennu mati á viðkomandi verknaði þar sem meðal annars er tekið tillit til eðlis afbrotsins og hver sé bakgrunnur fyrir stjórnmálaorsökum, og hversu ákveðinn hann sé og hvort verknaðurinn sé liður í víðtækari stjórnmálastarfsemi. Við þetta mat verður að hafa hliðsjón af ríkjandi kenningum og alþjóðavenjum.

Í annarri málsgrein er ákvæði um verknaði (stjórnmálaafbrot) sem einnig eru afbrot sem ekki eru stjórnmálalegs eðlis. Þegar beðið er um framsal í slíkum tilfellum skal það vera fyrir afbrotið sem ekki er stjórnmálaafbrot, og þá byggt á því mati að verknaðurinn teljist að litlu leyti stjórnmálaafbrot. Þetta ákvæði er einnig í framsalslögum hinna Norðurlandanna.

Þegar framsalslögin voru sett eða endurskoðuð á Norðurlöndunum fyrir nokkrum árum var talsvert rætt um hvort undanskilja ætti ákveðin afbrot undan skilgreiningu hugtaksins stjórnmálaafbrot, þannig að þau gætu ekki talist til stjórnmálaafbrota. Kom þetta sérstaklega til umfjöllunar varðandi hvort taka ætti inn í lögin belgíska tilræðisákvæðið, þ. e. að morð eða árás á þjóðhöfðingja eða á einhvern úr fjölskyldu hans teljist ekki stjórnmálaafbrot.

Var þetta sérstaklega rætt þar sem í 3. tl. 3. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna er ákvæði um að svipta eða gera tilraun til að svipta þjóðhöfðingja eða einhvern úr fjölskyldu hans lífi teljist ekki stjórnmálaafbrot að því er samninginn varðar.

Niðurstaðan á Norðurlöndunum varð sú að ekki væri ástæða til að taka eitt afbrot út úr á þennan hátt heldur kæmi til almennt mat hverju sinni. Í frumvarpi þessu er fyrirmynd hinna Norðurlandanna fylgt varðandi framangreint atriði og þýðir það að gera verður almennan fyrirvara vegna ákvæða 3. tl. 3. gr. evrópusamningsins.

Í 1. gr. viðbótarsamnings við evrópusamning um framsal sakamanna er ákvæði um að ekki skuli teljast til stjórnmálaafbrota glæpir þeir gegn mannkyninu sem skilgreindir eru í sáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð, sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 9. desember 1948, og afbrot sem talin eru í 50. gr. Genfarsamnings frá 1949 um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli, 51. gr. Genfarsamnings frá 1949 um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreika sjóliða og hermanna á hafi úti, 130. gr. Genfarsamnings frá 1949 um meðferð stríðsfanga og 147. gr. Genfarsamnings frá 1949 um vernd hins almenna borgara á stríðstímum. Þá er í greininni ákvæði um að ekki skuli telja stjórnmálaafbrot sérhvert sambærilegt brot á þeim lagareglum styrjalda sem í gildi eru þegar viðbótarsamningurinn tekur gildi svo og á hefðum um styrjaldir sem fyrir hendi eru við gildistöku og ekki eru þegar talin í framangreindum ákvæðum Genfarsamninganna.

Norðurlöndin greiddu atkvæði gegn þessum hluta viðbótarsamningsins og hafa ekki látið hann koma til framkvæmda samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. samningsins. Byggist sú afstaða á þeim almennu sjónarmiðum sem rakin eru hér að framan um að ekki skuli undanskilja ákveðin afbrot frá að geta flokkast sem stjórnmálaafbrot.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. tl. 33. gr. Genfarsamnings um réttarstöðu flóttamanna frá 1951 má ekkert aðildarríki vísa flóttamanni brott eða endursenda hann á nokkurn hátt til landamæra ríkis þar sem lífi hans eða frelsi myndi verða ógnað vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana.

Ákvæði 2. tl. 3. gr. evrópusamningsins um framsal sakamanna eru byggð á framangreindu ákvæði, en samkvæmt því má ekki verða við framsalsbeiðni ef veruleg ástæða er til að ætla að beiðni um framsal vegna almenns afbrots sé gerð í þeim tilgangi að höfða refsimál gegn eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana eða að réttarstaða hans kunni að verða skert vegna einhverra þessara ástæðna.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru að verulegu leyti byggð á framangreindum ákvæðum, en í samræmi við hin Norðurlöndin hefur til viðbótar verið tekið upp ákvæði um stjórnmálaaðstæður. Líta má á það sem minniháttar útvíkkun á ákvæðum evrópusamningsins þar sem í honum er talað um stjórnmálaskoðanir.

Það skilyrði er í greininni að viðkomandi verði að sæta ofríki eða ofsóknum vegna framangreindra atriða sem beinist gegn lífi hans eða frelsi eða er að öðru leyti alvarlegs eðlis. Ákvæði greinarinnar eiga einnig við ef hætta er á að viðkomandi verði sendur til þriðja ríkis og að framangreind atriði geti átt við um stöðu hans þar.

Um 7. gr.

Framsal er einungis heimilt ef viðkomandi er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir verknað, sem er af ákveðnum grófleika. Spurning um framsal kemur oftast upp, eftir að viðkomandi hefur árangurslaust reynt að komast hjá refsiábyrgð t. d. með flótta. Með þennan bakgrunn er algengt að viðkomandi reyni að komast hjá framsali af því að hann óttast alvarlegar afleiðingar framsals t. d. brottnám frá því landi sem hann hefur tekið sér búsetu í og ef til vill að einhverju leyti komið sér fyrir, hann óttist meðferð refsimálsins, fullnustu dómsins og þau mannlegu og félagslegu vandamál sem tengjast því. Það er þó ljóst að þessi sjónarmið almennt leiði ekki til að framsalsbeiðni verði hafnað, ekki heldur þótt refsiviðurlög eða refsiframkvæmd séu harðari í því landi sem biður um framsal en hér á landi.

Það má þó fyrirfram ekki útiloka að upp geti komið tilfelli þar sem þær afleiðingar sem framsal hefur í för með sér fyrir viðkomandi séu í svo miklu ósamræmi við málavexti og eðlilega hagsmuni erlenda ríkisins í að til framsals komi að telja má það ósamræmanlegt mannúðarsjónarmiðum að heimila framsal.

Með hliðsjón af þessum atriðum hafa hin Norðurlöndin gert fyrirvara við evrópusamning um framsal sakamanna, um að heimilt sé að synja beiðni um framsal ef telja má framsal með tilliti til aldurs, heilsufars eða annarra persónulegra aðstæðna hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar sem eru í fullkomnu ósamræmi við málavexti.

Á þessum grundvelli er lagt til í 7. gr. frumvarpsins að í sérstökum tilfellum megi synja um framsal ef mannúðarástæður mæla gegn því svo sem aldur, heilsufar eða aðrar persónulegar aðstæður.

Þegar í frumvarpinu er talað um „aðrar persónulegar aðstæður“ en aldur og heilsufar eru hafðar í huga félagslegar aðstæður mannsins í heild. Við mat á því getur m. a. skipt máli hvort viðkomandi á fjölskyldu hér á landi, hversu lengi hann hefur búið hér og hvort hann reki hér atvinnustarfsemi eða hafi fasta atvinnu.

Við mat á því hvort framsal er í ósamræmi við mannúðarástæður verður að hafa í huga í fyrsta lagi að ekki má beita þeim sjónarmiðum nema í alveg sérstökum tilfellum því annars missir framsalskerfið gildi sitt í alþjóðlegu samstarfi á sviði afbrotamála og að þeim atriðum sem mæla gegn framsali af framangreindum ástæðum ber að beita með hliðsjón af þeim hagsmunum sem erlenda ríkið hefur af framsali, m. a. með tilliti til grófleika afbrotsins og hversu langt er um liðið síðan það var framið.

Um 8. gr.

Að efni til er ákvæði greinarinnar samhljóða 5. gr. laga nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er ákvæði um að ef sök eða dæmd refsing er fyrnd eða að öðru leyti fallin niður sé framsal óheimilt.

Samkvæmt 10. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna skal ekki verða við framsalsbeiðni þegar fyrnd er sök eða refsing, hvort heldur er samkvæmt lögum aðila þess sem framsals beiðist eða aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til.

Það er ljóst að til framsals kemur ekki ef sök eða refsing er fallin niður sökum fyrningar samkvæmt löggjöf þess lands sem setur fram beiðni um framsal. Hvort svo er hafa íslensk yfirvöld venjulega enga möguleika á að staðreyna. Ef sá sem óskast framseldur gerir líklegt að sök eða refsing sé fyrnd samkvæmt löggjöf í því landi sem biður um framsal getur verið ástæða til að óska eftir yfirlýsingu þar um frá yfirvöldum í viðkomandi landi. Sé því lýst yfir að sök eða refsing sé ekki fyrnd verður almennt að leggja slíka yfirlýsingu til grundvallar.

Í þessari grein er auk fyrningar ákvæði um að framsal sé óheimilt ef sök eða dæmd refsing sé „að öðru leyti fallin niður". Hér getur t. d. verið átt við sakaruppgjöf, en um hana er svohljóðandi ákvæði í 4. gr. annars viðbótarsamnings um framsal sakamanna: „Ekki skal verða við framsalsbeiðni fyrir afbrot sem veitt hefur verið sakaruppgjöf fyrir hjá aðila þeim sem framsalsbeiðni er beint til ef sá aðili hafði heimild til að lögsækja fyrir það samkvæmt eigin hegningarlögum".

Um 10. gr.

Efnislega er ákvæði þessarar greinar samhljóða 6. gr. norrænu framsalslaganna. Í dönsku framsalslögunum er ekki sambærilegt ákvæði, en það er aftur á móti í þeim norsku. Rétt þykir að taka upp þetta ákvæði til samræmis við lög nr. 7/1962 um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna og einnig mæla gild efnisrök með því.

Um 11. gr.

Í 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins eru tekin upp skilyrði sem ávallt skal setja fyrir framsali. Eru þetta hliðstæð skilyrði og í 7. gr. norrænu framsalslaganna, nr. 7/1962. Í þeim lögum er þó talað um að „jafnan" skuli setja þar tilgreind skilyrði fyrir framsali.

Um 1. tl. Helstu frávik þessarar greinar frumvarpsins frá norrænu framsalslögunum eru eftirfarandi:

a. Samkvæmt norrænu framsalslögunum er framsal til þriðja ríkis óheimilt nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Samkvæmt frumvarpinu getur framsal einnig komið til ef skilyrði b og c liðar 1. tl. eru uppfyllt. Ákvæði greinarinnar verður að skoða í því ljósi að í frumvarpinu eru strangari skilyrði fyrir framsali frá Íslandi en í norrænu framsalslögunum.

b. Samkvæmt frumvarpinu getur viðkomandi ekki sjálfur samþykkt að hann sé dreginn til ábyrgðar fyrir annan verknað framinn fyrir framsalið en þann sem hann er framseldur fyrir. Evrópusamningurinn um framsal sakamanna býður ekki upp á þennan möguleika þar sem það getur orðið erfitt að staðreyna að samþykkið sé gefið með frjálsum vilja. Af þessum ástæðum er ekki tekið upp í frumvarpið ákvæði um að hinn framseldi geti sjálfur samþykkt að hann sé dreginn til ábyrgðar fyrir annan verknað framinn fyrir framsalið, en hann er framseldur fyrir.

c. Fresturinn í b-lið 1. tl. þessarar greinar frumvarpsins er í samræmi við 1. mgr. 14. gr. evrópusamningsins um framsal sakamanna, en samkvæmt norrænu framsalslögunum er miðað við 1 mánuð.

Um 2. tl. Við fullgildingu á evrópusamningi um framsal sakamanna hefur af hálfu Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands verið gerður sá fyrirvari að hægt sé að hafna beiðni um framsal á grunuðum eða ákærðum manni ef reka á mál hans fyrir sérdómstóli. Af hálfu Noregs var slíkur fyrirvari ekki gerður.

Dálítill munur er á ákvæðum í framsalslögum hinna Norðurlandanna um þetta atriði og einnig um hvernig skilja eigi orðið „sérdómstóll". Samkvæmt dönsku og sænsku framsalslögunum er heimilt að verða við beiðni um framsal þótt reka eigi mál fyrir sérdómstól, en samkvæmt finnsku framsalslögunum er bannið algjört.

Í frumvarpi þessu hefur norska útgáfan af þessu ákvæði verið valin og skal það val rökstutt örlítið nánar.

Þeir hagsmunir sem verið er að vernda með þessu ákvæði, eru að mál þess sem óskast framseldur sé rekið fyrir dómstólum sem starfa eftir almennum reglum og sem ekki þykja vafasamar út frá almennum réttarfarsreglum í refsimálum. Víða eru sérdómstólar sem fjalla um sérgreind mál t. d. umferðardómstólar, sjódómar, fíkniefnadómstólar o. fl. Ekki þykir ástæða til að takmarka framsal við að málið skuli ekki rekið fyrir sérdómstól, heldur bráðabirgðadómstól eða dómstól sem aðeins hefur heimild til að dæma í viðkomandi máli eða málum í sérstökum undantekningartilfellum. Réttarkerfi í einstaka löndum getur auk þess verið þannig byggt upp að bann við framsali ef reka á mál fyrir sérdómstóli sé erfitt í framkvæmd og óeðlilegt.

Um 3. tl. Í 11. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna er ákvæði um að „geti afbrot það sem beiðst er framsals vegna varðað dauðarefsingu samkvæmt lögum þess aðila sem framsals beiðist, en afbrotið getur ekki varðað dauðarefsingu samkvæmt lögum aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til, eða að dauðarefsingu fyrir slíkt afbrot er þar almennt ekki fullnægt, er heimilt að synja um framsal, nema því aðeins að aðili sá sem framsals beiðist veiti tryggingu sem aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til metur fullnægjandi fyrir því að dauðarefsingu verði ekki fullnægt".

Þar sem náðun er í flestum löndum veitt af þjóðhöfðingja og ekki er hægt að vænta þess að beiðni þar að lútandi sé afgreidd fyrirfram, er viðbúið að það sé útilokað eða miklum erfiðleikum bundið að fá slíka tryggingu sem að framan greinir. Með hliðsjón af þessu er það ófrávíkjanlega skilyrði sett að óheimilt sé að fullnusta dauðarefsingu gagnvart framseldum manni. Þetta skilyrði á einnig við þegar maður er framseldur til meðferðar máls og hann er síðan dæmdur til dauða.

Ef réttlætanlegt þykir að víkja frá framangreindu skilyrði vegna stríðsglæpa eða í öðrum sérstökum tilfellum verður heimild þar til að vera annarstaðar en í almennum framsalslögum.

Um 2. mgr. Í þessari málsgrein er ákvæði um að heimilt sé að setja frekari skilyrði fyrir framsali en áður eru upp talin. Hvort slíkt sé nauðsynlegt verður að meta í hverju einstöku tilfelli. Hægt er að hugsa sér að slíkt skilyrði sé t. d. að vararefsing vegna dauðarefsingar megi ekki vera önnur grimmúðleg refsing.

Samningsskyldur geta takmarkað þau skilyrði sem hægt er að setja samkvæmt þessari grein.

Um 12. gr.

Um 1. mgr. Hér er lagt til að lögfest verði regla sem talin er hafa verið í gildi ólögfest. Ákvæðið er í samræmi við upphaflegt ákvæði 1. tl. 12. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna, en í öðrum viðbótarsamningi við þann samning er í 5. gr. ákvæði um að framsalsbeiðni skuli send beint á milli viðkomandi dómsmálaráðuneyta. Markmiðið með þeirri breytingu er að einfalda málsmeðferð.

Um 2. mgr. Þessi málsgrein svarar til 2. mgr. 9. gr. norrænu framsalslaganna. Þó er hér lagt til sem aðalregla að leggja skuli fram endurrit af þeim lagaákvæðum sem verknaðurinn er talinn varða við. Að þessu leyti eru ákvæði frumvarpsins í samræmi við 2. tl. 12. gr. evrópusamningsins. Ef ekki er lagt fram endurrit af viðkomandi lagaákvæðum verður að gefa nægar upplýsingar svo hægt sé að meta refsinæmi verknaðarins.

Um 3. og 4. mgr. Ákvæði þessara mgr. verður að skoða í samhengi við ákvæði 3. greinar frumvarpsins um kröfur um sönnun á sök. Samkvæmt 3. mgr. er ekki gert að skilyrði að lagður sé fram formlegur handtökuúrskurður eða ákvörðun, heldur nægir önnur sambærileg ákvörðun tekin af þar til bærum yfirvöldum, enda komi fram í henni að rök séu til að

gruna viðkomandi. Ákvæði þessarar málsgreinar er í raun í samræmi við a lið 2. tl. 12. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. norrænu framsalslaganna skal til grundvallar framsalsbeiðni til meðferðar máls liggja fyrir ákvörðun dómstóls um handtöku þar sem fram kemur að rökstudd ástæða sé til að fella grun á viðkomandi mann sem óskast framseldur. Þetta gildir ekki ef viðkomandi á dómþingi samþykkir framsal eða játar afbrotið sem framsalsbeiðnin fjallar um. Í evrópusamningnum um framsal sakamanna er ekki heimild til að gera almennt kröfu um dómstólaákvörðun. Í gagnkvæmum framsalssamningum eru slíkar kröfur almennt ekki gerðar. Af þessum ástæðum er í frumvarpinu ekki gerð krafa um dómstólaákvörðun.

Um 13. gr.

Um 1. mgr. Ef það er ótvírætt, að skilyrði til framsals eru ekki til staðar t. d. að verknaðurinn eða sambærilegur verknaður að íslenskum lögum getur ekki varðað meira en 1 árs fangelsi ber dómsmálaráðuneytinu að hafna beiðninni án frekari aðgerða.

Um 2. mgr. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 10. gr. norrænu framsalslaganna. Sú rannsókn sem framkvæma þarf er um hvort skilyrði til framsals eru til staðar. Í þessu frumvarpi er ekki tekin afstaða til þess hvort umrædd rannsókn skuli vera lögreglu- eða dómsrannsókn.

Um 3. mgr. Tilvísun til ákvæða í lögum um meðferð opinberra mála á ekki aðeins við um það hvernig standa skuli að rannsókn, heldur einnig um réttarstöðu þess sem óskast framseldur og verður að telja eðlilegast að líta á hann sem grunaðan. Þetta ákvæði á einnig við um ákvæði laga um meðferð opinberra mála um bætur handa sökuðum mönnum.

Um 14. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar er samhljóða 11. gr. norrænu framsalslaganna að því undanskyldu að kæruheimild á úrskurðum kveðnum upp samkvæmt frumvarpi þessu er í 24. gr.

Rétt þykir að halda í ákvæði um að framsalsmál séu rekin fyrir sakadómi í Reykjavík vegna þess hversu sérstaks eðlis þau eru og til að flýta fyrir meðferð þeirra.

Í annarri málsgrein er ákvæði um frest til að krefjast úrskurðar og heimild til að víkja frá honum ef sérstakar ástæður mæla með. Í 3. mgr. er ákvæði um að framsal sé óheimilt fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggi fyrir hafi hans verið krafist.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er efnislega samhljóða 12. gr. norrænu framsalslaganna.

Ákvæði 1. mgr. byggja á þeirri grundvallarreglu að eingöngu er heimilt að beita þvingunarráðstöfunum sem íslensk réttarfarslög leyfa. Frá þessari reglu er þó m. a. gerð sú undantekning að það er ekki skilyrði til að hægt sé að beita þvingunarráðstöfunum að viðkomandi verknaður sé refsiverður að íslenskum lögum, heldur er heimilt að beita þeim þvingunarráðstöfunum sem heimilt er að nota vegna samsvarandi afbrots hér á landi. Í þessu felst að hluta að hægt er að beita þvingunarráðstöfunum þrátt fyrir að verknaðurinn falli ekki undir íslenska refsilögsögu og að hluta að í einstaka tilfellum megi telja að verknaðurinn gangi gegn íslenskum hagsmunum.

Þegar til grundvallar framsalsbeiðni liggur ákvörðun dómstóls í því landi sem biður um framsal, er talið rétt að veita dómstólum heimild til, þegar metið er hvort til staðar séu skilyrði til að beita þvingunarráðstöfunum, að leggja til grundvallar þessar ákvarðanir án frekari könnunar á sök viðkomandi. Ákvæðið takmarkar ekki rétt íslensks dómstóls til að framkvæma könnun á því hvort viðkomandi sé sekur.

Spurning má vera um hvort rétt sé að takmarka gæsluvarðhaldstíma með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Ráðuneytið telur rétt að um gæsluvarðhald í framsalsmálum gildi ákveðnari reglur en almennt vegna rannsóknar mála hér á landi.

Um 16. gr.

Efnislega eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við ákvæði 13. gr. norrænu framsalslaganna.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 14. gr. norrænu framsalslaganna.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru í samræmi við 15. gr. norrænu framsalslaganna.

Ákvæði 2. mgr. eru meðal annars tilkomin vegna þess sjónarmiðs sem getur í niðurlagi greinargerðar fyrir 15. gr. þ. e. að um gæsluvarðhald í framsalsmálum skuli gilda ákveðnar reglur og hinsvegar með hliðsjón af 4. mgr. 18. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna, en samkvæmt þeirri grein er heimilt að láta þann lausan sem framselja á 15 dögum eftir að ákveðið var að framselja hann og skilyrðislaust skal honum sleppt eftir 30 daga. Heimilt er þó að framlengja þennan frest ef óviðráðanleg atvik hindra að hægt sé að afhenda manninn.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara að hluta til 16. gr. norrænu framsalslaganna. Ákvæði þessarar greinar getur haft mikla raunhæfa þýðingu því formleg framsalsbeiðni kemur sjaldnast fyrr en sá sem óskast framseldur hefur verið fangelsaður á grundvelli eftirlýsingar frá viðkomandi lögregluyfirvöldum. Það er ekki talin ástæða til að setja ákveðnar reglur um hvernig standa skuli að beiðni um eftirlýsingu hvorki að formi né efni. Þegar rætt er um þvingunarráðstafanir í samræmi við lög um meðferð opinberra mála er gengið út frá því að réttmæt ástæða sé til að gruna viðkomandi um að vera sekur um að hafa framið umræddan verknað sem málið fjallar um. Það ríki sem setur fram beiðni verður að leggja fram sönnunargögn til að hægt sé að taka afstöðu til málsins. Sjálfstæða rannsóknarskyldu hefur Ísland ekki gagnvart erlenda ríkinu.

Í þessari grein frumvarpsins er ekki fjallað um skipun á réttargæslumanni. Talið er að almennar reglur réttarfarslaga eigi við eftir atvikum.

Í norrænu framsalslögunum er fresturinn til að setja fram framsalsbeiðni 2 vikur. Hin Norðurlöndin hafa ólíkar reglur um þennan frest í sínum framsalslögum. Í Danmörku er fresturinn 30 dagar með möguleika á framlengingu, í Noregi er hann 4 vikur með möguleika á framlengingu, í Svíþjóð 2 vikur og Finnlandi 30 dagar. Í 4. tl. 16. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna er ákvæði um að hægt sé að láta þann lausan sem fangelsaður hefur verið vegna eftirlýsingar, hafi framsalsbeiðni eigi borist innan 18 daga frá handtöku og að handtaka geti í engum tilfellum varað lengur en 40 daga. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að fresturinn verði 30 dagar hér á landi.

Til skýringar á 1. ml. 2. mgr. þessarar greinar er rétt að benda á að þótt dómsmálaráðuneytið fari með samskipti við erlend lögregluyfirvöld þá er það ekki sjálfgefið að það fái strax vitneskju um að t. d. lögregla hafi handtekið eftirlýstan mann og fengið hann úrskurðaðan í gæslu. Mál geta borið að með mismunandi hætti. Í upphafi 2. mgr. er ákvæði um í hvaða farveg eigi að beina málinu.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara að mestu til 17. gr. norrænu framsalslaganna. Í 3. mgr. er þó sérákvæði um það þegar maður er framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs

eða Svíþjóðar, en þá er hægt að veita samþykki, ef skilyrði laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa eru fyrir hendi.

Um 21. gr.

Þetta ákvæði er byggt á ákvæðum í framsalslögum hinna Norðurlandanna, og með hliðsjón af 21. gr. evrópusamnings um framsal sakamanna.

Um 22. gr.

Um 1. mgr. Hér er ákvæði um að hægt sé að beita, til öflunar á sönnunargögnum vegna refsimáls í öðru ríki, þvingunarráðstöfunum á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi. Sjá nánar athugasemdir við 15. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr. Hér eru ákvæði um hverjum skuli send beiðni og um innihald hennar. Það er gert að skilyrði fyrir beitingu á þvingunarráðstöfunum hér á landi að það liggi fyrir ákvörðun um þvingunaraðgerðir í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis.

Um 3. mgr. Í þessari grein eru sérstök efnisatriði gerð að skilyrði fyrir því að hægt sé að beita þvingunaraðgerðum vegna refsimáls í öðru ríki. Ákvæði greinarinnar byggjast meðal annars á ákvæðum 3. sbr. 1. mgr. 5. gr. evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum og væntanlega yfirlýsingu sem gerð verður ef samningurinn verður fullgiltur af Íslands hálfu um að hægt sé að hafna beiðni um leit eða hald á munum ef skilyrði a-c liðar 1. tl. 5. gr. evrópusamningsins eru ekki til staðar. Samkvæmt a-c lið 1. tl. 5. gr. evrópusamningsins er hægt að setja eftirtalin skilyrði fyrir leit og því að lagt verði hald á muni:

a. Að afbrotið sem leiddi til réttarbeiðninnar sé refsivert að lögum bæði beiðanda og aðilans sem beiðni er beint til.
b. Að afbrotið sem leiddi til réttarbeiðninnar geti leitt til framsals frá því landi sem beiðni er beint til.
c. Að framkvæmd réttarbeiðninnar sé í samræmi við landslög þess aðila sem beiðni er beint til.

Með vísun til skilyrðis þess sem um er rætt í b-lið er í frumvarpinu eingöngu vísað til 4.—6. gr.

Um 4. mgr. Hér eru reglur um málsmeðferð og eru þær í samræmi við ákvæði 15. gr. frumvarpsins um meðferð beiðna um framsal. Í umræddri rannsókn skal einnig kanna hvort lagaskilyrði til þvingunaraðgerða eru til staðar og hvort uppfyllt sé skilyrðum þessarar greinar frumvarpsins.

Um 5. mgr. Þetta ákvæði er í samræmi við 17. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Um meðferð beiðna samkvæmt þessari grein gilda sömu meginreglur og í 22. gr. Hvað varðar efnisatriði greinarinnar þá eru ákvæði í a-d lið 1. tl. 11. gr. evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum tekin að mestu inn í greinina. Þessi ákvæði eru svohljóðandi:

„Synja má um flutning:

a. Ef sá sem er í haldi samþykkir hann ekki.
b. Ef nærvera hans er nauðsynleg í sakamáli, sem er til meðferðar á landssvæði aðilans sem beiðni er beint til.
c. Ef flutningur kann að framlengja frelsisskerðingu hans.
d. Ef fyrir hendi eru aðrar mikilvægar ástæður fyrir því að flytja hann ekki til landssvæðis beiðanda.“

Til viðbótar ákvæðum 11. gr. evrópusamningsins er í þessari grein krafa um að verknaðurinn sé einnig refsiverður að íslenskum lögum. Ástæðan fyrir þessari þrengingu á

ákvæðum 11. gr. evrópusamningsins eru m. a. að ekki er ástæða til að veita aðstoð vegna samprófunar o. fl. í sambandi við meðferð máls í öðru ríki fyrir verknaði sem ekki eru refsiverðir hér á landi.

Eins og í 22. gr. eru sérákvæði vegna aðstoðar við hin Norðurlöndin.

Ákvæði 7. mgr. eru í samræmi við ákvæði í 11. og 12. gr. evrópusamningsins.

Um 24. gr.

Með vísun til almennra reglna um kæru í opinberum málum er átt við að málsmeðferð og frestir þeirra laga gildi. Þeir sem geta kært úrskurði samkvæmt frumvarpi þessu er viðkomandi aðili og ríkissaksóknari.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um samninga við önnur ríki. Það er viðurkennt að heimilt er að semja við önnur ríki um skyldur til framsals og um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Í þessari grein er það skilyrði sett að í slíkum samningum mega ekki vera ákvæði sem ganga gegn ákvæðum frumvarpsins, en eldri samningar halda þó gildi sínu, þar til þeim verður sagt upp eða þeir endurnýjaðir. Samkvæmt þessu frumvarpi er íslenskum stjórnvöldum í sjálfsvald sett hvort þau verða við beiðni um framsal, sé ekki til staðar samningur, þótt skilyrði frumvarpsins séu uppfyllt. Í samninga um framsal sakamanna og um gagnkvæma aðstoð í sakamálum er að sjálfsögðu hægt að setja strangari skilyrði en í þessu frumvarpi, ef ástæða þykir til.

Um 26. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði gilda ákvæði frumvarpsins um framsal ekki um framsal frá Íslandi til hinna Norðurlandanna. Um framsal til þeirra gilda áfram ákvæði laga nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, en í þeim lögum eru rýmri framsalsákvæði en í frumvarpi þessu.

Um 27. gr.

Samkvæmt greininni er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

EVRÓPUSAMNINGUR
um framsal sakamanna

Ríkisstjórnir þær sem undirritað hafa samning þennan og eru aðilar að Evrópuráðinu

Hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess

Telja að þessu markmiði geti verið náð með gerð samninga og með sameiginlegum aðgerðum á sviði laga

Telja að samþykkt samræmdra reglna varðandi framsal sakamanna sé líklegt til að stuðla að þessari einingu

Hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.
Framsalsskylda.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að afhenda hver öðrum í samræmi við ákvæði og skilyrði þau sem sett eru í samningi þessum alla þá menn sem þar til bær yfirvöld þess aðila sem framsals beiðist hafa uppi saksókn gegn fyrir afbrot eða eru eftirlýstir af þeim yfirvöldum vegna fullnustu refsidóms eða ákvörðunar um öryggisráðstöfun.

2. gr.
Afbrot sem varðað geta framsali.

1. Verða skal við framsalsbeiðni þegar um er að ræða afbrot sem að lögum þess aðila sem framsals beiðist og þess aðila sem framsalsbeiðni er beint til geta varðað frelsissviptingu eða öryggisráðstöfun í eitt ár eða þyngri refsingu. Þegar fangelsisrefsing hefur verið dæmd eða öryggisráðstöfun ákvörðuð á landssvæði þess aðila sem framsals beiðist, skal refsingin eða öryggisráðstöfunin vera fjórir mánuðir hið minnsta.

2. Nú tekur framsalsbeiðnin til fleiri sjálfstæðra afbrota sem hvert um sig getur varðað frelsissviptingu eða öryggisráðstöfun að lögum þess aðila sem framsalsbeiðni er beint til og þess aðila sem framsals beiðist, en sum þeirra fullnægja ekki skilyrðum að því er varðar refsimörk, og skal þá aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til einnig hafa rétt til að samþykkja framsal vegna þeirra.

3. Heimili lög einhvers samningsaðila ekki framsal fyrir tiltekin afbrot sem talin eru í 1. tl. þessarar greinar, getur hann fyrir sitt leyti undanskilið slík afbrot frá því að falla undir samning þennan.

EUROPEAN CONVENTION
on Extradition

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members;

Considering that this purpose can be attained by the conclusion of agreements and by common action in legal matters;

Considering that the acceptance of uniform rules with regard to extradition is likely to assist this work of unification,

Have agreed as follows:

ARTICLE 1
Obligation to extradite

The Contracting Parties undertake to surrender to each other, subject to the provisions and conditions laid down in this Convention, all persons against whom the competent authorities of the requesting Party are proceeding for an offence or who are wanted by the said authorities for the carrying out of a sentence or detention order.

ARTICLE 2
Extraditable offences

1. Extradition shall be granted in respect of offences punishable under the laws of the requesting Party and of the requested Party by deprivation of liberty or under a detention order for a maximum period of at least one year or by a more severe penalty. Where a conviction and prison sentence have occurred or a detention order has been made in the territory of the requesting Party, the punishment awarded must have been for a period of at least four months.

2. If the request for extradition includes several separate offences each of which is punishable under the laws of the requesting Party and the requested Party by deprivation of liberty or under a detention order, but of which some do not fulfil the condition with regard to the amount of punishment which may be awarded, the requested Party shall also have the right to grant extradition for the latter offences.

3. Any Contracting Party whose law does not allow extradition for certain of the offences referred to in paragraph 1 of this Article may, in so far as it is concerned, exclude such offences from the application of this Convention.

4. Samningsaðili sem óskar að notfæra sér rétt samkvæmt 3. tl. þessarar greinar skal við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins í té annaðhvort lista yfir þau afbrot sem heimilt er að framselja fyrir eða lista yfir afbrot sem undanskilin eru og jafnframt tilgreina þau lagaákvæði sem heimila eða útiloka framsal. Aðalframkvæmdastjóri ráðsins skal senda þessa lista til annarra þeirra sem samninginn hafa undirritað.

5. Ef framsal verður síðar óheimilt fyrir önnur afbrot samkvæmt lögum samningsaðila skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóranum það. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna það öðrum þeim sem samninginn hafa undirritað. Tilkynningin tekur ekki gildi fyrr en að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tók við henni.

6. Aðili sem notfærir sér rétt samkvæmt 4. eða 5. tl. þessarar greinar getur hvenær sem er látið samning þennan taka til afbrota sem hafa verið undanskilin samningnum. Hann skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðsins um þær breytingar og skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna það öðrum þeim sem samninginn hafa undirritað.

7. Sérhver aðili getur beitt gagnkvæmni varðandi sérhvert afbrot sem undanskilið er ákvæðum samningsins samkvæmt þessari grein.

4. Any Contracting Party which wishes to avail itself of the right provided for in paragraph 3 of this Article shall, at the time of the deposit of its instrument of ratification or accession, transmit to the Secretary-General of the Council of Europe either a list of the offences for which extradition is allowed or a list of those for which it is excluded and shall at the same time indicate the legal provisions which allow or exclude extradition. The Secretary-General of the Council shall forward these lists to the other signatories.

5. If extradition is subsequently excluded in respect of other offences by the law of a Contracting Party, that Party shall notify the Secretary-General. The Secretary-General shall inform the other signatories. Such notification shall not take effect until three months from the date of its receipt by the Secretary-General.

6. Any Party which avails itself of the right provided for in paragraphs 4 or 5 of this Article may at any time apply this Convention to offences which have been excluded from it. It shall inform the Secretary-General of the Council of such changes, and the Secretary-General shall inform the other signatories.

7. Any Party may apply reciprocity in respect of any offences excluded from the application of the Convention under this Article.

3. gr.

Stjórnmálaafbrot.

1. Ekki skal verða við framsalsbeiðni ef afbrotið sem framsals er beiðst vegna er talið stjórnmálaafbrot af aðila þeim sem framsalsbeiðni er beint til eða afbrot tengt stjórnmálaafbroti.

2. Sama regla gildir ef aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til hefur verulega ástæðu til að ætla að beiðni um framsal vegna almenns afbrots sé gerð í þeim tilgangi að höfða refsimál gegn eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana, eða að réttarstaða hans kunni að verða skert vegna einhverra þessara ástæðna.

3. Að svipta eða gera tilraun til að svipta þjóðhöfðinga eða einhvern úr fjölskyldu hans lífi telst ekki stjórnmálaafbrot að því er varðar samning þennan.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á skuldbindingar sem samningsaðilar kunna að hafa tekist á hendur eða kunna að takast á hendur samkvæmt milliríkjasamningi fjölþjóðlegs eðlis.

ARTICLE 3

Political offences

1. Extradition shall not be granted if the offence in respect of which it is requested is regarded by the requested Party as a political offence or as an offence connected with a political offence.

2. The same rule shall apply if the requested Party has substantial grounds for believing that a request for extradition for an ordinary criminal offence has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of his race, religion, nationality or political opinion, or that that person's position may be prejudiced for any of these reasons.

3. The taking or attempted taking of the life of a Head of State or a member of his family shall not be deemed to be a political offence for the purposes of this Convention.

4. This Article shall not affect any obligations which the Contracting Parties may have undertaken or may undertake under any other international convention of a multilateral character.

4. gr.
Brot á herlögum.

Framsal fyrir verknað sem varðar við herlög en er ekki refsiverður að almennum lögum er undanskilið ákvæðum þessa samnings.

5. gr.
Afbrot er varða skatta.

Fyrir afbrot sem varða skatta og gjöld, tolla eða gjaldeyrisviðskipti skal því aðeins veitt framsal samkvæmt samningi þessum að samningsaðilar hafi ákveðið að það skuli veitt vegna slíks afbrots eða tegundar afbrota.

6. gr.
Framsal á eigin ríkisborgurum.

1. a. Samningsaðili hefur rétt til að synja um framsal á eigin ríkisborgurum.

b. Sérhver samningsaðili getur með yfirlýsingu sem gefin er við undirritun eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals skilgreint af sinni hálfu hvað felst í orðinu „ríkisborgari" samkvæmt samningi þessum.

c. Ríkisfang skal ákvarðað eftir aðstæðum eins og þær eru þegar framsalsmálið er afgreitt. Ef maður sá sem óskast framseldur verður fyrst viðurkenndur sem ríkisborgari þess aðila sem framsalsbeiðni er beint til á tímabilinu frá því að framsalið var ákveðið og þar til áætlað var að afhending ætti sér stað getur þó aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til notfært sér ákvæði a-liðs þessa töluliðar.

2. Ef aðili sem framsalsbeiðni er beint til framselur ekki eigin ríkisborgara skal hann, að beiðni þess aðila sem framsals beiðist, leggja málið fyrir þar til bær yfirvöld svo að hefja megi málsmeðferð ef ástæða þykir til. Í þessu skyni skulu málsskjöl, upplýsingar og sönnunargögn varðandi afbrotið send ókeypis á þann hátt sem lýst er í 1. tl. 12. gr. Tilkynna skal þeim aðila sem framsals beiðist niðurstöðu beiðni hans.

7. gr.
Brotavettvangur.

1. Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til getur synjað um að framselja mann sem óskast framseldur vegna afbrots sem talið er samkvæmt lögum aðilans að hafi verið framið að einhverju eða að öllu leyti á landssvæði hans eða á stað sem talið er landssvæði hans.

2. Nú er beðið um framsal vegna afbrots sem framið hefur verið utan landssvæðis þess aðila sem

ARTICLE 4
Military offences

Extradition for offences under military law which are not offences under ordinary criminal law is excluded for the application of this Convention.

ARTICLE 5
Fiscal offences

Extradition shall be granted, in accordance with the provisions of this Convention, for offences in connection with taxes, duties, customs and exchange only if the Contracting Parties have so decided in respect of any such offence or category of offences.

ARTICLE 6
Extradition of nationals

1. (a) A Contracting Party shall have the right to refuse extradition of its nationals.

(b) Each Contracting Party may, by a declaration made at the time of signature or of deposit of its instrument of ratification or accession, define as far as it is concerned the term "nationals" within the meaning of this Convention.

(c) Nationality shall be determined as at the time of the decision concerning extradition. If, however, the person claimed is first recognised as a national of the requested Party during the period between the time of the decision and the time contemplated for the surrender, the requested Party may avail itself of the provision contained in sub-paragraph (a) of this Article.

2. Any Contracting Party may withdraw a declaration it has made in accordance with the Party, submit the case to its competent authorities in order that proceedings may be taken if they are considered appropriate. For this purpose, the files, information and exhibits relating to the offence shall be transmitted without charge by the means provided for in Article 12, paragraph 1. The requesting Party shall be informed of the result of its request.

ARTICLE 7
Place of commission

1. The requested Party may refuse to extradite a person claimed for an offence which is regarded by its law as having been committed in whole or in part in its territory or in a place treated as its territory.

2. When the offence for which extradition is requested has been committed outside the terri-

framsals beiðist, og er þá einungis heimilt að synja um framsal ef lög aðila þess sem framsalsbeiðninni er beint til heimila ekki málshöfðun fyrir sambærileg afbrot þegar þau eru framin utan landssvæðis síðarnefnda aðilans, eða lög hans heimila ekki framsal vegna viðkomandi afbrots.

8. gr.

Mál sem til meðferðar eru vegna sömu afbrota.

Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til getur synjað um að framselja mann sem óskast framseldur ef þar til bær yfirvöld aðilans hafa hafið málsmeðferð gagnvart honum vegna afbrots þess eða afbrota þeirra sem beiðst er framsals vegna.

9. gr.

Non bis in idem.

Ekki skal verða við framsalsbeiðni ef endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp af þar til bærum yfirvöldum aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til yfir manni sem óskast framseldur fyrir afbrot það eða afbrot þau sem beiðst er framsals vegna. Heimilt er að synja um framsal ef þar til bær yfirvöld aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til hafa ákveðið annaðhvort að hefja ekki málssókn eða fella niður málssókn sem hafin er vegna sama afbrots eða sömu afbrota.

10. gr.

Fyrning.

Ekki skal verða við framsalsbeiðni þegar fyrnd er sök eða refsing, hvort heldur er samkvæmt lögum aðila þess sem framsals beiðist eða aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til.

11. gr.

Dauðarefsing.

Geti afbrot það sem beiðst er framsals vegna varðað dauðarefsingu samkvæmt lögum þess aðila sem framsals beiðist, en afbrotið getur ekki varðað dauðarefsingu samkvæmt lögum aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til, eða dauðarefsingu fyrir slíkt afbrot er þar almennt ekki fullnægt, er heimilt að synja um framsal, nema því aðeins að aðili sá sem framsals beiðist veiti tryggingu sem aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til metur fullnægjandi fyrir því að dauðarefsingu verði ekki fullnægt.

12. gr.

Beiðnin og fylgiskjöl með henni.

1. Beiðni skal vera skrifleg og borin fram eftir diplómatískum leiðum. Tveir eða fleiri aðilar geta samið beint um aðra leið.

tory of the requesting Party, extradition may only be refused if the law of the requested Party does not allow prosecution for the same category of offence when committed outside the latter Party's territory or does not allow extradition for the offence concerned.

ARTICLE 8

Pending proceedings for the same offences

The requested Party may refuse to extradite the person claimed if the competent authorities of such Party are proceeding against him in respect of the offence or offences for which extradition is requested.

ARTICLE 9

Non bis in idem

Extradition shall not be granted if final judgement has been passed by the competent authorities of the requested Party upon the person claimed in respect of the offence or offences for which extradition is requested. Extradition may be refused if the competent authorities of the requested Party have decided either not to institute or to terminate proceedings in respect of the same offence or offences.

ARTICLE 10

Lapse of time

Extradition shall not be granted when the person claimed has, according to the law of either the requesting or the requested Party, become immune by reason of lapse of time from prosecution or punishment.

ARTICLE 11

Capital punishment

If the offence for which extradition is requested is punishable by death under the law of the requesting Party, and if in respect of such offence the death-penalty is not provided for by the law of the requested Party or is not normally carried out, extradition may be refused unless the requesting Party gives such assurance as the requested Party considers sufficient that the death-penalty will not be carried out.

ARTICLE 12

The request and supporting documents

1. The request shall be in writing and shall be communicated through the diplomatic channel. Other means of communication may be arranged by direct agreement between two or more Parties.

2. Beiðninni skal fylgja:

a. Frumrit eða staðfest afrit fullnustuhæfs refsidóms eða ákvörðunar um öryggisráðstöfun, eða handtökuskipunar, eða annars úrskurðar sem hefur sömu verkun og kveðinn er upp á þann hátt sem lög þess aðila sem framsals beiðist segja fyrir um.

b. Greinargerð um afbrot þau sem framsals er beiðst vegna. Gefa skal eins nákvæmar upplýsingar og unnt er um stað og stund er þau voru framin, lagalega lýsingu þeirra og vísun til viðeigandi lagaákvæða.

c. Afrit af viðeigandi lagaákvæðum eða, ef það er ekki hægt, greinargerð um viðeigandi lagaákvæði og eins nákvæm lýsing og unnt er á manni þeim sem óskast framseldur ásamt hverjum þeim upplýsingum sem geta orðið til gagns við að staðfesta hver hann er og þjóðerni hans.

2. The request shall be supported by:

(a) the original or an authenticated copy of the conviction and sentence or detention order immediately enforceable or of the warrant of arrest or other order having the same effect and issued in accordance with the procedure laid down in the law of the requesting Party;

(b) a statement of the offences for which extradition is requested. The time and place of their commission, their legal descriptions and a reference to the relevant legal provisions shall be set out as accurately as possible; and

(c) a copy of the relevant enactments or, where this is not possible, a statement of the relevant law and as accurate a description as possible of the person claimed, together with any other information which will help to establish his identity and nationality.

13. gr.

Viðbótarupplýsingar.

Ef upplýsingar þær sem aðili sá sem framsals beiðist lætur í té reynast ónógar til þess að aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til geti tekið ákvörðun samkvæmt samningi þessum, skal síðarnefndi aðilinn krefjast nauðsynlegra viðbótarupplýsinga og getur hann ákveðið tímafrest fyrir móttöku þeirra.

ARTICLE 13

Supplementary information

If the information communicated by the requesting Party is found to be insufficient to allow the requested Party to make a decision in pursuance of this Convention, the latter Party shall request the necessary supplementary information and may fix a time-limit for the receipt thereof.

14. gr.

Sérregla.

Nú hefur maður verið framseldur og skal þá ekki höfða mál á hendur honum, dæma hann eða halda honum í því skyni að fullnusta refsidóm eða framkvæma ákvörðun um öryggisráðstöfun, eða á annan hátt skerða persónulegt frelsi hans vegna nokkurs annars afbrots sem framið var fyrir afhendinguna en þess sem framselt er vegna, nema í eftirtöldum tilvikum:

a. Þegar aðili sá sem afhenti hann samþykkir. Bera skal fram beiðni um samþykki og skulu henni fylgja skjöl þau sem talin eru í 12. gr. og staðfest endurrit af sérhverri yfirlýsingu hins framselda varðandi viðkomandi afbrot. Veita skal slíkt samþykki þegar afbrotið sem beiðnin beinist að er sjálft framsalsskylt samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

b. Þegar viðkomandi maður hefur haft tækifæri til að yfirgefa landssvæði aðila þess sem hann var afhentur til, en hefur ekki gert það innan 45 daga frá því að hann var endanlega látinn laus, eða hefur snúið aftur til þess landssvæðis eftir að hafa yfirgefið það.

ARTICLE 14

Rule of speciality

1. A person who has been extradited shall not be proceeded against, sentenced or detained with a view to the carrying out of a sentence or detention order for any offence committed prior to his surrender other than that for which he was extradited, nor shall he be for any other reason restricted in his personal freedom, except in the following cases:

(a) When the Party which surrendered him consents. A request for consent shall be submitted, accompanied by the documents mentioned in Article 12 and a legal record of any statement made by the extradited person in respect of the offence concerned. Consent shall be given when the offence for which it is requested is itself subject to extradition in accordance with the provisions of this Convention;

(b) when that person, having had an opportunity to leave the territory of the Party to which he has been surrendered, has not done so within 45 days of his final discharge, or has returned to that territory after leaving it.

2. Aðili sá sem framsals beiðist getur samt sem áður gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fjarlægja viðkomandi frá landssvæði sínu, eða allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt eigin lögum til að rjúfa fyrningu, þar á meðal með málshöfðun að sakborningi fjarstöddum.

3. Ef lýsing afbrotsins sem kært er fyrir breytist meðan málsmeðferð varir verður einungis höfðað mál gegn hinum framselda eða hann dæmdur að svo miklu leyti sem afbrotið eins og því nú er lýst er afbrot sem samkvæmt efnisþáttum sínum getur leitt til framsals.

15. gr.
Endurframsal til þriðja ríkis.

Nú hefur maður verið afhentur til aðila sem framsals beiðist og má sá aðili ekki nema í því tilviki sem greinir í b-lið 1. tl. 14. gr. afhenda manninn, án samþykkis þess aðila sem framsalsbeiðni var beint til, til annars aðila eða þriðja ríkis sem leitast eftir honum vegna afbrota sem framin voru fyrir afhendinguna. Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til getur krafist þess að lögð séu fram skjöl þau sem getið er í 2. tl. 12. gr.

16. gr.
Handtaka og gæsla.

1. Í áríðandi málum geta þar til bær yfirvöld aðila þess sem framsals beiðist óskað eftir því að maður sá sem leitast er eftir verði handtekinn og settur í gæslu. Þar til bær yfirvöld aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til taka ákvörðun um slíka beiðni samkvæmt eigin lögum.

2. Í beiðni um handtöku og gæslu skal tekið fram að eitt þeirra skjala sem talin eru í a-lið 2. tl. 12. gr. sé fyrir hendi og að fyrirhugað sé að senda beiðni um framsal. Í beiðninni skal einnig greina afbrot það sem framsals mun verða beiðst vegna og hvar og hvenær afbrotið var framið og einnig gefa, eftir því sem unnt er, lýsingu á manni þeim sem leitast er eftir.

3. Beiðni um handtöku og gæslu skal senda þar til bærum yfirvöldum aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til eftir diplómatískum leiðum eða beint með bréfi eða símskeyti eða með atbeina Alþjóðasamtaka sakamálalögreglu (Interpol) eða á hvern þann annan hátt sem veitir skriflega sönnun eða er viðurkenndur af aðila þeim sem framsalsbeiðni er beint til. Tilkynna skal án tafar yfirvaldi því sem ber fram beiðnina niðurstöðu hennar.

4. Gæslu getur lokið ef aðili sá sem beiðni er beint til hefur ekki móttekið framsalsbeiðnina og skjöl þau sem talin eru í 12. gr. í síðasta lagi 18

2. The requesting Party may, however, take any measures necessary to remove the person from its territory, or any measures necessary under its law, including proceedings by default, to prevent any legal effects of lapse of time.

3. When the description of the offence charged is altered in the course of proceedings, the extradited person shall only be proceeded against or sentenced in so far as the offence under its new description is shown by its constituent elements to be an offence which would allow extradition.

ARTICLE 15
Re-extradition to a third State

Except as provided for in Article 14, paragraph 1 (b), the requesting Party shall not, without the consent of the requested Party, surrender to another Party or to a third State a person surrendered to the requesting Party and sought by the said other Party or third State in respect of offences committed before his surrender. The requested Party may request the production of the documents mentioned in Article 12, paragraph 2.

ARTICLE 16
Provisional arrest

1. In case of urgency the competent authorities of the requesting Party may request the provisional arrest of the person sought. The competent authorities of the requested Party shall decide the matter in accordance with its law.

2. The request for provisional arrest shall state that one of the documents mentioned in Article 12, paragraph 2 (a), exists and that it is intended to send a request for extradition. It shall also state for what offence extradition will be requested and when and where such offence was committed and shall so far as possible give a description of the person sought.

3. A request for provisional arrest shall be sent to the competent authorities of the requested Party either through the diplomatic channel or direct by post or telegraph or through the International Criminal Police Organisation (Interpol) or by any other means affording evidence in writing or accepted by the requested Party. The requesting authority shall be informed without delay of the result of its request.

4. Provisional arrest may be terminated if, within a period of 18 days after arrest, the requested Party has not received the request for

dögum eftir handtökuna. Gæslan skal ekki undir neinum kringumstæðum vara lengur en 40 daga talið frá handtökudegi. Heimilt er hvenær sem er að veita lausn um stundarsakir, en aðili sá sem beiðni er beint til skal gera allar þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að hindra flótta manns þess sem leitast er eftir.

5. Lausn úr haldi útilokar ekki handtöku og gæslu að nýju og framsal ef framsalsbeiðni berst síðar.

17. gr.

Beiðnir sem stangast á.

Ef fleiri en eitt ríki beiðast framsals samtímis, annaðhvort fyrir sama afbrot eða mismunandi afbrot, skal aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til taka ákvörðun sína með tilliti til allra aðstæðna og þá sérstaklega hversu gróf hin mismunandi afbrot eru, hvar þau eru framin, dagsetningu hinna mismunandi beiðna, þjóðerni manns þess sem óskast framseldur og möguleika á síðara framsali til annars ríkis.

18. gr.

Afhending manns sem framselja á.

1. Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til skal tilkynna aðila þeim sem framsals beiðist um ákvörðun sína varðandi framsalið á þann hátt sem greinir í 1. tl. 12. gr.

2. Skýra skal frá ástæðum fyrir sérhverri synjun á framsali, hvort sem hún er algjör eða að hluta.

3. Sé fallist á framsal skal tilkynna aðila þeim sem framsals beiðist um hvar og hvenær afhendingin fari fram og hversu lengi viðkomandi maður var hafður í haldi vegna framsalsins.

4. Hafi ekki verið tekið við manni þeim sem óskast framseldur á tilteknum degi er heimilt að láta hann lausan að liðnum 15 dögum og skal hann skilyrðislaust látinn laus að liðnum 30 dögum, sbr. þó 5. tl. þessarar greinar. Aðila þeim sem framsalsbeiðni er beint til er heimilt að synja um framsal fyrir sama afbrot.

5. Hindri óviðráðanleg atvik aðila í að afhenda eða veita viðtöku manni þeim sem framselja á skal hann tilkynna hinum aðilanum um það. Aðilarnir skulu koma sér saman um nýjan dag til afhendingar og skulu ákvæði 4. tl. þessarar greinar gilda.

19. gr.

Afhendingu frestað eða hún skilyrt.

1. Aðila þeim sem framsalsbeiðni er beint til er heimilt, eftir að hann hefur tekið ákvörðun um

extradition and the documents mentioned in Article 12. It shall not, in any event, exceed 40 days from the date of such arrest. The possibility of provisional release at any time is not excluded, but the requested Party shall take any measures which it considers necessary to prevent the escape of the person sought.

5. Release shall not prejudice re-arrest and extradition if a request for extradition is received subsequently.

ARTICLE 17

Conflicting requests

If extradition is requested concurrently by more than one State, either for the same offence or for different offences, the requested Party shall make its decision having regard to all the circumstances and especially the relative seriousness and place of commission of the offences, the respective dates of the requests, the nationality of the person claimed and the possibility of subsequent extradition to another State.

ARTICLE 18

Surrender of the person to be extradited

1. The requested Party shall inform the requesting Party by the means mentioned in Article 12, paragraph 1 of its decision with regard to the extradition.

2. Reason shall be given for any complete or partial rejection.

3. If the request is agreed to, the requesting Party shall be informed of the place and date of surrender and of the length of time for which the person claimed was detained with a view to surrender.

4. Subject to the provisions of paragraph 5 of this Article, if the person claimed has not been taken over on the appointed date, he may be released after the expiry of 15 days and shall in any case be released after the expiry of 30 days. The requested Party may refuse to extradite him for the same offence.

5. If circumstances beyond its control prevent a Party from surrendering or taking over the person to be extradited, it shall notify the other Party. The two Parties shall agree a new date for surrender and the provisions of paragraph 4 of this Article shall apply.

ARTICLE 19

Postponed or conditional surrender

1. The requested Party may, after making its decision on the request for extradition, postpone

framsalsbeiðnina, að fresta afhendingu manns sem óskast framseldur til þess að sá aðili geti höfðað mál á hendur honum eða, hafi hann þegar verið dæmdur, að hann geti afplánað á landssvæði þess aðila refsingu fyrir annað afbrot en það sem framsals er beiðst vegna.

2. Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til getur, í stað þess að fresta framsali, afhent tímabundið mann þann sem óskast framseldur til aðila þess sem framsals beiðist með þeim skilyrðum sem aðilarnir semja um sín á milli.

20. gr.
Afhending hluta.

1. Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til skal svo framarlega sem lög hans leyfa og að beiðni aðila þess sem framsals beiðist leggja hald á og afhenda hlut:

a. sem gæti þurft sem sönnunargagn, eða

b. sem aflað hefur verið með afbrotinu og finnst í vörslu manns þess sem óskast framseldur þegar hann er handtekinn eða finnst síðar.

2. Hlutur sem 1. tl. þessarar greinar tekur til skal afhentur enda þótt framsal sem samþykkt hefur verið verði ekki framkvæmt vegna andláts eða flótta manns þess sem óskast framseldur.

3. Ef heimilt er að leggja hald á umrædda hluti eða gera þá upptæka á landssvæði aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til getur hann vegna sakamáls sem er til meðferðar haldið þeim tímabundið eða afhent þá með því skilyrði að þeim verði skilað.

4. Haldast skulu sérhver réttindi sem aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til eða þriðji aðili kann að hafa öðlast í umræddum hlutum. Þegar um slík réttindi er að ræða skal hlutunum skilað til aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til eins fljótt og unnt er að réttarhöldum loknum og án endurgjalds.

21. gr.
Gegnumflutningur.

1. Leyfa skal flutning um landssvæði samningsaðila þegar beiðni þar að lútandi er borin fram á þann hátt sem mælt er fyrir um í 1. tl. 12. gr., enda sé afbrot það sem um er að ræða ekki talið af aðila þeim sem beiðni um leyfi um flutning er beint til vera stjórnmálalegs eða eingöngu hernaðarlegs eðlis, sbr. 3. og 4. gr. þessa samnings.

2. Land sem beiðni um leyfi um gegnumflutning er beint til getur synjað um slíkt leyfi ef um er að ræða eigin ríkisborgara þess samkvæmt skilgreiningu 6. gr.

the surrender of the person claimed in order that he may be proceeded against by that Party or, if he has already been convicted, in order that he may serve his sentence in the territory of that Party for an offence other than that for which extradition is requested.

2. The requested Party may, instead of postponing surrender, temporarily surrender the person claimed to the requesting Party in accordance with conditions to be determined by mutual agreement between the Parties.

ARTICLE 20
Handing over of property

1. The requested Party shall, in so far as its law permits and at the request of the requesting Party, seize and hand over property:

(a) which may be required as evidence or

(b) which has been acquired as a result of the offence and which, at the time of the arrest, is found in the possession of the person claimed or is discovered subsequently.

2. The property mentioned in paragraph 1 of this Article shall be handed over even if extradition, having been agreed to, cannot be carried out owing to the death or escape of the person claimed.

3. When the said property is liable to seizure or confiscation in the territory of the requested Party, the latter may, in connection with pending criminal proceedings, temporarily retain it or hand it over on condition that it is returned.

4. Any rights which the requested Party or third parties may have acquired in the said property shall be preserved. Where these rights exist, the property shall be returned without charge to the requested Party as soon as possible after the trial.

ARTICLE 21
Transit

1. Transit through the territory of one of the Contracting Parties shall be granted on submission of a request by the means mentioned in Article 12, paragraph 1, provided that the offence concerned is not considered by the Party requested to grant transit as an offence of a political or purely military character having regard to Articles 3 and 4 of this Convention.

2. Transit of a national, within the meaning of Article 6, of a country requested to grant transit may be refused.

3. Nauðsynlegt er að leggja fram þau skjöl sem talin eru í 2. tl. 12. gr., sbr. þó ákvæði 4. tl. þessarar greinar.

4. Ef um loftflutning er að ræða gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Þegar ekki er áætlað að lenda skal aðili sá sem framsals beiðist tilkynna aðila þeim sem landssvæði það tilheyrir sem fljúga á yfir um flugið og skal staðfesta að fyrir hendi sé eitt þeirra skjala sem talin eru í a-lið 2. tl. 12. gr. Þurfi óvænt að lenda skal slík tilkynning hafa sama gildi og beiðni um handtöku og gæslu samkvæmt 16. gr. og aðili sá sem framsals beiðist skal senda formlega beiðni um gegnumflutning.

b. Þegar áætlað er að lenda skal aðili sá sem framsals beiðist senda formlega beiðni um gegnumflutning.

5. Aðili getur samt sem áður við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals lýst því yfir að hann muni aðeins veita leyfi til gegnumflutnings fyrir mann með þeim skilyrðum, einhverjum eða öllum, sem það setur fyrir framsali. Í slíku tilviki má áskilja gagnkvæmni.

6. Framseldur maður skal ekki fluttur um landssvæði þar sem ástæða er til að ætla að lífi hans eða frelsi kunni að vera hætta búin vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana.

22. gr.
Framkvæmd.

Mæli samningur þessi ekki öðru vísi fyrir skal framkvæmd framsals og handtöku og gæslu eingöngu fara eftir því sem segir í lögum aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til.

23. gr.
Tungumál sem nota skal.

Skjöl þau sem leggja á fram skulu vera á tungumáli þess aðila sem framsals beiðist eða þess aðila sem framsalsbeiðni er beint til. Síðarnefndi aðilinn getur krafist þýðingar á það opinbera tungumál Evrópuráðsins sem hann velur.

24. gr.
Kostnaður.

1. Aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til skal greiða allan kostnað við framsalið sem til fellur á landssvæði hans.

2. Kostnaður við gegnumflutning sem til fellur á landssvæði aðila þess sem beiðni um leyfi til flutnings er beint til skal greiddur af aðila þeim sem framsals beiðist.

3. Subject to the provisions of paragraph 4 of this Article, it shall be necessary to produce the documents mentioned in Article 12, paragraph 2.

4. If air transport is used, the following provisions shall apply:

(a) when it is not intended to land, the requesting Party shall notify the Party over whose territory the flight is to be made and shall certify that one of the documents mentioned in Article 12, paragraph 2 (a) exists. In the case of an unscheduled landing, such notification shall have the effect of a request for provisional arrest as provided for in Article 16, and the requesting Party shall submit a formal request for transit;

(b) when it is intended to land, the requesting Party shall submit a formal request for transit.

5. A Party may, however, at the time of signature or of the deposit of its instrument of ratification of, or accession to, this Convention, declare that it will only grant transit of a person on some or all of the conditions on which it grants extradition. In that event, reciprocity may be applied.

6. The transit of the extradited person shall not be carried out through any territory where there is reason to believe that his life or his freedom may be threatened by reason of his race, religion, nationality or political opinion.

ARTICLE 22
Procedure

Except where this Convention otherwise provides, the procedure with regard to extradition and provisional arrest shall be governed solely by the law of the requested Party.

ARTICLE 23
Language to be used

The documents to be produced shall be in the language of the requesting or requested Party. The requested Party may require a translation into one of the official languages of the Council of Europe to be chosen by it.

ARTICLE 24
Expenses

1. Expenses incurred in the territory of the requested Party by reason of the extradition shall be borne by that Party.

2. Expenses incurred by reason of transit through the territory of a Party requested to grant transit shall be borne by the requesting Party.

3. Ef um er að ræða framsal frá landssvæði utan heimalandssvæðis aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til skal kostnaður sem til fellur vegna ferða milli þess landssvæðis og heimalandssvæðis aðila þess sem framsals beiðist greiddur af hinum síðarnefnda. Sama regla skal gilda um kostnað sem til fellur vegna ferða milli landssvæðis utan heimalandssvæðis aðila sem framsalsbeiðni er beint til og heimalandssvæðis hans.

25. gr.

Skilgreining á „ákvörðun um öryggisráðstöfun".

Í samningi þessum merkir hugtakið „ákvörðun um öryggisráðstöfun" sérhverja ákvörðun um frelsissviptingu sem tekin er af sakadómi til viðbótar við fangelsisdóm eða í stað hans.

26. gr.

Fyrirvarar.

1. Við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals getur sérhver samningsaðili gert fyrirvara varðandi eitt eða fleiri ákvæði samningsins.

2. Sérhver samningsaðili sem gert hefur fyrirvara skal afturkalla hann eins fljótt og aðstæður leyfa. Slíka afturköllun ber að gera með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Samningsaðili sem gert hefur fyrirvara varðandi ákvæði samningsins getur ekki krafist þess að annar aðili beiti téðu ákvæði nema að því marki er hann sjálfur viðurkennir ákvæðið.

27. gr.

Landssvæði þar sem samningur þessi gildir.

1. Samningur þessi nær til heimalandssvæða samningsaðila.

2. Að því er Frakkland varðar nær hann einnig til Alsír og landssvæða handan hafs og að því er Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland varðar nær hann einnig til Ermasundseyja og Manar.

3. Sambandslýðveldinu Þýskalandi er heimilt að láta samninginn einnig ná til Berlínarfylkis með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins sem skal tilkynna öðrum samningsaðilum þar um.

4. Með beinu samkomulagi milli tveggja eða fleiri samningsaðila og með þeim skilyrðum sem ákveðin eru í því samkomulagi má einnig láta samning þennan ná til annars landssvæðis þeirra aðila en sem um getur í 1., 2. og 3. tl. þessarar

3. In the event of extradition from a non-metropolitan territory of the requested Party, the expenses occasioned by travel between that territory and the metropolitan territory of the requesting Party shall be borne by the latter. The same rule shall apply to expenses occasioned by travel between the non-metropolitan territory of the requested Party and its metropolitan territory.

ARTICLE 25

Definition of "detention order"

For the purposes of this Convention, the expression "detention order" means any order involving deprivation of liberty which has been made by a criminal court in addition to or instead of a prison sentence.

ARTICLE 26

Reservations

1. Any Contracting Party may, when signing this Convention or when depositing its instrument of ratification or accession, make a reservation in respect of any provision or provisions of the Convention.

2. Any Contracting Party which has made a reservation shall withdraw it as soon as circumstances permit. Such withdrawal shall be made by notification to the Secretary-General of the Council of Europe.

3. A Contracting Party which has made a reservation in respect of a provision of the Convention may not claim the application of the said provision by another Party save in so far as it has itself accepted the provision.

ARTICLE 27

Territorial application

1. This Convention shall apply to the metropolitan territories of the Contracting Parties.

2. In respect of France, it shall also apply to Algeria and to the overseas Departments and, in respect of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, to the Channel Islands and to the Isle of Man.

3. The Federal Republic of Germany may extend the application of this Convention to the *Land* of Berlin by notice addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, who shall notify the other Parties of such declaration.

4. By direct arrangement between two or more Contracting Parties, the application of this Convention may be extended, subject to the conditions laid down in the arrangement, to any territory of such Parties, other than the territories

greinar, enda fari viðkomandi aðili með utanríkismál þess landssvæðis.

28. gr.
Tengsl milli þessa samnings og tvíhliða samninga.

1. Samningur þessi, að því er varðar lönd þau sem hann nær til, kemur í stað hvers kyns tvíhliða samninga, samþykkta eða samninga sem gilda um framsal milli tveggja samningsaðila.

2. Samningsaðilar geta gert með sér tvíhliða eða marghliða samninga eingöngu til að auka við ákvæði samnings þessa eða til að auðvelda framkvæmd meginreglna hans.

3. Ef framsal milli tveggja eða fleiri samningsaðila á sér stað á grundvelli samræmdrar löggjafar er aðilunum frjálst, þrátt fyrir ákvæði samnings þessa, að haga samskiptum sínum varðandi framsal eingöngu samkvæmt slíku fyrirkomulagi. Hið sama gildir milli tveggja eða fleiri samningsaðila hafi hver um sig löggjöf sem heimilar framkvæmd handtökuskipunar á landssvæði þeirra sem gefin er út á landssvæði hins eða hinna aðilanna. Samningsaðilar sem fella niður eða í framtíðinni kunna að fella niður framkvæmd samnings þessa sín á milli samkvæmt tölulið þessum skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Aðalframkvæmdastjórinn skal skýra öðrum samningsaðilum frá tilkynningum sem berast samkvæmt þessum tölulið.

29. gr.
Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Fullgilda ber samninginn. Fullgildingarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningurinn gengur í gildi 90 dögum eftir afhendingu þriðja fullgildingarskjalsins.

3. Af því er varðar ríki sem undirritar samninginn og fullgildir hann síðar öðlast hann gildi 90 dögum eftir afhendingu fullgildingarskjals.

30. gr.
Aðild.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins getur boðið hvaða ríki sem er, sem ekki er aðili að ráðinu, að

mentioned in paragraphs 1, 2 og 3 of this Article, for whose international relations any such Party is responsible.

ARTICLE 28
Relations between this Convention and bilateral agreements

1. This Convention shall, in respect of those countries to which it applies, supersede the provisions of any bilateral treaties, conventions or agreements governing extradition between any two Contracting Parties.

2. The Contracting Parties may conclude between themselves bilateral or multilateral agreements only in order to supplement the provisions of this Convention or to facilitate the application of the principles contained therein.

3. Where, as between two or more Contracting Parties, extradition takes place on the basis of a uniform law, the Parties shall be free to regulate their mutual relations in respect of extradition exclusively in accordance with such a system notwithstanding the provisions of this Convention. The same principle shall apply as between two or more Contracting Parties each of which has in force a law providing for the execution in its territory of warrants of arrest issued in the territory of the other Party or Parties. Contracting Parties which exclude or may in the future exclude the application of this Convention as between themselves in accordance with this paragraph shall notify the Secretary-General of the Council of Europe accordingly. The Secretary-General shall inform the other Contracting Parties of any notification received in accordance with this paragraph.

ARTICLE 29
Signature, ratification and entry into force

1. This Convention shall be open to signature by the Members of the Council of Europe. It shall be ratified. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council.

2. The Convention shall come into force 90 days after the date of deposit of the third instrument of ratification.

3. As regards any signatory ratifying subsequently the Convention shall come into force 90 days after the date of the deposit of its instrument of ratification.

ARTICLE 30
Accession

1. The Committee of Minsters of the Council of Europe may invite any State not a Member of the

gerast aðili að samningi þessum svo fremi sem ályktun um slíkt boð hljóti samhljóða samþykki þeirra aðildarríkja ráðsins sem fullgilt hafa samninginn.

2. Aðild gerist með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra ráðsins og tekur aðild gildi 90 dögum síðar.

31. gr.
Uppsögn.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp samningi þessum fyrir sitt leyti með því að tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjóra ráðsins berst slík tilkynning.

32. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og ríkisstjórn sérhvers ríkis sem gerst hefur aðili að samningi þessum:

a. Afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals.

b. Gildistökudag samnings þessa.

c. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt ákvæðum 1. tl. 6. gr. og 5. tl. 21. gr.

d. Sérhvern fyrirvara sem gerður er samkvæmt 1. tl. 26. gr.

e. Afturköllun sérhvers fyrirvara samkvæmt 2. tl. 26. gr.

f. Sérhverja tilkynningu um uppsögn sem berst samkvæmt ákvæðum 31. gr. og gildistökudag uppsagnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

Gjört í París 13. desember 1957 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfesta endurrit til ríkisstjórna þeirra sem undirrita samninginn.

Council to accede to this Convention, provided that the resolution containing such invitation receives the unanimous agreement of the Members of the Council who have ratified the Convention.

2. Accession shall be by deposit with the Secretary-General of the Council of an instrument of accession, which shall take effect 90 days after the date of its deposit.

ARTICLE 31
Denunciation

Any Contracting Party may denounce this Convention in so far as it is concerned by giving notice to the Secretary-General of the Council of Europe. Denunciation shall take effect six months after the date when the Secratary-General of the Council received such notification.

ARTICLE 32
Notifications

The Secretary-General of the Council of Europe shall notify the Members of the Council and the Government of any State which has acceded to this Convention of:

(a) the deposit of any instrument of ratification or accession;

(b) the date of entry into force of this Convention;

(c) any declaration made in accordance with the provisions of Article 6, paragraph 1, and of Article 21, paragraph 5;

(d) any reservation made in accordance with Article 26, paragraph 1;

(e) the withdrawal of any reservation in accordance with Article 26, paragraph 2;

(f) any notification of denunciation received in accordance with the provisions of Article 31 and by the date on which such denunciation will take effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Paris, this 13th day of Desember 1957, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General of the Council of Europe shall transmit certified copies to the signatory Governments.

Fylgiskjal 2.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við Evrópusamning um framsal sakamanna

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirrita viðbótarsamning þennan

Með tilliti til ákvæða Evrópusamnings um framsal sakamanna sem lagður var fram til undirritunar í París 13. desember 1957 (hér nefndur „samningurinn"), sérstaklega 3. og 9. gr.

Telja æskilegt að bæta við þessar greinar í því skyni að efla vernd mannkynsins og einstaklinga

Hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI

1. gr.

Við framkvæmd 3. gr. samningsins skal eftirfarandi ekki talið vera stjórnmálaafbrot:

a. Glæpir þeir gegn mannkyninu sem skilgreindir eru í Sáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 9. desember 1948.

b. Afbrot þau sem talin eru í 50. gr. Genfarsamnings frá 1949 um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli, 51. gr. Genfarsamnings frá 1949 um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreka sjóliða og hermanna á hafi úti, 130. gr. Genfarsamnings frá 1949 um meðferð stríðsfanga og 147. gr. Genfarsamnings frá 1949 um vernd hins almenna borgara á stríðstímum.

c. Sérhver sambærileg brot á þeim lagareglum styrjalda sem í gildi eru þegar viðbótarsamningur þessi tekur gildi svo og á hefðum um styrjaldir sem fyrir hendi eru við gildistöku og ekki eru þegar talin í framangreindum ákvæðum í Genfarsamningunum.

II. KAFLI

2. gr.

Við 9. gr. samningsins bætast eftirfarandi ákvæði þannig að upphafleg 9. gr. verður 1. tl. og neðantalin ákvæði verða 2., 3. og 4. tl.

„2. Nú er beiðst framsals á manni sem hlotið hefur endanlegan dóm í þriðja ríki sem aðili er að

ADDITIONAL PROTOCOL

to the European Convention on Extradition

The member States of the Council of Europe, signatory to this Protocol,

Having regard to the provisions of the European Convention on Extradition opened for signature in Paris on 13 December 1957 (hereinafter referred to as "the Convention") and in particular Articles 3 and 9 thereof;

Considering that it is desirable to supplement these Articles with a view to strengthening the protection of humanity and of individuals,

Have agreed as follows:

CHAPTER I

ARTICLE 1

For the application of Article 3 of the Convention, political offences shall not be considered to include the following:

(a) the crimes against humanity specified in the Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide adopted on 9 December 1948 by the General Assembly of the United Nations;

(b) the violations specified in Article 50 of the 1949 Geneva Convention for the Amelioration of the Condition of the Wounded and Sick in Armed Forces in the Field, Article 51 of the 1949 Geneva Convention for the Amelioration of the Condition of Wounded, Sick and Shipwrecked Members of Armed Forces at Sea, Article 130 of the 1949 Geneva Convention relative to the Treatment of Prisoners of War and Article 147 of the 1949 Geneva Convention relative to the Protection of Civilian Persons in Time of War;

(c) any comparable violations of the laws of war having effect at the time when this protocol enters into force and of customs of war existing at that time, which are not already provided for in the above-mentioned provisions of the Geneva Conventions.

CHAPTER II

ARTICLE 2

Article 9 of the Convention shall be supplemented by the following text, the original Article 9 of the Convention becoming paragraph 1 and the under-mentioned provisons becoming paragraphs 2,3 and 4:

"2. The extradition of a person against whom a final judgment has been rendered in a third State

samningi þessum fyrir brot, eitt eða fleiri, og framsals er krafist vegna þeirra og skal framsal þá ekki veitt:

a. Ef framangreindur dómur hefur leitt til sýknu.

b. Ef fangelsisvist eða aðrar ráðstafanir sem hann var dæmdur til að sæta:

i. Hafa verið að fullu fullnustaðar.

ii. Hafa verið gefnar eftir með náðun eða sakaruppgjöf að fullu eða að þeim hluta sem þær hafa ekki verið fullnustaðar.

c. Ef dómstóllinn hefur sakfellt brotamanninn án þess að dæma viðurlög.

3. Framsal má þó veita í þeim tilvikum sem greind eru í 2. tl.:

a. Ef afbrot það sem dómur hefur gengið um var framið gegn manni, stofnun eða einhverju sem gegnir opinberu hlutverki í ríki því sem framsals beiðist.

b. Ef maður sá sem dóminn hlaut gegndi opinberu hlutverki í ríki því sem framsals beiðist.

c. Ef afbrot það sem dæmt var fyrir var framið að öllu eða einhverju leyti á landssvæði ríkis þess sem framsals beiðist eða á stað sem talið er landssvæði þess.

4. Ákvæði 2. og 3. tl. skulu ekki vera því til fyrirstöðu að beitt sé rýmri innlendum ákvæðum um áhrif reglunnar **ne bis in idem** þegar um er að ræða erlenda dóma í sakamálum."

Contracting Party to the Convention, for the offence or offences in respect of which the claim was made, shall not be granted:

a. if the afore-mentioned judgment resulted in his acquittal;

b. if the term of imprisonment or other measure to which he was sentenced:

i. has been completely enforced;

ii. has been wholly, or with respect to the part not enforced, the subject of a pardon or an amnesty;

c. if the court convicted the offender without imposing a sanction.

3. However, in the cases referred to in paragraph 2, extradition may be granted:

a. if the offence in respect of which judgment has been rendered was committed against a person, an institution or any thing having public status in the requesting State;

b. if the person on whom judgment was passed had himself a public status in the requesting State;

c. if the offence in respect of which judgment was passed was committed completely or partly in the territory of the requesting State or in a place treated as its territory.

4. The provisions of paragraphs 2 and 3 shall not prevent the application of wider domestic provisions relating to the effect of *ne bis in idem* attached to foreign criminal judgments."

III. KAFLI

3. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn. Viðbótarsamningurinn er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Viðbótarsamningurinn gengur í gildi 90 dögum eftir afhendingu þriðja fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

3. Að því er varðar ríki sem undirritar en fullgildir, viðurkennir eða samþykkir síðar, öðlast viðbótarsamningurinn gildi 90 dögum eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

4. Aðildarríki Evrópuráðsins má ekki fullgilda, viðurkenna eða samþykkja viðbótarsamning þennan nema það fullgildi jafnframt eða hafi áður fullgilt samninginn.

CHAPTER III

ARTICLE 3

1. This Protocol shall be open to signature by the member States of the Council of Europe which have signed the Convention. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Protocol shall enter into force 90 days after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.

3. In respect of a signatory State ratifying, accepting or approving subsequently, the Protocol shall enter into force 90 days after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

4. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol without having, simultaneously or previously, ratified the Convention.

4. gr.

1. Hvert það ríki sem gerst hefur aðili að samningnum getur gerst aðili að viðbótarsamningi þessum eftir gildistöku hans.

2. Aðild gerist með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur það gildi 90 dögum eftir afhendingu.

ARTICLE 4

1. Any State which has acceded to the Convention may accede to this Protocol after the Protocol has entered into force.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect 90 days after the date of its deposit.

5. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að tilgreina það eða þau landssvæði sem viðbótarsamningur þessi á að ná til.

2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals eða síðar getur sérhvert ríki lýst því yfir við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að viðbótarsamningur þessi nái einnig til hvaða annars landssvæðis eða landssvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni enda fari það með utanríkismál þess eða hefur heimild til að skuldbinda það.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt undanfarandi tölulið má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint á þann hátt sem mælt er fyrir um í 8. gr. viðbótarsamnings þessa.

ARTICLE 5

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.

2. Any State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Protocol to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 8 of this Protocol.

6. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að lýsa yfir að það viðurkenni ekki annaðhvort I. kafla eða II. kafla.

2. Sérhver samningsaðili getur afturkallað yfirlýsingu sem hann hefur gefið samkvæmt síðasta tölulið með yfirlýsingu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur hún gildi frá og með móttökudegi.

3. Engan fyrirvara er heimilt að gera við ákvæði viðbótarsamnings þessa.

ARTICLE 6

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it does not accept one or the other of Chapters I or II.

2. Any Contracting Party may withdraw a declaration it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

3. No reservation may be made to the provisions of this Protocol.

7. gr.

Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd viðbótarsamnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda er verða kann vegna framkvæmdar hans.

ARTICLE 7

The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Protocol and shall do whatever is needful to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its execution.

8. gr.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp viðbótarsamningi þessum fyrir sitt leyti með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

3. Uppsögn samningsins hefur sjálfkrafa í för með sér uppsögn viðbótarsamnings þessa.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningnum:

a. Sérhverja undirritun.

b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa samkvæmt 3. gr.

d. Sérhverja yfirlýsingu sem berst samkvæmt ákvæðum 5. gr. og sérhverja afturköllun slíkrar yfirlýsingar.

e. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt ákvæðum 1. tl. 6. gr.

f. Afturköllun sérhverrar yfirlýsingar samkvæmt ákvæðum 2. tl. 6. gr.

g. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 8. gr. svo og gildistökudag uppsagnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Strassborg 15. október 1975 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers þeirra ríkja sem undirrita og gerast aðilar.

ARTICLE 8

1. Any Contracting Party may, in so far as it is concerned, denounce this Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

3. Denunciation of the Convention entails automatically denunciation of this Protocol.

ARTICLE 9

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to the Convention of:

a. any signature;

b. any deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Article 3 thereof;

d. any declaration received in pursuance of the provisions of Article 5 and any withdrawal of such a declaration;

e. any declaration made in pursuance of the provisions of Article 6, paragraph 1;

f. the withdrawal of any declaration carried out in pursuance of the provisions of Article 6, paragraph 2;

g. any notification received in pursuance of the provisions of Article 8 and the date on which denunciation takes effect.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 15th day of October 1975, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

Fylgiskjal 3.

ANNAR VIÐBÓTARSAMNINGUR

við Evrópusamning um framsal sakamanna

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirrita viðbótarsamning þennan

Óska að greiða fyrir því að Evrópusamningi um framsal sakamanna er lagður var fram til undirrit-

SECOND ADDITIONAL PROTOCOL

to the European Convention on Extradition

The member States of the Council of Europe, signatory to this Protocol,

Desirous of facilitating the application of the European Convention on Extradition opened for

unar í París 13. desember 1957 (hér eftir nefndur „samningurinn") verði beitt gegn afbrotum er varða skatta

Telja ennfremur æskilegt að auka við samninginn í öðrum tilteknum atriðum.

Hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI

1. gr.

Við 2. tl. 2. gr. samningsins skal bætt eftirfarandi ákvæði:

„Réttur þessi skal einnig gilda um brot sem einungis varða fjárviðurlögum."

II. KAFLI

2. gr.

Í stað 5. gr. samningsins koma eftirfarandi ákvæði:

„Afbrot er varða skatta.

1. Framsal skal fara fram milli samningsaðila í samræmi við ákvæði samningsins fyrir afbrot er varða skatta og gjöld, tolla eða gjaldeyrisviðskipti ef afbrotið svarar til brots sama eðlis samkvæmt lögum aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til.

2. Ekki er heimilt að synja um framsal af þeirri ástæðu að lög þess aðila sem framsalsbeiðni er beint til leggi ekki á sömu skatta og gjöld eða hafi ekki sams konar reglur um skatta og gjöld, tolla eða gjaldeyrisviðskipti og lög aðila þess sem framsals beiðist."

III. KAFLI

3. gr.

Við samninginn bætist eftirfarandi ákvæði:

„Dómur yfir fjarstöddum sakborningi.

1. Nú beiðist samningsaðili framsals á manni frá öðrum samningsaðila í því skyni að fullnusta refsidóm eða framkvæma ákvörðun um öryggisráðstöfun sem kveðin hefur verið upp yfir honum að honum fjarstöddum og getur þá aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til synjað um framsal í þessum tilgangi ef málsmeðferð sú sem var undanfari dómsins fullnægði ekki að hans mati lágmarksréttindum þeim til málsvarnar sem viðurkennd eru til handa hverjum þeim sem sóttur er til saka fyrir afbrot. Framsal skal samt sem áður veita ef aðili sá sem framsals beiðist veitir tryggingu sem talin er fullnægjandi til að tryggja manni þeim sem

signature in Paris on 13 December 1977 (hereinafter referred to as "the Convention") in the field of fiscal offences;

Considering it also desirable to supplement the Convention in certain other respects,

Have agreed as follows:

CHAPTER I

ARTICLE 1

Paragraph 2 of Article 2 of the Convention shall be supplemented by the following provision:

"This right shall also apply to offences which are subject only to pecuniary sanctions."

CHAPTER II

ARTICLE 2

Article 5 of the Convention shall be replaced by the following provisions:

"Fiscal offences

1. For offences in connection with taxes, duties, customs and exchange extradition shall take place between the Contracting Parties in accordance with the provisions of the Convention if the offence, under the law of the requested Party, corresponds to an offence of the same nature.

2. Extradition may not be refused on the ground that the law of the requested Party does not impose the same kind of tax or duty or does not contain a tax, duty, customs or exchange regulation of the same kind as the law of the requesting Party."

CHAPTER III

ARTICLE 3

The Convention shall be supplemented by the following provisions:

" Judgments in absentia

1. When a Contracting Party requests from another Contracting Party the extradition of a person for the purpose of carrying out a sentence or detention order imposed by a decision rendered against him in absentia, the requested Party may refuse to extradite for this purpose if, in its opinion, the proceedings leading to the judgment did not satisfy the minimum rights of defence recognised as due to everyone charged with criminal offence. However, extradition shall be granted if the requesting Party gives an assurance considered sufficient to guarantee to the person claimed the right to a retrial which safeguards the rights of

óskast framseldur rétt til nýrra réttarhalda sem tryggja málsvörn. Þessi ákvörðun veitir aðila þeim sem framsals beiðist heimild til þess annaðhvort að fullnægja viðkomandi dómi ef hinn dæmdi mótmælir því ekki eða ef hann mótmælir að hefja málsmeðferð gegn hinum framselda.

2. Nú tilkynnir aðili sá sem framsalsbeiðni er beint til manni þeim sem óskast framseldur um dóminn sem kveðinn hefur verið upp yfir honum að honum fjarstöddum og skal þá aðili sá sem framsals beiðist ekki láta þá tilkynningu gilda sem formlega tilkynningu varðandi opinbera málssókn í því ríki."

defence. This decision will authorise the requesting Party either to enforce the judgment in question if the convicted person does not make an opposition or, if he does, to take proceedings against the person extradited.

2. When the requested Party informs the person whose extradition has been requested of the judgment rendered against him in absentia, the requesting Party shall not regard this communication as a formal notification for the purposes of the criminal procedure in that State."

IV. KAFLI

4. gr.

Við samninginn bætist eftirfarandi ákvæði:

„Sakaruppgjöf.

Ekki skal verða við framsalsbeiðni fyrir afbrot sem veitt hefur verið sakaruppgjöf fyrir hjá aðila þeim sem framsalsbeiðni er beint til ef sá aðili hafði heimild til að lögsækja fyrir það samkvæmt eigin hegningarlögum."

CHAPTER IV

ARTICLE 4

The Convention shall be supplemented by the following provisions:

"Amnesty

Extradition shall not be granted for an offence in respect of which an amnesty has been declared in the requested State and which that State had competence to prosecute under its own criminal law."

V. KAFLI

5. gr.

Í stað 1. tl. 12. gr. samningsins koma eftirfarandi ákvæði:

„Beiðni skal vera skrifleg og send frá dómsmálaráðuneyti aðila þess sem framsals beiðist til dómsmálaráðuneytis aðila þess sem framsalsbeiðni er beint til. Er þó ekki útilokuð með þessu milliganga eftir diplómatískum leiðum. Tveir eða fleiri aðilar geta samið beint um aðra leið."

CHAPTER V

ARTICLE 5

Paragraph 1 of Article 12 of the Convention shall be replaced by the following provisions:

"The request shall be in writing and shall be addressed by the Ministry of Justice of the requesting Party to the Ministry of Justice of the requested Party; however, use of the diplomatic channel is not excluded. Other means of communication may be arranged by direct agreement between two or more Parties."

VI. KAFLI

6. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn. Viðbótarsamningurinn er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Viðbótarsamningurinn gengur í gildi 90 dögum eftir afhendingu þriðja fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

3. Að því er varðar ríki sem undirritar en fullgildir, viðurkennir eða samþykkir síðar, öðlast við-

CHAPTER VI

ARTICLE 6

1. This Protocol shall be open to signature by the member States of the Council of Europe which have signed the Convention. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Protocol shall enter into force 90 days after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.

3. In respect of a signatory State ratifying, accepting or approving subsequently, the Protocol

bótarsamningurinn gildi 90 dögum eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

4. Aðildarríki Evrópuráðsins má ekki fullgilda, viðurkenna eða samþykkja viðbótarsamning þennan nema það fullgildi jafnframt eða hafi áður fullgilt samninginn.

7. gr.

1. Hvert það ríki sem gerst hefur aðili að samningnum getur gerst aðili að viðbótarsamningi þessum eftir gildistöku hans.

2. Aðild gerist með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur það gildi 90 dögum eftir afhendingu.

8. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að tilgreina það eða þau landssvæði sem viðbótarsamningur þessi á að ná til.

2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals eða síðar getur sérhvert ríki lýst því yfir við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að viðbótarsamningur þessi nái einnig til hvaða annars landssvæðis eða landssvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni enda fari það með utanríkismál þess eða hefur heimild til að skuldbinda það.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt síðasta tölulið má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

9. gr.

1. Fyrirvarar sem ríki hefur gert varðandi ákvæði samningsins skulu einnig gilda um viðbótarsamning þennan nema viðkomandi ríki taki annað fram við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

2. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að lýsa því yfir að það áskilji sér rétt til

a. Að viðurkenna ekki I. kafla.

b. Að viðurkenna ekki II. kafla eða þá einungis

shall enter into force 90 days after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

4. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol without having, simultaneously or previously, ratified the Convention.

ARTICLE 7

1. Any State which has acceded to the Convention may accede to this Protocol after the Protocol has entered into force.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect 90 days after the date of its deposit.

ARTICLE 8

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.

2. Any State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Protocol to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawal shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of the Council of Europe of the notification.

ARTICLE 9

1. Reservations made by a State to a provision of the Convention shall be applicable also to this Protocol, unless that State otherwise declares at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it reserves the right:

a. not to accept Chapter I;

b. not to accept Chapter II, or to accept it only

að því er varðar tiltekin afbrot eða tiltekna flokka þeirra afbrota sem um getur í 2. gr.

c. Að viðurkenna ekki III. kafla eða þá einungis 1. tl. 3. gr.

d. Að viðurkenna ekki IV. kafla.

e. Að viðurkenna ekki V. kafla.

3. Sérhver samningsaðili getur afturkallað yfirlýsingu sem hann hefur gefið samkvæmt síðasta tölulið með yfirlýsingu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur hún gildi frá og með móttökudegi.

4. Samningsaðili sem gert hefur fyrirvara við viðbótarsamning þennan varðandi ákvæði samningsins eða gert fyrirvara varðandi ákvæði í viðbótarsamningi þessum getur eigi krafist þess að annar samningsaðili beiti téðu ákvæði. Hann getur þó, sé fyrirvarinn aðeins að hluta til eða skilyrtur, krafist beitingar ákvæðisins að því marki sem hann hefur sjálfur viðurkennt það.

5. Engir aðrir fyrirvarar eru heimilir varðandi ákvæði viðbótarsamnings þessa.

10. gr.

Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd viðbótarsamnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda er verða kann vegna framkvæmdar hans.

11. gr.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp viðbótarsamningi þessum fyrir sitt leyti með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

3. Uppsögn samningsins hefur sjálfkrafa í för með sér uppsögn viðbótarsamnings þessa.

12. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningnum:

a. Sérhverja undirritun viðbótarsamnings þessa.

b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa samkvæmt 6. og 7. gr.

in respect of certain offences or certain categories of the offences referred to in Article 2;

c. not to accept Chapter III, or to accept only paragraph 1 of Article 3;

d. not to accept Chapter IV;

e. not to accept Chapter V.

3. Any Contracting Party may withdraw a reservation it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

4. A Contracting Party which has applied to this Protocol a reservation made in respect of a provision of the Convention or which has made a reservation in respect of a provision of this Protocol may not claim the application of that provision by another Contracting Party; it may, however, if its reservation is partial or conditional, claim the application of that provision in so far as it has itself accepted it.

5. No other reservation may be made to the provisions of this Protocol.

ARTICLE 10

The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Protocol and shall do whatever is needful to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its execution.

ARTICLE 11

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að tilgreina það eða þau landssvæði sem viðbótarsamningur þessi á að ná til.

2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals eða síðar getur sérhvert ríki lýst því yfir við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að viðbótarsamningur þessi nái einnig til hvaða annars landssvæðis eða landssvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni enda fari það með utanríkismál þess eða hefur heimild til að skuldbinda það.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt undanfarandi tölulið má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun skal ganga í gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

CHAPTER IV

ARTICLE 5

1. This Protocol shall be open to signature by the member States of the Council of Europe which have signed the Convention. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Protocol shall enter into force 90 days after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.

3. In respect of a signatory State ratifying, accepting or approving subsequently, the Protocol shall enter into force 90 days after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

4. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol without having, simultaneously or previously, ratified the Convention.

ARTICLE 6

1. Any State which has acceded to the Convention may accede to this Protocol after the Protocol has entered into force.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect 90 days after the date of its deposit.

ARTICLE 7

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.

2. Any State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Protocol to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawal shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of the Council of Europe of the notification.

8. gr.

1. Fyrirvarar sem samningsaðili hefur gert varðandi ákvæði samningsins skulu einnig gilda um viðbótarsamning þennan nema viðkomandi samningsaðili taki annað fram við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals. Sama máli gegnir um yfirlýsingar gefnar samkvæmt 24. gr. samningsins.

2. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að lýsa yfir því, að það áskilji sér rétt til

a. Að viðurkenna ekki I. kafla eða þá einungis að því er varðar tiltekin afbrot eða tiltekna flokka þeirra afbrota sem um getur í 1. gr. eða til að sinna ekki réttarbeiðnum varðandi leit eða hald á munum vegna afbrota er varða skatta.

b. Að viðurkenna ekki II. kafla.

c. Að viðurkenna ekki III. kafla.

3. Sérhver samningsaðili getur afturkallað yfirlýsingu sem hann hefur gefið samkvæmt undanfarandi tölulið með yfirlýsingu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og skal hún taka gildi frá og með móttökudegi.

4. Samningsaðili sem gert hefur við viðbótarsamning þennan fyrirvara varðandi ákvæði samningsins eða gert fyrirvara varðandi ákvæði í viðbótarsamningi þessum getur eigi krafist þess að annar samningsaðili beiti téðu ákvæði. Hann getur þó, sé fyrirvarinn aðeins að hluta til eða skilyrtur, krafist beitingar ákvæðisins að því marki sem hann hefur sjálfur viðurkennt það.

5. Engir aðrir fyrirvarar eru heimilir varðandi ákvæði viðbótarsamnings þessa.

ARTICLE 8

1. Reservations made by a Contracting Party to a provision of the Convention shall be applicable also to this Protocol, unless that Party otherwise declares at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession. The same shall apply to the declarations made by virtue of Article 24 of the Convention.

2. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it reserves the right:

a. not to accept Chapter I, or to accept it only in respect of certain offences or certain categories of the offences referred to in Article 1, or not to comply with letters rogatory for search or seizure of property in respect of fiscal offences;

b. not to accept Chapter II;

c. not to accept Chapter III.

3. Any Contracting Party may withdraw a declaration it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

4. A Contracting Party which has applied to this Protocol a reservation made in respect of a provision of the Convention or which has made a reservation in respect of a provision of this Protocol may not claim the application of that provision by another Contracting Party; it may, however, if its reservation is partial or conditional claim the application of that provision in so far as it has itself accepted it.

5. No other reservation may be made to the provisions of this Protocol.

9. gr.

Ákvæði viðbótarsamnings þessa eru ekki því til fyrirstöðu að ítarlegri ráðstafanir séu í tvíhliða eða marghliða samningum milli samningsaðila samkvæmt 3. tl. 26. gr. samningsins.

ARTICLE 9

The provisions of this Protocol are without prejudice to more extensive regulations in bilateral or multilateral agreements concluded between Contracting Parties in application of Article 26, paragraph 3, of the Convention.

10. gr.

Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd viðbótarsamnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda er verða kann vegna framkvæmdar hans.

ARTICLE 10

The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Protocol and shall do whatever is needful to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its execution.

11. gr.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp viðbótarsamningi þessum fyrir sitt leyti með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

3. Uppsögn samningsins hefur sjálfkrafa í för með sér uppsögn viðbótarsamnings þessa.

ARTICLE 11

1. Any Contracting Party may, in so far as it is concerned, denounce this Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

3. Denunciation of the Convention entails automatically denunciation of this Protocol.

12. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningnum:

a. Sérhverja undirritun viðbótarsamnings þessa.

b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa samkvæmt 5. og 6. gr.

d. Sérhverja yfirlýsingu sem berst samkvæmt ákvæðum 2. og 3. tl. 7. gr.

e. Sérhverja yfirlýsingu sem berst samkvæmt ákvæðum 1. tl. 8. gr.

f. Sérhvern fyrirvara sem gerður er samkvæmt ákvæðum 2. tl. 8. gr.

g. Afturköllun sérhvers fyrirvara samkvæmt ákvæðum 3. tl. 8. gr.

h. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 11. gr. svo og gildistökudag uppsagnar.

ARTICLE 12

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to the Convention of:

a. any signature of this Protocol;

b. any deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 5 and 6;

d. any declaration received in pursuance of the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 7;

e. any declaration received in pursuance of the provisions of paragraph 1 of Article 8;

f. any reservation made in pursuance of the provisions of paragraph 2 of Article 8;

g. the withdrawal of any reservation carried out in pursuance of the provisions of paragraph 3 of Article 8;

h. any notification received in pursuance of the provisions of Article 11 and the date on which denunciation takes effect.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað viðbótarsamning þennan.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Gjört í Strassborg 17. mars 1978 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers þeirra ríkja sem undirrita og gerast aðilar.

Done at Strasbourg, this 17th day of March 1978, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

Fylgiskjal 6.

Fyrirvarar og yfirlýsingar

a. Fyrirvarar.

1. tl. 1. gr.

Ísland mun einungis veita aðstoð í sakamálum vegna afbrota sem einnig eru refsiverð að íslenskum lögum.

Synja má um aðstoð:

(a) ef dómsmálayfirvöld á Íslandi eða í þriðja ríki hafa hafið lögsókn gegn sakborningi fyrir afbrot það sem lá til grundvallar lögsóknar í ríki beiðanda, eða

(b) ef sakborningur hefur verið sakfelldur eða sýknaður með endanlegum dómi á Íslandi eða í þriðja ríki í máli varðandi afbrot það sem lá til grundvallar lögsóknar í ríki beiðanda, eða

(c) ef dómsmálayfirvöld á Íslandi eða í þriðja ríki hafa ákveðið að láta niður falla eða hefja ekki lögsókn fyrir afbrot það sem lá til grundvallar lögsóknar í ríki beiðanda.

1. tl. 13. gr.

Skylda til að senda úrdrætti og upplýsingar úr sakaskrá svo sem mælt er í ákvæði þessu nær einungis til sakferilsskýrslu þess manns sem kærður er í viðkomandi sakamáli.

b. Yfirlýsingar.

1. tl. 5. gr.

Synja má um beiðni um leit eða hald á munum ef skilyrði a og c liðar 1. tl. 5. gr. eru ekki uppfyllt.

3. tl. 7. gr.

Beiðni um birtingu stefnu á hendur sökuðum manni er dvelur á Íslandi verður að hafa borist viðkomandi íslensku yfirvaldi eigi skemur en 50 dögum áður en ákveðið er að fyrirtaka sé í málinu.

6. tl. 15. gr.

Allar beiðnir um aðstoð á Íslandi samkvæmt samningnum skulu sendar dómsmálaráðuneytinu.

Reservations and Declarations

(a) Reservations

Article 1, paragraph 1

Iceland will only afford assistance in proceedings in respect of offences also punishable under Icelandic law.

Assistance may be refused:

(a) if the judicial authorities of Iceland or of a third State have instituted legal proceedings against the accused for the offence which gave rise to proceedings in the requesting State; or

(b) if the accused has been convicted or acquitted by a final judgment given by the judicial authorities of Iceland or of a third State in respect of the offence which gave rise to proceedings in the requesting State; or

(c) if the judicial authorities of Iceland or of a third State have decided to discontinue proceedings or not to initiate them in respect of the offence which gave rise to proceedings in the requesting State.

Article 13, paragraph 1

The obligation to communicate extracts from and information relating to judicial records under this provision applies only to the criminal record of the person charged with an offence in the criminal matter concerned.

(b) Declarations

Article 5, paragraph 1

A request for search or seizure of property may be refused if the conditions laid down in Article 5, paragraph 1, subparagraphs (a) and (c), are not fulfilled.

Article 7, paragraph 3

A summons to be served on an accused person who is in Iceland must be transmitted to the competent Icelandic authorities at least 50 days before the date set for appearance.

Article 15, paragraph 6

All requests for assistance in Iceland under the Convention must be addressed to the Ministry of Justice.

2. tl. 16. gr.
Beiðnum og meðfylgjandi málsskjölum sem eigi eru á íslensku, dönsku, ensku, norsku eða sænsku skal ætíð fylgja íslensk eða ensk þýðing.

Article 16, paragraph 2
Requests and annexed documents not drawn up in Icelandic, Danish, English, Norwegian or Swedish shall be accompanied by a translation into Icelandic or English.

24. gr.
Orðið „dómsmálayfirvöld" á Íslandi samkvæmt samningi þessum þýðir dómsmálaráðuneyti, dómstólar, ríkissaksóknari og lögreglustjórar.

Article 24
For the purposes of the Convention the term "judicial authorities" in Iceland means the Ministry of Justice, the courts, the State Prosecutor and Chiefs of Police.

Ed. 153. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd skiptist í afstöðu sinni til bráðabirgðalaganna. Fyrsti minni hl. nefndarinnar er andvígur setningu bráðabirgðalaga um launamál og mótmælir harðlega þeim ákvæðum frumvarpsins sem fela í sér stórfellda kjaraskerðingu launafólks.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi Bandalags jafnaðarmanna og er hann samþykkur þessu nefndaráliti.

Alþingi, 30. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., frsm.
Þórður Skúlason.

Ed. 154. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er eðli bráðabirgðalaga að ákvæði þeirra koma til framkvæmda áður en Alþingi gefst tækifæri til þess að fjalla um þau. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir lýst andstöðu sinni við þá miklu og einhliða kjara- og réttindaskerðingu sem bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar fela í sér. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að ná fram þeim endurbótum á lögunum sem miða að því að gera þau sanngjarnari og draga úr því misrétti, sem í þeim felst, þótt slík ákvæði geti eðli máls samkvæmt einungis náð til framtíðarinnar en ekki liðins tíma.

Í samræmi við þetta flytur 2. minni hluti nefndarinnar breytingartillögur á sérstöku þingskjali sem sníða vankanta af frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir.

1) Samkvæmt því lagafrumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er bannað að miða laun við vísitölu, en vísitölukerfið stendur að öðru leyti óhaggað, þannig að t. d. ríkið hefur sjálfvirkar heimildir samkvæmt vísitölu til að hækka gjöld til sín eins og bensíngjald, þungaskatt og flugvallagjald. Notkun ríkisins á þessum heimildum hefur birst í sífelldum hækkunum á bensínverði á undanförnum mánuðum. Vitaskuld er með öllu óeðlilegt og í fyllsta máta ósanngjarnt að þeir hlutar hins sjálfvirka vísitölukerfis, sem lúta að skattlagn-

ingu fólksins í landinu og tekjuöflun ríkisins, séu í fullu sambandi en launafólki sé óheimilt að njóta dýrtíðarbóta miðað við vísitölu. Þess vegna er lagt til á sérstöku þingskjali að þessi sjálfvirka heimild ríkisins verði afnumin. Óski ríkisstjórnin að breyta slíkum gjöldum yrði hún því, að samþykktri þessari breytingartillögu, að bera fram frumvarp um það á Alþingi.

Af sama toga eru gjaldskrár, sem miðast við fasteignamat. Fasteignamatið er hækkað samkvæmt ákvörðun Fasteignamatsnefndar ríkisins og er þá heimil gjaldtaka skv. gildandi lögum miðað við hið nýja fasteignamat. Þegar verðlag hækkar langt um fram launabreytingar felur þetta í sér óréttláta heimild til sjálfvirkrar gjaldtöku af þorra fólksins í landinu. Eigi að ráðast að vísitölukerfinu í heild sinni er því nauðsynlegt að höggva einnig á þessa sjálfvirkni.

Með samþykkt þessarar breytingartillögu yrði hið opinbera að sitja við sama borð og launafólk að því er afnám vísitöluviðmiðunar varðar og slíkt bann við notkun vísitölu ekki látið ná einungis til launanna einna eins og frv. ríkisstjórnarinnar gerir.

2) Lágmarkstekjur á mánuði eru nú 10 961 kr. Ef verðbætur hefðu verið reiknaðar skv. ákvæðum kjarasamninga væru þessar lágmarkstekjur nú um 15 000 kr. á mánuði. Öllum má ljóst vera að fólk getur vart framfleytt sjálfu sér, hvað þá fjölskyldu, á tekjum sem eru innan við 11 000 kr. á mánuði. Matvörukaupin ein hjá vísitölufjölskyldu eru talin nema um 9 100 kr. á mánuði um þessar mundir.

Öllum er ljóst að við erfiðleika er að etja í þjóðfélaginu. Skiptar skoðanir eru um hvernig við vandanum skuli bregðast, en allir ættu að vera á einu máli um að ekki er réttlætanlegt að skerða hlut hinna lakast settu. Það er með öllu óviðunandi að ætla fólki með lagaboði að lifa af 11 000 kr. á mánuði. Sú breytingartillaga um lágmarkstekjur, sem flutt er á sérstöku þingskjali, mun bæta hér úr og tryggja að ekki séu lagðar byrðar á hina lakast settu. Þessi ákvæði miða að því einu að engum séu greidd lægri laun í heild að meðtöldum öllum álagsgreiðslum en 15 000 kr. á mánuði og ná því einungis til þess launafólks sem hefur lægri heildarlaun, en ekki til þeirra sem ná hærri launum með álagsgreiðslum af einhverju tagi.

Alþingi, 30. nóv. 1983.

Eiður Guðnason.

Ed. 155. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um launamál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG).

1. Við 1. gr. bætast tvær nýjar mgr. sem verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

   Á sama hátt og á sama tímabili er óheimilt að miða opinber gjöld af einu eða öðru tagi, hvort sem er til ríkisins eða sveitarfélaga, með einum eða öðrum hætti við vísitölu. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum um heimildir til hækkunar gjalda eða skatta með tilliti til breytinga á vísitölu skal slík hækkun óheimil frá og með gildistökudegi þessara laga.

   Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamati fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn álagningarinnar um 20% við álagningu 1984 fyrir gjöld, sem reiknast árlega, en frá og með 1. des. 1983 að því er önnur gjöld varðar. Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentur frá því sem í gildi var hinn 25. maí 1983.

2. Við 2. gr. bætist ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:
   Frá og með gildistökudegi laga þessara og þar til öðruvísi um semst skulu lágmarksheildarlaun vera kr. 15 000 á mánuði fyrir fulla dagvinnu og tilsvarandi fyrir hlutastörf. Til heildarlauna teljast í þessu sambandi taxtalaun að viðbættum hvers kyns álögum, en án orlofs.
3. Fyrirsögn frv. breytist og verði: Frv. til l. um launamál og vísitöluviðmiðanir.

Ed. 156. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. nóv. 1983.

Valdimar Indriðason, varaform., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Haraldur Ólafsson.	Salome Þorkelsdóttir.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 157. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu fulltrúar sveina í byggingariðnaði. Ekki varð samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild. Minni hlutar nefndarinnar gera grein fyrir sérálitum sínum.

Alþingi, 30. nóv. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Tómas Árnason, frsm.	Valdimar Indriðason.
	Lárus Jónsson.	

Nd. 158. Frumvarp til laga [123. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er:

— að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

II. KAFLI

Hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála skv. lögum þessum.

3. gr.

Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir:

Deild fyrir almenn íbúðaveðlán, sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.

Deild fyrir félagslegar íbúðir, sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar úr honum.

Tæknideild, sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.

Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

4. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa 9 menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt. Alþingi kýs tvo endurskoðendur.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina skv. 7. gr.

5. gr.

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
6. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar skv. tillögum húsnæðismálastjórnar.

7. gr.

Kostnaður við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.

Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

III. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins.

8. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að veita lán til íbúðabygginga og kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds og endurbóta á notuðu íbúðarhúsnæði og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra.

9. gr.

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum, sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða skv. lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977 og á almennum markaði skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VII. kafla þessara laga.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta fer fram í almennum lánastofnunum, sem húsnæðismálastjórn semur við um þá þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi.

11. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. tölulið 1—9, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á notuðum íbúðum.
3. Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

12. gr.

Umsóknir um lán skulu sendar á sérstöku umsóknareyðublaði, sem stofnunin lætur í té. Með umsókn skal senda öll þau gögn, sem tilskilin eru.

Þegar gögn hafa borist, skal senda umsækjanda staðfestingu á úrskurði stofnunarinnar um umsókn hans.

Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.

13. gr.

Lán skv. 1. tl. 11. gr. er heimilt að veita til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Lánsfjárhæð til hverrar íbúðar fer eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúða sbr. 32. gr.

Ef umsækjandi um lán ætlar að byggja leiguíbúð eina eða fleiri eða leigja sína fyrri íbúð þegar byggingu er lokið, skal hann undirrita skuldbindingu um að hann leigi hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð.

Standi lántakandi ekki við skuldbindingu sína skv. framansögðu, sameinar íbúðina annarri íbúð eða tekur til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara.

Skv. þessari grein skal einnig veita lán til þeirra, sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð er talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 31 ári. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til kaupa á notuðum íbúðum.

14. gr.

Lán skv. 2. tl. 11. gr. er heimilt að veita til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda. Lánsfjárhæð skal vera visst hlutfall af láni til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr.

Þó má lán sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 21 ári en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.

15. gr.

Lán skv. 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja leiguíbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða hámarkshlutfall lána skv. þessari grein. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fokheld.

Heimilt er að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúð sem byggð er skv. þessari grein með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. Nánari reglur um slíka hlutareign leigutaka verði settar í reglugerð.

Að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands er sveitarfélögum eða öðrum, sem byggja skv. þessari grein, heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga, sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Skuldabréfin skulu tryggð með öðrum veðrétti í viðkomandi íbúð næst á eftir veði Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð skv. lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Heimilt er að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu svo og við andlát hans.

Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helming íbúða eða vistrýma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

16. gr.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu leiguíbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar leiguíbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Umsókn um lán til bygginga leiguíbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila skv. niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að þessar umsagnir mæli með henni.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru skv. ákvæðum þessarar greinar meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

17. gr.

Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tl. 11. gr. í samræmi við framkvæmdahraða og gera sérstakan framkvæmdalánssamning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán þessi eru til allt að 16 ára og veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.

18. gr.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. er heimilt að veita til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar en ekki til almenns viðhalds.

Lán til viðbyggingar eða endurbóta má nema allt að 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu. Ef um viðbyggingu er að ræða og jafnframt eldra húsið endurbyggt og hvor verkþáttur um sig uppfyllir reglur húsnæðismálastjórnar um lánshæfni má lánið nema samtals allt að 80% af fullu láni til nýbyggingar.

Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umrædd gögn hljóta samþykki Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umsóknum skal einnig fylgja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, ef um útlitsbreytingar er að ræða.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. til meiri háttar endurbóta má ekki veita út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti.

19. gr.

Heimilt er að greiða fyrri hluta láns til framkvæmda skv. 18. gr. meðan á þeim stendur. Síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni stofnunarinnar. Greiðslu láns til meiri háttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera allt að 21 ár, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánum skv. 2. tl. 11. gr., en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

20. gr.

Lán skv. 5. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum, sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæðis geta verið með eftirtöldum hætti:

a) Lán skv. 1. tl. 11. gr. til byggingar íbúða til endursölu handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánum skv. þeim tölulið.
b) Viðbótarlán skv. 21. gr. þessara laga.
c) Lán til byggingar leiguíbúða samkv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 58. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 17. gr.

21. gr.

Nú sækir sveitarstjórn, sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa nýja íbúð til endursölu til fólks sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárri fjárhæð og hámarkslán er á því ári skv. 1. tl. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði. Lán skv. þessari málsgrein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni skv. 1. tl. 11. gr.

Lánstími skal vera allt að 26 árum. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

22. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna sem Húsnæðisstofnun ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 16 árum en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.

23. gr.

Lán skv. 6. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar lánum skv. 1. tl. 11. gr.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á íbúðarhúsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánum samkv. 2. tl. 11. gr.

Lán skv. þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

24. gr.

Fjárhæð láns skv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdirnar nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 16 árum, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu er heimilt af fresta afborgunum um óákveðinn tíma. Gildir þá ekki ákvæði 3. mgr. um hámarkslánstíma. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. um lánskjör.

Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.

25. gr.

Lán skv. 7. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita til orkusparandi endurbóta á íbúðum, enda liggi fyrir verklýsing og kostnaðaráætlun, sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni stofnunarinnar.

26. gr.

Fjárhæð láns má nema allt að 80% endurbótakostnaðar. Þó má lán aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Heimilt er að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á þeim stendur, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni stofnunarinnar.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 16 árum, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.

27. gr.

Lán skv. 8. tl. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýjungar, sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, enda fylgi staðfesting á því, að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

28. gr.

Fjárhæð láns skv. 8. tl. 11. gr. og lánstíma skal ákveða hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun, svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. um lánskjörin.

Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

29. gr.

Lán skv. 9. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði.

Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum skv. samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa íbúðina skv. reglum sjóðsins.

Nú notfærir framkvæmdaaðili í byggingariðnaði sér ekki heimild til framkvæmdaláns hjá Byggingarsjóði ríkisins og skal þá heimilt að greiða út lán til ofangreindra aðila með þeim hætti að fyrri hluti lánsins komi til útborgunar einum mánuði eftir að bygging er fokheld og seinni hluti sex mánuðum síðar.

30. gr.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.—8. tl. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjöld og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lán skv. 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi. Af lánum skv. 8. tl. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána skv. 1.—7. tl. 11. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 8. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

31. gr.

Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka skv. 11. gr. eitt almanaksár í senn.

Enn fremur ákveður ráðherra lánahlutfall í þeim lánaflokkum, þar sem lán eru ákveðin sem hlutfall af áætluðum byggingarkostnaði.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli lánaflokka innan ársins, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

32. gr.

Hámarkslán má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, skv. þeim reglum sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka. Þó skal viðmiðun lána til nýbygginga á lögbýlum vera einum staðli hærri en gildir miðað við fjölskyldustærð lántakanda.

Húsnæðismálastjórn ákveður staðalíbúðir fyrir þrjár mismunandi fjölskyldustærðir. Miðað skal við að íbúðir séu hagkvæmar, einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð en vandaðar og uppfylli kröfu um hönnun, gerð og búnað á hverjum tíma. Byggingarkostnaður þessara staðalíbúða skal áætlaður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og endurskoðaður ársfjórðungslega í samræmi við þróun byggingarkostnaðar.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra staðfestir, skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar, svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

IV. KAFLI

Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

33. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum:

a) Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
b) Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.
c) Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

34. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a) Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.

b) Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.
c) Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
d) Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni, þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a, b og c nægir ekki til áformaðra framkvæmda.

Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um þá þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist skv. fyrirfram gerðu samkomulagi.

35. gr.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 34. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans á hverjum tíma.

36. gr.

Í öllum kaupstöðum, kauptúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélög ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna tvo fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa í stjórnina.

Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

37. gr.

Stjórnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

38. gr.

Að lokinni könnun skv. 37. gr. skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Gera skal grein fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.

Afrit af greinargerð sinni og tillögum skal stjórn verkamannabústaða senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

Verði umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða eða leiguíbúða fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári skal húsnæðismálastjórn gera áætlun til þriggja ára í senn um það hvernig þörfum hvers sveitarfélagas fyrir slíkar íbúðir verði fullnægt.

39. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 32. gr. þessara laga miðað við stærð fjölskyldu.

Ef nauðsynlegt er vegna aðstöðu á byggingarstað eða af öðrum ástæðum að byggja bílskúr eða bílskýli með íbúðum í verkamannabústöðum skal kostnaður við þær framkvæmdir dreginn frá byggingarkostnaði íbúðanna áður en lán til þeirra er ákveðið.

Við endursölu á íbúð í verkamannabústöðum skal bílskúr eða bílskýli sem tilheyrir íbúðinni metið sérstaklega, og er eigi skylt að staðgreiða seljanda þann hlut eignarinnar.

40. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur stjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna.

Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. staflið c í 34. gr. laga þessara.

Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en hefja á framkvæmdir.

41. gr.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Skal sérstaklega huga að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið. Senda skal skriflega álitsgerð um framangreind atriði til hlutaðeigandi sveitarstjórnar og stjórnar verkamannabústaða til umsagnar.

42. gr.

Að lokinni athugun og fengnum umsögnum sbr. 41. gr. tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um það hvort framkvæmdin falli undir ákvæði 33. gr. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar, heimilar hún stjórn verkamannabústaða að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

43. gr.

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 49. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé, sem er umfram

verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni.

Framkvæmdalán skulu vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar. Vextir fara eftir ákvæðum 49. gr.

44. gr.

Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
b) Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
c) Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem svarar kr. 141 000 fyrir einhleyping eða hjón og kr. 12 500 fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltöl tekna á árunum 1980, 1981 og 1982. Tekjumörk þessi skulu ákvörðuð af húsnæðismálastjórn í upphafi hvers árs, að fengnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum næstliðin 3 ár.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 1032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngildar unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna, allt að 8 klst. hvern fjarvistardag, svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hins vegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

Þeim, sem vinna fasta hlutavinnu, skal þó heimilt að kaupa íbúð í verkamannabústað og skal þá miða við 516 árlegar vinnustundir hið minnsta.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum b-liðar þegar um er að ræða umsækjendur, sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Frá ákvæði c-liðar er heimilt að víkja, að því er varðar fjölda árlegra vinnustunda, gagnvart umsækjendum sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku.

Ennfremur er heimilt að víkja frá stafliðum b og c þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

45. gr.

Stjórnir verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar eru skv. lögum þessum, eftir þeim meginreglum sem ákveðnar eru í 44. gr. og nánari ákvæðum sem sett verða í reglugerð.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar til sölu. Í auglýsingunni skal koma fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir skv. ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum og með hliðsjón af öðrum sérstökum ástæðum svo sem staðsetningu og sérbúnaði íbúðar. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar skv. ákvæðum 51. gr. þessara laga.

46. gr.

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan mánaðar frá því að úthlutun fer fram. Stjórn verkamannabústaða

ákveður gjalddaga á framlagi kaupenda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að hluti kaupenda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð í verkamannabústað ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum skv. ákvörðun stjórnar verkamannabústaða, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann var búinn að greiða auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

47. gr.

Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað, en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni gegn yfirtöku áhvílandi skulda, enda hafi kaupandi staðið í skilum með þær greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu, sem annist sameiginleg verkefni.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

48. gr.

Íbúðareiganda er heimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánum en þeim, sem greinir í 49. gr. laga þessara.

Ekki er heimilt að leigja íbúð í verkamannabústað án samþykkis stjórnar verkamannabústaða og er leigusamningur ella ógildur. Stjórnin getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma. Ef ekki er farið eftir settum reglum, er heimilt að gjaldfella lán þau sem greinir í 49. gr. laga þessara. Einnig skal fella niður verðbætur til íbúðareiganda við sölu íbúðar, sbr. 51. og 63. gr. laga þessara, þann tíma sem íbúðin er leigð án heimildar.

49. gr.

Húsnæðismálastjórn veitir lán út Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 32. gr. þessara laga. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90%, ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og/eða fjárhagsaðstæður. Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða skal Húsnæðisstofnun yfirfara teikningar og gera tillögur um skv. hvaða staðli lán verði veitt út á hverja íbúð. Sveitarstjórn, eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði, ber fulla ábyrgð á framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu og verði byggingarkostnaður íbúðar meiri en sem nemur láni Byggingarsjóðs verkamanna að viðbættu framlagi kaupanda verður viðkomandi sveitarstjórn að greiða það sem umfram er. Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll láns við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna.

Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjöld og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lánin eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar lána skulu vera eigi færri en fjórir á ári. Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að fjölga gjalddögum, ef það er talið æskilegt.

Tilsvarandi fyrirgreiðslu veitir sjóðurinn og með sömu kjörum vegna endursölu íbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín skv. ákvæðum laga þessara um forkaupsrétt þeirra.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir hóflegt hlutfall dagvinnutekna hlutaðeiganda.

50. gr.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum, byggðum skv. lögum þessum og koma til endursölu, við verði sem tilgreint er í 51. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

51. gr.

Eigandi íbúðar í verkamannabústað, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það stjórn verkamannabústaða eða sveitarstjórn sem kaupir íbúðina og selur að nýju skv. ákvæðum þessara laga og reglugerða skv. þeim.

Stjórn verkamannabústaða skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum, ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Við greiðslur þessar bætast verðbætur skv. vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni skv. mati matsnefndar félagslegra íbúða.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin er afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda skv. mati matsnefndar, svo og lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar skv. ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m. a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði verkamanna skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð skv. vísitölu lánskjara frá þeim tíma þegar íbúðin var afhent til söludags. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Við framanreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 80% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 80% af söluverði íbúðarinnar.

52. gr.

Stjórn verkamannabústaða getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu þegar um er að ræða hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

53. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið skv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns sbr. þó 50. gr. og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 51. gr. 2. mgr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali skv. þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

54. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri sem fram kemur við könnun skv. 37. gr. þessara laga með byggingu leiguíbúða skv. b-lið 33. gr. og sendir þá sveitarstjórn Húsnæðisstofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin Byggingarsjóði verkamanna formlega umsókn um lán til framkvæmdanna. Á sama hátt skulu þeir aðilar sem hyggjast standa að byggingu leiguíbúða skv. c-lið 33. gr. að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórn, senda inn formlega umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Í umsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

Umsókn skal berast Húsnæðisstofnun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

55. gr.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögu byggingaraðila á sama hátt og fyrir er mælt í 41. gr., að því er verkamannabústaði varðar.

56. gr.

Telji húsnæðismálastjórn fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b- eða c-liðar 33. gr. þessara laga, heimilar hún byggingaraðila að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðila til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmdanna.

57. gr.

Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt gerir Húsnæðisstofnun framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi byggingaraðila leiguíbúða. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna skv. 1. mgr. 58. gr. þessara laga. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða og skal byggingaraðili senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðisstofnun nefnir til.

Framkvæmdalánin skulu verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum þessum. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

58. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b og c lið 33. gr. mega nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði sem gildir til viðmiðunar fyrir samsvarandi íbúðir sbr. ákvæði 32. gr. laga þessara.

Annan kostnað við framkvæmdir skal hlutaðeigandi byggingaraðili bera.

Nú verður raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur verði samsvarandi íbúða skv. 32. gr. og skal þá hlutaðeigandi byggingaraðili standa undir þeim umframkostnaði.

Heimilt er aðilum er byggja leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr. að selja leigutaka eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni, en greiðist síðan með fullum verðbótum skv. lánskjaravísitölu auk vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.

Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

Lánin skulu vera til allt að 31 ári og afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu á 30 árum. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 49. gr.

Gjalddagar lánanna skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

59. gr.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru á vegum sveitafélaga skv. b-lið 33. gr. skal sveitarstjórn ráðstafa. Við úthlutum íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera.

Leiguíbúðum sem byggðar eru skv. c-lið 33. gr. skal lántakandi ráðstafa.

Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

60. gr.

Nú er talið hagkvæmt að kaupa húsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Byggingarsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa skv. 58. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum, sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði, og kaupverð sé eigi hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lán sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði að frádregnum áhvílandi lánum og lánað er til nýbygginga.

61. gr.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru skv. lögum þessum, meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

V. KAFLI

Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum skv. lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

62. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum, sem byggðar hafa verið skv. eldri lögum um verkamannabústaði og veitt hefur verið lán til úr Byggingarsjóði verkamanna enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti, eða hann fallið niður af öðrum ástæðum sbr. þó 50. gr.

Þegar eigandi íbúðar í verkamannabústað hyggst selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu þess efnis til stjórnar verkamannabústaða. Stjórnin skal tilkynna eiganda afstöðu sína innan 30 daga ella telst forkaupsrétti hafnað og gilda þá ákvæði þriðja málsliðar 50. gr.

Um íbúðir, sem byggðar voru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar skv. lögum nr. 97/1965 svo og þær íbúðir, sem byggðar voru skv. lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976, skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum, skv. þessum kafla. Stjórnir verkamannabústaða skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða og varðandi fjármögnun þeirra við sölu skulu gilda ákvæði 49. gr.

63. gr.

Seljandi íbúðar skal fá endurgreidda þá fjárhæð, sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við hækkun lánskjaravísitölu en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Draga skal frá ½%fyrningu fyrir hvert ár eignarhaldstíma.

Stjórn verkamannabústaða skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni skv. nánara samkomulagi milli þeirra. Sömuleiðis skal taka tillit til ástands íbúðar við afhendingu, einnig skv. nánara samkomulagi.

Heildarkaupverð má þó aldrei vera hærra en sannanlegt markaðsverð sambærilegra íbúða á staðnum, sbr. ákv. 5. mgr. 51. gr.

Seljandi íbúðar á rétt til fullnaðargreiðslu skv. þessari grein, eða úrskurði matsnefndar, innan 8 vikna frá afhendingu íbúðar. Afhending skal að jafnaði ekki fara fram fyrr en niðurstaða liggur fyrir um fjárhæð greiðslu til seljanda íbúðar.

Þegar liðin eru 30 ár frá sölu íbúðar, getur eigandi hennar óskað eftir að fá gefið út kvaðalaust afsal. Þeim sem fer með málefni þessara íbúða í sveitarfélaginu er skylt að verða við slíkri ósk, enda hafi eigandi íbúðar eða maki hans átt íbúðina allan þann tíma og hann greiði upp eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins og/eða Byggingarsjóði verkamanna.

64. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum, þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, skv. 50. og 62. gr. Við ákvörðun söluverðs skal m. a. taka tillit til byggingarkostnaðar íbúða á þeim tíma, sem sala fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og ástands íbúðar. Við ákvörðun markaðsverðs skal m. a. stuðst við upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins. Stjórn verkamannabústaða annast sölu íbúða í umboði sveitarstjórnar.

Heimilt er að veita nýtt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til þess, sem kaupir gamla íbúð í verkamannabústað, sbr. 2. og 3. mgr. 62. gr.

Slíkt lán má nema allt að 80% söluverðs íbúðar, en þó ekki hærri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar, sbr. 32. gr. Heimilt er húsnæðismálastjórn að láta áhvílandi lán hvíla áfram á íbúðinni og veita viðbótarlán allt að fyrrnefndu hámarki.

Hagnaður, sem verða kann af sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna, enda verði sveitarstjórn þá ekki skylt að greiða 10% af viðbótarláni til Byggingarsjóðs verkamanna.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að nota hluta hagnaðar sem myndast við sölu, til þess að greiða kostnað við eigendaskipti íbúðar, eða leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld skv. þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins eftir því sem við á, gilda reglur 50. og 51. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

65. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð, sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna, og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp.

Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 64. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

66. gr.

Matsnefnd félagslegra íbúða skal vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða til ráðuneytis um málefni endursöluíbúða. Nefndin skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og stjórna verkamannabústaða sem til hennar er vísað og varðar útreikning greiðslu til seljanda skv. 63. gr. svo og ákvarðanir um endursöluverð íbúða skv. 64. gr.

VI. KAFLI

Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar.

67. gr.

Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga.

Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

a) Tæknisvið:
   1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í MÁT-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla.
   2. Að gera tillögu um staðalíbúðir skv. 32. gr. laga þessara til viðmiðunar við ákvörðun lánsréttar og áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
   3. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á, og sjá um að settum skilyrðum sé fullnægt.
   4. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunarinnar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

b) Þjónustusvið:
   1. Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála, svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis.
   2. Að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum og/eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni.
   3. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga.
   4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

68. gr.

Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar.

Félagsmálaráðuneytið setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

VII. KAFLI

Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga.

69. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 71. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu áramót eftir að hann verðu 26 ára. Fé það sem á þennan hátt safnast skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt.

70. gr.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð skv. 1. mgr. 69. gr., hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Enn fremur skulu þeir, sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði skv. vottorði skólastjóra, eiga þess kost að fá endurgreitt það fjármagn er þeir hafa lagt í sjóðinn.

Vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins reiknast frá þeim tíma, sem fjármagnið er lagt í sjóðinn, og skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán úr sjóðnum að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Innlagður skyldusparnaður á hverjum tíma fái grunngildi lánskjaravísitölu þess mánaðar. Þegar skyldusparnaðurinn er tekinn út, sé sömuleiðis miðað við gildandi lánskjaravísitölu í þeim mánuði. Vextir af innistæðu skulu leggjast við höfuðstól um hver áramót og verðtryggjast á sama hátt og höfuðstóllinn.

71. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk, þ. e. karl og kona sem búa saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.
b. Skólafólk sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.
c. Þeir sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.
d. Þeir sem eiga íbúð til eigin þarfa.
e. Þeir sem búa við varanlega örorku skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
f. Útlendingar sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Sá sem telur sig eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði, ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

72. gr.

Heimilt er að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Beiðnir um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

73. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins eða innlánsstofnanir sem hún semur við skal annast innheimtu á skyldusparnaði skv. lögum þessum.

Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Húsnæðisstofnunar ríkisins skv. nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði um undanþáguheimild sína.

74. gr.

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögum þessum, eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtu launaskatts sbr. lög nr. 14 frá 15. mars 1965 ásamt síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Byggingarsamvinnufélög.

75. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46/1937 um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

76. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937 um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarkstala stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda verða 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m. a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna á fullnægjandi hátt félagsmönnum að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal síðan rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir skv. samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meirihluti í öðru eða einu þeirra félaga, sem í hlut á, og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

77. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 11. gr. laga þessara. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um á hvaða verkstigi lokaáfanga skuli skilað.
c. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem skv. ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.
d. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð, er nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann, og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innnlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki, sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað.
Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

78. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð, en ekki enn eignast tilskilin ⅕ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun. Yfirtekur þá félagið

eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

79. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

80. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu skv. mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

81. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Enn fremur skal hún með lánum skv. 29. gr. laga þessara stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

82. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

83. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim varða sektum.

84. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1952 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, lög nr. 59 frá 1973 um breytingu á lögum nr. 30 frá 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins og lög nr. 51 frá 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979 ef uppfærðar eftirstöðvar láns nema hærri fjárhæð en 415 þúsundum króna miðað við október 1983. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 10. júní s. l. skipaði Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 51 frá 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í nefndina voru skipaðir: Jóhann Einvarðsson fyrrv. alþm., formaður, Gunnar S. Björnsson trésmíðameistari, Halldór Blöndal alþm., Páll R. Magnússon húsasmiður og Þórður Ólafsson lögfræðingur. Hilmar Þórisson, skrifstofustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, var ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er tekið fram, að hún skuli „eftir því sem við á, fella inn í frumvarp sitt frumvarp það til laga um breyting á lögum nr. 51/1980, sem lagt var fram á Alþingi hinn 6. desember 1982, en hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi".

Þá skyldi nefndin athuga sérstaklega á hvern hátt unnt væri að auka fjármagn til byggingarsjóðanna m. a. með tilliti til þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að koma á næsta ári lánshlutfalli á staðalíbúð upp í 50% af byggingarkostnaði fyrir þá, sem byggja eða kaupa í fyrsta skipti. Lánshlutfallið skyldi síðan fara hækkandi á næstu árum þar til 80% marki yrði náð.

Jafnframt skyldi nefndin athuga möguleika á lengingu lánstímans.

Nefndin hefur haldið marga fundi og fengið á fundi til sín ýmsa aðila. Einnig hefur verið leitað til annarra um einstök verkefni.

Skúli Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins og Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, voru til ráðuneytis varðandi V. kafla frumv. um kaup á íbúðum sem byggðar hafa verið á félagslegum grundvelli, samkvæmt eldri lögum. Sömuleiðis þeir Guðmundur Gunnarsson, forstöðumaður tæknideildar Húsnæðisstofnunar, og Helgi V. Guðmundsson, lögfræðingu hennar, en þeir sitja báðir í matsnefnd félagslegra íbúða. Ríkharður Steinbergsson, verkfræðingur og Guðmundur Snorrason, viðskiptafræðingur hafa komið til viðræðna við nefndina varðandi þann kafla.

Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun og Sigurður B. Stefánsson, hagfræðingur aðstoðuðu nefndina við ýmsa útreikninga varðandi stöðu Byggingarsjóðs ríkisins o. fl.

Þá hefur nefndin, eða einstakir nefndarmenn rætt við ýmsa stjórnarmenn og starfsmenn Húsnæðisstofnunar varðandi endurskoðun þessa.

Nefndin hefur tekið mið af þeirri samþykkt er ríkisstjórnin gerði á fundi sínum þann 22. sept. s. l. varðandi húsnæðismál. Þá var samþykkt tillaga félagsmálaráðherra um eftirfarandi breytingar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins frá 1. janúar 1984:

„1. Öll lán hækki um 50%.
2. Nýbyggingalán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn skulu greidd í tveim hlutum, þ. e. fyrri hlutinn mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn sex mánuðum frá útborgun fyrri hlutans. Útborgun lána til annarra skal vera óbreytt frá því sem nú er.
3. Nýbyggingalán lengist úr 26 árum í allt að 31 ár.
4. Lán til kaupa á eldra húsnæði lengist úr 16 árum í allt að 21 ár.
5. Öll lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.
6. Gjalddögum húsnæðislána verði fjölgað í 4 á ári."

Á sama fundi ríkisstjórnarinnar var ákveðið að hækka lán til nýbygginga og lán til kaupa á eldra húsnæði á árunum 1982 og 1983 um 50%, til þess að leysa úr fjárhagsvanda húseigenda. Þá var gert samkomulag við Samband viðskiptabanka og Samband sparisjóða um lengingu þeirra lána í 8 ár sem veitt höfðu verið til nýbygginga eða kaupa á húsnæði eftir 1. janúar 1981.

Þá er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar, að húsnæðislánakerfið verði eflt svo á næstu árum, að lánin geti numið allt að 80% byggingarkostnaðar eða kaupverðs íbúðar hjá þeim, sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti. Með hliðsjón af fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs taldi nefndin ekki efni til þess að leggja til að á næsta ári yrði gengið lengra en samþ. ríkisstjórnarinnar frá 22. sept. s. l. gerir ráð fyrir um lánveitingar úr honum.

Í þessu sambandi leggur nefndin áherslu á, að óraunhæft er að miða við lán Byggingarsjóðs eins, þegar lánshlutfall er metið. Verulegur hluti af lánum lífeyrissjóða rennur til öflunar húsnæðis. Þá minnir nefndin á, að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á „fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána". Eftir þessum þrem leiðum verður að afla fjár til húsnæðislánakerfisins til þess að ná því marki að lánin fari upp í 80% á næstu árum.

Það var rætt í nefndinni, hvort tímabært væri að leggja tæknideild Húsnæðisstofnunar niður. Samkomulag var um, að leggja það ekki til við endurskoðun húsnæðislaganna nú. Á hinn bóginn var nefnin sammála um, að nauðsynlegt væri að gera sérstaka úttekt á störfum tæknideildar og nauðsyn hennar.

Jafnhliða samningu þessa frumvarps hefur verið unnið að því að kanna áhrif tillagna þess á fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins. Hefur verið stefnt að því, að unnt verði að fá fram sem skýrasta mynd af fjárhag sjóðsins til nokkuð langs tíma litið við þau skilyrði, sem honum eru mörkuð með tillögum frumvarpsins. Ekki hefur tekist að ljúka þessu verki en að því er unnið og er þess að vænta að niðurstöður liggi fyrir á næstu vikum.

Þær tillögur frumvarpsins um breytingar á gildandi lögum, sem einkum skipta máli fyrir fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins næstu árin, varða tekjuöflun hans og eru þær tvíþættar. Annars vegar er lagt til, að bundið verði í lögum að sjóðurinn njóti framlags á fjárlögum ár hvert er verði ekki lægra en 40% af áætluðum útlánum á fjárlagaárinu. Hins vegar eru gerðar tillögur um lengingu lánstíma, en það getur haft áhrif á tekjur sjóðsins af veittum lánum næstu árin.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að fjár í Byggingarsjóð ríkisins skuli meðal annars aflað með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti og öðrum tilteknum sköttum svo og með árlegum framlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Í lögunum er ekki tiltekið hversu mikil þessi framlög skuli vera. Í áður gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30/1970 var á hinn bóginn kveðið á um, að tekjur af launaskatti skyldu ganga til Byggingarsjóðs ríkisins. Launaskattur var fyrst upp tekinn á árinu 1964 og var þá 1% og rann allur til sjóðsins, en á árinu 1974 var launaskattur í sjóðinn hækkaður í 2%. Sjóðurinn naut einnig tekna af byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum.

Í upphafi síðastliðins áratugar svaraði framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins til 45—50% af ráðstöfunarfé hans. Hlutfallið lækkaði í 40% árið 1973 en hækkaði aftur með

hækkun launaskattsins og var um 50% á árunum 1976—78. Árin 1979 og 1980 voru skatttekjur sjóðsins skertar samkvæmt heimildum í lánsfjárlögum en eftir gildistöku laga nr. 51/1980 varð framlag ríkissjóðs óbundið og ákveðið á fjárlögum. Við skerðinguna 1979 lækkaði framlag ríkissjóðs sem hlutfall af ráðstöfunarfé sjóðsins úr 49% 1978 í 39% og þetta hlutfall varð síðan 34% 1980, 16% 1981 og 19,5% 1982. Áætlað er að framlagið nemi 26—27% af ráðstöfunarfé á þessu ári og er þá ekki tekið tillit til áformaðra, sérstakra og afturvirkra hækkana á útlánum áranna 1982 og 1983.

Minnkun framlags ríkissjóðs til Byggingarsjóðs hefur aðeins að litlu leyti verið mætt með aukningu tekna af eigin fé. Árin 1975—1978 var um 14—15% af ráðstöfunarfé sjóðsins af eigin fé hans, nettó, þ. e. af innkomnum afborgunum, vöxtum og verðbótum af veittum lánum að frádregnum greiddum afborgunum, vöxtum og verðbótum af teknum lánum. Tekjur af eigin fé jukust hins vegar um fjórðung að raungildi árin 1979—1981. Ráðstöfunarfé og útlán Byggingarsjóðs drógust mikið saman að raungildi milli áranna 1981 og 1982 (ráðstöfunarfé um 26% og útlán um 12%) og hlutfall eiginfjártekna af ráðstöfunarfé hækkaði því í 21,5% þrátt fyrir 12% samdrátt að raungildi. Árið 1983 er áætlað að tekjur af eigin fé aukist um 15% í krónum en það svarar til þriðjungs samdráttar að raungildi. Skýringin á aukningu tekna af eigin fé árin 1979—1981 er hin mikla breyting á lánskjörum, sem varð á árunum næstu á undan. Árið 1974 var farið að verðtryggja lán Byggingarsjóðs að hluta. Upphaflega voru lánin verðtryggð að 3/10, en hlutfallið var hækkað í 4/10 af veittum lánum frá miðju ári 1975 og í 6/10 árið 1978. Nafnvextir þessara lána voru upphaflega 5,25% að meðtalinni 0,25% þóknun til veðdeildar Landsbanka Íslands en voru hækkaðir í áföngum í 9,75% árið 1978 og verkaði sú hækkun á lán veitt frá árinu 1974. Til frekari skýringar má nefna, að venjuleg byggingarlán til 26 ára, veitt á tímabilinu frá miðju ári 1974 til jafnlengdar 1975, eru verðtryggð að 3/10 og bera 9,75% nafnvexti, en meðalraunvextir þessara kjara yfir allan lánstímann eru um ½% í 30—40% verðbólgu. Lán til 26 ára, veitt á tímabilinu frá miðju ári 1975 til 1. maí 1978, eru verðtryggð að 4/10 og bera 9,75% nafnvexti og bera á sömu forsendum jákvæða meðalraunvexti sem nema um 2½%, en 26 ára lánin, sem veitt voru frá 1. maí 1978 til miðs árs 1979 og eru verðtryggð að 6/10, bera raunvexti, sem eru að meðaltali 5—5½% á ári yfir allan lánstímann, miðað við 30—40% árlega verðbólgu. Frá 1. júlí 1979 var hins vegar farið að verðtryggja lánin að fullu miðað við byggingarvísitölu og nafnvextir ákveðnir 2% auk 0,25% þóknunar. Frá vori 1982 hafa veitt nýbyggingarlán verið verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu en vextir eru hinir sömu, en lánskjaravísitalan var raunar tekin upp gagnvart nýjum lánaflokkum eftir gildistöku laga nr. 51/1980.

Hin mikla hækkun raunvaxta, sem varð með upptöku verðtryggingar lána árið 1974, breytingar verðtryggingarhlutfallsins 1975 og einkum þó 1978 og hækkun nafnvaxta á þessu tímabili, hlaut að laga stöðu sjóðsins til muna en áður hafði sjóðurinn búið við neikvæðan vaxtamun á veittum lánum og teknum lánum. Vaxtalækkunin 1979 veikti stöðu sjóðsins og skapaði neikvæðan vaxtamun á ný. Fram til ársins 1973 var Atvinnuleysistryggingasjóður helsti lánveitandi Byggingarsjóðs, en frá og með árinu 1974 hefur hann tekið meiri hluta lána sinna hjá lífeyrissjóðum og lántökur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hafa minnkað úr því að vera fimmtungur af ráðstöfunarfé 1971 í 10% síðastliðin tvö ár. Frá upphafi hafa lán tekin hjá Atvinnuleysistryggingasjóði verið með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og nýbyggingarlán Byggingarsjóðs til einstaklinga. Skuldabréf þau sem lífeyrissjóðirnir hafa keypt, hafa hins vegar verið til 15 ára, fullverðtryggð og borið 3,25—5% ársvexti. Vextirnir voru 5% árið 1974, en á skuldabréfum sem keypt voru frá miðju ári 1975 til jafnlengdar 1980 eru vextirnir 4%, síðan voru þeir lækkaðir í 3,25% en hækkaðir á ný í 3,5% í mars 1982. Nú býr Byggingarsjóður ríkisins því aðeins við hagstæðan vaxtamun gagnvart lífeyrissjóðum af lánum veittum tímabilið 1. maí 1978 til 1. júlí 1979, en munur kjaranna á veittum og teknum lánum fyrir og eftir þann tíma er Byggingarsjóði afar óhagstæður. Þetta skýrir hvort tveggja, vaxandi tekjur af eigin fé árin 1979—1981 og þá lækkun sem verður frá og með árinu 1982.

Önnur skýring á samdrætti eiginfjártekna, nettó, er hin mikla aukning á lántökum Byggingarsjóðs frá og með árinu 1979 sem afleiðing af skerðingu ríkissjóðsframlagsins. Tekin lán (skyldusparnaður frátalinn) stóðu undir fjórðungi af ráðstöfunarfé árin 1977 og 1978, þriðjungi 1979, 40% 1980, 63% 1981 og 51% 1982. Árlegar lántökur sjóðsins jukust alls um 140% að raungildi frá árinu 1978 til ársins 1981, en urðu síðan 40% minni að raungildi 1982 en árið áður. Árið 1983 er áætlað að lántökur verði 5% minni að raungildi en árið 1982 ef ekki er tekið tillit til þeirra sérstöku og afturvirku hækkana útlána, sem nú hafa verið ákveðnar.

Til þess að ljúka þeirri lýsingu á fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, sem hér hefur verið gefin, er rétt að geta fjáröflunar af skyldusparnaði. Skyldusparnaður, nettó, þ. e. innkomið skyldusparnaðarfé að frádregnum greiddum afborgunum, vöxtum og verðbótum, hefur verið afar breytilegur frá einu ári til annars. Síðastliðin sex ár hefur hann yfirleitt numið 8—13% af ráðstöfunarfé. Árið 1982 nam skyldusparnaður, nettó, 29 milljónum króna eða 8% af ráðstöfunarfé en er áætlaður lækka mjög mikið á árinu 1983.

Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að í lögunum verði framlag ríkissjóðs ákveðið að lágmarki 40% af áætluðum útlánum ár hvert. Þetta hlutfall er lægra en það var yfirleitt á áttunda áratugnum en mun hærra en það hefur verið árin 1980—1983. Ljóst er, að sú aukning á framlagi ríkissjóðs, sem í þessu felst, miðað við síðastliðin fjögur ár, hefur mjög hagstæð áhrif á stöðu Byggingarsjóðs. Á hinn bóginn benda þær tölur um fjármögnun sjóðsins, sem hér hafa verið raktar, til þess að framvindan árin 1980—1983 hafi verið sjóðnum afar óhagstæð og er líklegt að þess muni gæta um alllangan tíma. Því er óvíst, að það framlag, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum til að lágmarki, sé nægilegt til þess að koma sjóðnum á réttan kjöl á ný. Til þess kann að þurfa meira fé, enda hlýtur viðreisn sjóðsins að vera eitt meginmarkmið fyrir ákvarðanir um þau skilyrði sem sjóðnum verða búin næstu árin. Til lengri tíma litið ætti það að vera keppikefli, að sjóðurinn byggist upp og verði þess smám saman megnugur að standa undir auknum lánveitingum til húsnæðisöflunar almennings.

Eitt meginvandamálið við starfsemi Byggingarsjóðs nú er hinn miklu munur sem er á kjörum veittra lána úr sjóðnum og þeirra lána, sem tekin eru hjá lífeyrissjóðunum. Nefna má, að á árinu 1983 er áætlað að veitt verði lán til nýbygginga að fjárhæð 285 milljónir króna en lántökur hjá lífeyrissjóðum eru áætlaðar nema 220 milljónum króna. Samkvæmt gildandi lögum eru nýbyggingarlán afborgunarlaus fyrsta árið og bera þá aðeins vexti, sem nema 2% til Byggingarsjóðs. Reiknað á föstu verðlagi ættu tekjur sjóðsins af þeim nýbyggingarlánum sem veitt hafa verið á þessu ári að nema 5,7 milljónum króna árið 1984 en heildargreiðsla af þessum lánum yrði 14,6 milljónir króna árið 1985 og síðar. Greiðslur af 220 milljón króna lánum frá lífeyrissjóðum munu hins vegar nema 19,1 milljón króna á ári, eða þriðjungi hærri fjárhæð en árgreiðslan af 285 milljón króna veittum lánum. Ljóst sýnist, að ekki gengur til lengdar að ⅔ útlána sjóðsins séu fjármagnaðir með lífeyrissjóðslánum við þann vaxtamun sem hér um ræðir. Hvort tveggja er því nauðsynlegt, að stefnt verði að því að sjóðurinn styðjist í minna mæli en undanfarin ár við lántökur sem þessar og að kjör á veittum lánum og teknum verði endurskoðuð.

Í frumvarpi þessu eru gerðar þrenns konar tillögur, sem varða lánskjör. Í fyrsta lagi er lagt til að vextir veittra lána verði ákvarðaðir af ríkisstjórn en ekki fastbundnir í lögum eins og nú er, og jafnframt verði vextir á skuldabréfum breytilegir. Í öðru lagi verði lánstími lengdur, úr 26 árum í 31 ár hvað varðar nýbyggingarlán, en úr 16 árum í 21 ár hvað varðar flest önnur lán. Í þriðja lagi er lagt til, að lán verði afborgunarlaus í tvö ár í stað eins árs nú.

Í tveimur síðari liðunum, sem hér um ræðir, felst að lánskjör verði rýmkuð fyrir lántakendur en það hefur í för með sér skerðingu á árlegum tekjum sjóðsins af eigin fé. Sem dæmi má taka árgreiðslu af 620 þúsund króna nýbyggingarláni, en það er núverandi lánsfjárhæð samkvæmt öðrum staðli húsnæðismálastjórnar að viðbættri 50% hækkun, sem

ríkisstjórnin hefur ákveðið að taki gildi frá áramótum. Árgreiðsla af því láni (að frátalinni 0,25% þóknun) nemur samkvæmt gildandi lögum um 31 750 krónum en lækkaði í um það bil 28 400 krónur eða um 10% við það að lánstími væri lengdur um 5 ár, en vextir héldust óbreyttir. Munurinn yrði mestur á öðru ári hvers láns, eftir tillögum frumvarpsins um tveggja ára afborgunarlaust tímabil, því í stað venjulegrar árgreiðslu koma 12 400 króna vextir. Væru vextir hins vegar hækkaðir í 3% á ári, svo dæmi sé tekið, næmi vaxtagreiðsla af þessu láni 18 600 krónum fyrstu tvö árin en eftir það yrði árgreiðsla af láninu um 32 300 krónur. Ýmis rök hníga að því að lengja þann tíma eftir lánveitingu sem lán eru afborgunarlaus, svo og því að æskilegt sé að dreifa afborgunum yfir langt tímabil. Á hinn bóginn má sú rýmkun lánskjara, sem felst í tillögum frumvarpsins um þetta efni, ekki verða til þess að rýra tekjur Byggingarsjóðs óhóflega og tefja þannig fyrir nauðsynlegri uppbyggingu hans. Því kann að vera nauðsynlegt að hækka vexti af lánum sjóðsins, að minnsta kosti um sinn, meðan á þeirri uppbyggingu stendur. Áhersla skal á það lögð að í þeirri könnun á fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins, sem lokið verður við á næstunni, verður meðal annars fjallað um áhrif þeirra tillagna um breytingar á lánskjörum svo og um áhrif mishárra vaxta á fjárhag Byggingarsjóðs.

Áhrif lánskjarabreytinganna á hag lántakenda má sjá af eftirfarandi yfirliti um vaxtagreiðslur og árgreiðslur af 620 þúsund króna láni eftir gildandi lögum og eftir tillögum frumvarpsins miðað við mismunandi ársvexti.

Lánstími	**26 ár**	**31 ár**			
Ársvextir	2,25%	2,25%	2,50%	2,75%	3,0%
Greiðslur í krónum					
Á 1. ári	13 950	13 950	15 500	17 050	18 600
Á 2. ári	32 696	13 950	15 500	17 050	18 600
Á 3. ári og síðar	32 696	29,339	30 313	31 303	32 311
Greiðslubyrði:					
á ársfjórðungi	8 174	7 335	7 578	7 826	8 078
á mánuði	2 725	2 445	2 526	2 609	2 693

Greiðsluyfirlit Byggingarsjóðs ríkisins 1977—1982.

	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Í milljónum króna á verðlagi hvers árs						
1. Eigið framlag, nettó	8,5	12,8	23,8	34,9	55,7	76,8
2. Skyldusparnaður, nettó	5,5	10,7	20,4	18,2	9,7	29,3
3. Framlag ríkissjóðs	31,2	45,1	61,0	71,3	48,8	69,7
4. Tekin lán	15,7	23,4	50,7	86,7	195,4	181,3
5. Uppruni = ráðstöfun	60,9	91,9	155,9	211,2	309,6	357,1
6. Útlán	61,6	89,5	149,4	215,5	287,3	393,1
7. Sjóðbreyting	−0,7	2,4	6,5	−4,3	22,3	−36,0
Hlutföll tekna af ráðstöfunarfé						
1. Eigið framlag, nettó	13,9	13,9	15,3	16,5	18,0	21,5
2. Skyldusparnaður, nettó	9,1	11,6	13,1	8,6	3,1	8,2
3. Framlag ríkissjóðs	51,2	49,0	39,1	33,8	15,8	19,5
4. Tekin lán	25,8	25,5	32,5	41,1	63,1	50,8
5. Ráðstöfunarfé	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Byggingarlán íbúðalánasjóða 1977—1982.

Lán önnur en til kaupa á eldri íbúðum.

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Byggingarsjóður ríkisins	56,5	75,2	113,9	168,5	214,6	287,6
Byggingarsjóður verkamanna	3,3	6,4	11,4	15,4	81,0	180,3
Stofnlánadeild landbúnaðarins	2,4	3,1	0,7	0,1	.	.
Alls	62,2	84,7	126,0	184,0	295,6	467,9
Magnvísitölur						
Byggingarsjóður ríkisins	100,0	90,2	92,9	88,4	74,3	63,7
Byggingarsjóður verkamanna	100,0	131,8	159,6	138,6	481,5	686,2
Byggingarlán alls	100,0	92,4	93,4	87,7	93,1	94,3

Aths: Magnvísitölur eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar.

Útlán Byggingarsjóðs ríkisins 1977—1982.

Milljónir króna á verðlagi hvers árs.

	1977	1978	1979	1980	1981	1982
1. Til kaupa eldri íbúða	4,9	14,3	35,4	47,1	72,7	105,4
2. Nýbyggingarlán til einstaklinga	37,1	49,7	66,7	95,5	119,6	159,0
3. Önnur byggingarlán	19,6	25,5	47,2	72,9	95,1	128,6
a. Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	(7,2)	(12,4)	(21,6)	(39,9)	(52,6)	(42,2)
b. Íbúðir eða heimili fyrir aldraða og öryrkja, dagv.stofnanir	(2,3)	(3,5)	(3,6)	(3,3)	(10,0)	(14,8)
c. Verkamannabústaðir	(3,9)	(0,6)	(4,1)	(10,5)	(0,2)	(—)
d. Ýmsir framkvæmdaaðilar o. fl.	(6,0)	(6,8)	(13,0)	(13,7)	(14,5)	(32,0)
e. Framkvæmdanefndaríbúðir	.	(1,6)	(4,2)	(3,4)	.	(—)
f. Til útrýmingar heilsu-spillandi húsnæði	(0,2)	(0,6)	(0,7)	(2,1)	(2,4)	(3,1)
g. Til orkusparandi breytinga	.	.	.	.	(4,3)	(6,0)
h. Viðbyggingar og endurbætur	.	.	.	.	(9,5)	(27,0)
i. Til einstaklinga með sérþarfir	.	.	.	.	(1,7)	(3,5)
Samtals	61,6	89,5	149,3	215,5	287,3	393,1
Magnvísitala	100,0	98,7	112,0	103,9	91,5	80,2
Þar af byggingarlán	56,6	75,2	113,9	168,5	214,6	287,6
Magnvísitala	100,0	90,2	92,9	88,4	74,3	63,7

Magnvísitölur eru reiknaðar miðað við vísitölu byggingarkostnaðar.

Byggingarsjóður ríkisins.

Hreyfing skyldusparnaðar 1979/október 1983 á verðlagi hvers árs.

	Nettó m. kr.				
	1979	1980	1981	1982	1983
Janúar	2,2	3,1	3,6	−3,9	−11,5
Febrúar	−4,7	−8,7	−2,1	−3,4	−10,5
Mars	0,3	−1,1	1,0	0,8	−4,3
Apríl	0,6	0,8	−3,3	0,8	3,6
Maí	1,0	0,8	−11,6	2,0	1,7
Júní	2,1	3,7	−1,4	4,7	8,9
Júlí	3,5	3,9	7,2	9,4	19,2
Ágúst	4,2	5,2	9,9	12,7	17,6
September	3,1	3,3	4,3	7,7	2,5
Október	2,3	0,2	−5,2	−3,7	−19,2
Nóvember	1,1	0,9	−0,6	2,5	
Desember	4,7	6,1	7,9	−0,3	
Samtals	20,4	18,2	9,7	29,3	8,0 (10 mán.)
Brúttó:					
Inn	59,9	84,8	139,4	212,3	366,5
Út	38,5	66,6	129,7	183,0	358,5

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

II. KAFLI

Um 2. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt að öðru leyti en því að 3. mgr. er felld niður enda óþörf.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um kjör endurskoðenda. Telur nefndin eðlilegt að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur til að gegna því starfi og er það í samræmi við kjör endurskoðenda annarra ríkisstofnana þar sem Alþingi kýs yfirstjórn þeirra. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

III. KAFLI

III. kafli frumvarpsins, sem fjallar um Byggingarsjóð ríkisins, er byggður upp á sama hátt og III. kafli gildandi laga. Í frumvarpinu eru þó teknar upp millifyrirsagnir til að afmarka einstakar greinar frv. sem fjalla um tiltekna lánaflokka. Er þetta gert til að auðvelda lestur laganna og gera þau skýrari.

Um 8. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í gildandi lögum eru tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins tilgreindir í 1.—5. tl. 9. gr. Í 2. tl. er kveðið á um árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum af tekju- og eignaskatti og aðflutningsgjöldum. Í frumvarpinu eru ákvæðin um markaða tekjustofna felld niður, en árlegt framlag ríkissjóðs miðað við ákveðið hlutfall af samþykktri útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins fyrir viðkomandi ár. Í frumvarpinu er þetta hlutfall ákveðið eigi lægra en 40%.

Aðrir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins eru óbreyttir frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Í 11. gr. gildandi laga eru taldir upp lánaflokkar Byggingarsjóðs ríkisins í 9 liðum. Í frumvarpinu eru gerðar þrjár breytingar við gildandi ákvæði.

Skv. 3. tl. gildandi laga er m. a. lánað til bygginga íbúða fyrir aldraða. Í þessu frumvarpi verða þessar íbúðir skilgreindar sem leiguíbúðir aldraðra. Ef um söluíbúðir er að ræða er lánað skv. 1. tl. Í 6. tl. frumvarpsins er fellt niður orðið „viðbótarlán“ í sama tl. gildandi laga. Er þetta gert þar sem einstaklingar með sérþarfir fá lán skv. þessum lánaflokki til endurbóta á gömlu húsnæði þótt ekki sé um kaup eða byggingu að ræða. Ef um slíkt er að ræða þá er heimilt að lán skv. þessum tl. komi til viðbótar lánum skv. 1. og 2. tl. þessarar greinar.

Í 9. tl. greinarinnar í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við orðinu „viðurkenndur“ en með því er átt við að þeir framkvæmdaaðilar, sem teljast lánshæfir skv. ákvæði þessu skuli hafa hlotið viðurkenningu húsnæðismálastjórnar.

Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Grein þessi er umorðun 12. og 14. gr. gildandi laga og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. gr. gildandi laga er tekið fram að óheimilt sé að veita nýbyggingarlán ef högum umsækjanda er þannig háttað að:

a) umsækjandi eigi íbúð sem ekki er fyrirhugað að selja
b) umsækjanda hafi brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar
c) umsækjandi byggi fleiri en eina íbúð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að greiða fyrir byggingu leiguíbúða og eru því 1. og 3. tl. 2. mgr. 13. gr. gildandi laga felldir brott. Hins vegar þykir rétt að setja þau skilyrði fyrir lánum til bygginga leiguíbúða að standi lántakandi ekki við skuldbindingar sínar um að leigja viðkomandi íbúð eða íbúðir fellur lánið í gjalddaga.

Þótt 2. tl. 2. mgr. 13. gr. gildandi laga sé felldur brott úr frv. er ekki ætlunin að þeim sem brotið hafa gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar sé veitt lán og er óþarfi að taka það fram í lögum.

Þá er lánstími þessara lána lengdur úr 26 árum í allt að 31 ár.

Um 14. gr.

Grein þessi er 15. og 16. gr. gildandi laga með nokkrum breytingum. Í frumvarpinu er ekki gerður greinarmunur á því hvaða aðilar geta fengið lán til kaupa á notuðum íbúðum en skv. gildandi lögum eru þau lán einungis veitt einstaklingum og sveitarfélögum. Þá er lagt til að sú mikilvæga breyting verði gerð að lán sem veitt eru skv. þessari grein að viðbættum uppfærðum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins nemi aldrei hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma. Skv. gildandi lögum er ekkert þak á heildarfjárhæð G-lána sem mega hvíla á einni íbúð og eru dæmi þess að slík lán uppfærð nemi hærri fjárhæð en nýbyggingarlán. Slíkt er með öllu ótækt og er girt fyrir slíkt í frv. Þá er lánstími þessara lána lengdur úr 16 árum í allt að 21 ár.

Um 15. gr.

Grein þessi er 17. gr. gildandi laga með breytingum og nýmælum. Í gildandi lögum eru lánin veitt til sveitarfélaga, stofnana á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtaka. Skv. frv. er ekki gerður greinarmunur á þeim sem geta fengið þessi lán.

Skv. frv. er gert ráð fyrir því að lánað sé til bygginga leiguíbúða handa öldruðum eftir þessari grein. Ef um er að ræða söluíbúðir ætlaðar öldruðum verður lánað til bygginga þeirra eftir 1. tl. 11. gr. frv. eins og verið hefur.

Þá er í greininni það nýmæli að greitt er fyrir því að fá aukið fé til bygginga aldraðra. Þetta er í fyrsta lagi gert með því að heimila hlutaeign þeirra sem fá íbúðarnar til afnota og í öðru lagi með því að heimila sölu á skuldabréfum til þeirra sem þarfnast vistunar á stofnun og hafa nokkur fjárráð.

Þegar rætt er um hlutareign er átt við eignarform sem lítið er þekkt hér á landi en vel þekkt á hinum Norðurlöndunum. Þegar sveitarfélög eða sjálfseignarstofnanir byggja íbúðir, þar sem veitt er margvísleg þjónusta, geta þau selt einstaklingum, er þess æskja, tiltekinn eignarhluta í íbúð sem þeir fá til afnota gegn hóflegu gjaldi. Eignarhluta sinn fær kaupandi endurgreiddan ef hann flytur úr íbúðinni, auk þess sem hann endurgreiðist við andlát íbúðarhafa samkvæmt sérstökum samningi.

Sama gildir um skuldabréf sem aldrað fólk kaupir í dvalarheimilum þar sem það fær vistrými og félagslegt öryggi. Margt aldrað fólk á nokkra fjármuni eða jafnvel íbúð sem það vill selja og kaupa sér öryggi og þjónustu með þessum hætti. Rétt þykir að reyna þessa leið hér á landi til þess að flýta fyrir uppbyggingu íbúða og vistheimila aldraðra.

Jafnframt er talið æskilegt að setja takmörk fyrir ráðstöfun vistrýmis eða íbúða með skuldabréfasölu í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þess fólks sem þarfnast vistunar en ekki ræður yfir neinu fé.

Um 16. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 18. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að óheimilt verður að selja leiguíbúðir sem byggðar eru skv. greininni á meðan á þeim hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Um 17. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hér er lagt til að heimilt verði að stytta lánstímann úr 16 árum en skv. gildandi lögum er hann bundinn við 16 ár.

Um 18. gr.

Í gildandi lögum eru lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði bundin við einstaklinga og sveitarfélög. Í frv. er ekki gerður greinarmunur á því hvaða aðilar geta fengið þessi lán.

Einnig eru hér settar fyllri reglur en áður um lán til endurbóta á notuðu húsnæði og viðbyggingar þegar þetta tvennt fer saman.

Í gildandi lögum má ekki veita lán skv. 4. tl. 11. gr. út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði aðeins bundið við lán til endurbóta, ekki til viðbygginga.

Um 19. gr.

Í gildandi lögum eru þessi lán að jafnaði veitt gegn 2. veðrétti en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall af fasteignamati viðkomandi íbúðar. Í frv. er jafnframt heimilað að miða við tiltekið hlutfall af brunabótamati íbúðarinnar.

Þá er lánstími þessara lána lengdur úr 16 árum í allt að 21 ár.

Um 20. gr.

Grein þessi er umorðun 22. gr. og 23. gr. gildandi laga og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 21. gr.

Með greininni er felld niður krafan um bakábyrgð sveitarstjórna. Þetta er eðlilegt þar sem 1. veðréttur í viðkomandi íbúð á að nægja. Einnig er fellt niður ákvæði um vextina, sjá athugasemd um 30. gr.

Um 22. gr.

Í gildandi lögum geta þessi lán ekki orðið hærri en 70% af nýbyggingarláni. Nefndin telur að lán til endurbóta á notuðum íbúðum eigi ekki að vera hærri til sveitarfélaga en til einstaklinga.

Í gildandi lögum eru þessi lán veitt gegn veði í viðkomandi íbúð og með bakábyrgð sveitarstjórnar. Í frv. er heimilað að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats íbúðarinnar. Einnig er krafan um bakábyrgð sveitarstjórnar felld niður.

Í frv. er ákvæði um vextina fellt niður, sjá athugasemd um 30. gr.

Um 23. gr.

Fellt er niður orðið „viðbótarlán“ í frv. þar sem einstaklingar með sérþarfir fá einnig lán skv. þessari grein til endurbóta á eigin húsnæði, sjá nánar athugasemd um 11. gr.

Um 24. gr.

Í gildandi lögum mega þessi lán nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði. Nefndin telur eðlilegt að sett sé hámark hér eins og gert er þegar um er að ræða lán til endurbóta samkvæmt 4. tl. og 5. tl. 11. gr.

Í gildandi lögum eru þessi lán veitt gegn 2. veðrétti. Nú verður heimilt að taka lakari veðrétti en að ákveðnu hámarki.

Hér er gert ráð fyrir að lengja lánstímann í allt að 16 ár, en skv. gildandi lögum er hann bundinn við 11 ár.

Í frv. er gert ráð fyrir því að heimilt verði að fresta afborgunum af lánum lántaka sem orðinn er 70 ára eða er fatlaður, sé fjárhag hans þannig varið að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu.

Um 25. gr.

Í gildandi lögum er aðeins heimilt að veita einstaklingum þessi lán. Í frv. er ekki gerður greinarmunur á því hvaða aðilar geta fengið þessi lán.

Um 26. gr.

Í gildandi lögum mega þessi lán nema allt að 75% endurbótakostnaðar. Hér er gert ráð fyrir að þessi lán geti numið allt að 80% endurbótakostnaðar en þó aldrei hærri fjárhæð en 50% af nýbyggingarláni. Nefndin telur að þetta sé í samræmi við þær breytingar sem gerðar eru á lánum skv. 5. tl. og 6. tl. 11. gr.

Í gildandi lögum eru þessi lán veitt gegn 1. eða 2. veðrétti. Nú verður heimilt að taka lakari veðrétti en að ákveðnu hámarki.

Heimilt verður skv. frv. að lengja lánstímann í allt að 16 ár, en skv. gildandi lögum er hann bundinn við 11 ár.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 29. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir því að viðskiptabankarnir taki við því verkefni af Byggingarsjóði ríkisins að veita viðurkenndum framkvæmdaaðilum rekstrarlán á byggingartímanum, sjá nánar athugasemd um 11. gr. Húsnæðismálastjórn er heimilað að veita lán til kaupenda íbúðanna innan tiltekins tíma frá því að húsin eru fokheld. Nefndin telur að stefnt skuli að því að fella niður þennan lánaflokk þar sem skammtímalán eigi heima í bankakerfinu.

Um 30. gr.

Með þessari grein frv. er lagt til að ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði ekki bundin í lögum eins og nú er, heldur verði þeir ákveðnir af ríkisstjórn að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Í öðru lagi er lagt til að gjalddagar lána verði ekki bundnir við tiltekna daga ársins eins og nú er skv. gildandi lögum. Jafnframt verða lán skv. 1. tl. — 7. tl. 11. gr. afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Í gildandi lögum eru þau afborgunarlaus fyrsta árið.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 32. gr.

Skv. þessari grein verður heimilt að veita hærri lán til nýrra íbúða sem byggðar eru á lögbýlum. Jafnframt ákveður húsnæðismálastjórn staðalíbúðir fyrir þrjár mismunandi fjölskyldustærðir en þær eru fjórar í gildandi lögum.

IV. KAFLI

Um 33. gr.

Skv. gildandi lögum lánar Byggingarsjóður verkamanna sveitarfélögum til bygginga leiguíbúða. Hér verður einnig gert ráð fyrir að lánað verði til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir handa félagsmönnum sínum eða öðrum sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þá m. a. höfð í huga mikil þörf námsfólks á leiguhúsnæði. Lítið

hefur verið byggt af leiguíbúðum hér á landi um margra ára skeið. Á öllum þéttbýlisstöðum er þó ætíð brýn þörf á fleiri eða færri leiguíbúðum og er því hér opnuð leið til þess að lána til slíkra bygginga.

Um 34. gr.

Í 37. grein í gildandi lögum er kveðið á um fjáröflun til Byggingarsjóðs verkamanna. Framlag íbúðarkaupenda í heildarverði íbúða, kemur aldrei inn sem tekjur sjóðsins, því er hér lagt til að fella niður e-lið greinarinnar.

Um 35. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 38. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 37. gr.

Skv. gildandi lögum eiga stjórnir verkamannabústaða á hverjum stað skilyrðislaust að gangast fyrir könnun í upphafi kjörtímabilsins á byggingarþörf fyrir verkamannabústaði í sveitarfélaginu. Þessi binding í upphafi kjörtímabilsins þótti óþarflega afmörkuð, því er hér lagt til að rýmka þessa kvöð nokkuð.

Um 38. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um hvernig bregðast eigi við ef umsóknir um lán verða fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári. Hér er gert ráð fyrir hvernig snúast eigi við þeim vanda. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um hvernig með skuli fara ef bílskúr eða bílskýli eru byggð samhliða íbúðum. Því eru nú sett skýr ákvæði um að óheimilt sé að lána til byggingar bílskúra eða bílskýla enda er lánshlutfall til íbúða í verkamannabústöðum það hátt að ekki er talið fært að láta lánið ná til kostnaðarauka við bílskúra eða bílskýli. Sama gildir við endursölu á íbúðum í verkamannabústöðum, en þó er nauðsynlegt að tryggja að bílskúr eða bílskýli sem byggð hafa verið fylgi íbúðinni við sölu. Skal það metið sérstaklega og getur seljandi ekki vænst þess að fá þá eign sína staðgreidda eins og í íbúðinni.

Um 40. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Engar efnislegar breytingar eru gerðar frá gildandi lögum, aðeins settar inn réttar viðmiðunartölur varðandi tekjumörk.

Um 45. gr.

Í gildandi lögum kemur ekki fram hvenær á byggingartíma skal auglýsa eftir umsóknum um íbúð. Með ákvæðum í greininni er að því stefnt að stjórn verkamannabústaða úthluti íbúðum þegar á byrjunarstigi framkvæmda til þess að kaupendum íbúðanna gefist lengri tími til þess að greiða framlag sitt til byggingarinnar.

Um 46. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að greiðsla íbúðarkaupanda skuli fara fram í tveim hlutum. Með þeirri breytingu, sem hér er gerð, er þetta rýmkað í samræmi við ákvæði 45. gr. um lengri greiðslutíma. Einnig er sett nýtt ákvæði um hvernig endurgreiðslu skuli háttað ef réttur til íbúðar fellur niður.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Í gildandi lögum eru tvö ákvæði um veðsetningu. Í fyrsta lagi er óheimilt að veðsetja íbúð fyrstu 15 árin fyrir öðrum lánum en úr Byggingarsjóði verkamanna. Í öðru lagi er ákvæði um 75% hámark eftir 15 ára eignartíma. Skv. frv. verður nú heimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánum. Þar sem sjóðurinn tekur 1. veðrétt telur nefndin það vera mál viðkomandi lánastofnunar hvort hún lánar gegn 2. veðrétti eða lakari. Jafnframt verður hér fellt niður ákvæði um 75% hámarkið.

Hér er einnig lagt til að tekin verði upp strangari viðurlög ef íbúð í verkamannabústöðum verður leigð án samþykktar stjórnar verkamannabústaða.

Um 49. gr.

Í gildandi lögum er heimilt að lána allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði 80% en rétt þykir að hafa heimild til þess að veita 90% lán ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi að mati húsnæðismálastjórnar. Þá er í gildandi lögum ákvæði um fast framlag kaupanda íbúðar. Einnig er ákvæði um fasta vexti af lánum sjóðsins. Í lögunum er ekkert ákvæði um lántökugjöld eins og er í Byggingarsjóði ríkisins. Hér verður lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

Ákvæðið um að binda framlag kaupanda íbúðar við 10% af kostnaðarverði er fellt niður. Það getur oft verið meira þó heimilt sé að lána allt að 80% af kostnaðarverði íbúða.

Fellt er niður ákvæðið um að binda vaxtaprósentu sjóðsins í lögum en í staðinn er sett sambærilegt ákvæði og um Byggingarsjóð ríkisins.

Taka skal lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins eins og gert er af lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Fellt er niður ákvæði um að binda gjalddaga lána við tiltekna daga.

Um 50. gr.

Í gildandi lögum eru skýlaus ákvæði um kaupskyldu sveitarfélaga fyrstu 30 árin eftir afsal. Einnig er íbúðareiganda óheimilt að selja íbúð á frjálsum markaði hversu lengi sem hann hefur átt viðkomandi íbúð nema því aðeins að sveitarfélag hafi áður hafnað forkaupsrétti.

Hér er lagt til að kaupskylda sveitarfélaga á íbúðum, sem byggðar eru skv. lögum nr. 51/1980, sé stytt úr 30 árum í 15 ár, en jafnframt haldist forkaupsréttur næstu 15 ár. Sveitarfélögin hafa lagt mikla áherslu á þessa breytingu. Jafnframt er lagt til að heimilt sé að selja íbúð í verkamannabústað á frjálsum markaði hafi hún verið í eign sama eiganda í 30 ár samfellt.

Um 51. gr.

Í meðferð mála skv. gildandi lögum hafa komið upp ýmsar spurningar og vafaatriði. Með þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði er leitast við að gera ákvæði um verðlagningu íbúða fyllri. Með breytingunum er verið að tryggja að þeir sem selja íbúðir í verkamannabústöðum fái verðbætur á það fé sem þeir lögðu í þær en engan söluhagnað. Hliðsjón er höfð af gildandi reglum um endursölu íbúða en tekið tillit til þeirra breytinga sem leiða af fullri verðtryggingu lána.

Síðasta málsgrein greinarinnar er nýmæli sem tekur tillit til aðstæðna sem til verða þegar íbúðarverð fylgir ekki öðrum verðlagsbreytingum. Þær aðstæður koma jafnan upp þegar erfiðleikar eru í atvinnulífi í einstökum byggðarlögum og fólki fækkar af þeim sökum. Í slíkum tilvikum er heimilað að taka aukaafskrift af íbúðum og jafnframt skal þá afskrifa í sama hlutfalli lán Byggingarsjóðs verkamanna.

Um 52. gr.

Hér er tekið upp ákvæði úr gildandi reglugerð en rétt þykir að taka upp samsvarandi ákvæði í frv.

Um 53. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 54. gr.

Sú breyting sem hér er lagt til að gerð sé á gildandi lögum er vegna breytinga á 33. gr. frv. og því nýja hlutverki Byggingarsjóðs verkamanna að veita lán til félagssamtaka og stofnana sem byggja leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr. jafnframt því að halda áfram að veita lán til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir skv. b-lið sömu gr. Þegar rætt er um félagssamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðila við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar sem myndað gætu samtök til þess að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn eða til leigu á almennum markaði. Þurfa þá slíkir aðilar að leggja fram fjármagn sem nemur mismun á veittum lánum Byggingarsjóðs verkamanna og heildarbyggingarkostnaði viðkomandi framkvæmda.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Engar efnislegar breytingar frá gildandi lögum að öðru leyti en því sem fram kemur í athugasemdum um 54. gr.

Um 58. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um að lána skuli 80% af kostnaðarverði staðalíbúða. Einnig er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum lán til bygginga leiguíbúða.

Hér verður lagt til að lánshlutfall verði allt að 80% af byggingarkostnaði en ekki 80% af byggingarkostnaði staðalíbúða, þar sem slík kostnaðarviðmiðun getur farið yfir raunverulegan byggingarkostnað þegar bornar eru saman ólíkar húsgerðir. Jafnframt nái þessi lán til fleiri aðila skv. ákvæðum 33. gr. frv.

Þá er tekið upp það nýmæli að heimila byggingaraðilum að selja leigutaka hlutaeign í þeirri íbúð sem hann fær til afnota með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu.

Þá er með þessari grein orðið við óskum um að lengja lánstíma þeirra lána sem veitt eru til leiguíbúða úr 15 árum í allt að 31 ár, en vextir verða ákveðnir af stjórnvöldum með sama hætti og af öðrum lánum byggingarsjóðanna.

Um 59. gr.

Skv. gildandi lögum geta aðeins sveitarfélög úthlutað leiguíbúðum. Með tilkomu c-liðar í 33. gr. frv. er sett ákvæði um ráðstöfun þeirra íbúða sem eftir þeim lið verða byggðar. Ástæða er til að undirstrika nauðsyn á setningu reglugerðar vegna ráðstöfunar og ákvörðunar á húsaleigu leiguíbúða.

Um 60. gr.

Í gildandi lögum er aðeins sveitarfélögum heimilt að kaupa notað húsnæði er notast síðan sem leiguhúsnæði. Hér er lagt til að gera öðrum aðilum mögulegt að kaupa notaðar íbúðir til rekstrar sem leiguíbúðir.

Um 61. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

V. KAFLI

Um 62. gr.

Efnislega er hér ekki gerð önnur breyting en sú, að skylda er lögð á stjórn verkamannabústaða að svara innan ákveðins tíma hvort forkaupsréttar skuli neytt. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis verður síðar að setja í reglugerð.

Um 63. gr.

Hér kemur fram sú grundvallarbreyting að endurgreiðsla til seljanda tekur mið af þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt í upphafi af kostnaðarverði íbúðarinnar, auk hlutfalls af upphaflegu láni Byggingarsjóðs verkamanna og/eða Byggingarsjóðs ríkisins til íbúðarinnar. Gert er ráð fyrir að mat á endurbótum og göllum íbúðar verði fyrst og fremst samkomulagsatriði milli seljanda og stjórnar verkamannabústaða. Má hiklaust gera ráð fyrir að á þann hátt verði yfirgnæfandi fjöldi endursölumála afgreiddur. Sú miðstýring, sem til þessa hefur verið við matið hefur ekki gefið góða raun og reynst tafsöm í framkvæmd.

Einnig er lögð sú skylda á stjórn verkamannabústaða að gera upp við seljanda innan 8 mánaða frá afhendingu íbúðar.

Loks er gert ráð fyrir því að íbúð geti losnað undan kvöðum laganna eftir 30 ára eignarhald sama manns, enda greiði hann upp eftirstöðvar áhvílandi lána. Eðlilegra þykir að miða við rétt eiganda til að fá kvaðalaust afsal, þegar þessu tímamarki er náð, fremur en að láta það bíða eftir því að eigandi óski eftir sölu.

Um 64. gr.

Hér er gerð sú grundvallarbreyting að láta stjórn verkamannabústaða það eftir að ákveða söluverð eldri íbúða innan þessa kerfis en hún taki mið af tilteknum atriðum. Með sama hætti og varðandi innkaup á íbúð getur stjórnin óskað eftir úrskurði eða áliti matsnefndar í þessu efni. Lán til íbúðar er hins vegar bundið við 80% söluverðs eða 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Er þetta sama regla og gildir um nýjar íbúðir. Ef Byggingarsjóður verkamanna hagnast við sölu íbúðar, sem kemur fyrir ef á íbúð hvíla óverðtryggð lán, þá skal sveitarstjórn losna undan skyldu til þess að greiða framlag til sjóðsins og jafnframt er opnuð heimild til þess að hluta hagnaðarins megi nota til þess að standa straum af kostnaði við meðferð endursölumála.

Um 65. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 68. gr. gildandi laga.

Um 66. gr.

Eðlilegt þykir að festa í lög starfssvið matsnefndar og er það gert mun þrengra en verið hefur til þessa.

VI. KAFLI

Þessi kafli er efnislega samhljóða gildandi lögum.

VII. KAFLI

Um 69. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 70. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 73. gr.

Gert er ráð fyrir að innheimta skyldusparnaðar verði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eða innlánsstofnunum sem hún semur við. Hugmyndir hafa komið fram um að Póstgíróstofan annist innheimtuna með svipuðum hætti og orlofsfé. Eins og málum er nú háttað virðist Póstgíróstofan ekki tilbúin að taka að sér innheimtuna. Nefndin telur því vænlegast að þessi innheimta verði áfram á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Um 74. gr.

Launagreiðendum er gert skylt að halda eftir af launum starfsmanna sinna skv. ákvæðum frv. og gerðir ábyrgir fyrir að skila þessu fé af hendi en nokkur misbrestur hefur verið á því að lögunum um skyldusparnað hafa verið framfylgt.

VIII. KAFLI

Þegar lög nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett vannst ekki tími til að endurskoða lög um byggingarsamvinnufélög, því er hér lagt til að taka nýjan kafla inn í lögin sem verður VIII. kafli og sem ber yfirskriftina Byggingarsamvinnufélög. Ekki er lagt til að þar séu gerðar neinar afgerandi breytingar frá gildandi lögum.

Um 75. gr.

Mjög litlar efnislegar breytingar eru gerðar á greininni frá gildandi lögum en þessi grein fjallar aðallega um tilgang byggingarsamvinnufélaga og þau verkefni sem þau geta tekist á hendur til þess að ná þeim tilgangi að byggja á hagkvæman hátt fyrir félagsmenn sína.

Um 76. gr.

Í gildandi lögum eru skýr ákvæði um stofnun byggingarsamvinnufélaga og skrásetningu þeirra og er ekki lögð til nein breyting þar á. Hins vegar er lagt til að inn komi ákvæði um

sameiningu byggingarsamvinnufélaga, en nú eru engin ákvæði þar um. Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli forsvarsmanna nokkurra helstu byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík um hugsanlega sameiningu félaganna í eitt félag. Við athugun hefur komið í ljós að nokkur vafi kann að leika á því hvernig slík sameining ætti fram að fara. Verið er að greiða fyrir sameiningu félaga án þess þó að dregið sé úr möguleikum almennra félagsmanna til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku.

Um 77. gr.

Helstu breytingar í þessari grein frá gildandi lögum eru:
Að felld er niður skylda félaganna til að ávaxta stofnsjóð félaganna í Byggingarsjóði ríkisins en félögum heimilað að ávaxta fé sitt í sínum viðskiptabanka.
Að ákvæði fyrri laga um sölu skuldabréfa til veðdeildar Landsbanka Íslands eru felld niður, enda óraunhæft við núverandi aðstæður. Fellur þá jafnframt niður réttur félagsmanna til viðbótarláns vegna greiðslu í stofnsjóð.

Um 78. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 79. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 80. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um takmörkun á því að geta selt réttindi sín til þess að byggja hjá byggingarsamvinnufélagi, er því lagt til að inn séu sett skýr ákvæði till að koma í veg fyrir slíkt.

Um 81. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

IX. KAFLI

Um 82. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 83. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 84. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í gildandi lögum er í 2. tl. ákvæða til bráðabirgða heimilaðar breytingar á eldri lánum til samræmis við þau lánskjör sem ákveðin eru í lögunum. Verulegir annmarkar eru á framkvæmd þessara breytinga, svo sem vegna öflunar veðleyfa o. fl. Er því lagt til að auðvelda leiðréttingar á þeim lánskjörum sem um er að ræða með því að heimila vaxtalækkun á þeim lánum sem reynast vera með óhagstæðari kjörum en þau lán sem nú eru veitt.

Að öðru leyti er lagt til að ákvæði til bráðabirgða, liðir 1., 3., 4., 5. og 6, verði felld niður þar sem þeirra er ekki talin þörf lengur.

Sþ. 159. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna.

Flm.: Helgi Seljan, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og semja löggjöf um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna. Skal í því sambandi haft náið samband við fjöldahreyfingar á þessu sviði, s. s. U. M. F. Í. og Í. S. Í.

Meðal áhersluatriða í löggjöf þessari skulu vera:

1. Sérstök rækt verði lögð við almenningsíþróttir og hvernig laða megi sem flesta til líkamsræktar.
2. Samstarf skóla og félagasamtaka um eflingu íþrótta verði stóraukið.
3. Hvers konar íþróttastarfsemi verði skipulega nýtt í þágu baráttunnar gegn vímuefnaneyslu.
4. Tekið verði upp ákveðnara og skipulegra form þess fjárhagsstuðnings sem hið opinbera veitir til íþróttastarfsemi.
5. Tryggð verði sem best nýting þess fjármagns sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar í því skyni að stórauka þátttöku almennings og þá ungs fólks alveg sérstaklega.

Greinargerð.

Gildi almennrar líkamsræktar og íþrótta dregur enginn í efa. Gildi þess félagsstarfs, sem unnið er á vegum fjöldahreyfinga þeirra sem þessi markmið hafa, er ótvírætt og óumdeilt. Gildi þess að gæða tómstundir sem flestra lífi og veita um leið hollustu og hreysti er gulls ígildi. Sú starfsemi, sem hefur allt þetta að inntaki og markmiði, er mikilvægur og snar þáttur í þjóðlífinu, hvetjandi og þroskandi í senn. Samfélagið hlýtur að taka þeirri starfsemi fagnandi og styðja hana með ráðum og dáð og tryggja um leið vöxt og viðgang þeirra fjöldahreyfinga sem beita kröftum sínum að hollri tómstundaiðkun, heilsusamlegri iðkun íþrótta og heilbrigðu félagsstarfi sem fyrst og síðast er unnið fyrir æsku landsins og þar með fyrir framtíðina.

Tillaga þessi beinist að skipulegri og öflugri stuðningi opinberra aðila við ungmenna- og íþróttahreyfinguna en nú er og bendir um leið á og undirstrikar þýðingu þess starfs sem unnið er og þau áhersluatriði sem helst þarf að hyggja að.

Kveikjan að tillöguflutningi þessum er að miklu komin frá erindi um skipulag æskulýðs- og íþróttastarfs sem Hermann Níelsson formaður U.Í.A. flutti á ráðstefnu á Hallormsstað í sumar. Þar benti hann réttilega á að allri stefnumörkun í þessum málum væri vægast sagt ábótavant og um margt stæði sú vöntun starfi og eflingu þessa starfs fyrir þrifum. Þegar flm. fóru að hugleiða þessa brýningu varð þeim fljótlega ljóst að erfitt yrði að skilgreina í tillöguformi helstu markmið og færustu leiðir til þess að ná því marki að skapa heildstæða mynd af viðfangsefninu og ná fram þeim áhersluatriðum sem mestu skipta. Áherslurnar eru mismunandi, einkum eftir því hvort keppnisíþróttir eru í fyrirrúmi eða almenn og virk þátttaka fjöldans er í öndvegi eða þá sem helst skyldi að hvort tveggja fengi sinn verðuga sess eftir þýðingu sinni.

Þau áhersluatriði, sem í tillögunni felast, eru engan veg tæmandi eða gefa nógu góða mynd af viðfangsefnum þeim sem við blasa. Flm. eru því opnir fyrir öllum nýjum hugmyndum og reikna enda með því, verði tillagan samþykkt, að þar komi margir að með ólík sjónarmið og áherslur sem reynt verði að samræma svo að til varanlegra heilla verði fyrir einhvern þýðingarmesta þátt uppeldis- og heilbrigðismála okkar, að ógleymdum þeim félagslega sem máske er sá veigamesti þegar allt er skoðað.

Flm. er það ljóst, að hér er um mikið vandaverk að ræða sem ekki verður hrist fram úr erminni. Sviðið er vítt og spannar marga ólíka þætti þar sem skilgreina þarf markmið og

leiðir og þá ekki síður hvernig stuðningur opinberra aðila verði sem öflugastur og komi að sem bestum notum, jafnt fyrir hreyfinguna í heild sem og hinn almenna þátttakanda.

Í kveðjuorðum Sigurjóns Bjarnasonar, framkvæmdastjóra U.Í.A. um mörg ár, er minnt á nokkur grundvallaratriði sem hér skulu tilfærð:

„Þrennt tel ég hins vegar að beri að leggja stóraukna áherzlu á:

Í fyrsta lagi *íþróttaiðkun almennings* sem ekki hefur keppni eða hámarksárangur að leiðarljósi. Þarna er fyrst og fremst þörf skipulagningar og áróðurs.“ Hann velur svo austfirsk dæmi þessu til sönnunar, en heldur svo áfram:

„Í öðru lagi ber að efla hvers konar æskulýðsstarf í félögunum, tryggja þar með framtíð hreyfingarinnar og leggja uppeldisstarfi þjóðar lið. Þetta er í raun megintilgangur hreyfingarinnar og þarna má hún í engu bregðast.

Í þriðja lagi þurfa félög og sambönd að huga betur að alhliða félags- og menningarstarfsemi. Í fámennari byggðarlögum er þetta sérstaklega brýnt og ég bendi fólki í þéttbýli eindregið á þá möguleika sem felast í því að efna til nýbreytni í starfi viðkomandi félaga.“

Hér talar sá sem um árabil hefur verið í forustu í þessum málum og hefur mörg s. l. ár unnið ótrúlegt afrek ásamt traustri liðssveit að þeim glæsilega árangri sem náðst hefur á sambandssvæðinu með hinni miklu virkni og meiri þátttöku en almennt gengur og gerist.

Öll áhersluatriði Sigurjóns eru með beinum eða óbeinum hætti inni í tillögu okkar, enda treysta flm. sér ekki til að gera betur. Við samningu þessarar tillögu hafa flm. m. a. haft í huga hin félagslegu og uppeldislegu áhrif og almenn heilbrigðis- og líkamsræktarmarkmið. Árangursrík barátta gegn vímuefnavá þeirri, sem nú steðjar að, stórfelldari en fyrr, verður ekki betur tryggð en með öflugu æskulýðs- og íþróttastarfi.

Félagslegt uppeldi æskunnar og aukin hæfni til að taka þátt í hvers konar félagsstarfi er mikilvægur þáttur í þroskaleit hvers og eins, og holl iðkun íþrótta við það félagsform, sem ungmenna- og íþróttahreyfingarnar byggja á, getur og á að vera einhver vænlegasti kosturinn að þessu markmiði. Fátt stuðlar betur að heilbrigði og hollum lífsvenjum en iðkun íþrótta og heilsuræktar af hóflegu kappi. Og ekki má gleyma þætti þess afreksfólks sem ber hróður lands og þjóðar út um lönd. Stuðningur við þessa starfsemi alla er góð fjárfesting sem skilar sér margfaldlega til baka og þann stuðning þarf að stórefla og skipuleggja. Að því meginmarkmiði stefnir þessi tillaga.

Til að fylla upp í þessa greinargerð okkar höfum við flm. ekki leitað víða fanga, en af nógu er að taka. Í skýrslu frá fjárhagsnefnd Í.S.Í. frá árinu 1981 er á það bent hversu litla eða enga umfjöllun íþróttir fá í stefnuskrám stjórnmálaflokkanna, og þar segir orðrétt:

„Stefnuleysi þeirra ber hins vegar vott um skilningsleysi og áhugaleysi sem er illþolandi á sama tíma og umræða um félagsmál færist sífellt í vöxt.“ Svo mörg voru þau orð og eiga mikinn rétt á sér. Meðal þeirra atriða sem höfundar skýrslunnar segja að nauðsyn beri til að stjórnmálaflokkarnir taki afstöðu til eru þessi:

„— *Hvernig skal byggja upp íþróttastarf í landinu?* (Hér á landi er venja fyrir því að íþróttahreyfingin sé mjög sjálfstæð gagnvart ríkisvaldi og héraðsstjórnum.)
— *Hvernig skal styrkja hið almenna íþróttastarf í landinu?*
— *Hvernig skal auka þátttöku hins almenna borgara í íþróttum og útiveru?*
— *Hver eiga tengsl hinnar frjálsu íþróttahreyfingar og skólakerfisins að vera* og hvernig skal staðið að fræðslu um íþróttir?
— *Hvaða stefnu skal fylgt í samskiptum á sviði íþrótta við aðrar þjóðir?*
— *Hvaða stöðu hafa íþróttir og útivera á meðal æskulýðsmála?*“

Síðar segir um hina mörgu þætti íþróttastarfsins:

„— Við endurhæfingu og þjálfun fatlaðra og þeirra, sem eru að ná sér eftir áföll, hafa íþróttir sífellt meir komið inn í myndina.
— Gildi hreyfingar og hóflegrar íþróttaiðkunar (trimm) fyrir innisetumenn er ótvírætt. Á það má benda að stór fyrirtæki erlendis reka góða íþróttaaðstöðu fyrir starfsfólk sitt, sérstaklega í þeim tilgangi að bæta heilsu þess.

— Á undanförnum árum hefur komið sífellt betur í ljós að íþróttir eru einhver heppilegasta tómstundaiðja unglinga. Yfirvöldum hefur gengið illa að finna verkefni handa þessum hópi eins og kunnugt er og hið svonefnda „unglingavandamál“ er vel þekkt.“

Í þessari sömu skýrslu er mjög rætt um samskipti hreyfingarinnar við fjölmiðla. Þar segir m. a.:

„Hefja verður markvissan áróður til þess að hefja íþróttir á æðri stall á þessum vettvangi. Þýðing íþrótta verður þá betur ljós og aukin athygli ráðamanna fylgir í kjölfarið.“

Freistandi væri í greinargerð að fara frekar út í þessa skýrslu, m. a. varðandi fjáröflunarþættina, en þess gefst kostur í framsögn.

Margt um stefnumörkunina í þessari skýrslu er mjög svo samhljóða þeim áherslu-atriðum sem við flm. erum með, en önnur taka eðlilega meira mið af fjárhagserfiðleikum og ráðum til beinna úrbóta, enda skýrslan unnin beint til þess.

Varðandi þá þætti látum við nægja að vísa í orð Sigurjóns Bjarnasonar fyrrv. framkvæmdastjóra U.Í.A. sem segir svo í bréfi:

„Hér er ekki bara þörf breytinga, heldur byltingar.

1. Í fyrsta lagi þarf að koma á heildarlöggjöf og reglum yfir lágmarksstuðning sveitarfélaga og ríkissjóðs við félög, héraðssambönd, sérsambönd og heildarsamtök.
2. Í öðru lagi þarf að veita hreyfingunni einkaleyfi á vissum fjáröflunarleiðum (getraunir eru skref í þessa átt) eða annarri starfsemi sem tengist íþróttum og gæti gefið arð (t. d. líkamsrækt).
3. Endurskoða þarf skattlagningu hreyfingarinnar, sérstaklega söluskatts. Í því sambandi skal bent á að síðan söluskattsprósenta varð svo svimandi há sem raun ber vitni er t. d. dansleikjahald ekki lengur arðbær starfsemi.
4. Svokallaðir kennslustyrkir, sem sáldrað er til flestra aðildarfélaga, eru smánarblettur sem þarf að fella inn í heildarskipulag, sbr. 1. lið.“

Allt þetta og miklu fleira mætti tíunda hér til að undirstrika nauðsyn stefnumörkunar og stuðningsaðgerða í kjölfarið.

Hins vegar kjósa flm. fremur að gera þessu máli betri skil í framsögn þó að öll aðalatriði hafi komið fram í tillögu og greinargerð.

Sþ. 160. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ: Þórðarson, Stefán Benediktsson, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Kristín S. Kvaran, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að koma nú þegar á fót níu manna samstarfshópi löggæslu- og tollgæslumanna er samræmi og skipuleggi aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna og endurskipuleggi allar rannsóknaraðferðir í fíknefnamálum.

Dómsmálaráðherra tilnefni formann samstarfshópsins, en að öðru leyti skulu aðilar tilnefndir af lögreglu- og tollgæsluyfirvöldum í helstu þéttbýliskjörnum landsins er nú starfa að ávana- og fíkniefnamálum.

Samstarfshópurinn vinni í nánu samstarfi við löggæslu- og tollgæslumenn í öðrum lögsagnarumdæmum og tollhöfnum út um allt land.

Samstarfshópurinn fái einnig það verkefni að gera tillögur um úrbætur á sviði toll- og löggæslu sem nauðsynlegar kunna að reynast til að fyrirbyggja dreifingu og innflutning fíkniefna. Niðurstöðum skal skila til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 1. mars n. k.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að bregðast á skjótvirkan hátt við þeirri alvarlegu meinsemd sem ólöglegur innflutningur og dreifing ávana- og fíkniefna er.

Allir þeir, sem gerst þekkja til, eru sammála um að fíkniefnaneysla fari hraðvaxandi hérlendis og að afleiðingarnar geti orðið ógnvekjandi og stórskaðlegar fyrir fjölda einstaklinga og þjóðfélagið í heild ef ekki verður brugðist við með skjótum hætti.

Að undanförnu hafa komið fram opinberlega ýmsar upplýsingar um aukningu á fíkniefnaneyslu hér á landi. Erfitt er að fara með nokkrar tölur í þessu sambandi, en samkvæmt riti, sem gefið var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í júní 1983 um kannanir á kannabisneyslu Íslendinga, kemur eftirfarandi í ljós í skyndikönnun sem gerð var í skólum landsins:

Af 1001, sem könnunin náði til, neyttu 222 á aldrinum 16—26 ára kannabis, eða 22.18%. Fram kemur að á þessum aldri í landinu séu 48 000 manns, og ef reiknað er með þessu hlutfalli neytenda í þeim hópi þá neyta 10 656 manns á þessum aldri kannabisefna.

Í sömu könnun kemur fram að á aldrinum 15—30 ára nota 225 manns, eða 19.75%, kannabis. Í þessum aldurshópi eru 67 383 manns í landinu og með sömu forsendum má áætla að 13 312 manns á aldrinum 15—30 ára neyti kannabisefna. (Sjá fylgiskjal 1 og 2.)

Fram hafa komið enn uggvænlegri tölur nýlega í fjölmiðlum, þ. e. að um 40—60% á aldrinum 16—30 ára neyti ávana- og fíkniefna í einhverri mynd, en ljóst er að erfitt er að sannreyna þær tölur.

Fleira mætti nefna. Fram hefur komið nýlega að 20—30% þeirra, sem leita sér lækningar á meðferðarstöðvum SÁÁ, gera það vegna langvarandi ofnotkunar á kannabisefnum eða öðrum sterkum eiturlyfjum.

Í ár hafa verið gerð upptæk 20 kg af kannabisefnum og um 600 gr af amfetamíni, en á árinu 1981 og 1982 um 8 kg hvort árið um sig af kannabisefnum og samtals liðlega 123 gr af amfetamíni.

Skiptar skoðanir eru um hve mikið sé í umferð af þessum eiturefnum. Þó ber öllum saman um að það, sem upptækt hefur verið gert, sé aðeins smábrot af því sem í umferð er. Þeir sem varkárastir eru tala um að allt frá hálfu tonni upp í eitt tonn sé í umferð. Aðrir nefna mun hærri tölur. Má í því sambandi benda á að í áður nefndu riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er reynt að áætla neysluna og komist að þeirri niðurstöðu að hún sé 2.9 tonn og er þá gengið út frá þeirri könnun sem gerð var í skólunum. (Sjá fylgiskjal 3.)

Hrikalegar afleiðingar stóraukinnar fíkniefnaneyslu ættu öllum að vera augljósar. Þær koma fram í stórauknum afbrotum og geta eyðilagt líf fjölda ungmenna. Reynsla nágrannaþjóða okkar í V-Evrópu talar skýru máli um þá uggvænlegu þróun sem hefur orðið á s. l. árum og komið hefur fram í margföldun afbrota, s. s. rána og manndrápa og ekki síður í fjölda þeirra sem vistaðir eru á sjúkrahúsum og meðferðarstofnunum vegna notkunar fíkniefna.

Það er ljóst að stjórnvöld hafa ekki tekið þessi mál nægjanlega föstum tökum. Á það bæði við um fyrirbyggjandi aðgerðir til að hefta innflutning og útbreiðslu fíkniefna og stóraukna fræðslu í skólum og fjölmiðlum landsins um skaðsemi efnanna. Einnig má benda á að meðferð fíkniefnasjúklinga og endurhæfingu þeirra er nokkuð ábótavant.

Þeir aðilar, sem þó hafa sinnt þessum málum, hafa unnið mikið og gott starf miðað við aðstöðu og starfslið. Má þar nefna sérstakan dómstól í ávana- og fíkniefnamálum sem komið var á fót 1973, fíkniefnadeild lögreglunnar og tollgæsluna.

Hjá fíkniefnadómstólnum hafa á árunum frá 1974 til ársloka 1978 verið tekin fyrir að meðaltali á ári um 160—170 mál, en frá 1979 til 1982 hafa um 250—260 mál verið tekin fyrir að meðaltali á ári.

Þrátt fyrir gott starf þeirra manna, sem að þessu hafa unnið, þarf, ef vel á að vera, að endurskipuleggja öll vinnubrögð toll- og löggæslu í þessum málum, svo sem rannsóknaraðferðir og eftirlit.

Eins og nú er hefur lögreglustjóraembættið í Reykjavík nokkra rannsóknarlögreglumenn og löglærðan fulltrúa sem sinna þessum verkefnum. Þá hefur tollgæslan í Reykjavík og rannsóknarlögreglan haft með þessi mál að gera, svo og ávana- og fíkniefnadómstóll eins og áður er getið. Önnur lögsagnarumdæmi í landinu hafa minna aðhafst í þessum málaflokki ef undan eru skildar aðgerðir tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og að einn lögreglumaður vinnur að þessum málum hjá bæjarfógetanum í Keflavík.

Til að reyna að ráða bót á þessu alvarlega vandamáli á ábyrgan og fljótvirkan hátt þarf að virkja menn í öllum lögsagnarumdæmum landsins með markvissum og skynsamlegum hætti. Til að ná þessu markmiði er í fyrsta lagi lagt til að dómsmálaráðherra sjái til þess að helstu lögreglu- og tollgæsluyfirvöld landsins leggi til menn sem vinni sameiginlega að því verkefni að skipuleggja samræmdar aðgerðir allra aðila til að koma í veg fyrir innflutning og dreifingu þessara efna. Mikilvægt er að í þennan starfshóp veljist eins og kostur er menn með reynslu eða sérþekkingu á þessu sviði. Forusta þessa samstarfshóps yrði í höndum þess aðila sem tilnefndur væri af dómsmálaráðherra. Sennilega hentar best að þessi samstarfshópur hefði aðsetur í Reykjavík og kæmi Lögreglustöðin í Reykjavík þar til greina.

Með stofnun þessa samstarfshóps er á engan hátt verið að leggja til að sú deild, sem nú sinnir þessum málum hjá lögreglustjóraembættinu, verði lögð niður. Samstarfshópurinn mundi að sjálfsögðu vinna í fullu samráði við þá deild og tollgæsluna. En samráð og samhæfing allra þeirra starfskrafta, sem þessum málum eiga að sinna, er eina ráðið til að stórauka eftirlitið og bæta starfsaðferðir svo að verulegur árangur náist í því að koma í veg fyrir að fíkniefni berist til landsins.

Þessi samstarfshópur yrði í öðru lagi að vinna í nánu samstarfi og samvinnu við löggæslu- og tollgæslumenn í öllum lögsagnarumdæmum og tollhöfnum út um land, allt eftir því sem þurfa þætti hverju sinni.

Þeir löggæslumenn, sem fengnir yrðu til þessara starfa frá ýmsum embættum, yrðu strax að fá raunhæfa og staðgóða þekkingu í rannsóknaraðferðum, efnagreiningu og áhrifum og afleiðingum þessara efna. Þetta verður að gera með námskeiðum um alla þætti ávana- og fíkniefnamála, auk þess sem afla verður þekkingar á starfsaðferðum erlendis.

Í þriðja lagi er lagt til að samstarfshópurinn geri tillögur til dómsmálaráðherra um úrbætur og breytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast, svo sem um stjórn, skipulag, tæknibúnað, þjálfun, hert viðurlög við brotum og fleira til að unnt sé að fyrirbyggja innflutning og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Stjórnvöld og allir þeir, sem þessum málum eiga að sinna hér á landi, verða að leggjast á eitt til að koma í veg fyrir að þessi þjóðfélagsmeinsemd fái búið um sig hér á landi meira en orðið er.

Fylgiskjöl 1—3: Úr Riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, 2/1983. Kannanir á áhrifum fíkniefnadóma 1980. Kannanir á kannabisneyslu Íslendinga. Hrafn Pálsson félagsfræðingur tók saman.


Fylgiskjal 1.

Skyndikönnun gerð í framhaldsskólum landsins.

Í jan. til apríl 1982.

Aldur	Úrtak	Konur	%	Karlar	%	Víns neyta	%	Konur	%	Karlar	%	Cannabis neyta	%	Örvandi lyfja neyta	%	Róandi lyfja neyta	%	Alls
13	4	1	50%	2	100%	3	75%	0		0		0		0		0		
14	16	5	71%	9	100%	14	87,5%	3	60%	0		3	19%	1	14%	0		(6,25%)
15	49	17	57%	17	89%	34	70%	1	3,3%	1	5,2%	2	4,1%	0		0		(0%)
16	138	59	81%	54	83%	113	82%	15	20,5%	14	21,5%	29	21%	4	5,5%	6	9%	(7,25%)
17	166	63	75%	82	100%	146	88%	14	16,7%	16	19,5%	30	18%	5	6%	6	7,5%	(6,6%)
18	186	79	81%	80	91%	158	85%	20	20%	22	25%	42	23%	6	6%	9	10%	(8%)
19	143	56	69%	69	90%	125	87%	23	28%	22	35%	45	31%	6	7%	9	15%	(10%)
20	92	35	81%	32	65%	67	73%	9	21%	14	29%	23	25%	0		1	2%	(1%)
21	62	30	100%	23	72%	53	85%	6	20%	5	16%	11	18%	5	17%	2	6%	(11%)
22	71	16	67%	47	100%	63	89%	5	21%	12	26%	17	24%	2	8%	2	4%	(6%)
23	48	23	97%	25	100%	47	98%	3	13%	3	12%	6	12%	0		0		
24	52	18	75%	27	96%	45	87%	3	12%	7	25%	10	19%	0		0		
25	28	10	91%	15	88%	25	89%	4	36%	2	12%	6	21%	0		1	6%	(3,5%)
26	17	7	100%	8	80%	15	88%	1	14%	0	0%	1	6%	0		0		
27	15	4	100%	11	100%	15	100%	0	0%	1	9%	1	7%	0		0		
28	4	2	100%	2	100%	4	100%	0		0		0		0		0		
29	5	1	50%	3	100%	4	80%	0		0		0		0		0		
30	2	1		1		2		0		0		0		0		0		
31	2	1		1		2		0		0		0		0		0		
32	3	1		2		3		0		0		0		0		0		
33	2	1		1		2		0		0		0		0		0		
34	0	0		0		0		0		0		0		0		0		
35–40	5	3		2		5		0		0		0		0		0		
45–50	3	0		1		1		0		0		0		0		0		
Fjöldi:	1113	432		515		947		107		119		226		29		36		

Fylgiskjal 2.



Fylgiskjal 3.

Hver er niðurstaðan af skyndikönnuninni?

Samkvæmt tölunum á síðu 20 [fylgiskjal 1] var miðað við bandarískan staðal sem tók til allra þar í landi, en við notum aðeins á vissum aldursbilum, t. d. 16 til 26 ára og 15 til 30 ára. Miðað er við marihuanagerð af kannabisefninu sem er það vægasta á markaðinum í heiminum, en lítið notað hér á landi. Mjög vægilega er í alla hluti farið í eftirfarandi dæmum, enda hlutverk þeirra að renna stoðum undir hugsanlega kannabisneyslu í landinu.

1. Á aldrinum 16 til 26 ára nota 222 (22,18%) af 1001 manni kannabis, eða 0,75 g á dag (þetta er lág tala, fundin út sem meðaltal þeirra sem reykja í ánetjan og niður í næstum ekkert). Á þessum aldri í landinu eru 48 000 manns og eru því 22.2% 10 656.
   ERGO: 10656×365×0,75=2917 kg eða 2,9 tonn.
2. Á aldrinum 15 til 30 ára nota 225 (19,75%) af 1113 kannabis. Í þessum aldurshópum eru 67 383 manns í landinu; 19.75%=13 312.
   ERGO: 13312×365×0,75=3 644 kg eða 3,6 tonn.

Greinilegt er að síðara dæmið er mjög villandi þar eð aðeins örfáir tóku þátt í könnuninni á aldrinum 27 til 30 ára og verður því að telja hið fyrra marktækara. Það nær líka yfir þann aldurshóp sem er líklegastur til að neyta kannabisefna. Frávik í sambærilegum könnunum samkv. W.H.O.[1]) eru álitin í mesta lagi 2%. Með því að gera eins lítið úr og hægt er tekst varla að koma neyslunni neðar í hópi 16 ára til 26 ára. Frávikin eru fólgin í óáreiðanleik úrtaka og þeirra er við verkefnið vinna. Í okkar tilviki væru það þá nemendur, kennarar og skólastjórar. Hvað nemendurna varðar var sleppt úr könnuninni úrlausnum 13 og 14 ára, bæði vegna fæðarinnar og svo greinilegs ungæðisháttar.

Kennarar og skólastjórar unnu allir verk sitt af stakri alúð og er aðeins í einu tilviki ástæða til að áætla nokkur frávik, þar eð allir nemendurnir voru nafngreindir, sem þátt tóku í könnuninni. Þegar könnun vegna lagabrota er á ferðinni má ekki ætla fólki of mikla sannsögli, ef nafna þess er getið og sent hinu opinbera (í þessu tilviki heilbrigðisráðuneytinu). Var hér um lítið úrtak að ræða og tillit tekið til þess.

Af 22 skólum, sem leitað var til, tóku aðeins 17 þátt í könnuninni. Einn skóli neitaði algerlega þátttöku.

Kannabisneyslan í Reykjavík reyndist samkv. könnuninni vera um 26% í ofangreindum aldurshópi en rösk 13% að jafnaði utan höfuðborgarinnar.

Í könnun um notkun vímuefna í framhaldsskólum í Reykjavík, sem nemendurnir Agnar Birgir Óskarsson og Karl Steinar Valsson gerðu sem sérstæðan áfanga í félagsfræði veturinn 1982—1983, kom í ljós að samkv. 15% úrtaki úr fimm framhaldsskólum í Reykjavík reyndust 14,16% neyta kannabisefna.

Þegar miðað er við önnur lönd, þá er þess að geta að þar eru niðurstöðutölur miðaðar við alla íbúa landanna, t. d. 16% í Kanada (1977), 18% á Indlandi (sama ár), 25% í Mexico (1978) og 11% í Bandaríkjunum 1980, en 7% 1982. Miðað við að aðeins 16 til 26 ára fólkið noti kannabis í okkar landi og aðeins það magn, sem upp kom í könnun okkar, þá neyta 4,6% þjóðarinnar kannabisefna. Enn er neyslan hér sennilega á uppleið og því tímabært að leggja á ráðin um hvernig bregðast skuli við þessum vágesti sem hefur komið ólöglega hingað til landsins.

1) W.H.O. (World Health Organization).

Nd. 161. Frumvarp til laga [126. mál]

um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað „39.—40.“ í 1. gr. VI. komi: 39.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist þannig:

Biskupi er heimilt að ráða tvo prestvígða menn til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur er biskupi heimilt, með samþykki ráðherra, að ráða fleiri prestvígða menn til starfa skv. þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samþykkt á Kirkjuþingi 1983 og hafði áður verið gerð samþykkt um þetta efni á aðalsafnaðarfundi Ofanleitissóknar og héraðsfundi Kjalarnesprófastsdæmis. Tillaga er þar með gerð um að annað prestsembættið í Vestmannaeyjum verði lagt niður, enda komi í stað þess eitt prestsembætti til viðbótar samkvæmt 2. mgr. 6. greinar laga um prestakallaskipun o. fl. nr. 35/1970 (starf „farprests“). Ekki verður því komið við í Vestmannaeyjum að nágrannaprestur gegni starfi sóknarprests í orlofi eða forföllum, en einnig mundi viðbótar farprestur nýtast á fleiri stöðum eftir ráðstöfun biskups og mundi létta á afleysingarþörf sem ekki hefur reynst unnt að leysa úr að fullu með þjónustu nágrannapresta og eins farprests. Sóknarpresturinn í Vestmannaeyjum er einnig samþykkur þessari lagabreytingu með ofangreindum fyrirvara. Hefur ekki verið í raun nema einn sóknarprestur í Vestmannaeyjum eftir Vestmannaeyjagosið.

Nd. 162. Frumvarp til laga [127. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita, skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum skv. ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1983 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrirfram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m. a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita samkv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám skv. þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr. sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta skv. sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess, að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 3. og 7. kafli Orkulaga nr. 58/1967.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrumvarp. Þar sagði í upphafi athugasemda:

„Frumvarp þetta hefur verið í undirbúningi á vegum iðnaðarráðuneytisins frá því árið 1979 og er nú flutt sem stjórnarfrumvarp. Aðilar að ríkisstjórninni hafa þó fyrirvara um afstöðu sína til einstakra greina frumvarpsins og ráðherrar sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni tilgreina sérstaklega fyrirvara við þau ákvæði frumvarpsins, sem fela í sér skerðingu eignarréttar. Í stjórnarsáttmála frá 8. febrúar 1980 er gert ráð fyrir, að sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita og ríkisstjórnin telur mikilvægt, m. a. vegna nauðsynlegra rannsókna á háhitasvæðum, að hið fyrsta verði kveðið á um þessi efni í löggjöf."

Hvati að undirbúningi málsins var m. a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978, þess efnis, að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Á tíma ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971—74 beitti Magnús Kjartansson þáverandi iðnaðarráðherra sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o. fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974—1976, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara, þar eð það tekur til alls jarðhita, hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ. e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga nr. 58/1967 um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og III., V. og VII. kafla orkulaga nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita" er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þ. á m. um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum Orkulaga verði haldið efnislega, að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítilsháttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara, auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita má nefna 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 29. gr. 3. mgr. jarðalaga nr. 65/1976 er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m. a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.“ (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meir og meir af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t. d. Ólafur Lárusson: Eignarréttur bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita, á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu Eignarréttur. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Ennfremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bága við eignarréttarvernd stjórnar-

skrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörku.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956 bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðanjarðar undir norsku landssvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins til olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðanjarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land.“

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann

hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum þar sem löggjafar nýtur hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist og benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967, er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri, mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita, sem finnst djúpt í jörðu niðri, að varðað geti bótum skv. stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum, má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981 um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981 um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrar. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga nr. 58/1967 þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin sem upp geta komið eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir sem vitnað er til skuli vera hinir sömu og starfa skv. ábúðarlögum nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga nr. 58/1967, með lítilsháttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við 5 ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti sem finnst utan fullkominna eignarlanda skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1983 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til skv. frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum sem nota jarðhita verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknarleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14. – 16. gr. orkulaga nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmda ákvarðanatöku um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna skv. greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 163. Frumvarp til laga [128. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað „1983“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1984.

2. gr.

Í stað „1983“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1984.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði framlengd til ársloka 1984. Upphæð gjaldsins verður áfram 19% og verður því skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Með lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku, þ. e. að greiða skyldi verðjöfnunargjaldið í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta og lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og hamla gegn óhóflegri hækkun gjaldskrár. Við stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið, að hluti gjaldsins skyldi renna til þess. Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti, og að raforkusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti.

Lög þessi voru sett til eins árs í senn en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, yfirtók Landsvirkjun 132 kV stofnlínukerfi landsins, svokallaðar byggðalínur, 1. janúar 1983. Samkvæmt samningnum selur Landsvirkjun raforku á sama verði á afhendingarstöðum stofnlínukerfisins. Með gerð þessa samnings hefur því verið stigið mikilvægt skref til að tryggja jöfnun á raforkukostnaði. Þannig hefur Orkubú Vestfjarða keypt raforkuna beint frá Landsvirkjun frá 1. janúar 1983 á heildsöluverði því, sem gildir nú um land allt. Mun þetta létta rekstur Orkubúsins, en fjárhagsstaða fyrirtækisins er enn afar erfið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að iðnaðarráðherra sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald, sem innheimt er hjá rafveitunni á árinu 1984.

Rafveita Siglufjarðar hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum undanfarin ár. Stafar þetta einkum af því, að ákvarðanir um virkjun Fljótaár hafa ekki reynst eins hagstæðar og vænst hafði verið, svo og ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins.

Á síðasta ári var gerð athugun á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom í ljós að hún var mjög slæm. Lánstími á lánum þeim, sem tekin höfðu verið, var m. a. of stuttur og lánskjör óhagstæð. Veitunni var útvegað lánsfé til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Á vegum ráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið að úttekt á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og fleiri orkufyrirtækja. Þá er unnið að athugun á verðlagningu raforku almennt. Ljóst er að taka þarf þau mál til gagngerrar endurskoðunar, en þar sem ekki mun vinnast tími til að koma slíkum breytingum í framkvæmd á skömmum tíma þykir rétt að framlengja núgildandi lög um verðjöfnunargjald af raforku óbreytt til ársloka 1984.

Um forsögu verðjöfnunargjaldsins og um frekari umfjöllun um það vísast að öðru leyti til greinargerðar með frumvarpi sama efnis, sem lagt var fyrir 105. löggjafarþingið 1982, þingskjal 66.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til, að heimild til að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku verði framlengd um eitt ár.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til, að verðjöfnunargjald af raforku verði 19%, og af því renni 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða, og að innheimta þess verði framlengd til ársloka 1984.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 164. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1) Í stað „27 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 140 kr.
2) Í stað „5 000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 25 500 kr.
3) Í stað „3 060 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 15 600 kr.
4) Í stað „660 kr.“ í 2. málsl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 3 370 kr.
5) Í stað orðanna „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi orð.a 127 500 kr. og 255 000 kr.
6) Í stað „100 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 500 kr.
7) Í stað „5 500 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 28 000 kr.

2. gr.

Í stað „7 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 36 000 kr.

3. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 23%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 350 kr.

5. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 6 000 kr. með fyrsta barni, en 9 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 12 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 6 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

6. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 51% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

7. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,95%.

8. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,95% af eignarskattsstofni.

9. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði **í heild hin sama** af tekjum **greiðsluárs** á árinu 1984 og á árinu 1983, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Skattalækkanir þær er ákveðnar voru með bráðabirgðalögum við valdatöku núverandi ríkisstjórnar haldast þannig áfram á næsta ári. Miðað er við að heildarálagning tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði hin sama og reiknað er með í fjárlagafrumvarpi.

Miðað við launaforsendur fjárlagafrumvarps er áætlað að meðaltekjur manna hækki um 20% milli áranna 1983 og 1984 og er því miðað við að nettóálagning tekjuskatts (að frádregnum nýttum persónuafslætti og barnabótum) hækki nákvæmlega í sama mæli, en um 21% að meðtalinni fjölgun gjaldenda. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimtur tekjuskattur árið 1984 verði (nettó) 1 885 m. kr. en samsvarandi upphæð 1983 er 1 475 m. kr. Er hér um 28% hækkun að ræða. Skýringin á þessum mun er sú að vegna minnkandi verðbólgu vega óinnheimtar eftirstöðvar gjalda fyrri ára hlutfallslega meira í heildarinnheimtu.

Hlutfall fyrirframgreiðslu skatta á fyrri hluta næsta árs mun verða lækkað til samræmis við markmið þessa frumvarps.

Meginregla frumvarpsins er sú að upphæðir er fylgja skattvísitölu hækka um 54% frá síðustu álagningu (1983). Er þetta í samræmi við áætlaða hækkun meðaltekna milli áranna 1982 og 1983. Þessi hækkun skattvísitölu ein sér nægir þó ekki til þess að ná ofangreindu markmiði um óbreytta skattbyrði. Að vísu mætti hækka skattvísitölu það mikið (eða um 75%) að réttar heildarálagningartölur náist. Í minnkandi verðbólgu er á hinn bóginn ekki eðlilegt að nota skattvísitölubreytingu eina sér í þessu skyni. Mikilvægt er að lækka skatthlutföll. Auk þess er með þessum tillögum stefnt að því að tekjuskattur greiðist fyrst af hærri tekjum en yrði með 54% hækkun skattvísitölu og öðru óbreyttu. Með frumvarpinu er stefnt að því að tekjuskattsbyrði hinna tekjulægri verði minni á árinu 1984 en á árinu 1983. Auk hækkunar skattvísitölu um 54% eru því gerðar eftirtaldar meginbreytingar á gildandi skattálagningarkerfi:

1. Skatthlutföll tekjuskatts lækka bæði hjá einstaklingum og félögum.
2. Skattþrep eru lengd umfram skattvísitöluhækkun.
3. Barnabætur hækka því sem næst í hlutfalli við áætlaða tekjuhækkun milli áranna 1983 og 1984 (20%). Bætur vegna barna einstæðra foreldra hækka þó meira, um 30%.
4. Persónuafsláttur er hækkaður nokkuð umfram hækkun skattvísitölu og verulega umfram verðlagshækkun milli greiðsluára.
5. Skatthlutfall eignarskatts er lækkað og skattfrjáls eign er hækkuð umfram skattvísitöluhækkun.

Tölulega er gerð tillaga um svofellt skattkerfi (og samanburður sýndur við álagningu 1983):

1. Skattstigi:

Frumvarpið fyrir 1984		Álagning 1983
Af 0—170 þús. kr. skattstofni greiðist	23%	0—107 þús. kr. 25%
Af 170—340 þús. kr. skattstofni greiðist	32%	ca 107—205 þús. kr. 35%
Af skattstofni yfir 340 þús. kr. greiðist	45%	yfir ca 205 þús. kr. 50%
Skatthlutfall af tekjum barna verði	5% (var 7%)	
Skatthlutfall félaga verði	51% (var 65%)	

2. Persónuafsláttur verði 29 350 krónur (var 18 751 kr. 1983).
3. Barnabætur:

Með 1. barni	6 000 kr. (var 4 960 kr.)
Með börnum umfram 1	9 000 kr. (var 7 110 kr.)
Með börnum einstæðra foreldra	12 000 kr. (var 9 257 kr.)
Aukabætur vegna barna yngri en 7 ára	6 000 kr. (var 5 150 kr.)

4. Skattfrjáls eign einstaklinga verði 780 000 kr. (var 495 900 kr.) og skatthlutfall eignarskatts verði 0,95%, jafnt hjá einstaklingum sem og félögum (var 1,2%).

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins byrja menn (með fastan frádrátt einungis) að borga tekjuskatt við eftirfarandi tekjur á árinu 1983. Ekki er tekið tillit til barnabóta:

	Árstekjur 1983 kr.	Mánaðartekjur 1984 kr.
Einhleypur maður	155 600	13 000
Kvæntur maður, maki tekjulaus	253 200	21 000
Kvæntur maður, maki greiðir tekjuskatt	141 800	11 800

Í samræmi við það sem áður sagði myndi óbreytt skattkerfi, hækkað á hefðbundinn hátt með skattvísitölu (um 54%), leiða til aukningar á skattbyrði gjaldenda á næsta ári og heildarálagning yrði 600 m. kr. hærri en hér er miðað við. Í slíku kerfi yrðu fyrrgreind skattfrelsismörk eftirfarandi:

	Árstekjur 1983 kr.	Mánaðartekjur 1984 kr.
Einhleypur maður	143 500	14 400
Kvæntur maður, maki tekjulaus	235 700	23 600
Kvæntur maður, maki greiðir tekjuskatt	128 300	12 800

Skattkerfi það sem hér er gerð tillaga um leiðir til lækkunar skattbyrði vegna tekjuskatts hjá öllum framteljendum sé hún borin saman við þá skattbyrði sem leiða myndi af 54% skattvísitöluhækkun einni saman og óbreyttu skattkerfi að öðru leyti.

Skattbyrði vegna eignarskatts verður óbreytt milli áranna 1983 og 1984.

Gert er ráð fyrir að lög um sjúkratryggingagjald verði framlengd og mark gjaldfrjálsra tekna sem var 153 900 kr. við síðustu álagningu hækki í 237 000 kr. eða um 54%.

Þar sem frumvarp þetta kveður ekki beinlínis á um að skattvísitala hækki um 54% milli áranna 1983 og 1984 er nauðsynlegt að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga til þess að tryggja að afsláttur til útsvars hækki um þessa prósentu. Þá er og nauðsynlegt að breyta lögum um framkvæmdasjóð aldraðra af sömu ástæðu. Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvörp um þessi atriði.

Núgildandi lög veita sveitarfélögum að öðru leyti nægilegt svigrúm til að gera sambærilegar ráðstafanir við ákvæði frumvarps þess. Aðstæður hjá einstökum sveitarfélögum eru þó afar misjafnar og verður það að vera komið undir sveitarstjórnum á hverjum stað, hvernig þær bregðast við. Ríkisstjórnin mun ekki beita sér fyrir breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sérstaklega vegna þessa.

Í því sem hér fer á eftir tekur skattbyrði til allra tekjuskatta til ríkisins, þ. e. a. s. álagðs tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds en að frádregnum þeim ónýtta afslætti sem nýtist til greiðslu annarra gjalda (útsvars og eignarskatts) og að frádregnum barnabótum. Á hinn bóginn er hér hvorki tekið tillit til útsvars né eignarskatts, enda er óljóst hvernig útsvarsálagningu verður háttað á næsta ári. Þá er skattbyrðin (sem fyrr) ávallt metin sem hlutfall þessara álögðu gjalda af tekjum gjaldársins.

Sé slík skattbyrði ársins 1983 borin saman við væntanlega skattbyrði samkvæmt frumvarpinu lækkar hún almennt eða stendur í stað nema hjá hinum tekjuhæstu. Sé miðað við meðaltalsfrádrátt gjaldenda lækkar þannig skattbyrði þeirra hjóna að jafnaði sem hafa lægri tekjur á árinu 1983 en 450 þús. kr. Samsvarandi tala fyrir einhleypinga er u. þ. b. 275 þús. kr. og hvað einstæða foreldra snertir er hún um 290 þús. kr. Skattbyrðin lækkar eða stendur í stað hjá um 75% hjóna, 85% einhleypinga en um 90% einstæðra foreldra. Hjá hinum tekjuhæstu verður nokkur hækkun. Eins og að framan greinir er hér miðað við raunverulega frádráttarliði eins og þeir voru á framtali 1983. Þessar tölur eru nokkuð breytilegar eftir því hve frádráttur er mikill, sé t. d. eingöngu miðað við fastan 10% frádrátt eru tölurnar nokkru lægri.

1. Tafla

Flokkun hjóna eftir því hvaða breyting (í %) verður skv. frumvarpinu á skattbyrði (vegna tekjuskatta til ríkisins) á milli álagningar 1983 og 1984. Töflurnar eru byggðar á úrtaki úr skattframtölum ársins 1983.

Tekjur 1983 þús. kr.	Fjöldi hjóna	Fjöldaskipting hjóna eftir breytingu á skattbyrði: Lækkar: meira en 2%	Lækkar: 0,5–2%	Stendur í stað: Breyting undir 0,5% til eða frá	Hækkar: 0,5–2%	Hækkar: meira en 2%
0— 100	260	×	×	165	×	×
100— 200	1050	×	565	420	×	×
200— 300	4020	1190	1400	1345	×	×
300— 400	4540	2375	2025	115	×	×
400— 500	6665	340	5975	350		
500— 600	8390	100	2895	5395		
600— 700	8380	×	445	7725	185	
700— 800	6490	×	100	3700	2665	
900—1000	5940		×	1065	4850	
1000—	2940	×	×	×	1985	845
Samtals	48675	4125	13490	20350	9800	910

× færri en eitt hundrað

2. Tafla

Tekjur 1983 þús. kr.	Fjöldi einhleypinga	Flokkun einhleypra eftir breytingu á skattbyrði: Lækkar: meira en 2%	Lækkar: 0,5–2%	Stendur í stað: Breyting undir 0,5% til eða frá	Hækkar: 0,5–2%	Hækkar: meira en 2%
0— 100	13400	100	6245	6950	×	×
100— 200	21660	4655	11495	5490		×
200— 300	14630	860	10925	2820	×	×
300— 400	9040	×	475	6870	1625	×
400— 500	4760	×	×	745	3970	×
500— 600	2050	×		×	1965	×
600—	1230				890	340
Samtals	66770	5710	29150	22950	8535	425

3. Tafla

Tekjur 1983 þús. kr.	Fjöldi einstæðra foreldra	Flokkun einstæðra foreldra eftir breytingu á skattbyrði				
		Lækkar		Stendur í stað	Hækkar	
		meira en 2%	0,5–2%	Breyting undir 0,5% til eða frá	0,5–2%	meira en 2%
0— 100	665	525	135			
100— 200	1230	1030	200			
200— 300	1680	610	1070			
300— 400	1255		785	470		
400— 500	620		×	375	235	
500—	255			×	95	
Samtals	5705	2165	2190	920	330	0

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fjárhæðir 30. gr, er snerta frádrátt manna, hækki um sem næst 54% frá því sem var við álagningu 1983. Er það í samræmi við áætlaða tekjuhækkun milli áranna 1982 og 1983. Fjárhæðirnar eru þó færðar til heilla tuga eða heilla hundraða króna og er sú tilfærsla gjaldendum í öllum tilvikum til hagsbóta. Sem dæmi má nefna að sjómannafrádráttur var 90 kr. fyrir hvern dag við álagningu 1983. Við 54% hækkun hefði þessi tala orðið kr. 138,60 en í frumvarpinu er lagt til að hún verði færð í sléttar 140 kr. við álagningu 1984. Hið sama á við allar aðrar fjárhæðir í greininni.

Um 2. gr.

Lagt er til að hámark þeirra eigna sem heimilt er að gjaldfæra á kaupári hækki um því sem næst 54%.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um nýjan tekjuskattsstiga. Um áhrif hans á skattbyrði vísast til almennra athugasemda hér að framan. Auk þess sem þar segir er gerð tillaga um að lækka skatthlutfall barna úr 7% í 5%, en sú lækkun gerir meira en að vega á móti áhrifum lækkandi verðbólgu á raungildi þeirra skattgreiðslna.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að persónuafsláttur hækki úr 18 751 kr. (17 351 + 1 400) á árinu 1983 í 29 350 kr. við skattlagningu á árinu 1984. Er hér um tæplega 57% hækkun að ræða milli ára. Um áhrif þessarar hækkunar á skattbyrði vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Hér er gerð tillaga um hækkun barnabóta. Til að þær haldi raungildi sínu sem hlutfall af tekjum milli áranna 1983 og 1984 þurfa þær að hækka um 20%. Er lagt til að bætur vegna annarra barna en barna einstæðra foreldra hækki um því sem næst það hlutfall. Barnabætur til einstæðra foreldra hækka hins vegar um 30%.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekjuskattshlutfall lögaðila lækki úr 65% í 51%. Til að greiðslubyrði þessara aðila haldist óbreytt í minnkandi verðbólgu þyrfti þetta hlutfall að vera 50,65% og er sú tala í frumvarpinu hækkuð upp í næstu heilu hlutfallstölu. Lækkun á tekjuskattshlutfalli félaga verður meiri en lækkun á hlutföllum í skattstiga einstaklinga vegna þess að hjá einstaklingum kemur hluti skattalækkunarinnar fram með öðrum hætti en skatthlutfallslækkun, t. d. með hækkun persónuafsláttar.

Um 7. gr.

Greinin miðar að óbreyttri skattbyrði eignarskatts sem hlutfalli af tekjum greiðsluárs. Skatthlutfall lækkar úr 1,2% í 0,95%. Skattfrelsismörk hækka nokkuð umfram það sem leitt hefði af skattvísitöluhækkun.

Um 8. gr.

Lagt er til að eignarskattshlutfall lögaðila lækki á sama hátt og eignarskattshlutfall manna er hér bera ótakmarkaða skattskyldu.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 165. Fyrirspurnir [130. mál]

I. Til fjármálaráðherra um endurgreiðslu söluskatts af snjómokstri.

Frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni.

1. Er þess að vænta að heimild samkv. lögum nr. 24 16. mars 1983 til endurgreiðslu söluskatts af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur verði notuð á þessu ári?
2. Hvenær mun reglugerð um þessi mál verða gefin út?

II. Til viðskiptaráðherra um hugsanleg afskipti stjórnvalda af verðlagningu á frystum sjávarafurðum frá Íslandi á Bandaríkjamarkaði.

Frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni.

1. Hefur viðskiptaráðuneytið beitt sér fyrir aðgerðum til að samræma verðstefnu íslensku fisksölufyrirtækjanna tveggja í Bandaríkjunum?
2. Hefur ráðuneytið gert könnun á birgðum fyrirtækjanna nú á haustmánuðum, bæði hér heima og erlendis, miðað við sama tíma í fyrra?
3. Hvað hefur könnunin, ef gerð hefur verið, leitt í ljós?
4. Telur ráðuneytið eðlilegt að verðmunur hjá þessum fyrirtækjum nemi allt að 10 centum á hvert pund af samsvarandi vöru?

III. Til dómsmálaráðherra um þyrlukaup.

Frá Árna Johnsen.

Er áformað að taka skjótt ákvörðun um kaup á nýrri þyrlu til Landhelgisgæslunnar í stað TF-Ránar?

IV. Til iðnaðarráðherra um framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvenær hyggst ríkisstjórnin leita eftir heimild Alþingis til að hefja framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði skv. lögum nr. 70/1982?
2. Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við verksmiðjuna og byrja rekstur hennar?
3. Hvað hefur gerst í viðræðum við erlenda aðila vegna hugsanlegrar eignaraðildar að Kísilmálmvinnslunni hf. og út frá hvaða forsendum er gengið í þeim viðræðum, m. a. varðandi orkuverð?

V. Til dómsmálaráðherra um undirstöður sumarbústaða að Hellnum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður máli því sem ákæruvaldið höfðaði gegn aðilum sem eyðilögðu undirstöður að sumarbústöðum Landssambands íslenskra útvegsmanna að Hellnum á Snæfellsnesi í júlí 1980?

Sþ. 166. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Svavar Gestsson, Eiður Guðnason, Guðmundur Einarsson, Páll Pétursson, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu alþingismanna til að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis. Nefndina skulu skipa: forseti sameinaðs þings, forseti efri deildar, forseti neðri deildar og einn frá hverjum þingflokki. Skal nefndin leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Um árabil hafa verið flutt frv. um breytingar á þingskapalögum og svo er enn á þessu þingi. Heildarendurskoðun á þingsköpum var síðast framkvæmd af milliþinganefnd sem kosin var af sameinuðu Alþingi 1966 og lögfest 1972. Eftir þetta hafa aðeins verið gerðar breytingar á fjölda manna í fjárveitinganefnd.

Hins vegar samþykkti Alþingi árið 1978 þingsályktun um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis og var kjörin nefnd átta alþingismanna í því skyni. Nefnd þessi vann allnokkurt starf sem þó leiddi ekki til breytinga á þingskapalögum.

Samkomulag hefur orðið nú milli forseta Alþingis og formanna þingflokkanna að leggja til að níu manna nefnd alþingismanna verði falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp. Er þá gert ráð fyrir að forsetar þingsins skipi þessa nefnd ásamt einum manni frá hverjum þingflokki. Þessi tillaga til þingsályktunar er flutt í samræmi við þetta samkomulag.

Sþ. 167. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um niðurfellingu söluskatts af seldri raforku.

Flm.: Þórður Skúlason, Hjörleifur Guttormsson, Skúli Alexandersson, Steingrímur Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að felldur verði niður söluskattur af seldri raforku.

Greinargerð.

Goðsögnin um lágt raforkuverð á Íslandi er nú hætt að vera trúverðug, enda staðreyndirnar allt aðrar. Svo er a. m. k. um þá raforku sem ekki er seld til stóriðju en landsmenn sjálfir þurfa að kaupa til atvinnurekstrar og heimilisnota. Allir virðast sammála um að raforkuverðið sé óeðlilega hátt, en um orsakirnar greinir menn frekar á, enda verður ekki farið í að tíunda þær hér. Þó verður ekki hjá því komist að minna á það sem leitt hefur verið í ljós með glöggum dæmum undanfarið að mismunur á raforkuverði, til stóriðju og til annarra nota, er miklum mun meiri hér á landi en í nálægum löndum. Ein leiðin til lækkunar á raforkuverði til almennings er því sú að minnka þennan mun með endurskoðun samninga eða einhliða ákvörðun um stórhækkun á raforkuverði til Ísal, eins og bent hefur verið á. Því miður hafa stjórnvöld ekki borið gæfu til að standa saman um slíka aðgerð og því ekki útlit fyrir að í fljótheitum dragi svo saman með orkuverði til stóriðju annars vegar og almennra nota hins vegar sem nauðsyn er á.

Við samanburð á raforkuverði hérlendis og í nálægum löndum kemur í ljós að víðast hvar erlendis er raforka til almennings ódýrari en hér á landi, þrátt fyrir að talið sé að skilyrði til raforkuframleiðslu hér séu hagstæð. Í þeim samanburði vekur einnig athygli að opinberar álögur á raforkuverðið eru mun hærri hér á landi en erlendis.

Miklar hækkanir raforkuverðs hafa m. a. leitt til þess, að einstakir notendur, einkum þeir, sem nota mikið af orku, telja áhöld um hvort ekki borgi sig betur að framleiða raforku með dísilstöðvum á álagstoppum frekar en kaupa raforku frá samveitum. Má þar nefna veitingahúsaeigendur í Reykjavík sem farnir eru að nota gas til eldunar. Þá hefur nýleg athugun á kostnaði við upphitun skipa í höfnum leitt í ljós að ódýrara er talið að keyra dísilstöðvar um borð í skipunum en tengja þau við raforkukerfi í landi.

Fiskiðnaður, almennur iðnaður og aðrir innlendir atvinnuvegir búa nú við mun hærra raforkuverð en erlend samkeppnisfyrirtæki. Raforkukostnaður verður sífellt hærra hlutfall af rekstrarkostnaði sveitarfélaga, hitaveitna og annarra stofnana og fyrirtækja í landinu. Alvarlegasti hluturinn í sambandi við hið háa raforkuverð er samt sá, hve það er að verða stór hluti af rekstrarútgjöldum heimilanna. Á svokölluðum köldum svæðum, þar sem raforka er notuð til upphitunar húsa, auk annars, er raforkukostnaðurinn að verða gjörsamlega óbærilegur. Algeng dæmi eru t. d. um að bændur greiði 7–9 þús. krónur á mánuði fyrir raforku, sem þá er einnig notuð til upphitunar. Orkukostnaður meðalheimila í þéttbýli hefur hækkað um sem svarar a. m. k. 10 þús. kr. á ári síðustu 6 mánuði. Hár raforkukostnaður er því augljóslega stór þáttur í þeirri búseturöskun sem nú á sér stað á landsbyggðinni.

Gífurleg hækkun á raforkuverði að undanförnu, langt umfram almennar verðlagshækkanir, að ekki sé talað um hækkun kaupgjalds á sama tíma, leiðir til þess að nú þegar verður að grípa til samræmdra aðgerða til að draga úr þeim óhóflega kostnaði sem er að sliga raforkunotendur.

Þegar raforkuverðið á Íslandi er orðið hærra en í flestum nálægum löndum; þegar áhöld eru um hvort erlendir orkugjafar eins og olía eru ekki hagkvæmari í vissum tilvikum; þegar raforkuverðið er víða orðið ofviða heimilisrekstri og atvinnuvegum og farið að leiða til búseturöskunar, þá er að dómi flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu óhæfa að spenna það enn hærra með því að leggja á það söluskatt til ríkissjóðs. Hafa ber jafnframt í huga að söluskatturinn, sem reiknaður er í prósentum, eykur enn á þá mismunun sem er á gjaldskrám orkuveitna.

Því er hér með þessari þingsályktunartillögu lagt til að söluskattur verði felldur niður af seldri raforku. Það er einföld leið sem kemur þeim helst til góða er búa við hæst orkuverð og kaupa mesta orku, en auðvitað njóta allir raforkunotendur þeirrar lækkunar er af niðurfellingu söluskattsins leiðir. Mesta áherslu leggja flutningsmenn á að felldur verði niður söluskattur af raforku til heimilisnota (heimilistaxta) svo og raforkusölu til búrekstrar (marktaxta).

Í nútímaþjóðfélagi er raforka til heimilisnota jafnsjálfsögð og nauðsynleg og matvara til framfærslu. Niðurfelling söluskatts af raforku er þess vegna hliðstæð aðgerð og staðið var að fyrir nokkrum árum er söluskattur var felldur niður af landbúnaðarvörum og kemur verst settu fjölskyldunum og þeim lægst launuðu í þjóðfélaginu fyrst og fremst til góða. Auk þess er lækkun raforkuverðs til framleiðslufyrirtækja raunhæf aðgerð til að efla innlendan iðnað og innlenda framleiðslu í samkeppni við erlenda. Lækkun raforkuverðs ætti einnig að geta leitt til lækkunar á verði annarrar orku, t. d. er raforkukostnaður vegna dælingar á vatni stór hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna sem margar hverjar berjast í bökkum fjárhagslega.

Álagning söluskatts á raforku hefur vafalítið verið nauðsynleg og viðunandi ráðstöfun á sínum tíma þegar raforkuverðið var lægra og söluskatturinn einnig. En eins og nú er háttað verðlagningu á raforku í landinu er þessi skattheimta óeðlileg og skaðleg.

Ástæða er til að minna á yfirlýsingar stjórnvalda um lækkun skatta. Þessi leið til skattalækkunar er auðveld í framkvæmd og kemur efnaminna fólki ekki síst til góða, um leið og hún minnkar verulega rekstrarkostnað framleiðslu- og þjónustufyrirtækja.

Komist ríkissjóður hins vegar ekki af án þessarar skattheimtu verður að afla honum tekna með öðrum hætti. Því eru flutningsmenn þessarar tillögu reiðubúnir að standa að breytingu á skattheimtu, þannig að ríkissjóður verði ekki fyrir verulegu tekjutapi við niðurfellingu söluskatts af raforku, enda er tilgangurinn með niðurfellingunni fyrst og fremst sá að létta álögum af raforkunotendum. Í því sambandi mætti m. a. athuga hækkun á almennum söluskatti eða öðrum sköttum sem ekki leggjast á brýnustu nauðsynjavörur.

Flutningsmönnum er ljóst að þessi aðgerð til lækkunar raforkuverðs er aðeins fyrsta spor í rétta átt, og áfram verður að leita allra leiða til að lækka raforkuverðið, ekki síst til heimilisnota.

Skrá yfir fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir heildsöluverð á rafmagni janúar-nóvember 1983. (Orkustofnun).
Fylgiskjal 2: Raforkunotkun og meðalverð árið 1982. (Orkustofnun).
Fylgiskjal 3: Dæmi um raforkuverð samkvæmt gjaldskrá RARIK frá 4. ágúst.
Fylgiskjal 4: Söluskattur á raforku 1982–1984. (Hugmynd um tekjuöflun).
Fylgiskjal 5: Tekjur raforkufyrirtækja af raforkusölu 1982.

Fylgiskjal 1.

Orkustofnun:
Yfirlit yfir heildarsöluverð á rafmagni janúar—nóvember 1983.

Virkjanir	Einingarverð 1983					Meðalverð 1983 Miðað við 5,000 st. nýt.tíma				
	1/1-31/1	1/2-9/5	10/5-2/6	3/6-31/7	1/8-	1/1-31/1	1/2-9/5	10/5-2/6	3/6-31/7	1/8-
	kr/kW kr/kWh	kr/kW kr/kWh	kr/kW kr/kWh	kr/kW kr/kWh	kr/kW kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh
1. ALMENN SALA [1]										
Landsvirkjun										
Aflgjald	1310,05	1689,97	1858,96	2212,17	2897,95	0,57	0,73	0,80	0,96	1,25
+ orkugjald										
nýtingartími 2500 st.	0,418	0,539	0,593	0,705	0,923					
- 2500-4000 -	0,244	0,315	0,346	0,411	0,538					
- 4000 -	0,113	0,147	0,162	0,193	0,253					
Andakílsárvirkjun										
Aflgjald	1310,05	1689,97	1858,96	2212,17	2897,95	0,57	0,73	0,80	0,96	1,25
+ orkugjald										
nýtingartími 2500 st.	0,418	0,539	0,593	0,705	0,705					
- 2500-4000 -	0,244	0,315	0,346	0,411	0,411					
- 4000 -	0,113	0,147	0,162	0,193	0,193					
Laxárvirkjun										
Aflgjald	2075,94	2677,97	2945,76	3505,47	Landsvirkjun	0,57	0,73	0,80	0,96	
+ orkugjald	0,153	0,197	0,216	0,257	frá 1. júlí 1983					
Rafmagnsveitur ríkisins										
Aflgjald	1544,45	1992,33	2191,57	2607,97	3416,44	0,67	0,86	0,95	1,13	1,48
+ orkugjald										
nýtingartími 2500 st.	0,495	0,638	0,702	0,836	1,095					
2500-4000 -	0,284	0,365	0,402	0,479	0,627					
4000 -	0,144	0,186	0,205	0,244	0,319					

1) Heilsöluverð Landsvirkjunar til rafveitna er hér miðað við afhendingu rafmagns undir 132 kV málspennu. En það verð er 7% hærra en við málspennu 132 kV, en ef málspenna er 220 kV lækkar verðið um 5% frá 132 kV verði.


Verð Laxárvirkjunar miðast hér við afhendingu rafmagns undir 60 kV málspennu. En það er 7% hærra en verð miðað við 60 kV málspennu.

Verð Rafmagnsveitna ríkisins miðast hér við afhendingu rafmagns undir 33 kV málspennu. En það er 5% hærra en verð miðað við 33 og 60 kV málspennu.

Landsvirkjun, Andakílsárvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins reikna aflgjald á meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppa ársins, mældra sem 30 mín. meðalálag á afhendingarstað.

Landsvirkjun miðar gjaldskrá sína við, að meðalaflsvikstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85, en hjá Rafmagnsveitum ríkisins er miðað við meðalaflsvikstuðul 0,8.

Fylgiskjal 2.



Á myndinni hér að ofan hefur orkusölu rafveitna árið 1982 verið skipt í nokkra flokka og sést þar orkunotkun og meðalorkuverð hvers flokks það ár. Kostnaði almenningsveitna við kaup á raforku frá framleiðendum hefur á myndinni verið jafnað niður á flokkana í hlutfalli við tekjur rafveitnanna af orkusölu að frádregnum söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Á myndinni sést t. d. að hæsta orkuverðið er um 16 sinnum hærra en það lægsta. Hvort slíkur munur er eðlilegur eða æskilegur skal ósagt látið, en munurinn er vissulega mikill. Í flestum tilvikum er heppilegt að gjaldskrár séu sem réttastar, þannig að hver notandi borgi raunverulegan kostnað þeirrar þjónustu sem hann fær.

Fylgiskjal 3.

Dæmi um raforkuverð samkvæmt gjaldskrá RARIK frá 1. ágúst 1983.

Ársnotkun:

Notandi í kaupstað.	Notandi í sveit.
Almenn notkun.	Marktaxti.
4000 Kwst.	10 Kw.
Krónur 17 270	Krónur 38 020
Þar af söluskattur	Þar af söluskattur
Krónur 2 820	Krónur 6 268

Fylgiskjal 4.

Söluskattur á raforku 1982–1984.

1982	153	m.kr.
1983	325	m.kr. (áætlað)
1984	417	m.kr. (áætlað)

Hugmyndir um tekjuöflun.

Allur söluskattur samkv. frumvarpi til fjárlaga 1984 er áætlaðar 6880 m.kr.

Hækkun söluskatts um 1,0 stig gæfi	293	m.kr.
Önnur tekjuöflun eða skattalækkun	124	m.kr.
	417	m.kr.

Áætluð áhrif á vísitölu:

Niðurfelling söluskatts af raforku hefði í för með sér lækkun um 0,43%.
Hækkun söluskatts um 1,0 stig hefði í för með sér hækkun vísitölu um 0,43%.

Fylgiskjal 5.

Orkustofnun: Tekjur raforkufyrirtækja af raforkusölu 1982.

Raforkufyrirtæki	Verg sala þús.kr.	Söluskattur þús.kr.	Verðjöfn.gj. þús.kr.	Sala án skatta þús.kr.
Virkjanir	649.150	-	-	649.150
Landsvirkjun	535.136	-	-	535.136
Andakílsárvirkjun	18.597	-	-	18.597
Laxárvirkjun	53.406	-	-	53.406
Kröfluvirkjun	41.711	-	-	41.711
Rafveitur	1.276.116	153.119	123.697	999.300
Reykjavík	411.176	64.510	52.050	294.616
Hafnarfjörður	42.725*	6.726*	5.437*	30.562*
Vatnsleysa	2.470	370	300	1.800
Njarðavík	13.162	1.978	1.599	9.585
Keflavík	25.632	3.830	3.096	18.706
Garður	5.404	814	661	3.929
Sandgerði	7.768	1.187	926	5.655
Grindavík	11.397*	1.756*	1.419*	8.222*
Eyrarbakki	3.140	460	380	2.300
Stokkseyri	2.599	386	312	1.901
Selfoss	17.687	2.874	2.322	12.491
Hveragerði	5.796	956	773	4.067
Vestmannaeyjar	29.963	4.202	3.394	22.367
Akranes	32.628	4.705	3.803	24.120
Borgarnes	9.287	1.429	1.155	6.703
Orkubú Vestfjarða	77.625	9.022	7.294	61.309
Sauðárkrókur	10.664	1.735	1.402	7.527
Siglufjörður	13.174	1.611	1.303	10.260
Akureyri	61.635	8.030	6.484	47.121
Húsavík	12.228	1.677	1.356	9.195
Reyðarfjörður	5.673	438	364	4.871
Rafmagnsveitur ríkisins	474.283	34.423	27.867	411.993
Smásala	315.539	32.505	26.316	256.718
Önnur skattskyld sala	11.634	1.918	1.551	8.165
Önnur sala	147.110	-	-	147.110
SAMTALS	1.925.266	153.119	123.697	1.648.450

Ed. 168. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands. Bankastjórn Seðlabankans er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa sparisjóðum að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður. Ákvæði laga þessara um gjaldeyrisviðskiptabanka taka til sparisjóða og póststjórnarinnar að því marki sem þessum aðilum er heimilt að versla með gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er því m. a. lýst yfir að unnið skuli að auknu frjálsræði í gjaldeyrisverslun. Í samræmi við þessa yfirlýsingu stendur fyrir dyrum að veita hlutafélagsbönkunum leyfi til gjaldeyrisverslunar. Fyrst um sinn verða væntanleg leyfi við það miðuð að þessir bankar sinni tvenns konar gjaldeyrisþjónustu, þ. e. opnun innlendra gjaldeyrisreikninga og viðskiptum við ferðamenn.

Frá jafnræðissjónarmiði þykir eðlilegt að sparisjóðirnir hafi sama rétt og viðskiptabankarnir til gjaldeyrisverslunar.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að 5. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála verði breytt á þann veg að heimilt verði að veita sparisjóðum leyfi til gjaldeyrisverslunar á hliðstæðan hátt og nú gildir um viðskiptabanka. Segir í frumvarpinu að ákvæði laga nr. 63/1979 um gjaldeyrisbanka skuli ná til sparisjóða og póststjórnarinnar eftir því sem við getur átt.

Ed. 169. Lög [45. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.)

Samhljóða þskj. 48.

Ed. **170. Lög** [11. mál]

um launamál.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.)

Samhljóða þskj. 126.

Nd. **171. Frumvarp til laga** [134. mál]

um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ráðherra þeim sem fer með siglingamál er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum um mengun fra skipum, sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Brot gegn reglum sem settar verða samkvæmt þessum lögum varða sektum.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að Ísland geti gerst aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður var í London 2. nóvember 1973 og bókun 1978 við alþjóðasamning sem gerður var í London 17. febrúar 1978. Lagaheimild skortir til þess að geta sett reglur um alla þá þætti sem samningurinn og bókunin fjalla um.

Samþykkt hefur verið tillaga til þingsályktunar um staðfestingu framangreinds samnings og bókunar og vísast í hana um efni þeirra.

Samningurinn um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókunin frá 1978 koma í stað alþjóðasamþykktar frá 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu ásamt síðari breytingum, sem Ísland er aðili að.

Í viðauka I við samninginn eru ítarlegar reglur um varnir gegn mengun frá skipum. Flestar þeirra snerta ekki íslenskan skipaflota nema að mjög litlu leyti. Ákveðið hefur verið að fara þá leið hér á landi að setja reglur um þau atriði sem geta varðað íslensk skip sérstaklega og til þess að geta framfylgt ákvæðum samningsins og bókunarinnar gagnvart erlendum skipum í íslenskri lögsögu. Geta má í þessu sambandi laga nr. 41 1. júní 1979, þar sem fram kemur að innan efnahagslögsögunnar hafi Ísland lögsögu að því er varðar verndun hafsins.

Ákvæði 2. gr. laganna eru sett með tilliti til 4. gr. samningsins þar sem segir m. a. að setja skuli viðurlög við brotum á ákvæðum hans.

Sem fyrr segir eru þessi lög fyrst um sinn hugsuð sem heimild til þess að unnt sé að framfylgja samningum um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978. Einnig er þó ætlunin að þau geri kleift að staðfesta breytingar á þeim samningi svo og aðra samninga um sama efni, sem kunna að vera gerðir.

Um frekari forsendur og rökstuðning fyrir frumvarpi þessu vísast til athugasemda við fyrrnefnda þingsályktunartillögu um staðfestingu á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978.

Nd. 172. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

2. grein laganna orðist þannig:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að. Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965. Eftir að alþjóðasamþykktin um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969, hefur tekið gildi, skal þó heimilt að mæla íslensk skip líka samkvæmt Osló-samþykktinni, og færa brúttórúmlestatölu samkvæmt þeirri samþykkt inn á þjóðernisskírteini, öryggisskírteini og/eða haffærisskírteini skipa, þar til öðruvísi verður ákveðið af ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Núgildandi ákvæði um búnað skipa og aðrar íslenskar reglur, sem miðast við rúmlestatölu skipa, skulu áfram miðast við brúttórúmlestir samkvæmt Osló-samþykktinni, nema annars sé getið í reglum.

Um mælingu skipa, sem alþjóðasamþykktir ná ekki til, setur ráðherra reglur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

13. grein laganna orðist þannig:

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykktinni um mælingu skipa (24 metrar eða lengri), skal fá alþjóðlegt mælibréf („International Tonnage Certificate") og skal texti þess vera bæði á íslensku og ensku.

Skip undir 24 metrar að lengd, sem mælt hefur verið samkvæmt reglum, sem ráðherra hefur sett samkvæmt 2. grein laganna, skal fá íslenskt mælibréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. júlí s.l. tók gildi alþjóðleg ný alþjóðasamþykkt um mælingu skipa, sem gerð var á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í London 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships). Með samþykkt þessari var leitast við að samræma og einfalda þær aðferðir, sem hinar ýmsu þjóðir viðhafa við mælingu skipa.

Með lögum um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, var veitt heimild til, að Ísland staðfesti þessa alþjóðasamþykkt, og hefur það þegar verið gert. Áður en alþjóðasamþykkt þessi tekur gildi hér á landi, er hins vegar nauðsynlegt að breyta lítillega fyrrgreindum lögum um skipamælingar.

Hin nýja alþjóðasamþykkt gerir ráð fyrir, að eldri skip haldi almennt sinni eldri mælingu fyrst um sinn, en að ný skip og skip, sem meiriháttar breytingar eru gerðar á, verði mæld samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar.

Í 2. grein laganna segir m.a.: „Þar til sú samþykkt (Alþjóðasamþykktin frá 1969) tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulation for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965." Í lagagrein þessari felst, að óheimilt sé að mæla skip og gefa út mæliskírteini samkvæmt ákvæðum Osló-samþykktarinnar, eftir að 1969-samþykktin hefur tekið gildi. Þar sem fjölmörg ákvæði í reglum Siglingamálastofnunar nota brúttórúmlestatölu skipa, þ.e. stærð þeirra samkvæmt ákvæðum Osló-samþykktarinnar, sem viðmiðun, verður ekki hjá því komist, a. m. k. fyrst um sinn, að einnig ný skip og eldri skip, sem breytt er, verði auk þess mæld samkvæmt ákvæðum þeirrar samþykktar. Má benda á, að ákvæði, sem nota rúmlestatölu skipa sem viðmiðun, er einnig að finna í sjómannasamningum, fiskveiðiákvæðum og fjölmörgum öðrum ákvæðum, sem varða útgerð skipa og siglingar. Til þess að geta gengið úr skugga um, að skip, sem mæld hafa verið samkvæmt 1969-samþykktinni, fullnægi viðeigandi ákvæðum, sem nota brúttórúmlestatölu skips sem viðmiðun, er nauðsynlegt að breyta gildandi lögum, þannig að heimilt sé, eftir gildistöku 1969-samþykktarinnar, að mæla skip einnig samkvæmt ákvæðum Osló-samþykktarinnar þangað til annað verður ákveðið, og að sú mæling hafi enn um sinn fullt gildi gagnvart þeim ákvæðum, sem hafa rúmlestatölu skipa sem viðmiðun.

Alþjóðasamþykktin frá 1969 nær aðeins til skipa, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri. Af þessum sökum þarf við gildistöku þeirrar samþykktar að setja reglur um, hvernig skip, sem alþjóðasamþykktin nær ekki til, skuli mæld. Þar sem ekki hefur náðst samstaða meðal okkar nágrannaþjóða um mælingu slíkra skipa, en gera má ráð fyrir, að slík samstaða náist síðar, þegar nokkur reynsla hefur fengist í þeim efnum, er í hjálagðri breytingatillögu lagt til, að ráðherra setji reglur um mælingu slíkra skipa. Með þessu móti verður fyrrgreind samræming, ef af henni verður síðar, auðveldari í framkvæmd.

Ed. 173. Frumvarp til hafnalaga. [136. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Hafnasambandi sveitarfélaga og tveir fulltrúar tilnefndir af samgönguráðherra. Skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins og er hann jafnframt formaður ráðsins. Tveir varamenn, sinn frá hvorum aðila, eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnaráð skal skipa til 4 ára í senn.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um öll meiriháttar skipulags-, rekstrar- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal vera ráðgefandi um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og um fjármál hafnanna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál, sem hann telur falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir. Skal það gert áður en hafnamálastjóri sendir viðkomandi erindi til samgönguráðherra, ef því verður við komið.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri skal, að fenginni umsögn hafnaráðs, skipaður af samgönguráðherra, til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ráðherra skipar einnig yfirmenn deilda, sbr. 6. gr. Leita skal tillagna hafnaráðs og hafnamálastjóra um skipun í þessi störf.

Hafnamálastjóri ræður annað starfsfólk Hafnamálastofnunar samkvæmt ráðningarsamningi.

5. gr.

Hafnamálastofnun skal hafa umráð yfir tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknarbúnaði.

6. gr.

Hafnamálastofnun skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði, þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum, þarf henni að hafa verið sett reglugerð, er tilgreini mörk hennar auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitar- eða sýslufélög annaðhvort ein sér eða sem sameigendur.

9. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem eigendur hennar ákveða, og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af eigendum hafnar. Séu þeir fleiri en einn, fer um kosningu samkvæmt samningi.

Eigandi hafnar ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar.

10. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m. a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórna.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta, er nota höfnina:
   a) Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b) Fastagjöld fiskiskipa í heimahöfn.
   c) Hafnsögugjöld.
   d) Önnur þjónustugjöld.
2. Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald, sem er vörugjald af sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt 18. gr.
5. Lóðargjöld.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi, er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki hjá þeim aðila, sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og vátryggingafé þess, ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

Vörugjald af útflutningi og aflagjald skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila, sem skuldar vörugjald og hefur hafnarsjóður haldsrétt í varningnum uns gjaldið er greitt.

Verði misbrestur á greiðslu aflagjalds skal viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins, er hann tekur veð í viðkomandi framleiðslu.

Ennfremur skal útflytjandi eða banki er greiðir framleiðanda söluverð varnings, greiða hafnarsjóði áfallið en ógreitt vörugjald af viðkomandi varningi.

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá samkvæmt 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 30 brúttórúmlestum að stærð, þegar um sjávarafla er að ræða.

Lóðargjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar.

13. gr.

Hafnaráð skal, að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a. m. k. einu sinni á ári, um gjaldskrá samkvæmt 1. tl. a—b og 2 tl. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir, er lög þessi ná til.

Ráðuneytið getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar.

Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Eigandi hafnar ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis eigenda.

16. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er Hafnamálastofnunin lætur gera.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar upplýsingar, sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkisstyrks. Ennfremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja án samþykkis ráðuneytisins svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs á sama ári nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í 5 ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerðir er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal staðfest, að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga, og skulu um það gilda, eftir því sem við á, ákvæði 12. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins, og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn, er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnunin annast framkvæmd verkþátta, sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, sbr. 26. gr., í samráði við viðkomandi hafnarstjórn.

Framkvæmd annarra verkþátta annast viðkomandi hafnarstjórn beint með eigin starfsliði eða með samningum við verktaka á grundvelli útboðs eða á annan hátt.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Ennfremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, dýpkanir og uppfyllingar.
3. Dreifikerfi rafmagns, skólps og vatns, sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar, samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
4. Lagning varanlegs slitlags á umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
5. Stofnkostnaður við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Stofnkostnaður við hafnarvogir og fasta krana til löndunar úr smábátum.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd enda sé það liður í nýbyggingu eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið, að til álita komi að endurbyggja það, skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf, að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna njóta ekki ríkisstyrks.

Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt 24. gr. eru:

1. Að sveitarfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkvæmt 9. gr., endurskoðun og úrskurð reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi, sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.

3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar, sem eigandi hafnar hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.
4. Að byrjað hafi verið að veita fé á fjárlögum til viðkomandi mannvirkis áður en framkvæmdir eru hafnar.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum:

1. Ríkissjóður greiðir 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   Hafnargarða (öldubrjóta).
   Bryggju- og viðlegukanta.
   Dýpkanir, uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu.
   Siglingamerki.
   Mengunar- og slysavarnir.
   Vatns-, raf- og holræsalagnir um mannvirkin.
4. Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir og fasta krana til löndunar úr smábátum.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu, sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag samkvæmt 26. gr. verði lægra en þar greinir, til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

Mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2. tl. 30. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar mgr. tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar.

IV. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

28. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Sérstök 4 ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á 2 ára fresti og lögð fram á Alþingi sem þingskjal. Við gerð þessarar áætlunar skal miða við það fjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda á áætlunartímabilinu.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni, skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Skal áætlunin með áorðnum breytingum og athugasemdum hafnarstjórna lögð fyrir hafnaráð áður en ráðherra leggur hana fyrir Alþingi.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

29. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

30. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs.
2. Mismunur á fullu framlagi ríkissjóðs og því sem hafnarsjóði er ákveðið, sbr. ákvæði 27. gr.
3. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 7. mgr. 12. gr.
4. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

31. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 200 millj. kr.

32. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum hafnamálastjóra og hafnaráðs og með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ. m. t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% af heildarframkvæmdakostnaði til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

33. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

34. gr.

Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

35. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

36. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til samgönguráðuneytisins.

Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

38. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.

39. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1984 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög nr. 45 24. apríl 1973 og lög nr. 83 31. maí 1976 um breytingu á þeim lögum, nema ákvæði laganna um greiðsluþátttöku ríkissjóðs, sem falla úr gildi 31. desember 1984.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða, I.

Samgönguráðuneytið skal taka upp viðræður við hreppsnefndir Neshrepps utan Ennis og Ölfushrepps, sem og bæjarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur um afhendingu mannvirkja landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og Keflavík — Njarðvík til viðkomandi sveitarstjórna til eignar og reksturs samkvæmt hafnalögum. Heimilt er í viðræðum þessum að ákveða að framkvæmdaskuldir téðra hafnarsjóða verði yfirteknar af ríkissjóði.

Ákvæði til bráðabirgða, II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra, skal skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir til nýrra hafnalaga er endurskoðuð útgáfa af gildandi hafnalögum nr. 45/1973. Frumvarpið var lagt fyrir síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Nú hafa verið gerðar lítils háttar breytingar á frumvarpinu, aðallega 5. og 6. gr. þess. Í 5. gr. eru tekin út ákvæði um að Hafnamálastofnun skuli hafa yfir að ráða tækjum til dýpkunarframkvæmda. Ákvæði um deildaskiptingu stofnunarinnar sem tillaga var gerð um í 6. gr., eru nú tekin út og vísað til reglugerðar. Í 22. gr. er tekin út skylda Hafnamálastofnunarinnar til að annast ákveðnar framkvæmdir eða hluta þeirra. Loks er í 30. gr. gerð tillaga um að árlegt framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs verði eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þessi tala er 12% samkvæmt fyrra frumvarpi. Aðrar breytingar eru smávægilegar lagfæringar á orðalagi í 8. og 22. gr.

Hér á eftir fer greinargerð sú, sem fylgdi fyrra frumvarpi með orðalagsbreytingum sem leiða af ofangreindum tillögum.

Nefnd til þessarar endurskoðunar var skipuð með bréfi samgönguráðherra 23. janúar 1981. Í nefndinni áttu sæti Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, formaður nefndarinnar, Aðalsteinn Júlíusson, hafnamálastjóri, Alexander Stefánsson, alþingismaður, Geir Gunnarsson, alþingismaður og Gunnar B. Guðmundsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson, deildarstjóri.

Nefndin hélt samtals 36 bókaða fundi og varð sammála um breytingar þær á gildandi hafnalögum, sem hún leggur fram í tillögum þessum. Hafnamálastjóri hafði þó fyrirvara um einstaka liði.

Segja má að endurskoðun laganna sé að verulegu leyti tilkomin vegna óska Hafnasambands sveitarfélaga, sem á aðalfundum sínum undanfarin ár hefur gert samþykktir, þar sem talið er að ýmissa breytinga sé þörf.

Við endurskoðunina hafa þessar samþykktir verið hafðar til hliðsjónar, en auk þess hafa fjölmörg atriði úr reglugerð um hafnamál nr. 395 30. desember 1974 verið tekin upp í tillögur nefndarinnar. Nefndin hefur auk þess kynnt sér erlend lög og reglugerðir um hafnamál, en ekki haft þar erindi sem erfiði.

Jafnframt því sem nefndin hefur rætt rækilega ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi hafnalögum, sem gerð verður nánari grein fyrir hér á eftir, hefur tækifærið verið notað til að má ýmsa smærri agnúa af gildandi lögum, breyta röð ákvæða í rökréttara horf og gera ýmsar aðrar smærri breytingar, en fyrir þessum atriðum er gerð nánari grein í skýringum með einstökum greinum frumvarpsins.

Aðalbreytingarnar sem nefndin hefur gert frá gildandi lögum eru sem hér segir:

1. Í I. kafla frumvarpsins er, eins og í núgildandi hafnalögum, fjallað um yfirstjórn hafnamála. Sú breyting er helst í þessum kafla að ákvæði úr reglugerð um samstarfsnefnd um hafnamál eru tekin inn í 2. og 3. gr. frumvarpsins og jafnframt er heiti nefndarinnar breytt í hafnaráð.

   Með nafnbreytingunni og með því að taka ákvæði þessi inn í lögin er ætlunin að festa þessa tilhögun betur í sessi en verið hefur. Jafnframt er gert ráð fyrir því að varamaður frá Hafnasambandi sveitarfélaga og einn varamaður fyrir báða fulltrúa samgönguráðherra eigi rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Ætlunin með þessari tilhögun er að gefa Hafnasambandi sveitarfélaga aukna möguleika til að hafa áhrif á gang hafnamála.

   Um nokkur undanfarin ár hefur annar fulltrúi ráðherra jafnframt verið meðlimur fjárveitinganefndar Alþingis. Enda þótt nefndin hafi ekki viljað leggja það beinlínis til, telur hún að þessi tilhögun hafi verið mjög hagkvæm, þar sem allt samstarf viðkomandi aðila hefur orðið miklu virkara með þessum beinu tengslum við fjárveitingavaldið á Alþingi.
2. Í frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um að frumkvæði um hafnargerðir sé hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans, sbr. 20. gr. Jafnframt er gengið út frá því að hafnarstjórnir annist sjálfar framkvæmd allra annarra verkþátta en þeirra sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, annaðhvort með eigin starfsliði, samningum við verktaka eða útboði. Um ofangreindar breytingar eru ákvæði í 22. gr. frv. Í mörg undanfarin ár hafa verið mjög ofarlega á baugi hugmyndir um að Hafnamálastofnunin hefði fyrst og fremst með höndum rannsóknir og áætlanagerð, en aukna áherslu skyldi leggja á það að sveitarfélög hefðu á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir fjárhagslegu og tæknilegu eftirliti stofnunarinnar eða þá að slíkar framkvæmdir yrðu boðnar út. Á móts við þetta sjónarmið hefur nú verið gengið til fulls af nefndinni.

3. Jafnframt breytingu samkvæmt liðnum hér á undan hefur verið stefnt að því í frumvarpinu að starfsemi Hafnamálastofnunar beindist meira en verið hefur að frumrannsóknum, tæknilegu eftirliti og áætlanagerð.
4. Í 26. gr. frumvarpsins er fjallað um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum. Nefndin varði miklum tíma til að ræða um þennan þátt og voru fjölmargar hugmyndir og leiðir ræddar. Þær breytingar verða helstar á greiðsluþátttöku ríkissjóðs frá því sem nú er, að ríkissjóður greiðir nú 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun samgönguráðuneytisins, en þessir liðir voru áður greiddir með 75% framlagi úr ríkissjóði.

   Nefndin telur eðlilegt að ríkissjóður greiði að fullu allar frumrannsóknir og jafnframt verði Hafnamálastofnun betur í stakk búin til að inna þær af hendi. Frumrannsóknir þurfa ekki að leiða til hafnargerðar, þær geta verið tímafrekar og dýrar og því þykir nefndinni eðlilegt að kostnaðarþátttaka viðkomandi hafnarsjóðs hefjist ekki fyrr en með rannsóknum, sem telja má beinan undanfara hafnarframkvæmda. Hvað varðar dýpkunarkostnað á aðalsiglingarleið getur verið um verulega þungan bagga á einstökum hafnarsjóðum að ræða og telur nefndin því rétt að ríkissjóður komi þar meira til móts við hafnarsjóðina en nú er.

   Vakin skal sérstök athygli á að stofnkostnaður við mengunar- og slysavarnir í höfnum verður samkvæmt tillögu nefndarinnar styrkhæfur um 75%, en er ekki styrkhæfur að neinu leyti samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin vill með tillögunni leggja áherslu á að þessar varnir séu í fullkomnu lagi í höfnum.

   Nefndin hefur einnig gert breytingar á 8. gr. núgildandi laga með það í huga að lengra sé komið til móts við óskir hafnarsjóðanna en verið hefur.

   Greinin er svohljóðandi:

   „Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landakaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.“

   Um þetta atriði eru ákvæði í 24. gr. frumvarpsins. Tekin eru nú öll tvímæli af um það að vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistap á erlendum lánum teljist til styrkhæfs byggingarkostnaðar, enda verði kostnaðurinn til vegna kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í framkvæmdinni. Einnig er það skilyrði til greiðslu slíks kostnaðar að til hans hafi verið stofnað með heimild ráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis.
5. Í 10. gr. núgildandi hafnalaga eru ákvæði um gerð áætlunar um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Jafnframt eru ákvæði um að áætlunin skuli gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga og að hún öðlist gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana. Óumdeilanlegt er að áætlunin hefur verið til mikils gagns eins og hugmyndin var þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin. Ætlunin með þessu ákvæði var sú að fá Alþingi til að afgreiða áætlunina sem þingsályktun, enda fengi hún þá fastara form, svipað og vegáætlun. Hins vegar er ýmislegt ólíkt með þessum tveimur áætlunum, m. a. fjáröflun, en eins og kunnugt er býr vegasjóður við fastan markaðan tekjustofn. Einnig má nefna það atriði, að vegatramkvæmdir eru algerlega kostaðar af ríkissjóði, en hafnarframkvæmdir eru blandaðar framkvæmdir ríkissjóðs og sveitarfélaga.

   Raunin hefur orðið sú, að þótt hafnagerðaáætlunin hafi verið lögð fyrir Alþingi á tveggja ára fresti, hefur hún aldrei fengið þá meðferð, sem gert er ráð fyrir í greininni.

Nefndin taldi þýðingarlaust að halda þessu ákvæði um meðferð áætlunarinnar á Alþingi til streitu og gerir því ráð fyrir í tillögum sínum, að áætlunin sé lögð fram sem þingskjal.

6. Mikilsverða breytingu frá gildandi lögum er að finna í 26. gr. þar sem segir m. a. að ríkissjóður greiði allt að 75% og 40% af kostnaði við hafnargerðir. Ennfremur segir í 27. gr. að fjárveitinganefnd Alþingis geti ákveðið að fengnum tillögum samgönguráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag til framkvæmda, sem eru styrkhæfar um 75% og 40%, verði lægra en þar greinir til hafna sem taldar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku en 25% og 60%. Sá mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast, rennur sem sérstakar tekjur til hafnabótasjóðs.

   Ein höfn, sem fellur undir hafnalög, hefur yfirleitt ekki notið ríkisstyrks til framkvæmda, þ. e. Reykjavíkurhöfn. Talið hefur verið að sjálfsaflafé hennar nægði til að standa undir eigin framkvæmdum, og gildir því ekki um hana ofangreint ákvæði um að mismunur framlaga úr ríkissjóði renni til hafnabótasjóðs.

   Nefndin telur að almennt bættur fjárhagur hafnanna geti leitt til þess að sumar þeirra yrðu færar um að standa undir meiri greiðsluþátttöku en gert er ráð fyrir í lögunum sem lágmarki, en að mati nefndarinnar er vafasamt að ríkið styrki hafnir samkvæmt hámarksheimild til framkvæmda sem sjálfar geta að verulegu leyti staðið undir þeim af eigin tekjum.

   Nefndin hefur látið kanna sérstaklega við hvaða skilyrði væri eðlilegast að miða við skerðingu ríkisframlags frá hámarksheimild. Hugmynd að verklagsreglum, sem nefndin hefur orðið sammála um að leggja til grundvallar við slíkt mat, liggur fyrir.

7. Allar breytingar á gjaldskrám hafna hafa eins og kunnugt er verið þungar í vöfum vegna ákvæða í gildandi lögum og vegna þess að sveitarfélögin hafa viljað halda fast í ákvörðunarrétt sinn um það efni. Nefndin telur að þessu þurfi að breyta og að ekki sé öllu lengur hægt að halda því fyrirkomulagi, sem tíðkast hefur, þ. e. að hver höfn um sig sæki um hækkun á gjaldskrá til samgönguráðuneytisins og gjaldskráin sé síðan birt sérstaklega í Stjórnartíðindum, en það hefur í för með sér að svo til samhljóða gjaldskrár 50—60 hafna eru birtar í Stjórnartíðindum tvisvar til þrisvar á ári. Nefndin gerir því ráð fyrir því í 13. gr., að ein gjaldskrá sé sett fyrir allar hafnir á landinu sem lögin ná til, en þó er gert ráð fyrir heimild til fráviks frá þessari samræmdu gjaldskrá, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. Í framhaldi af endurteknum samþykktum Hafnasambands sveitarfélaga tók nefndin til athugunar óskir þess um, að landshafnarformið yrði lagt niður og um landshafnir giltu sömu lög og um almennar hafnir.

   Þær þrjár landshafnir sem um er að ræða eru í Keflavík — Njarðvík, Rifi á Snæfellsnesi og Þorlákshöfn. Gildandi lög um þær eru nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn. Lögin um landshöfn í Keflavík/Njarðvík, sem er elst þeirra, voru upphaflega sett árið 1946. Landshafnahugmyndin er þannig orðin nærri 40 ára gömul. Hún kom fram við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja og taldi nefndin því rétt að endurskoða hvort sú sérstaða eigi áfram að gilda um þessar hafnir, sem talin var vera fyrir hendi við setningu landshafnalaganna.

   Höfuðrökin fyrir þessu fyrirkomulagi voru á sínum tíma, að engar nothæfar fiskihafnir væru til á ákveðnum landssvæðum, svo sem Reykjanesi. Þaðan væri hins vegar skammt á góð fiskimið og á þessi svæði sækti fjöldi aðkomubáta. Ekki væri hægt að ætlast til að eitt sveitarfélag stæði þannig undir hafnargerðarkostnaði við höfn sem þjónaði fleiri sveitarfélögum. Það kom og til að á þessum tíma greiddi ríkissjóður minna til almennra hafnargerða en nú er eða 40% samkvæmt lögum, sem samþykkt voru sama ár og fyrstu landshafnalögin, en áður hafði ríkisframlagið verið enn lægra.

Nefndin hefur rætt við sveitarstjórnarfulltrúa á þeim stöðum, þar sem landshafnir eru, um framangreindar hugmyndir. Jafnframt hafa þeir fengið ýmsar upplýsingar um hafnirnar sem óskað hefur verið eftir svo sem reikninga og reikningslega stöðu þeirra, svo og framkvæmdaáætlanir og aðgang að tæknilegum upplýsingum, að svo miklu leyti sem þær hafa verið fyrir hendi.

Stjórnir landshafnanna hafa fylgst með þessum viðræðum, enda þótt þær séu í sjálfu sér ekki ákvörðunaraðili um afnám eða framhald landshafnaformsins.

Viðkomandi sveitarstjórnir voru beðnar um að taka afstöðu til þessa máls og gera nefndinni skriflega grein fyrir niðurstöðum sínum. Skrifleg svör höfðu borist í nóvemberlok aðeins frá Njarðvíkurbæ og Neshreppi utan Ennis.

Í svari bæjarstjórnar Njarðvíkur kemur m. a. fram, að hún „er til viðræðu við stjórnvöld um þessi mál, en tekur fram að hún telur sig þar með á engan hátt skuldbundna í afstöðu til málsins".

Í svari Neshrepps utan Ennis er vísað til fundar í hreppsnefnd, þar sem fundarmenn voru „mjög svo jákvæðir í afstöðu sinni til þessa máls, enda miðuðu þeir afstöðu sína af því að farið yrði að tillögu hafnarnefndar um uppbyggingu hafnarinnar og að lið 1. um dýpkun og endurbætur yrði lokið áður en af yfirtöku gæti orðið. Telja aðiljar sig reiðubúna í frekari viðræður ef óskað er".

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Efni frv. þessa er skipt í eftirgreinda kafla:

I. kafli — Yfirstjórn hafnamála.
II. kafli — Um stjórn hafna og rekstur.
III. kafli — Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.
IV. kafli — Um framkvæmdaáætlanir.
V. kafli — Um Hafnabótasjóð.
VI. kafli — Ýmis ákvæði.

Hér er um óbreytta kaflaskiptingu að ræða frá gildandi lögum, enda þótt í annarri röð sé.

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. og 3. gr.

Sjá 1. lið í almennu greinargerðinni hér að framan.

Um 4. gr.

Helsta nýmælið í þessari gr. er að hafnamálastjóri skuli skipaður af ráðherra til fimm ára í senn, en heimilt er að endurráða hann, svo oft sem vera vill. Jafnframt er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða II að skipun núverandi hafnamálastjóra haldi gildi sínu engu að síður. Verði þetta ákvæði að lögum þarf að breyta 1. gr. laga nr. 56/1981, um vitamál, til samræmis. Samkvæmt 4. mgr. skal annað starfsfólk en hafnamálastjóri og yfirmenn deilda ráðið samkvæmt ráðningarsamningi og er það í samræmi við ríkjandi stefnu í ráðningamálum ríkisstarfsmanna.

Um 5. gr.

Greinin er lítillega aukin og breytt útgáfa 2. mgr. gildandi 3. gr. hafnalaga.

Um 6. gr.

Eðlilegra þykir að ákvæði um deildaskiptingu stofnunar séu í reglugerð frekar en lögum.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

Sama fyrirsögn og efni að flestu sem greinir í IV. kafla gildandi laga.

Um 7. gr.

Grein þessi er ný að því leyti að gildandi lög skilgreina ekki hvað sé höfn, en um 2. mgr. má benda á 26. gr. gildandi hafnalaga.

Um 8. gr.

Greinin er ný, sbr. þó 11. gr. og 1. tl. 6. gr. hafnalaga.

Um 9. gr.

Greinin er ákveðin umorðun 11. gr., en séu 8. og 9. gr. lesnar saman þá er efni þeirra samhljóða gildandi 11. gr.

Um 10. gr.

Efnislega samhljóða 1. — 3. mgr. 26. gr. hafnalaga.

Um 11. gr.

1. mgr. er samhljóða 12. gr. gildandi laga utan umorðunar í inngangsorðum og 1. tl.
2. mgr. er samhljóða 2. ml. 2. mgr. 12. gr.

Um 12. gr.

1. mgr. er umorðun 3. mgr. 12. gr. hafnalaga, sjá einnig 2. ml. 1. mgr. 15. gr. rgj.

2. — 3. mgr. taka mið af 4. mgr. 12. gr., sbr. einkum 2. mgr. 15. gr. rgj. Þó er hér ákvörðun um viðmiðun (stærð skips) vísað til rgj. sem væntanlega verður sett.

4. mgr. er samhljóða 5. mgr. 12. gr., sbr. 3. mgr. 15. gr. rgj., utan að „varningur“ verður „útflutningsbirgðir“.

5. — 6. mgr. eru nýjar. Eins og ákvæðin bera með sér eru þau sett til enn frekari tryggingar á innheimtu vörugjalds.

7. mgr. er samhljóða 13. gr. laga nr. 83/1976.
8. mgr. er samhljóða 4. mgr. 15. gr. rgj.

Um 13. gr.

Hér er um nýja grein að ræða, þó að framgangsmáta svipi um sumt til gildandi ákvæða, 26. gr. gildandi hafnalaga og 5. mgr. 15. gr. rgj., því að hér er lagt til að ein gjaldskrá gildi fyrir allar hafnir, þó með heimild til frávika. Frekari skýringar varðandi þessa grein er að finna í 7. lið alm. grg.

Um 14. gr.

Samhljóða gildandi 13. gr. með smávegis umorðun síðustu mgr.

Um 15. gr.

Samhljóða gildandi 14. gr. að breyttu breytanda.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. að breyttu breytanda.

Um 17. gr.

Greinin er samhljóða gildandi 16. gr. að breyttu breytanda.

Um 18. gr.

Grein þessi tekur mið af gildandi 17. gr., þó með ákveðinni umorðun sem nauðsynleg er talin til frekari skýringar.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

Hér er fjallað að flestu leyti um samskonar atriði og greinir í gildandi II. kafla, þótt ýmsar veigamiklar breytingar hafi verið gerðar á einstökum greinum. Heiti kaflans hefur verið rýmkað.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða gildandi 9. gr.

Um 20. gr.

Greinin er ný og ætluð til þess að undirstrika, að eigandi hafnar, sbr. 8. gr., skal eiga frumkvæði að framkvæmdum, jafnframt því sem hann ber ábyrgð á þeim. Sjá einnig 2. lið almennu greinargerðarinnar.

Um 21. gr.

Greinin er ný, en efni hennar sótt í 1. ml. 13. gr. rgj. auk þess sem það leiðir um sumt af ákvæðum gildandi 6. gr.

Um 22. gr.

Greinin er ný, en efni hennar leiðir þó um margt af ýmsum gildandi ákvæðum, t. d. 1. mgr. 3. gr. hafnalaganna, sbr. 5. — 8. gr. rgj. Frekari skýringar er að finna í 2. lið alm. grg. hér að framan.

Um 23. gr.

Greinin er ný, sbr. þó 5. gr. gildandi laga.

Um 24.—26. gr.

Greinar þessar fjalla allar um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, þar sem greind eru styrkhæf verkefni (24. gr.), skilyrði aðildar ríkissjóðs (25. gr.) og hundraðshlutfall þátttöku (26. gr.) Efni þeirra er um flest að finna í 6. — 8. gr. gildandi hafnalaga, sbr. 9., 11. og 12. gr. reglugerðar.

Um nýmælin í þessum greinum vísast til 4. liðs í almennu greinargerðinni hér að framan.

Um 27. gr.

Grein þessi er nýmæli og vísast um skýringar með henni til almennu greinargerðarinnar, 6. liðs.

IV. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

IV. kafli gildandi laga fjallar um sama efni.

Um 28. gr.

Grein þessi er samin með hliðsjón af 10. gr. gildandi laga, 14. gr. rg. og reynslu þeirri sem komin er á vinnslu slíkra áætlana, sbr. 5. lið í almennu greinargerðinni.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

V. kafli gildandi laga fjallar um sama efni.

Um 29. gr.

Efnislega samhljóða gildandi 18. gr.

Um 30. gr.

Efnislega samhljóða gildandi 20. gr., sbr. einnig 2. gr. laga nr. 83/1976, um breyting á hafnalögum. Við bætist ákvæði 2. tl., sem sett er inn til samræmis við ákv. 27. gr. frumvarpsins. Árlegt framlag ríkissjóðs samkv. 1. lið er hækkað úr 12 í 15%.

Um 31. gr.

Samhljóða fyrri mgr. 21. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 83/1976, en heimildartala hækkuð, og heimild til ábyrgðar ríkissjóðs felld niður, þar sem hún telst þarflaus.

Síðari mgr. 21. gr. telst einnig vera þarflaus og er því felld niður.

Um 32. gr.

Samin með hliðsjón af gildandi 19. gr., 17. gr. í rg. og reynslu undanfarinna ára.

Um 33. gr.

Samhljóða fyrri ml. 22. gr. gildandi laga. Efni síðara ml. er nú að finna í upphafi 32. gr.

Um 34. gr.

Samhljóða gildandi 23. gr.

Um 35. gr.

Samhljóða gildandi 24. gr.

Um 36. gr.

Ný grein sem lýsir því, hvernig staðið skuli að umsókn lána/styrkja úr sjóðnum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

VI. kafli gildandi laga ber sömu yfirskrift.

Um 37. gr.

Samhljóða gildandi 25. gr.

Um 38. gr.

Fyrri mgr. er samhljóða gildandi 27. gr., nema hvað sektarfjárhæðar er ekki getið sérstaklega.

Í síðari mgr. er heimild veitt til að grípa til kyrrsetningar skipa, ef í nauðir rekur um innheimtu vangoldinna gjalda og sekta.

Um 39.—41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Sbr. 8. lið almennu greinargerðarinnar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Sbr. skýringar við 4. gr.

Nd. 174. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frumvarpið á fundi sínum 6. des. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. des. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.	Ingvar Gíslason.
	Guðmundur Einarsson.	

Sþ. 175. Fyrirspurnir. [137. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um mótun heildarstefnu í áfengismálum.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður störfum nefndar um heildarstefnumótun í áfengismálum?

Hefur nefndin skilað áfangaskýrslu, og ef svo er, hvernig hyggst ráðuneytið fara með tillögur nefndarinnar?

II. Til dómsmálaráðherra um kvartanir og kærur vegna meðferðar lögreglu á fólki sem hún hefur afskipti af.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvað hefur það gerst oft á s. l. 10 árum, að lagðar hafi verið fram kvartanir eða kærur vegna meðferðar lögreglu á mönnum sem hún hefur afskipti af? Eru til tölulegar upplýsingar um slík atvik og þá um eðli þeirra og afdrif?

2. Hve oft hefur farið fram rannsókn af slíku tilefni á s. l. 10 árum?
3. Hverjir hafa annast slíkar rannsóknir?
4. Hafa slíkar rannsóknir einhvern tíma þótt gefa tilefni til aðgerða af hálfu ákæruvalds?
5. Hafa fallið dómar í slíkum málum sem hér um ræðir?
6. Hvaða ályktanir dregur ráðherra af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um þessi mál?

Nd. 176. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali, en minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 7. des. 1983.

Páll Pétursson, form., frsm. Þorsteinn Pálsson. Friðrik Sophusson.
Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 177. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 31. des. 1982, um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 7. des. 1983.

Páll Pétursson, form., frsm. Guðmundur Einarsson, fundaskr. Þorsteinn Pálsson.
Friðrik Sophusson. Svavar Gestsson. Guðmundur H. Garðarsson.
Kjartan Jóhannsson.

Sþ. 178. Fyrirspurn [138. mál]

til menntamálaráðherra um útgáfu sérkennslugagna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hyggst menntamálaráðherra móta stefnu um útgáfu sérkennslugagna í samræmi við álit og tillögur nefndar er menntamálaráðherra skipaði 27. janúar 1982, en nefndin skilaði niðurstöðum til menntamálaráðuneytisins í maí s. l.?
2. Hve miklu fjármagni hefur á s. l. 5 árum verið varið sérstaklega til kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir á grunnskólastigi?
3. Hve margir nemendur, sem njóta sérkennslu eða stuðningskennslu í eða utan almennu grunnskólanna, þurfa á sérkennslugögnum að halda?

Sþ. 179. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1) Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2) Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I- og SALT II-samningunum auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3) Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til.

Greinargerð.

Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ. e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að tryggja lausn þessa ógnarlega vanda.

Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, eru komin í sjálfheldu og halda jafnframt stórum hlutum heimsbyggðarinnar í gíslingu með viðkvæmu og ótryggu ógnarjafnvægi. Óstöðugleiki þessa jafnvægis vex eftir því sem tækni hinna nýju vopna verður þróaðri og má sem dæmi nefna að nú er svo komið að einungis sex mínútur gefast til umhugsunar og ráðrúms til að bregðast við kjarnorkueldflaugum af Pershing II-gerð en þeim er ætlaður staður í Evrópu. Þetta minnkandi svigrúm og stirðar samningaviðræður um afvopnunarmál valda því að spenna í samskiptum stórveldanna fer vaxandi og eykur sífellt hættuna á kjarnorkuátökum.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Hún er jafnframt tilraun til að draga úr þessu hættuástandi og rjúfa þennan vítahring.

Ed. 180. Frumvarp til laga [140. mál]

um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Vegna byggingar flugstöðvar og tengdra mannvirkja á Keflavíkurflugvelli er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt:

1. Að taka lán að fjárhæð allt að 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. Bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.
2. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld þessi af vinnuvélum sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við byggingarframkvæmdirnar. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningar og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi er flutt í samræmi við samkomulag stjórnarflokkana frá 26. maí s. l. um myndun ríkisstjórnar, en í samkomulaginu er kveðið svo á að reist skuli flugstöð á Keflavíkurflugvelli í samvinnu við Bandaríkjastjórn.

Fyrir Alþingi hafa tvívegis áður verið lögð fram frumvörp um flugstöð á Keflavíkurflugvelli, auk þess sem ýmsar fyrri ríkisstjórnir hafa fjallað um nauðsyn þessa máls án þess að framkvæmdir hafi verið ákveðnar.

Í tengslum við endurskoðun varnarsamnings við Bandaríkin frá 5. maí 1951 var m. a. ákveðið að stefnt skyldi að aðskilnaði farþegaflugs frá starfsemi þeirri sem varnarliðið rekur á Keflavíkurflugvelli samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins. Algjör forsenda slíks aðskilnaðar er bygging flugstöðvar á nýju svæði. Samkomulag náðist milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og var samningur þar að lútandi undirritaður hinn 5. júlí 1983.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin sjái um byggingu flugstöðvarinnar og er gert ráð fyrir að byggingu hennar verði lokið á árinu 1987. Heildarkostnaður við byggingu flugstöðvarinnar, þar með taldar svæðislagnir, er áætlaður 42 milljónir Bandaríkjadala og munu Bandaríkin greiða 20 milljónir dala af þeirri upphæð. Hlutur Íslendinga, 22 milljónir dala, er háður samþykki Alþingis, en fyrirvari er um að áfangagreiðslur af hálfu Íslendinga verði ákveðnar í ljósi ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma á meðan á framkvæmdum stendur. Til þess að ljúka fyrsta gagnlega byggingaráfanga er þó samkomulag um að skipta greiðslum milli Íslendinga og Bandaríkjanna, allt að 20 millj. kr., til helminga. Á fjárlögum fyrir árið 1983 var aflað heimildar til að taka lán að fjárhæð

allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvarinnar. Hefur þegar verð tekið bráðabirgðalán að þeirri fjárhæð til greiðslu framlags Íslendinga vegna þessa áfanga, en samkomulag var um að framlag til byrjunarframkvæmda yrði fyrir hendi fyrir 1. október 1983. Jafnframt byggingu flugstöðvarinnar var samið um að Bandaríkin greiddu að öllu leyti þann kostnað sem leiðir af framkvæmdum við gerð flughlaða, ásamt lögnum, aðkeyrslubrauta og vega.

Samvinna um byggingu flugstöðvarinnar, sem verður íslensk eign, er að öðru leyti á því byggð að flugstöðin verði fyrst og fremst notuð til almenns flugrekstrar, en Bandaríkin hafi heimild til þess að nota hana á hættu- og ófriðartímum í samræmi við varnarsamninginn. Þegar hafin er almenn starfsemi í flugstöðinni er gert ráð fyrir að varnarliðið taki aftur við núverandi flugstöðvarbyggingu til afnota í sambandi við almenna starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðvarbyggingin, þ. e. farþega-, þjónustu- og skrifstofurými, verður samtals 12 284 m^2. Til samanburðar má geta þess að núverandi flugstöðvarbygging er um 7 000 m^2. Um gerð flugstöðvarinnar hefur þegar verið fjallað á Alþingi bæði í ræðu og riti og skal hér látið nægja að vísa til skýrslu þar um sem lögð var fyrir Alþingi á árinu 1981.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir nauðsynlegum heimildum til lántöku og niðurfellingar aðflutningsgjalda og söluskatts vegna framkvæmda við flugstöðvarbygginguna.

Jafnframt hafa dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra, samgönguráðherra og utanríkisráðherra skipað hver sinn fulltrúa til að fjalla sameiginlega og gera tillögur um fyrirkomulag á rekstri flugstöðvarinnar, þegar hún verður fullgerð og tekin í notkun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og vikið var að hér að framan er gert ráð fyrir að hlutur Íslands vegna kostnaðar við byggingu flugstöðvarinnar verði 22 millj. Bandaríkjadala á móti 20 millj. dala framlagi Bandaríkjanna. Vegna fyrsta áfanga verði greiddar 10 millj. kr. sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Greiðslur vegna seinni áfanga skiptast þannig að á árinu 1984 munu Bandaríkin greiða 67% af framkvæmdakostnaði en Ísland mun greiða 33%. Frá ársbyrjun 1985 verður greiðsluhlutfall Bandaríkjanna u. þ. b. 60% af byggingarkostnaði. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið gert ráð fyrir því að hlutur Íslendinga verði fjármagnaður á byggingartímanum með lántökum erlendis. Árlegar lántökur eru áætlaðar sem hér segir: 295 þús. dala á árinu 1983, 2,9 millj. dala á árinu 1984, 4,5 millj. dala á árinu 1985, 9,5 millj. dala 1986 og 4,7 millj. dala á árinu 1987.

Lagt er til samkvæmt 1. tl. þessarar greinar að veitt verði heimild til þess að taka lán að fjárhæð allt að 22 millj. dala, en ákvörðun um lántökufjárhæð á hverju ári verði tekin með hliðsjón af fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hvers árs í samræmi við framvindu efnahagsmála og markmið ríkisstjórnarinnar í þeim efnum til lengri tíma. Lántökufjárhæð fyrir hvert ár verði að öðru leyti ákveðin í lánsfjárlögum.

Til þess að fjármagn til flugstöðvarinnar nýtist sem best og til að ljúka á tilskildum tíma við byggingu hennar og frágang þeirra mannvirkja sem henni tengjast hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af byggingarefni, vélum, tækjum og öðrum búnaði sem þarf til framkvæmdanna sem framundan eru. Er því lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til flugstöðvarbyggingarinnar svo og af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdir á byggingarsvæðinu.

Um 2. gr.

Samkvæmt lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda fer fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun með yfirstjórn opinberra framkvæmda en Innkaupastofnun ríkisins með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Fram til þessa hefur vinna við undirbúning og

hönnun flugstöðvarinnar verið í höndum utanríkisráðherra sem notið hefur aðstoðar byggingarnefndar sem séð hefur um framkvæmd þess verks. Nú þegar komið er að hinni verklegu framkvæmd þykir best henta að yfirstjórn byggingarframkvæmdanna verði jafnframt í höndum utanríkisráðherra. Er því lagt til að ótvíræð heimild verði tekin í lög þar að lútandi.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 181. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Stefán Benediktsson.
Lárus Jónsson.	Egill Jónsson.	Skúli Alexandersson.

Nd. 182. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karvel Pálmason, Páll Pétursson.

1. gr.

7. tl. 28. gr. orðist svo:
Persónuafsláttur, orkustyrkur og barnabætur sem um ræðir í VI kafla laga þessara.

2. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein er verði 68. gr. a og orðist svo:

Orkustyrkur.

Ríkissjóður skal greiða orkustyrk til manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr.

Skal orkustyrkur nema 35% af sannanlegum beinum kostnaði manns á tekjuárinu við orkukaup til heimilisþarfa, svo sem kaup á orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis til eigin þarfa og kaup á orku til ljósa og eldunar á heimili. Skal styrkurinn ákveðinn af skattstjóra á grundvelli framlagðra orkureikninga. Kaupi maður jafnframt orku til annarra þarfa en heimilisþarfa, t. d. vegna atvinnurekstrar, getur skattstjóri áætlað heimilisnot með hliðsjón af stærð húsnæðis og tegund orkugjafa. Ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut skal orkustyrkur greiddur því hjóna sem hærri hefur tekjur skv. 1. tl. 63. gr.

Orkustyrkur greiðist út til skattaðila að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda hans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.

4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt að kveða svo á í reglugerð að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um að útborganlegur orkustyrkur skiptist til greiðslu á fleiri en einum útborgunardegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu.

Með frv. þessu er gerð tillaga um að farin verði ný leið til þess að jafna orkukostnað íslenskra heimila, en mikill mismunur á orkuverði eftir búsetu er án efa það mál, sem nú stefnir byggðajafnvægi í mesta hættu og mun án efa, ef svo heldur fram sem horfir, leiða til mestu búseturöskunar á stuttum tíma sem orðið hefur á Íslandi. Ekkert eitt mál veldur íbúum landsbyggðarinnar nú jafnmiklum búsifjum og einmitt misréttið í orkuverði, einkum í húshitunarmálum. Það misrétti verður að leiðrétta ef tryggja á eðlilega og nauðsynlega byggð í landinu.

Sú nýja leið, sem í frv. er gerð tillaga um að farin verði til þess að draga úr stórfelldum mismun á orkuverði eftir búsetu, er í því fólgin, að samhliða einhverri beinni verðjöfnun og niðurgreiðslu á orkuverði, eins og átt hafa sér stað, verði tiltekinn hluti orkukostnaðar heimila skv. reikningum notaður til lækkunar álagðra opinberra gjalda, sem eins konar skattafsláttur, og nemi orkuafsláttur hærri fjárhæð en nemur álögðum opinberum gjöldum verði mismunurinn greiddur út til viðkomandi úr ríkissjóði.

Þeim mun hærri sem útgjöld heimilis vegna orkunotkunar verða, þeim mun hærri skattafsláttar nýtur viðkomandi, og sé um lágtekjufólk að ræða, sem ekki nýtist orkukostnaður til skattafsláttar vegna lágra tekna, fá slík heimili hluta útlagðs orkukostnaðar í raun endurgreiddan úr ríkissjóði í mynd ónotaðs skattafsláttar eða orkustyrks. Þannig er í senn tekið tillit til misjafns orkuverðs í landinu, mishárra útgjalda fjölskyldna vegna orkunotkunar og mishárra tekna til þess að standa undir slíkum útgjöldum, jafnframt því sem sneitt er hjá flóknum og umdeildum reglum um framkvæmd niðurgreiðslna, sem ætíð hljóta að valda árekstrum. Með því að beita í senn nokkrum niðurgreiðslum og verðjöfnun á orku samhliða aðferðum eins og þeim, sem hér er gerð tillaga um, má draga úr ágöllum hverrar einstakrar aðferðar, en nýta jafnframt kosti hverrar og einnar. Síðan er hægt að breyta áhersluþunga með því t. d. að auka niðurgreiðslu/verðjöfnun samfara því sem dregið yrði úr því hlutfalli útlagðs orkukostnaðar, sem heimilað er til skattafsláttar, eða það hlutfall yrði aukið ef dregið yrði úr niðurgreiðslum. Í frv. er lagt til, að hlutfall þetta verði 35%, en sú tillaga þarfnast nánari skoðunar með hliðsjón af því niðurgreiðslustigi, sem ákveðið verður á útsöluverði á orku.

Frumvörp hafa áður verið flutt á Alþingi um að útlagður orkukostnaður verði heimilaður til frádráttar frá tekjum áður en skattar eru á þær lagðir. Hér er hins vegar um að ræða aðra og nýrri hugmynd — þá, að útlagður orkukostnaður verði notaður að hluta til þess að veita afslátt frá sköttum, eftir að þeir hafa verið á lagðir, og greiðist út til aðila sem orkustyrkur að því marki sem útlagður orkukostnaður samkv. framansögðu kann að vera umfram álögð gjöld.

Í yfirlýsingu þingflokkanna fjögurra, sem gefin var á síðasta þingi í sambandi við flutning frv. um breytingu í stjórnarskrá lýðveldisins, var sagt, að þingflokkarnir mundu beita sér fyrir sérstöku átaki til þess að draga úr félagslegu og efnalegu misrétti eftir búsetu. Stærsta viðfangsefnið í því sambandi er án efa varðandi jöfnun orkuverðs. Með samþykkt þessa frumvarps væri stórt skref stigið til jöfnunar orkuverðs til landsmanna, og þar með dregið úr félagslegu og efnalegu misrétti eftir búsetu.

Nd. 183. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar mál þetta var til meðferðar í efri deild skilaði minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar — Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ragnar Arnalds og Magnús H. Magnússon — svofelldu nefndaráliti:

„Frumvarp þetta stefnir að því að afla ríkissjóði fjár í þágu Byggingarsjóðs ríkisins til að uppfylla gefin fyrirheit um viðbótarlán til húsbyggjenda. Minni hl. nefndarinnar vill ekki standa gegn því að reyndar verði nýjar leiðir í útgáfu ríkisskuldabréfa ef það gæti orðið til að auka innlendan sparnað í þágu Byggingarsjóðs ríkisins, þótt vandséð virðist að þessar nýju tegundir skuldabréfa seljist svo miklu betur en hin gamalkunnu spariskírteini ríkissjóðs og í svo miklu magni sem hér er stefnt að á þessu ári þegar aðeins einn og hálfur mánuður er til ársloka.

En meginatriði þessa máls er að loforðin um viðbótarlán til húsbyggjenda verði ekki svikin. Yfirlýsingar hæstvirts fjármálaráðherra undanfarna daga vekja ótta um að svo gæti farið. Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr.:

Það fé, sem fæst með sölu skuldabréfa, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins. Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr., til bráðabirgða. Takist ekki að selja skuldabréf samkvæmt frumvarpi þessu eins og ráðgert er skal bráðabirgðalán Seðlabankans gert upp með innlendri fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984."

Er málið kom til neðri deildar var fjármálaráðherra spurður hvernig hann vildi tryggja að staðið yrði við loforð til húsbyggjenda. Svaraði hann því til að það yrði gert „með aukafjárveitinum". Þegar málið kom til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar óskaði minni hl. eftir því að farið yrði fram á nánari skýringar af hálfu fjármálaráðherra. Var það gert með bréfi dags. 30. nóvember 1983. Þar sagði á þessa leið:

„Á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. var 59. mál þingsins, frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, til umræðu. Einstakir nefndarmenn óskuðu eftir því að fjármálaráðherra staðfesti ummæli þau sem hann viðhafði við 1. umræðu málsins í Nd., en þau voru í því fólgin að aukafjárveiting yrði veitt þegar öflun lánsfjár nægði ekki til að tryggja fjármagn til 50% hækkunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem hafa fengið lán á árinu 1981 eða síðar."

Fjármálaráðherra svaraði með bréfi sem var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 6. desember. Í bréfinu segir:

„Ráðuneytið vísar til erindis nefndarinnar, dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er eftir því að fjármálaráðherra staðfesti ummæli sín við 1. umræðu um 59. mál þingsins, frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun, sem voru á þá leið að aukafjárveiting yrði veitt þegar öflun lánsfjár nægði ekki til að tryggja fjármagn til 50% hækkunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem fengið hafa lán á árinu 1981 eða síðar.

Af þessu tilefni skal það tekið fram að ummæli þau, sem vitnað er til, voru á þá lund að staðið yrði við þau fyrirheit sem húsbyggjendum eða lánveitendum hefðu verið gefin vegna viðbótarlána Byggingarsjóðs ríkisins með aukafjárveitingum meðan beðið er eftir að peningar komi inn fyrir þau bréf og víxla sem gefin hafa verið út. Það skal endurtekið hér að við fyrirheit þessi verður reynt að standa.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson."

Þar með virðist ríkisstjórnin hafa fallist á að tryggja fjárhag húsbyggjenda enda þótt stjórnarliðið hafi fellt tillögu þess efnis í efri deild. Stjórnarandstaðan telur því ekki þörf á því að flytja sams konar tillögu í neðri deild þar sem stjórnarliðið hefur fallist á sjónarmið stjórnarandstöðunnar.

Það frumvarp, sem ríkisstjórnin leggur nú áherslu á að afgreiða fyrir jól, er annars um margt sérkennilegt. Komið hefur fram að sala ríkisvíxla samkvæmt tilboðum verður jafnvel með afföllum og gæti slíkt stangast á við lögin um bann við okri sem enn eru í gildi þrátt fyrir hugmyndir í stjórnarliðinu um að afnema þau. Það er í annan stað vert að benda á að gengistrygging innlends sparnaðar orkar af mörgum ástæðum tvímælis. Þannig er vafasamt að gengistrygging innlends sparnaðar verði til þess að treysta lánskjaravísitölu eða álit manna á henni sem viðmiðun lánskjara. Var þó vart á bætandi eftir yfirlýsingar ráðherra undanfarna mánuði um lánskjaravísitöluna. Þá má benda á í þessu sambandi að frumvarp þetta gildir aðeins fyrir árið 1983, — verði frumvarpið að lögum lifa í mesta lagi tvær vikur af árinu til þess að selja þau skuldabréf sem hér um ræðir. Er vandséð að slíkt breyti nokkru fyrir ríkissjóð og sannanlega breytir það engu fyrir húsbyggjendur sem í upphafi áttu að njóta góðs af frumvarpi þessu ef að lögum verður. Hefði því verið eðlilegra að tengja frumvarpið og efni þess við lánsfjárlög en frumvarp til lánsfjárlaga mun vera væntanlegt næstu daga og ríkisstjórnin hefur óskað afgreiðslu á því frumvarpi nú fyrir hátíðarnar.

Stjórnarandstaðan mun ekki bregða fæti fyrir frumvarp þetta, en bendir á sérkennilegan málatilbúnað ríkisstjórnarinnar. Aðalatriðið er þó að stjórnarandstöðunni hefur tekist að knýja fram aukafjárveitingar úr ríkissjóði svo staðið verði við lánsloforð til húsbyggjenda, — sem ella voru í stórfelldri hættu.

Auk undirritaðra stendur Guðrún Agnarsdóttir, fulltrúi Samtaka um kvennalista, að áliti því sem hér kemur fram.

Alþingi, 8. des. 1983.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.	Kjartan Jóhannsson.

Ed. 184. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Ljóst virðist vera að viðleitni löggjafans til að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast. Því teljum við eðlilegt að umrædd lög falli úr gildi um næstu áramót og leggjum til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 8. des. 1983.

Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm. Stefán Benediktsson.

Ed. 185. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið málið til meðferðar en ekki orðið sammála. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 8. des. 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Skúli Alexandersson. Lárus Jónsson.

Egill Jónsson.

Nd. 186. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1984 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 57/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1984.

3. Af fyrstu 237 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 237 000 kr. greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1984 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 19/1983 á árinu 1983. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 19/1983. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nemur 85.8 mkr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 80 mkr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1984 nemi um 132 mkr. og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 120 mkr.

Gengið er út frá því, að tekjuskattar til ríkissjóðs, þ. e. a. s. sjúkratryggingagjald skv. þessu frv. og tekjuskattur skv. lögum um tekju- og eignaskatt, verði samanlagt óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári, milli áranna 1983 og 1984.

Þegar á heildina er litið hækkar þetta hlutfall að því er sjúkratryggingagjaldið snertir. Þessi hækkun er svo hins vegar bætt upp með tilsvarandi lækkun tekjuskatts skv. frv. til laga um breyting á lögum um tekju- og eignaskatt.

Nd. 187. Lög [64. mál]

um breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.)

Samhljóða þskj. 69.

Nd. 188. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar ákveðið hámark þess afla, sem veiða má úr einstökum fiskistofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Við skiptingu afla milli skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á vissum tegundum sjávarafla, skal heimilt að miða við heildaraflaverðmæti fiskiskipa, sem ekki hafa fengið slík leyfi.

Ráðherra getur ennfremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að veiðar á ákveðnum tegundum fiskistofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri þ. á m. botn- og flotvörpu eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið, að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip, er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum 2 000—14 000 gullkr. sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924 og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga, skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984 og gilda til ársloka 1984.

Greinargerð.

Þann 4. maí 1982 skipaði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, nefnd til þess að endurskoða lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í nefnd þessa voru skipaðir eftirfarandi: Már Elísson fiskimálastjóri, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Stefán Aspar skipstjóri, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Ólafur Björnsson útgerðarmaður og Þórhallur Helgason framkvæmdastjóri, tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Tómas B. Ólafsson starfsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands og Jón B. Jónasson skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Í ársbyrjun 1983 tók Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri sæti Más Elíssonar í nefndinni, en hann lét af embætti fiskimálastjóra 1. janúar 1983. Enn fremur sótti Ingólfur Stefánsson framkvæmdastjóri nokkra fundi sem varamaður Stefáns Aspar þegar hann var fjarverandi vegna starfa sinna. Ritari nefndarinnar var Kjartan S. Júlíusson fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu.

Í janúarlok 1983, skilaði nefndin svo frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til ráðherra. Verður hér á eftir gerð lítillega grein fyrir þeim breytingum frá gildandi lögum, sem í frumvarpinu fólust.

1. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að togveiðiheimildir yrðu ákveðnar í reglugerð af sjávarútvegsráðherra en ekki bundnar í lögum eins og tíðkast hefur.
2. Gerðar voru ýmsar veigaminni breytingar á ákvæðum laga 81/1976 í því skyni að gera þau einfaldari og jafnframt ótvíræðari.
3. Gerðar voru ýmsar breytingar með hliðsjón af fenginni reynslu um framkvæmd.
4. Felld voru niður ákvæði, sem telja má úrelt.
5. Tekin voru af tvímæli um heimild til leyfisbindingar togveiða. Ennfremur var ákveðið, að ný skip gætu ekki hafið fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands án tilskilins leyfis.
6. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að þær takmarkanir sem eru á dragnótaveiðum yrðu felldar niður.
7. Hafrannsóknastofnun var gert skylt að skila skýrslum um ástand nytjastofna og tillögum um aflakvóta fyrir 1. desember ár hvert.
8. Frumvarpið var nokkru víðtækara en gildandi lög, þar sem það tók til fleiri nytjastofna hér við land en l. 81/1976.
9. Lögfest var ótvíræð heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða heildarkvóta, skiptingu hans milli veiðarfæra og skipa og til setningar reglna um sóknartakmarkanir.

Ýmissa orsaka vegna var frumvarp þetta ekki lagt fram á síðasta þingi og eru ýmsir þættir þess enn til athugunar í ráðuneytinu og meðal hagsmunaaðila. Hinsvegar ber brýna nauðsyn til þess að þær breytingar, sem hér eru lagðar fram nái fram að ganga, og er frumvarp þetta því lagt fram í þessari mynd.

Hér skal tekið fram, að ákvæði þau, sem hér eru lögð fram eru í meginatriðum efnislega samhljóða tillögum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 10. gr. l. nr. 81/1976 er vald ráðherra til þess að ákveða heildarkvóta bundið við að fiskistofn sé hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í yfirvofandi hættu. Þróunin hefur orðið sú, að heildarkvótar hafa verið ákveðnir í veiðum ýmissa nytjastofna, eins og t. d. síld, loðnu og rækju, þegar hætta hefur verið talin á að þessir stofnar myndu ofveiddir yrðu ekki settar takmarkanir á veiðarnar. Ráðherra gæti, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, samkvæmt þessari grein, ákveðið hversu mikið mætti veiða úr ákveðnum stofni tiltekið tímabil eða vertíð. Er þetta í raun nauðsynlegt til þess að fært sé að skipuleggja veiðar og vinnslu með þeim hætti, sem aðstæður krefjast í dag. Í seinni hluta 1. mgr. er ráðherra veitt ótvíræð heimild til skiptingar heildarafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða einstakra skipa. Enda þótt skiptar skoðanir séu um aflakvóta á báta, hefur þróunin orðið sú, að til hans hefur verið gripið í vaxandi mæli, t. d. á síldveiðum, loðnuveiðum og rækjuveiðum. Slík skipting aflakvóta er ýmist gerð í leyfisbréfum eða í reglugerðum. Hafa slíkar ákvarðanir ávallt verið teknar í samráði við helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi.

Í 2. mgr. greinarinnar er í raun verið að veita afdráttarlausa heimild til þeirra sóknartakmarkana, sem notaðar hafa verið til takmörkunar á þorskveiðum undanfarin ár þ. e. „skrapdagakerfið“ svokallaða.

Sérstaklega skal áréttað og á það lögð áhersla, að náið samráð verður haft við hagsmunaaðila um framkvæmd ákvæða greinarinnar í heild, svo og einstakra þátta hennar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að þær takmarkanir sem nú eru á dragnótaveiðum verði felldar niður. Í gildandi lögum er ekki heimilt að veita leyfi til dragnótaveiða nema á tímabilinu 15. júní — 30. nóvember ár hvert og ekki má veita bátum lengri en 20 metra leyfi. Þessar takmarkanir hafa marga ókosti og má hér nefna að ekki er hægt að leyfa veiðar á sólkola með dragnót, því besti veiðitíminn á honum fyrir Suðurlandi er í maí, ennfremur hefur sú takmörkun, sem er á bátastærðum leitt til þess, að mörg góð skarkolamið t. d. úti fyrir suðurströndinni nýtast ekki. Ber brýna nauðsyn til að breyta þessu svo hægt sé að auka sókn í skarkola, sem er einn fárra stofna sem eru vannýttir hér við land.

Einnig má hér nefna, að mikill áhugi er fyrir því að reyna dragnótaveiðar á vetrarvertíðinni og minnka þannig netaveiðarnar. Hefur þetta verið gert víða t. d. í Noregi og gefið góða raun, enda er dragnótin að mörgu leyti hentugt veiðarfæri þar sem reksturskostnaður á dragnótaveiðum er tiltölulega lítill og einnig skilar hún góðu hráefni að landi.

Með þessum hætti væri einnig hægt að binda dragnótaveiðar við skarkolaveiðar á ákveðnum svæðum eins og gert hefur verið í Faxaflóa yfir sumar- og haustmánuði og binda úthlutun leyfa við ákveðinn fjölda skipa og leyfin skilyrðum sem nauðsynleg þættu.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að ráðherra geti með reglugerð leyfisbundið veiðar á tilteknum nytjastofnum, í tiltekin veiðarfæri eða veiðar ákveðinna gerða veiðiskipa. Sú breyting sem felst í þessari grein frumvarpsins frá 14. gr. l. nr. 81/1976 er fyrst og fremst sú að heimilt yrði að leyfisbinda allar togveiðar. Leyfisbinding togveiða er mjög nauðsynleg til stjórnunar þeirra veiða, því reyndin hefur orðið sú, að leyfisbinding veiða veiti mest aðhald í veiðum og sé virkasta leiðin til stjórnunar.

Að lokum skal hér látið koma fram að samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum eru eftirfarandi veiðar leyfisbundnar: Rækjuveiðar, humarveiðar, síldveiðar, loðnuveiðar, spærlingsveiðar, kolmunnaveiðar, hrognkelsaveiðar, skelveiðar, nótaveiðar og netaveiðar. Aðeins línuveiðar og handfæraveiðar auk togveiða eru ekki háðar leyfum.

Um 4. gr.

Breyting þessi er nauðsynleg vegna þeirra ákvarðana, sem ráðherra kynni að taka með stoð í 10. gr. laganna (sbr. 1. gr. þessa frumvarps). Þarfnast að öðru leyfi ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að ráðherra geti heimilað togveiðar á svæðum þar sem veiða má fisktegundir, sem eru vannýttar eins og t. d. skarkola og steinbít.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Á 42. Fiskiþingi 1983 var samþykkt gerð um stjórnun fiskveiða, sem fylgir hér með. Ef breyta á stjórnun fiskveiða í þá átt sem þar er lagt til er ljóst að breyta verður núgildandi lögum.

42. Fiskiþing samþykkir að stjórnun fiskveiða á árinu 1984 verði með eftirfarandi hætti:

1. Við ákvörðun um hámarksafla einstakra fisktegunda á árinu 1984 verði þess gætt, að fiskstofnarnir vaxi til aukinna veiðimöguleika í framtíðinni.
2. Allar veiðar verði leyfisbundnar.
3. Kvótaskipting verði á öllum aðalfisktegundunum og á öll skip yfir 12 brúttórúmlestir, en sameiginlegur heildarkvóti á skip 12 rúml. og minni.
4. Aflamagn síðustu þriggja ára verði lagt til grundvallar við skiptingu aflakvóta á milli skipa.
   Við úthlutun veiðikvóta til báta sem hafa sérstök leyfi til veiða skelfisktegunda, loðnu og síldar verði tekið tillit til heildaraflaverðmætis, miðað við samskonar skip á almennum fiskveiðum.
   Öllum frávikum, sem gerir kvótaskiptingu óeðlilega fyrir einstök skip verði vísað til ráðgjafarnefndar sbr. 9. lið.
5. Úthlutun aflakvóta verði til eins árs í senn. Heimild verði gefin til þess að flytja úthlutaðan aflakvóta á milli skipa.
6. Veiðiheimildir verði rýmkaðar verulega frá því sem nú er. Endurskoðuð verði ákvæði um möskvastærð með tilliti til nýtingar tiltekinna fisktegunda.
7. Gerðar verði ráðstafanir til þess að allur afli sem á skip kemur verði færður að landi og fyrirbyggt eins og kostur er að verðminni fiski eða gölluðum sé hent aftur í sjóinn.
   Lög um að gera afla upptækan verði afnumin.
8. Gildandi reglur um skyndilokanir svæða verði óbreyttar. Lokuð svæði verði ekki opnuð á ný fyrr en eftir könnun veiðieftirlitsmanns.
   Kannað verði hvort unnt sé að beita skyndilokunum til þess að vernda fisk í hrygningu í stað þess fyrirkomulags sem nú gildir.
   Allar veiðar báta verði áfram stöðvaðar um páska.
9. Þar sem hér er lögð til kerfisbreyting frá núgildandi tilhögun veiða, láti sjávarútvegsráðherra framkvæma nauðsynlega útreikninga nú þegar. Sjávarútvegsráðherra skipi nefnd eftir tilnefningu hagsmunaaðila til þess að fylgjast með framkvæmd kvótakerfisins og gefa umsögn og gera tillögur til ráðherra um úrlausn vandamála, sem upp kunna að koma.
10. Sú kerfisbreyting, sem hér er lögð til, gildir einungis til eins árs og verði tekin til endurskoðunar með tilliti til reynslu.

Ed. 189. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]

fyrir árið 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 708 700 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 478 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1984, samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila, að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1984 að fjárhæð 8 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 88 800 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1984 að fjárhæð 652 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 83 800 þús. kr. á árinu 1984. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 12 060 þús. kr. á árinu 1984.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1984.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga falla niður á árinu 1984.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 19 400 þús. kr. á árinu 1984. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1984 rennur í ríkissjóð.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 21 800 þús. kr. á árinu 1984.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1984.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 450 þús. kr. á árinu 1984.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 400 þús. kr. á árinu 1984.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1984 eigi fara samtals fram úr 6 500 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 5 000 þús. kr. á árinu 1984.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 50/1973, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1984.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 600 þús. kr. á árinu 1984.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1984.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 94 700 þús. kr. á árinu 1984.

III KAFLI

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig, að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstól skal leitað samþykkis eignaraðila.

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983 er nemi allt að 340 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fjórum fiskiskipum innanlands, sem þegar er hafin smíði á. Skip þessi mega vera allt að 39 m löng og með vélarafl allt að 1000 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Þótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Jafnframt falla úr gildi 27. gr. laga nr. 44/1983 og 34. gr. laga nr. 13/1982.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem tekin eru til smíði skips sem Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf. hefur í smíðum. Skip þetta má vera allt að 26 m langt og með vélarafl allt að 600 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs skipsins samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi skal falla niður þegar smíði skipsins er lokið og skipasmíðastöðin afhendir það til kaupanda.

Þótt afhending skipsins hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin kunna að verða fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipsins. Þegar lokið er smíði skipsins mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði skipsins fullbúins. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipinu og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipsins fullbúins. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1984 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum fjárfestingarlánasjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984. Þá er að nefna að leitað er heimildar til viðbótarlántöku vegna lánsfjáráætlunar 1983 og heimildar til þess að semja við Seðlabanka um endanlega fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983.

Um 1. og 2. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 kemur fram að heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 2 668 400 þús. kr. Þar kom einnig fram að á vegum utanríkisráðherra væri unnið að endurskoðun á fjárþörf til byggingarframkvæmda við flugstöð í Keflavík og lækka lántökur til þessa verkefnis um 15 000 þús. kr. frá því sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Samkvæmt þessari grein lækkar heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta sem þessu nemur og er því leitað heimildar til 2 653 400 þus. kr. lántöku á árinu 1984.

Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga er leitað heimildar til 200 000 þús. kr. útgáfu spariskírteina og happdrættislána. Hér er leitað heimildar til 478 000 þús. kr. lántöku innanlands, þar af 120 000 þús. kr. hjá lífeyrissjóðum. Við öflun annars innlends lánsfjár munu nýttar heimildir til fjölbreyttrar útgáfu verðtryggðra skuldaviðurkenninga og útgáfu ríkissjóðsvíxla (sbr. frumvarp um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, 49. mál, Ed.). Með þessum hætti er fyrirhugað að afla alls 358 000 þús. kr. á árinu 1984, þar af munu renna til ríkissjóðs 158 000 þús. kr. og áformað er að endurlána til húsbyggingarsjóðanna allt að 200 000 þús. kr. eftir því sem lánsfjármagn aflast. Ennfremur er gert ráð fyrir að innheimta af endurlánuðum spariskírteinum umfram innlausn eldri spariskírteina nemi 466 700 þús. kr. Að lokum er erlend lántaka A- og B-hluta ríkissjóðs áætluð alls 1 708 700 þús. kr. Sundurliðun á ráðstöfun heildarfjárins til opinberra aðila er sýnd í fylgiskjali 1.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lántökur Landsvirkjunar nemi alls 900 000 þús. kr. á árinu 1984 til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Fyrirhugað er að verja 200 000 þús. kr. til framkvæmda við Blönduvirkjun og 700 000 þús. kr. til framkvæmda við kvíslaveitur, Suðurlínu, rannsóknir o. fl. Við þessar lántökur sé gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 um fyrirtækið, en þar segir: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila. Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki."

Um 4. gr.

Lántökur til Steinullarverksmiðju, sjóefnavinnslu, stálfélags o. fl. fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eru áætlaðar alls 120 000 þús. kr. á árinu 1984. Í lánsfjáráætlun er áætlað í þessu skyni 100 000 þús. kr., en af þeirri lántöku fari 80 000 þús. kr. til Steinullarverksmiðju. Um lántökur til Steinullarverksmiðju gilda sérlög og því ekki þörf að sækja um heimild þeirra vegna í lánsfjárlögum 1984. Samkvæmt þessari grein er aflað heimildar til 40 000 þús. kr. lántöku fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Þar af er gert ráð fyrir að 34 000 þús. kr. verði notaðar til að standa straum af fjármagnskostnaði vegna lána sem tekin hafa verið til Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi. Framkvæmd þessarar greinar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Um 5. gr.

Fyrirhugaðar lántökur Orkubús Vestfjarða til raforku- og hitaveituframkvæmda nema alls 30 000 þús. kr. á árinu 1984.

Um 6. gr.

Erlend lánsfjáröflun hitaveitna er áformuð alls 97 300 þús. kr. og skiptist hún þannig að 88 800 þús. kr. renna til Hitaveitu Akureyrar og 8 500 þús. kr. til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Lánsfénu verður ráðstafað til framkvæmda og framlengingar eldri lána.

Um 7. gr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands eru fyrirhugaðar alls 1 112 000 þús. kr. á árinu 1984. Í lánsfjáráætlun 1984 eru lánveitingar sjóðsins áætlaðar 1 080 000 þús. kr. Hækkun lánveitinga Framkvæmdasjóðs nemur alls 32 000 þús. kr., og er gert ráð fyrir að þar af renni 26 000 þús. kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna loðdýraræktar og 6 000 þús. kr. til Landflutningasjóðs. Ráðgert er að fjárþörf Framkvæmdasjóðs Íslands verði mætt af eigin fé með 100 000 þús. kr., 250 000 þús. kr. verði fengnar að láni hjá bankakerfinu og að skuldabréfakaup lífeyrissjóða nemi 110 000 þús. kr. Að auki nemur heimild til erlendrar lántöku Framkvæmdasjóðs Íslands samkvæmt þessari grein 652 000 þús. kr., en í lánsfjáráætlun eru þær áætlaðar 620 000 þús. kr. á árinu 1984.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9.—26. gr.

Í samræmi við markaða stefnu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1984, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að skert verði ákvæði tiltekinna laga.

Um 27. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til fremur skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma.

Um 28. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er leitað heimildar til viðbótarlánsfjáröflunar A- og B-hluta ríkissjóðs fyrst og fremst. Þó svo viðbótarfjárþörfin myndist að hluta til af gengisbreytingum þá er talið rétt, varðandi þessa aðila, að leita heimilda. Hins vegar er ekki leitað heimildar til aukinnar lánsfjáröflunar til handa Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja þar sem aukin lánsfjárþörf í ísl. krónum talið skýrist eingöngu af gengisbreytingum. Samkvæmt greininni er leitað viðbótarlánsfjárheimildar allt að 340 000 þús. kr. vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1983. Auknar erlendar lántökur á árinu 1983 skýrast þannig: Annars vegar eru nú horfur á að innlend fjáröflun reynist verulega minni en áætlað var við gerð lánsfjárlaga 1983 eða sem nemur 140 000 þús. kr. Hins vegar hefur gengisþróun á árinu 1983 reynst önnur en forsendur lánsfjárlaga gerðu ráð fyrir og leitt til hærri fjármagnsútgjalda vegna Kröflu og byggðalína en áætlað var. Áætluð viðbótarfjárþörf af þessum orsökum nemur 176 500 þús. kr. Að lokum eru nokkrir opinberir aðilar sem þurfa viðbótarheimildir og skiptast þeir þannig: Lagmetisiðjan Siglósíld 6 000 þús. kr., Síldarverksmiðjur ríkisins 12 500 þús. kr. og Sveitarfélög, ýmislegt, 5 000 þús. kr.

Um 29. gr.

Fyrirsjáanlegt er að um greiðsluhalla verður að ræða hjá ríkissjóði á árinu 1983. Samkvæmt þessari grein er leitað heimildar fyrir fjármálaráðherra að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs, en hann er að svo stöddu fjármagnaður með yfirdrætti ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í bankanum. Horfur eru á að greiðsluhalli þessi geti numið allt að 1 100 000 þús. kr. í árslok 1983.

Um 30. gr.

Í 34. gr. laga nr. 13/1982, lánsfjárlaga fyrir árið 1982, og í 27. gr. laga nr. 44/1983, lánsfjárlaga fyrir árið 1983, er fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði fiskiskipa innanlands á árunum 1983—85. Lán þessi geta numið allt að 80% af smíðaverði skipanna samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skilyrði ábyrgðar er m. a. að skip sé smíðað fyrir reikning skipasmíðastöðvarinnar, enda falli ábyrgð niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Til að fjármagna smíði skipanna eru tekin afurðalán hjá Seðlabanka og að auki vörukaupalán erlendis, hvort tveggja fyrir milligöngu viðskiptabanka skipasmíðastöðvanna. Ríkissjóður ábyrgist þessi lán síðan á smíðatíma skipanna. Við sölu frá skipasmíðastöð lánar Fiskveiðasjóður samkvæmt núgildandi reglum allt að 60% matsverðs skipanna. Til þess að hægt sé að nýta hagkvæm erlend vörukaupalán lengur en þar til skip er selt þykir nauðsynlegt að ríkissjóður hafi heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð slík lán

áfram. Er gert ráð fyrir að heimilt sé að ábyrgjast vörukaupalán er numið geta allt að 20% endanlegs matsverðs skipanna. Samanlögð fjárhæð vörukaupalánsins og láns sem á undan eru í veðröð má þó ekki nema meiru en 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Gert er ráð fyrir að hlutur ríkissjóðs vegna sjálfsskuldarábyrgðarinnar verði tryggður með 2. veðrétti í viðkomandi skipi.

Helsta nýmæli þessarar greinar er að takmarka heimildir til að veita ríkisábyrgðir vegna smíði fiskiskipa innanlands þannig að þær nái einungis til smíði fjögurra skipa. Þau skip sem hér um ræðir eru í smíðum hjá Slippstöðinni hf. (tvö skip), Stálvík hf. (eitt skip) og Þorgeir og Ellert hf. (eitt skip). Í annan stað er hámarkslengd þessara skipa færð úr 35 m í 39 m. Er þetta gert til þess að umrædd skip geti sinnt nýjum og breyttum verkefnum, svo sem rækjuveiðum.

Um 31. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 30. gr. og vísast til skýringa við þá grein.

Fylgiskjal 1.

Lánsfjárþörf opinberra aðila 1984
Í m.kr.

	Lántökur 1984
1. Ríkissjóður	**2 653,4**
1.1 A-hluti	**1 620,0**
Vegagerð	480,0
Aðrar lántökur A-hluta	1 140,0
1.2 B-hluti	**1 033,4**
Byggðasjóður	120,0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1,0
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	12,0
Jarðasjóður	—
Lánasjóður ísl. námsmanna	258,4
Lagmetisiðjan Siglósíld	—
Skipaútgerð ríkisins	—
RARIK, almennar framkvæmdir	168,0
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	—
,, fjármagnsútgjöld	358,2
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	—
,, fjármagnsútgjöld	—
Orkusjóður, byggðalínur, fjármagnsútgjöld	—
,, hitaveitulán	10,0
,, jarðhitaleit	10,0
,, sveitarafvæðing	7,0
Iðnaðarrannsóknir	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	—
Sementsverksmiðjan	—
Landssmiðjan	—
Áburðarverksmiðjan	—
Póstur og sími, vörukaupalán o. fl.	—
,, lagning sjálfvirks síma	—
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	—
Flugmálastjórn	—
Flugstöð Keflavík	88,8

	Lántökur 1984
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 050,0**
Landsvirkjun, Blönduvirkjun	200,0
Landsvirkjun, aðrar framkvæmdir	700,0
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	30,0
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag o. fl	120,0[1]
Kísiliðjan	—
Grænfóðurverksmiðjur	—
Annað	—
3. Sveitarfélög	**97,3**
Hitaveita Suðurnesja	—
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	8,5
Hitaveita Akureyrar	88,8
Ýmislegt	—
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	**3 800,7**
5. Innlend fjáröflun	**944,7**
Útgáfa spariskírteina	200,0
Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	466,7
Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar	—
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	120,0
Önnur fjáröflun	158,0
6. Erlend lán	**2 856,0**
Ríkissjóður A- og B-hluti	1 708,7
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 050,0
Sveitarfélög	97,3

1) Þ. a. 80,0 m. kr. til steinullarverksmiðju samkvæmt lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nd. 190. Breytingartillaga [59. mál]

við frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÞP, GHG).

1. 1. gr. orðist svo:
   Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla.
2. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins falli niður.

Sþ. 191. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00 101 Embætti forseta Íslands.	
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1355“ kemur	2 255
b. Aftan við liðinn bætist:	
Viðfangsefni:	
0101 Almennur rekstur	5 593
0102 Opinberar heimsóknir	900
	6 493
2. Við 4. gr. 00 201 Alþingi.	
a. Við 0102 Þingfararkaup alþingismanna.	
Fyrir „38 371“ kemur	52 535
b. Við 0103 Skrifstofu- og alþingiskostnaður.	
Fyrir „36 362“ kemur	26 500
c. Við 0104 Fasteignir, rekstur.	
Fyrir „2 834“ kemur	5 334
d. Við 0105 Alþingistíðindi, útgáfa.	
Fyrir „5 416“ kemur	5 680
e. Við 0106 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings.	
Fyrir „259“ kemur	410
f. Við 0108 Þingmannasamtök NATO.	
Fyrir „117“ kemur	900
g. Við 0109 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.	
Fyrir „2 530“ kemur	3 164
h. Við 0110 Evrópuráðið, þingmannafundir.	
Fyrir „312“ kemur	1 100
i. Nýr liður:	
0112 Norðurlandaráð	1 500
j. Nýr liður:	
0114 Þingmannafundir Fríverslunarbandalagsins	1 000
3. Við 4. gr. 00 301 Ríkisstjórn 20 Laun.	
Fyrir „12 113“ kemur	12 789
4. Við 4. gr. 01 101 Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa 0112 Öryggismálanefnd.	
Fyrir „1 000“ kemur	1 200

	Þús. kr.
5. Við 4. gr. 01 102 Þjóðhagsstofnun.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „9 806“ kemur	10 306
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „4 980“ kemur	5 580
6. Við 4. gr. 02 201 Háskóli Íslands.	
a. Við 0102 Guðfræðideild.	
Fyrir „3 568“ kemur	3 718
b. Við 0104 Tannlæknadeild.	
Fyrir „8 933“ kemur	9 083
c. Við 0106 Lagadeild.	
Fyrir „4 953“ kemur	5 028
d. Við 0107 Viðskiptadeild.	
Fyrir „8 725“ kemur	8 800
e. Við 0108 Heimspekideild.	
Fyrir „21 361“ kemur	21 661
f. Við 0109 Verkfræðideild.	
Fyrir „61 640“ kemur	62 090
g. Við 0114 Félagsvísindadeild.	
Fyrir „10 511“ kemur	10 811
7. Við 4. gr. 02 203 Raunvísindastofnun háskólans.	
a. Við 0101 Yfirstjórn.	
Fyrir „2 595“ kemur	2 845
b. Við 03 Efnafræðistofa.	
Fyrir „4 545“ kemur	5 045
8. Við 4. gr. 02 206 Orðabók háskólans 20 Laun.	
Fyrir „2 468“ kemur	2 583
9. Við 4. gr. 02 301 Menntaskólinn í Reykjavík 20 Laun.	
Fyrir „24 192“ kemur	23 922
10. Við 4. gr. 02 302 Menntaskólinn á Akureyri.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „19 605“ kemur	19 425
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „3 112“ kemur	3 862
11. Við 4. gr. 02 303 Menntaskólinn á Laugarvatni.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „6 041“ kemur	5 951
b. Nýr liður:	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	250
12. Við 4. gr. 02 305 Menntaskólinn við Sund.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „23 990“ kemur	23 050
b. Nýr liður:	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	250
13. Við 4. gr. 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „6 629“ kemur	7 629

	Þús. kr.
14. Við 4. gr. 02 308 Menntaskólinn í Kópavogi — fjölbraut.	
a. Við 20. Laun.	
Fyrir „10 920“ kemur	11 600
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „3 557“ kemur	8 557
15. Við 4. gr. 02 319 Framhaldsskólar, almennt.	
a. Nýr liður:	
2 Önnur rekstrargjöld.	2 000
b. 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „1 698“ kemur	2 298
16. Við 4. gr. 02 321 Kennaraháskóli Íslands.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „27 244“ kemur	28 044
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „8 470“ kemur	7 670
c. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „5 000“ kemur	8 000
17. Við 4. gr. 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „50“ kemur	250
18. Við 4. gr. 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands.	
a. Nýr liður:	
4 Viðhald	200
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður	
Fyrir „7 000“ kemur	7 700
19. Við 4. gr. 02 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík.	
a. Við 0101 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.	
Fyrir „44 666“ kemur	43 706
b. Við 0102 Ármúlaskóli.	
Fyrir „17 932“ kemur	18 562
20. Við 4. gr. 02 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 20 Laun.	
Fyrir „13 996“ kemur	14 731
21. Við 4. gr. 02 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „15 189“ kemur	14 989
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „5 000“ kemur	6 500
22. Við 4. gr. 02 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki 20 Laun.	
Fyrir „7 327“ kemur	7 602
23. Við 4. gr. 02 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „5 000“ kemur	8 000
24. Við 4. gr. 02 358 Framhaldsskóli í Neskaupstað 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „640“ kemur	1 000
25. Við 4. gr. 02 359 Verkmenntaskóli á Akureyri 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „8 000“ kemur	12 000

26. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun. Þús kr.
a. Við 0103 Bókaútgáfa.
Fyrir „23 399“ kemur 25 399
b. Nýr liður:
0105 Hagræðing í rekstri. 1 000
27. Við 4. gr. 02 431 Iðnfræðsluráð.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „4 205“ kemur 2 796
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 137“ kemur 500
c. Við 4 Viðhald.
Liðurinn falli niður. .....
d. Við 94 Til einstaklinga og samtaka.
Liðurinn falli niður. .....
e. Við 0 Sértekjur.
Liðurinn falli niður .....
28. Við 4. gr. 02 501 Tækniskóli Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „600“ kemur 4 600
29. Við 4. gr. 02 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „700“ kemur 1 600
30. Við 4. gr. 02 514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður:
4 Viðhald 1 550
31. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Iðnskólar (02 516 6).	Þús. kr.	
1. Reykjavík	2 300	
2. Hafnarfjörður	1 200	
3. Ísafjörður	200	
		3 700

32. Við 4. gr. 02 518 Fiskvinnsluskólinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „1 000“ kemur 10 000
33. Við 4. gr. 02 561 Myndlista- og handíðaskólinn.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „8 645“ kemur 8 965
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 863“ kemur 3 313
c. Við 0 Sértekjur.
Fyrir „5 413“ kemur 5 683
34. Við 4. gr. 02 563 Tónlistarfræðsla 0101 Tónlistarskólar stofnkostnaðarstyrkir.
Fyrir „500“ kemur 1 000
35. 02 610 Héraðsskólar, almennt.
a. Við 4 Viðhald.
Fyrir „1 500“ kemur 2 000
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „7 000“ kemur 7 700

c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 610 6).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykholt	2 100	
2. Núpur	1 800	
3. Reykjanes	200	
4. Reykir	800	
5. Laugar	800	
6. Eiðar	1 400	
7. Skógar	400	
8. Laugarvatn	200	
		7 700

36. Við 4. gr. 02 621 Skálholtsskóli. Nýr liður:
6 Gjaldfærður stofnkostnaður 200

37. Við 4. gr. 02 791 Grunnskólar, almennt.
a. Við 0116 Sundskylda í skólum.
Fyrir „7 000“ kemur 10 000
b. Við 0121 Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala.
Fyrir „401“ kemur 721

38. Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög.
a. Fyrir „107 700“ kemur 115 450
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02 792).

Reykjavík:	Þús. kr.
1. Hlíðaskóli, 4. áf. + íþróttahús	700
2. Hólabrekkuskóli, 3. áf.	8 500
3. Hvassaleitisskóli, 3. áf., íþrhús	2 000
4. Seljaskóli, 2. áf.	3 875
5. Seljaskóli, 3. áf.	15
6. Vesturbæjarskóli, 1. áf.	15
7. Ölduselsskóli, 2. áf.	2 400
8. Kópavogur, Digranesskóli	3 500
9. — Hjallaskóli, 1. áf.	6 500
10. — íþróttahús	1 500
11. — Snælandsskóli, 2. áf.	1 500
12. Hafnarfjörður, sundlaug	15
13. — íþrhús og tengib.	170
14. — Öldutúnsskóli, 4. áf.	2 685
15. Seltjarnarnes, sundlaug	1 100
16. Garðabær, gagnfrsk. 1. + 2. áf.	1 300
17. — sundlaugarhús	15
18. Keflavík, íþróttahús, 1. áf.	450
19. — sundlaug	15
20. Grindavík, íþróttahús, 1. áf.	1 700
21. Njarðvík, íþróttahús, 2. + 3. áf.	85
22. Mosfellshreppur, íþrhús, 1. áf.	400
23. — viðbygg. við Varmárskóla	260

		Þús. kr.
24.	Sandgerði, stækkun skóla, 2. áf.	15
25.	— sundlaug	300
26.	Gerðahreppur, sundl. + búningsklefar	170
27.	— stækkun skóla	260
28.	Vatnsleysustrhr., skóli, 1. áf.	148
29.	— sundlaug	340
30.	Kjósarhreppur, endurb.	15
31.	Akranes, Grundarskóli	2 000
32.	— Brekkubæjarskóli, viðb.	3 100
33.	Andakílshreppur, barnaskóli	490
34.	Reykholtsdalshreppur, mötuneyti	171
35.	— sundlaug	342
36.	Varmalandsskóli, íþróttahús	171
37.	— viðb. skóla, 1. áf.	1 500
38.	Borgarnes, grsk. stækkun + breyting	1 090
39.	Laugagerðisskóli, íþróttahús + stækkun skóla	900
40.	Hellissandur, skóli, 1. + 2. áf. stækk.	128
41.	Ólafsvík, stækkun skóla	456
42.	Grundarfjörður, íþróttahús	1 000
43.	Stykkishólmur, skóli, nýbygging	2 000
44.	Búðardalur, skóli, 2. áf.	998
45.	Fræðsluskrifstofa, Borgarnesi	15
46.	Laugaskóli, íþróttahús	883
47.	Ísafjörður, íþróttahús	15
48.	Bolungarvík, íþróttahús	950
49.	— stækkun, skóla + viðb.	15
50.	Geiradalshreppur, heimav., viðb. við félagsh.	300
51.	Barðastrandarhreppur, skóli + jarðborun	100
52.	Patrekshreppur, viðb. skóla	1 400
53.	— endurb. skólastjíb.	200
54.	Tálknafjörður, íþróttah. + félagsh.	700
55.	Ketildalahreppur, laus kennslustofa	150
56.	Flateyri, búningskl., sundl., íþrhús	600
57.	— skóli, endurbætur	100
58.	Suðureyri, íbúð	170
59.	Súðavík, skóli, nýbygging	15
60.	Árneshreppur, skólastjíbúð, stækkun	50
61.	Kaldrananeshreppur, endurb. skóla á Drangsnesi	200
62.	Hólmavík, skóli, 2. áf.	800
63.	Fells- og Óspakseyrarhr., skóli Broddanesi	240
64.	Bæjarhreppur, skóli, Borðeyri	300
65.	Fræðsluskrifstofa Ísafirði	200
66.	Sauðárkrókur, íþróttah. 1. áf.	2 000
67.	— gagnfrsk. v/uppgj.	700
68.	Hvammstangi, sundlaug og búnkl.	440
69.	— skóli, nýbygging	1 700
70.	Þverárhreppur, skóli	100
71.	— íbúð	200

		Þús. kr.
72.	Þorkelshólshreppur, barnask. Víðihlíð	15
73.	Húnavellir, endurbætur	650
74.	— íbúð	15
75.	Blönduós, lóð	200
76.	— íþróttahús	15
77.	Varmahlíð, 3. áf. búningskl.	15
78.	Varmahlíð, lóð	85
79.	Lýtingssthr., íþróttah. og sundlaug	50
80.	— íbúð	300
81.	Hólahreppur, skóli, íb. og skólastjíbúð	1 100
82.	Hofsós, viðbygg. skóla, 4. áf. bókas.	150
83.	Haganeshreppur, skóli, nýbygging	1 200
84.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áf.	200
85.	— íþróttahús	2 300
86.	— Síðuskóli, 1. áf.	1 900
87.	Húsavík, íþróttahús, 1. áf.	2 200
88.	Ólafsfjörður, barnask. endurb. + lóð	160
89.	Dalvík, mötun. í heimavist	230
90.	— skóli, stækkun	1 000
91.	Grímsey, íbúð	120
92.	Svarfaðardalshreppur, sundsk. endurb.	300
93.	— kennaraíbúð	15
94.	Hrísey, íþróttahús og skóli	1 000
95.	Þelamörk, viðbót, kennslustofa, lítil íb., skólastjíb. og endurb.	200
96.	Hrafnagilsskóli, 3. áf. sundl. + íþrh.	500
97.	Laugaland, endurbætur	250
98.	Grenivík, 1. áf. skóla + íþróttah.	300
99.	Bárðdælahreppur, mötun. skóla	150
100.	Skútustaðahreppur, sundlaug	400
101.	Reykdælahreppur, íbúð	200
102.	Hafralækjarskóli, íbúðir	300
103.	Öxarfjörður, Lundarskóli, 1. áf.	250
104.	Öxarfjörður, Lundarskóli, andd. heimav.	100
105.	Kópasker, skóli, nýbygging	500
106.	Raufarhöfn, sundlaug	500
107.	Svalbarðshreppur, skóli og íbúð	500
108.	Þórshöfn, skóli, 1. áf. viðb. og heimav.	15
109.	Fræðsluskrifstofa, Akureyri	200
110.	Seyðisfjörður, sundl., íþrhús og endurb.	200
111.	— nýbygging skóla	1 100
112.	Eskifjörður, skóli, nýbygging	1 200
113.	Skeggjastaðahreppur, skóli, nýbygging	800
114.	Vopnafjörður, íþróttahús	1 200
115.	Jökuldalshreppur, stækkun skóla + íþróttah.	150
116.	Egilsstaðir, uppgjör skóla + anddyri	300
117.	— íþróttah., 1. áf.	1 200
118.	— sel í Fellahreppi	735
119.	Eiðahreppur, stækkun skóla og íbúð	300

		Þús. kr.	Þús. kr.
120.	Mjóifjörður, skóli og endurbætur	50	
121.	Stöðvarfjörður, skóli og sundlaug	1 000	
122.	Fáskrúðsfjörður, endurbætur á sundlaug	300	
123.	Breiðdalshreppur, skóli	1 200	
124.	Djúpivogur, skóli, íþróttahús í félagsheimili, heimavist	1 000	
125.	Geithellnahreppur, skóli, nýbygging	100	
126.	Nesjahreppur, lóðir v/Nesjaskóla	50	
127.	— sundlaug	15	
128.	Mýrahreppur, íbúð	200	
129.	Borgarhafnarhreppur, Hrollaugsstaðask., viðbót og endurbætur	400	
130.	Hofshreppur, nýbygging sk. Öræfum	600	
131.	Fræðsluskrifstofa Austurlands	163	
132.	Vestmannaeyjar, Hamarsskóli	4 200	
133.	Selfoss, gagnfrsk. + íþróttahús	400	
134.	— barnask. viðgerð + endurbætur	50	
135.	Kirkjubæjarhreppur, stækkun skóla	550	
136.	A-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðstaða í félagsheimili	300	
137.	V-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðstaða o. fl. í félagsheimili	300	
138.	A-Landeyjahreppur, íbúð	300	
139.	V-Landeyjahreppur, stækkun skóla + íb.	200	
140.	Hvolhreppur, bókasafn	30	
141.	— sundlaug	800	
142.	Rangárvallahr., sundl., íþróttaaðst. + lóðir	380	
143.	Laugaland í Holtum, stækkun skóla, 1. áf.	1 570	
144.	Stokkseyri, sundl. + íþróttaaðstaða	350	
145.	Eyrarbakki, stækkun skóla	100	
146.	Hraungerðishreppur, skóli, 2. áf.	480	
147.	Gnúpverjahreppur, skóli, nýbygging	1 400	
148.	Ljósafossskóli, endurbætur á skóla	200	
149.	Hveragerði, íþróttahús, 2. áf.	300	
150.	— skóli, viðbygging	1 500	
151.	Þorlákshöfn, stækkun skóla, 1. áf.	1 800	
152.	Orkusparandi aðgerðir	1 000	
153.	Stofnbúnaður eldri skóla	2 000	
154.	Hagræðingaraðgerðir	300	
			115 095
Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:			
1.	Reykjavík, Grafarvogsskóli, 1. áf.	5	
2.	— Hólabrekkusk., kennsluaðst. Gerðuberg	5	
3.	— Melaskóli, laus kennslustofa	5	
4.	Álftamýraskóli, innrétting fyrir blindradeild	5	
5.	Seltjarnarnes, skóli	5	
6.	Kópavogur, kennslusundlaug	5	
7.	Garðabær, Hofstaðaskóli	5	

		Þús. kr.
8.	Hafnarfjörður, skóli	5
9.	Bessastaðahreppur, íþróttahús	5
10.	— stækkun skóla	5
11.	Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5
12.	Mosfellshreppur, gagnfrsk. Brúará, stækkun	5
13.	Kjalarnes, viðbót við skólahúsnæði	5
14.	Akranes, sundlaug	5
15.	Heiðarskóli, endurbygging, hitaveita	5
16.	Varmalandsskóli, hitaveita	5
17.	Ólafsvík, íþróttasalur	5
18.	Grundarfjörður, endurb. skólastjóraíbúðar	5
19.	Stykkishólmur, sundlaug	5
20.	— íþróttahús	5
21.	— laus kennslustofa	5
22.	Búðardalur, íþróttahús	5
23.	Ísafjörður, viðbygging við barnaskóla	5
24.	Reykhólar, íbúð	5
25.	Bíldudalur, íþróttahús	5
26.	Þingeyri, sundlaug	5
27.	Kaldrananeshreppur, búningskl. við Gvendarlaug	5
28.	Drangsnes, endurb. skólastjóraíbúðar	5
29.	Bæjarhreppur, íbúð	5
30.	Sauðárkrókur, barnaskóli, endurb.	5
31.	Siglufjörður, íþróttahús	5
32.	— skóli, breytingar	5
33.	Laugarbakkaskóli, íþróttahús	5
34.	Hvammstangi, íþróttahús	5
35.	Blönduós, stækkun skóla	5
36.	Skagaströnd, skólastjóraíbúð	5
37.	— sundlaug	5
38.	Hólahreppur, sundlaug	5
39.	Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	5
40.	— sundlaug	5
41.	— Oddeyrarskóli, stækkun	5
42.	Húsavík, barnaskóli, stækkun	5
43.	— gagnfræðaskóli, 3. áf.	5
44.	Ólafsfjörður, endurbætur sundlaugar	5
45.	— íþróttahús	5
46.	Þelamörk, íþróttahús	5
47.	Öngulsstaðahreppur, breyt. á Laugalandssk.	5
48.	Svalbarðsströnd, íþróttahús + skóli	5
49.	Skútustaðahreppur, skóli, nýbygging	5
50.	Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5
51.	Neskaupstaður, íþróttahús, stækkun	5
52.	— sundlaug	5
53.	Eskifjörður, endurb. á skólastjóraíbúð	5
54.	Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð + heimavist	5
55.	Hallormsstaður, íþróttah. + sundl. + íbúð í sk.	5

	Þús. kr.	Þús. kr.
56. Reyðarfjörður, stækkun skóla	5	
57. Búðahreppur, endurb. á skólastjóraíbúð	5	
58. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5	
59. Vestmannaeyjar, breyting grunnskóla	5	
60. Vík í Mýrdal, íbúð	5	
61. — sundlaug	5	
62. Dyrhólahreppur, stækkun skóla	5	
63. Rangárvallahreppur, stækkun grunnskóla	5	
64. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
65. Djúpárhreppur, sundl. + íþróttah. í Þykkvabæ	5	
66. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
67. — íþraðst. í félagsh.	5	
68. Stokkseyrarhreppur, laus kennslustofa	5	
69. Skeiðahreppur, breyting á skóla	5	
70. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
71. Biskupstungnahreppur, skóli, stækkun	5	
		355
		115 450

39. Við 4. gr. 02 797 Skólar fyrir þroskaheft börn.
    a. Við 0104 Þjálfunarskólar.
    Fyrir „24 405“ kemur 24 705
    b. Við 0106 Sameiginleg þjónusta.
    Fyrir „10 253“ kemur 11 253
40. Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili.
    a. Fyrir „30 000“ kemur 31 640
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Dagvistarheimili (02 803).

a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Suðureyri	700	
2. Sauðárkrókur v/Sæmundarhlíð	500	
3. Akureyri v/Síðusel	1 100	
4. Þórshöfn	540	
5. Eyrarbakki	670	
6. Selfoss (endurbætur, búnaður)	200	
7. Þorlákshöfn	1 100	
8. Hveragerði	1 000	
9. Sandgerði	700	
10. Keflavík v/Hólmgarð	1 100	
11. Hafnarfjörður v/Norðurvang	1 200	
12. Hafnarfjörður v/Kirkjuveg	215	
13. Kópavogur v/Hábraut	1 320	
14. Kópavogur v/Efstahjalla	1 700	
15. Seltjarnarnes v/Sólbrekku	1 800	
16. Sumargjöf, Reykjavík	1 900	
Reykjavíkurborg:		
17. Færanleg leikstofa v/Suðurhóla	335	
18. Skóladagheimili í Breiðagerðisskóla	100	
19. Bústaðavegur	1 500	
20. Bólstaðarhlíð/Stakkahlíð	2 100	
		19 780

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Gömul hús, breytingar, tekin í fjárlög 1983 eða fyrr (tekin til starfa):		
1. Raufarhöfn	230	
2. Fáskrúðsfjörður (Búðahr.)	100	
3. Stöðvarfjörður (Bakkag.)	150	
4. Breiðdalsvík	160	
5. Stykkishólmur	200	
6. Foreldrafélag Seyluhrepps	60	
7. Grýtubakkahreppur	60	
8. Hvolhreppur	60	
		1 020
c. Dagheimili sem eru í byggingu:		
1. Akranes, II. áf.	500	
2. Hellissandur	600	
3. Patreksfjörður	700	
4. Bolungarvík	700	
5. Ísafjörður	100	
6. Súðavík	400	
7. Akureyri (Fíladelfíusöfnuður)	400	
8. Borgarfjörður eystri	100	
9. Reyðarfjörður	1 100	
10. Keflavík v/Tjarnarsel	300	
11. Njarðvík	400	
12. Hafnarfjörður v/Smárabarð	900	
13. Garðabær v/Hofstaðabraut	600	
14. Mosfellssveit v/Hlaðhamra	700	
15. Kópavogur v/Grænatún	900	
Reykjavíkurborg:		
16. Hraunberg	1 200	
17. Hönnun	450	
		10 050
d. Dagheimili tekin í fjárlög 1983 eða fyrr:		
1. Borgarnes, II. áf.	50	
2. Búðardalur, Laxárdalshr.	50	
3. Þingeyri	50	
4. Hólmavík	50	
5. Hvammstangi	50	
6. Blönduós, II. áf.	50	
7. Skagaströnd, II. áf.	50	
8. Dalvík, II. áf.	50	
9. Akureyri v/Þórunnarstræti	50	
10. Egilsstaðir, II. áf.	50	
11. Stokkseyri	50	
12. Hafnarfjörður v/Smárabarð, II. áf.	50	
13. Reykjavíkurborg, skd. v/Laugarnesskóla	50	
14. Hella, Rangárvallahr.	50	
15. Vatnsleysuströnd	50	
		750

	Þús. kr.	Þús. kr.
e. Ný dagvistarheimili, til undirbúnings framkvæmda:		
1. Hafnarfjörður v/Norðurberg	5	
2. Kópavogur/Vesturbær	5	
3. Andakílshr., Borgarfirði	5	
4. Hofsós	5	
5. Eskifjörður (breytingar)	5	
Reykjavíkurborg:		
6. Seljahverfi, skd. — leiksk.	5	
7. Eiðsgrandi, dagh. — leiksk.	5	
8. Árbæjarhverfi, skd. — leiksk.	5	
		40
41. Við 4. gr. 02 881 Náms- og fræðimenn, framlög.		31 640
a. Við 0109 Styrkur til útgáfustarfa.		
Fyrir „420“ kemur		605
b. Við 0114 Stúdentagarðar, viðhald.		
Fyrir „3 500“ kemur		5 500
42. Við 4. gr. 02 885 Fullorðinsfræðsla.		
a. Við 0102 Bréfaskólinn.		
Fyrir „320“ kemur		416
b. Við 0103 Námsflokkar.		
Fyrir „88“ kemur		114
c. Við 0105 Félagsmálanámskeið.		
Fyrir „53“ kemur		70
d. Við 0106 Heimilisiðnaðarskólinn.		
Fyrir „46“ kemur		100
e. Við 0107 Menntun starfsfólks á dagheimilum.		
Fyrir „200“ kemur		260
43. Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 0103 Sjóminjasafn.		
Fyrir „1 200“ kemur		1 500
44. Við 4. gr. 02 909 Blindrabókasafn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
Fyrir „600“ kemur		800
45. Við 4. gr. 02 931 Náttúruverndarráð.		
a. Við 0103 Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum.		
Fyrir „971“ kemur		1 571
b. Við 0109 Rannsóknarstörf við Mývatn.		
Fyrir „553“ kemur		588
46. Við 4. gr. 02 973 Þjóðleikhúsið, framlög.		
Fyrir „39 934“ kemur		42 434
47. Við 4. gr. 02 980 Listskreytingarsjóður ríkisins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
Fyrir „2 000“ kemur		2 500
48. Við 4. gr. 02 982 Listir, framlög.		
a. 0101 Leikfélag Reykjavíkur.		
Fyrir „2 000“ kemur		3 200
b. Við 0102 Leikfélag Akureyrar.		
Fyrir „1 500“ kemur		2 700
c. Við 0103 Leiklistarstarfsemi.		
Fyrir „1 800“ kemur		2 800

	Þús. kr.
d. Við 0104 Bandalag íslenskra leikfélaga.	
Fyrir „225“ kemur	400
e. Við 0105 Önnur leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „150“ kemur	700
f. Við 0106 Leiklistarráð.	
Fyrir „67“ kemur	90
g. Við 0107 Íslenska óperan.	
Fyrir „1 500“ kemur	2 500
h. Við 0108 Íslenski dansflokkurinn.	
Fyrir „375“ kemur	500
i. Við 0109 Brúðuleikhús.	
Fyrir „75“ kemur	125
j. Við 0112 Kynning á íslenskri leiklist erlendis.	
Fyrir „200“ kemur	250
k. Við 0215 Höfundamiðstöð.	
Fyrir „38“ kemur	50
l. Við 0221 Rithöfundasamband Íslands.	
Fyrir „22“ kemur	30
m. Við 0231 Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundarlaga.	
Fyrir „94“ kemur	120
n. Við 0232 Rithöfundasjóður Íslands.	
Fyrir „1 800“ kemur	2 200
o. Við 0233 Þýðingarsjóður.	
Fyrir „750“ kemur	950
p. Við 0234 Kynning á íslenskum bókmenntum erlendis.	
Fyrir „200“ kemur	250
q. Við 0307 Lúðrasveitir.	
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Liðurinn til einstaklinga og samtaka hækki um 900 þús. kr. vegna kaupa á heyrnartækjum.
325 Hollustuvernd ríkisins: Önnur rekstrargjöld lækki um 500 þús. kr.
381 Sjúkrahús- og læknisbústaðir: Gjöld hækki alls um 10 350 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti: 0301 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 4 250 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Nýr liður: Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur verði 4 000 þús. kr. 0311 DAS, Hrafnista, Hafnarfirði byggingarstyrkur, fjórða greiðsla af sex hækki um 2 100 þús. kr. Aftan við liðinn 0314 SÁÁ, byggingarstyrkur bætist: lokagreiðsla.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti: Stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.

387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Liðurinn Viðhald hækki um 800 þús. kr. til viðhalds á gluggum.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 2 887 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0106 MS-félag Íslands hækki um 5. þús. kr., 0108 Hjartavernd 850 þús. kr., 0109 Krabbameinsfélag Íslands 817 þús. kr. Nýr liður: Til reykingavarna verði 400 þús. kr. 0127 Sjúkraflug hækki um 200 þús. kr., 0131 Félag asthmasjúklinga um 9 þús. kr., 0132 Exem- og psoriasissjúklingar 6 þús. kr. Nýr liður: 0151 Hjarta- og æðaverndarfélag verði 350 þús. kr. Nýr liður 0148 Útbreiðsla atvinnusjúkdóma verði 250 þús. kr.

502 Þroskaþjálfaskóli Íslands: Liðurinn stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti.

402 Fasteignamat ríkisins: Gjöld hækki alls um 700 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. og Viðhald um 200 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti.

211 Vegagerð ríkisins: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 80 þús. kr. vegna vetrarsamgangna.

331 Vita- og hafnarmálaskrifstofa: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 750 þús. kr. Sértekjur lækki um 1 000 þús. kr.

332 Vitastofnun Íslands: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 500 þús. kr. og sértekjur lækki um 1 000 þús. kr.

333 Hafnamál: Liðurinn hækki alls um 4 100 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0102 Hafnarrannsóknir og mælingar hækki um 500 þús. kr. 0103 Hafnamannvirki og lendingabætur hækki um 900 þús. kr. og er gerð tillaga um skiptingu þessa fjár í breytingartillögum nefndarinnar. 0104 Ferjubryggjur hækki um 1 000 þús. kr. 0108 Sjóvarnargarðar hækki um 900 þús. kr. Sundurliðun er í breytingartillögum nefndarinnar. Nýr liður: 0112 Landshöfn Þorlákshöfn verði 800 þús. kr.

485 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 1 300 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Þrír nýir liðir: 0102 Flugbjörgunarsveitir verði 450 þús. kr., 0105 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna verði 350 þús. kr. og 0110 Sjálfvirkt tilkynningarkefi fyrir fiskiskip verði 500 þús. kr.

652 Veðurstofa Íslands. Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 900 þús. kr. Sértekjur hækki um 1 400 þús. kr. sem er mótframlag frá ICAO vegna veðurþjónustu við millilandaflug, til kaupa á veðurathugunartækjum til mælinga í háloftunum.

656 Landmælingar Íslands: Liðurinn Sértekjur lækki um 1 000 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti.

240 Iðnaðarrannsóknir: Liðurinn Stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn hækki alls um 3 110 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0103 Heimilisiðnaðarfélag hækki um 10 þús. kr., 0104 Iðnþróun og tækninýjungar hækki um 500 þús. kr., 0126 Iðnþróunarverkefni hækki um 200 þús. kr., 0127 Iðnráðgjafar hækki um 900 þús. kr. Nýr liður: 0128 Kynning á íslenskum iðnaðarvörum verði 1 500 þús. kr.

371 Orkusjóður: 0103 Styrking dreifikerfis í sveitum hækki um 6 000 þús. kr. 0111 Hólsfjallabæir hækki um 750 þús. kr.

399 Ýmis orkumál: Nýr liður: 0106 Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar verði 5 000 þús. kr., sbr. 85. q.- lið breytingartillögu nefndarinnar.

12 Viðskiptaráðuneyti.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur rekstrargjöld hækki um 330 þús. kr. Til einstaklinga og samtaka hækki um 190 þús. kr. vegna Neytendasamtakanna. Aftan við liðinn bætist greining á viðfangsefnum: 0101 Yfirstjórn 11 933 þús. kr. og 0103 Nefnd samstarfsráðherra Norðurlanda 700 þús. kr.

902 Verðlagsstofnun: Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. til verðkannana.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 000 þús. kr. til hagræðingar í rekstri ríkisfyrirtækja.

Alþingi, 13. des. 1983.

Lárus Jónsson, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Pálmi Jónsson.
Árni Johnsen.	Friðjón Þórðarson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 193. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Afleiðingarnar af hruni kaupmáttar launa í kjölfar leiftursóknar ríkisstjórnarinnar gegn lífskjörunum koma m. a. fram í því að tekjur ríkissjóðs af neysluskattum hafa skerst svo að í stað rekstrarafgangs á undanförnum árum blasir við verulegur hallarekstur á ríkissjóði á þessu ári.

Ljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir ætla ekki að standa við það markmið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að miða gerð fjárlaga fyrir árið 1984 við að ná jafnvægi í ný í ríkisfjármálum.

Fjárlagafrumvarpið var lagt fram með raunverulegum halla og ekki er annað sýnt en að sá halli verði staðfestur við afgreiðslu þess. En fyrir aðra umræðu hafa engar upplýsingar verið veittar um endurmat á tekjuhlið frv. og þrátt fyrir ítrekaðar óskir minni hl. hefur því ekki fengist framgengt að fulltrúar Þjóðhagsstofnunar kæmu á fund nefndarinnar svo sem venja er. Við afgreiðslu fjárlagafrv. til annarrar umræðu er engin grein gerð fyrir ýmsum útgjaldaliðum eða þeir vantaldir. T. d. mun skorta um 30 millj. kr. á að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs dugi til að uppfylla skyldur ríkissjóðs. Og engin grein er gerð fyrir því á hvern veg á að sjá fyrir þeim 240 millj. kr. sem gert er ráð fyrir sem viðbótarframlagi ríkissjóðs til húsnæðismála á næsta ári í stjórnarfrv. um húsnæðismál.

Engin útgjöld eru áætluð vegna vaxta af yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann um næstu áramót en gera má ráð fyrir að skuldin nemi þá um 1200 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að í frv. er áætlað að greiddar verði 45 millj. kr. í vexti af þeim yfirdrætti ríkissjóðs í Seðlabankanum sem gert er ráð fyrir að myndist á næsta ári.

Þegar allt þetta er metið er ljóst að hafin er á ný sú skuldasöfnunarstefna og þær seðlaprentunarlausnir sem einkenndu ríkisfjármálin þegar þau voru undir stjórn Sjálfstæðisflokksins á árunum 1974—1978.

Fjárlagaafgreiðslan nú markar tímamót að því leyti að hafinn er markviss niðurskurður félagslegra réttinda og ráðist gegn þeirri félagshyggju sem á undanförnum áratugum hefur í æ ríkara mæli tryggt afkomuöryggi þeirra sem fyrir áföllum verða.

Til viðbótar stórfelldri skerðingu kaupmáttar lífeyrisbóta er við afgreiðslu fjárlaga lagt til atlögu gegn þeim réttindum sem sjúklingar hafa notið til ókeypis sjúkrahúsvistar, og stigin eru spor áratugi aftur í tímann þar sem ákveðið er að velta 355 millj. kr. útgjöldum af ríkissjóði yfir á þá sem þurfa á sjúkraþjónustu að halda. Þessi upphæð jafngildir um 7 600 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Hugur stjórnarflokkanna til jafnréttismála og hagsmuna barnafjölskyldna kemur skýrt fram í því að í fyrsta sinn eru engar framkvæmdafjárveitingar ætlaðar til þeirra dagvistarheimila sem áður hafa fengið fé á fjárlögum til undirbúnings og hönnunar.

Minni hl. fjvn. lítur svo á að ekki séu aðstæður til að flytja brtt. til hækkunar útgjalda svo að nokkru nemi umfram það sem fjvn. flytur sameiginlega. En vegna þess hversu brýn þörf er á auknu dagvistarrými víðast hvar á landinu telur minni hl. fjvn. að engan veginn verði við það unað að ríkisvaldið stöðvi allar fyrirætlanir sveitarfélaga um úrbætur í þessum málaflokki, auk þess sem tillögur um fjárveitingar til heimila í byggingu séu of lágar. Minni hl. fjvn. flytur þess vegna þá brtt. eina við aðra umræðu að framlög til byggingar dagvistarheimila hækki um 20 millj. kr.

Niðurskurðarstefna ríkisstjórnarflokkanna á framkvæmdaliðum er eitt aðaleinkenni fjárlagaafgreiðslunnar og bitnar sú stefna á ýmsum þeim sem síst skyldi. Í lögum um Framkvæmdasjóð fatlaðra er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái um 91 millj. kr. í fjárlögum næsta árs miðað við áætlaða verðlagsþróun. Í fjárlagafrv. er þetta framlag einungis 40 millj. kr. Jafnframt kveða lög svo á um að erfðaskattur renni í Erfðafjársjóð til ráðstöfunar fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra. Af 40 millj. kr. áætluðum erfðaskatti ætla stjórnarflokkarnir að hirða ríflega 20 millj. kr. í ríkissjóð og auka með því hlut ríkissjóðs um 280% á næsta ári á sama tíma og hlutur Erfðafjársjóðs af skattinum á að aukast um 20%.

Á sama tíma og raungildi framlaga til brýnustu félagslegra framkvæmda eru markvisst skorin niður verður ekki annað séð en að rekstrarútgjöld ýmissa stofnana séu aukin að raungildi, enda þótt því sé haldið fram í grg. fjárlagafrv. að þau séu undantekningarlaust skorin niður um 5%. Eiga þá að vera lögð til grundvallar raunveruleg rekstrarútgjöld ársins 1982. Sú viðmiðun er engan veginn einhlít til ákvörðunar rekstrarútgjalda 1984 og með því gerð að engu sú viðleitni sem kann að hafa verið höfð uppi til sparnaðar á árinu 1983. Enda hefur komið í ljós að í ýmsum tilvikum leggja stjórnarflokkarnir til í fjárlagafrv. að rekstrarútgjöld stofnana verði aukin á næsta ári en ekki skorin niður um 5% eins og látið er í veðri vaka. Í störfum fjvn. hefur ekki gefist tími sem skyldi til að endurskoða tölur í fjárlagafrv. um rekstrarúgjöld. Enda þótt nokkrar brtt. séu fluttar til lækkunar eftir ábendingum minni hl. verður ekki annað séð en í ýmsum tilvikum verði óbreyttar tillögur í fjárlagafrv. grundvöllur til aukinna rekstrarútgjalda á næsta ári.

Eins og fram hefur komið í umræðum um tekjuskattsfrumvarp ríkisstjórnarinnar mun skattbyrði gjaldenda af beinum sköttum aukast á næsta ári miðað við áætlanir um tekjur gjaldenda á greiðsluári. Skýtur þessi ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna nokkuð skökku við kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins um lækkun eða afnám tekjuskatts. Er stefna ríkisstjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga því enn einn þátturinn í áframhaldandi kjaraskerðingu á næsta ári.

Samtímis því að verðbætur á laun eru bannaðar er gert ráð fyrir því að vegasjóður og ríkissjóður auki tekjur sínar af bensíni með þeim hætti að bensíngjald hækki til jafns við hækkun byggingarvísitölu. Er gert ráð fyrir að bensínverð verði að meðaltali 44.4% hærra á árinu 1984 en 1983, á sama tíma og hækkun launa er áætluð 14.5 — 15% skv. forsendum fjárlagafrv.

Þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins um að öll skattheimta af bensíni eigi að renna í vegasjóð er fjárlagaafgreiðslan við það miðuð að í ríkissjóð renni beint 295 millj. kr. hærri tekjur af tollum, tollafgreiðslugjaldi og söluskatti af bensíni en í ár. Þ. e. þessar tekjur ríkissjóðs hækki um 41.4%, jafnframt því sem ætlunin er að hverfa frá því markmiði í langtímaáætlun um vegagerð að útgjöld til vegamála nemi á árinu 1984 2.3% af þjóðarframleiðslu, en miðað þess í stað við 2.2%.

Þannig eru helstu einkenni fjárlagaafgreiðslu ríkisstjórnarflokkanna:

1. Hallarekstur ríkissjóðs.
2. Auknar lántökur og skuldasöfnun.
3. Upphaf aðfarar að tryggingakerfinu með sérstakri skattlagningu á þá landsmenn sem þurfa á sjúkraþjónustu að halda.
4. Aukin skattbyrði m. a. vegna vísitölubundinna hækkana gjaldstofna til ríkisins á sama tíma og verðbætur á laun eru bannaðar með lögum.
5. Niðurskurður félagslegra framkvæmda.
6. Hækkun rekstrarúgjalda ýmissa stofnana.

Að slíkri afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins getur minni hl. fjvn. ekki staðið.

Alþingi, 12. des. 1983.

Geir Gunnarsson, fundaskr., frsm. Karvel Pálmason. Kristín S. Kvaran.

Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 194. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.
Fyrir „30 000“ kemur 50 000

Sþ. 195. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um að hanna minni og hagkvæmari flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ólafur Ragnar Grímsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að í stað þess að halda áfram framkvæmdum við fyrirhugaða flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli verði þegar í stað hafin hönnun minni og hagkvæmari flugstöðvar sem Íslendingar reisi sjálfir. Skal að því stefnt að fyrsti áfangi slíkrar byggingar komist í notkun fyrr en núgildandi áform ríkisstjórnarinnar um fyrirhugaða flugstöðvarbyggingu gera ráð fyrir.

Því fé, sem samkvæmt fjárlögum er áformað að nota til byggingarframkvæmda á næsta ári, verði varið á eftirfarandi hátt:

— Til að hanna minni og hagkvæmari byggingu sem hægt er að reisa í áföngum.
— Til kaupa á öryggistækjum og búnaði fyrir flugsamgöngur.
— Til uppbyggingar flugvalla fyrir innanlandsflug.
— Til annarra forgangsverkefna í samgöngu- eða félags- og menningarmálum.

Greinargerð.

Á fjárlögum fyrir árið 1984 eru áætlaðar 103 770 þús. kr. til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli á sama tíma og allt framkvæmdafé til flugmála innanlands er áætlað 51 300 þús. kr. Ljóst er að talsverður hluti fjárveitinganna á næsta ári mun ganga til að greiða skuldir vegna framkvæmda sem þegar hafa verið unnar. Það verður því lítið um framkvæmdir í sambandi við flugsamgöngur innanlands á næsta ári. M. a. í ljósi þessa er það óeðlilegt að verja meira en tvöföldu því fjármagni, sem ætlað er til framkvæmda í flugmálum innanlands eða svipaðri fjárhæð og ætluð er til allra framkvæmda við grunnskólamannvirki á næsta ári, í óraunhæft stórhýsi og varaskeifu fyrir bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli.

Nýjustu áform gera ráð fyrir að 616 millj. kr. renni úr íslenska ríkiskassanum í flugstöðvarbygginguna á næstu árum. Með því að reisa minni og hagkvæmari byggingu í áföngum má draga úr og dreifa stofnkostnaði og spara síðan rekstrarkostnað og er eðlilegt að það kæmi fyrst og fremst flugsamgöngum innanlands til góða. Því gera flutningsmenn það að tillögu sinni að hönnuð verði minni og skynsamlegri flugstöðvarbygging sem unnt sé að reisa í áföngum. Skal við það miðað að Íslendingar fjármagni, hanni og reisi þessa byggingu sjálfir enda verði hér um íslenskt samgöngumannvirki að ræða sem lúti undantekningarlaust óskertri íslenskri yfirstjórn.

Fylgiskjal.

Greinargerð og tillögur Alþýðubandalagsins vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli.

Lagt fram á ríkisstjórnarfundi 1. ágúst 1982.

Alþýðubandalagið vekur athygli á því að í sameiginlegri greinargerð flugstöðvarnefndarinnar kemur fram að veruleg farþegafækkun hefur orðið í millilandaflugi um Ísland, samkeppnisstaða íslensku flugfélaganna hefur versnað og framtíðarþátttaka Íslendinga í samkeppnisflugi yfir Atlantshafið er í algerri óvissu.

Flugstöðin, sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli, er miðuð við allt aðrar og eldri forsendur. Henni var ætlað að taka mið af stórfelldri farþegaaukningu, en í staðinn hefur orðið veruleg fækkun. Henni var ætlað að þjóna vaxandi Atlantshafsflugi, en í staðinn hefur það minnkað um rúmlega helming og gæti hætt alveg á næstu missirum eða árum. Í sameiginlegu áliti flugstöðvarnefndarinnar segir að hætti Íslendingar þátttöku í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið hafi forsendur fyrir hönnun flugstöðvarbyggingarinnar breyst í svo veigamiklum atriðum að endurhönnunar verði þörf.

Alþýðubandalagið er sammála þessari aðvörun nefndarinnar og þeirri gagnrýni sem kemur fram í séráliti Ólafs Ragnars Grímssonar á þá tegund flugstöðvar sem nú hefur verið teiknuð. Þessi flugstöð er allt annarrar gerðar en flestar evrópskar flugstöðvar. Þær er hægt að stækka og minnka eftir þörfum, en þessa flugstöð verður að reisa alla í einu. Flugstöðin er of stór og verður mjög dýr í rekstri. Nýtanlegt rými hennar er ⅔ af aðalbyggingu DeGaulle-flugstöðvarinnar í París sem ætlað er að anna einhverri mestu flugumferð í stórborgum Evrópu. Flugstöðin í Helsinki, sem er álíka stór og þessi flugstöð, annar 1 700 000 farþegum á ári, en umferðin hér í millilandaflugi Flugleiða er aðeins um 270 þús.

Með hliðsjón af þessu hafnar Alþýðubandalagið að ráðist verði í að reisa þá flugstöðvarbyggingu sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli. Alþýðubandalagið er einnig algerlega andvígt því að bandarísku hernaðarfjármagni verði varið til að reisa íslenskt samgöngumannvirki, enda er slík fjármögnun í andstöðu við grundvallarreglur efnahagslegs sjálfstæðis sem flestir íslenskir stjórnmálamenn telja sig fylgjandi.

Alþýðubandalagið leggur hins vegar til að þeirri fjárhæð, sem í fjárlögum íslenska ríkisins tengist flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, verði varið til að hanna aðra og minni flugstöð, hagkvæmari og hentugri sem samrýmist betur raunveruleikanum í þróun íslenskra flugmála. Við hönnun byggingarinnar verði tekið mið af heildaráætlun um úrbætur í íslenskum flugmálum og hliðsjón höfð af óvissunni sem því miður ríkir um framtíð mikilvægustu þáttanna í flugrekstri Íslendinga.

Þar eð verulegur hluti hönnunarvinnu og þjálfunar, sem fengist hefur við gerð fyrirliggjandi teikninga, getur nýst við hönnun hagkvæmari og smærri byggingar ættu nýjar teikningar að geta orðið tilbúnar á næsta ári.

Þótt nokkrum viðbótartíma verði varið til að hanna flugstöðvarbygginguna að nýju og gera hana hagkvæmari og sveigjanlegri er ljóst að slík bygging gæti engu að síður verið fullbúin og komist í notkun á skemmri tíma en hin stóra og óhagkvæma flugstöðvarbygging sem nú hefur verið hönnuð á Keflavíkurflugvelli. Meiri tími í nýja og betri hönnun getur því þýtt mun minni framkvæmdatíma. Sú leið gæti haft í för með sér að hagkvæm flugstöð á Keflavíkurflugvelli yrði tekin í notkun fyrr en ella.

Við endurhönnun flugstöðvarinnar verði ákveðið að gerð byggingarinnar verði sams konar og flugstöðvanna í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, Glasgow og Luxemburg og feli í sér möguleika á áfangaskiptingu og nýjum álmum eftir þörfum á hverjum tíma.

Bygging flugstöðvarinnar taki mið af forgangsröð verkefna í íslenskum flugmálum og verði samræmd áætlun um heildarúrbætur í íslenskum flugmálum þar sem nauðsyn bættrar öryggisþjónustu og aðrar framkvæmdir á flugvöllum landsins, sem flugráð hefur lagt ríka áherslu á, skipi jafnháan sess og bygging flugstöðvar.

Alþýðubandalagið leggur því til að ríkisstjórnin samþykki eftirfarandi:

1) að fjármagni í fjárlögum, sem verja á til flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, verði varið til að hanna minni og hagkvæmari flugstöðvarbyggingu sem reisa mætti í áföngum;
2) að gerð verði heildaráætlun um framkvæmdir í íslenskum flugmálum þar sem stefnt verði að því að ljúka óhjákvæmilegum framkvæmdum í öryggismálum flugvalla, lagningu flugbrauta og byggingu flugstöðva víðs vegar um land á næstu 10 árum og verði ný flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli felld inn í þessa heildaráætlun;
3) að gerð verði sérstök athugun á framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Niðurstöður af framangreindum athugunum liggi fyrir ekki síðar en á komandi vetri.

Sþ. 196. Fyrirspurnir. [146. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um undirbúning frumvarps um umhverfismál.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvenær hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um umhverfismál sem boðað var í upphafi þings?
2. Hefur verið skipuð nefnd til að yfirfara áður gerð frumvörp um umhverfismál eða semja enn eitt um þau mál?
3. Ef svo er, hverjir skipa þá nefnd og hvenær hyggst hún ljúka störfum?

II. Til sjávarútvegsráðherra um frumvarp um selveiðar við Ísland.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um selveiðar við Ísland og þá hvenær?
2. Hver yrðu meginmarkmið frumvarpsins?

III. Til menntamálaráðherra um táknmálskennslu í grunnskólum.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að tekin verði upp kennsla í táknmáli í grunnskólum landsins?

Sþ. 197. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

I. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur.* Þús. kr.
Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun. Nýr liður:
0106 Sérkennslugögn 1 200

II. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur* og *Helga Seljan.*
Við 4. gr. 07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.
Fyrir „40 000“ kemur 55 000

III. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur* og *Eiði Guðnasyni.*
Við 6. gr. Nýr liður:
7.10 Að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna.

Sþ. 198. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1982.

Efnisyfirlit

I. INNHEIMTA TEKNA .....

1.1. MARKAÐAR TEKJUR .....
1.1.0. Bifreiðainnflutningur .....
1.1.1. Bensíngjald .....
1.1.2. Þungaskattur .....
1.1.3. Gúmmígjald .....

1.2. FRAMLAG FRAMKVÆMDASTOFNUNAR
1.3. RÍKISFRAMLAG
1.4. LÁNSFJÁRÖFLUN
1.5. GREIÐSLA VAXTA OG AFBORGANA

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR
2.1.0. Starfsmannahald
2.1.1. Skrifstofukostnaður
2.1.2. Tæknilegur undirbúningur
2.1.3. Umferðartalning og eftirlit
2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA
2.2.1. Sumarviðhald
2.2.1.1. Viðhald malarvega
2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi
2.2.1.3. Viðhald brúa
2.2.1.4. Viðhald varnargarða
2.2.1.5. Heflun vega
2.2.1.6. Rykbinding
2.2.1.7. Vinnsla efnis
2.2.1.8. Vatnaskemmdir
2.2.1.9. Vegmerkingar
2.2.2. Vetrarþjónusta
2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA
2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda
2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda
2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda
2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda
2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun
2.3.0.5. Viðbótarfjármagn
2.3.0.6. Frestun framkvæmda
2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun
2.3.1. Til stofnbrauta
2.3.1.1. Almenn verkefni
2.3.1.2. Bundin slitlög
2.3.1.3. Sérstök verkefni
2.3.2. Til þjóðbrauta
2.3.3. Girðingar og uppgræðsla

2.4. TIL BRÚAGERÐA
2.4.1. Til brúa 10 m og lengri
2.4.2. Til smábrúa

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.
2.5.1. Til aðalfjallvega
2.5.2. Til annarra fjallvega
2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum
2.5.4. Bláfjallavegur, Suðurlandsvegur-Hafnarfjörður
2.5.5. Til reiðvega

2.6. TIL SÝSLUVEGA

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA
2.8.1. Vélakaup
2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI
3.1.1. Ódýr slitlög

4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA
4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu
4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964-1982
4.1.3. Heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu
4.1.4. Kostnaður við sumarviðhald 1965-1982
4.1.5. Kostnaður við vetrarþjónustu 1965-1982
4.1.6. Nýbygging vega, brúa og fjallvega 1964-1982

Fylgiskjöl.

1.1.0.-1. Markaðir tekjustofnar
2.1.2.-1. Umferðartalning 1982, Suðvesturland
2.1.3.-2. Umferðartalning 1982, Norðvesturland
2.1.3.-3. Umferðartalning 1982, Norðausturland
2.1.3.-4. Umferðartalning 1982, Suðausturland
2.3.0.-1. Þjóðvegir 1. janúar 1982
2.3.0.-2. Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1983
2.3.1.1.-1. Stofnbrautir — almenn verkefni
2.3.1.2.-1. Stofnbrautir — bundin slitlög
2.3.1.3.-1. Stofnbrautir — sérstök verkefni
2.3.2.1. Þjóðbrautir
2.4.1.-1. Brýr 10 m og lengri
2.5.1.-1. Aðalfjallvegir

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1982 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.'82 m.kr.	Mismunur m.kr.
1.1.1. Bensíngjald:	272,7	272,0	−0,7
Brúttótekjur		272,3	
Endurgreiðslur		−0,3	
1.1.2. Þungaskattur:	116,0	117,2	1,2
Km-gjald		99,2	
Árgjald		18,0	
1.1.3. Gúmmígjald	1,0	1,1	0,1
Samt. 1.-3.	389,7	390,3	0,6
1.2. Framlag frá Framkv. st.	20,0	20,0	
1.3. Ríkisframlag	7,6	9,5	1,9
1.4. Lánsfé	200,0	203,9	3,9
Samt. 1.-4.	617,3	623,7	6,4

Í fylgiskjali 1.-1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. febr. 1983.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR.

1. 1. 0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1982 voru fluttar inn 10 480 bifreiðar og er það 114 bifreiðum fleira en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 9 039. Innflutningur vörubifreiða var alls 831, þar af 257 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 529 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 81. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1982 hafi verið orðin um 106 500 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 5,5%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1983 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1982 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Br. frá 1981
Fólksbifreiðar	86 450	3 808	90 258	5,0%
Alm. bifreiðar	380	819	1 199	4,2%
Vörubifreiðar	4 674	4 805	9 479	11,1%
	91 504	9 432	100 936	5,6%

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsala á tekjuárinu 1982 varð 126,9 m. ltr., en það er 4,8% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 0,7% minni en árið áður eða 1 250 ltr. á móti 1 259 árið 1981.

Bensínverð hækkaði á árinu 1982 úr 8,45 kr. í 13,80 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað þrisvar á árinu, fyrst 6. febr. í 2,09 og síðan 12. júní í 2,33 og loks 16. nóv. í 3,06 kr./ltr.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr./ltr.	Bensíngjald kr./ltr.
1971	77,5	1 756	0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1	1 359	8,45	4,640	1,700
1982	126,9	áætl. 1 350	13,80	7,800	3,060

1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 117,2 m. kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 99,2 m. kr. og af árgjaldi 18,0 m. kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 9 000 bifreiðum. Áætlað er að um 6 400 greiði eftir mæli, en um 2 600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2 000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

1.1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 1,1 m. kr., en það er 0,1 m. kr. meira en áætlað var. Má rekja það til þess, að mun meira var flutt inn af bifreiðum en gert var ráð fyrir.

Alls voru flutt inn 2 450 tonn af hjólbörðum. Áætlað er að 1 550 tonn séu vegna endurnýjunar og 900 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarða og árleg meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

Ár	Innfl. vegna nýrra bifr.	Innfl. vegna endurnýjunar	Innfl. alls tonn	Meðalendur-nýjun kg/bifr.
1971	590	1 030	1 620	21
1972	540	1 270	1 810	23
1973	610	1 380	1 990	23
1974	810	1 530	2 340	23
1975	270	1 110	1 380	16
1976	340	1 050	1 390	15
1977	570	1 530	2 100	20
1978	680	1 460	2 140	18
1979	630	1 380	2 010	16
1980	690	1 600	2 290	17
1981	880	1 770	2 650	17
1982	900	1 550	2 450	16

1.2. Framlag Framkvæmdastofnunar.

Framkvæmdastofnun veitti Vegagerð ríkisins 20 m. kr. óafturkræft framlag. Helming þess fjármagns var varið til Ó-vega, en hinn hluti þess fór á ýmsa vegi eins og nánar er gert grein fyrir á töflu 2.3.0.5.

1.3. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1982 7,6 m. kr., en er hér hækkað um 1,9 m. kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings að upphæð 0,3 m. kr. og aukafjárveiting til Siglufjarðarvegar 1,6 m. kr.

1.4. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán námu 200,0 m. kr. skv. vegáætlun. Þar af fóru 170 m. kr. til almennra framkvæmda og 30 m. kr. til sérstakra verkefna, þar á meðal jaðarbyggðarvegar, hafísvegar o. fl. Sjá nánar kafla 2.3.0. Lánsfjáröflun hækkar um 3,9 m. kr. umfram vegáætlun, sem er andvirði þess sem inn kom af sölu happdrættisbréfa til Norður- og Austurvegar.

1.5. Greiðsla vaxta og afborgana.

Auk fjárframlaga til framkvæmda skv. vegáætlun sem frá er greint hér að framan var veitt framlag úr ríkissjóði til að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af langtímalánum til framkvæmda, sem tekin hafa verið af B-hluta.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála var samkvæmt vegáætlun dags. 11. júní 1981 samtals 582,3 m. kr. Við setningu fjárlaga hækkaði þessi upphæð um 10,83 m. kr. og við endurskoðun vegáætlunar í ársbyrjun 1982 voru markaðar tekjur hækkaðar um 12,0 m. kr. og bætt við fé frá Framkvæmdastofnun ríkisins (m. a. til svonefndra Ó-vega) að upphæð 20,0 m. kr. en frestað var framkvæmdum fyrir 7,8 m. kr. vegna lækkunar ríkisútgjalda 1982. Heildarfé samkvæmt vegáætlun varð því 617,33 m. kr.

Þessu til viðbótar voru veittar úr ríkissjóði aukafjárveitingar til verkefnaflokka skv. vegáætlun 1,9 m. kr. og 3,63 m. kr. til greiðslu vaxta og afborgana af framkvæmdalánum sem tekin voru af B-hluta. Andvirði seldra happdrættisskuldabréfa vegna Norður- og Austurvegar nam samtals 3,93 m. kr.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig fé þetta skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

Upph. í þús. kr.

	Vegáætl. 11/5'81	Fjárlög 1982	Endursk. vegáætl.	Aukafjv. happdr. lán
2.1. Stjórn og undirbúningur:	**28 700**	**28 300**	**30 100**	**300**
1. Skrifstofukostnaður	11 100		11 700	300
2. Tæknilegur undirbúningur	14 150		14 800	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	2 100		2 200	
4. Eftirlaunagreiðslur	1 350		1 400	

	Vegáætl. 11/5'81	Fjárlög 1982	Endursk. vegáætl.	Aukafjv. happdr. lán
2.2. Viðhald þjóðvega:	**204 800**	**201 800**	**222 930**	
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	57 100		59 900	
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	26 100		27 380	
3. Viðhald brúa	6 800		8 078	
4. Viðhald varnargarða	900			
5. Heflun vega	28 600		30 000	
6. Rykbinding	9 900		10 400	
7. Vinnsla efnis	26 400		27 700	
8. Vatnask. og ófyrirséð	6 100		6 400	
9. Vegmerkingar	1 200		1 242	
2. Vetrarviðhald	41 700		43 830	
Vetrarviðhald halli frá '81	0		8 000	
2.3. Til nýrra þjóðvega:	**249 980**	**263 030**	**263 500**	**5 532**
1. Stofnbrautir				
1. Stofnbrautir almennt	77 600		80 255	5 532
2. Bundin slitlög	63 600		63 220	
3. Sérstök verkefni	65 050		65 100	
4. Framlög til Ó-vega	0		10 000	
2. Þjóðbrautir	39 430		40 625	
3. Girðingar og uppgræðsla	4 300		4 300	
2.4. Til brúagerða:	**24 520**	**24 800**	**24 800**	
1. Brýr 10 m og lengri	19 700		19 700	
2. Smábrýr	4 820		5 100	
2.5. Til fjallvega o. fl.:	**6 700**	**6 600**	**7 000**	
1. Aðalfjallvegir	1 200		1 250	
2. Aðrir fjallvegir	1 400		1 460	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	1 200		1 250	
4. Bláfjallavegur	2 770		2 900	
5. Reiðvegir	130		140	
2.6. Til sýsluvega:	**19 500**	**19 500**	**19 500**	
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	**42 000**	**43 000**	**43 000**	
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:	**4 400**	**4 300**	**4 600**	
2.9. Til tilrauna:	**1 700**	**1 800**	**1 900**	
Samtals	582 300	593 130	617 330	5 832
Til greiðslu vaxta og afborgana af B-hluta lánum vegna vegagerðar				3 630
Samtals	582 300	593 130	617 330	9 462

2.0. Verðhækkanir og greiðsluhalli á vegáætlun.

Þegar vegáætlun 1982 var til endanlegrar afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun verðlags milli 1982 og 1981 var á grundvelli hennar áætluð 45%. Raunverulegar verðhækkanir urðu nokkru meiri eins og eftirfarandi tafla sýnir (hækkun frá ágúst 1981).

	Viðhald	Vegagerð	Brúargerð
Vísitala í vegáætlun	45,0%	45,0%	45,0%
Vísitala í ágúst 1982	56,7%	56,7%	55,1%
Frávik	+8,1%	+8,1%	+7,0%

Nokkur halli varð á vetrarviðhaldi á árinu 1981 eða um 3,4 m. kr. Heildarkostnaður var 51,8 m. kr. og er það í meðallagi.

Innheimta markaðra tekna varð lítilsháttar umfram áætlun eða um 0,6 m. kr. eins og nánar er gert grein fyrir í kaflanum um innheimtu tekna.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 461, en voru 459 um áramótin 1981—1982. Af þessum 461 eru 151 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 147 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru jafnmörg eða 147.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1982 nam 603 mannárum en var 600 árið 1981. Heildarvinnuframlag á árinu 1982 nam 860 mannárum og hafði vaxið úr 853 árið 1981. Launagreiðslur voru 124,3 milljónir kr. á árinu 1982 og launatengd gjöld um 11,5 m. kr.

Auk framangreindra starfsmanna störfuðu meira og minna 550 vörubílstjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann og voru greiðslur til þeirra á árinu 1982 102,2 m. kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 1. janúar 1983.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals jan. 1983
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	4	2	39
Tæknilegur undirbúningur	33	5	5	7	6	4	6	4	70
Vegaeftirlit	6								6
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	10	1					1		12
Iðnlærðir verkstjórar	10	2		4	1	2	4	3	26
Verkstjórar	2	9	5	12	8	6	11	11	64
Iðnaðarmenn	26			6	3	6	8	7	56
Vélamenn	15	11	7	20	13	9	21	14	110
Verkamenn	18	10	3	8	4	6	10	4	63
Ráðskonur, matráðskonur	6	2	1	1	1		3	1	15
Fastir starfsmenn í janúar 1983	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í janúar 1982	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í janúar 1981	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í janúar 1980	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsmenn í janúar 1979	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsmenn í janúar 1978	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsmenn í janúar 1977	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru nú á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sent til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best. Fjárveiting var alls 12,0 m. kr.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 14,8 m. kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð langtímaáætlunar um vegagerð í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 2,2 m. kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 46 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Austurlandi og hluta Norðurlands eystra.

Heildarumferð á þjóðvegum jókst um 3% á milli áranna 1981 og 1982. Gildir það jafnt um sumarumferð og ársumferð.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Einna mest var hún á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra. Auk þess var hún talsverð á Reykjanesi. Allveruleg umferðarminnkun varð hinsvegar á Vestfjörðum og Austurlandi.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskyldum), sem gerð var um lögregluskýrsla á árunum 1981 og 1982. Alls bárust upplýsingar um 730 slys á árinu 1981. Í 183 þeirra eða um 25% tilfella urðu meiðsli á fólki. Á árinu 1982 bárust upplýsingar um 906 slys, þar af urðu meiðsli á fólki í 177 tilfellum eða 19,5%. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kom árið 1981, að um 36% slysanna varð, er bifreið var ekið út af vegi,og um 57% allra slysa með meiðslum á fólki varð í útafakstri. Samsvarandi tölur fyrir 1982 eru útafakstur í 32% tilvika og 52% allra slysa með meiðslum á fólki varð í útafakstri.

Reiknuð var slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja eina milljón ekinna km). Meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1981 reyndist vera 1,50 og 1,81 á árinu 1982. Samsvarandi tala fyrir árið 1980 var 1,70 og meðaltal áranna 1977—1982 var 1,78.

Tíðni slysa með meiðslum var 0,38 á árinu 1981 en 0,35 árið 1982. Samsvarandi tala fyrir árið 1980 var 0,39 og meðaltal áranna 1977—1982 var 0,39.

Slysatíðnin er nokkuð breytileg milli landshluta eins og sjá má af eftirfarandi töflu: (Ath. að aðeins er miðað við lögregluskýrslur og þær kunna að innheimtast misjafnlega).


	Tíðni allra slysa			Tíðni slysa með meiðslum		
	1980	1981	1982	1980	1981	1982
Suðurland	1,14	1,01	1,52	0,04	0,15	0,12
Reykjanes	2,06	1,76	2,12	0,41	0,38	0,47
Vesturland	1,49	1,20	1,83	0,48	0,23	0,29
Vestfirðir	2,17	1,66	1,67	0,34	0,34	0,25
Norðurland vestra	1,96	2,10	2,24	0,55	0,78	0,48
Norðurland eystra	1,68	1,47	1,46	0,65	0,62	0,46
Austurland	1,33	1,49	1,33	0,17	0,50	0,37
Landið allt	1,70	1,50	1,81	0,36	0,38	0,35

Sá þjóðvegur, sem flest slys urðu á bæði árin, er Hafnarfjarðarvegur. Árið 1981 urðu 103 slys á veginum frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut en 140 árið 1982. Eru þetta um 14,1% og 15,5% allra slysa áranna 1981 og 1982.

Slysatíðnin á veginum var 2,36 og 3,11 slys á milljón ekinna km, sem er verulega hærra en landsmeðaltal. Reikna má með, að á árinu 1983 komi óyggjandi í ljós, hvort endurbætur, sem gerðar voru á veginum, leiði til færri slysa.

Auk ofangreindrar yfirlitsathugunar á öllu vegakerfinu hafa verið gerðar nánari athuganir á einstökum slysaköflum. Má þar nefna þjóðvegina um þéttbýlið í Njarðvíkum og Mosfellssveit.

Reiknað er með, að slysaathugunum verði haldið áfram með svipuðum hætti og niðurstöður þeirra verði notaðar til þess að ákvarða þá staði, sem sérstaklega þarfnast endurbóta frá öryggissjónarmiði.


ÁRSUMFERÐ 1982
< 200 bílar á dag
200-500 " "
500-1000 " "
> 1000 " "

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og verkamanna sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 1,4 m. kr., en urðu 1,25 m.kr., þar sem eftirlaunaþegar urðu nokkru færri en áætlað var. Einn fyrrv. verkstjóri og einn fyrrv. verkamaður létust á árinu, en einn fyrrv. verkstjóri og tvær ekkjur öðluðust rétt til eftirlauna. Alls nutu því 10 fyrrv. verkstjórar, 20 ekkjur og 8 fyrrv. verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 38 á móti samtals 37 í árslok 1981.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	171,1
Vetrarviðhald	51,8
Samtals	222,9

2.2.1. Sumarviðhald.


Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	59,9
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	27,4
3. Viðhald brúa	7,1
4. Viðhald varnargarða	0,9
5. Heflun vega	30,0
6. Rykbinding	10,4
7. Vinnsla efnis	27,7
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	6,4
9. Vegmerkingar	1,3
Samtals	171,1

Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1972—82 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1982, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. miðað við verðlag 1982 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. á km miðað við verðlag 1982 þús.kr.,	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhaldsk. á hverja 100 ekna km miðað við verðlag 1982. kr.
1972	3 036	11,7	142,72	8 164	17,48	52 489	349	41
1973	3 340	14,2	129,37	8 104	15,96	57 155	371	35
1974	6 800	22,7	164,76	8 211	20,07	63 189	395	42
1975	8 400	37,1	124,53	8 336	14,94	71 364	420	30
1976	11 720	47,7	135,14	8 336	16,21	71 459	420	32
1977	14 370	67,5	117,09	8 336	14,05	73 410	449	26
1978	26 550	100,0	146,03	8 409	17,37	78 481	450	32
1979	39 466	145,0	149,70	8 406	17,81	84 141	449	33
1980	63 630	228,0	153,49	8 409	18,25	90 015	472	33
1981	95 700	351,0	149,96	8 411	17,83	95 606	485	31
1982	180 628	550,0	180,63	8 306	21,75	100 936	500	36


SUMARVIÐHALD Á HVERJA EKNA 100 KM.



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþunga-takmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU
Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1982
Vegurinn lokaður eða aðeins opinn jeppum (vl. eða oj.)
5 tonna öxulþungi (5 t)
7 " " (7 t)
Kaflaskipting

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní-sept.).

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1982													Ársumferð			
		Minni en 50	50–100	100–200	200–300	300–500	500–750	750–1000	1000–1500	1500–2000	2000–3000	3000–5000	5000–10000	Yfir 10000			% Skipting	
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki																
Kjördæmi	Gerð slitlags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	Í Kjörd %	Í Landi %
Suðurland	Malar	480	280	236	193	167	35		3						1 394	46,3	46,0	9,3
	Bundið			10	1	30	43	15	24	14	16	18			171	54,3	54,0	10,9
	Samt.	480	280	246	194	197	78	15	27	14	16	18	0	0	1 565	100,6	100,0	20,2
Meðalt. bílar/dag		23	77	138	243	366	634	972	1 106	1 660	2 958	3 226			262			
Reykjanes	Malar	8	57	43	20	20	13		21			2			184	15,0	8,7	3,0
	Bundið	2		9	5	9	8	1	55	13	1	52	11	5	171	156,8	91,3	31,4
	Samt.	10	57	52	25	29	21	1	76	13	1	54	11	5	355	171,8	100,0	34,4
Meðalt. bílar/dag		41	77	151	224	368	677	866	1 234	1 867	2 631	3 812	7 352	25 127	1 610			
Vesturland	Malar	401	245	297	101	172	38	22	22	11					1 309	53,6	80,4	10,7
	Bundið			1	5	6	4	18	22	5					61	13,1	19,6	2,6
	Samt.	401	245	298	106	178	42	40	44	16	0	0	0	0	1 370	66,7	100,0	13,3
Meðalt. bílar/dag		30	71	139	236	385	626	899	1 186	1 547					221			
Vestfirðir ...	Malar	411	559	258	35	23									1 286	22,8	80,9	4,5
	Bundið		1	14	3	11	3		3		2				37	5,4	19,1	1,1
	Samt.	411	560	272	38	34	3	0	3	0	2	0	0	0	1 323	28,2	100,0	5,6
Meðalt. bílar/dag		23	72	130	232	377	677		1 336		2 678				90			
Norðurl. ve.	Malar	348	257	125	73	109	81		1						994	31,2	78,8	6,2
	Bundið				2	44	29	5							80	8,4	21,1	1,7
	Samt.	348	257	125	75	153	110	5	1	0	0	0	0	0	1 074	39,6	99,9	7,9
Meðalt. bílar/dag		21	70	128	253	426	571	759	1 097						179			
Norðurl. ey	Malar	326	261	220	149	135	22		4	2					1 119	37,5	72,0	7,5
	Bundið			8		21	12	22	3	5		3			74	14,6	28,0	2,9
	Samt.	326	261	228	149	156	34	22	7	7	0	3	0	0	1 193	52,1	100,0	10,4
Meðalt. bílar/dag		28	75	149	239	391	624	781	1 241	1 815		3 811			193			
Austurland	Malar	446	211	464	191	57	1								1 370	34,8	85,5	7,0
	Bundið	1	6	2	11	28	3	4	2						57	5,9	14,5	1,2
	Samt.	447	217	466	202	85	4	4	2	0	0	0	0	0	1 427	40,7	100,0	8,2
Meðalt. bílar/dag		23	74	129	234	359	627	908	1 180						122			
Samtals	Malar	2 420	1 870	1 643	762	683	190	22	51	13	0	2	0	0	7 656	241,2	48,3	48,3
	Bundið	3	7	44	27	149	102	65	109	37	19	73	11	5	651	258,5	51,7	51,7
	Alls	2 423	1 877	1 687	789	832	292	87	160	50	19	75	11	5	8 307	499,7	100,0	100,0
Meðalt. bílar/dag		24	73	136	239	386	611	874	1 200	1 702	2 903	3 669	7 352	25 127	241			

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, umferðarmerkja og stika, malarslitlags, skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til mölburðar var varið 34,2 m. kr., en það var um 20,2% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjuð á 1982, ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

	Óunnið efni				Unnið efni				Samt. mölburður			
Umdæmi	km	m³	m³/m	Meðal-þykkt cm	km	m³	m³/m	Meðal-þykkt cm	km	m³	m³/m	Meðal-þykkt cm
Suðurland	47,7	84 833	1,78	31,8	9,9	6 951	0,70	10,5	45,1	91 784	2,04	35,0
Reykjanes	36,0	22 398	0,62	10,4	28,6	12 323	0,43	5,6	64,6	34 721	0,54	7,9
Vesturland	89,1	97 492	1,09	19,5	86,0	54 618	0,64	10,4	143,6	152 110	1,06	18,0
Vestfirðir	35,6	27 372	0,77	13,5	60,7	21 548	0,35	5,8	81,8	48 920	0,60	10,1
Norðurland ve.	79,2	48 568	0,61	13,6	66,4	33 101	0,50	9,1	138,9	81 669	0,59	11,8
Norðurland ey.	65,7	65 077	0,99	17,1	129,4	51 082	0,39	6,9	156,7	116 159	0,74	13,0
Austurland	66,4	114 560	1,73	27,0	78,3	36 050	0,46	8,0	123,6	150 610	1,22	20,0
Samtals	419,7	460 300	1,10	19,6	459,3	215 673	0,47	7,8	754,3	675 973	0,90	15,5

Meðalkostnaður við akstur og útlagningu hvers m³ var 50,62 kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 24 km af slitlagi í viðhaldi. Þar af voru 1,5 km af malbiki, 15,0 km af olíuöl og 7,5 km af klæðingu. Fræstir voru 7,5 km af malbikuðum slitlögum og 22,5 km af steyptum, eða samtals 30 km. Þessi aðferð er tiltölulega ný og hefur aldrei verið reynd hér á landi áður. Fræsingin var boðin út og samið var við verktakafyrirtækið Ólaf Kr. Sigurðsson um framkvæmd verksins.

Kostnaður við fræsingu á malbiki er um 25—30% af kostnaði við nýtt malbiksslitlag, en kostnaður við fræsingu á steyptu slitlagi er um 50—60% af nýju malbiksslitlagi.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1982 skipt eftir kjördæmum.

	Lengdir í km.				
Kjördæmi	Steypa	Malbik	Olíuöl	Klæðing	Samtals
Suðurland		4,4	108,0	58,1	170,5
Reykjanes	46,7	43,3	63,2	19,1	172,3
Vesturland		2,3	16,0	42,5	60,8
Vestfirðir		9,2		28,1	37,3
Norðurland vestra	0,8	0,2		78,9	79,9
Norðurland eystra		11,4		62,1	73,5
Austurland	0,6		9,8	46,7	57,1
Samtals	48,1	70,8	197,0	335,5	651,4

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 7,1 m. kr.

Tvær brýr voru endurbyggðar fyrir þessa fjárveitingu, önnur á Varmá hjá Gufudal á Sýsluvegi í Árnessýslu en hin á Helliskvísl á Landvegi (226).

Einnig var gert mikið við eftirtaldar brýr: Brúará á Biskupstungnabraut (35), Brúará á Laugarvatnsvegi (37), Hvítá hjá Brúarhlöðum (30), Kelduá í Fljótsdal (935), og Skaftafellsá í Öræfum (1). Auk þess voru unnin fjölmörg minni verk.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 1,0 m. kr.

Unnið var að viðhaldi varnargarða á mörgum stöðum, stærsta verkið var viðgerð og styrking varnargarða við Súlu og Núpsvötn.

2.2.1.5. Heflun vega.

Eins og fyrri ár var reynt að nýta heflunarfjárveitinguna þannig, að sem best not yrðu af hverri heflun.

Vegagerðin á nú 65 hefla, og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum við nýbyggingu vega.

Á árinu 1982 voru keyptir 5 nýir heflar.

Eitt hefilstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 29,6 m. kr. eða um 3 564 kr. á hvern km af malarvegum.

Heflaðar klst. voru 31 230, sem miðað við meðalafköst svarar til heflunar á tæplega 47 þús. km.

Á s. l. ári var auk heflunartíma byrjað að skrá í bókhaldi upplýsingar um heflaða km vegar og lausakeyrslu. Samkvæmt lauslegri athugun á niðurstöðum þessarar skráningar liggja afköst í heflun á bilinu 1,2 — 1,8 km fullheflaðs vegar á unna klst. Lausakeyrsla var mjög mismunandi eftir umdæmum eða frá 7%, þar sem best var, og allt upp í 13%. Taka ber þessar niðurstöður með nokkurri varúð, þar sem þetta er fyrsta árið sem slík skráning fer fram, en þær benda þó til þess, að eftir miklu sé að slægjast með því að vanda skipulagningu heflunar.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarþörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

	1978	1979	1980	1981	1982
Heflunartímar, þús. klst.	39,1	33,6	37,2	28,7	31,1
Notkun hefla í snjómokstri	18,7	21,8	12,1	24,3	16,6

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

Fyrir tveimur árum var tekin upp í bókhaldi skipting á kostnaði við heflun vega eftir umferðarflokkum. Í tveimur töflum hér á eftir er sýnd niðurstaða úrvinnslu þeirra upplýsinga, sem þar koma fram. Í þeirri fyrri er sýnd skipting heflunar á umferðarflokka, en í þeirri síðari eftir umdæmum. Töflurnar sýna tíðni heflana og er hún sett fram á tvennan hátt. Annarsvegar er henni skipt jafnt á árið, en hins vegar á viðhaldstíma, en hann er skilgreindur sem sá tími sem 90% af heflun fer fram á. Reyndist sá tími vera nokkuð misjafn eftir umdæmum eða 211—281 dagar. Töflurnar skýra sig að mestu sjálfar, en athyglisvert er þó hversu miklum tíma er varið í heflun umferðarminnstu veganna.

	Umferðarflokkar (ÁDU)					
	0-50	50-100	100-200	200-500	>500	Samtals
Umferð						
Millj. eknir km.	34,5	48,2	62,6	73,2	22,7	241,2
Hlutfallsleg skipting	14%	20%	26%	30%	10%	100%
Vegalengd						
Km	3 813	1 862	1 182	718	81	7 656
Hlutfallsleg skipting	50%	24%	16%	9%	1%	100%
Heflun						
Heflaðar klst.	9 070	6 290	6 560	6 740	2 540	31 230
Heflaðir km.	13 600	9 400	9 900	10 100	3 800	46 800
Hlutfallsleg skipting	29%	20%	21%	22%	8%	100%
Umf. milli heflana						
Allt árið (bílar)	2 540	5 130	6 320	7 250	5 970	5 150
Sumarheflun (bílar)	2 150	4 340	5 350	6 140	5 060	4 360
Dagar milli heflana						
Allt árið (dagar)	102	72	43	26	8	60
Sumarheflun	78	54	33	20	6	45

	Akstur		Vegalengd		Hefl-aðir	Fjöldi bíla milli heflana	
Umdæmi	m.km	%	km	%	km	Árið	Sumar
Suðurland	46,3	19	1 394	18	9 400	4 930	4 550
Reykjanes	15,0	6	184	2	3 550	4 220	3 690
Vesturland	53,6	22	1 309	17	10 100	5 310	4 550
Vestfirðir	22,8	9	1 286	17	6 500	3 510	2 750
Norðurl. ve.	31,2	13	994	13	4 420	7 060	5 830
Norðurl. ey.	37,5	16	1 119	15	5 500	6 820	5 430
Austurland	34,8	14	1 370	18	7 330	4 750	3 980
Samtals	241,2	100	7 656	100	46 800	5 150	4 360

2.2.1.6 Rykbinding.

04	Seldar vörur og þjónusta	1 840 000	
	Tekjur samtals	1 840 000	
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	459 000	
	Inn:		
994	Afskriftir	459 000	
314	**Kröfluvirkjun**		
20	Laun	12 900	
2	Önnur rekstrargjöld	30 500	
27	Vextir	232 674	
	Gjöld samtals	276 074	
04	Seldar vörur og þjónusta	86 686	
	Tekjur samtals	86 686	
	Mismunur		÷189 388
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	168 826	
	Inn:		
992	Tekin lán	358 214	
995	Ráðstöfun eigin fjár	÷189 388	
321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
20	Laun	103 170	
2	Önnur rekstrargjöld	143 390	
23	Hráefni og vörur til endursölu	686 570	
27	Vextir	175 500	
28	Afskriftir	134 720	
	Gjöld samtals	1 243 350	
04	Seldar vörur og þjónusta	1 033 350	
019	Aðrar tekjur	210 000	
	Tekjur samtals	1 243 350	

			Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:			
	Út:			
981	Afborgun lána		134 720	
983	Fjárfestingar:			
	Stofnlínur	46 720		
	Aðveitustöðvar	52 370		
	Innanbæjarkerfi	60 910		
	Dísilstöðvar, vélar og tæki	15 000	175 000	
	Inn:			
992	Tekin lán		168 000	
994	Afskriftir		134 720	
996	Annað, heimtaugargjöld		7 000	

331 Jarðboranir ríkisins

20	Laun	20 414	
2	Önnur rekstrargjöld	8 400	
4	Viðhald	870	
23	Hráefni og vörur til endursölu	1 400	
27	Vextir	9 285	
28	Afskriftir	15 000	
	Gjöld samtals	55 369	
04	Seldar vörur og þjónusta	46 984	
019	Aðrar tekjur	90 000	
	Tekjur samtals	136 984	
	Mismunur		81 615
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	100 015	
	Inn:		
992	Tekin lán	3 400	
994	Afskriftir	15 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár	81 615	

332 Jarðvarmaveitur ríkisins

2	Önnur rekstrargjöld	823	
4	Viðhald	1 200	
27	Vextir	7 842	
	Gjöld samtals	9 865	
04	Seldar vörur og þjónusta	14 677	
	Tekjur samtals	14 677	
	Mismunur		4 812
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
981	Afborgun lána	4 812	
	Inn:		
995	Ráðstöfun eigin fjár	4 812	

				Þús. kr.	Þús. kr.
369	**Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar**				
	Fjármunahreyfingar:				
	Út:				
983	Fjárfestingar			15 500	
	Inn:				
996	Annað			15 500	
371	**Orkusjóður**				
2	Önnur rekstrargjöld			550	
27	Vextir			746 424	
90	Yfirfærslur:				
	Verðjöfnunargjald af raforku:				
	Rafmagnsveitur ríkisins	192 000			
	Orkubú Vestfjarða	48 000	240 000		
	Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar:				
	Sveitarafvæðing	7 500			
	Einkarafstöðvar	1 000	8 500	248 500	
	Gjöld samtals			995 474	
020	Vaxtatekjur			661 927	
012	Framlög ríkissjóðs			457 050	
	Tekjur samtals			1 118 977	
	Mismunur				123 503
	Fjármunahreyfingar:				
	Út:				
981	Afborgun lána:			354 380	
982	Veitt lán:				
	Jarðhitaleitarlán		15 000		
	Hitaveitulán		10 000	25 000	
983	Fjárfestingar:				
	Styrking dreifikerfa í sveitum			33 000	
984	Annað, sveitarafvæðing			7 000	
	Inn:				
991	Innheimtar afborganir			268 877	
992	Tekin lán:				
	Hitaveitulán		10 000		
	Jarðhitaleitarlán		10 000		
	Sveitarafvæðing		7 000	27 000	
995	Ráðstöfun eigin fjár			123 503	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1984 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1984 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1984 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands á árinu 1984 ríkisskuldabréf og/eða spariskírteini að fjárhæð allt að 200 m. kr.

2.2 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1984 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

3.1 Að semja við Flugleiðir hf. og taka þátt í uppgjöri á láni sem tekið var 1982 að fjárhæð 1,9 milljón Bandaríkjadala til þess að mæta rekstrarhalla á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna. Hlutdeild ríkissjóðs við uppgjör lánsins skal ákveðin með hliðsjón af þeim ákvæðum, sem tilgreind eru við 3. mgr. lið 3.11 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1983.

4.1 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar), þ. e. í þeim iðngreinum sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamnings Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.2 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til stofnlína fyrir 132 kV spennu og hærri svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.3 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skulda- og tryggingabréfum, sem skipasmíðastöðvar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum, sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa.

4.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði og efni til mengunarvarna, sem sett er upp að kröfu Siglingamálastofnunar:

a) Fleytibúnaður til þess að ná upp olíu, sem flýtur á sjó.
b) Flotgirðingar til að hefta útbreiðslu olíu, sem flýtur á sjó.
c) Svokölluð dreifiefni, sem eru sérstaklega gerð til að sundra olíuflekk, sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).

4.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

4.6 Að endurgreiða sölugjald af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87.02.43 svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í sjúkrabifreiðar svo og bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.7 Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavarna hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

4.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra- og millibylgjur (VHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna fjarskiptatækja, sem sett kunna að vera upp í Loðmundarfirði, neyðarsenda vegna snjóflóða, svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða), sem notaðir eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.9 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af reiðhjólum í tollskrárnúmeri 87.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1984.

4.10 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, sem fluttar eru inn á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar.

4.11 Að endurgreiða innflutningsgjöld af tækjum, sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Jafnframt að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir Ríkisútvarpið. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd ákvæðis þessa.

4.12 Að endurgreiða samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra aðflutningsgjöld af hljóðfærum svo og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00 og 92.10.00 sem tollafgreidd hafa verið frá og með 14. júní 1982.

4.13 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og véla- og varahlutum til framleiðslu á loðdýraafurðum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.14 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjúkra- og leitarbifreiðum í eign björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.15 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum, sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

4.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra, sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.17 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjöld af kornskurðarvélum.

4.18 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru til landsins til snjóflóða- og skriðuvarna. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.19 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af innfluttu „gervigrasi“ til að leggja á knattspyrnuvelli.

4.20 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kunna að kaupa eftir 30. september 1983.

4.21 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af þvottaþjónustu fyrir Farskip h.f. vegna siglinga m/s EDDU milli Reykjavíkur og Evrópu.

4.22 Að fella niður stimpilgjald af skuldabréfum vegna erlendrar lántöku skipasmíðastöðvar Guðmundar Lárussonar h.f. vegna nýsmíði nr. 21.

4.23 Að endurgreiða sölugjald af stólalyftu sem skíðadeild KR hefur fest kaup á og reist.

4.24 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af orgelum fyrir:
a) Hrafnseyrarkirkju
b) Prestbakkakirkju
c) Snóksdalskirkju.

4.25 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af hátölurum til nota við orgel Aðventkirkjunnar í Reykjavík.

4.26 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstæki ásamt skjá sem Menntaskólinn í Reykjavík fékk að gjöf.

4.27 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjóbifreið sem björgunarsveit Hornafjarðar o. fl. hafa fest kaup á.

4.28 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald og aðflutningsgjöld af listaverkum sem seld voru á sýningu bandarískra listamanna á Kjarvalsstöðum svo og sýningarskrá.

4.29 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjótroðara sem skíðadeild ÍR hefur fest kaup á.

5.1 Að selja húseignir Ríkisútgáfu námsbóka að Brautarholti 6 og Tjarnargötu 10 í Reykjavík.

5.2 Að selja hluta ríkissjóðs í húseigninni Blátún, Eyrarbakka.

5.3 Að selja húseignir við Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8, Rvík.

5.4 Að selja hluta ríkissjóðs í húsnæði Iðnskólans á Selfossi, við Sigtún 1.

5.5 Að selja varðskipið Þór.

5.6 Að selja Reykjavíkurborg um 20 ha af landi Póst- og símamálastofnunar í Gufunesi vegna Kirkjugarða Reykjavíkur.

5.7 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintök af hverju blaði, umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. fjárlaga.

5.8 Að selja fasteignina Brú við Markarfljót, í landi Eyvindarholts.

5.9 Að selja sameigendum ríkissjóðs eignarhluta ríkisins í jörðinni Reykjum við Reykjabraut með þeim kjörum og skilmálum er um semst.

5.10 Að selja hluta ríkissjóðs í gamla barnaskólahúsinu á Borðeyri.

5.11 Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði.

5.12 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi.

5.13 Að selja prestseturshús nr. 10 við Ásgötu, Raufarhöfn, og verja andvirði þess til kaupa á annarri húseign þar.

5.14 Að selja húseignirnar Hörðuvelli 1, íbúð á 1. hæð Hörðuvöllum 6 og Hrísholt 8, Selfossi, og verja andvirði þeirra til kaupa á skrifstofuhúsnæði og lögreglustöð á Selfossi svo og að taka lán til nefndra kaupa.

5.15 Að selja hluta lands símastöðvarinnar Brúar í Hrútafirði.

5.16 Að selja fasteignina Suðurgötu 8 í Hafnarfirði og verja andvirði til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði svo og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

5.17 Að selja gamalt áhaldahús á Sauðárkróki.

5.18 Að láta í makaskiptum hluta af landi flugvallarins við Hellu.

5.19 Að selja húseign Póst- og símamálastofnunar í Flatey á Breiðafirði.

5.20 Að semja við bæjarstjórn Húsavíkur um hönnun og byggingu stjórnsýsluhúss á Húsavík.

5.21 Að selja íbúð í eigu Húsabakkaskóla í Svarfaðardal og verja andvirðinu til að byggja nýja.

5.22 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Sólvellir 3, Selfossi.

5.23 Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.

5.24 Að selja jörðina Gilá í Áshreppi.

5.25 Að selja borgarsjóði Reykjavíkur eyjuna Engey í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og að kaupverðið verði greitt sem hluti af uppgjöri milli Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs í maímánuði 1983.

5.26 Að selja eignarhlut ríkisins í húseigninni nr. 37 að Laufskógum í Hveragerði.

5.27 Að selja Hvammstangahreppi hluta af eignarlóð Póst- og símamálastofnunar að Lækjargötu 2, Hvammstanga.

5.28 Að selja dýralæknisbústað að Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi, og verja andvirði hússins til kaupa á húsnæði fyrir dýralækni í Mýrasýsluumdæmi og taka jafnframt nauðsynleg lán til kaupanna.

5.29 Að selja dýralæknisbústað Höfðagötu 27, Stykkishólmi.

5.30 Að selja húseignina Völvufell 11, Reykjavík.

5.31 Að afsala í makaskiptum 2,6 ha spildu úr landi Húsatófta í Gullbringusýslu í skiptum fyrir grasbýlið Vindheima við Húsatóftir.

5.32 Að selja húseignina nr. 88 við Suðurgötu á Akranesi.

5.33 Að hafa makaskipti við Reykjavíkurborg á þeim lóðum og lendum sem tiltekin eru í samningi milli borgarstjórans í Reykjavík annars vegar og fjármálaráðherra og menntamálaráðherra hins vegar dags. 26. janúar 1983 varðandi málefni Keldna og Keldnaholts.

5.34 Að selja húseignina Lagarás 4, Egilsstöðum, og verja andvirði hennar til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir Skattstofu Austurlands.

5.35 Að selja eignarhluta ríkisins í Krísuvíkurskóla.

5.36 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegur 1. Reykjavík, og verja andvirði hennar til kaupa eða byggingar á húsnæði fyrir útsölu ÁTVR.

5.37 Að selja húseignina nr. 2 við Hrannargötu á Ísafirði og verja andvirðinu til kaupa á nýjum embættisbústað fyrir sýslumann og bæjarfógeta á Ísafirði.

5.38 Að selja húseignina nr. 7 við Ægisbraut, Búðardal, og verja andvirðinu til kaupa á nýjum embættisbústað fyrir sýslumann Dalasýslu og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

5.39 Að selja húseignina nr. 27 við Hvanneyrarbraut á Siglufirði og verja andvirðinu til kaupa á nýjum embættisbústað fyrir bæjarfógeta á Siglufirði, svo og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

5.40 Að selja húseignina nr. 35 við Strandgötu, Eskifirði.

6.1 Að taka lán til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands.

6.2 Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.

6.3 Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir varamenn sendiherra í sendiráðum Íslands. Endanleg ákvörðun verði tekin í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.

6.4 Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir borgardómaraembættið í Reykjavík.

6.5 Að taka lán til kaupa á geymsluhúsnæði fyrir Orkustofnun.

6.6 Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álfheimum 72 (98 m^2 geymsluhúsnæði).

6.7 Að taka lán til kaupa á húseigninni Ægisbyggð 4, Ólafsfirði.

6.8 Að verja andvirði íbúðarhúss við Hellisbraut 14 í Reykhólahreppi til viðhalds og endurbóta á tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Reykhólum.

6.9 Að kaupa, ef um semst, 5. hæð hússins nr. 105 við Laugaveg, Reykjavík, sem er í eigu Bjargráðasjóðs og taka til þess nauðsynleg lán.

6.10 Að kaupa Kirkjugötu 13, Hofsósi, fyrir dýralæknisbústað í Hofsósumdæmi og taka til þess nauðsynleg lán.

6.11 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka nauðsynleg lán í því skyni.

6.12 Að taka lán allt að fjárhæð 10 m. kr. vegna framkvæmda við flugvelli á árinu 1983.

6.13 Að kaupa af Reykjavíkurborg jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem borgin á á jörðinni. Heimildin nær til að kaupa þessar eignir í makaskiptum fyrir fasteignir í eigu ríkisins og taka nauðsynleg lán.

6.14 Að kaupa eða byggja skrifstofuhúsnæði fyrir embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

6.15 Að semja við Dalvíkurkaupstað um byggingu eða kaup á húsnæði fyrir lögreglustöð og taka til þess nauðsynleg lán.

6.16 Að kaupa embættisbústað fyrir sóknarprest á Suðureyri og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

7.1 Að ákveða að þegar starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu ríkisins, hættir störfum skuli ekki endurráðið í starf það er viðkomandi starfsmaður hefur gegnt.

7.2 Að láta fara fram hönnun skrifstofuhúsnæðis, verkstæðis og birgðastöðvar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í Reykjavík.

7.3 Að semja við Akraneskaupstað um hönnun stjórnsýsluhúss á Akranesi.

7.4 Að semja við Útvegsbanka Íslands, Ísafirði, bæjarstjórn Ísafjarðar o. fl. um byggingu stjórnsýsluhúss á Ísafirði.

7.5 Að fella niður allt að 5 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar, að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.

7.6 Að gera samning við Reykjavíkurborg um greiðslur skulda vegna yfirtöku á húsnæði Vogaskóla og Öskjuhlíðarskóla og inna greiðslur af hendi á árinu 1984 í samræmi við þann samning.

7.7 Að semja að fengnu samþykki fjárveitinganefndar við Vestmannaeyjakaupstað og Rafveitu Vestmannaeyja um breytt lánskjör, yfirtöku lána að hluta eða framlög úr ríkissjóði vegna lána sem kaupstaðurinn hefur tekið árin 1978—1982, að tillögu úttektarnefndar eftir gos.

7.8 Að veita í samráði við fjárveitinganefnd fjárhagsaðstoð allt að 4,0 millj. kr. til að tryggja rekstrargrundvöll sjúkra-, neyðar- og póstflutninga á Austur- og Norðurlandi að undangenginni ítarlegri athugun.

7.9 Að semja um og bæta tjón og greiða kostnað vegna búfjársjúkdóma og fisksjúkdóma og taka til þess nauðsynleg lán.

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Iðnskólar (02 516 6).		
1. Reykjavík	2 300	
2. Hafnarfjörður	1 200	
3. Ísafjörður	200	
		3 700
2. Héraðsskólar (02 610 6).		
1. Reykholt	2 100	
2. Núpur	1 800	
3. Reykjanes	200	
4. Reykir	800	
5. Laugar	800	
6. Eiðar	1 400	
7. Skógar	400	
8. Laugarvatn	200	
		7 700
3. Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02 792).		
Reykjavík:		
1. Hlíðaskóli, 4. áf. + íþróttahús	700	
2. Hólabrekkuskóli, 3. áf.	8 500	
3. Hvassaleitisskóli, 3. áf., íþrhús	2 000	
4. Seljaskóli, 2. áf.	3 875	
5. Seljaskóli, 3. áf.	15	
6. Vesturbæjarskóli, 1. áf.	15	
7. Ölduselsskóli, 2. áf.	2 400	
8. Kópavogur, Digranesskóli	3 500	
9. — Hjallaskóli, 1. áf.	6 500	
10. — íþróttahús	1 500	
11. — Snælandsskóli, 2. áf.	1 500	
12. Hafnarfjörður, sundlaug	15	
13. — íþrhús og tengib.	170	
14. — Öldutúnsskóli, 4. áf.	2 685	
15. Seltjarnarnes, sundlaug	1 100	
16. Garðabær, gagnfrsk. 1. + 2. áf.	1 300	
17. — sundlaugarhús	15	
18. Keflavík, íþróttahús, 1. áf.	450	
19. — sundlaug	15	
20. Grindavík, íþróttahús, 1. áf.	1 700	
21. Njarðvík, íþróttahús, 2. + 3. áf.	85	
22. Mosfellshreppur, íþrhús, 1. áf.	400	
23. — viðbygg. við Varmárskóla	260	

	Þús. kr.
24. Sandgerði, stækkun skóla, 2. áf.	15
25. — sundlaug	300
26. Gerðahreppur, sundl. + búningsklefar	170
27. — stækkun skóla	260
28. Vatnsleysustrhr., skóli, 1. áf.	148
29. — sundlaug	340
30. Kjósarhreppur, endurb.	15
31. Akranes, Grundarskóli	2 000
32. — Brekkubæjarskóli, viðb.	3 100
33. Andakílshreppur, barnaskóli	490
34. Reykholtsdalshreppur, mötuneyti	171
35. — sundlaug	342
36. Varmalandsskóli, íþróttahús	171
37. — viðb. skóla, 1. áf.	1 500
38. Borgarnes, grsk. stækkun + breyting	1 090
39. Laugagerðisskóli, íþróttahús + stækkun skóla	900
40. Hellissandur, skóli, 1. + 2. áf. stækk.	128
41. Ólafsvík, stækkun skóla	456
42. Grundarfjörður, íþróttahús	1 000
43. Stykkishólmur, skóli, nýbygging	2 000
44. Búðardalur, skóli, 2. áf.	998
45. Fræðsluskrifstofa, Borgarnesi	15
46. Laugaskóli, íþróttahús	883
47. Ísafjörður, íþróttahús	15
48. Bolungarvík, íþróttahús	950
49. — stækkun, skóla + viðb.	15
50. Geiradalshreppur, heimav., viðb. við félagsh.	300
51. Barðastrandarhreppur, skóli + jarðborun	100
52. Patrekshreppur, viðb. skóla	1 400
53. — endurb. skólastjíb.	200
54. Tálknafjörður, íþróttah. + félagsh.	700
55. Ketildalahreppur, laus kennslustofa	150
56. Flateyri, búningskl., sundl., íþrhús	600
57. — skóli, endurbætur	100
58. Suðureyri, íbúð	170
59. Súðavík, skóli, nýbygging	15
60. Árneshreppur, skólastjíbúð, stækkun	50
61. Kaldrananeshreppur, endurb. skóla á Drangsnesi	200
62. Hólmavík, skóli, 2. áf.	800
63. Fells- og Óspakseyrarhr., skóli Broddanesi	240
64. Bæjarhreppur, skóli, Borðeyri	300
65. Fræðsluskrifstofa Ísafirði	200
66. Sauðárkrókur, íþróttah. 1. áf.	2 000
67. — gagnfrsk. v/uppgj.	700
68. Hvammstangi, sundlaug og búnkl.	440
69. — skóli, nýbygging	1 700
70. Þverárhreppur, skóli	100
71. — íbúð	200

		Þús. kr.
72.	Þorkelshólshreppur, barnask. Víðihlíð	15
73.	Húnavellir, endurbætur	650
74.	— íbúð	15
75.	Blönduós, lóð	200
76.	— íþróttahús	15
77.	Varmahlíð, 3. áf. búningskl.	15
78.	Varmahlíð, lóð	85
79.	Lýtingssthr., íþróttah. og sundlaug	50
80.	— íbúð	300
81.	Hólahreppur, skóli, íb. og skólastjíbúð	1 100
82.	Hofsós, viðbygg. skóla, 4. áf. bókas.	150
83.	Haganeshreppur, skóli, nýbygging	1 200
84.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áf.	200
85.	— íþróttahús	2 300
86.	— Síðuskóli, 1. áf.	1 800
87.	Húsavík, íþróttahús, 1. áf.	2 200
88.	Ólafsfjörður, barnask. endurb. + lóð	160
89.	Dalvík, mötun. í heimavist	230
90.	— skóli, stækkun	1 000
91.	Grímsey, íbúð	120
92.	Svarfaðardalshreppur, sundsk. endurb.	300
93.	— kennaraíbúð	15
94.	Hrísey, íþróttahús og skóli	1 000
95.	Þelamörk, viðbót, kennslustofa, lítil íb., skólastjíb. og endurb.	200
96.	Hrafnagilsskóli, 3. áf. sundl. + íþrh.	500
97.	Laugaland, endurbætur	250
98.	Grenivík, 1. áf. skóla + íþróttah.	300
99.	Bárðdælahreppur, mötun. skóla	150
100.	Skútustaðahreppur, sundlaug	400
101.	Reykdælahreppur, íbúð	200
102.	Hafralækjarskóli, íbúðir	300
103.	Öxarfjörður, Lundarskóli, 1. áf.	250
104.	Öxarfjörður, Lundarskóli, andd. heimav.	100
105.	Kópasker, skóli, nýbygging	500
106.	Raufarhöfn, sundlaug	500
107.	Svalbarðshreppur, skóli og íbúð	500
108.	Þórshöfn, skóli, 1. áf. viðb. og heimav.	15
109.	Fræðsluskrifstofa, Akureyri	200
110.	Seyðisfjörður, sundl., íþrhús og endurb.	200
111.	— nýbygging skóla	1 100
112.	Eskifjörður, skóli, nýbygging	1 200
113.	Skeggjastaðahreppur, skóli, nýbygging	800
114.	Vopnafjörður, íþróttahús	1 200
115.	Jökuldalshreppur, stækkun skóla + íþróttah.	150
116.	Egilsstaðir, uppgjör skóla + anddyri	300
117.	— íþróttah., 1. áf.	1 200
118.	— sel í Fellahreppi	735
119.	Eiðahreppur, stækkun skóla og íbúð	300

	Þús. kr.	Þús. kr.
120. Mjóifjörður, skóli og endurbætur	50	
121. Stöðvarfjörður, skóli og sundlaug	1 000	
122. Fáskrúðsfjörður, endurbætur á sundlaug	300	
123. Breiðdalshreppur, skóli	1 200	
124. Djúpivogur, skóli, íþróttahús í félagsheimili, heimavist	1 000	
125. Geithellnahreppur, skóli, nýbygging	100	
126. Nesjahreppur, lóðir v/Nesjaskóla	50	
127. — sundlaug	15	
128. Mýrahreppur, íbúð	200	
129. Borgarhafnarhreppur, Hrollaugsstaðask., viðbót og endurbætur	400	
130. Hofshreppur, nýbygging sk. Öræfum	600	
131. Fræðsluskrifstofa Austurlands	163	
132. Vestmannaeyjar, Hamarsskóli	4 200	
133. Selfoss, gagnfrsk. + íþróttahús	400	
134. — barnask. viðgerð + endurbætur	50	
135. Kirkjubæjarhreppur, stækkun skóla	550	
136. A-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðstaða í félagsheimili	300	
137. V-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðstaða o. fl. í félagsheimili	300	
138. A-Landeyjahreppur, íbúð	300	
139. V-Landeyjahreppur, stækkun skóla + íb.	200	
140. Hvolhreppur, bókasafn	30	
141. — sundlaug	800	
142. Rangárvallahr., sundl., íþróttaaðst. + lóðir	380	
143. Laugaland í Holtum, stækkun skóla, 1. áf.	1 570	
144. Stokkseyri, sundl. + íþróttaaðstaða	350	
145. Eyrarbakki, stækkun skóla	100	
146. Hraungerðishreppur, skóli, 2. áf.	480	
147. Gnúpverjahreppur, skóli, nýbygging	1 400	
148. Ljósafossskóli, endurbætur á skóla	200	
149. Hveragerði, íþróttahús, 2. áf.	300	
150. — skóli, viðbygging	1 500	
151. Þorlákshöfn, stækkun skóla, 1. áf.	1 800	
152. Orkusparandi aðgerðir	1 000	
153. Stofnbúnaður eldri skóla	2 000	
154. Hagræðingaraðgerðir	300	
		115 095
Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:		
1. Reykjavík, Grafarvogsskóli, 1. áf.	5	
2. — Hólabrekkusk., kennsluaðst. Gerðuberg	5	
3. — Melaskóli, laus kennslustofa	5	
4. Álftamýraskóli, innrétting fyrir blindradeild	5	
5. Seltjarnarnes, skóli	5	
6. Kópavogur, kennslusundlaug	5	
7. Garðabær, Hofstaðaskóli	5	

		Þús. kr.
8.	Hafnarfjörður, skóli	5
9.	Bessastaðahreppur, íþróttahús	5
10.	— stækkun skóla	5
11.	Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5
12.	Mosfellshreppur, gagnfrsk. Brúará, stækkun	5
13.	Kjalarnes, viðbót við skólahúsnæði	5
14.	Akranes, sundlaug	5
15.	Heiðarskóli, endurbygging, hitaveita	5
16.	Varmalandsskóli, hitaveita	5
17.	Ólafsvík, íþróttasalur	5
18.	Grundarfjörður, endurb. skólastjóraíbúðar	5
19.	Stykkishólmur, sundlaug	5
20.	— íþróttahús	5
21.	— laus kennslustofa	5
22.	Búðardalur, íþróttahús	5
23.	Ísafjörður, viðbygging við barnaskóla	5
24.	Reykhólar, íbúð	5
25.	Bíldudalur, íþróttahús	5
26.	Þingeyri, sundlaug	5
27.	Kaldrananeshreppur, búningskl. við Gvendarlaug	5
28.	Drangsnes, endurb. skólastjóraíbúðar	5
29.	Bæjarhreppur, íbúð	5
30.	Sauðárkrókur, barnaskóli, endurb.	5
31.	Siglufjörður, íþróttahús	5
32.	— skóli, breytingar	5
33.	Laugarbakkaskóli, íþróttahús	5
34.	Hvammstangi, íþróttahús	5
35.	Blönduós, stækkun skóla	5
36.	Skagaströnd, skólastjóraíbúð	5
37.	— sundlaug	5
38.	Hólahreppur, sundlaug	5
39.	Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	5
40.	— sundlaug	5
41.	— Oddeyrarskóli, stækkun	5
42.	Húsavík, barnaskóli, stækkun	5
43.	— gagnfræðaskóli, 3. áf.	5
44.	Ólafsfjörður, endurbætur sundlaugar	5
45.	— íþróttahús	5
46.	Þelamörk, íþróttahús	5
47.	Öngulsstaðahreppur, breyt. á Laugalandssk.	5
48.	Svalbarðsströnd, íþróttahús + skóli	5
49.	Skútustaðahreppur, skóli, nýbygging	5
50.	Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5
51.	Neskaupstaður, íþróttahús, stækkun	5
52.	— sundlaug	5
53.	Eskifjörður, endurb. á skólastjóraíbúð	5
54.	Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð + heimavist	5
55.	Hallormsstaður, íþróttah. + sundl. + íbúð í sk.	5

	Þús. kr.	Þús. kr.
56. Reyðarfjörður, stækkun skóla	5	
57. Búðahreppur, endurb. á skólastjóraíbúð	5	
58. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5	
59. Vestmannaeyjar, breyting grunnskóla	5	
60. Vík í Mýrdal, íbúð	5	
61. — sundlaug	5	
62. Dyrhólahreppur, stækkun skóla	5	
63. Rangárvallahreppur, stækkun grunnskóla	5	
64. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
65. Djúpárhreppur, sundl. + íþróttah. í Þykkvabæ	5	
66. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
67. — íþraðst. í félagsh.	5	
68. Stokkseyrarhreppur, laus kennslustofa	5	
69. Skeiðahreppur, breyting á skóla	5	
70. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
71. Biskupstungnahreppur, skóli, stækkun	5	
		355
		115 450

4. Dagvistarheimili (02 803).

a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa:

1. Suðureyri	700	
2. Sauðárkrókur v/Sæmundarhlíð	500	
3. Akureyri v/Síðusel	1 100	
4. Þórshöfn	540	
5. Eyrarbakki	670	
6. Selfoss (endurbætur, búnaður)	200	
7. Þorlákshöfn	1 100	
8. Hveragerði	1 000	
9. Sandgerði	700	
10. Keflavík v/Hólmgarð	1 100	
11. Hafnarfjörður v/Norðurvang	1 200	
12. Hafnarfjörður v/Kirkjuveg	215	
13. Kópavogur v/Hábraut	1 320	
14. Kópavogur v/Efstahjalla	1 700	
15. Seltjarnarnes v/Sólbrekku	1 800	
16. Sumargjöf, Reykjavík	1 900	
Reykjavíkurborg:		
17. Færanleg leikstofa v/Suðurhóla	335	
18. Skóladagheimili í Breiðagerðisskóla	100	
19. Bústaðavegur	1 500	
20. Bólstaðarhlíð/Stakkahlíð	2 100	
		19 780

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Gömul hús, breytingar, tekin í fjárlög 1983 eða fyrr (tekin til starfa):		
1. Raufarhöfn	230	
2. Fáskrúðsfjörður (Búðahr.)	100	
3. Stöðvarfjörður (Bakkag.)	150	
4. Breiðdalsvík	160	
5. Stykkishólmur	200	
6. Foreldrafélag Seyluhrepps	60	
7. Grýtubakkahreppur	60	
8. Hvolhreppur	60	
		1 020
c. Dagheimili sem eru í byggingu:		
1. Akranes, II. áf.	500	
2. Hellissandur	600	
3. Patreksfjörður	700	
4. Bolungarvík	700	
5. Ísafjörður	100	
6. Súðavík	400	
7. Akureyri (Fíladelfíusöfnuður)	400	
8. Borgarfjörður eystri	100	
9. Reyðarfjörður	1 100	
10. Keflavík v/Tjarnarsel	300	
11. Njarðvík	400	
12. Hafnarfjörður v/Smárabarð	900	
13. Garðabær v/Hofstaðabraut	600	
14. Mosfellssveit v/Hlaðhamra	700	
15. Kópavogur v/Grænatún	900	
Reykjavíkurborg:		
16. Hraunberg	1 200	
17. Hönnun	450	
		10 050
d. Dagheimili tekin í fjárlög 1983 eða fyrr:		
1. Borgarnes, II. áf.	50	
2. Búðardalur, Laxárdalshr.	50	
3. Þingeyri	50	
4. Hólmavík	50	
5. Hvammstangi	50	
6. Blönduós, II. áf.	50	
7. Skagaströnd, II. áf.	50	
8. Dalvík, II. áf.	50	
9. Akureyri v/Þórunnarstræti	50	
10. Egilsstaðir, II. áf.	50	
11. Stokkseyri	50	
12. Hafnarfjörður v/Smárabarð, II. áf.	50	
13. Reykjavíkurborg, skd. v/Laugarnesskóla	50	
14. Hella, Rangárvallahr.	50	
15. Vatnsleysuströnd	50	
		750

	Þús. kr.	Þús. kr.
e. Ný dagvistarheimili, til undirbúnings framkvæmda:		
1. Hafnarfjörður v/Norðurberg	5	
2. Kópavogur/Vesturbær	5	
3. Andakílshr., Borgarfirði	5	
4. Hofsós	5	
5. Eskifjörður (breytingar)	5	
Reykjavíkurborg:		
6. Seljahverfi, skd. — leiksk.	5	
7. Eiðsgrandi, dagh. — leiksk.	5	
8. Árbæjarhverfi, skd. — leiksk.	5	
		40
		31 640

5. Bygging íþróttamannvirkja (02 986 0104).

a. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1983 eða fyrr:	Kr.
1. Reykjavík, Sundlaug Vesturbæjar	1 000
2. — vélfryst skautasvell	100 000
3. — sundlaug Laugardal, laugarhús	1 100 000
4. — Laugardalsvöllur, III. áf.	270 000
5. — skíðamannv. í Bláfjöllum, II. áf.	650 000
6. — stór íþróttatæki og tækjabúnaður	62 445
7. — stór íþróttatæki	120 000
8. — troðari og skemma í Bláfjöllum	136 200
9. — gervigras, Laugardalsv.	300 000
10. — skíðalyfta í Bláfjöllum	700 000
11. Glímufél. Ármann, Rvík, íþróttahús	35 000
12. — skíðalyfta	370 000
13. — skíðaskáli	1 000
14. — íþróttasvæði	1 000
15. Knattspfél. Fram, Rvík, grasvöllur	115 000
16. — skíðalyfta	72 300
17. — skíðaskáli	1 000
18. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík; lýsing í brekkur	31 000
19. ÍR, Rvík, íþróttasvæði	200 000
20. — skíðalyfta, IV	275 000
21. — troðari	125 000
22. Íþróttafélag fatlaðra, Rvík, íþróttahús	150 000
23. Íþróttabandal. Rvíkur, Rvík, íþróttabúðir	350 000
24. KR, Rvík, lyftuskáli, lýsing, þjónustuhús	180 000
25. — skíðalyfta VI	43 300
26. — skíðalyfta	700 000
27. — íþróttahús v/lyftingamanna	180 000
28. — áhöld	25 000
29. Skotfélag Reykjavíkur, Rvík, skotsvæði	1 000
30. TBR, Rvík, íþróttahús	1 245
31. — tennisvellir	200 000

		Kr.
32.	Golfkl. Reykjavíkur, Rvík, golfv. og skáli ...	230 000
33.	Knattspfél. Valur, Rvík, skíðaskáli	40 000
34.	— II. áf. grasvallar	1 000
35.	— íþróttahús	500 000
36.	Knattspfél. Víkingur, Rvík, íþróttasvæði	100 000
37.	— skíðalyfta (4)	95 663
38.	— skíðalyfta	120 000
39.	Knattspfél. Þróttur, Rvík, vallarhús, grasvöllur	160 000
40.	Kópavogur, íþróttaleikvangur, II. áf.	190 000
41.	— íþróttahús	550 000
42.	Umf. Breiðablik, Kópav., skíðalyfta	200 000
43.	— skíðaskáli	80 000
44.	Íþróttafél. Gerpla, Kópav., fimleikatæki	4 800
45.	— íþróttahús	950 000
46.	Siglingafél. Ýmir, Kópav., bátar og naust ...	1 000
47.	— björgunarbátar	4 302
48.	Hafnarfjörður, álma við íþróttahús	135 000
49.	— viðbætur við sundlaug	240 000
50.	Knattspfél. Haukar, íþróttasvæði v/hús	14 000
51.	FH., Hafnarfirði, áhorfendasv. og búningsklefar	450 000
52.	Golfkl. Keilir, Hf., stækkun golfvallar	70 000
53.	Seltjarnarnes, íþróttavöllur	230 000
54.	— sundlaug	200 000
55.	Siglingakl. Vogur, Garðabæ, bátar	11 725
56.	Garðabær, íþróttavöllur	37 500
57.	— íþróttahús	160 000
58.	Keflavík, setlaugar	60 000
59.	— grasæfingasvæði	200 000
60.	— íþróttahús, II. áf.	160 000
61.	— íþróttaleikvangur	270 000
62.	— sundlaug	1 000
63.	Golfkl. Suðurnesja, Keflavík, golfvöllur	280 000
64.	Njarðvík, setlaugar	100 600
65.	— sundlaug og íþróttahús	29 532
66.	— búningsklefar við völl	1 000
67.	— stór tæki	28 000
68.	— útisundlaug	1 000
69.	Grindavík, golfklúbbur, golfvöllur	35 000
70.	— íþróttahús	120 000
71.	Gerðahreppur, Gull., íþróttahús og sundl. ..	1 000
72.	— grasvöllur, vallarhús	200 000
73.	Miðneshr. (Sandgerði), íþróttah., I. áf.	30 000
74.	— sundlaug	70 000
75.	Vatnsleysustrandarhreppur, Gull., sundl. ...	1 000
76.	Umf. Afturelding, Mosfellssv., íþróttav.	1 000

		Kr.
77.	Akranes, Bjarnalaug	84 047
78.	— íþróttahús	140 000
79.	— grasvöllur, II. áf.	20 000
80.	— æfingasvæði	120 000
81.	— sundlaug (opin)	30 000
82.	— æfingasvæði	20 000
83.	Golfkl. Leynir, Akran., völlur og skáli	10 000
84.	Umf. Vísir, Hvalfjarðarstrhr., íþróttav.	1 000
85.	Borgarnes, Mýras., vallarhús	1 000
86.	— grasvöllur	2 000
87.	Golfkl. Borgarness, golfv. og skáli	8 940
88.	Umf. Íslendingur, Andakílshr., Borg., sundlaug	65 000
89.	Umf. Haukar, Melasveit, íþróttavöllur	1 000
90.	Umf. Álftanes- og Hraunhr., Mýr., íþróttavöllur	1 000
91.	Staðarsveit, Snæf., íþróttavöllur	22 706
92.	— sundlaug	60 000
93.	Neshreppur utan Ennis, Snæf., stækkun íþróttav.	1 000
94.	Ólafsvík, grasvöllur	1 000
95.	Golfkl. Ólafsvíkur, Ólafsvík, golfvöllur	40 000
96.	Ólafsvík, troðari	40 000
97.	Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	1 000
98.	— sundlaug og íþróttahús	16 000
99.	Stykkishólmur, Snæf., sundlaug, II. áf.	2 862
100.	— íþróttavöllur	100 000
101.	Búðardalur (Laxárdalshr.), Dal., íþróttavöllur	4 000
102.	Miðdalahr., Dal. íþróttavöllur	1 000
103.	Umf. Stjarnan, Saurbæjarhr., Dal. íþróttavöllur	1 000
104.	Umf. Barðastrandar, V-Barð., sundlaug	8 900
105.	Patrekshreppur, V-Barð., malarvöllur	150 000
106.	Tálknafjarðarhr., V-Barð., íþróttavöllur	1 000
107.	— íþróttahús	1 000
108.	Suðurfjarðahr., Bíldudalur, skíðalyfta	50 000
109.	Suðurfjhr., Tálknafj., Patrekshr., skíðamiðstöð	1 000
110.	Héraðssamb. V-Ís., íþróttavöllur að Núpi	1 000
111.	Umf. Önundur, Mosvallahreppi, V-Ís., íþróttavöllur	1 000
112.	Flateyrarhr., V-Ís., íþróttahús og sundlaug	1 000
113.	Suðureyrarhr., V-Ís., skíðalyfta	2 000
114.	— íþróttavöllur	320 000
115.	Bolungarvík, skíðalyfta	1 000
116.	— sundlaug og íþróttahús	80 000
117.	— grasvöllur	1 000
118.	— troðari	20 000
119.	— vallarhús	26 981

		Kr.
120.	Ísafjörður, gras- og malarvöllur	15 000
121.	— sundlaug	45 981
122.	— vallarhús	120 000
123.	Íþróttabandal. Ísafj., skíðamannvirki	50 000
124.	Golfkl. Ísafjarðar, golfvöllur	1 000
125.	Súðavíkurhr., N.-Ís., malarv. og skíðam.	2 000
126.	Snæfjallahr., N-Ís.	1 000
127.	Kaldrananeshr., Strand., laugarhús	5 410
128.	Umf. Grettir, Ytri-Torfustaðahr., V-Hún., sundlaug	1 000
129.	Hvammstangahr., V-Hún., malarvöllur	1 000
130.	— sundlaug	120 000
131.	Blönduóshreppur, A-Hún., búnings- og baðklefar	11 353
132.	— íþróttavöllur	50 000
133.	Höfðahreppur (Skagaströnd), íþróttav.	1 000
134.	Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	1 000
135.	Sauðárkrókur, laugarhús	1 000
136.	— íþróttahús	100 000
137.	Umf. Tindastóll, Sauðárkr., skíðaskáli	1 000
138.	Golfk. Sauðárkróks, golfvöllur	40 000
139.	Haganes- og Holtshr., Skag., íþróttavöllur	1 000
140.	Hofsóshreppur, Skag., íþróttavöllur	16 000
141.	Siglufjörður, malarvöllur og vallarhús	18 133
142.	— setlaugar	34 354
143.	— sundhöll	7 218
144.	— grasvöllur	1 000
145.	— stór tæki	1 000
146.	Íþrbandal. Siglufj., skíðamiðst. að Hóli	110 000
147.	Skíðafélag Siglufjarðar, stökkbraut	69 136
148.	— skíðalyfta III	30 222
149.	Golfkl. Siglufjarðar, golfvöllur og hús	1 000
150.	Ólafsfjörður, malarvöllur	1 000
151.	— skíðastökkbraut II	2 320
152.	Golffélag Ólafsfjarðar, golfvöllur	15 000
153.	Umf. Leiftur, Ólafsfirði, snjótroðari	50 000
154.	Íþróttafélag Ólafsfjarðar, skíðalyfta	55 954
155.	Dalvík, skíðalyfta	4 870
156.	— búningsklefar við sundlaug	1 000
157.	Skíðafélag Dalvíkur, troðari	140 000
158.	Akureyri, skíðalyftur	80 000
159.	— skíðastökkbraut	1 000
160.	— áhaldahús í Hlíðarfjalli	170 000
161.	— skíðalyfta í Hlíðarfjalli	1 000
162.	— hlaupabraut	80 000
163.	— íþróttahús	800 000
164.	— áhaldageymsla v. íþróttavallar	133 179
165.	KA, Akureyri, malarvöllur	40 000
166.	— girðing um völl	22 152
167.	— grasvöllur	120 000

		Kr.
168.	Íþróttafél. Þór, Akureyri, grasvöllur	110 000
169.	Golfkl. Akureyrar, golfvöllur	50 000
170.	— skáli	45 000
171.	Skautafélag Akureyrar, girðing og skáli	2 234
172.	Grímsey, sundlaug	4 000
173.	Umf. Reynir, Árskógsströnd, íþróttavöllur	39 500
174.	Glæsibæjarhr., Þelamerkurskóli, Eyjaf., íþróttahús	1 000
175.	Hrafnagilshr., Eyjaf., íþróttahús	1 000
176.	Fjögur umf. í Eyjaf., íþróttavöllur Þelam.	1 000
177.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, S-Þing., íþróttavöllur	25 000
178.	Umf. Geisli, Aðaldal, S-Þing. íþróttav.	100 000
179.	— skíðalyfta	1 000
180.	Reykjahreppur, S-Þing., íþróttavöllur	1 000
181.	H.S.Þ., Laugum, S-Þing., stækkun íþróttavallar	1 000
182.	Skútustaðahreppur, S-Þing., malarvöllur	22 446
183.	— sundlaug og vallarhús	190 000
184.	Húsavík, II. áf. grasvallar	70 000
185.	— skíðalyfta	46 400
186.	— íþróttahús	200 000
187.	— troðari	64 900
188.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	70 000
189.	Presthólahreppur (Kópasker), íþróttav.	3 350
190.	Raufarhafnarhreppur, N-Þing., íþróttav.	1 000
191.	— sundlaug	80 000
192.	Þórshafnarhreppur, N-Þing., íþróttavöllur	1 000
193.	— skíðalyfta	1 000
194.	Vopnafjarðarhr., N-Múl., íþróttavöllur	39 580
195.	Umf. Vísir, Hlíðarhr., N-Múl., íþróttav.	1 000
196.	Umf. Hróar, Tunguhreppi, N-Múl., íþróttavöllur	1 000
197.	Umf. Borgarfjörður, N-Múl., íþróttavöllur	120 000
198.	Ú.Í.A., Eiðum, S-Múl., íþróttavöllur	115 000
199.	Egilsstaðahreppur, S-Múl. íþróttavöllur	100 000
200.	— setlaug við sundlaug	25 000
201.	— skíðalyfta	21 717
202.	— íþróttahús	220 000
203.	Seyðisfjörður, sundlaug	1 000
204.	— íþróttavöllur	59 700
205.	Íþróttafél. Huginn, Seyðisf., skíðalyfta	11 200
206.	Neskaupstaður, íþróttahús, II. áf.	1 000
207.	— íþróttasvæði	18 100
208.	Neskaupst., Eskifj., Reyðarfj., skíðamiðst. í Oddsskarði	90 000
209.	Golfkl. Eskifjarðar, golfv. og skáli	20 000
210.	Reyðarfjörður, íþróttavöllur	1 000
211.	— íþróttahús og sundlaug	30 000
212.	— stór íþróttatæki	1 000

	Kr.	
213. Búðahreppur, Fáskrúðsf., S-Múl., íþróttavöllur	36 000	
214. — sundl. endurbætt	27 968	
215. — skíðalyfta	20 000	
216. Breiðdalshreppur, S-Múl., skíðaaðstaða	1 000	
217. Hafnarhreppur, A-Skaft., íþróttavöllur	50 000	
218. Golfkl. Hornafjarðar, völlur og skáli	15 000	
219. Umf. Máni, Nesjahr., A-Skaft., íþróttav.	1 000	
220. Hofshreppur, A-Skaft., íþróttavöllur	1 000	
221. Hvammshreppur, V-Skaft., íþróttavöllur	60 000	
222. Dyrhólahreppur, V-Skaft., íþróttavöllur	25 000	
223. Fljótshlíðarhr., Rang., íþróttavöllur	1 000	
224. Hvolhreppur (Hvolsvöllur), Rang., íþróttavöllur	1 000	
225. Golfkl. Hvolsvallar, Rang., golfvöllur	110 000	
226. Umf. Biskupstungna, Árn., íþróttavöllur	70 000	
227. Kirkjubæjarhreppur, V-Skaft., íþróttav.	64 000	
228. Umf. Gnúpverjahr., íþróttavöllur	1 000	
229. Umf. Skeiðamanna, Árn., búningsklefar	1 000	
230. Laugardalshreppur, Árn., skíðalyfta	36 000	
231. Vestmannaeyjar, grasvöllur	1 000	
232. — stór íþróttatæki	2 000	
233. — íþróttahús	230 000	
234. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	54 500	
235. Selfoss, vallarhús	1 375	
236. — búningsklefar við sundhöll	250 000	
237. Golfkl. Selfoss, golfvöllur	1 000	
238. Hveragerðishreppur, Árn., sundlaug	10 700	
239. — íþróttahús	250 000	
		20 225 000
b. Ný íþróttamannvirki:		
1. Golfkl. Kjölur, Mosfellssveit	5 000	
2. Hafnarfjörður, æfingarsvæði í Kaplakrika	5 000	
3. Siglingakl. Brokey, Rvík, flotbryggja	5 000	
4. Ólafsvík, setlaug	5 000	
5. Grundarfjörður, Snæf., skíðalyfta	5 000	
6. Ísafjörður, troðari	5 000	
7. Bíldudalur, V-Barð., íþróttavöllur	5 000	
8. Akrahreppur, Skag., íþróttavöllur	5 000	
9. Blönduós, A-Hún., skíðatogbraut	5 000	
10. Akureyri, markhús í Hlíðarfjalli	5 000	
11. Íþróttafél. Þór, Ak., handknattl.- og tennisvöllur	5 000	
12. Neskaupstaður, setlaug	5 000	
13. Djúpivogur, S-Múl., íþróttavöllur	5 000	
14. Gnúpverjahr., Árn., búningskl. við völl og sundl.	5 000	
15. Umf. Hrunamanna, Árn., íþróttasvæði	5 000	
		75 000
c. Sérfræðileg tæknileg aðstoð — eftirlit og leiðbeiningar		200 000
		20 500 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Landþurrkun (04 201 0130).		
1. Araós	12	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	14	
3. Leiðvallarhreppur	25	
4. Dyrhólaós	150	
5. Holtsós	30	
6. Austur-Landeyjahreppur	23	
7. Vestur-Landeyjahreppur	23	
8. Djúpárhreppur	23	
		300
7. Fyrirhleðslur (04 270 0109).		
a. Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar frá:		
1. Skaftá	200	
2. Kúðafljót	200	
3. Markarfljót	500	
4. Norðurá	250	
5. Héraðsvötn	500	
6. Hörgá	250	
7. Eyjafjarðará	150	
8. Hornafjarðarfljót	500	
		2 550
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn 1/8 kostnaðar annars staðar frá:		
1. Vestur-Skaftafellssýsla	430	
2. Rangárvallasýsla	150	
3. Árnessýsla	390	
4. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	60	
5. Snæfellsnessýsla	60	
6. Dalasýsla	60	
7. N-Múlasýsla og S-Múlasýsla	600	
8. Austur-Skaftafellssýsla	350	
		2 100
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn 1/8 kostnaðar annars staðar frá:		
1. Suðurlandskjördæmi	130	
2. Reykjaneskjördæmi	70	
3. Vestfjarðakjördæmi	80	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	160	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	130	
6. Austurlandskjördæmi	60	
		630
		5 280

8. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 0301).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík: Sundlaug við Grensásdeild	9 300	
2. Akranes, sjúkrahús, tæki og H2	1 000	
3. Ólafsvík, H2	5 700	
4. Stykkishólmur, H2	2 200	
5. Búðardalur, H2	500	
6. Reykhólar, H, skuld	800	
7. Patreksfjörður, H2	1 100	
8. Þingeyri	1 000	
9. Bolungarvík, H1	100	
10. Ísafjörður, sjh. og H2	18 000	
11. Hólmavík, H1	3 700	
12. Hvammstangi, H2	5 000	
13. Hvammstangi, sjúkrah., setustofa	300	
14. Blönduós, sjh. og H2	6 600	
15. Sauðárkrókur, sjh. og H2	5 000	
16. Ólafsfjörður, H1 o. fl.	1 500	
17. Dalvík	800	
18. Akureyri, FSA	15 500	
19. Bakkafjörður, H	300	
20. Vopnafjörður, H1	100	
21. Seyðisfjörður, sjh. og H1	6 000	
22. Neskaupstaður, sjh. og H2	1 300	
23. Fáskrúðsfjörður, H1	300	
24. Egilsstaðir, sjh. og H2	3 000	
25. Djúpivogur, H1	700	
26. Höfn, H2 og H í Öræfum	1 300	
27. Kirkjubæjarklaustur, H1	100	
28. Vík, H1	100	
29. Hvolsvöllur, H1	600	
30. Selfoss, sjh.	3 000	
31. Hveragerði, H2	300	
32. Sandgerði	400	
33. Keflavík, sjh., tæki og hönnun	900	
34. Keflavík, H2	5 200	
35. Hafnarfjörður, H2	2 000	
36. Kópavogur, H2	1 200	
37. Seltjarnarnes, H2	500	
		105 400
b. Heilsugæslustöðvar — undirbúningsfjárveitingar, framkvæmdir ekki hafnar:		
1. Reykjavík — heilsugæslustöðvar	100	
2. Húsavík H-2	100	
3. Þórshöfn H-2	100	
4. Þorlákshöfn H	100	
		400

	Þús. kr.	Þús. kr.
c. Heilsugæslustöðvar í leiguhúsnæði:		
1. Akureyri	800	
2. Hafnarfjörður	120	
3. Mosfellssveit	200	
4. Þorlákshöfn	130	
		1 250
d. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	100	
2. Flateyri	1 000	
3. Bolungarvík	3 000	
4. Siglufjörður	2 000	
5. Dalvík	1 300	
6. Egilsstaðir	350	
7. Vík í Mýrdal	450	
		8 200
		115 250

9. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).

1. Akranes	5 100
2. Borgarnes	3 200
3. Arnarstapi	800
4. Ólafsvík	3 200
5. Grundarfjörður	4 000
6. Stykkishólmur	2 500
7. Karlsey	2 300
8. Patreksfjörður	700
9. Tálknafjörður	3 000
10. Þingeyri	300
11. Flateyri	1 300
12. Suðureyri	2 000
13. Bolungarvík	3 800
14. Ísafjörður	3 700
15. Norðurfjörður	1 400
16. Drangsnes	100
17. Hólmavík	400
18. Hvammstangi	2 000
19. Blönduós	1 300
20. Skagaströnd	1 500
21. Sauðárkrókur	200
22. Hofsós	4 700
23. Siglufjörður	1 200
24. Ólafsfjörður	1 600
25. Dalvík	7 500
26. Akureyri	4 500
27. Svalbarðseyri	100
28. Grenivík	200
29. Grímsey	600
30. Húsavík	2 400
31. Hallbjarnarstaðakrókur	100
32. Raufarhöfn	1 500

	Þús. kr.	Þús. kr.
33. Þórshöfn	1 400	
34. Bakkafjörður	1 600	
35. Vopnafjörður	300	
36. Borgarfjörður eystri	1 300	
37. Seyðisfjörður	300	
38. Neskaupstaður	500	
39. Reyðarfjörður	300	
40. Fáskrúðsfjörður	300	
41. Stöðvarfjörður	7 500	
42. Djúpivogur	600	
43. Hornafjörður	1 400	
44. Dyrhólaey	500	
45. Vestmannaeyjar	5 500	
46. Eyrarbakki	4 200	
47. Grindavík	2 700	
48. Sandgerði	10 500	
49. Hafnarfjörður	4 200	
		110 300

10. Sjóvarnargarðar (04 270 0110 og 10 333 0108).

1. Akranes	200	
2. Ólafsvík	200	
3. Búðardalur	200	
4. Flateyri	400	
5. Suðureyri, rannsókn	50	
6. Bolungarvík	200	
7. Blönduós	200	
8. Sauðárkrókur	400	
9. Siglufjörður	200	
10. Árskógssandur	135	
11. Dalvík, rannsókn	50	
12. Hrísey	500	
13. Hjalteyri	200	
14. Húsavík	400	
15. Vestmannaeyjar	200	
16. Stokkseyri	300	
17. Eyrarbakki	300	
18. Selvogur	200	
19. Miðneshreppur	600	
20. Gerðahreppur	200	
21. Hvaleyri	200	
22. Bessastaðahreppur	600	
23. Seltjarnarnes	600	
24. Reykjanes, rannsóknir	300	
		6 835

11. Framkvæmdir á flugvöllum (10 471 0106).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykjavík	5 800	
2. Stykkishólmur	2 700	
3. Patreksfjörður	4 100	
4. Þingeyri	3 500	
5. Ísafjörður	310	
6. Siglufjörður	3 500	
7. Ólafsfjörður	2 500	
8. Akureyri	1 500	
9. Húsavík	7 200	
10. Kópasker	400	
11. Egilsstaðir	3 800	
12. Djúpivogur	200	
13. Hornafjörður	700	
14. Vestmannaeyjar	500	
15. Kirkjubæjarklaustur	550	
16. Sjúkraflugvellir	3 000	
17. Neyðar- og slökkvibúnaður	1 800	
18. Leiðarflugþjónusta	9 000	
19. Segulbandstæki	240	
		51 300

Nd. 213. Frumvarp til laga [59. mál]

um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

1. gr.

Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla.

2. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem fjármálaráðherra ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að gefa út ríkisvíxla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. Fjármálaráðherra getur ákveðið forvexti af víxlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að víxlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um víxla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvíxla.

3. gr.

Lánsskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. Um skattalega meðferð þeirra gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fjármálaráðherra getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánsskjala skv. 2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 214. Lög [43. mál]

um breyting á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 46.

Sþ. 215. Fyrirspurn [151. mál]

til fjármálaráðherra um fylgirit með ríkisreikningi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast eftirfarandi tveir liðir milli kynja (samkvæmt fjölda og fjárhæð) í fylgiriti með ríkisreikningi fyrir árið 1982:
   a) föst yfirvinna
   b) starfsmannabílar?

   Sundurgreina skal þessar upplýsingar samkvæmt ráðuneytum og stofnunum, sé þess kostur.
2. a) Hverjar eru launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður þeirra stofnana sem taldar eru upp í skýringum ríkisbókhalds í fylgiritinu, tl. 6?
   b) Eru þessar stofnanir undanþegnar þeirri upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í lögum nr. 31/1982, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 216. Skýrsla

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga með ríkisaðild er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis.

Formáli

Lögum samkvæmt fer iðnaðarráðherra með málefni ríkisfyrirtækja á sviði iðnaðar- og orkumála, auk þess fer hann með mál er snerta eignaraðild ríkisins í ýmsum hlutafélögum.

Eðlilegt verður að teljast, að Alþingi sé reglulega gerð grein fyrir starfsemi fyrirtækjanna, afkomu þeirra og fjárhagsstöðu. Er það tilgangur eftirfarandi skýrslu.

Eigi nýmæli það, sem fólgið er í útgáfu skýrslunnar, áhuga að fagna meðal alþingismanna, kæmi til greina að leggja fyrir Alþingi í byrjun þings hverju sinni skýrslu af sama tagi.

Desember 1983.

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

Efnisyfirlit

Hitaveita Suðurnesja, h.f. .....
Iðnaðarbanki Íslands h.f. .....
Íslenska járnblendifélagið h.f. .....
Kísiliðjan h.f. .....
Kísilmálmvinnslan h.f. .....
Lagmetisiðjan Siglósíld .....
Landssmiðjan .....
Landsvirkjun .....
Orkubú Vestfjarða .....
Rafmagnsveitur ríkisins .....
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....
Sementsverksmiðja ríkisins .....
Sjóefnavinnslan h.f. .....
Steinullarverksmiðjan h.f. .....
Þörungavinnslan h.f. .....

Hitaveita Suðurnesja, Svartsengi.

Eignaraðild.

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá desember 1974.

Á Suðurnesjum eru sjö sveitarfélög.

Eignaraðild hitaveitunnar er þannig skipt, að sveitarfélögin eiga samtals 60%, og er skipting þeirra innbyrðis eftir höfðatölu þeirra 1. desember 1974, en eignarhluti ríkisins er 40%. Var talið eðlilegt, að ríkið væri eignaraðili til þess að tryggja sér réttinn til upphitunar á Keflavíkurflugvelli.

Vinnslutækni orkuversins.

Vegna hitastigsins og seltu vatnsins sem kemur upp úr borholunum, þurfti að hanna hitaskiptaaðferð, sem gerði kleift að nýta hitaorkuna. Ferskt kalt vatn er leitt í orkuverið og hitað þar upp í 85—125°C, en síðan er því dælt til byggðanna, þar sem það er notað beint til upphitunar eða venjulegrar neyslu. Áætlað er, að orkuþörf neytendanna næstu árin verði u. þ. b. 110 MW eða 350 l/sek af heitu vatni, en það samsvarar hitaorku í 15 tonnum af olíu á klst.

Dreifikerfi.

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Samanlögð lengd alls dreifikerfisins og aðveitulagna var í árslok 1982 um 290 km. Einfalt dreifingarkerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á flugvallarsvæðinu er tvöfalt dreifikerfi, þ. e. vatnið kemur til endurnýtingar.

Aðallagnir frá Svartsengi eru lagðar ofanjarðar og einangraðar með steinull og síðan varðar með álþynnum. Allar aðrar pípur eru neðanjarðar frá bæjarmörkum þéttbýliskjarna og þar af leiðandi ekki til trafala eða lýta. Vatn sem fer til Grindavíkur er 83°C heitt og er gert ráð fyrir að það sé 80°C við bæjarmörk. Það vatn, sem sent er til byggðanna norðar á skaganum, fer út um 125°C heitt, en í dælustöðinni í Njarðvík er það blandað með bakrennslisvatni frá flugvallarsvæðinu og síðan sent út 80°C heitt til notendanna. Almennt er reiknað með, að frárennslið frá notendum sé ekki heitara en 40°C.

Augljóst er að vatnstaka í Svartsengi af fersku vatni verður mjög mikil eða allt að 1200 tonnum á klukkutíma. Ekki er þó talin hætta á of mikilli vatnsnotkun, þar sem áætlað er að meðalúrkoma, sem fellur á 15 km svæði, nægi til allrar vatnsþarfar hitaveitunnar.

Rafmagnsframleiðsla.

Háþrýstigufa er notuð til þess að framleiða rafmagn með milligöngu gufuhverfils. Í dag eru þrír gufuhverflar í gangi og framleiða þeir 8 MW afl (1+1+6).

Orkuverið í Svartsengi notar um 1 til 2 MW til eigin nota. Önnur raforka, um 6 MW, er seld Landsvirkjun, sem síðan selur hana inn á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðrir nýtingarmöguleikar.

Árið 1981 gerðu nokkrir psoriasissjúklingar tilraunir með böðun í „bláa lóninu“, en bláa lónið myndaðist sem afrennsli úr hitaskiptum orkuversins í Svartsengi. Tilraunir þessar virtust gefa góða raun, enda er það í samræmi við það sem þekkt er frá öðrum stöðum, að brennisteinsríkt vatn hentar vel til lækninga á psoriasis, gigt, ischias, exemi o. fl.

Árangurinn sem náðst hefur í lækningu psoriasis gefur tilefni til þess að rannsaka betur lækningamátt „bláa lónsins".

Menn telja líklegt að hentugt sé að reisa heilsuhæli í Svartsengi, sem gæti orðið vinsælt langt út fyrir Ísland, ef lækningamáttur lónsins er sá, sem fyrstu tilraunir benda til. Þegar er búið að reisa aðstöðu til gistingar og baða.

Starfsemin 1982.

Lokið var við dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli og dreifiveitu í Höfnum ásamt aðveitulögnum þangað. Þá var einnig unnið að byggingu kaldavatnsgeymis í Svartsengi, sem lokið var síðsumars 1983.

Með tengingu Keflavíkurflugvallar í lok ársins 1982 bættist við vatnssala, álíka að vatnsmagni og salan til allra annarra byggða á svæði hitaveitunnar.

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1982 var um 30 manns.

Á árinu 1982 var verulegur halli á rekstri hitaveitunnar. Aðalorsakir voru annars vegar, að vatnssala til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli var þá ekki hafin að marki, og hins vegar verulegur fjármagnskostnaður, sem stafaði af háum vöxtum í erlendri mynt, svo og af því misvægi sem varð á árinu milli gengisskráningar íslenzku krónunnar og almennra verðlagsbreytinga hér innanlands.

Þessi neikvæða staða fyrirtækisins ætti þó að breytast verulega þegar á árinu 1983, en þá er áætlað að tekjur vegna vatnssölu hækki um liðlega 100% að raungildi. Koma hér einkum til fullar tekjur af vatnssölu til varnarliðsins.

Að því tilskildu að verðskrá verði í samræmi við byggingavísitölu næstu misserin, áætlar hitaveitan, að afkoma hitaveitunnar verði í jafnvægi eftir u. þ. b. 2 ár.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1982:	kr.
Rekstrartekjur	62 539 771
Rekstrargjöld	(59 162 485)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(81 699 150)
Hagnaður (tap)	(78 321 864)
Eignir	894 320 396
Skuldir	751 465 027
Eigið fé	142 855 369

Stjórnarmenn ríkisins frá 27. apríl 1983 til jafnlengdar 1984: Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur, skipaður af iðnaðarráðherra, og Kjartan Kristófersson, vélstjóri, skipaður af fjármálaráðherra. Framkvæmdastjóri er Ingólfur Aðalsteinsson.

Iðnaðarbanki Íslands h.f., Reykjavík.

Um Iðnaðarbanka Íslands h.f. gilda lög nr. 113 frá 29. desember 1951 ásamt síðari breytingum. Stofnfundur var haldinn í október 1952 og hóf bankinn starfsemi í júní 1953 og er því 30 ára um þessar mundir.

Hlutafé bankans var í upphafi 6,5 millj. gkr., þar af lagði ríkið fram 3 millj. kr. eða 46% hlutafjár. Hlutafé bankans hefur verið aukið nokkrum sinnum. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti sínum til hlutfallslegrar aukningar hlutafjáreignar, og hefur því hlutdeild ríkisins minnkað í 27%. Iðnaðarráðherra skipar tvo af fimm bankaráðsmönnum til eins árs í senn.

Útibú bankans eru nú sjö að tölu, þar af fjögur utan Reykjavíkur, í Hafnarfirði (1964), á Akureyri (1965), á Selfossi (1977) og í Garðabæ (1982). Áttunda útibú bankans var opnað í Reykjavík í nóvember 1983.

Veðdeild var stofnuð við bankann í marz 1970, m. a. í þeim tilgangi að veita lán til kaupa á verkfærum og smærri tækjum fyrir iðnaðarmenn. Lán til slíkrar fjárfestingar höfðu ekki verið veitt af fjárfestingarlánasjóðum iðnaðarins. Heildarútlán veðdeildar námu í árslok 1982 rúmlega 127 mkr.

Iðnlánasjóður hefur allt frá stofnun Iðnaðarbankans verið þar í vörzlu og bankinn annast daglegan rekstur hans.

Góð afkoma bankans undanfarin ár hefur gert mögulegt að gefa árlega út jöfnunarhlutabréf í samræmi við verðlagsþróun, auk þess sem greiddur hefur verið arður samsvarandi viðunandi ávöxtun af verðtryggðum skuldabréfum.

Starfsemin 1982.

Árið 1982 var Iðnaðarbankanum hagstætt ár, þegar á heildina er litið. Innlánsaukning bankans var mest allra bankanna og afkoman góð.

Í árslok 1982 námu heildarinnlán bankans 613 765 þús. kr. og höfðu aukizt frá fyrra ári um 246 243 þús. kr., eða 67%. Innlánsaukning allra viðskiptabankanna árið 1982 varð 60,6%. Hlutdeild Iðnaðarbankans er nú 7,0% af heildarinnlánum viðskiptabankanna.

Heildarútlán bankans í lok ársins, án útlána veðdeildar, námu 504 954 þús. kr. og jukust þau um 204 826 þús. kr., eða 68,2% á árinu. Séu lán, sem endurseld voru Seðlabankanum, undanskilin, var aukningin 64,0%.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga var hlutfallslega svipuð og í fyrra. Hlutur iðnaðar og byggingaverktaka er nú 51,3%.

Veðdeild.

Í árslok 1982 námu heildarútlán veðdeildar 127 438 þús. kr. og er það 125,3% aukning frá fyrra ári. Verðtryggð útlán veðdeildar eru færð upp miðað við vísitölu í árslok.

Lántökur veðdeildar hjá lífeyrissjóðum voru 49 979 þús. kr. á árinu, samanborið við 30 965 þús. kr. árið áður. Aukningin er 61,4% eða sem nemur verðlagsbreytingum milli ára.

Afkoma.

Heildartekjur bankans árið 1982 námu 301 481 þús. kr. og er það 103,1% aukning frá fyrra ári. Heildargjöld bankans voru 294 642 þús. kr. og er það 107,1% aukning frá árinu áður.

Rekstrarkostnaður bankans nam 47 124 þús. kr. og er það 75,7% aukning frá fyrra ári. Launakostnaður nam 28 312 þús. kr. og er það 62% aukning frá fyrra ári.

Meðalfjöldi starfsfólks við bankastörf var 129 árið 1982, samanborið við 127 árið áður.

Tekjuafgangur til ráðstöfunar árið 1982 var 6 838 þús. kr. en 6 203 þús. kr. árið áður.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:*	kr.
Rekstrartekjur	301 480 738
Rekstrargjöld	(294 642 344)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	0
Hagnaður (tap)	6 838 394
Eignir	942 358 714
Skuldir	876 678 035
Eigið fé	65 680 679

*Með veðdeild Iðnaðarbanka Íslands.

Bankaráðsmenn, sem iðnaðarráðherra skipar til aðalfundar 1984, eru Kjartan Ólafsson, ritstjóri, og Sigurður Magnússon, rafvélavirki. Kosnir á aðalfundi: Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, formaður; Gunnar Guðmundsson, rafverktaki, Sveinn Valfells, verkfræðingur.

Bankastjórar eru Bragi Hannesson og Valur Valsson.

Aðstoðarbankastjóri er Ragnar Önundarson.

Áformað er að selja hlutabréf ríkisstjóðs í Iðnaðarbanka Íslands h.f., hafa aðilar innan Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenzkra iðnrekenda lýst yfir áhuga á að kaupa hluta af hlutabréfaeign ríkisins í bankanum.

Íslenzka járnblendifélagið h.f. Grundartanga, Skilmannahreppi.

Félagið er hlutafélag, er starfar skv. lögum nr. 10 frá 26. apríl 1975. Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignaraðild ríkisins í félaginu. Fulltrúar í stjórn félagsins eru kosnir eða skipaðir á aðalfundi. Fyrirtækið sjálft nýtur ekki skattfríðinda, en greiðir hins vegar 0,5% landsútsvar í stað aðstöðugjalds.

Íslenzka ríkið á 55% hlutafjárins, en norska fyrirtækið Elkem 45%. Félagið var stofnað árið 1976 og rekur Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Í verksmiðjunni að Grundartanga er framleitt 75% kísiljárn, sem er blendi af málmunum kísil (Si) og járni (Fe) að kísilinnihaldi nálægt 75%, en afgangurinn er að mestu leyti járn. Þetta blendi er eitt af undirstöðuhráefnum stáliðnaðarins, ýmist notað til hreinsunar stálsins eða sem blendiefni, til þess að fá fram ákveðna eiginleika. Auk þess er járnblendi notað í litlum mæli í efnaiðnaði.

Starfsemi.

Verksmiðjan hóf framleiðslu vorið 1980.

Félagið lenti í verulegum fjárhagserfiðleikum á árinu 1980 vegna sölutregðu og lækkunar á verði kísiljárns. Rekstrarhalli varð 22,5 mkr. á árinu 1980, 64,4 mkr. á árinu 1981 (afskriftir meðtaldar bæði árin) og á árinu 1982 178,5 mkr.

Árið 1982 var á margan veg erfitt fyrir Íslenzka járnblendifélagið h.f. Var það fyrst og fremst vegna hins alvarlega samdráttarástands, sem ríkti allt árið í stál- og járnblendiiðnaði nánast um allan heim. Af þeim sökum varð framleiðsla og sala á kísiljárni mun minni að magni en framleiðslugeta verksmiðjunnar á Grundartanga er. Söluverð hélzt mun lægra en nam framleiðslukostnaði. Nýting framleiðslugetunnar var þó sízt lakari en gerðist hjá öðrum verksmiðjum á útflutningsmarkaði, og framleiðslumagnið stóðst áætlun. Auk þess varð reksturinn fyrir áhrifum af þeim orkuskorti, sem um var að ræða hjá Landsvirkjun á miðjum vetri 1981—82, og stóð annar ofn verksmiðjunnar þar af leiðandi ónotaður í ársbyrjun. Þetta ástand hélzt þó ekki lengur en út febrúarmánuð, og á síðari hluta ársins var orðin veruleg breyting á stöðunni í orkumálum, þannig að félagið gat fengið alla þá orku frá Landsvirkjun, sem það óskaði.

Einnig varð í fyrsta sinn á liðnu ári erfiðleikatímabil í tæknilegum rekstri verksmiðjunnar, með rafskautabrotum og tilheyrandi truflunum. Þetta olli því, að framleiðni á árinu varð nokkru lakari en venja hefur verið. Engu að síður varð framleiðnin mjög viðunandi borið saman við aðrar verksmiðjur, og þegar leið á árið hafði að verulegu leyti tekizt að ráða bót á þessum tæknilegu vandamálum.

Loks olli þróun á gengi erlendra gjaldmiðla, einkum á gengi norsku krónunnar (NOK) gagnvart bandaríkjadollar (USD) og þýzku marki (DEM), verulegu óhagræði í fjármálum fyrirtækisins. Varð í fyrsta sinn meiriháttar gengistap á skuldum í norskum krónum mælt, og eignavirði félagsins og eiginfjárstaða samkvæmt ársreikningi í þeirri mynt eru mun rýrari en vera mundi við uppgjör í þeim myntum, sem styrkari hafa verið að undanförnu.

Í marz 1982 skipaði Iðnaðarráðuneytið 3ja manna starfshóp til að athuga fjárhagsvanda félagsins. Meðal leiða, sem starfshópurinn benti á, var að auka hlutafé félagsins. Í nóvember 1982 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu iðnaðarráðherra, að ríkissjóður veitti félaginu hluthafalán sem nam um 55% af 22 millj. Nkr. eða um 27 millj. ísl. kr. Með lögum nr. 45/1982, um breytingu á lögum um Járnblendiverksmiðjuna, heimilaði Alþingi ríkissjóði að ábyrgjast slíkt lán til að efla framtíðarrekstur félagsins.

Nú standa yfir viðræður við japanska fyrirtækið Sumitomo um kaup á verulegum hluta af framleiðslu félagsins. Enn fremur standa yfir samningaviðræður milli Elkem og Sumitomo um kaup hins síðarnefnda á 20% af hlutafé Elkem. Markaðs- og afkomuhorfur hafa batnað á árinu 1983 og eru mun hagstæðari en á síðasta ári.

Heildarframleiðsla verksmiðjunnar árið 1982, miðað við 75% kísiljárn, var 41 545 tonn (1981: 33 612 tonn). Útflutningur nam 42 263 tonnum (1981: 32 089 tonn).

Meðalstarfsmannafjöldi 1982 var 162 (miðað við tryggingarskyldar vinnuvikur).

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:	Millj. kr.
Rekstrartekjur	228,6
Rekstrargjöld	(295,5)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(111,6)
Hagnaður (tap)	(178,5)
Eignir	1 118,3
Skuldir	1 277,5*
Eigið fé	(159,2)

*Þar af hluthafalán 276,7 millj. og lán með ábyrgð eigenda 108,8 millj.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru: Hjörtur Torfason, hrl., form.; Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri; Páll Bergþórsson, veðurfræðingur; Eggert G. Þorsteinsson, forstjóri. Elkem velur 3 stjórnarmenn. Framkvæmdastjóri er Jón Sigurðsson.

Kísiliðjan h.f., við Mývatn.

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966.

Áskilið er í lögunum, að íslenzka ríkið eigi minnst 51% í félaginu. Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn framleiðslufélagsins og varamenn þeirra, þ. e. 3 af 5 stjórnarmönnum. Manville International Corporation tilnefnir síðan 2 stjórnarmenn á aðalfundum félagsins.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili um verksmiðjuna stofnað sölufélag, Manville h.f., Húsavík, skv. lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Skv. 18. gr. samþykkta Manville h.f. skipar iðnaðarráðherra fulltrúa í stjórn félagsins.

Kísiliðjan h.f. greiðir 45% tejkuskatt samkvæmt reglum laga nr. 90/1965, sbr. 14. gr. aðalsamnings, þó aldrei minna en $15 000. Manville h.f. á Húsavík greiðir 45% tekjuskatt.

Kísiliðjan h.f. heldur eftir og greiðir fyrir hönd Manville 45% tekjuskatt af tækniþóknunargjaldi, sem reiknast af söluverði kísilgúrs við skipshlið á Húsavík.

Starfsemi.

Kísiliðjan hóf starfsemi árið 1968. Verksmiðjan varð fyrir miklum áföllum, þegar hráefnisþrær hennar eyðilögðust árið 1977 vegna eldsumbrota í nágrenninu. Engar tryggingarbætur fengust vegna þessa tjóns. Á árinu 1978 var byggð ný og fullkomin hráefnisþró í stað þeirra þriggja sem eyðilögðust. Heildarkostnaður við nýju þróna var um $1 300 000, þar af var um $1 000 000 fjármagnað með lánsfé.

Á árunum 1979—1981 fór staða fyrirtækisins versnandi, en hafði verið nokkuð góð árin þar á undan. Ástæður þessa voru einkum:

Á árinu 1979 gat fyrirtækið ekki framleitt með fullum afköstum vegna gufuskorts. Úr því var bætt árið 1980 með borun tveggja nýrra hola í Bjarnarflagi. Á árinu 1980 gætti samdráttar í sölu vegna almenns efnahagssamdráttar í Evrópu.

Fjárfestingar vegna mengunarvarna voru miklar. Sett voru upp hreinsitæki fyrir útblástursloft frá gufuþurrkurum og ýmsar úrbætur gerðar til að draga úr mengun í andrúmslofti í verksmiðjunni. Teknar voru í notkun nýrri og betri pökkunaraðferðir.

Allar tekjur Kísiliðjunnar h.f. eru í Evrópugjaldmiðlum, en skuldir í Bandaríkjadollurum. Gengisþróun á árinu 1981 hafði því slæm áhrif á stöðu fyrirtækisins.

Gengisþróunin og þung greiðslubyrði vegna lána í sambandi við byggingu hráefnisþróarinnar leiddi til þess að ákveðið var að auka hlutafé í Kísiliðjunni, og var það samþykkt með lögum nr. 53/1982. Ríkisstjórnin ákvað að yfirtaka skuldir Kísiliðjunnar að upphæð $1 300 000 og Manville yfirtók skuldir að upphæð $290 000. Einnig var gerður samningur um breytta söluprósentu og tækniþóknunargjald, og aðalsamningur var framlengdur um 10 ár, en hann hefði að óbreyttu runnið út 1986.

Þróun framleiðslu og afkomu hefur verið þannig undanfarin þrjú ár (verðlag hvers árs):

	1980	1981	1982
Framleitt	19 300 tonn	20 640 tonn	24 521 tonn
Tap	3 mkr.	7 mkr.	8,5 mkr.

Starfsemi 1982.

Sala til útflutnings 1982 nam 25 396 tonnum og er það mesta magn, sem flutt hefur verið út á einu ári. Sala innanlands nam 24,5 tonnum. Söluhorfur á kísilgúr eru góðar og útlit er fyrir batnandi afkomu verksmiðjunnar á þessu ári. Ársafköst verksmiðjunnar eru rúmlega 24 000 tonn. Aðstæður í fyrirtækinu til að framleiða á fullum afköstum hafa aldrei verið betri.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni h.f. skiptist nú þannig:

Ríkissjóður	59,8%
Manville	39,8%
Aðrir (sveitarfélög)	0,4%

Starfsmenn: 75 (vetrarmán.) 82 (sumarmán.).

Heildarfjárhæð launa til starfsmanna á árinu nam rúmlega 17 mkr.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:

	kr.
Rekstrartekjur	91 836 000
Rekstrargjöld	(94 351 000)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(6 020 000)
Hagnaður (tap) (eftir tekjusk.)	(8 535 000)
Eignir	101 011 040
Skuldir	24 836 766
Eigið fé	76 174 274

Um rekstrarafkomu fyrirtækisins réðu hér mestu sífelldar hækkanir á ýmsum rekstrarþáttum án þess að tekjur ykjust í sama mæli og mikið gengistap vegna óhagstæðrar þróunar á gengi bandaríkjadollars.

Stjórnarmenn af hálfu íslenzka ríkisins frá maí 1983 til næstu fjögurra ára eru Sigurður Rúnar Pétursson, vélavörður, formaður; Lárus Jónsson, alþingismaður; Jón Illugason, bóndi.

Framkvæmdastjóri er Hákon Björnsson.

Fulltrúi iðnaðarráðherra í Manville h.f. til aðalfundar 1984 er Þorvaldur Vestmann.

Kísilmálmvinnslan h.f., Reyðarfirði.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981 til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25—30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í mars 1982. Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög (nr. 70), er heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn hlutafélagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera samkv. 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986—88 og miða bæri allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Ítarlegar upplýsingar um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er að finna í lagafrumvarpi, sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1981—1982.

Endanleg ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar hefur ekki enn verið tekin. Ríkissjóður greiddi 8,2 mkr. í hlutafjárframlag á árinu 1982 og 5,5 mkr. 1983.

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Neðangreindir menn hlutu kosningu á fundi sameinaðs Alþingis 7. maí 1982:

Halldór Árnason, tæknifr., formaður, Axel Gíslason, framkvæmdastj., Eggert Steinsen, verkfræðingur, Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri, varamaður Geirs A. Gunnlaugssonar sem gegnir störfum framkvæmdastjóra, Geir H. Haarde, hagfræðingur, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur, varaformaður.

Ný stjórn var kosin fyrir Kísilmálmvinnsluna á Alþingi 10. nóvember 1983, til jafnlengdar næsta árs. Kosningu hlutu:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Halldór Árnason, tæknifræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. alþingismaður, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra hefur skipað Geir H. Haarde formann stjórnar.

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Í maí 1983 undirrituðu fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra samning við Þormóð ramma h.f. um, að það fyrirtæki tæki að sér rekstur Siglósíldar. Þar sem iðnaðarráðherra hefur samkvæmt lögum farið með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að fyrirtækinu, þykir

rétt að skýra nokkuð frá högum þess hér. Þormóður rammi h.f. er að ¾ hlutum í ríkiseign að ¾ hlutum og heyra mál fyrirtækisins undir fjármálaráðherra.

Siglósíld var stofnsett með lögum nr. 46 frá 1972 sem B-hluta ríkisfyrirtæki. Hefur iðnaðarráðherra skv. lögunum skipað 5 menn í stjórn til fjögurra ára í senn. Þessir aðilar hafa tilnefnt menn í stjórnina: Fjármálaráðherra; bæjarstjórn Siglufjarðar; Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og starfsfólk skv. nánari reglum.

Rekstrarerfiðleikar.

Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða, sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman. Iðnaðarráðuneytið fól þá 3ja manna starfshópi að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær, að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna sameiningu Lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma og endurskipuleggja jafnhliða rekstur og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stoðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Siglufjarðar í febrúar og marz 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins. Haustið 1980 efndi nýskipuð stjórn verksmiðjunnar til fundar með þingmönnum kjördæmisins. Þar var greint frá óviðráðanlegri fjárhagsstöðu fyrirtækisins, einhæfri framleiðslugetu og ótryggum sölumöguleikum. Þingmennirnir töldu samt, að ekki hefði verið reynt til þrautar að ná fram breytingum á rekstri fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstrinum með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum, en verðþróun innanlands hefur einnig verið fyrirtækinu mjög óhagstæð á tímabilinu. Slitinn og úreltur vélakostur hefur átt sinn þátt í bágborinni afkomu.

Stjórn fyrirtækisins hefur bent á ýmsa erfiðleika í rekstri ríkisfyrirtækja á borð við Siglósíld: Þau eigi m. a. ógreiðan aðgang að lánastofnunum. Veik framkvæmdastjórn hefur síðan leitt til þess, að fyrirtækinu hefur verið stjórnað með björgunaraðgerðum af hálfu eigenda fremur en með skipulegum áætlunum og ábyrgð og hlutverk stjórnar ekki verið sem skyldi.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði Iðnaðarráðuneytið í september 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera tillögur til ráðuneytisins um endurskipulagningu á rekstrinum.

Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, Framkvæmdasjóðs og ríkisins, að endurskipulögðu fyrirtæki í lagmetisiðnaði; gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun; setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis, ef til endurskipulagningar kæmi, og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46/1972, um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði áliti þann 26. apríl 1983, og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær, að fyrirtæki, sem framleiddi um 30 þús. ks. af gaffalbitum og 23 þús. ks. af niðursoðinni rækju, ætti að geta skilað hagnaði, ef það þyrfti ekki að standa undir fjármagnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og nauðsynlegar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16. maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af Iðnaðarráðuneytinu og Fjármálaráðuneytinu.

Fjármálaráðuneytið veitti Lagmetisiðjunni Siglósíld aukafjárveitingu að upphæð 4,5 mkr. til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand. Auk þess voru teknar 10 mkr. að láni hjá

Endurlánum ríkisins til greiðslu m. a. á vanskilaskuldum við ríkisféhirði, að upphæð 6 551 þús. kr., og við ríkisábyrgðasjóð og Endurlán ríkisins, að upphæð 772 þús. kr.

Á fjárlögum 1983 fékk Siglósíld 2,5 mkr. fjárveitingu auk lántökuheimildar að upphæð 4 mkr.

Þormóður rammi h.f. hefur séð um rekstur Lagmetisiðjunnar frá 1. júní s. l. Jafnframt hafa nokkrar endurbætur verið gerðar á húsnæði og vélum, en formleg yfirtaka hefur enn ekki farið fram. — Hafnar eru viðræður á vegum Iðnaðarráðuneytisins við þá aðila, er sýnt hafa áhuga á að kaupa Siglósíld. Þegar niðurstöður þeirra viðræðna liggja fyrir, verður tekin ákvörðun hvort leitað verði heimildar Alþingis um sölu á fyrirtækinu.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi 31.12.82:	kr.
Rekstrartekjur	14 057 903
Rekstrargjöld	(14 841 117)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(3 688 994)
Hagnaður (tap)	(4 472 208)
Eignir	11 933 167
Skuldir	21 299 060
Eigið fé	(9 365 893)

Landssmiðjan.

Landssmiðjan starfar eftir lögum nr. 102 frá 1936.

Hjá fyrirtækinu vinna um 90 manns. Þar af taka 17 laun samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Starfsemin er einkum almenn viðgerðarþjónusta, sérhæfð þjónusta við skipaflotann, nýsmíði á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg og landbúnað, innflutningur á vélum og búnaði og þjónusta í tengslum við þá starfsemi. Fyrirtækið hefur verið rekið með hagnaði á síðustu árum. Um þriðjungur heildartekna er af innflutningi.

Veruleg uppbygging á fyrirtækinu var ákveðin í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar (1980—83). Vinnuhópur á vegum Iðnaðarráðuneytisins gerði úttekt á húsnæði og starfsaðstöðu fyrirtækisins á árunum 1978—79. Tillögur hans voru í aðalatriðum þessar:

„1) Landssmiðjan flytji starfsemi sína af miðborgarsvæðinu á fyrirhugað athafnasvæði fyrir iðnfyrirtæki í Kleppsvík við Sundahöfn. 2) Fyrsti byggingaráfangi nýs húsnæðis miðist við 8 450 fermetra. Gert verði ráð fyrir 50% stækkun síðar, m. a. með tilliti til þátttöku Landssmiðjunnar í rekstri skipaverkstöðvar. 3) Ríkissjóður heimili sölu á eða kaupi húsnæði og lóð Landssmiðjunnar og tryggi fyrirtækinu með þeim hætti fjármagn til nýbyggingar í Kleppsvík. 4) Fyrirtækið óski eftir að fá úthlutað 3ja ha lóð austan við Skútuvog í Kleppsvík, og rétt til að byggja þar allt að 12 675 fermetra húsnæði."

Áform þessi voru kynnt í ríkisstjórn í febrúar 1980. Með samþykki ráðuneytisins sótti Landssmiðjan um og fékk úthlutað lóð hjá Reykjavíkurborg í maí 1980 á iðnaðarsvæði við Kleppsvík þar sem ákveðin hafði verið aðstaða fyrir skipaviðgerðarstöð.

Iðnaðarráðuneytið skipaði í júlí 1981 bygginganefnd til að hafa umsjón með framkvæmdum við verkstæðisbygginguna. Á lánsfjáráætlun 1981 var fyrst veitt heimild til lántöku vegna undirbúnings við framkvæmdirnar. Síðan hefur fyrirtækið árlega fengið heimildir til lántöku á lánsfjárlögum.

Eins og sést af upphaflegum tillögum miðuðust byggingaráform Landssmiðjunnar mjög við aukningu verkefna fyrirtækisins í skipaviðgerðum í tengslum við fyrirhugaða skipaverkstöð. Samkvæmt teikningum var miðað við að byggja 6 600 fermetra verkstæðishús (um

46 900 rúmmetra). Kostnaður var áætlaður um 65 mkr. miðað við VBK 1 600. Horfið hefur verið frá því að byggja svo stórt verkstæðishús svo sem síðar verður vikið að.

Framkvæmdir við bygginguna hófust í ársbyrjun 1982. Um mitt það ár var að mestu lokið jarðvinnu, og þá höfðu einnig verið steyptir sökklar og helmingur gólfplötu. Ekki gekk jafngreiðlega og áætlað hafði verið að koma húseignunum við Sölvhólsgötu í verð, þannig að þær nýttust Landssmiðjunni sem eigið fjárframlag til byggingarinnar. Framkvæmdir stöðvuðust því vegna fjárskorts á miðju ári 1982 og hafa legið niðri síðan. Í hönd fóru langvinnar viðræður við Fjármálaráðuneyti um ráðstöfun eignanna og hvernig standa bæri að mati þeirra.

Í maí 1983 lá fyrir mat á fasteignum Landssmiðjunnar og var þá gengið frá yfirlýsingu milli Fjármálaráðuneytisins, Iðnaðarráðuneytisins og Landssmiðjunnar þess efnis, að ríkissjóður yfirtæki fasteignir fyrirtækisins gegn umframfjárveitingu að upphæð 16 mkr. Skyldi fjárhæð þessi greiðast Landssmiðjunni í áföngum á tveim árum. Yfirlýsingu þessari hefur verið þinglýst, en ekki hefur verið staðið við greiðslur til Landssmiðjunnar skv. henni af hálfu Fjármálaráðuneytisins.

Í maí 1983 ákvað bygginganefnd að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið að endurskoða fyrri byggingaráform. Til þess lágu margar ástæður: Á þeim tíma, sem framkvæmdir lágu niðri, hafði verðbólga vaxið hröðum skrefum og allar fjárhagsáætlanir vegna byggingarframkvæmdanna skekkst mjög. Það var einnig skoðun forráðamanna Landssmiðjunnar, eftir að fyrir lá mat og greiðsluskilmálar vegna húseignanna við Sölvhólsgötu, að það yrði fyrirtækinu um megn að rísa undir vöxtum og afborgunum af lánum miðað við upphafleg byggingaráform.

Kostnaður við undirbúning og framkvæmdir við verkstæðisbygginguna nemur um 25 mkr. framreiknað til verðlags í ágúst 1983. Hér er eingöngu um að ræða lánsfé. Áætlað er, að vextir og afborganir af þessum lánum verði um 2,8 mkr. á árinu 1983.

Endurskoðaðar tillögur um bygginguna lágu fyrir í byrjun ágúst s.l. Í þeim er gert ráð fyrir að byggja mun minna og ódýrara verkstæðishús en skv. fyrri teikningum og taka mið af lágmarks húsnæðisþörf miðað við að starfsemin yrði flutt að Skútuvogi 7 og fyrirtækið rekið þar með svipuðu umfangi og verið hefur. Tillögurnar miðast við 2 100 fermetra byggingaráfanga (um 13 500 rúmmetra). Kostnaður er á núv. verðlagi áætlaður um 37 mkr. miðað við eins árs framkvæmdatíma og lúkningu á síðari hluta árs 1984.

Áætlun um fjármögnun byggingarinnar er þannig:

	mkr.
Sala húseigna Landssmiðjunnar við Sölvhólsgötu	16,0
Framlag ríkissjóðs 1983 (greitt)	3,0
Lán hjá fjárfestingarlánasjóðum	9,0
Framlag úr ríkissjóði 1984 (fjárvöntun)	9,0
Samtals	37,0

Framangreind áætlun fylgdi fjárlagatillögum Landssmiðjunnar fyrir árið 1984.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að draga stórlega úr fjárfestingaráformum stofnana og fyrirtækja ríkisins. Hin endurskoðaða áætlun um verkstæðisbyggingu Landssmiðjunnar fellur vel að þessu markmiði. Hefur Iðnaðarráðuneytið tjáð forráðamönnum Landssmiðjunnar, að það sé fylgjandi því, að unnið verði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins á grundvelli þessarar endurskoðuðu áætlunar.

Landssmiðjan hefur á síðustu tveim árum unnið að því að þróa nýja aðferð við þurrkun á fiskimjöli. Hér er um að ræða smíði verksmiðju, sem á, ef vel tekst til, að geta sparað mikla orku miðað við hefðbundnar þurrkunaraðferðir. Sótt hefur verið um einkaleyfi á aðferðinni hér á landi og í Danmörku. Við þetta áhugaverða verkefni hefur Landssmiðjan notið tæknilegrar aðstoðar ýmissa aðila, s. s. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og fjárhagslegs stuðnings frá Iðnþróunarsjóði og Iðnrekstrarsjóði.

Rekstur 1982 og efnahagur í árslok:

	kr.
Rekstrartekjur	31 476 489
Rekstrargjöld	(31 138 183)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(118 199)
Hagnaður (tap)	220 107
Eignir	47 455 525
Skuldir	24 820 788
Eigð fé	22 634 637

Forstjóri Landssmiðjunnar er Sigurður Daníelsson.

Landsvirkjun.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 samkvæmt lögum nr. 59 frá 20. maí 1965. Í lögunum var ákvæði, sem heimilaði eigendum Laxárvirkjunar að ákveða, að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita eftir heimild eigenda sinna til að athuga möguleikann á sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eigenda beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, sem undirritaður var hinn 27. febrúar 1981, og tók hann gildi hinn 1. júlí 1983.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. mars 1983. Í hinum nýju lögum eru ýmis nýmæli í samræmi við sameignarsamninginn og til staðfestingar þeirri þróun, sem orðið hefur hjá Landsvirkjun frá því fyrirtækið var sett á stofn árið 1965.

Í 1. grein laganna segir, að frá og með 1. júlí 1983 eigi ríkissjóður 50% í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%, en eins og kunnugt er áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg áður sinn helminginn hvor.

Yfirlit 1982.

Orkuframleiðsla Landsvirkjunar jókst frá fyrra ári um 11,3% á árinu og varð 3 033 GWst eða 85% af allri raforkuframleiðslu landsmanna 1982. Salan til almenningsveitna jókst um 10,7% og salan til stóriðju um 11,8%. Hefði hins vegar ekki komið til verulegrar orkuskerðingar árið 1981 og minni háttar skerðingar í ársbyrjun 1982 hefði almenningsnotkun aukist um 7,3%, en stóriðjunotkunin minnkað um 4,1% sem ber vott um þá erfiðleika er ÍSAL og Járnblendiverksmiðjan hafa átt í vegna slæmra markaðsaðstæðna.

Vetrarrennsli í ám á vatnasvæði Landsvirkjunar var svipað og undanfarin þrjú ár og verulega undir meðaltali síðari áratuga. Fremur var kalt í veðri. Meðalhiti í Reykjavík var þannig hálfri gráðu undir meðallagi áranna 1971—1980. Hlýindakafli með úrkomu um miðjan febrúar bætti verulega úr skák, en þó fyrst og fremst það, að vél nr. 2 í Hrauneyjafossvirkjun komst í gagnið í síðari hluta janúar.

Lokið var við Hrauneyjafossvirkjun á árinu, ef undan er skilinn minni háttar frágangur. Uppsett afl í vatnsaflsstöðvum Landsvirkjunar er þá orðið 659 MW og árleg framleiðslugeta á forgangsorku rúmlega 3 500 GWst í rýru vatnsári. Þar með hefur virkjað vatnsafl fyrirtækisins 7,4-faldast og orkuvinnslugeta 7-faldast á undanförnum 17 árum. Uppsett afl dísilstöðva er 54 MW. Framleiðsla þeirra 1982 var aðeins 0,2 GWst.

Á árinu var einnig lokið við Hrauneyjafosslínu og að mestu við 5 m dýpkun Vatnsfellsskurðar, en sú framkvæmd er liður í stækkun Þórisvatnsmiðlunar í tengslum við Kvíslaveitu, en unnið var áfram við hana og bygging Sultartangastíflu hafin. Margs konar rannsóknum og áætlunum var haldið áfram, svo sem um stækkun Búrfellsvirkjunar, Sultartangavirkjun, Kvíslaveitu, Sprengisandslínu o. fl. Frumathugun var gerð á virkjun fallsins milli Þórisvatns og Sigöldulóns um skurð Vatnsfellsveitu.

Á árinu hækkaði verð Landsvirkjunar á raforku til almenningsveitna mikið, og var það að meðaltali 34,6 aurar á kílówattstund, eða 72% hærra en árið áður. Þetta nægði þó ekki til þess að ná endum saman, og rekstrarreikningur sýnir 152 milljóna kr. rekstrarhalla, sem er 28% af vergum tekjum. Fyrir slíku áfalli hefur Landsvirkjun ekki orðið áður, og er orsökin auk verðbólgunnar aðallega sú, að fyrirtækið hafði ekki bolmagn til þess að mæta þunganum af hinni nýju Hrauneyjafossvirkjun. Það á aftur rót sína að rekja til þess, að vegna verðlagshafta á undanförnum árum hefur Landsvirkjun ekki haft neinn greiðsluafgang til að leggja í nýjar framkvæmdir og orðið að fjármagna Hrauneyjafossvirkjun svo til eingöngu með erlendum lánum. Til að sýna áhrif þessarar verðlagningarstefnu á fjárhag Landsvirkjunar í dag má sem dæmi nefna, að ef Landsvirkjun hefði fengið að hækka gjaldskrá sína í hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu á hverjum tíma væru erlendar skuldir hennar í dag um 100 milljón dollurum minni en efnahagsreikningur sýnir, en það eru um 60% af stofnkostnaði Hrauneyjafossvirkjunar. Ef slíkri stefnu hefði verið fylgt gæti bæði fjárhagur Landsvirkjunar verið betri en hann er í dag og verðlag til notenda lægra.

Á síðari árum hefur það komið æ betur í ljós, að eignir Landsvirkjunar hafa verið of lágt metnar. Var því ákveðið að endurmeta þær eftir nýjum og nákvæmari reglum. Meginbreytingin er fólgin í því, að eignir eru nú endurmetnar á byggingartíma og tillit er tekið til erlendrar verðbólgu, en hvorugt var gert í hinu eldra mati. Þetta leiddi til 40% hækkunar að meðaltali á matsverði eignanna, miðað við eldri matsreglur, og eins og efnahagsreikningur sýnir telst nú eigið fé Landsvirkjunar 39% af heildarfjármagni í stað 21% árið 1981.

Endurnýjunarverð eigna í rekstri samkvæmt hinu nýja mati greinist í aðalatriðum þannig í árslok 1982:

	mkr.	%
Aflstöðvar	9 250	80,7
Línur og spennistöðvar	2 024	17,7
Ýmsar eignir	179	1,6
	11 453	100,0
Afskrifað	2 343	
Fastafjármunir í rekstri	9 110	

Með stoð í lögum, nr. 60 frá 4. júní 1981, var í ágústmánuði undirritaður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um, að Landsvirkjun yfirtæki frá 1. október 1982 réttinn til að reisa og reka Blönduvirkjun, Villinganesvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Samningurinn nær einnig til yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum öllum frá 1. janúar 1983, og gerir hann ráð fyrir, að sama heildsölugjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna frá öllum sölustöðum Landsvirkjunar.

Í tilefni af þessum samningum um samruna Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar skipuðu eignaraðilar, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, nefnd til þess að endurskoða lögin um Landsvirkjun. Skilaði hún áliti í janúar 1983.

Samningur um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl.

Með lögum um raforkuver, nr. 60 frá 4. júní 1981, var ríkisstjórninni eins og áður segir heimilað að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

— Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli.
— Virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli.
— Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Með vísun til laganna um raforkuver samþykkti Alþingi sérstaka þingsályktun, hinn 6. maí 1982, þar sem því er slegið föstu, að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun landsmanna. Ennfremur gerir þingsályktunin ráð fyrir því, að miðlunin við Blönduvirkjun verði ekki umfram 220 Gl fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins.

Með stoð í sömu lögum var hinn 11. ágúst 1982 undirritaður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. Samkvæmt samningi þessum tekur Landsvirkjun að sér frá og með 1. október 1982 að reisa ofangreindar virkjanir og reka sem sína eign. Jafnframt er í samningnum gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun yfirtaki hinn 1. janúar 1983, til eignar og reksturs, eftirtaldar 132 kV raflínur í eigu ríkisins, auk hlutdeildar í aðveitustöðvum:

— Lína Brennimelur — Vatnshamrar — Hrútatunga — Laxárvatn — Varmahlíð — Rangárvellir (Norðurlína).
— Lína Rangárvellir — Kröfluvirkjun (Kröflulína).
— Lína Krafla — Hryggstekkur (Austurlína).
— Lína Hryggstekkur — Djúpivogur — Hólar (Suðausturlína).
— Lína Hrútatunga — Glerárskógar — Geiradalur — Mjólká (Vesturlína).

Samkvæmt samningnum fjölgar afhendingarstöðum rafmagns frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna frá og með 1. janúar 1983. Auk þess er þar kveðið svo á, að frá sama tíma skuli gilda sama gjaldskrá á öllum slíkum afhendingarstöðum.

Í samningnum er ákvæði um, að Landsvirkjun yfirtaki 132 kV línu frá Hólum um Prestbakka að Sigöldu (Suðurlínu), sem verið er að byggja, auk nokkurra aðveitustöðva sem ýmist eru í byggingu eða undirbúningi.

Hér á eftir fara töflur, er sýna orkuöflun og sölu ásamt upplýsingum um skerðingu á orkusölu vegna vatnsskorts fyrir árin 1982 og 1981 og verðlagningu eftir tímabilum árið 1982.

Orkuöflun.

	1982		1981	
	GWst.	MW	GWst.	MW
Rafmagnsvinnsla	3 032,8		2 724,1	
Vatnsorka	3 032,6	467	2 715,5	445
Varmaorka	0,2		8,6	
Orkukaup frá Hitaveitu Suðurnesja	40,0	6	31,9	4
Heildarorkuöflun	3 072,8	473	2 756,0	449

Orkusala.

	1982				1981			
	Forg. GWst.	Afg. GWst.	Alls MW	GWst.	Forg. GWst.	Afg. GWst.	Alls MW	
Almenningsveitur	1 104,9		1 104,9		981,8		981,8	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	455,5		455,5	90,6	426,4		426,4	89,0
Rafmagnsveitur ríkisins	603,7		603,7	158,9	510,4		510,4	138,9
Rafveita Hafnarfjarðar	45,7		45,7	8,5	45,0		45,0	8,5
Stóriðja	1 667,8	168,3	1 836,1		1 499,6	143,2	1 642,8	
Áburðarverksmiðja ríkisins	119,0	—	119,0	20,4	107,3	—	107,3	21,8
ÍSAL	1 300,6	14,8	1 315,4	170,0	1 199,8	14,7	1 214,5	162,0
Íslenzka járnblendifélagið	248,2	153,5	401,7	71,0	192,5	128,5	321,0	68,2
Heildarorkusala	2 772,7	168,3	2 941,0		2 481,4	143,2	2 624,6	

Starfsmannahald.

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum.

	1982	1981
Yfirstjórn og verkfræðideildir	64	62
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	33	32
Aflstöðvar	70	72
	167	166

Fjöldi lausráðinna starfsmanna.

	1982	1981
Mestur	251	208
Minnstur	74	49

Stjórn.

Stjórn Landsvirkjunar var kosin af Alþingi og borgarstjórn Reykjavíkur 1977 og er kjörtími hennar 6 ár. Stjórnin var hinn 31. desember 1982 skipuð sem hér segir:

Jóhannes Nordal, formaður, Árni Grétar Finnsson, Baldvin Jónsson, Böðvar Bragason, kosnir af Alþingi. Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Vigfússon, Ólafur B. Thors, kosnir af borgarstjórn.

Í sameignarsamningi ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, frá 27. febrúar 1981, er gert ráð fyrir sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar frá 1. júlí 1983. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði samningsins hefur Valur Arnþórsson setið stjórnarfundi sem fulltrúi Laxárvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra fyrirtækisins auk yfirverkfræðings, rekstrarstjóra, byggingarstjóra og skrifstofustjóra. Á árinu 1982 gegndu eftirtaldir menn þessum störfum:

Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri. Halldór Jónatansson, aðstoðarframkvæmdastjóri. Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur. Ingólfur Ágústsson, rekstrarstjóri. Rögnvaldur Þorláksson, byggingarstjóri. Örn Marinósson, skrifstofustjóri.

Á fundi sameinaðs Alþingis hinn 14. marz 1983 voru þessir kosnir aðalmenn ríkisins til næstu fjögurra ára: Árni Grétar Finnsson, hrl., Böðvar Bragason, sýslumaður, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. alþingismaður, og Baldvin Jónsson, hrl. Aðrir stjórnarmenn eru: Davíð Oddsson, borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, Kristján Benediktsson, borgarfulltrúi og Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri. Eignaraðilar skipuðu Jóhannes Nordal formann stjórnar.

Framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Eiríkur Briem, sagði starfi sínu lausu frá 1. maí 1983. Forstjóri nú er Halldór Jónatansson, aðstoðarforstjóri er Jóhann Már Maríusson.

Fjármál.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar jukust á árinu 1982 um 94,4% frá 1981. Tekjur frá almenningsrafveitum hækkuðu um 93,6%, sem stafar af 10,7% söluaukningu auk verðhækkana á árinu. Tekjur af sölu til stóriðju hækkuðu um 96,5%. Orkuverð til ÍSAL og Áburðarverksmiðjunnar var óbreytt allt árið í Bandaríkjadollurum, en hækkaði verulega í krónum talið vegna gengisbreytinga. Auk hækkunar tekna frá Járnblendifélaginu vegna gengisbreytinga hækkaði raforkuverð 1. júlí 1982 samkvæmt gildandi rafmagnssamningi úr 3,5 norskum aurum á kWst. í 5,4 norska aura.

Rekstrarafkoma Landsvirkjunar á árinu 1982 var óhagstæð um 152,1 milljónir króna. Aðalástæða fyrir þessum rekstrarhalla er að Hrauneyjafossvirkjun var tekin í rekstur á árinu, sem þýðir aukningu rekstrar- og fjármagnskostnaðar án tilsvarandi tekjuaukningar, þar sem framleiðslugeta virkjunarinnar var ekki nýtt nema að hluta.

Þrátt fyrir þennan rekstrarhalla batnaði eiginfjárstaða verulega á árinu eða úr 684,2 í 3 779,0 milljónir kr. Aðalástæða þessarar breytingar er að upp voru teknar raunhæfari endurmatsreglur eigna en áður var beitt. Nánari grein er gerð fyrir þessum endurmatsreglum í skýringum í ársreikningi 1982. Rétt er þó að taka fram að hluti þessarar hækkunar eiginfjár er vegna fyrri ára, þannig að eigið fé í ársbyrjun var vanmetið.

Langtímalán Landsvirkjunar jukust á árinu um 3 392,8 milljónir kr. og námu alls 5 828,7 milljónum kr. í árslok. Hækkun eldri lána vegna gengisbreytinga nam 2 598,4 milljónum kr. Nýjar lántökur námu 903,2 milljónum kr., þar af voru 641,2 milljónir króna vegna framkvæmda, aðallega við Hrauneyjafossvirkjun og Sultartangastíflu, en 262,0 milljónir króna vegna yfirtöku skulda vegna Blöndu-, Fljótsdals- og Villinganesvirkjunar. Afborganir lána námu 108,8 milljónum króna.

Að öðru leyti vísast til ársreikningsins 1982.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi 31.12.1982.	kr.
Rekstrartekjur	539 199 175
Rekstrargjöld	(345 122 860)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(346 170 275)
Hagnaður (tap)	(152 093 960)
Eignir	9 951 194 218
Skuldir	6 172 178 829
Eigið fé	3 779 015 289

Orkubú Vestfjarða (OV).

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66 frá 31. maí 1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrirtæki ríkisins og allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40% en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu, og skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps og Rafveitu Snæfjalla.

Vesturlína var tekin í notkun haustið 1980 og tengdi Vestfirði við landskerfið. Línan var eins og aðrar byggðalínur reist og rekin af Rafmagnsveitum ríkisins í umboði Iðnaðarráðuneytisins.

Um síðustu áramót yfirtók Landsvirkjun byggðalínurnar og þar með Vesturlínu. Hófust þá bein viðskipti Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar í aðveitustöð við Mjólká, og síðan einnig í aðveitustöð á Vesturlínu í Geiradal.

Í framhaldi af yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum var undirritaður samningur um raforkusölu milli Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar þann 30. desember s. l. Samningur þessi er hliðstæður öðrum samningum Landsvirkjunar við rafveitur, sem gerðir voru á sama tíma. Skilmálar samningsins hafa í för með sér þær breytingar helztar, að Orkubú Vestfjarða fær nú afhenta orku samkvæmt almennri gjaldskrá Landsvirkjunar. Orkubúið hefur þar með fengið sama tækifæri og aðrir til að lækka orkukostnað með því að bæta nýtingartíma sinn. Þetta hefur einnig í för með sér, að ekki er greitt sérstakt álag á orkuverð vegna tapa í meginflutningskerfi eins og áður. Töpin eru nú innifalin í orkuverðinu og dreifast á alla notendur í hlutfalli við notkun.

Til þess að komast í beint viðskiptasamband við Landsvirkjun þurfti Orkubú Vestfjarða að yfirtaka eignarhluta Rarik í aðveitustöðvunum í Mjólká og Geiradal og fór sú yfirtaka fram um s. l. áramót, og er nú unnið að ákvörðun kostnaðar og eignarhlutdeildar milli OV og Landsvirkjunar.

Orkubúið hefur reist varmaveitur á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði, sem selja varmaorku til húshitunar.

Nýjar framkvæmdir 1982.

Á árinu var varið 36,4 mkr. til nýframkvæmda. Var einkum um að ræða endurbætur vegna virkjana, aðveitustöðva, línubyggingar (stærsta verkefnið nú: bygging Tálknafjarðarlínu), og aukningu og endurnýjun innanbæjarkerfa. Tengdar voru 84 nýjar heimtaugar. Þá var unnið að byggingu hitaveitna á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Ísafirði.

Nokkuð var um rekstraráföll á s. l. ári, aðallega að línur brotnuðu vegna snjóflóða og ísingar, og mun á þessu ári verða gaumgæfilega athugað hvað til úrbóta er.

Orkusala.

Af raforku voru seldar 92 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 3,3%.

Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 62,2 mkr. og meðalverð á seldri kílówattstund því 67,4 aurar, sem er 79% hækkun frá fyrra ári, og er í þeirri tölu ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Raforkusala:	GWh	%
Til heimilisnota	10	11
Til búrekstrar	10	11
Til stórra véla	24	26
Til hitunar	44	48
Til annarra nota	4	4
Samtals	92	100

Frá hitaveitum voru alls seldar 32 GWh á síðastliðnu ári og er aukning í sölu frá fyrra ári 8,6%. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru 16,2 mkr. og meðalverð á seldri kWst því 51,1 eyrir, sem er 84,1% hækkun frá fyrra ári.

Rúmlega 200 manns voru á launaskrá fyrirtækisins á s. l. ári um lengri eða skemmri tíma. Heildarlaunagreiðslur námu rúmlega 19 mkr.

Starfsmenn eru 81, en fleiri á sumrin.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:

	kr.
Rekstrartekjur	105 866 055
Hlutur OV af verðjöfnunargjaldi	4 981 200
Rekstrargjöld	(93 123 771)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(44 031 363)
Hagnaður (tap)	(26 307 879)
Eignir	570 911 775
Skuldir	385 202 462
Eigið fé	185 709 313

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: skipaður af iðnaðarráðherra Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, og skipaður af fjármálaráðherra Engilbert Ingvarsson, bóndi. Aðrir stjórnarmenn eru Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, Höskuldur Davíðsson, sveitarstjóri, og Kristján Jónsson, framkvstj.

Framkvæmdastjóri OV er Kristján Haraldsson.

Rafmagnsveitur ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga, nr. 58/1967, og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfsþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup, rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega af Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveitur ríkisins sáu um byggingu og rekstur byggðalína til síðustu áramóta, en þá yfirtók Landsvirkjun þær, eins og vikið var að í umfjöllun um Landsvirkjun í þessari skýrslu. Rafmagnsveiturnar sjá áfram um reksturinn samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landsvirkjun.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá einnig um rekstur Krófluvirkjunar í umboði ríkissjóðs.

En fyrirhugað er að Landsvirkjun yfirtaki Krófluvirkjun og sjái framvegis um rekstur hennar.

Starfsemi — Orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um alla landshluta (að undanskildum Vestfjörðum) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar mörgum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði

Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli, en tæp 90% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli og í Stykkishólmi.

Raforkuöflun.

Rafmagnsveiturnar kaupa raforku í heildsölu, aðallega af Landsvirkjun, og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Heildarorkuöflun rafmagnsveitnanna árið 1982 var 907 GWh og skiptist hún þannig:

Eigin orkuvinnsla	222 GWh
Aðkeypt orka	685 GWh

og er þá framleiðsla Kröfluvirkjunar talin með eigin orkuvinnslu. Aukning orkuöflunar á árinu 1982 miðað við árið 1981 nam 10,6%.

Raforkusala.

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1982 var 775 GWh og jókst hún um tæp 11% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 431 GWh. Smásala skiptist þannig á notkunarsvið árið 1982:

	GWh	%
Almenn notkun	46	11
Markmæling til landbúnaðar[1])	164	38
Vélanotkun	75	17
Hitun	133	31
Annað	13	3
Samtals	431	100

[1]) Lögbýli hafa rétt til að semja um kaup á ákveðnu magni af raforku á hverju ári. Það er því hagur notandans nýta þá raforku sem best.

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn er samsvarar 27 GWh til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Fjárhagsafkoma 1982.

Á árinu 1982 var unnið að nýbyggingu og endurbótum á kerfi Rafmagnsveitna ríkisins að upphæð 391,2 mkr. og voru þær framkvæmdir að mestu fjármagnaðar með lánsfé.

Rekstrarhalli var 41 mkr. á árinu. Rekstrargjöld voru 581 mkr., þar með taldar afskriftir, en tekjur 540 mkr. án stofnfjárframlaga.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:		kr.
Rekstrartekjur		510 355 087
a) Sala	418 498 889	
b) Verðjöfnunargj.	91 856 198	
Rekstrargjöld (nt.)		452 782 633
Fjármagnsgjöld (vextir)		98 530 000
Tap		40 957 546
Eignir		2 964 319 865
Skuldir		2 548 544 640
Eigið fé		415 775 225

Stjórnina skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum. Rafmagnsveitustjóri ríkisins er Kristján Jónsson.

Starfsmenn voru 546 í árslok 1982.

Úttekt á starfsemi Rarik hefur staðið yfir í haust.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Prentsmiðjan hefur verið í eigu ríkisins frá árinu 1930 og varð því 50 ára á árinu 1980. Forgangsverkefni fyrirtækisins hafa jafnan verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og aðrar ríkisstofnanir. Einnig tekur prentsmiðjan að sér almennt prentverk á sama grundvelli og aðrar prentsmiðjur. Rekstur fyrirtækisins hefur verið jákvæður s. l. tvö ár.

Á árunum 1971—1975 var að tilstuðlan ráðuneytisins lagður grundvöllur að gagngerri endurskipulagningu prentsmiðjunnar, húsa- og vélakostur aukinn og hafin aðlögun starfseminnar að nýrri prenttækni með ljóssetningarbúnaði og offsetprentun. Prentsmiðjan hefur síðan stig af stigi aukið vélakost sinn í takt við kröfur tímans og staðið undir þessum fjárfestingum án sérstakrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins. Nýlega hefur prentsmiðjan fengið tæki, er gerir kleift að tengja saman alla skerma setningarkerfisins, sem verður hraðvirkara og sveigjanlegra.

Allar þessar breytingar hafa gjörbreytt aðstöðu prentsmiðjunnar til að rækja hlutverk sitt með skjótari og öruggari hætti en áður.

Starfsmenn voru 75 árið 1982.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi 31.12.1982:	kr.
Rekstrartekjur	24 806 010
Rekstrargjöld	(24 562 212)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(163 314)
Hagnaður (tap)	80 484
Eignir	25 669 464
Skuldir	4 337 512
Eigð fé	21 331 952

Framkvæmdastjóri er Ragnar Þ. Guðmundsson.

Sementsverksmiðja ríkisins (SR), Akranesi.

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa 1958, skv. lögum nr. 35/1948, og á því 25 ára afmæli á þessu ári. Verður SR því gerð nokkru ítarlegri skil hér á eftir en ella. Meginmarkmið SR er framleiðsla, sala og dreifing sements. Auk þess tekur verksmiðjan vaxandi þátt í rannsóknar- og vöruþróunarsamstarfi tengdu sements- og byggingariðnaði, m. a. í samstarfi við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun Íslands.

Fyrirtækið er alfarið í eigu ríkisins. Það lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra fer með mál SR, og skipar hann einn úr hópi stjórnarmanna formann. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Verksmiðjan greiðir landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum.

Þróun verksmiðjunnar.

Í upphafi voru framleiddar tvær sementstegundir í verksmiðjunni, venjulegt Portlandsement og hraðsement. Árið 1959 hófst einnig framleiðsla á sérsementi, sem fékk nafnið Faxasement, ætlað í efnismikla steypuhluti.

Sementsframleiðsla hefur byggzt á tveim hráefnum aðallega: skeljasandi og líparíti. Í ofni verksmiðjunnar hefur blanda af þessum efnum verið brennd við um 1 450°C og fæst þá svo nefnt sementsgjall. Við fínmölun á gjallinu myndast sement. Á 25 ára starfstímabili hefur SR framleitt árlega til jafnaðar um 100 000 tonn af sementi úr eigin sementsgjalli eða um 2,5 milljónir tonna alls. Þegar verksmiðjan hefur ekki annað eftirspurn hefur gjall verið flutt inn frá Danmörku. Árið 1974 var keypt ný sementskvörn, til þess að ekki þyrfti að flytja inn sement. Jukust þá mölunarafköst úr 120 þús. tonnum í 240 þús. tonn á ári.

Þegar Járnblendiverksmiðjan hóf starfsemi á Grundartanga í Hvalfirði 1980 byrjaði SR íblöndun ryks, sem síað er úr útblæstri Járnblendiverksmiðjunnar, í allt sement. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít en bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Voru fullkomin tæki til íblöndunar ryksins keypt til verksmiðjunnar 1981.

SR hefur fram til þessa notað svartolíu til brennslu á gjallinu. Vegna mikilla olíuverðshækkana á áttunda áratugnum var hafinn undirbúningur að kolabrennslu 1980. Er nú hafin notkun kola í stað olíu (frá júlí 1983). Lækkar eldsneytiskostnaður við brennsluna úr um það bil 95 mkr. í 42—44 mkr. á ári við að breyta úr svartolíu í kol. Á móti kemur að verksmiðjan þarf að greiða á milli 20 og 25 mkr. af framkvæmdalánum (þ. e. vexti og afborganir) fyrstu árin.

Á síðustu árum hafa farið fram athuganir á að auka afköst ofnsins og draga þar með úr þörf á innflutningi erlends gjalls. Verður ráðizt í breytingar á ofninum á næsta ári í þessu skyni.

Með umfangsmiklum rannsóknum og aðgerðum, einkum í samstarfi við Rb, hefur jafnt og þétt tekizt að auka styrkleika og varnir ísl. sementsins. Stendur það nú a. m. k. jafnfætis sambærilegum erlendum sementstegundum að styrkleika, auk þess sem það hefur ýmsa aukakosti, sem fást með notkun járnblendiryksins.

Meðal athyglisverðra rannsóknarverkefna, sem unnið hefur verið að s. l. 3—4 ár, er brennsla sements með rafmagni (í samstarfi við ITÍ og F.L. Smidth í Danmörku). Einnig nýting vatnsgufu frá ofni verksmiðjunnar til upphitunar. Hefur þegar verið virkjuð orka, sem nemur um 0,5 megavatti og og nægir til að hita upp hluta verksmiðjunnar. Um 2/3 sementsins er nú selt í lausu máli. Dreifikerfið byggir bæði á tankskipinu Skeiðfaxa (1977), tankbílum, svo og móttökustöðum að Ártúnshöfða (1968), Ísafirði (1978) og Krossanesi (1980).

Afkoma SR hefur s. l. 15 ár oft á tíðum verið slæm að fáum árum undanteknum. Þung erlend lán frá byggingu hennar og síðar vegna fjármögnunar flutninga- og dreifikerfis, ásamt óhagkvæmum rekstrarlánum, og óraunsæ verðlagsstefna stjórnvalda hafa valdið SR ómældum erfiðleikum. Öll árin 1978—1981 var mikill taprekstur á verksmiðjunni. Hins vegar virðist þessari þróun hafa verið snúið við samkvæmt reikningsniðurstöðum 1982.

Í samræmi við EFTA samkomulagið var innflutningur sements gefinn frjáls 1975. Þrátt fyrir óheppilega verðlagsstefnu og gífurlegar verðhækkanir olíu er verðlag á íslenzku sementi sambærilegu við norskt og danskt sement, aðeins lægra skv. alþjóðlegum heimildum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að ísl. sementið nýtur verulegrar fjarlægðarverndar.

Rekstur SR 1982.

Framleiðsla og sala.

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar hefur aldrei orðið eins mikil í sögu hennar og þetta ár. Varð hún 103 600 tonn. Rekstrardagar ofnsins urðu 347 og framleiðslan því 198,5 tonn á dag að meðaltali. Er hér um að ræða 5% framleiðsluaukningu miðað við dagsmeðaltal undanfarinna ára. Framleiðsla sements varð 127 500 tonn en sala 124 095 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1982 í tonnum (1981 til samanburðar).

	1982		1981	
	Framleiðsla	Sala	Framleiðsla	Sala
Portlandsement	110 700	108 841	93 300	96 823
Hraðsement	15 300	13 830	16 600	15 050
Pozzolausement (til virkjana)	1 500	1 394	5 400	7 858
Hvítt sement, innfl.		30		44
Alls tonn	127 500	124 095	115 300	119 775

Sementið var ýmist selt sekkjað eða í lausu máli. Sekkjunaraðstaða er fyrir hendi á Akranesi og í Reykjavík. Sekkjaða sementið var afhent á báðum stöðum á bifreiðar, en aðalmagnið var flutt með flutningaskipi verksmiðjunnar, m/s Freyfaxa (er seldur var í byrjun þessa árs), á 36 hafnir á landinu. Flutningar hafa síðan að hluta verið boðnir út. Lausa sementið var flutt með tankskipinu Skeiðfaxa til Akureyrar og Reykjavíkur og dreift þaðan og frá Akranesi til viðskiptaaðila.

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement, tonn	71 470	37 371
Hraðsement, tonn	10 195	3 635
Alls tonn	81 665	41 006
	66,6%	33,4%

Árið 1981 var sala á lausu sementi 63% og sekkjuðu 37%.

Verð hækkaði fimm sinnum á árinu 1982 og að auki flutningsjöfnunargjald tvisvar. Meðaltalshækkun milli ára varð 71,2%. Í fyrsta skipti í mörg ár nægðu þessar hækkanir til þess að sjálfur verksmiðjureksturinn varð hallalaus. Tap varð hins vegar á rekstri m/s Freyfaxa.

Fastráðið starfsfólk í árslok 1982 var 191 maður. Hafði því fjölgað um 13 manns frá árinu áður, aðallega vegna þess að lausráðið fólk frá sumrinu áður fékk vinnu áfram við byggingar vegna kolabrennslu, sem var langstærsta verkefni ársins.

Fastráðnir starfsmenn eru að jafnaði 180, en á sumrum eru starfsmenn alls um 280.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1982:	kr
Rekstrartekjur	178 012 777
Rekstrargjöld	(154 291 811)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(25 298 300)
Hagnaður (tap)	(1 577 334)
Eignir	270 026 145
Skuldir	153 625 571
Eigið fé	116 400 574

Þingkjörin stjórn.

Skúli Alexandersson, alþingismaður, formaður, Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingism., Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari. Alþingi kýs stjórn til fjögurra ára hverju sinni, og var síðast kosið í stjórnina í des. 1980.

Frkvstj. tæknimála er Guðmundur Guðmundsson. Frkvstj. viðskipta- og fjármála er Gylfi Þórðarson.

Framtíðarhorfur.

SR virðist nú vera að komast yfir verstu erfiðleikana, sem áður er lýst, og stjórnendur hennar líta með bjartsýni fram á við, enda þótt líkur séu á, að sementssalan á þessu ári verði 9—10 þús. tonnum minni en á síðasta ári eða 114—115 þús. tonn. Brennsla kola í stað olíu lækkar framleiðslukostnað, eins og áður er vikið að. Aukning á framleiðslugetu ofnsins er fyrirsjáanleg á næsta ári og ef vel tekst til með rafbrennslutilraunir gæti sú tækni orðið framtíðarlausn fyrir sementsframleiðslu á Íslandi. Við þessar aðstæður kemur mjög til álita að taka upp að nýju gerð steyptra vega og gatna.

Sjóefnavinnslan h.f., Reykjanesi.

Með lögum nr. 62 frá 4. júní 1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Félagsstjórn er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. þó tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi. Heimild er fyrir að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á 80% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Framleiðsla.

Félagið vinnur að því að koma upp stórvirkum búnaði til þess að vinna salt, kalí og kalsíumklóríð úr söltu borholuvatni, sem fæst á staðnum. Auk þess eru uppi áform um að vinna þarna ýmis önnur efni, sem tengjast slíkri framleiðslu, svo sem klór og vítissóda, natríum hypóklóríð, saltsýru, og ennfremur er natríumklórat-vinnsla í athugun.

Framleiðsluhættir.

Framleiðslan fer þannig fram, að jarðgufa og salt vatn (jarðsjór) er fengið úr borholum. Til þess að vinna föst efni úr þessum salta vökva þarf eimingu. Hún fer fram í eimum, sem fá orku sína frá gufunni, og síðan má kristalla út salt í sérstökum tækjum eftir því sem við á um salttegund þá, sem vinna skal.

Hér er meðal annars ætlunin að vinna verulegt magn fisksalts. Slíkt er unnið úr leginum í opnum gufuhituðum kristöllunarpönnum. Saltlögur sá, sem frá pönnunum kemur, inniheldur mikið saltmagn til viðbótar því sem þannig er unnið. Þetta salt er unnið með vissri gerð kristöllunareima. Salt þetta er mjög fínkornótt og er ætlað til notkunar í ýmiss konar

iðnaði og matvælagerð. Þetta er sú salttegund, sem mesta þýðingu hefur varðandi framleiðslu þessara þátta og sem undirstaða frekari efnaiðnaðar.

Í framhaldi af því má vinna kalí (kalíumklóríð til áburðar) úr þessum legi. Kalsíumklóríðríkur lögur fæst á lokastigi þessarar vinnslu. Með lítilsháttar eimingu má fá fram kalsíumklóríð sem fast efni.

Núverandi staða framkvæmda.

Hér er um að ræða framkvæmdir, sem eiga sér ekki hliðstæðu annars staðar. Hér hafa því farið fram umfangsmiklar framleiðslutilraunir og uppbygging framleiðsluþátta mótast af reynslu, sem hér hefur fengist. Veigamikill þáttur í undirbúningsstarfseminni var rekstur tilraunaverksmiðju þar sem lausn var fengin á ýmsum tæknilegum atriðum, sem lúta að framleiðslu úr þessum jarðsjó. Á vegum félaganna hafa verið gerðar umfangsmiklar tilraunir með mismunandi gerðir fisksalts. Sú gerð salts, sem ákveðið hefur verið að framleiða, var prófuð á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og reyndist það mun betur en Miðjarðarhafssalt. Mat stofnunarinnar í þessu tilviki samsvarar því að fiskur saltaður með Reykjanessalti sé nokkru verðmætari til útflutnings en fiskur saltaður með Miðjarðarhafssalti.

Nú stendur yfir bygging byrjunaráfanga sjóefnavinnslu, sem miðast við 8 000 tonna saltframleiðslu á ári. Óvíst er um framkvæmdir á næsta ári. Þessi byrjunaráfangi er byggður sem fyrsti hluti hins varanlega fyrirtækis. Honum er ætlað það hlutverk að kanna enn nánar viðbrögð notenda um gæði salttegunda þeirra og annarra efna, sem framleiða skal. Ennfremur að fá nánari reynslu um tæknileg atriði og markaðsforsendur.

Fyrsti þáttur þessa máls var bygging svonefnds pönnuhúss, þar sem nú eru framleidd 5 tonn á dag af fisksalti. Nú í sumar er verið að koma upp varanlegri gufuveitu, 500 kW gufurafstöð og eimum. Að því búnu verða fisksaltsafköst 25 tonn á dag eða um 8 000 tonn á ári.

Ennfremur er stefnt að því að koma upp svonefndri fínsaltsdeild, sem mun framleiða ýmsar gerðir fínsalts, kalí og kalsíumklóríð úr legi þeim, sem fæst við grófsaltsvinnsluna.

Framkvæmdakostnaður félagsins á árinu 1982 nam alls um 24,5 millj. kr. Byggingu 50 manna mötuneytis var lokið á árinu. Öll meiriháttar verk félagsins voru boðin út, og reyndust tilboð öll undir eða samkvæmt kostnaðaráætlunum.

Stofnuð var samstarfsnefnd félagsins og Hitaveitu Suðurnesja um möguleika á vinnslu kísils úr afgangsefnum, er til falla hjá báðum aðilum. Viðræður fóru fram við fulltrúa þýzks fyrirtækis um hugsanlega framleiðslu og sölu á heilsusalti, sem unnið væri úr sjó.

Félagið opnaði skrifstofu að Vatnsnesvegi 14 í Keflavík snemma árs 1982.

Starfsmenn félagsins voru 8 í árslok 1982, 6 á verksmiðjusvæði og 2 á skrifstofu. Auk þess unnu fjölmargir hönnuðir fyrir félagið undir stjórn Baldurs Líndal, efnaverkfræðings.

Efnahagur í árslok 1982:

	kr.
Eignir	68 941 502
Skuldir	58 469 875
Eigið fé	10 471 627

Stjórnarmenn ríkisins: Guðmundur Einarsson, verkfr., formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármálaráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega.

Framkvæmdastjóri er Finnbogi Björnsson.

Verkefni framundan.

Stefna Sjóefnavinnslunnar h.f. er að koma upp margþættri efnavinnslu, sem grundvallist mestmegnis á því, sem úr jörðu má fá á Reykjanesi. Þannig er ætlunin að framleiða minnst 40 000 tonn af ýmsum salttegundum, minnst 4 000 tonn af kalí og 9 000 tonn af kalsíumklóríði. Auk þessa eru áform um að framleiða nokkurt magn klórs og vítissóda á staðnum.

Nýlega var hafin bygging á fiskimjölsverksmiðju á svæði Sjóefnavinnslunnar, er nýta mun gufu til þurrkunar.

Félagið hefur nú þegar látið bora nýja gufuholu, þannig að nú þegar má ætla að fyrir hendi sé nægileg gufa og jarðsjór til þess að anna minnst 40 000 tonna saltverksmiðju.

Loks skal þess getið að gagnasöfnun varðandi notkunarárangur þess salts, sem nú er unnið, er haldið áfram. Ennfremur fer nú fram athugun varðandi möguleika á stóraukinni notkun kalsíumklóríðs á vegi hér á landi og þá sérstaklega í sambandi við notkun í varanlegt slitlag. Óvissa ríkir um í hvaða framkvæmdir verður ráðist í á næsta ári.

Steinullarverksmiðjan h.f., Sauðárkróki.

Allt frá árinu 1977 hafa verið gerðir fjölmargir arðsemisútreikningar vegna byggingar steinullarverksmiðju. Lagt hefur verið mat á mismunandi stærðir verksmiðju. Bræðsluprófanir á hráefnum hafa verið gerðar og kannaðir hafa verið ýmsir bræðsluofnar.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981 um steinullarverksmiðju var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 25 maí 1982 var samþykkt svofelld tillaga: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins h.f. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað."

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenzka ríkisins. Hluthafar voru íslenska ríkið með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um, að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Í byrjun árs 1983 var hafinn undirbúningur að byggingu verksmiðjunnar. Leitað var tilboða í vélar og tæki. Gerðir voru samningar við verkfræðistofur um hönnun verksmiðjunnar. Sauðárkrókskaupstaður hefur úthlutað verksmiðjunni 24 þús. m² lóð nálægt höfninni á Sauðárkróki og 4 þús. m² lóð á hafnarbakkanum undir vöruskemmu.

Hluthafar.

Hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f. eru nú:	kr.	%
Íslenzka ríkið	27 300 000	40
Steinullarfélagið h.f.	16 500 000	24
Samband ísl. samvinnufélaga	12 400 000	18
Kaupfélag Skagfirðinga	4 200 000	6
oy Partek ab, Finnlandi	7 900 000	12
Samtals	68 300 000	100

Ríkið hefur þegar greitt 8 millj. kr. af hlutafé sínu.

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

Arðsemi — Megintilgangur.

Markmið eigenda Steinullarverksmiðjunnar er að stofna og reka arðsamt fyrirtæki, skapa ný störf og framleiða einangrun á samkeppnisfæru verði. Verksmiðjan notar nær eingöngu innlend hráefni.

Ákveðið hefur verið að takmarka framleiðslugetu verksmiðjunnar við innlendan markað. Hámarksframleiðslugeta verður 6 000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið selji verksmiðjan 2 650 tonn, en eftir 10 ára starfrækslu verði sala orðin 5 400 tonn.

Verksmiðjan mun aðallega keppa við innflutta glerull og steinull, en þessi efni hafa um ⅔ af öllum íslenzka einangrunarmarkaðnum. Reiknað er með því, að eftir þriggja ára starfrækslu hafi verksmiðjan 90% af þeim markaði, er innflutt glerull og steinull hafa nú, og ennfremur að nokkur sala verði á harðpressuðum steinullarplötum.

Reiknuð hefur verið út arðsemi fjármagns og hlutafjár. Nýjustu útreikningar eru frá september 1983. Miðað er við 12% vexti af lánum. Reiknað er með tilviki þar sem miðað er við 8% árlega verðbólgu (sbr. helstu viðskiptalönd okkar) svo og raunávöxtun.

Helstu niðurstöður eru þessar:	Heildarfjármagn eftir skatta		Hlutafé eftir skatta	
	8% verðbólga %	Raun-ávöxtun %	8% verðbólga %	Raun-ávöxtun %
Aðalviðmiðun	28,4	18,9	37,7	27,5
10% verðlækkun	24,5	15,3	30,4	20,7
10% magnminnkun	25,8	16,5	32,8	23,0
Sala fer ekki fram úr 5 100 tonn	27,4	18,0	36,5	26,4

Greiðslufjárvandamál samkvæmt þessum útreikningum verða aðeins ef verð lækkar um 10%, þá yrðu greiðsluerfiðleikar fyrsta árið.

Stofnkostnaður og fjármögnun.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar áætlaður í sept. 1983 er þannig:

	kr.
Byggingar	60 200 000
Vélar og tæki	139 800 000
Annað (vextir á byggingartíma o. fl.)	27 600 000
Samtals	227 600 000

Fjármögnun er áætluð:	kr.
Hlutafé	68 300 000
Útflutningslán frá Export Finans Noregi og Export Kredit Finnlandi	86 200 000
Erlend lán	33 100 000
Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður	40 000 000
Samtals	227 600 000

Útflutningslán eru til 5 ára, og byrja afborganir sex mánuðum eftir starfsrækslu. Önnur lán eru til 8 eða 10 ára. Ríkisstjórnin hefur heimild til að ábyrgjast 25% af nauðsynlegum stofnlánum og hefur verið ákveðið að nýta þá heimild. Reiknað er með að ábyrgð ríkisins sé nauðsynleg vegna erlendra lána.

Rekstrarfé mun verksmiðjan fá í gegnum endurkaupalánakerfi Seðlabankans og frá banka fyrirtækisins, Búnaðarbanka Íslands.

Fjöldi starfsfólks er áætlaður 38 manns fyrsta starfsárið en verður 53 við 6 000 tonna framleiðslu.

Í arðsemisútreikningum er gengið út frá tilboði Ríkisskips um flutning á steinull.

Markaður.

Í upphafi kannaði stjórn verksmiðjunnar hvernig bezt væri að standa að sölu- og dreifingarmálum. Niðurstaðan var sú, að leita eftir samningum við Samband ísl. samvinnufélaga um sölu á vörum verksmiðjunnar. Samningur þessi var samþykktur á framhaldsaðalfundi Steinullarverksmiðjunnar h.f., þann 26. okt. 1983.

Sambandið mun frá þeim tíma, er það tekur að sér dreifingu á vörum verksmiðjunnar, hætta öllum innflutningi á gler- og steinull. Sambandið hefur haft milli 50 og 60% af glerullar- og steinullarmarkaðnum hérlendis.

Steinullarverksmiðjan hefur mikla fjarlægðarvernd vegna þess hve flutningskostnaður er hátt hlutfall af söluverði.

Dreifendur á steinull spara nokkuð í birgðahaldi með tilkomu íslenzkrar steinullarverksmiðju.

Gerð hefur verið ítarleg markaðskönnun vegna þessa máls. Markaður fyrir óbrennanlega einangrun (glerull og steinull) er nú talinn skiptast þannig:

	tonn
Einangrun nýrra bygginga	2 643
Endureinangrun gamalla húsa	840
Hljóðeinangrun	482
Annað	200
Samtals	4 165

Reiknað er með að markaðurinn fyrir steinull vaxi um 3,5% á ári, þannig að árið 2 000 verði heildarmarkaður 7 400 tonn og af þeim hluta hefði ísl. verksmiðja 90% eða 6 650 tonn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru: Árni Guðmundsson, framkvstj., formaður, Jón Ásbergsson, framkvstj., Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Stefán Guðmundsson, alþingismaður og Stefán Guðmundsson, útibússtjóri.

Framkvæmdir.

Lóð verksmiðjunnar hefur verið athuguð og staðsetning húsa ákveðin. Jarðvinnu er lokið að hluta. Byggingarframkvæmdir hefjast síðan í apríl 1984, og reiknað er með að verksmiðjan verði fullbúin í júní 1985.

Samningar við vélaframleiðendur eru á lokastigi. Rafbræðsluofninn verður að líkindum keyptur frá Elkem í Noregi. Stærsti hluti véla og tækja verður keyptur frá oy Partek ab í Finnlandi. Þar sem því verður við komið verða tæki smíðuð innanlands. Nær allur rafbúnaður verður hannaður og smíðaður innanlands.

Verksmiðjan notar um 2 MW af raforku.

Þörungavinnslan h.f., Reykhólum.

Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum nr. 107/1973.

Rekstrarform fyrirtækisins er hlutafélag með lögboðinni meirihlutaaðild ríkisins. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. Iðnaðarráðherra fer með málefni, er varða eignaraðild ríkisins að félaginu, og fer þar af leiðandi með vald ríkisins á hluthafafundum skv. hlutafélagalögum. A. m. k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skulu vera búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu.

Vegna stofnunar félagsins var heimild í lögum að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingar verksmiðjunnar, ennfremur var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa og reka hitaveitu, leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði og styrkja byggingu hafnar fyrir verksmiðjuna.

Starfsemi.

Ýmsir byrjunarerfiðleikar voru hjá fyrirtækinu, m. a. í sambandi við öflun þangs og vegna þess að ónógt heitt vatn var til staðar. Úr þessu var bætt 1978 og var afkoma fyrirtækisins þolanleg árin 1978 og 1979, miðað við allar aðstæður.

Í ársbyrjun 1980 sagði skozka fyrirtækið Alginate Industries (AIL) upp markaðssamningi við fyrirtækið, sem gerður var 1974 til 10 ára. Þetta leiddi til þess, að framleiðsla á þangmjöli dróst verulega saman. Samið var við AIL og hina nýju eigendur þess fyrirtækis um skaðabætur að upphæð $1 200 000 og jafnframt um kaup á 1 500 tonnum af þangi á næstu þremur árum, en á mun lægra verði en áður hafði gilt í markaðssamningnum.

Til að aðstoða fyrirtækið vegna þessara erfiðleika og byrjunarerfiðleika í rekstri ákvað ríkisstjórnin að breyta skuldum fyrirtækisins við ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð í hlutafé.

Við þetta jókst hlutdeild ríkissjóðs verulega í fyrirtækinu, þannig að nú á ríkið um 94% hlutabréfa í Þörungavinnslunni. Aðrir hluthafar eru 180 talsins.

Til að bæta upp framleiðslutapið var hafin þurrkun á loðnu í verksmiðjunni árið 1980 og einnig hafa þorskhausar verið þurrkaðir yfir vetrarmánuðina. Afkoman 1981 varð sæmileg af þessum ástæðum, þrátt fyrir markaðshrunið á sölu þangmjöls. Nú hefur verksmiðjan orðið að hverfa frá þessari aukaframleiðslu vegna óvissu á Nígeríumarkaði.

Á árinu 1980 var í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins ráðinn markaðsfulltrúi að fyrirtækinu, og hefur hann starfað síðan að öflun nýrra markaða fyrir þang- og þaramjöl. Hefur tekist að afla nýrra markaða í Bandaríkjunum, Japan og nokkrum Evrópulöndum, þannig að í ár verða seld rúmlega 3 000 tonn, sem er 50% söluaukning frá árinu 1982.

Árið 1982 varð Þörungavinnslunni í heild mun óhagstæðara en árin á undan og kemur þar margt til, svo sem:

1. Lokun skreiðarmarkaða í Nígeríu hefur komið í veg fyrir að fyrirtækið geti nýtt brautryðjendastarf sitt við vélþurrkun á smáfiski og þorskhausum en þessar afurðir voru orðnar mikilvægur þáttur í starfseminni. Situr fyrirtækið uppi með nokkrar birgðir, sem líkur eru til að seljist ekki.
2. Framleiðslukostnaður í fyrirtækinu jókst umfram tekjur.
3. Sala á þara, sem farið var að vinna í stað þorskhausa að vetrinum, hefur gengið tregar en vonir stóðu til, og enn eru tæknilegir erfiðleikar á hagkvæmri vinnslu hans.
4. Erlendar skuldir fyrirtækisins og vextir af þeim í dollurum hafa hækkað verulega.

Margt af þessum ástæðum er enn fyrir hendi á árinu 1983. Hins vegar jókst þangframleiðsla verulega, úr 1 700 tonnum af mjöli 1981 í um 2 900 tonn árið 1982 og 3 500 tonn árið 1983. Jafnframt hafa markaðshorfur batnað fyrir þang til annarra nota en alginatframleiðslu og sölur orðnar reglulegar til fjölmargra viðskiptavina víða um heim. Tekizt hefur að hækka verð erlendis lítillega, og með stækkandi sendingum til stærstu viðskiptavina

gæti flutningskostnaður lækkað nokkuð og hagkvæmni aukizt. Áhugi fer vaxandi á þangmjöli frá Þörungavinnslunni vegna gæðayfirburða þess, og markaðsstaðan styrkist óðum.

Útlit er fyrir að Þörungavinnslan h.f. selji yfir 3 000 tonn af þangmjöli á þessu ári.

Að jafnaði starfa um 25 manns í verksmiðjunni og við þangslátt á sumrin hafa auk þess starfað milli 20 og 30 manns. Þörungavinnslan leigir 10 þangöflunarpramma til bænda og annarra aðila, og hafa nokkrir bændur góð hlunnindi af þangöflun. Launagreiðslur námu um 5,5 mkr. í heild árið 1982.

Framtíðarhorfur.

Að mati stjórnar fyrirtækisins verður að taka heildargrundvöll fyrirtækisins til endurskoðunar. Ýmis atriði hafa færzt í betra horf fyrir verksmiðjuna á þessu ári. Telja verður að sæmilega horfi um að þangvinnslan verði arðbær þann tíma ársins, sem hægt er að stunda hana, þ. e. frá því í lok apríl til miðs októbermánaðar. Auka þarf hagkvæmni í þangöflun og flutningum á þangi til verksmiðjunnar, sem eru kostnaðarsamir. Hins vegar getur hún ekki haldið uppi vetrarstarfseminni, frá október til aprílloka, og verður þar að koma önnur arðgefandi framleiðsla. Reynir nú á hvort hægt verður að gera þaravinnsluna hagkvæma, hvort unnt verður að hefja fiskþurrkun aftur, eða hvort hætta þurfi vetrarstarfsemi algerlega og freista þess að halda kostnaði á þeim tíma í lágmarki. Síðast taldi kosturinn er öndverður vegna atvinnuöryggis á Reykhólum, og raunar er takmarkað, hvað hægt er að spara vegna viðhaldsvinnu og fastakostnaðar, sem til fellur hvort sem framleitt er eða ekki. Þetta er einn meginvandi fyrirtækisins nú og stendur yfir endurskoðun á rekstri fyrirtækisins til að kanna hvað vænlegast sé til úrbóta.

Yfirlit um afkomu skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 1982.

Beinar tekjur urðu 14 mkr., þegar reiknað er með ⅕ hluta af frestaðri tekjufærslu af skaðabótum frá Alginate Industries, Ltd. Til samanburðar urðu tekjur um 12,7 mkr. árið áður. Tekjur hækkuðu þannig einungis um 10% á milli ára og munar þar mestu að skreiðarsalan varð einungis 0,5 mkr. í stað 5 mkr. árið 1981. Ef fiskþurrkun hefði þróast eðlilega hefðu tekjur af henni átt að verða a. m. k. 8 mkr. á síðastliðnu ári og heildartekjur um 21 mkr. Rekstrarkostnaður jókst hins vegar úr 13,9 mkr. árið 1981 í 18,9 mkr. 1982, eða um 36%, og er því um verulegan hallarekstur að ræða við núverandi aðstæður.

		kr.
Tekjur		14 038 712
a) af rekstri	kr. 10 667 806	
b) skaðabætur	kr. 3 370 906	
Rekstrargjöld		(18 877 970)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)		(4 823 422)
Hagnaður (tap)		(9 662 680)
Eignir		42 385 073
Skuldir		45 177 010
Eigið fé		(2 791 937)

Árið 1981 var hagnaður 2,8 mkr., en 1980 1,0 mkr. tap og 1979 112 m.g.kr. hagnaður.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvstj., formaður, Jafet S. Ólafsson, deildarstj. (kemur í stað Steingríms Hermannssonar, sem óskaði eftir að vera leystur frá stjórnarstörfum er hann tók við embætti forsætisráðherra), Kjartan Ólafsson, ritstjóri.

Aðrir stjórnarmenn eru: Ólafur E. Ólafsson og Ingi G. Sigurðsson. Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar er Kristján Þór Kristjánsson.

Ed. 217. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar við sig fulltrúa byggingarnefndar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Veittu þeir upplýsingar og lögðu fram gögn um málið. Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins og skilar minni hl. séráliti. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt.

Tómas Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. desember 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form. | Eiður Guðnason, frsm. | Lárus Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 218. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970 um skemmtanaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983–84.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur með þessu frumvarpi er að létta skemmtanaskatti af kvikmyndasýningum í nokkrum smærri sveitarfélögum. Rekstur kvikmyndahúsa gerist nú æ örðugri á slíkum stöðum eftir tilkomu sjónvarps. En kvikmyndasýningar eru enn sem fyrr ein vinsælasta skemmtun ungs fólks. Þeir staðir, sem myndu njóta góðs af þeirri undanþágu er hér er gert ráð fyrir, eru: Borgarnes, Sauðárkrókur, Siglufjörður og Neskaupstaður.

Borgarnes hefur haft tímabundna undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum, en árið 1982 nam greiddur skemmtanaskattur á hinum þrem stöðunum samtals kr. 116 482, en á öllu landinu kr. 9 922 938. Ríkisbókhald hefur ekki upplýsingar um hve mikill hluti af skemmtanaskatti þessum er af kvikmyndasýningum.

Ed. 219. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- eða myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um gjaldið, þar á meðal um viðmiðun þess og fjárhæð, að höfðu samráði við heildarsamtök rétthafa svo og innflytjendur og framleiðendur.

Sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa, þar með talinna listflytjenda og framleiðenda, innheimtir höfundaréttargjald samkvæmt næstu málsgr. hér á undan og ráðstafar því. Innheimtumiðstöðinni skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

2. gr.

Í stað orðanna „1. málsgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 45. gr. komi: 1. og 3.—4. málsgr. 11. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum“ í upphafi 1. málsgr. 46. gr. komi: Óheimil er eftirgerð á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum.

4. gr.

Í stað orðanna „1. málsgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 46. gr. komi: 1. og 3.—4. málsgr. 11. gr.

5. gr.

Upphaf 2. málsgr. 54. gr. orðist svo:

Sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

6. gr.

Við 2. málsgr. 54. gr. bætist nýr tölul. sem verður 6. tölul. og hljóðar svo:

6. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings, án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald samkvæmt 3. og 4. málsgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. málsgr. 11. gr.

7. gr.

2. málsgr. 56. gr. orðist svo:

Dæma skal höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmætri háttsemi.

8. gr.

1. og 2. málsgr. 59. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum sæti opinberri ákæru, en jafnan skal málshöfðun heimil þeim sem misgert er við. Brot sæta aðeins opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við, nema mikilvægir almannahagsmunir krefjist málshöfðunar.

Nú er höfundur látinn og getur þá enn fremur tilsjónaraðili sem nefndur hefur verið eftir 2. málsgr. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin krafist opinberrar ákæru eða höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsgr. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsgr. 45. gr.

9. gr.

B-liður 61. gr. orðist svo:

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita, hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds samkvæmt 3. og 4. málsgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að fresta því að setja reglur samkvæmt 1. gr. um innheimtu gjalds af myndböndum og tækjum til upptöku á myndbönd.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af höfundaréttarnefnd, sem skipuð er skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972, en formaður hennar er dr. Gaukur Jörundsson prófessor. Svohljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

„I.

Ný vandamál og viðhorf á sviði höfundaréttar.

Tækniframfarir á síðari árum hafa haft í för með sér stórfellda röskun á hagsmunum og réttindum höfunda, listflytjenda og annarra rétthafa samkvæmt höfundalögum. Umfangsmikil og almenn not eru nú höfð af verkum höfunda, svo sem með ljósritun, fjölritun, hljóðritun og myndritun, án þess að endurgjald komi fyrir.

Frá sjónarmiði höfundaréttar eru ofangreind not með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er um að ræða einkanot, sem lögmæt og heimil eru samkvæmt 11. gr. höfundalaga. Svo mikið kveður hins vegar að þessum einkanotum nú orðið, að ekki verður lengur ætlast til þess, að höfundar uni þeim bótalaust. Er með frumvarpinu lagt til, að lagt verði sérstakt gjald á tæki og tilfæringar til upptöku verka á hljóðbönd eða á myndbönd í þágu einkanota, en heimil einkanot verði ekki þrengd frá því, sem nú er í lögum. Í öðru lagi hafa ýmiss konar ólögmæt not af verkum höfunda farið sívaxandi. Verður af þeim sökum að gera ráðstafanir til að auka vernd höfundaréttinda. Er í frumvarpinu lagt til, að það verði gert með breytingum á réttarfarsákvæðum höfundalaga og ákvæðum um viðurlög við brotum á höfundarétti.

II.

Aðdragandi að tillögum um gjald til höfunda vegna upptöku á verkum á myndrit eða á hljóðrit til einkanota.

Þegar í greinargerð fyrir núgildandi höfundalögum, nr. 73/1972, er að því vikið að á síðustu áratugum hafi framleiðsla svonefndra segulbandstækja orðið tilefni nýrra vandamála á sviði höfundaréttar, en þessi tæki geri mönnum kleift að taka upp tónlist og talað mál eftir hljómplötum eða útvarpi til afnota í heimahúsum. Segir í greinargerðinni, að almenn og vaxandi notkun þessara tækja dragi úr sölu á hljómplötum og skerði þar með hag höfunda, listflytjenda og framleiðenda. Þá segir enn í greinargerð þessari, að til orða hafi komið að taka gjald af innflutningi eða sölu slíkra upptökutækja, en ákvæði um það efni ættu heima í sérlögum en ekki í höfundalögum.

Af tilvitnuðum ummælum í umræddri greinargerð er ljóst, að við setningu höfundalaganna fyrir um það bil 10 árum gerðu menn sér grein fyrir og bentu á, að hin nýja upptöku- og fjölföldunartækni leiddi af sér vanda á sviði höfundaréttar, sem fyrr eða síðar þyrfti að takast á við, þótt engan hafi þá að sjálfsögðu órað fyrir því, að tækniþróun á þessu sviði myndi verða svo ör sem raun ber vitni. Hin háþróaða tækni við eintakagerð, ekki síst á sviði hljóðritunar og myndritunar, sem nú hefur rutt sér til rúms, gerir einstaklingum það æ auðveldara að gera eintök af hugverkum í stað þess að kaupa þau af höfundum eða útgefendum, en á þann hátt verða höfundar, listflytjendur og hljóð- og myndritaframleiðendur af hefðbundnum og réttmætum greiðslum fyrir afnot verkanna. Er nú svo komið, að þessir aðiljar telja hagsmunum sínum í þessum efnum verulega ógnað, en samtök þeirra sendu menntamálaráðuneytinu erindi, dagsett í febrúar 1980, þar sem þess er farið á leit, að sett verði löggjöf um gjaldtöku af auðum hljómböndum og gjaldinu varið til að bæta tjón hagsmunaaðilja, svo og til styrktar hljómplötuútgáfu. Rétthafasamtök þau, sem hér um ræðir, eru Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) og Rithöfundasamband Íslands. Í erindi þeirra segir m. a. á þessa leið:

„1. Fjárhagsnytjar höfunda af höfundarétti hafa í mjög ríkum mæli verið tengd einkarétti höfunda til eintakagerðar af verki sínu og dreifingu eintakanna til almennings eða svokallaðri útgáfu verkanna. Með hinni gífurlegu tæknibyltingu á sviði eintakagerðar og fjölföldunar, sem orðið hefur á síðari árum, hefur þessum helsta tekjustofni höfundanna mjög verið ógnað. Hin nýja fjölföldunartækni, ekki síst á sviði hljóðritunar eða hljóðupptöku, gerir einstaklingum það æ auðveldara með aðstoð nýrra og fullkominna upptökutækja að framkvæma eintakagerðina sjálfir í stað þess að kaupa sér eintak af höfundum eða útgefendum þeirra. Þannig flyst eintakagerðin í æ ríkara mæli frá höfundum og útgefendum inn á heimilin með þeim afleiðingum, að höfundar verða af hefðbundnum og réttmætum greiðslum fyrir þessi afnot verkanna og listflytjendur og hljóðritaframleiðendur skaðast að sama skapi.

2. Slík eintakagerð til einkanota eða svonefnd „heimakopiering" er fyllilega eðlileg og jafnframt lögmæt skv. 11. gr. hinna ísl. höfundalaga, nr. 73/1972, og engar tillögur hafa fram komið í þá átt að setja skorður við henni eða banna hana með lögum. Hitt eru flestir sammála um, sem um mál þetta hafa fjallað, að eðlilegt og reyndar sjálfsagt sé, að rétthafar fái bætt það tjón, sem leiðir af þverrandi sölu hljóðrita af greindum sökum og auk þess greiðslur fyrir þau auknu afnot hugverka, sem hin nýja tækni hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér.

3. Það álitaefni, hvernig bæta skuli höfundum umræddan fjármissi, hefur mjög verið til umfjöllunar og umræðu í félögum og stofnunum hérlendis og erlendis, sem um höfundarétt fjalla. Má segja að niðurstaða þeirrar umfjöllunar sé sú, að einfaldasta og réttlátasta leiðin að því markmiði væri lögfesting sérstaks gjalds á auð bönd og/eða upptökutæki."

Menntamálaráðherra sendi erindi þetta höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga til umsagnar. Í umsögn nefndarinnar kemur fram, að hún telji sanngirni mæla með því að höfundar, listflytjendur og aðrir rétthafar fái bætt tjón sitt vegna eintakagerðar einstaklinga. Telji hún annað tveggja koma til greina, að setja lög um skyldu til að svara gjaldi af tækjum eða tilfæringum til hljóðritunar, a. m. k. af söluverði auðra hljóðbanda, eða að verja fé beint úr ríkissjóði til að rétta hag höfunda og þeirra annarra, sem hagsmuna hefðu að gæta.

Að fenginni umsögn höfundaréttarnefndar fól ráðherra nefndinni að semja drög að frumvarpi um gjaldtöku af auðum hljóðböndum og að hraða undirbúningi þess máls svo sem auðið væri.

III.

Meginefni og forsendur ákvæða frumvarpsins um sérstakt gjald til höfunda vegna upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota.

Í frumvarpinu er lagt til, að höfundum og öðrum rétthöfum verði greitt sérstakt gjald vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd í þágu einkanota með heimild í 1. mgr. 11. gr. höfundalaga. Meginrök fyrir slíku endurgjaldi er stórfelld aukning einkanota af verkum höfunda og listflytjenda í kjölfar þeirrar tækniþróunar, sem áður er lýst. Er það og nokkuð almennt álit manna, sem um þessi mál hafa fjallað, að þverrandi atvinna ýmissa höfunda og annarra listamanna og stöðnun eða jafnvel samdráttur í sölu hljómplatna sé afleiðing umræddrar þróunar. Sanngirni mælir með því, að reynt sé að rétta hlut rétthafa með einhverjum hætti. Vegna fámennis hér á landi eru upplög útgefinna verka mun minni en víðast annars staðar, en framleiðslukostnaður við útgáfu svipaður. Starf höfunda og listflytjenda er að sjálfsögðu það sama, hvort sem þeir eru búsettir í stóru eða litlu landi. Af þessum sökum hefur samdráttur markaðar tiltölulega meiri áhrif á hag rétthafa hérlendis en í stærri löndum. Þörfin á úrbótum er því brýnni.

Að því er varðar myndbönd sérstaklega, er ástæða til að ætla, að framvinda mála verði þar svipuð og á sviði hljómplötuframleiðslu og notkun hljóðbanda.

Ákvæði um gjald það, sem hér um ræðir, raska að sjálfsögðu í engu rétti þeim, sem höfundar og aðrir rétthafar eiga til endurgjalds af öðrum notum en einkanotum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að ofangreint gjald verði bæði greitt af tækjum og af böndum, sem nota má til upptöku verka í þágu einkanota. Slíkt gjald verður að sjálfsögðu ekki heimt af böndum, sem geyma verk, er rétthafar hafa þegið greiðslu fyrir. Sömuleiðis er gengið út frá því, að tæki og bönd séu undanþegin gjaldi eða innheimt gjald verði endurgreitt, ef sönnur eru færðar á, að tæki eða bönd séu ekki notuð til upptöku verka vegna einkaþarfa, svo sem diktafónar og hljóðbönd fyrir slík tæki. Hins vegar er ekki fært að láta það breyta neinu um gjaldskyldu, þótt í einstaka tilvikum sé sýnt fram á, að ekki hafi verið um upptöku verndaðra verka að ræða, ef einkanot liggja engu að síður fyrir. Menntamálaráðuneytinu er ætlað að setja nánari reglur um gjaldið, þar á meðal um viðmiðun þess og fjárhæð, að undangengnum samningaviðræðum við hagsmunasamtök rétthafa og við framleiðendur og innflytjendur.

Réttur sá til endurgjalds, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að höfundum, listflytjendum og framleiðendum verði veittur, er þáttur í höfundarétti, en réttur þessi verður ekki nýttur nema fyrir milligöngu heildarsamtaka þessara rétthafa. Er það sami háttur og hafður er á í þeim löndum, sem hafa tekið í lög ákvæði um slíkan rétt. Hefur sú skipan gefist vel í framkvæmd.

Ætlast er til þess samkvæmt frumvarpinu, að fé það, sem sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa innheimtir, verði varið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi verði fé varið til styrktar innlendri hljóð- og myndritaframleiðslu. Í öðru lagi renni féð til félagssamtaka rétthafa, er síðan sjá um úthlutun þess til félagsmanna. Getur menntamálaráðuneytið haft hönd í bagga með setningu úthlutunarreglna.

IV.

Innheimta gjalds í öðrum löndum.

Í **Vestur-Þýskalandi** hefur gjald af þessu tagi verið innheimt af sameiginlegri miðstöð höfundaréttarfélaganna (Zentralstelle für Private Überspielungsrechte) allt frá árinu 1965. Gjaldið nemur allt að 5% af söluverði upptökutækja. Gjaldið rennur til viðkomandi höfunda, listflytjenda og hljómplötuframleiðenda fyrir meðalgöngu félagssamtaka þeirra.

Í **Austurríki** hefur nýlega verið lögfest gjald af auðum böndum. Í lögunum segir, að höfundar, listflytjendur og framleiðendur eigi rétt til sanngjarns endurgjalds, þegar auð bönd eru sett á markað. Gjaldið verður eingöngu innheimt af sérstökum félagssamtökum rétthafa og greiðist af þeim, sem fyrst selur böndin.

Í **Noregi** hafa nýlega verið samþykkt lög, þar sem ákveðið er að taka gjald af tækjum til upptöku á hljóðum og myndum og af auðum og áteknum böndum. Menntamálaráðuneytinu er ætlað að setja reglur um útreikning og innheimtu gjaldsins svo og um nauðsynlegt eftirlit með henni. Gjaldið rennur til ríkissjóðs og það skal m. a. nota til stuðnings höfundum og listflytjendum, svo og til að styrkja framleiðslu og dreifingu á norskum hljóðritum (hljómplötum og hljómböndum) og myndritum (myndböndum og myndplötum). Í greinargerð með norska lagafrumvarpinu er þess getið, að fyrst sé aðeins fyrirhugað að leggja gjald á upptökutæki en síðar einnig gjöld á hljóðbönd bæði auð og átekin.

Í **Svíþjóð** og **Danmörku** hafa nefndir þær, sem vinna að endurskoðun höfundalaganna, lagt til, að lög verði sett um greiðslu gjalds til höfunda af hljóð- og myndböndum sem eru fallin til upptöku til einkanota. Í Svíþjóð hefur einnig verið ákveðið fyrir skömmu, að sérstakur skattur til ríkisins skuli lagður á hljóðbönd og myndbönd í kasettum. Skattinn skal heimta af öllum myndbandskasettum, en aðeins af auðum hljóðbandskasettum. Fer skatturinn eftir því, hve langa upptöku kasetta getur geymt. Nemur hann 2 aurum sænskum á hverja mínútu, að því er til hljóðbanda tekur, en 25 aurum sænskum, ef um myndbönd er að ræða. Kasettur, sem aðeins geta geymt 30 mínútna upptökur og skemmri, eru undanþegnar skattinum. 1/3 hluta þessa skatts á að verja í þarfir lista, meðal annars til greiðslu bóta til rétthafa á sviði tónlistar vegna umfangsmikillar upptöku tónlistar. Í Svíþjóð verður eftir sem áður unnið að tillögum um sérstakt gjald til höfunda vegna upptöku til einkanota, eins og áður segir.

Í mörgum öðrum löndum, sem eru aðilar að Bernarsáttmálanum, hafa öll þessi mál verið mjög til umræðu, svo sem í Bretlandi og Frakklandi, enda þótt lög hafi ekki verið sett, en í Frakklandi er þeirra að vænta á næstunni. Á alþjóðaþingi samtaka höfunda og tónskálda (CISAC) árið 1980 var einróma samþykkt áskorun á ríkisstjórnir um að leggja gjald á upptökutæki og auð bönd í því skyni að bæta rétthöfum það tjón, sem þeir biðu vegna upptöku verka til einkanota.

V.

Umfang upptöku til einkanota.

Víða erlendis hefur verið kannað, hve mikið kveði að tækjaeign einstaklinga og upptöku til einkanota. Niðurstöður rannsókna þykja yfirleitt benda til þess, að upptökur til einkaþarfa skerði mjög þann arð, sem rétthafar myndu ella hafa af framlögum sínum. Í Danmörku, Svíþjóð og Vestur-Þýskalandi hefur sala hljómplatna og kasetta með hljómlist staðið í stað eða dregist saman, en sala auðra kasetta hins vegar aukist. Nýlegar kannanir á hinum Norðurlöndunum (1977) hafa leitt í ljós, að upptökutæki sé að finna á 77% heimila í Svíþjóð, 76% heimila í Finnlandi, 63% heimila í Noregi og 53% heimila í Danmörku (árið 1980 var þessi tala komin upp í 70% í Danmörku.)

Árið 1977 voru seldar 11 milljónir auðra kasetta í Svíþjóð. Yfirgnæfandi hluti slíkra kasetta er notaður til að taka upp hljómlist og kemur það heim við niðurstöður af könnunum í öðrum löndum. Í Svíþjóð stendur sala venjulegra segulbandstækja og hljómflutningstækja

(plötuspilara) í stað, en sala kasettutækja (annaðhvort einna sér eða í tengslum við útvarp) hefur aukist stórkostlega. Á sama hátt hefur orðið stórfelld aukning í sölu auðra kasetta, en samsvarandi þróun hefur ekki átt sér stað með tilliti til hljómplatna og kasetta með tónlist. Sala auðra myndbandskasetta hefur aukist hröðum skrefum í Svíþjóð úr 200 þús 1978 í 2 milljónir 1981 (áætlun).

Árið 1975 voru í Vestur-Þýskalandi seldar 170 millj. hljómplötur, 25 millj. kasettur með tónlist og 100 millj. auðar kasettur. 1976 seldust þar 110 millj. hljómplötur, 40 millj. kasettur með tónlist og 100 millj. kasettur með auðum hljóðböndum (framleiðendur þeirra halda því fram að þessi tala sé 60—70 millj.). Rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Vestur-Þýskalandi, leiddu í ljós að 75% hljóðritana í heimahúsum voru gerðar eftir útvarpi eða sjónvarpi og um 25% eftir hljómplötum og hljómböndum, sem fengin voru að láni frá kunningjum og öðrum aðiljum.

Ef miðað er við rannsóknir í öðrum löndum og ráð fyrir því gert, að tækjaeign og upptökur séu svipaðar hér á landi, er ástæða til að ætla, að gengið sé mjög á hlut rétthafa hér á landi. Er raunin og sú, að hérlendis hafa upplög útgefinna hljóðrita farið mjög minnkandi.

VI.

Vaxandi brot gegn höfundalögum og breyting á eðli slíkra brota.

Umfangsmikil og skipulögð brot á höfundarétti eru orðin alþjóðlegt vandamál, sem hefur reynst erfitt viðureignar. Þessi brot hafa siglt í kjölfar ódýrrar, útbreiddrar og fullkominnar tækni við nýtingu hugverka og listflutnings, eins og áður er að vikið. Er þar fyrst og fremst um að ræða upptöku verka á myndbönd og hljóðbönd og dreifing þeirra á svokölluðum kasettum til almennings. Í sívaxandi mæli á slík upptaka og dreifing sér stað án leyfis höfunda og án nokkurs endurgjalds til þeirra.

Í fyrsta lagi er hér að geta um ólögmæta upptöku tónlistar og dreifingu á hljómkasettum. Upptaka er einkum gerð eftir hljómplötum og hljómkasettum, sem út hafa verið gefnar. Tækni er orðin það fullkomin við slíkar upptökur, að lítill sem enginn munur þarf að vera á tóngæðum frumgerðar og eftirgerðar. Svo langt er gengið við þessi brot, að ekki er látið sitja við ólögmætar upptökur, heldur er í einu og öllu líkt eftir frumgerðinni, svo sem að því er varðar áletranir, umbúðir, merki o. s. frv. (svonefnt „counterfeiting"). Heimildarlaus upptaka beins listflutnings á hljómleikum eða í útvarpi og dreifing á hljómkasettum tíðkast einnig í stórum stíl (svonefnt „bootlegging"). Að tilhlutan Alþjóðasamtaka hljóð- og myndritaframleiðenda (IFPI) var fyrir nokkru rannsakað, hvert væri umfang þessara lögbrota. Niðurstaða rannsóknarinnar benti til þess, að söluverðmæti ólöglegra hljóðrita næmi milli 1 og 1,2 millj. Bandaríkjadollara eða sem svarar 10% af heildarsöluverðmæti hljóðrita á markaði í heiminum. Mjög er misjafnt eftir löndum, hve mikið kveður að ólögmætum hljómkasettum á markaði. Í Bandaríkjunum er hlutdeild þeirra talin vera um 25%, en í Efnahagsbandalagsríkjunum 4—6%, nema 17% á Ítalíu. Alþjóðleg samtök höfunda og annarra rétthafa og alþjóðastofnanir á sviði höfundaréttar, svo og Interpol, hafa látið þessi mál mjög til sín taka og gert tillögur um aðgerðir til að hamla á móti þessum skefjalausu lögbrotum.

Í öðru lagi er hér að nefna ólögmæta upptöku verka á myndbönd og í framhaldi af því ólögmæta sölu og leigu á myndkasettum, svo og sýningar af þeim. Myndbönd hafa skemmri tíma verið almenn markaðsvara en hljómbönd. Engu að síður er að vænta svipaðrar framvindu mála og á sviði hljóðbanda, að því er til löglausrar nýtingar verka tekur. Nú þegar tíðkast stórfelld brot með upptöku kvikmynda og sjónvarpsefnis á myndbönd og framleiðsla og dreifing á myndkasettum með þessu efni til almennings. Skipulögð og umfangsmikil brot

af þessu tagi eru stórfellt vandamál víða um lönd, en ekki hvað síst í Bretlandi og Bandaríkjunum. Mikið kveður að ólögmætum upptökum sjónvarpsefnis í Bretlandi og dreifingu þess til annarra landa í Evrópu og Ameríku.

Höfundaréttarbrot með þeim hætti, sem að framan hefur verið lýst, eru ekki lengur óþekkt fyrirbæri á Íslandi. Í skýrslu myndbandanefndar frá 3. desember 1981 segir til dæmis, að hér á landi eigi sér nú stað stórfelld brot á höfundarétti, bæði með upptöku á myndbönd, leigu myndbanda og síðast en ekki síst með dreifingu efnis af myndböndum um myndbandskerfi.

VII.

Helstu ástæður til breytinga á réttarfarsákvæðum höfundalaga og ákvæðum um viðurlög við brotum á höfundarétti.

Í VII. kafla höfundalaga eru ákvæði um viðurlög við brotum á höfundarétti og um réttarfar í málum út af slíkum brotum. Er þar lögð refsi- og skaðabótaábyrgð á þá, sem brjóta lögin. Fjárhagslegt tjón rétthafa ber að bæta eftir almennum reglum bótaréttar. Auk þess má dæma höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi. Þá er þar að finna heimild til að gera upptæk eintök, sem framleidd hafa verið með ólögmætum hætti, svo og til að gera upptæka eða ónýta muni, sem notaðir hafa verið við undirbúning og framkvæmd brots. Mál út af brotum á lögunum getur sá einn höfðað, sem misgert er við. Mál út af brotum á ákvæðum 53. gr. laganna um menningarvernd bókmennta- og listaverka, sem ekki eru háð höfundarétti, sæta þó opinberri saksókn eftir kröfu menntamálaráðherra.

Eins og að framan segir, sæta brot á íslensku höfundalögunum ekki opinberri ákæru, heldur verður sá, sem misgert er við, að höfða þessi mál. Var við samningu höfundaréttarlaganna farið að dönsku fordæmi í þessu efni, en á öllum hinum Norðurlöndunum geta slík brot sætt opinberri ákæru eftir kröfu rétthafa. Á þeim tíma, sem höfundalögin voru samin, voru höfundaréttarbrot tiltölulega smáfelld miðað við hin stórfelldari brot, sem hin nýjasta tækni gerir möguleg, og valdið geta rétthöfum höfundaréttar gífurlegu fjártjóni.

Höfðun og rekstur einkamáls, þar með talins einkarefsimáls, út af brotum á höfundarétti er hvorki nægilega greið né áhrifarík leið til réttarvörslu, þegar um er að ræða brot af því tagi, sem að ofan greinir. Þannig er hvorki kostur lögreglurannsóknar né ýmissa úrræða, sem völ er á í opinberu refsimáli, svo sem haldi muna, leit eða beitingu gæsluvarðhalds.

Svo sem áður segir, geta höfundaréttarbrot sætt opinberri ákæru og lögreglurannsókn hvarvetna á Norðurlöndum, þegar Danmörk er frátalin. Í Svíþjóð tóku gildi 1. júlí 1982 lög, sem herða á viðurlögum og auðvelda enn frekar rannsókn og meðferð mála út af slíkum brotum. Í Danmörku hefur verið lagt til, að brot geti sætt ákæru eftir kröfu þess, sem misgert er við, en mjög hefur reynst erfitt að stemma stigu við höfundaréttarbrotum þar í landi vegna gildandi réttarfarsákvæða.

Ljóst er, að ekki fær staðist, að menn geti leitað til hins opinbera út af minniháttar auðgunarbrotum á sviði fjármunaréttar, en verði sjálfir að sækja mál sín út af stórfelldum auðgunarbrotum á sviði hugverkaréttar. Telur nefndin því einsýnt, að breyta þurfi réttarfarsákvæðum 59. gr. höfundalaga í þá átt að brot sæti opinberri ákæru að kröfu þess, sem misgert er við, auk þess sem hann geti jafnan rekið mál sitt sjálfur.

VIII.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frv. er mælt fyrir um gjald til höfunda vegna upptöku á verkum þeirra á hljóðband eða á myndband til einkanota samkvæmt heimild í 1. mgr. 11. gr. höfundalaga.

Rétt til þessa gjalds eiga höfundar verka, sem hefur verið útvarpað eða hafa verið gefin út á hljóðriti eða á myndriti, en það eru fyrst og fremst verk, er þannig hagar til um, sem tekin eru á bönd fyrir einkanot. Í framkvæmd er einnig hentugt að miða við verk, sem birt eða gefin hafa verið út með þessum hætti, þar sem um það liggja fyrir öruggar og aðgengilegar upplýsingar.

Rétt til ofangreinds gjalds eiga ekki aðeins höfundar verka, heldur einnig listflytjendur, útgefendur og framleiðendur, sbr. tilvísanir í 2. og 4. gr. frv.

Gjald það, sem hér um ræðir, er í fyrsta lagi lagt á upptökutæki, þar sem slík tæki eru yfirleitt notuð til upptöku verka til einkanota í meira eða minni mæli. Í öðru lagi er skylt að svara gjaldinu af auðum böndum og öðrum böndum, sem telja má, að ætluð séu til upptöku til einkanota. Er þar fyrst og fremst átt við bönd í svonefndum kasettum. Ekki breytir neinu um gjaldskyldu, þótt ekki sé um auð bönd að ræða, ef miðað við gerð, frágang og söluverð er engu að síður ástæða til að líta svo á, að böndin séu ætluð til afnota við upptöku verka. Eigi skiptir heldur neinu máli um gjaldskyldu, þótt í ákveðnu tilviki hafi ekki verið um upptöku verndaðra verka að ræða, þar sem slík takmörkun yrði lítt framkvæmanleg í raun. Meginreglan er annars sú, að einungis sé skylt að svara umræddu gjaldi af tækjum og böndum, sem ætluð eru til upptöku verka til einkanota. Nánari afmörkun verður sett í reglum, sem menntamálaráðuneytið setur um gjaldið og innheimtu þess, þar á meðal um endurgreiðslu gjalds, ef sýnt er fram á önnur not, og eftir atvikum um undanþágu til ákveðinna aðilja frá gjaldi. Er hér mælt fyrir um hliðstæða skipan, sem nú gildir almennt um gjald til höfunda fyrir flutning tónverka, þar sem gjaldskrár þær, sem höfundaréttarfélögin setja, eru háðar staðfestingu ráðuneytisins.

Í 1. gr. er ákveðið, að sá aðili, sem í upphafi annast dreifingu tækja eða banda hér á landi, annaðhvort sem framleiðandi eða sem innflytjandi, skuli ábyrgur fyrir innheimtu og greiðslu gjaldsins.

Áður er að því vikið í greinargerð þessari, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að gjaldtökuréttur inn verði eingöngu nýttur og gjaldið innheimt af sameiginlegri réttargæslumiðstöð félagssamtaka rétthafa. Þá er og komið fram, að rétthafafélög þau, sem hér eiga hagsmuna að gæta og óskað hafa eftir lögfestingu gjalds af þessum toga, eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda) og Rithöfundasamband Íslands. Í V-Þýskalandi hafa hliðstæð samtök, þ. e. GEMA (Samband tónskálda), GVL (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), og WORT (Rithöfundasambandið), sameinast um sérstaka réttindamiðstöð ZPÜ (Zentralstelle für private Überspielungsrechte), en sú miðstöð felur af hagkvæmnisástæðum þýska STEFinu (GEMA) innheimtu gjaldsins. Það félag innheimtir höfundaréttargjald af áteknum böndum og hljómplötum, en greiðsluaðiljar eru í mörgum tilfellum þeir sömu, hvort sem um áteknar eða óáteknar kasettur er að ræða. Í Austurríki innheimtir Austro-Mechana (austurríska STEFið) gjaldið í umboði höfundaréttarfélaga þeirra, sem hlut eiga að máli. Í dönsku og sænsku tillögunum er gert ráð fyrir því, að Nordisk Copyright Bureau (Norræna hljómplötustefið) annist innheimtu. Í V-Þýskalandi, þar sem mest reynsla er komin á þessi mál, hefur greind skipan gefist mjög vel og reynst auðveld og ódýr í framkvæmd.

Áskilnaður í 2. mgr. 1. gr. frv. um staðfestingu menntamálaráðuneytisins á samþykktum innheimtumiðstöðvar er í samræmi við gildandi lög og reglur um hin löggiltu höfundaréttarfélög, þ. e. STEF, SFH og Rithöfundasamband Íslands, á þá leið að samþykktir þeirra séu háðar staðfestingu ráðuneytisins. Þá er ákvæðið um framlög í úthlutunarsjóð hliðstætt ákvæðum í samþykktum höfundaréttarfélaganna.

Um 2. og 4. gr.

Hér er áréttað, að tilteknir rétthafar, aðrir en höfundar, eigi rétt til gjalds samkvæmt 1. gr. frv.

Um 3. gr.

Með þessari breytingu eru ákvæði 46. gr. rýmkuð og látin ná til myndrita en ekki aðeins hljóðrita.

Um 5. gr.

5. gr. frv. miðar að því að refsing vegna brota á höfundarétti geti orðið svipuð og refsing vegna auðgunarbrota, en ýmsar tegundir brota gegn höfundalögum eru nú fyllilega sambærileg við ýmis auðgunarbrot. Breyting ákvæða um refsiviðurlög getur einnig greitt götu rannsóknar höfundaréttarbrota og þá sérstaklega heimilað beitingu gæsluvarðhalds.

Um 6. gr.

Hér eru ákveðin viðurlög vegna brota á ákvæðum 1. gr. frv. og reglum settum samkvæmt þeim. Af fyrirmælum 5. gr. frv. kemur skýrt fram, að innflutningur tækja og banda til einkanota innflytjanda stofnar ekki til gjaldskyldu og er því að sjálfsögðu refsilaus.

Um 7. gr.

Eðlilegt og réttmætt er að höfundur eigi skýlausan rétt til miskabóta í tilefni af brotum á höfundarétti og er tekið af skarið í þeim efnum í þessari grein frv. Þá eru skilyrði réttar til miskabóta rýmkuð og stofnast slíkur bótaréttur við hvers konar ólögmæt brot á höfundarétti.

Um 8. gr.

Með 8. gr. frv. er heimiluð opinber ákæra í tilefni af brotum á höfundalögum. Af orðalagi 8. gr. er ljóst, að ekki er fortakslaust skylt að höfða mál með opinberri ákæru, þótt krafa um það komi fram frá réttum aðilja. Hins vegar er gengið út frá því, að alvarleg og meiri háttar brot sæti jafnan opinberri ákæru. Þeim, sem misgert er við, skal jafnan heimilt að höfða mál sjálfur, ef ekki verður af opinberri ákæru.

Um 9. gr.

Þessi grein frv. samræmir ákvæði B-liðar 61. gr. höfundalaga þeim breytingum, sem frv. þetta mælir fyrir um. Auk þess er tekið af skarið, að réttur til gjalds samkvæmt frv. fylgir aðeins upptökum, sem gerðar eru hér á landi, en gert er ráð fyrir gagnkvæmri vernd, að því er tekur til ríkja, sem veita íslenskum upptökum sambærilega vernd.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku þeirra breytinga, sem frv. gerir á höfundalögum. Óhjákvæmilegt getur reynst að fresta gjaldtöku af tækjum og tilfæringum til myndritunar, þar sem ekki er að öllu leyti á hreinu, hverjir rétthafar eiga rétt til gjalds vegna myndrita, og ekki er þar til að dreifa skipulögðum samtökum rétthafa með löggiltu fyrirsvari þeirra.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Sþ. 220. Þingsályktun [131. mál]

um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.)

Samhljóða þskj. 166.

Ed. 221. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [154. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurkjördæmi.
   Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
   Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
3. Vesturlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi:
   Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
   Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
   Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Þingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti

Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 51/1959 og nr. 9/1968, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem er samhljóða frumvarpi sem flutt var af Geir Hallgrímssyni, Steingrími Hermannssyni, Svavari Gestssyni og Magnúsi H. Magnússyni og samþykkt var á síðasta þingi, er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Hefur orðið að samkomulagi að forsætisráðherra flytji það nú.

Nd. 222. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

1. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag og
4. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. og 3. gr. falli niður.

3. gr.

4. gr. verði 2. gr. og orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

4. gr.

3. gr. orðist svo:

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

5. gr.

5. gr. verði 4. gr. og orðist svo:

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurkjördæmi.
   Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
   Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
3. Vesturlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvíkurkaupstaður og Dalasýsla.

4. Vestfjarðakjördæmi.
   Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
   Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
   Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

6. gr.

Við bætist ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. 8 þingsætum skal ráðstafa fyrir hverjar kosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu alþingiskosningum á undan.
   Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:
   1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu alþingiskosningum á undan með tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv., eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
   2. Nú hefur kjördæmi hlotið, samkvæmt a-lið, fleiri þingsæti en 5, og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.
   3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsætið kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv., uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
   4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar, þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.

c. Einu þingsæti er ráðstafað til kjördæmis samkvæmt ákvæðum 114. gr., 5. töluliðar.
   Að loknum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu kosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

7. gr.

15. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 48/1968 og 1. gr. laga nr. 90/1981) breytist svo:

a. Orðin „20 ára“ í 1. mgr., 2. tölulið verði: 18 ára.

b. 3. töluliður orðist svo:

3. Þeir, sem eiga ekki lögheimili hér á landi en eiga samt kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá. Heimilt er þó að taka þá annars staðar á kjörskrá sé gild ástæða til.

8. gr.

26. gr. breytist svo:

Orðin „4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag“ verði: 3 vikum og 3 dögum fyrir kjördag.

9. gr.

27. gr. breytist svo:

a. 2. mgr. orðist svo:

Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 113. og 114. gr. Framboðslistarnir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórnmálasamtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.

b. 3. mgr. (sbr. 4. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka, ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.

10. gr.

34. gr. orðist svo:

Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

11. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o. s. frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar, undirkjörstjórnir um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista hinna eldri landsframboða sama bókstaf og þeir höfðu síðast og nýja framboðslista í beinu framhaldi eins og stafrófsröð býður. Þó er meðmælendum framboðslista heimilt að velja listanum

bókstaf sem enginn þingflokkur notar, en slíkt val skulu þeir samstundis tilkynna landskjörstjórn. Ef ágreiningur rís um valið sker landskjörstjórn úr.

Landskjörstjórn skal sjá um að samræmi sé í merkingu framboðslista þannig að hvert landsframboð hafi sama listabókstaf í öllum kjördæmum. Sjá einnig 41. gr.

13. gr.

41. gr. orðist svo:

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB... o. s. frv. eftir því sem við á.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar hvers landsframboðs séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum, sbr. 40. og 41. gr. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur afgreitt framboðslistana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð. Auglýsingu samkvæmt þessari málsgrein skal birta eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst, sbr. 64. gr.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

15. gr.

52. gr. orðist svo:

Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 42. gr., 3. mgr., skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar svo og uppkosningar í sambandi við þær fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

16. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsendingu þá seðla sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

17. gr.

1. mgr. 64. gr. orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að framboðslistar hafa verið auglýstir samkvæmt 42. gr., 2. mgr., og eigi seinna en 2 vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags eiga kjósendur rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Fari kosning fram áður en framboðslistar eru auglýstir er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

18. gr.

3. mgr. 84. gr. orðist svo:

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

19. gr.

2. mgr. 102. gr. orðist svo:

Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

20. gr.

109. gr. orðist svo:

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 115. gr., 2. mgr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölur, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

21. gr.

110.—117. gr. falli niður.

22. gr.

XIV. kafli fái heitið: Úthlutun þingsæta.

23. gr.

118. gr. verði 110. gr. og orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

24. gr.

119.—125. gr. falli niður en í stað þeirra komi eftirtaldar greinar nr. 111 til 117.

25. gr.

111. gr.

Í hverju kjördæmi skal reikna atkvæðahlutfall hvers lista með því að deila atkvæðatölu hans með tölu gildra atkvæða í kjördæminu.

Þá skal finna þingsætahlut hvers lista í hverju kjördæmi. Það er gert með því að margfalda þingsætatölu kjördæmisins, sbr. 5. gr., 2. mgr., með atkvæðahlutfalli listans.

Nú er einungis einn listi í kjöri og verður þá þingsætahlutur hans jafn þingsætatölu kjördæmisins. Gildir einu hve mörg atkvæði listanum hafa verið greidd eða hvort nokkur hefur greitt honum atkvæði.

26. gr.

112. gr.

Þingsætum hvers kjördæmis, samkvæmt 5. gr., 1. mgr., a- og b-lið, skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem á stærstan þingsætahlut. Þann þingsætahlut skal síðan lækka um 1 og telst afgangurinn þá vera þingsætahlutur listans. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur stærstan þingsætahlut o. s. frv.
2. Úthluta skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heilu tölu fyrir ofan.
3. Nú nær listi ekki nema 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu, og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þetta nær þó ekki til lista er falla kunna undir ákvæði 3. mgr. 111. gr.
4. Nú er þingsætahlutur lista minni en 0,8 og skal þá ekki úthluta þeim lista fleiri þingsætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema hann teljist til landsframboðs sem hlotið hefur a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.
5. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur samkvæmt 1. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.
6. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölulið og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

27. gr.

113. gr.

Þeim þingsætum samkvæmt 5. gr., 1. mgr., a- og b-lið, sem hefur ekki enn verið úthlutað, svo og þingsæti samkvæmt c-lið sömu málsgreinar, skal úthluta eftir ákvæðum þessarar greinar og 114. gr. Við þá úthlutun koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.

Til þess að finna hvernig skipta ber umræddum þingsætum milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Heildartölu þeirra atkvæða, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Fella skal niður hæstu útkomutölur hvers framboðs, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið samkvæmt ákvæðum 112. gr.
3. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv., uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

28. gr.

114. gr.

Þeim þingsætum, sem þegar hefur verið skipt á milli landsframboða samkvæmt 113. gr., skal úthluta í fjórum áföngum þannig:

1. Við úthlutun hvers þingsætis koma einungis til álita listar þeirra landsframboða sem hafa ekki enn hlotið rétta þingsætatölu samkvæmt 113. gr. Þá skal einungis úthluta þingsæti til kjördæmis sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Frá þessu er þó vikið í fjórða áfanga, sbr. 5. tölulið þessarar greinar. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis skal lækka þingsætahlut þess lista sem sætið hlaut, sbr. 112. gr., 1. tölulið.

2. Í fyrsta áfanga koma einungis til álita þeir listar sem hafa a. m. k. 0,8 í þingsætahlut. Úthlutun í þeim áfanga fer þannig fram að fundinn er stærsti þingsætahlutur þeirra kjördæma og landsframboða sem rétt eiga á frekari úthlutun, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst fer sæti til þess lista sem nú á stærstan þingsætahlut o. s. frv. Gæta skal ákvæða í 1. tölulið.
3. Í öðrum áfanga koma einungis til álita listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu. Ráðstafa skal einu þingsæti til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki þá þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Byrja skal í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru á kjörskrá. Þar skal finna stærsta þingsætahlut þeirra landsframboða sem til álita koma, sbr. 1. tölulið, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst skal úthluta sæti í því kjördæmi sem hefur næstfæsta kjósendur, enda hafi kjördæmið ekki enn hlotið fulla þingsætatölu o. s. frv. Að öðru leyti skal fara að samkvæmt ákvæðum í 1. tölulið.
4. Úthlutun í þriðja áfanga fer fram eftir sömu ákvæðum og gilda um fyrsta áfanga, sbr. 2. tölulið. Þó er úthlutun ekki háð því skilyrði að þingsætahlutur lista sé 0,8 hið minnsta.
5. Í fjórða áfanga er úthlutað þingsæti samkvæmt 5. gr., 1. mgr., c-lið. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta samkvæmt 113. gr. Umræddu þingsæti skal úthluta til þess lista framboðsins sem stærstan hefur þingsætahlut. Telst þingsætið til þess kjördæmis sem þann hlut á. Gildir einu í hvaða kjördæmi það er.
6. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar þeir eru bornir saman samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal þá hluta um röð þeirra.
7. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

29. gr.

115. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o. s. frv., uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

30. gr.

116. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum samkvæmt 112., 114. og 115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

31. gr.

117. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta, ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

32. gr.

126. gr. verði 118. gr. og breytist svo:

a. Í stað orðanna „umboðsmanna stjórnmálaflokks“ komi: umboðsmanna stjórnmálasamtaka.

b. Í stað orðsins „uppbótarþingsæta“ komi: þingsæta.

33. gr.

127. gr. verði 119. gr. og orðist svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað — eftir almennar alþingiskosningar — að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.) og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

34. gr.

128. gr. verði 120. gr.

35. gr.

129. gr. verði 121. gr. og breytist svo:

Í stað orðanna „sbr. 136. og 137. gr.“ komi: sbr. 121. og 122. gr.

36. gr.

130.—137. gr. verði 122.—129. gr.

37. gr.

138. gr. verði 130. gr. og orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í eða forseta sameinaðs Alþingis ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Í nefndum innan Alþingis skal varamaður taka sæti þess þingmanns sem hann leysir af hólmi.

38. gr.

139.—140. gr. verði 131.—132. gr.

39. gr.

141. gr. verði 133. gr. og breytist 12. töluliður greinarinnar svo:

Í stað orðanna „133. gr. 6. tölulið“ komi: 125. gr., 6. tölulið.

40. gr.

142.—145. gr. verði 134.—137. gr.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 45/1961.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Inngangur.

Með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, sem samþykkt var á síðasta þingi, fylgdu í greinargerð drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Frumvarpsdrög þessi byggðust á samkomulagi þeirra flokka er þá áttu fulltrúa á Alþingi. Í framhaldi af því samkomulagi er þetta frumvarp flutt óbreytt frá þeim drögum sem fylgdu stjórnarskrárfrumvarpinu. Forsætisráðherra flytur á þessu þingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga til staðfestingar á þeirri breytingu sem samþykkt var á síðasta þingi.

Með frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á þeim ákvæðum stjórnarskrár, sem fjalla um kosningar til Alþingis, svo og frv. til breytinga á kosningalögum er stefnt að verulegri jöfnun atkvæðavægis eftir búsetu. Verður misvægi eftir búsetu heldur minna en það var fyrst eftir breytingarnar á kosningareglunum 1959. Jafnframt er það markmið með frumvörpunum að tryggja sem fyllst samræmi milli þingfylgis og atkvæðastyrks þingflokka. Er þá ekki einungis haft í huga samræmi miðað við heildarskiptingu atkvæða heldur er einnig leitast við að ná samræmi innan kjördæma. Þá er það tilgangur breytinganna á kosningalögum, að kjósendur geti haft meiri áhrif á röð frambjóðenda á framboðslistum en nú er. Enn fremur er lagt til að aldursmark kosningarréttar lækki úr 20 árum í 18 ár.

Meginþættir breytingartillagnanna eru þessir:

1. Þingsæti verði 63 í stað 60 eins og nú er, en skipting landsins í kjördæmi verði óbreytt. Skipting þingsæta á kjördæmi verði endurskoðuð fyrir hverjar kosningar með hliðsjón af breytingum á tölu kjósenda. Þó verði lágmarkstala úr hverju kjördæmi bundin í stjórnarskrá. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrárákvæðum er tala þingsæta bundin og er frá 5 til 12 í hverju kjördæmi. Auk þess er 11 uppbótarþingsætum úthlutað til jöfnunar milli þingflokka. Af tölu þingflokka og atkvæðastyrk ræðst hve mörg þessara sæta koma í hlut hvers kjördæmis. Í reynd hafa 0—4 uppbótarsæti komið í hlut einstakra kjördæma. Samkvæmt hinni nýju tilhögun hefur jöfnunin ekki áhrif á tölu þingsæta hvers kjördæmis. Einu þingsæti er þó eigi ráðstafað til kjördæmis fyrir fram heldur ræðst af kosningaúrslitum hvaða kjördæmi hlýtur sætið.
2. Aðferð við úthlutun þingsæta á grundvelli kosningaúrslita er breytt verulega. Samkvæmt núgildandi lögum er sætum þeim, sem mörkuð eru kjördæmum, úthlutað með svonefndri „reglu hæsta meðaltals“, sem einnig er kennd við d'Hondt. Þykir örðugt að ná fullum jöfnuði milli lista þegar henni er beitt við úthlutun jafnfárra sæta og hér um ræðir, þ. e. 5. Ráðstöfun uppbótarsæta hefur dregið nokkuð úr þessu misræmi en á fremur tilviljunarkenndan hátt. Lagt er til í frv. að sætum sé í megindráttum úthlutað með aðferð sem í grannlöndum okkar er nefnd „regla stærstu brota“, en er hér til styttingar nefnd „meðaltalsaðferð“.
3. Tekin er upp ný jöfnunaraðferð til að stuðla að samræmi milli atkvæðatölu þingflokka og þingstyrks. Eins og áður segir eru nú 11 þingsæti, uppbótarsætin, notuð í þessu skyni. Að lokinni úthlutun 49 kjördæmasæta er uppbótarsætunum 11 skipt milli þingflokka á grundvelli heildarfylgis á landinu öllu. Fer sú skipting fram eftir reglu d'Hondts. Í þeim kosningum, sem farið hafa fram á gildistíma núverandi ákvæða, hefur þó skort allnokkuð á jöfnuð milli flokka. Hefði þurft 2—6 uppbótarsæti til viðbótar til þess að fullur jöfnuður næðist. Þá er það annmarki á núverandi fyrirkomulagi, að úthlutun

uppbótarsætanna er ekki í beinum tengslum við úthlutun sæta í kjördæmum. Getur því uppbótarsæti lent hjá framboðslista án verulegra tengsla við atkvæðafylgi hans í kjördæmi, enda eru uppbótarþingmenn ekki bundnir við kjördæmi sín heldur nefndir landskjörnir þingmenn. Með breytingartillögunum er leitast við að koma á jöfnun milli flokka með úthlutun innan kjördæmanna. Kosningaúrslit á landinu öllu hafa þá nokkur áhrif í kjördæmunum. Þess er þó gætt, að þau áhrif verði lítil í fámennustu kjördæmunum. Er allt að fjórðungur þingsæta hvers kjördæmis háður jöfnunarákvæðum. Jöfnunarsæti eru því 1 í hverju kjördæmi utan Suðvesturlands, en 2—3 í Reykjaneskjördæmi og 3—4 í Reykjavík eða alls um 13. Auk þess er eitt sæti óbundið kjördæmum eins og áður segir. Jöfnunarsætum þessum er skipt á milli þingflokka á sama hátt og nú er.

4. Í frv. eru rýmkaðir möguleikar kjósenda til áhrifa á það hverjir frambjóðendur ná kosningu af hverjum lista.
5. Þá eru í frv. gerðar breytingar á skilyrðum kosningarréttar til samræmis við breytingar á 33. gr. stjórnarskrárinnar. Meðal annars er aldursmark lækkað úr 20 árum í 18 ár.
6. Meðal annarra nýmæla í frv. má nefna að framboðsfrestur er styttur um eina viku. Þá er verksvið landskjörstjórnar víkkað en dregið úr hlutverki yfirkjörstjórna að sama skapi. Vísast um þessi nýmæli til athugasemda við einstakar greinar.

1., 2. og 3. þætti verða gerð rækilegri skil hér á eftir. Einstakra greina frv. verður getið eins og ástæða þykir til. Þá er fylgiskjal er sýnir hvert skref í úthlutun þingsæta samkvæmt ákvæðum þessa frv. á grundvelli úrslita í alþingiskosningum 1979.

1. Skipting þingsæta á kjördæmi.

Skv. 5.—6. gr. frv. þessa og í samræmi við 1. gr. frv. um stjórnarskipunarlög er ráðgert að þingmenn verði 63 en kjördæmi hin sömu og nú eða 8 talsins. Í stjórnarskrá verði tilgreind lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi. Samtals verði 54 þingsætum ráðstafað á þann hátt. Af þeim hljóti Reykjvík 14 þingsæti, Reykjanes 8, Norðurland eystra og Suðurland 6 hvort og önnur kjördæmi 5 þingsæti hvert. Í frv. þessu um breytingu á kosningalögum er fjallað um ráðstöfun þeirra 9 sæta sem þá eru eftir. Eitt þessara sæta er óbundið kjördæmum, en ætlunin er að hinum 8 sé skipt fyrir hverjar kosningar milli kjördæmanna til að jafna vægi atkvæða. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu kosningum á undan. Er því ávallt vitað í upphafi hvers kjörtímabils hver muni verða skipting þingsæta í næstu kosningum til Alþingis.

Reikniaðferðinni, sem beitt er við framangreinda skiptingu, svipar til þeirrar aðferðar sem notuð er við skiptingu uppbótarsæta milli þingflokka í gildandi kosningalögum. Tölu kjósenda í hverju kjördæmi er deilt með sérstökum deilitölum og sætum síðan raðað á kjördæmin eftir lækkandi útkomutölum. Væri farið eins að og við skiptingu uppbótarsæta ættu deilitölurnar í kjördæmi, sem þegar hefur hlotið 5 þingsæti, að vera 6, 7, 8, 9 o. s. frv. Nú eru þingsætin 8 á hinn bóginn ekki nægilega mörg til þess að unnt sé að jafna vægi atkvæða til fulls. Þykir því eðlilegt að þannig sé skipt að vægi atkvæða minnki eftir því sem kjördæmi hafa fleiri kjósendur. Þessu er náð fram með deilitölum sem taka stærri skref en þær fyrrgreindu, þ. e. tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv.

Í töflu I á fylgiskjali með frv. þessu kemur fram hvernig þessari skiptireglu hefði verið beitt fyrir kosningarnar 1979 (og þá á grundvelli kjósendatölu frá kosningunum 1978).

Verði frv. þetta að lögum má ætla að í fyrsta sinn, sem reynir á ákvæði þess í kosningum, verði skipting þingsæta miðuð við tölu kjósenda í apríl 1983. Þær kjósendatölur eru ekki tiltækar nú, en tala kjósenda í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum 1982 ætti að gefa góða vísbendingu. Miðað við tölur úr þeim kosningum yrði skipting þingsæta þessi:

Reykjavík	18 þingsæti
Reykjanes	11 þingsæti
Vesturland	5 þingsæti
Vestfirðir	5 þingsæti
Norðurland vestra	5 þingsæti
Norðurland eystra	7 þingsæti
Austurland	5 þingsæti
Suðurland	6 þingsæti
Samtals	62 þingsæti

Auk þess er einu þingsæti úthlutað til kjördæmis að kosningum loknum.

Í eftirfarandi yfirliti er því lýst hvaða breytingar á kjósendatölu kynnu að færa þingsæti milli kjördæma:

Tilfærsla til RV frá RN ef kjósendum í RV fjölgar um	11,2%
Tilfærsla til RN frá RV ef kjósendum á RN fjölgar um	8,4%
Tilfærsla til VL frá RV ef kjósendum á VL fjölgar um	19,0%
Tilfærsla til VF frá RV ef kjósendum á VF fjölgar um	70,9%
Tilfærsla til NV frá RV ef kjósendum á NV fjölgar um	63,0%
Tilfærsla til NE frá RV ef kjósendum á NE fjölgar um	18,4%
Tilfærsla til AL frá RV ef kjósendum á AL fjölgar um	37,2%
Tilfærsla til SL frá RV ef kjósendum á SL fjölgar um	22,9%
Tilfærsla frá RV til RN ef kjósendum í RV fækkar um	7,8%
Tilfærsla frá RN til RV ef kjósendum í RN fækkar um	10,4%
Tilfærsla frá NE til RV ef kjósendum í NE fækkar um	12,5%

Í þessu yfirliti er miðað við einhliða fjölgun eða fækkun kjósenda í viðkomandi kjördæmi.

Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður á vægi atkvæða kjósenda eftir búsetu. Miðað er við tölu kjósenda á kjörskrá 1959 og 1979. Búsetujafnvægi bæði árin er sýnt eins og það varð í reynd og jafnframt hvernig það hefði orðið í kosningum 1979 ef miðað er við tillögur þessa frumvarps.

Kjördæmi	1959 Núgildandi reglur		1979 Núgildandi reglur		1979 Nýjar reglur	
	Kjós. á þingsæti[2])	Vægis-vísir[1])	Kjós. á þingsæti[2])	Vægis-vísir[1])	Kjós. á þingsæti[3])	Vægis-vísir[1])
RV	2 669	3,22	3 760	3,67	3 150	2,56
RN	1 518	1,83	4 216	4,11	2 683	2,18
VL	1 302	1,57	1 447	1,41	1 447	1,18
VF	952	1,15	1 025	1,00	1 230	1,00
NV	828	1,00	1 093	1,07	1 312	1,07
NE	1 367	1,65	2 189	2,14	2 189	1,78
AL	1 162	1,40	1 281	1,25	1 537	1,25
SL	1 451	1,75	1 681	1,64	1 961	1,59

[1]) Vægisvísir er 1,00 í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru að baki hverjum þingmanni. Í öðrum kjördæmum sýnir vægisvísirinn hve marga kjósendur þarf til að jafngilda 1 kjósanda þar.

[2]) Með þingsætum er hér átt við heildartölu þingsæta hvers kjördæmis að uppbótarþingsætum meðtöldum.

[3]) Með þingsætum er hér átt við heildartölu þingsæta hvers kjördæmis eftir að öllum þingsætunum 63 hefur verið ráðstafað til kjördæma.

2. Úthlutun þingsæta í kjördæmum.

Tekin er upp ný regla við úthlutun þingsæta í kjördæmum á grundvelli atkvæðafylgis. Verður henni nánar lýst hér á eftir, en fyrst verður vikið að þeirri aðferð sem nú er í gildi.

Með hlutfallskosningum er stefnt að því, að þingstyrkur þeirra, sem fram bjóða, sé í beinu hlutfalli við atkvæðastyrk. Gildandi úthlutunarregla nær trauðla þessu markmiði. Hér er því gert ráð fyrir nýrri úthlutunarreglu þingsæta. Sú aðferð, sem nú er beitt, var algeng á fyrri hluta þessarar aldar en er nú aflögð í mörgum grannlöndum okkar. Hún er kennd við Belgíumann að nafni d'Hondt. Henni er þannig lýst í gildandi kosningalögum (109. gr.):

„Í kjördæmi skal telja saman, hve margir hafi kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan sinn bókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum ber fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu."

Samkvæmt þessu er aðferðin þannig að atkvæðatölum hvers lista er deilt með tölunum 1, 2, 3 o. s. frv. og útkomutölum síðan raðað eftir lækkandi gildum. Í fimm manna kjördæmi segja fimm hæstu tölurnar í þessari röð til um hverjir náð hafa kjöri.

Sem dæmi um þessa úthlutunaraðferð þingsæta má taka eftirfarandi kosningaúrslit þar sem gild atkvæði eru 10 þúsund og kjósa á 5 þingmenn:

		Atkvæði á þingmann (Deilitölur)			
Listi	Atkvæði	(1)	(2)	(3)	Tala þingsæta
X	4300	4300	2150	1433⅓	3
Y	2700	2700	1350	900	1
Z	1700	1700	850	566⅔	1
Ö	1300	1300	650	433⅓	0

Úthlutunarröðin yrði þá þessi:

1. sæti til X-lista á 4300 atkv.
2. sæti til Y-lista á 2700 atkv.
3. sæti til X-lista á 2150 atkv.
4. sæti til Z-lista á 1700 atkv.
5. sæti til X-lista á 1433⅓ atkv.

Samkvæmt þessu fær t. d. X-listi 60% þingmanna — þrjá af fimm — á 43% atkvæða, en það er einmitt einkenni þessarar aðferðar að þingstyrkur þeirra framboða, sem flest atkvæði hljóta, verður oft hlutfallslega meiri en atkvæðastyrkur þeirra.

Í annan stað er það einkenni þessarar aðferðar, að talsvert atkvæðafylgi þarf til þess að listi fái þingmann kjörinn. Það má líka orða svo að í henni felist vörn gegn því, að lítill atkvæðastyrkur dugi til þingmannskjörs.

Samkvæmt þeirri aðferð, sem hér er lagt til að upp verði tekin, er leitast við að ná meira samræmi milli atkvæðafylgis og þingstyrks, en jafnframt er spornað nokkuð gegn því, með sérákvæðum um lágmarksfylgi, að fá atkvæði dugi til að listi fái þingsæti.

Nokkrir nm. hafa bent á að aflamagn síðustu fjögurra ára væri betri viðmiðun við útreikning aflakvóta á fiskiskip en afli síðustu þriggja ára eins og fiskiþing hefur lagt til.

Það sjónarmið kom fram í nefndinni að nauðsynlegt væri að aflakvótar yrðu hreyfanlegir milli skipa, bæði af hagkvæmnisástæðum og eins ef skip væri selt úr landi eða félli af skipaskrá. Ein meginorsök rekstrarvanda sjávarútvegsins væri sú að fiskveiðiskipastóllinn væri of stór. Því væri æskilegt að hafa innbyggðan hvata í kvótakerfinu til þess að skipunum fækkaði.

Nefndin leggur áherslu á að sjávarútvegsráðherra hafi fullt samráð um framkvæmd laganna við sjávarútvegsnefndir Alþingis, svo sem tekið er fram í 1. gr. frumvarpins. Verði jafnan leitað til þeirra um samráð áður en ráðist er í einstök framkvæmdaatriði og fyrir þær lögð öll stefnumótun og útfærsla á ákvæðum laganna.

Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, gerði sérstaka bókun við afgreiðslu málsins sem hann mun gera grein fyrir við aðra umræðu.

Með vísun til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.
Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.	Ingvar Gíslason.

Ed. 230. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. málsl. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum.

2. gr.

4. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki fjárfestingarsjóður, sbr. 11. tl. 31. gr.

3. gr.

Lokamálsl. 2. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tl. 31. gr.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

a) 1. og 2. málsl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. orðist svo:
Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar, þó að hámarki 25 000 kr. hjá einstaklingi og 50 000 kr. hjá hjónum. Til arðs í þessu sambandi teljast þó ekki fengin jöfnunarhlutabréf umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. 9. gr.

b) Í stað „5%“ í 3. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 7%.

c) Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verði 4. tl., sem orðist svo:
Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 20 000 kr. hjá einstaklingi og 40 000 kr. hjá hjónum.

d) Aftan við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 4 000 000 kr. eða meiru, ef um einstakling er að ræða, en 8 000 000 kr., ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 31. gr. laganna:

a) 7. tl. 1. mgr. orðist svo:
Eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.

b) 8. tl. 1. mgr. falli niður og breytist röð annarra liða greinarinnar í samræmi við það.

c) 9. tl. 1. mgr., sem verður 8. tl., orðist svo:
Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 10% af nafnverði hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

d) Í stað „5%“ í 2. mgr. 10. tl. 1. mgr., sem verður 9. tl., komi: 7%.

e) 12. tl. 1. mgr., sem verður 11. tl., orðist svo:
Tillög í fjárfestingarsjóð, sbr. 54. gr.

f) 2. mgr. 31. gr. falli niður.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 32. gr. laganna:

a) 1. og 2. málsl. greinarinnar orðist svo:
Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

b) 2. tl. greinarinnar orðist svo:
Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 38. gr. laganna:

a) 1. tl. greinarinnar orðist svo:
Skip og skipsbúnaður 10%.

b) Við greinina bætist nýr töluliður, sem verður 3. tl., og breytist röð annarra liða í samræmi við það. Töluliðurinn orðist svo:
Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki 15%.

c) 3. tl. greinarinnar, er verður 4. tl., orðist svo:
Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og -tæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.—3. tl. 20%.

d) 4. tl. greinarinnar, er verður 5. tl., orðist svo:
Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar 2%.
Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulið eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en 10%.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 44. gr. laganna:

a) 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. og 55. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna.

b) 3. mgr. falli niður.

9. gr.

Í stað orðsins „varasjóður“ í 1. málsl. 4. mgr. 53. gr. komi: fjárfestingarsjóður.

10. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Menn og lögaðilar, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, mega draga frá þeim tekjum sínum fjárfestingarsjóðstillag. Hámark fjárfestingarsjóðstillags skal vera 40% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá skattskyldum tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—10. tl. 31. gr. Þessi frádráttur er bundinn því skilyrði að skattaðili leggi a. m. k. 50% fjárfestingarsjóðstillagsins inn á bundinn reikning í innlendum banka eða sparisjóði fyrir 1. júní næst á eftir lokum þess almanaksárs sem tillagið varðar, eða eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsárs. Innborganir skulu bundnar í sex mánuði, talið frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir innborgunarmánuð, og skal þeim ráðstafað innan sex ára frá því tímamarki. Innstæður á hinum bundnu reikningum skulu vera verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu, en um vexti af þeim fer eftir þeim reglum sem á hverjum tíma gilda um slíka innstæðureikninga sem bundnir eru í a. m. k. sex mánuði.

Verðbætur og vextir af bundnum reikningum eru skattskyldir, sbr. 8. gr. Verðbætur skulu bundnar með sama hætti og höfuðstóll, en vextir eru lausir og skulu þeir ekki leggjast við hina bundnu fjárhæð.

Tillög í fjárfestingarsjóð skulu árlega framreiknuð frá frádráttarári til tekjuárs samkvæmt ákvæðum 26. gr. Skal breytingin færð til hækkunar á sjóðnum annars vegar en til lækkunar á öðru eigin fé hins vegar.

11. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Við úttekt af bundnum reikningi, sbr. 54. gr., telst samsvarandi tillag viðkomandi árs í fjárfestingarsjóði til tekna þegar það hefur verið framreiknað samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá frádráttarári til ráðstöfunarárs. Hina skattskyldu fjárhæð er heimilt að nýta þannig:

1. Til sérstakra fyrninga af fyrnanlegum eignum, sbr. 32. gr., sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu, sbr. 33. gr.
2. Til sérstakra fyrirframfyrninga af eignum, sbr. 32. gr., sem ætlaðar eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, en ekki hafa verið teknar í notkun í lok viðkomandi reikningsárs.
3. Til að mæta rekstrartapi, sbr. 7. tl. 31. gr.

Rekstrartap skal jafnað áður en heimild til sérstakra fyrninga skv. 1. og 2. tl. er notuð og eigi er heimilt að mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein.

Við ráðstöfun tillaga í fjárfestingarsjóð skal elstu tillögum ætíð ráðstafað fyrst.

12. gr.

Inn í lögin bætast tvær nýjar greinar, sem verði 55. gr. A og 55. gr. B.

a) 55. gr. A orðist svo:

Hafi tillag í fjárfestingarsjóð ekki verið notað í samræmi við 55. gr., eða hafi þeirra tímamarka, sem um ræðir í 54. gr., ekki verið gætt, skal telja þann hluta fjárfestingar-

sjóðs, sem ekki hefur verið farið með eftir umræddum reglum, til tekna þegar hann hefur verið framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr., sbr. 3. mgr. 54. gr. Fjárhæðin þannig reiknuð skal talin til tekna á ráðstöfunarári eða á næsta ári eftir að ráðstöfun skyldi vera lokið, að viðbættu 10% álagi fyrir hvert ár frá og með næsta ári eftir að tillagið var dregið frá tekjum og til og með því ári sem fjárhæðin telst til skattskyldra tekna. Sama gildir um skattalega meðferð fjárfestingarsjóðs ef atvinnurekstri er hætt eða félagi slitið, en fjárfestingarsjóður telst þá til tekna á því ári sem rekstri er hætt.

Ef fjárfestingarsjóði eða hluta hans er ekki ráðstafað á heimilaðan hátt og því talinn til tekna, sbr. ákvæði þessarar greinar, er ekki heimilt að nota hina skattskyldu fjárhæð til sérstakra fyrninga samkvæmt ákvæðum 1. og 2. tl. 55. gr.

Nú andast skattaðili, sem myndað hefur fjárfestingarsjóð, eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal þá fjárfestingarsjóður framreiknaður, sbr. 3. mgr. 54. gr., talinn til tekna á því ári sem skattaðili stundaði síðast atvinnurekstur, en án álags skv. 1. mgr. þessarar greinar.

b) 55. gr. B orðist svo:

Óheimilt er skattaðila að framselja eða veðsetja innstæður á bundnum reikningum, sbr. 54. gr., og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna, en þær skulu þó vera til tryggingar skattkröfum skv. 55. gr. A.

Bókhaldi skattaðila, sem nýtir sér myndun fjárfestingarsjóðs, skal þannig hagað að auðvelt sé að rekja myndun og ráðstöfun sjóðsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæða um fjárfestingarsjóð.

13. gr.

Í stað „varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.“ komi: fjárfestingarsjóð skv. 11. tl. 31. gr., sbr. 54. gr.

14. gr.

78. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í innlendum bönkum og sparisjóðum, innlánsdeildum og á stofnsjóðsreikningum samvinnufélaga, póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, og hlutabréfaeign í hlutafélögum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr., að því marki sem innstæður þessar, verðbréf og hlutabréfaeign er umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Frádráttur vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæða skal þó aldrei vera hærri en 250 000 kr. hjá einstaklingi og 500 000 kr. hjá hjónum.

15. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði C-liðs 4. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skulu öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð, sem myndaður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu uns varasjóði hefur að fullu verið ráðstafað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

INNGANGUR

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru gefin fyrirheit um, að gerðar verði breytingar á skattalögum í því skyni að örva fjárfestingu og eiginfjármyndun í atvinnulífinu, en öflugt atvinnulíf er forsenda bættra lífskjara í landinu. Atvinnurekstur hefur átt í miklum erfiðleikum hér á landi á undanförnum árum, þar sem gætt hefur samdráttar og versnandi afkomu. Snúa þarf vörn í sókn og hefja nýskipun þjóðnýtrar og arðbærrar atvinnustarfsemi með aukinni þátttöku almennings. Auka þarf eiginfjármyndun atvinnufyrirtækja og bæta möguleika þeirra til endurnýjunar atvinnutækja.

Til þess að nálgast framangreind markmið ber brýna nauðsyn til að breyta ýmsum ákvæðum skattalaga. Með sérstöku erindisbréfi hinn 14. júlí s. l. skipaði fjármálaráðherra nefnd, sem falið var að undirbúa nauðsynlegar breytingar, og skyldu tillögur hennar liggja fyrir á haustmánuðum þannig að unnt væri að leggja þær fyrir Alþingi í frumvarpsformi á þessu hausti. Í nefndina voru skipaðir Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi, formaður, Davíð Aðalsteinsson alþingismaður, Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður, Geir Geirsson löggiltur endurskoðandi og Þorsteinn Pálsson alþingismaður. Með nefndinni hefur starfað Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu og einnig hefur Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri verið nefndinni til aðstoðar.

Nefndin skilaði áliti sínu í nóvembermánuði s.l. Er frumvarp þetta samið af nefndinni í samvinnu við fjármálaráðuneytið og grundvallast á hugmyndum nefndarinnar. Í tengslum við þetta frumvarp hefur nefndin unnið að samningu sérstaks frumvarps um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, sem lagt er fram með þessu frumvarpi.

Frumvarpi þessu er ætlað að öðlast gildi á þessu ári og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984. Þó er gert ráð fyrir því að ákvæðin um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri gildi um fjárfestingu frá og með 1. janúar 1984 og hafi fyrst áhrif við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

HELSTU BREYTINGAR FRUMVARPSINS

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér frá gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru eftirfarandi:

Einstaklingar

1. Arður og færslur í stofnsjóði

Gert er ráð fyrir því að fenginn arður af hlutafjáreign verði frádráttarbær hjá einstaklingum allt að 10% af nafnverði einstakra hlutabréfa eða hluta, þó að hámarki 25 000 kr. hjá einstaklingi og 50 000 kr. hjá hjónum. Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum, en mörkin eru hækkuð nokkuð.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því að frádráttarbær hámarksupphæð, sem færð er félagsmanni í samvinnufélagi til tekna í stofnsjóð vegna viðskipta hans við félagið, hækki úr 5% í 7%.

2. Fjárfesting einstaklinga í atvinnurekstri

Það nýmæli er í frumvarpinu að einstaklingum verði heimilt að draga frá tekjum sínum árlega aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri allt að 20 000 kr. hjá einstaklingi og 40 000 kr. hjá hjónum. Ákvæði þessu er ætlað að örva beina þátttöku almennings í atvinnurekstri bæði

með nýmyndun eigin atvinnurekstrar og þátttöku í áhætturekstri í félagsformi. Gert er ráð fyrir fjórum mismunandi tegundum fjárfestingar:

— Myndun bundinna stofnfjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, sem verja skal til nýmyndunar eigin atvinnurekstrar.
— Fjárfesting í hlutabréfum hlutafélaga þar sem hlutafé er ekki undir 10 000 000 kr., hluthafar eru a. m. k. 100 og viðskipti með hlutabréf eru frjáls.
— Tillög í starfsmannasjóði sem sérstaklega eru myndaðir til kaupa á hlutabréfum í hlutafélögum sem þeim eru tengd.
— Fjárfesting í hlutabréfum í sérstökum fjárfestingarfélögum sem mynduð yrðu til kaupa á áhættufé atvinnufyrirtækja og skuldabréfum þeirra.

Með þessum ákvæðum er lagður grunndvöllur að opnari og eðlilegri viðskiptum með áhættufé í atvinnurekstri, sem leitt getur til aukinnar þátttöku almennings og aukins áhættufjár í fyrirtækjum. Sérstakt fylgifrumvarp hefur verið samið þar sem kveðið er nánar á um hin mismunandi fjárfestingarform.

3. Hlutabréfaeign og stofnfjárinnstæður

Lagt er til að hlutabréfaeign og innstæður á stofnfjárreikningum einstaklina verði heimilt að draga frá eignum einstaklinga við ákvörðun á eignarskattsstofni, allt að 250 000 kr. hjá einstaklingi og 500 000 kr. hjá hjónum. Innan þessara marka gilda þá um þessar eignir sömu reglur og nú gilda um innstæður manna í bönkum og sparisjóðum og spariskírteini ríkissjóðs.

Atvinnurekstur

1. Fjárfestingarsjóður

Nýmæli er í frumvarpinu um myndun fjárfestingarsjóðs. Einstaklingar og félög, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, geta myndað fjárfestingarsjóð með frádrætti frá tekjum, allt að 40% af skattskyldum hagnaði ársins.

50% af tillagi í fjárfestingarsjóð skal leggja inn á bundinn reikning í banka eða sparisjóði, „fjárfestingarreikning". Reikningarnir skulu vera verðtryggðir og bera sömu vexti og verðtryggðir reikningar við innlánsstofnanir. Innborgun skal hafa farið fram fyrir 1. júní árið eftir lok þess almanaksárs, sem tillagið varðar, eða fimm mánuðum eftir lok reikningsárs. Fjárhæð, sem lögð hefur verið inn á bundinn reikning, má fyrst nota 6 mánuðum eftir að innborgun hefur farið fram og hún skal hafa verið notuð innan sex ára.

Fjárfestingarsjóður framreiknast árlega með verðbreytingarstuðli samkvæmt 26. gr. frá frádráttarári til ráðstöfunarárs. Verðbætur og vextir af innstæðureikningi eru skattskyldir en reikningurinn reiknast með í stofni við útreikning á verðbreytingarfærslu. Verðbreyting fjárfestingarsjóðs færist til hækkunar á sjóðnum annars vegar (kreditmegin) en á endurmatsreikning eða annað eigið fé hins vegar.

Við ráðstöfun telst fjárfestingarsjóður til skattskyldra tekna, en heimilt er að fyrna nýjar eignir, sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu, sbr. 33. gr. gildandi laga, eða eru í smíðum eða hafa enn ekki verið teknar í notkun.

Heimild til að leggja hluta hreinna tekna í fjárfestingarsjóð kemur í stað heimildar til myndunar varasjóðs samkvæmt gildandi lögum. Munur á þessum sjóðum er aðallega þessi:

— Heimild til myndunar fjárfestingarsjóðs nær til allra aðila, sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi, óháð rekstrarformi, en aðeins félög geta lagt í varasjóð samkvæmt gildandi lögum.

— Myndun fjárfestingarsjóðs er háð skilyrðum um fjárbindingu sem svarar 50% af tillaginu sjálfu. Innstæðan er verðtryggð og ber vexti. Hliðstæð fjárbinding er ekki í lögum um varasjóð.
— Heimilt er að ráðstafa fjárfestingarsjóði til að fyrna nýjar eignir, en slík ráðstöfun er ekki heimil á varasjóði samkvæmt gildandi lögum.
— Fjárfestingarsjóði er skylt að ráðstafa innan tiltekinna tímamarka, en ráðstöfun á varasjóði er ekki háð tímatakmörkunum.
— Tillög í fjárfestingarsjóð geta numið allt að 40% af hreinum tekjum en tillög í varasjóð nema að hámarki 25%.
— Fjárfestingarsjóður framreiknast árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, en núgildandi varasjóður framreiknast ekki.

Gildandi lagaákvæði um varasjóð hafa þótt að ýmsu leyti gölluð, einkum þó ákvæðin um óheimila ráðstöfun hans. Erfitt hefur reynst að meta hvenær varasjóði hefur verið ráðstafað í þessu sambandi. Í raun hefur myndun varasjóðs virkað eins og lægra skatthlutfall hjá félögum. Heimild til myndunar varasjóðs hjá félögum er það atriði núgildandi skattalaga sem veldur verulegri mismunun á skattalegri meðferð atvinnurekstrarins, þar sem hún nær aðeins til þess atvinnurekstrar sem rekinn er í félagsformi.

Með ákvæðum frumvarpsins um fjárfestingarsjóð er stefnt að raunhæfari varasjóðsmyndun í atvinnurekstri, sem ráðstafa má til frekari uppbyggingar og tekjujöfnunar.

2. Arður

Lagt er til að úthlutaður arður verði frádráttarbær hjá hlutafélagi að fullu allt að 10% af nafnverði hlutafjár og getur frádrátturinn myndað yfirfæranlegt rekstrartap. Frádráttarbær arður af viðskiptum félagsmanna samvinnufélaga verði að hámarki 7% í stað 5% af viðskiptum félagsaðila.

3. Fyrningar

Gert er ráð fyrir breytingum á fyrningum eins og hér segir:

— Skip og skipsbúnaður verði 10% í stað 8%.
— Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki verði 15% í stað 12%.
— Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar, tölvubúnaður o. fl. verði 20% í stað 12%.
— Mannvirki verði 2 — 10% í stað 2 — 6%.
— Íbúðarhúsnæði, sem notað er í atvinnurekstri, verði fyrnanlegt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nokkurri hækkun á fyrningum samkvæmt framansögðu. Stafar það af því að úrelding eigna vegna örra tæknibreytinga er orðin ríkari þáttur í mati á fyrningarþörf en áður var, en endingartíminn einn ræður þar ekki úrslitum. Í ljós hefur komið að núgildandi ákvæði um fyrningar nægja ekki í öllum tilvikum til að færa eignir til raunverulegs verðs á hverjum tíma. Í þessu sambandi má nefna örar tæknibreytingar á sviði tölvunotkunar, tæknibreytingar á vöruflutningasviði o. fl., en þessar breytingar hafa í mörgum tilvikum gert eldri búnað úreltan eða verðminni en ráð var fyrir gert.

Íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri er ekki fyrnanlegt samkvæmt gildandi lögum. Hefur þetta þótt óeðlilegt. Eru í því sambandi nefndar vistarverur starfsfólks fiskiðjuvera úti um land og íbúðir sem leigðar eru út af félögum eða öðrum í atvinnurekstrarskyni. Lagt er til að á þessu verði breyting, en þó er ekki gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði í eigu manna verði almennt fyrnanlegt og eru sett ákveðin mörk í frumvarpinu um þetta efni. Eftir þessa

breytingu gilda að sjálfsögðu ákvæði 11.–13. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um söluhagnað af fyrnanlegu íbúðarhúsnæði.

Ljóst er að einhver lækkun mun verða á tekjum ríkissjóðs við gildistöku frumvarpsins, þótt sú lækkun verði ekki nákvæmlega mæld á þessu stigi.

Erfitt er að áætla í hve ríkum mæli einstaklingar muni notfæra sér ákvæðin um frádráttarbæra fjárfestingu í atvinnurekstri, en ætla má að notkun þeirrar heimildar fari vaxandi á næstu árum. Arður er skattfrjáls hjá einstaklingum samkvæmt gildandi lögum innan vissra marka og má ætla að breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi arðinn, hafi óveruleg áhrif á heildartekjuskatt einstaklinga, a. m. k. fyrst um sinn.

Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu varðandi atvinnureksturinn fjalla einkum um frádrátt frá tekjum. Munu þær fyrst í stað leiða til nokkurrar lækkunar á tekjuskattsstofni. Hér er þó fyrst og fremst um að ræða heimildir til frestunar á skattlagningu tekna sem skila sér aftur verðtryggðar. Á það t. d. við um myndun fjárfestingarsjóðs og breytingu á fyrningum, en þessi frádráttur skilar sér til baka við ráðstöfun fjárfestingarsjóðs eða við sölu á eignum.

Útborgaður arður úr hlutafélögum er nú frádráttarbær að hálfu, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hann verði frádráttarbær að fullu. Mun það leiða til nokkurrar lækkunar á tekjuskatti. Niðurfelling ákvæðanna um varasjóð leiðir ein sér til nokkurrar hækkunar á tekjuskatti, en sú skattalega skuldbinding sem á varasjóði hvílir á hverjum tíma er ekki verðtryggð. Aftur á móti er fjárfestingarsjóðurinn verðtryggður.

Þegar til lengri tíma er litið standa vonir til að sú lækkun sem kann í fyrstu að verða á tekjuskattinum skili sé aftur í öflugra atvinnulífi og auknum tekjum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að innstæður á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum verði frádráttarbærar frá eignum manna við álagningu eignarskatts á sama hátt og innstæður í bönkum og sparisjóðum. Til samræmis við það er hér lagt til að vöxtum af þessum reikningum verði bætt inn í upptalningu 1. tl. 8. gr. Þýðing þessarar breytingar er sú að vaxtatekjur af þessum reikningum munu ekki framvegis skerða frádráttarbærni vaxtagjalda skv. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. Gilda þá að öllu leyti sömu reglur um vexti af þessum innstæðum og innstæðum í bönkum og sparisjóðum.

Um 2. gr.

Breyting þessi leiðir af upptöku á heimild til tillaga í fjárfestingarsjóð í stað varasjóðstillaga nú, sbr. 10.—12. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir að fjárfestingarsjóður komi samkvæmt þessari tillögu í stað varasjóðs í 4. málsl. 1. mgr. 9. gr. leiðir 2. mgr. 16. gr. til þess að sá varasjóður sem myndaður hefur verið fyrir gildistöku frumvarps þessa telst ekki til hreinnar eignar við mat á heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa eins og verið hefur.

Um 3. gr.

Greinin felur aðeins í sér breytingar er beinlínis leiða af upptöku heimildar til tillaga í fjárfestingarsjóð í stað tillaga í varasjóð. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að tiltekið hlutfall af varasjóði sem myndaður hefur verið í gildistíð núverandi laga dragist frá eigin fé í þessu sambandi, sbr. ákvæði 2. mgr. 16. gr.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér breytingar á 30. gr. um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar.

Í a-lið er gert ráð fyrir að hámark þess arðs sem frádráttarbær er í hendi hluthafa hækki nokkuð. Er lagt til að hámark þetta verði 25 000 kr. fyrir einhleyping en helmingi hærra fyrir hjón. Þessi tillaga er liður í viðleitni til að hvetja til aukinnar fjárfestingar í áhættufjármagni atvinnurekstrar.

Í b-lið er lagt til að hámark á endurgreiðslu tekjuafgangs samvinnufélags, sem færist félagsmanni til séreignar í stofnsjóðsreikningi hans, skuli vera 7% í stað 5% áður, reiknað af viðskiptum hans við félagið, utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi.

Í c-lið greinarinnar er nýmæli sem felur í sér frádráttarheimild, allt að 20 000 kr. hjá einstaklingi og 40 000 kr. hjá hjónum, vegna þess fjár sem varið er til hlutabréfakaupa eða lagt er á stofnfjárreikninga vegna væntanlegs atvinnurekstrar. Varðandi þessi ákvæði vísast til frumvarps til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu og athugasemda með því frumvarpi.

Í d-lið er kveðið á um það að íbúðarhúsnæði manna undir tilteknum mörkum sé ekki fyrnanlegt þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því að íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri verði fyrnanlegt. Mörkin eru miðuð við heildarfyrningargrunn í lok tekjuárs og vísast til athugasemda um 6. gr. varðandi útreikning á fyrningargrunni.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um breytingar á 31. gr. um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri.

Í a-lið er fellt niður ákvæði í núverandi 7. tl. 31. gr. um jöfnun rekstrartapa með færslu úr varasjóði, enda gerir frumvarpið ráð fyrir niðurfellingu varasjóðs í núverandi mynd. Um ráðstöfun varasjóðs sem myndaður hefur verið á gildistíma núgildandi laga er fjallað í 2. mgr. 16. gr. og vísast til hennar.

Með b-lið greinarinnar er felldur brott núverandi 8. tl. en ekki þykir lengur þörf frádráttar hjá félagi, sem fær úthlutað arði, vegna breyttrar meðferðar hans hjá því félagi sem innir hann af hendi.

Í c-lið er lagt til að allur greiddur arður, allt að 10% af nafnverði hlutafjár, verði frádráttarbær frá tekjum félagsins. Núgildandi ákvæði heimila frádrátt á helmingi greidds arðs, að hámarki 5% af hlutafé.

Í d-lið er gerð breyting til samræmis við b-lið 4. gr. um að hámark frádráttarbærrar endurgreiðslu samvinnufélags til félagsmanna verði 7% af viðskiptum þeirra, utan atvinnurekstrar, í stað 5% áður.

E-liður felur í sér niðurfellingu á heimild til 25% varasjóðstillags. Í stað varasjóðs kemur fjárfestingarsjóður, sbr. 10.—12. gr. frumvarps þessa.

Í f-lið er lagt til að 2. mgr. 31. gr. falli niður. Af því leiðir að félögum verður heimilt að draga frá greiddan arð, jafnvel þótt slíkur frádráttur leiði til skattalegs rekstrartaps. Getur þetta gerst með notkun arðjöfnunarsjóðs eða óráðstafaðs hagnaðar frá fyrri árum, þar sem almennar reglur laga eða félagssamþykktir heimila slíkt.

Um 6. gr.

Breytingar á þessari grein eru afleiðing þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, verði fyrnanlegt. Þessi heimild nær þó ekki til slíks húsnæðis í eigu manna nema samanlagður fyrningargrunnur þess fari yfir 4 000 000 kr. í árslok hjá einstaklingi en 8 000 000 kr. hjá hjónum, sbr. d-lið 4. gr. þessa frumvarps. Hér er átt við það húsnæði sem leigt er út eða á annan hátt notað til

öflunar tekna í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Íbúðarhúsnæði til eigin nota telst ekki með við mat á því hvort lágmarksfjárhæð er náð.

Við útreikning á söluhagnaði af fyrnanlegu íbúðarhúsnæði gilda að sjálfsögðu ákvæði 11.—13. gr. laga nr. 75/1981 eftir þessa breytingu.

Þar sem íbúðarhúsnæði verður nú í fyrsta sinn fyrnanlegt samkvæmt almennum fyrningarákvæðum skattalaga þarf í upphafi að reikna út fyrningargrunn og þegar fengnar fyrningar af þeim grunni. Ekki eru í frumvarpi þessu sérákvæði þar að lútandi, en hin almennu ákvæði skattalaga gilda þar um. Varðandi það íbúðarhúsnæði sem var í eigu skattaðila fyrir ársbyrjun 1979 gilda ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981 um framreikning stofnverðs og reiknaðar fyrningar af því, en síðan gilda ákvæði 35.—37. gr. um fyrningargrunn og framreikning hans. Að því leyti sem skattaðili hefur nýtt sérstakar fyrningarheimildir 44. gr. laga nr. 75/1981 vegna íbúðarhúsnæðis skulu þær fyrningar framreiknast og teljast fengnar fyrningar við gildistöku frumvarps þessa auk þeirra reiknuðu fyrninga sem endurmat samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981 kann að hafa í för með sér.

Um 7. gr.

Lagðar eru til breytingar á fyrningarhlutföllum í 38. gr. eins og hér segir:

Skip og skipsbúnaður 10%, var 8%.

Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki 15%, var 12%.

Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og annað lausafé 20%, var 12%.

Þá er heimild fjármálaráðherra til þess að ákveða fyrningarhlutföll einstakra flokka mannvirkja rýmkuð úr 2–6% í 2–10%. Íbúðarhúsnæði sem notað er í atvinnurekstri verði fyrnanlegt.

Varðandi hækkun fyrningarhlutfalla vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 8. gr.

Í a-lið greinarinnar er skotið inn í 1. málsl. 44. gr. tilvísun í 55. gr., en samkvæmt 11. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir heimild til sérstakra fyrninga á móti ráðstöfun fjárfestingarsjóðs.

Niðurfelling 3. mgr. 44. gr., sbr. b-lið, leiðir af því að íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri verður fyrnanlegt samkvæmt frumvarpinu.

Um 9. gr.

Greinin felur aðeins í sér breytingu er beinlínis leiðir af tilkomu fjárfestingarsjóðs í stað varasjóðs.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um heimild til myndunar fjárfestingarsjóðs í atvinnurekstri, sem koma skal í stað varasjóðs samkvæmt ákvæðum 12. tl. 1. mgr. 31. gr. núgildandi laga.

Heimildin nær til allra þeirra aðila sem skattskyldar tekjur hafa af atvinnurekstri, hvort sem um er að ræða félög eða einstaklinga, en varasjóðsmyndun samkvæmt gildandi lögum er bundin við félög sem eru sjálfstæðir skattaðilar.

Tillag í fjárfestingarsjóð má vera allt að 40% af skattskyldum hagnaði og er bundið því skilyrði að helmingur þeirrar fjárhæðar sé lagður inn á bundinn reikning í banka eða sparisjóði innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs. Innstæða á hinum bundna reikningi er verðtryggð og ber vexti. Innstæða ásamt verðbótum er bundin í sex mánuði hið skemmsta og skal hafa verið ráðstafað innan sex ára, en bindingin nær ekki til vaxta af reikningnum.

Um 11. gr.

Fjárfestingarsjóði telst ráðstafað við úttekt af hinum bundna innlánsreikningi, sem um ræðir í 54. gr. Skal þá telja til skattskyldra tekna samsvarandi tillög viðkomandi árs eða ára, framreiknuð samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Á sama ári og fjárfestingarsjóðstillag er talið til tekna er heimilt að reikna sérstaka fyrningu, jafnháa hinni skattskyldu fjárhæð, af nýjum fyrnanlegum eignum sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu. Þessa fyrningu má reikna jafnt þótt viðkomandi eign hafi verið tekin í notkun fyrir lok reikningsársins.

Heimilt er að jafna rekstrartap með ráðstöfun úr fjárfestingarsjóði og jafnframt skylt áður en heimild til sérstakra fyrninga er notuð.

Um 12. gr.

Ef fjárfestingarsjóði er ekki ráðstafað í samræmi við ákvæði 55. gr. eða innan réttra tímamarka telst hann til tekna framreiknaður samkvæmt verðbreytingarstuðli og með 10% álagi fyrir hvert ár frá og með næsta ári eftir frádráttarár. Sama gildir ef atvinnurekstri er hætt eða félagi slitið. Andist skattaðili eða sæti gjaldþrotameðferð telst fjárfestingarsjóður til tekna framreiknaður án álags.

Innstæður á bundnum reikningum sem til er stofnað vegna fjárfestingarsjóðstillaga eru til tryggingar skattkröfum sem myndast vegna skattlagningar fjárfestingarsjóðs þegar ekki hefur verið gætt ákvæða um meðferð hans. Að öðru leyti eru innstæður þessar undanþegnar aðför og þær má eigi framselja eða veðsetja.

Greinin hefur einnig að geyma ákvæði um kröfur til bókhalds skattaðila sem nýtir sér heimild til myndunar fjárfestingarsjóðs, svo og heimild til ráðherra um setningu reglugerðar með nánari ákvæðum.

Um 13. gr.

Greinin felur aðeins í sér breytingu sem leiðir af tilkomu fjárfestingarsjóðs í stað varasjóðs.

Um 14. gr.

Í samræmi við þá stefnu frumvarpsins að gera stofnsjóðseign og eign í hlutabréfum hliðstæða sparifjáreign að því er skattlagningu varðar er hér gerð sú breyting að inn í upptalningu 78. gr. um frádrátt frá skattskyldum eignum manna er bætt innstæðum á stofnsjóðsreikningum samvinnufélaga og hlutabréfaeign í hlutafélögum innan ákveðinna marka. Einnig er bætt inn í greinina póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, en eðlilegt þykir að sömu reglur gildi um þá og aðrar þær eignir sem hér eru upp taldar.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins er bætt í 121. gr. gildandi laga tilvísun í 4. tl. b-liðs 1. mgr. 30. gr., 3. mgr. 30. gr. og 78. gr. laga nr. 75/1981. Þessar breytingar leiða af ákvæðum 4. gr. frumvarpsins en gert er ráð fyrir því að fjárhæðir sem þar eru tilgreindar breytist árlega í samræmi við skattvísitölu.

Eins og grein þessi er orðuð er gert ráð fyrir því að flutt verði sérstakt frumvarp um breytingar á skattstigum, persónuafslætti og öðrum þeim fjárhæðum sem fylgt hafa skattvísitölu.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 231. Frumvarp til laga [160. mál]

um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Framlög manna til atvinnurekstrar eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 4. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Frádráttur samkvæmt lögum þessum skal nema aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri eins og nánar er kveðið á um í þessari grein. Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 20.000 kr. á ári hjá hverjum manni eða 40.000 kr. hjá hjónum.

Fjárfesting í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum telst:

A. Innborganir á stofnfjárreikninga samkvæmt II kafla laga þessara.
B. Kaup á hlutabréfum í félögum sem fullnægja skilyrðum III og V kafla og framlög í starfsmannasjóði samkvæmt IV kafla laga þessara.
C. Kaup á hlutabréfum í öðrum félögum, sem ekki fullnægja skilyrðum samkvæmt III og V kafla laga þessara um frádrátt. Til þessa flokks teljast einnig öll hlutabréf í eigu manna við gildistöku laga þessara.

Til frádráttar samkvæmt 1. mgr. telst heildarfjárfesting samkvæmt liðum A og B að frádreginni heildarfjárhæð úttektar úr starfsmannasjóði og söluverði hlutabréfa samkvæmt liðum B og C, þegar frá söluverði hlutabréfa samkvæmt lið C hefur verið dregið kaupverð sams konar hlutabréfa. Að því leyti sem úttekt úr starfsmannasjóði og söluverð hlutabréfa, þannig reiknað, er umfram fjárfestingu samkvæmt liðum A og B, dregst mismunurinn, framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, frá frádráttarbærri fjárfestingu á næstu árum þar til hann hefur verið að fullu jafnaður. Það sem enn kann að vera ójafnað að tíu árum liðnum fellur niður.

II KAFLI

Stofnfjárreikningar

3. gr.

Einstaklingar, sem leggja fé inn á stofnfjárreikning í því skyni að stofna síðar til eigin atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi hér á landi, geta dregið þau framlög frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. Þessi frádráttur er bundinn því skilyrði að framlagið sé lagt inn á stofnfjárreikning fyrir lok tekjuárs.

4. gr.

Stofnfjárreikningar eru sérstakir bundnir innlánsreikningar við innlenda banka eða sparisjóði, sem skulu bera nafn og nafnnúmer eiganda. Innstæður á reikningum þessum skulu vera verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu, en um vexti af þeim fer eftir reglum sem á hverjum tíma gilda um slíka innstæðureikninga sem bundnir eru í a. m. k. sex mánuði.

5. gr.

Þegar skattaðili hefur eigin atvinnurekstur stendur innstæða stofnfjárreiknings honum til afnota, enda hafi innborganir á reikninginn verið bundnar í a. m. k. sex mánuði frá lokum þess tekjuárs sem innborgun fór fram á. Enn fremur þarf skilyrðum skv. 6. og 7. gr. að vera fullnægt.

6. gr.

Skattaðili telst hefja atvinnurekstur í þessu sambandi þegar kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, nemur samtals 200 000 kr., þegar kaupverðið hefur verið framreiknað frá kaupári eftir ákvæðum 26. gr. þeirra laga. Telja má andvirði vörubirgða í lok stofnárs með, þegar meta skal hvort lágmarksfjárhæð er náð. Hafi umræddar eignir verið keyptar meira en tveimur árum fyrir upphaf stofnárs teljast þær eignir ekki með við þennan útreikning.

7. gr.

Úttekt af stofnfjárreikningi telst til tekna á úttektarári að 2/3 hlutum, en hina skattskyldu fjárhæð er heimilt að nýta á sama ári til sérstakra fyrninga af fyrnanlegum eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu, eða til sérstakra flýtifyrninga af slíkum eignum, sem ætlaðar eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, en ekki hafa verið teknar í notkun í lok viðkomandi reikningsárs. Þriðjungur úttektar af stofnfjárreikningum telst ekki til skattskyldra tekna.

Með úttekt samkvæmt þessari grein er átt við úttekt á höfuðstól að meðtöldum verðbótum, en án vaxta. Um vexti af stofnfjárreikningum fer eftir ákvæðum 1. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981.

8. gr.

Hafi stofnun eigin atvinnurekstrar, sbr. 6. gr., ekki farið fram innan sex ára frá lokum innborgunarárs skal heildarfjárhæð innborgunar ásamt verðbótum teljast til skattskyldra tekna á næsta ári eftir að ráðstöfun skyldi vera lokið. Sama gildir ef ráðstöfun hefur ekki farið fram eftir reglum þessum innan tilskilinna tímamarka, en þá telst úttektin til tekna á ráðstöfunarári.

Ef innstæðu á stofnfjárreikningi eða hluta hennar er ekki ráðstafað á heimilaðan hátt og því talinn til tekna, sbr. ákvæði þessarar greinar, er ekki heimilt að nota hina skattskyldu fjárhæð til sérstakra fyrninga samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Nú andast skattaðili, sem myndað hefur innstæður á stofnfjárreikningi, eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skulu þá 2/3 hlutar innstæðunnar að meðtöldum verðbótum, en án vaxta, teljast til skattskyldra tekna.

9. gr.

Óheimilt er skattaðila að framselja eða veðsetja innstæður á stofnfjárreikningum og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna, en þær skulu þó vera til tryggingar skattkröfum samkvæmt 8. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæða um stofnfjárreikninga.

III KAFLI
Fjárfesting í hlutabréfum

10. gr.

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 11. gr., geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Frádráttur samkvæmt 10. gr. er bundinn því skilyrði að um sé að ræða hlutafélög með hlutafé a. m. k. að fjárhæð 10 000 000 kr., fjöldi hluthafa sé a. m. k. 100, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir.

Hlutafélag, sem fullnægja vill skilyrðum þessa kafla, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau hlutafélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

IV KAFLI
Starfsmannasjóðir

12. gr.

Einstaklingar, sem leggja fé í starfsmannasjóði, sem myndaðir eru eftir ákvæðum þessa kafla, geta dregið það tillag frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að því leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þesum.

13. gr.

Með starfsmannasjóði samkvæmt lögum þessum er átt við sameignarfélag sem starfar í tengslum við tiltekið hlutafélag og er eingöngu myndað af starfsmönnum sem hjá hlutafélaginu starfa. Markmið starfsmannasjóðs skal eingöngu vera að kaupa hlutabréf í hinu tengda hlutafélagi.

14. gr.

Skilyrði fyrir stofnun starfsmannasjóðs eru að hlutafé þess félags, sem sjóðurinn er tengdur, sé a. m. k. 3 000 000 kr., starfsmannafjöldi a. m. k. 30 og að félagið fullnægi að öðru leyti ákvæðum 11. gr. um annað en lágmarksfjölda hluthafa.

15. gr.

Áður en starfsmannasjóður getur tekið við frádráttarbærum framlögum skal félagssamningur staðfestur af ríkisskattstjóra. Félagssamningur skal undirritaður af a. m. k. þriðjungi starfsmanna, en þar sem starfsmenn eru 90 eða fleiri nægir þó að 30 starfsmenn undirriti félagssamning.

16. gr.

Starfsmannasjóður skal opinn öllum starfsmönnum og skal stjórn hans skipuð fimm mönnum. Fjórir skulu kosnir af sjóðsfélögum, en einn skal nefndur af stjórn hins tengda hlutafélags og skal hann jafnframt hafa rétt til setu á almennum fundum sjóðsins.

17. gr.

Tillögum í starfsmannasjóð skal ráðstafað jafnóðum til kaupa á hlutabréfum í hinu tengda hlutafélagi. Aldrei skal vera meira fé óráðstafað en nemur tillögum síðustu sex mánaða. Fari óráðstafað fé fram úr því skulu síðustu tillög endurgreidd sjóðsaðilum, sem þau greiddu, þar til lögmæltu marki er náð.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið stöðvun á móttöku framlaga, en tilkynna skal það starfsmönnum án tafar.

18. gr.

Aðilar að sjóðnum fara sjálfir með atkvæði á hluthafafundum í hinu tengda hlutafélagi í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum og hlutdeild sjóðsins í heildarhlutafé. Enginn einn aðili að sjóðnum getur farið með meira atkvæðamagn en 5% af heildarhlutafé hlutafélags vegna aðildar sinnar að sjóðnum.

19. gr.

Tillög í starfsmannasjóð skulu vera bundin í a. m. k. fimm ár frá því að þau eru innborguð. Hætti sjóðsaðili störfum hjá hinu tengda hlutafélagi skal innstæða hans þó ekki vera bundin lengur en í eitt ár frá því að hann hætti störfum. Eftir þann tíma getur hann ekki átt aðild að viðkomandi starfsmannasjóði.

20. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður eftir góðum reikningsskilavenjum. Hann skal undirritaður af stjórn sjóðsins og endurskoðendum, sem skulu vera hinir sömu og hjá hinu tengda hlutafélagi.

Ársreikningur skal lagður fyrir almennan félagsfund til afgreiðslu.

Staðfestur ársreikningur skal hafa borist ríkisskattstjóra innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs.

21. gr.

Ef hlutafélagi er slitið ber að leysa upp starfsmannasjóð sem við það er tengdur. Sama gildir ef hlutafélag uppfyllir ekki lengur skilyrði 14. gr. Einnig ber að leysa upp starfsmannasjóð ef sjóðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði í 15. gr. um fjölda sjóðsfélaga.

Óheimilt er sjóðsfélaga að framselja eða veðsetja innstæður í starfsmannasjóði og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna.

V KAFLI

Fjárfestingarfélög

22. gr.

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í fjárfestingarfélögum sem sérstaklega eru mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum eða annarri hliðstæðri fjármögnun slíkra fyrirtækja, geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum. Lög nr. 32/1978 um hlutafélög gilda um fjárfestingarfélög að því leyti sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum.

23. gr.

Fjárfestingarfélag skal hafa það að meginmarkmiði sínu að fjárfesta í áhættufé og skuldabréfum atvinnufyrirtækja.

Heildarfjármagni fjárfestingarfélags skal a. m. k. að 90% varið til fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum. Skal fjárfestingin vera í formi hlutabréfa, skuldabréfa atvinnufyrirtækja eða annarri hliðstæðri fjármögnun atvinnurekstrar. Fjárfesting í hlutabréfum skal ávallt vera helmingur af slíkri heildarfjárfestingu í atvinnufyrirtækjum. Fjárfesting í skuldabréfum samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, er atvinnurekstur stunda, skal jafngilda fjárfestingu í hlutabréfum í þessu sambandi, en þó skal fjárfesting í hlutabréfum aldrei vera undir 20% af heildarfjármagni.

Samanlögð fjárfesting fjárfestingarfélags í hlutabréfum, skuldabréfum og annarri fjármögnun eins og sama aðila má aldrei nema meiru en 10% af heildarfjármagni fjárfestingarfélags. Fjárfestingarfélag má ekki eiga meirihluta hlutafjár í neinu hlutafélagi.

24. gr.

Hlutafé fjárfestingarfélags skal vera a. m. k. að fjárhæð 5 000 000 kr. og getur enginn einn hluthafi farið með meira atkvæðamagn í félaginu á hluthafafundi en 5%. Engar hömlur má leggja á viðskipti með hlutabréf slíks félags og ársreikningar þess skulu öllum aðgengilegir.

Fjárfestingarfélag skal, innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs, senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár, sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Í ársreikningnum eða með honum skal vera yfirlit um helstu flokka fjárfestingar og ávöxtun hvers flokks um sig. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum þessa kafla hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau fjárfestingarfélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaga og gilda um það sömu reglur og gilda um eftirlit með bönkum og sparisjóðum eftir því sem við getur átt. Telji bankaeftirlitið að starfsemi fjárfestingarfélags brjóti í bága við lög, reglur eða eðlilega viðskiptahætti skal það gera fjármálaráðherra viðvart. Getur ráðherra þá ákveðið að skilyrðum til frádráttar á hlutabréfakaupum í félaginu sé ekki lengur fullnægt ef ekki er úr bætt innan hæfilegs frests.

VI KAFLI

Ýmis ákvæði

25. gr.

Fjárhæðir sem um ræðir í 6., 11., 14. og 24. gr. skulu breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, en fjárhæðir í 2. gr. skulu breytast í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin er í fjárlögum ár hvert, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981.

26. gr.

Ákvæði 11., 14. og 24. gr. um lágmark hlutafjár og ákvæði 11. gr. um lágmarksfjölda hluthafa miðast við fjárhæð innborgaðs hlutafjár og fjölda hluthafa í lok tekjuárs. Ríkisskattstjóri getur þó heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum, þótt þessum skilyrðum hafi ekki verið fullnægt í árslok, þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst.

27. gr.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að þeir, sem njóta vilja frádráttar samkvæmt lögum þessum, afhendi skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu í því formi sem hann ákveður um atriði sem máli skipta varðandi frádráttinn.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvörðun um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1984 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 23. gr. skal fjárfestingarfélagi heimilt að miða lágmark fjárfestingar í hlutabréfum við 20% af heildarfjármagni á árinu 1984. Þetta lágmark skal síðan hækka árlega um 5% þar til því marki er náð að 45% heildarfjármagns séu bundnir í hlutabréfum í árslok 1989. Á sama hátt skal lágmarkshlutabréfaeign fjárfestingarfélaga, sem um er rætt í lokamálslið 3. mgr. 23. gr., hækka úr 10% í 20% á sama tímabili.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og er í því að finna skilyrði þess að framlög manna til fjárfestingar í atvinnurekstri séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Ljóst er að afkoma almennings í landinu verður ekki byggð á öðru en traustu og þróttmiklu atvinnulífi. Eigi að skjóta öruggum stoðum undir efnahagslega velsæld almennings og aukinn kaupmátt í framtíðinni verður það ekki gert nema með eflingu þess atvinnulífs sem öll efnahagsleg framleiðsla landsmanna byggist á. Eins og alkunna er hefur atvinnufyrirtæki á Íslandi mjög skort eigið fé til rekstrar síns. Hefur lítið kveðið að því hér á landi að almenningur legði fé til slíks rekstrar enda má segja að skattalög hafi ekki gert þann kost fýsilegan auk þess sem almennan markað fyrir hlutabréf hefir skort. Tilgangur þeirra frumvarpa um skattamál sem nú eru lögð fram er að breyta þessu ástandi og örva eiginfjármyndun og fjárfestingu í atvinnulífinu, m. a. með því að gera það skattalega hagstætt fyrir almenning að festa fé sitt í slíkum rekstri. Eru frumvörp þessi undirbúin af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði hinn 14. júlí s. l. til að leysa þetta verkefni. Hefur nefndin í störfum sínum haft náið samráð við fjármálaráðuneytið. Um tilgang og efni tillagnanna í heild vísast að öðru leyti til athugasemda með fyrrnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekuskatt og eignarskatt. Í c-lið 4. gr. fyrrnefnds frumvarps til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er kveðið á um frádráttarbærni framlaga til áhættufjár í atvinnurekstri frá skattskyldum tekjum. Þessu frumvarpi er ætlað að kveða nánar á um með hvaða skilyrðum og innan hvaða marka slík framlög séu frádráttarbær. Eru allítarlegar reglur um þetta efni einkum nauðsynlegar af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi þarf að tryggja það eftir megni að frádrátturinn nái einungis til raunverulegrar aukningar á framlögum manna til atvinnurekstrar, þannig að komið sé í veg fyrir misnotkun á frádráttarheimildinni. Í öðru lagi er nauðsynlegt að beina þessari fjárfestingu inn á ákveðnar brautir þannig að hér á landi myndist fastmótaðar leiðir til fjárfestingar í áhættufé en það auðveldar almenningi mjög slíka fjárfestingu. Í þriðja lagi er þörf á að veita þeim er hyggjast festa sparifé sitt í atvinnurekstri vissa lágmarkstryggingu fyrir því að þetta fé fari til fjárfestingar sem líkleg er til að gefa arð og að ekki sé misfarið með féð.

Er lagt til að um fjórar meginfjárfestingarleiðir verði að velja og er fjallað um hverja þeirra í II til V kafla frumvarpsins. Almenn ákvæði er gilda um allar fjárfestingarleiðirnar er síðan að finna í upphafs- og lokakafla þess.

Frádráttarbær fjárfestingarform eru eftirfarandi:

1. Stofnfjárreikningar

Þessir reikningar sem um er fjallað í II kafla eru ætlaðir þeim einstaklingum, sem hyggjast leggja út í nýjan atvinnurekstur í formi einkafyrirtækis. Venjulega yrði um

launþega að ræða, en þessi leið er einnig opin mönnum er hyggjast leggja út í einkarekstur á öðru sviði en þeir nú stunda. Stofnfjárreikningaleiðin er hins vegar ekki fær til aukningar á atvinnurekstri sem þegar er í gangi enda er hún óþörf í þeim tilvikum þar sem gert er ráð fyrir heimild slíks rekstrar til að leggja í fjárfestingarsjóð. Þeim einstaklingum sem hyggjast stofna til nýs atvinnurekstrar gefst skv. II kafla færi á frádrætti frá tekjum gegn því að leggja hina frádráttarbæru upphæð inn á sérstakan bundinn reikning í banka eða sparisjóði fyrir lok tekjuárs. Innstæður á reikningum verða bundnar í sex mánuði frá lokum tekjuárs og skulu þær vera verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu. Skulu innistæðurnar notaðar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum í nýju atvinnufyrirtæki innan sex ára frá lokum innborgunarárs. Þegar tekið er út af hinum bundna reikningi teljast 2/3 hlutar úttektarinnar til skattskyldra tekna en hinn skattskylda hluta er heimilt að nota á sama ári til sérstakra flýtifyrninga á fyrnanlegum eignum eða til sérstakra fyrirframfyrninga. Með þessu móti frestast skattlagning úttektarinnar en fellur ekki niður þar sem fyrr eða síðar leiða flýti- eða fyrirframfyrningar til þess að reglulegar fyrningar takmarkast eða þær hafa áhrif á útreikning söluhagnaðar.

2. Fjárfesting í hlutabréfum

Í III kafla frumvarpsins er fjallað um þá fjárfestingu í hlutabréfum sem frádráttarbær getur orðið við bein og milliliðalaus kaup einstaklinga á bréfunum. Er það gert að skilyrði fyrir frádráttarbærni slíkra kaupa að hlutafé félagsins sé a. m. k. 10 000 000 kr., fjöldi hluthafa a. m. k. 100, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf þess og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir.

3. Starfsmannasjóðir

Í IV kafla er fjallað um svonefnda starfsmannasjóði, en það eru sameignarfélög sem starfa í tengslum við tiltekin hlutafélög og eingöngu eru mynduð af starfsmönnum viðkomandi hlutafélags með því eina markmiði að kaupa hlutabréf í viðkomandi hlutafélagi. Er hugmyndin sú að með starfsmannasjóðunum gefist starfsmönnum kostur á skattfrádrætti með því að leggja fé til hlutabréfakaupa í viðkomandi félagi og eru ekki gerðar jafnstrangar kröfur til þessara félaga og þeirra sem um er rætt í III kafla að því er varðar heildarfjárhæð hlutafjár og fjölda hluthafa. Fjöldi starfsmanna félags þarf að vera a. m. k. 30 til þess að starfsmannasjóður verði myndaður og þarf félagssamningur að vera undirritaður af þriðjungi þeirra eða 30 starfsmönnum ef fjöldi starfsmanna fer yfir 90. Sjóðirnir yrðu opnir öllum starfsmönnum hlutafélagsins og þeim einum, en að sjálfsögðu er hvorki gert ráð fyrir skylduaðild launþega að sjóðnum né skyldu hlutafélags til að selja slíkum sjóðum hlutabréf. Aðilar að starfsmannasjóði fara sjálfir með atkvæði á hluthafafundum í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum en enginn einn aðili getur þó farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni hlutafélags vegna aðildar sinnar að sjóðnum.

4. Fjárfestingarfélög

Í V kafla er loks fjallað um fjárfestingarfélög, en það eru hlutafélög sem sérstaklega yrðu mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum þeirra og annarri hliðstæðri fjármögnun, t. d. fjármögnun með kaupleigusamningum. Kaup einstaklinga á hlutabréfum í þessum félögum yrðu frádráttarbær innan þeirra almennu marka er um slíkan frádrátt gilda. Eru gerðar nokkuð strangar kröfur til þessara félaga varðandi ráðstöfun heildarfjármagns til fjárfestingar í atvinnurekstri, fjárhæð hlutafjár, dreifingu atkvæðamagns, frjáls viðskipti með hlutabréf, opinbert eftirlit o. fl.

Fjárfesting einstaklinga í atvinnurekstri með einhverjum þeim hætti er að framan greinir er samkvæmt frumvarpinu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum allt upp að vissu hámarki, enda sé um aukningu á fjárfestingu að ræða. Er nánari skilyrði fyrir þessu að finna

í 2. gr. frumvarpsins. Lagt er til að hámark frádráttarins nemi 20 000 kr. fyrir einstakling en sé helmingi hærri fyrir hjón. Börn sem ekki eru sjálfstæðir skattaðilar hafa ekki heimild til slíks frádráttar né foreldrar þeirra vegna. Þessar fjárhæðir eru grunnfjárhæðir er breytast árlega samkvæmt skattvísitölu, í fyrsta sinn samkvæmt þeirri skattvísitölu sem verður ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1985. Í 2. mgr. 2. gr. er hin frádráttarbæra aukning fjárfestingar skilgreind. Telst hún samkvæmt því jafngilda heildarfjárfestingu í hinum frádráttarbæru fjárfestingarformum skv. II til V kafla að frádregnu söluverði þeirra hlutabréfa er falla undir III og V kafla, úttekt úr starfsmannasjóði og söluverði annarra hlutabréfa umfram kaupverð sams konar hlutabréfa á árinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er, auk stefnumiða frumvarpsins, að finna tvö meginskilyrði fyrir frádráttarbærni framlaga til atvinnurekstrar frá skattskyldum tekjum. Annars vegar er þessi frádráttarheimild bundin við menn og nær því ekki til lögaðila og hins vegar njóta þeir menn einir þessarar frádráttarheimildar sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. gr. tekjuskattslaga.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um hámark frádráttar vegna aukningar á fjárfestingu í rekstri. Með hliðsjón af almennum tekjum launþega, og með það markmið í huga að frádrættinum er ætlað að vera almenningi hvatning til fjárfestingar í rekstri án þess að skapa hátekjumönnum færi til víðtæks skattasparnaðar þykir þetta hámark hæfilega ákveðið 20 þús. kr. fyrir einhleyping en 40 þús. kr. fyrir hjón. Skv. 25. gr. er síðan gert ráð fyrir að þessar fjárhæðir hækki árlega til samræmis við breytingar á skattvísitölu. Frádrátturinn nær ekki til barna sem eru ekki sjálfstæðir skattaðilar.

Frádráttarbær er einungis aukning á fjárfestingu í atvinnurekstri. Er augljós nauðsyn á því að takmarka frádráttinn við hlutafjárkaup og aðra nýfjárfestingu umfram sölu hlutabréfa því ella væri opin leið til að nýta frádráttarheimildina með því einu að flytja hlutabréfaeign milli félaga. Af sömu ástæðu er nauðsynlegt að láta lækkun hlutabréfaeignar á einu ári leiða til samsvarandi lækkunar frádráttarins vegna aukningar á fjárfestingu á næstu árum. Þessar reglur virðast nokkuð flóknar en ættu þó ekki að skapa framkvæmdaerfiðleika að marki enda er unnt að auðvelda framteljendum þetta með haganlega gerðu framtalseyðublaði.

Um 3. gr.

Heimild til frádráttarbærni stofnfjárreikningsframlaga er bundin við þá einstaklinga sem hyggjast innan næstu sex ára stofna til nýs atvinnurekstrar og nær hún ekki til framlaga til rekstrar sem þegar er hafinn. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að verðbætur af stofnfjárreikningum leggist við höfuðstól þeirra. Kemur ekki til skattlagningar þeirra fyrr en við úttekt af reikningum og fer þá um hana eftir reglum 7. gr. Vextir af stofnfjárreikningum eru hins vegar lausir til ráðstöfunar án tillits til reglna 5.—7. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er skilgreint hvenær atvinnurekstur telst hafinn þannig að innstæða stofnfjárreiknings standi reikningseiganda til afnota án þess að til skattlagningar hennar í heild komi skv. 8. gr. Er miðað í þessu sambandi við að samanlagt kaupverð framreiknaðra varanlegra rekstrarfjármuna og andvirði vörubirgða í árslok nemi samtals a. m. k. 200 000 kr.

Um 7. gr.

Fari úttekt af stofnfjárreikningi fram innan sex ára frá lokum innborgunarárs og sé ráðstöfun hans að öðru leyti í samræmi við ákvæði þessa kafla, einkum 6. gr., gilda ákvæði þessarar greinar um skattalega meðferð úttektarinnar. Telst þá þriðjungur úttektar ekki til skattskyldra tekna en tveir þriðju hlutar teljast til tekna á úttektarári. Skattlagningu þessara tekna er þó heimilt að fresta með sérstakri flýtifyrningu af nýjum fyrnanlegum eignum eða sérstakri fyrirframfyrningu af slíkum eignum sem ekki hafa verið teknar í notkun.

Vextir af stofnfjárreikningi skulu hins vegar teljast til tekna árlega en eru á sama ári frádráttarbærir að fullu skv. 1. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 á sama hátt og hverjir aðrir vextir manna af sparifé sem ekki er tengt rekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skattalegar afleiðingar þess ef reglurnar um stofnfjárreikninga eru brotnar. Felast þær í því að heildarfjárhæð stofnfjárreiknings telst til tekna án heimildar til sérstakra fyrninga á móti.

Um 9. gr.

Gera verður ráð fyrir að innstæður á stofnfjárreikningi renni til þrotabús reikningseiganda þrátt fyrir aðfararbannið í þessari grein. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Skv. 1. mgr. er frádráttur vegna hreinna og milliliðalausra kaupa einstaklinga á hlutabréfum bundinn við hlutabréf félaga er fullnægja allþröngum skilyrðum. Eru þessar takmarkanir fyrst og fremst settar til að tryggja hagsmuni almennings er festir fé sitt í slíkum bréfum. Jafnframt draga þessi skilyrði úr hættu á misnotkun frádráttarreglnanna. Í 2. mgr. er kveðið á um eftirlit ríkisskattstjóra og upplýsingarskyldu gagnvart almenningi. Er augljós nauðsyn á því að mönnum sé um það kunnugt fyrirfram hvort fyrirhuguð kaup á tilteknum hlutabréfum veiti rétt til skattfrádráttar eða ekki.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að starfsmannasjóður verði í formi sameignarfélags með ótakmarkaðri ábyrgð. Þar sem einasta markmið sjóðsins er kaup á hlutabréfum er hins vegar afar ólíklegt að til ábyrgðar einstakra félagsmanna komi umfram framlög til sjóðsins.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um skilyrði sem hið tengda hlutafélag þarf að uppfylla. Ef hlutafélag hættir að fullnægja þessum skilyrðum ber að leysa starfsmannasjóð upp, sbr. 21. gr.

Um 15. gr.

Skilyrði þess að starfsmannasjóður geti tekið við frádráttarbærum framlögum er að félagssamningur sé staðfestur af ríkisskattstjóra. Gæti hann hafnað staðfestingu slíks samnings ef hann innihéldi óeðlileg eða ósanngjörn ákvæði.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um fimm manna stjórn starfsmannasjóðs. Ástæðan fyrir því að gert er ráð fyrir skipun eins þessara stjórnarmanna af hálfu hlutafélagsstjórnar er sú að nauðsynlegt þykir að náið samband sé milli hlutafélags og starfsmannasjóðs. Starfsmannasjóður skal opinn öllum starfsmönnum hlutafélags en að sjálfsögðu getur stöðvun á móttöku framlaga skv. 2. mgr. 17. gr. leitt til þess að tímabundið sé ekki hægt að taka við nýjum sjóðfélögum.

Um 17. gr.

Lagt er til að tillögum í starfsmannasjóð skuli ráðstafað til hlutabréfakaupa svo fljótt sem unnt er. Að sjálfsögðu er ekki víst að ávallt séu á boðstólum hlutabréf í viðkomandi félagi og er því kveðið á um skyldu til endurgreiðslu framlaga sem ekki hefur tekist að ráðstafa innan sex mánaða.

Ákvörðun stjórnar um stöðvun á móttöku framlaga skv. 2. mgr. verður að byggjast á gildum ástæðum svo sem að ekki séu á boðstólum hlutabréf í hinu tengda félagi og ekki sjáanlegt að svo muni verða á næstunni.

Um 18. gr.

Beinn réttur sjóðfélaga til þess að fara með atkvæði á hluthafafundi ætti að tryggja raunveruleg tengsl sjóðfélaga við hlutafélagið. Ákvæðið um takmörkun á atkvæðamagni hvers sjóðfélaga við 5% af heildarhlutafé á aðeins við um þá hlutafjáreign sem hann fer með í krafti sjóðsaðildar sinnar. Eigi hann þar að auki sjálfur hlutabréf í félaginu gæti hann neytt atkvæðisréttar vegna þeirra til viðbótar við þau 5% sem hann hefur með sjóðsaðild sinni.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um lágmarksbindingartíma tillaga í starfsmannasjóð og skyldu sjóðsins til innlausnar á hlutdeild þeirra manna sem hætta störfum hjá hlutafélagi. Að þessum ákvæðum slepptum yrði það hlutverk félagssamnings að kveða á um þessi atriði, t. d. hvort innleysa skuli hlut sjóðfélaga með hlutdeild í hlutabréfaeign sjóðsins eða með peningagreiðslum og þá hvernig þær skuli ákvarðaðar.

Um 20.—22. gr.

Ákvæði þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Í þessari grein eru fjárfestingu fjárfestingarfélaga sett mörk. Er fyrst kveðið á um að 90% heildarfjármagns skuli varið til fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum. Félagið hefur þannig 10% til annarra nota, t. d. til að koma sér upp starfsaðstöðu eða til annarrar fjárfestingar. Af þeim 90% sem ber að verja til fjárfestingar í atvinnurekstri skal fjárfesting í áhættufé hlutafélaga ávallt vera a. m. k. helmingur en afganginum skal varið til kaupa á skuldabréfum atvinnufyrirtækja eða til annarrar hliðstæðrar fjármögnunar þeirra, t. d. með leigukaupasamningum. Í samvinnufélögum og sjálfseignarstofnunum getur eðli málsins samkvæmt ekki verið um að ræða fjárfestingu í eiginlegu áhættufjármagni. Til þess að koma í veg fyrir að þessi félagsform verði af þessum sökum afskipt varðandi ráðstöfun á fjármagni fjárfestingarfélaga er kveðið á um að fjárfesting í skuldabréfum þessara félaga skuli í þessu

sambandi jafngilda fjárfestingu í hlutabréfum en þó má þetta undanþáguákvæði aldrei leiða til þess að minna en 20% heildarfjármagns fjárfestingarfélags sé varið til hlutabréfakaupa. Er reiknað með að þessum mörkum verði náð á fimm ára tímabili, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Í 3. mgr. er fjárfestingarfélögum loks gert skylt að dreifa áhættu sinni þannig að fjárfesting hjá einum og sama aðila nemi aldrei meiru en 10% af heildarfjármagni félagsins.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um dreifingu atkvæðisréttar í slíku félagi þannig að enginn hluthafi ráði meiru en 5% af atkvæðamagni. Þetta ákvæði stendur því ekki í vegi að einstakir hluthafar eigi meiri hlutdeild í heildarhlutafé.

Þar sem fjárfestingarfélögum er ætlað það hlutverk að taka við og ávaxta sparifé almennings í stórum stíl er nauðsyn á ströngum reglum um reikningsskil og eftirlit með starfsemi þeirra. Er ákvæði um það að finna í 2. og 3. mgr.

Um 25.—28. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ætla má að í upphafi geti reynst erfitt að ná nægilegri ávöxtun á fé fjárfestingarfélaga með kaupum á hlutabréfum. Er því hér kveðið á um að lágmarkshlutföllum 2. mgr. 23. gr. skuli náð í áföngum á fimm árum.

Nd. 232. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Að mati minni hl. er augljóst að núverandi stefnu í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar hefur rekið upp á sker. Af viðtölum, sem nefndin hefur átt við ýmsa aðila í greininni, má glögglega ráða að erfiðleikarnir eru af ýmsum orsökum, þ. á m. vegna skorts á skipulagningu veiða og vinnslu vegna aflabrests.

Það er mat allrar nefndarinnar, einnig minni hl. að nauðsynlegt sé að grípa til stórum róttækari aðgerða við stjórn veiðanna heldur en gert hefur verið hingað til. Minni hl. álítur hins vegar að Alþingi beri að hlutast til á beinan hátt um aðalatriðin í mörkun fiskveiðistefnunnar, s. s. höfuðforsendur við skiptingu afla á skip, reglur um framsal kvóta o. þ. h. Á þann hátt telur minni hl. að Alþingi gegni þeirri skyldu sinni að setja almennar reglur um nýtingu þeirrar sameiginlegu auðlindar þjóðarinnar sem sjávarfangið er. Það sé hins vegar í verkahring ráðuneytis að útfæra þá stefnu.

Á breytingartillögu, sem undirritaður stendur að ásamt öðrum, er gerð nánari grein fyrir þeirri tilhögun sem lagt er til að höfð verði.

Alþingi, 16. desember 1983.

Guðmundur Einarsson.

Nd. 233. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið til viðræðna Aðalstein Guðjohnsen formann S. Í. R. og Kristján Jónsson framkvæmdastjóra RARIK.

Nefndin mælir með samþykkt frv. án breytinga.

Alþingi, 16. desember 1983.

Páll Pétursson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.
Kristín Halldórsdóttir.	Gunnar G. Schram, með fyrirvara.	Birgir Ísl. Gunnarsson, með fyrirvara.
	Ingvar Gíslason.	

Nd. 234. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 16. desember 1983.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðm. Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.	Guðm. H. Garðarsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 235. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

1. gr. orðist svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð.

Ráðherra getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Um önnur meginatriði varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar. Í þingsályktunartillögunni skulu m. a. tilgreind eftirtalin atriði:

1. Hvort skipta skuli hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða gerða fiskiskipa og hvaða meginreglur skuli gilda um þá skiptingu.
2. Hvort úthluta skuli aflamagni á einstök skip og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um þá úthlutun, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Þá skal gerð tillaga um hvort heimila skuli flutning eða framsal á aflamarki milli skipa og með hvaða skilyrðum eða eftir hvaða meginreglum.

Þegar samþykkt hefur verið þingsályktunartillaga um fiskveiðistefnu skal ráðherra kveða nánar á um framkvæmd einstakra atriða hennar.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

Ed. 236. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Eiði Guðnasyni, Ragnari Arnalds og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Fyrri mgr. 6. gr. orðist svo:

Sérstakur eignarskattur skal nema 1.4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Ed. 237. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Ríkisskattstjóri, Sigurbjörn Þorbjörnsson, og Magnús E. Guðjónsson komu á fund nefndarinnar.

Alþingi, 16. desember 1983.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Helgi Seljan.	Valdimar Indriðason.	Árni Johnsen.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Nd. 238. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið. Árni Kolbeinsson, Hallgrímur Snorrason og Sigurbjörn Þorbjörnsson gáfu nefndinni gagnlegar upplýsingar. Nefndin klofnaði í afstöðu til málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Frumvarpið miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama sem hlutfall af tekjum greiðsluárs á árinu 1984 og var á árinu 1983. Í þjóðhagsáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í október s. l., og í forsendum fjárlagafrumvarps var reiknað með að tekjur hækkuðu um 20% milli áranna 1983 og 1984. Í samræmi við það var frumvarpið reist á þeirri forsendu að álagning tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds hækkaði um sama hlutfall, þ. e. 20%, en um 21% að meðtalinni fjölgun gjaldenda. Nú hafa þessar forsendur breyst, fyrst og fremst vegna þess að verulegur aflasamdráttur er fyrirsjáanlegur á næsta ári. Í kjölfar nýrra upplýsinga um ástand fiskstofna hefur Þjóðhagsstofnun á síðustu dögum unnið að endurskoðun á áætlunum um tekjubreytingar milli áranna 1983 og 1984. Liggur niðurstaða af þeirri endurskoðun nú fyrir. Er áætlað að tekjur á mann á árinu 1984 verði 16,5% hærri en tekjur voru á árinu 1983. Er þessi áætlun gerð á eftirfarandi hátt:

Tekjuforsendur fjárlaga 1983.
Meðalhækkun 1983—1984.
(Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun)

	Forsendur fjárlagafrumvarps og þjóðhagsáætlunar	Breyttar forsendur fjárlaga
	%	%
Kauptaxtar	15,0	13,0
Aðrir þættir tekjumyndunar[1])	4,3	2,7
Atvinnutekjur í heild	20,0	16,0
Tilfærslutekjur o. fl.	25,0	22,0
Brúttótekjur til skatts	21,2	17,5

1) Fjölgun á vinnumarkaði og breytingar í atvinnuþátttöku, vinnutími, áhrif ýmissa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga o. fl. Gert er ráð fyrir að fjölgun á vinnumarkaði nemi u. þ. b. 1%.

Til að ná því meginmarkmiði, að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði óbreytt milli áranna 1983 og 1984, er af framangreindum ástæðum nauðsynlegt að gera tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Tilgangur þessara breytingartillagna er að lækka heildarálagningu tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds að frádregnum barnabótum og nýttum afslætti um 3%, þ. e. a. s. jafnmikið og nemur breytingu á áætluðum tekjum 1984. Samkvæmt tilefni þessarar lækkunar lægi beinast við að tryggja að lækkunin jafngilti sömu lækkun skattbyrði allra

framteljenda. Til þess að ná þessu markmiði fullkomlega þyrfti að lækka skattprósentur um 3/100 og persónuafslátt og barnabætur um sama hlutfall. Þannig yrði hæsta skattprósenta 43,6% í stað 45% í frumvarpinu, persónuafsláttur 28 470 kr. í stað 29 350 kr. og barnabætur með 1. barni 5 820 í stað 6 000 kr.

Meiri hl. nefndarinnar telur þó rétt að í stað þess verði gengið enn lengra í ívilnunum til hinna tekjulægstu og til fjölskyldna með börn en þegar er gert með þeim breytingum sem felast í ákvæðum frumvarpsins. Þannig verði hvorki persónuafsláttur né heldur barnabætur lækkað frá ákvæðum frumvarpsins. Því er óhjákvæmilegt að skattbyrði hinna tekjuhæstu aukist nokkuð. Þess vegna er lagt til að efsta skattprósentan lækki einungis í 44%. Á sama hátt er skattprósenta félaga einungis lækkuð í 50% en ætti að verða 49,5% samkvæmt fyrrgreindum forsendum.

Þær breytingar, sem flutningsmenn leggja til á frumvarpinu, eru aðallega þessar:

1. Skattstigi tekjuskatts:
   Af 0—170 þús. kr. skattstofni: í stað ..... 23% komi 22,75%
   Af 170—340 þús. kr. skattstofni: í stað ..... 32% komi 31,50%
   Af skattstofni yfir 340 þús. kr.: í stað ..... 45. komi 44,00%
2. Skattprósenta félaga verði 50% í stað 51% skv. frumvarpinu.

Í stórum dráttum verður dreifing skattbyrði eftir þessar breytingar mjög svipuð því sem að var stefnt með frumvarpinu. Þó lækkar skattbyrði flestra undir meðaltekjum nokkuð á kostnað hinna tekjuhæstu í samræmi við það sem fyrr segir.

Tvær aðrar breytingartillögur eru gerðar við frumvarpið. Önnur snertir frádrátt vegna fengins arðs. Sá frádráttur er hækkaður eins og aðrir slíkir í samræmi við áætlaða tekjuhækkun milli áranna 1982 og 1983. Hin breytingartillagan fjallar um framlagningu skattskrár, en lagafrumvarp þess efnis hlaut ekki endanlega afgreiðslu á 105. löggjafarþinginu. Með því frumvarpi fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

„Ákvæði um framlagningu á skattskrá hafa verið í lögum hér á landi frá því fyrst voru sett almenn lög um tekjuskatt á árinu 1921. Þessi ákvæði hafa jafnan verið skýrð þannig í framkvæmd að heimil væri opinber birting á upplýsingum þeim er fram koma í skattskrá, og um áratuga skeið hafa þessar skrár í ýmsum sveitarfélögum verið gefnar út og verið fáanlegar almenningi. Í nóvember s. l. komst tölvunefnd hins vegar að þeirri niðurstöðu að sá aðili, sem gefið hefur þessar skrár út í Reykjavík á undanförnum árum, hefði ekki rétt til slíkrar útgáfu vegna gjaldársins 1982. Byggði nefndin afstöðu sína á ákvæðum laga nr. 63/1981, 98. gr. laga nr. 75/1981 og 37. gr. laga nr. 73/1980. Þessi úrlausn tölvunefndar orkar tvímælis að mati fjármálaráðuneytisins. Ótvírætt er að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild er til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og gegnir slík birting því að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Er mikilvægt að sá aðgangur, sem almenningur hefur haft að upplýsingum úr skattskrám á undanförnum áratugum, verði ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál er gjarnan fylgir birtingu þessara upplýsinga.“

Með þessu nefndaráliti eru birt þrjú fylgiskjöl. Í fylgiskjali I eru tvær töflur frá Þjóðhagsstofnun. Þess ber að geta að mikil óvissa ríkir um útsvarsprósentuna, enda liggja endanlegar ákvarðanir ekki fyrir um það efni hjá sveitarfélögunum. Í fylgiskjali II eru töflur sem byggðar eru á úrtaki úr skattframtölum ársins 1983. Í fylgiskjali III eru upplýsingar um eignarskattsbyrðina.

Alþingi, 16. desember 1983.

Páll Pétursson, form. | Friðrik Sophusson, frsm. | Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Fylgiskjal I.

Tafla 1.

Áætlun um skattbyrði einstaklinga 1974—1984.

Milljónir króna.

	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Bráðab. 1982	Áætlun 1983	Spá 1984
1. Skattur til sveitarfélaga[1])	52,3	88,1	115,4	155,4	233,4	380,8	618,2	959,0	1 526	2 443	3 450
2. Skattar til ríkisins[2])	38,3	47,1	85,0	95,1	221,3	350,3	524,5	795,5	1 363	2 025	2 390
3. Álagðir skattar alls	90,6	135,2	200,4	250,5	454,7	731,1	1142,7	1754,5	2 889	4 468	5 840
4. Heildartekjur einstaklinga	871,0	1161,0	1562,0	2320,0	3680,0	5592,0	8867,0	14210,0	22 480	35 790	42 100
5. Álagðir skattar sveitarfélaga Í hlutfalli við:											
a) Tekjur fyrra árs, %	9,1	10,1	9,9	9,9	10,1	10,4	11,1	10,8	10,7	10,9	9,6
b) Tekjur greiðsluárs, %	6,0	7,6	7,4	6,7	6,3	6,8	7,0	6,8	6,8	6,8	8,2
6. Álagðir skattar ríkisins Í hlutfalli við:											
a) Tekjur fyrra árs, %	6,6	5,4	7,3	6,1	9,5	9,5	9,4	9,0	9,6	9,0	6,7
b) Tekjur greiðsluárs, %	4,4	4,1	5,4	4,1	6,0	6,3	5,9	5,6	6,1	5,7	5,7
7. Álagðir skattar alls Í hlutfalli við:											
a) Tekjur fyrra árs, %	15,7	15,5	17,2	16,0	19,6	19,9	20,4	19,8	20,3	19,9	16,3
b) Tekjur greiðsluárs, %	10,4	11,7	12,8	10,8	12,4	13,1	12,9	12,4	12,9	12,5	13,9

1) Útsvar og fasteignaskattar.
2) Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Aths.: Í áætlun fyrir 1984 er gert ráð fyrir að álagning skatta sveitarfélaga hækki ekki að fullu með breytingum tekna og fasteignamats milli áranna 1982 og 1983. Þannig er miðað við að álagningarhlutfall útsvars, brúttó, lækki um sem næst 1 prósentustig á næsta ári. Sömuleiðis er reiknað með heldur meiri afslætti við álagningu fasteignagjalda, þannig að hækkunin verði minni en sem nemur hækkun fasteignamats.

Tafla 2.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga til ríkissjóðs, heildartekjur og heildarútgjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1974—1984.

Í milljónum króna.

	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984[1])
1. Tekju- og eignarskattar einstaklinga til ríkissjóðs	38,3	47,1	85,0	95,1	221,3	350,3	524,5	795,5	1 363	2 030	2 457
Heildartekjur ríkissjóðs	357,8	493,4	682,8	956,2	1542,6	2377,7	3 681	5 997	9 577	14 865	17 435
Heildarútgjöld ríkissjóðs	402,9	575,8	698,5	1011,2	1610,9	2466,8	3 766	5 911	9 604	15 843	17 426
Verg þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	1 411	1 928	2 660	3 815	5 776	8 460	13 430	20 519	20 519	31 063	63 990
Sem hlutfall af Þjóðarframleiðslu											
Tekju- og eignarskattar	2,7	2,4	3,2	2,5	3,8	4,1	3,9	3,9	4,4	3,8	3,8
Heildartekjur	25,4	25,6	25,7	25,1	26,7	28,1	27,4	29,2	30,8	28,0	27,3
Heildarútgjöld	28,6	29,9	26,3	26,5	27,9	29,2	28,0	28,8	30,9	29,9	27,2

1) Miðað við Þjóðhagsáætlun 1984 og forsendur hennar og fjárlagafrumvarps 1984 um breytingar tekna einstaklinga og tekju- og eignarskatta til ríkisins.

Fylgiskjal II.

Tekjuskattar til ríkisins, nettó.

Tafla 1. Hjón án barna.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.	Breyting á sköttum	Breyting á skatt-byrði	Fjöldadreifing −2,0%	−2,0% −1,0%	−1,0% −0,5%	−0,5% 0,0%	0,0% 0,5%	0,5% 1,0%	1,0% 2,0%	2,0% 100,0%	100,0%
50	113	0,0	0,0					113				
100	155	−0,4	−0,4									
150	796	−0,9	−0,6		113	165	144	330				
200	2 150	−1,4	−0,7	268	258	351	692	578				
250	1 850	−5,1	−1,9	1 178	144	134	320					
300	2 047	−5,5	−1,7	454	1 571							
350	2 067	−3,6	−1,0		878	1 002	144					
400	2 088	−2,0	−0,5		113	599	1 313					
450	1 995	−0,2	0,0			113	847	992				
500	1 809	1,7	0,3				124	1 344	289			
600	2 098	4,3	0,7					361	1 406	248		
700	992	8,9	1,2						248	651		
800	475	14,9	1,7							361	103	
900	248	17,4	1,8							134		
1000	134	24,3	2,2								113	
—	124	48,3	2,9								113	
Samt.	19 147	0,3	−0,4	1 985	3 174	2 481	3 680	3 990	1 985	1 406	444	0

Tafla 2. Hjón með tvö börn.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.	Breyting á sköttum	Breyting á skatt-byrði	Fjöldadreifing 2,0%	−2,0% −1,0%	−1,0% −0,5%	−0,5% 0,0%	0,0% 0,5%	0,5% 1,0%	1,0% 2,0%	2,0% 100,0%	100,0%
50	41	−1,1	−5,3									
100	31	−1,0	−1,1									
150	144	−2,0	−1,4		124							
200	217	−5,4	−2,6	103	113							
250	413	−7,4	−2,8	320								
300	692	−6,8	−2,1	434	258							
350	930	−5,1	−1,3		610	227						
400	1 571	−3,4	−0,8		351	754	434					
450	1 571	−1,7	−0,4			361	878	227				
500	1 633	0,1	0,0				403	1 095				
600	2 016	2,9	0,4				155	1 002	734	103		
700	982	6,9	0,9					103	423	423		
800	403	12,6	1,4							289		
900	196	18,9	1,9							103		
1000	134	26,1	2,4								113	
—	72	32,8	2,6									
Samt.	11 052	0,5	−0,3	1 013	1 736	1 488	1 881	2 440	1 230	951	310	0

Tafla 3. Hjón samtals (töflur 1 og 2)

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.á	Breyting sköttum	Breyting á skatt-byrði	−2,0%	Fjöldadreifing −2,0% −1,0%	−1,0% −0,5%	−0,5% 0,0%	0,0% 0,5%	0,5% 1,0%	1,0% 2,0%	2,0% 100,0%	100,0%
50	217	−0.3	−1.5					113				
100	268	−0.5	−0.5									
150	1 188	−1.2	−0.8		341	268	186	330				
200	2 915	−2.3	−1.1	599	599	423	713	578				
250	3 215	−6.1	−2.3	2 326	310	165	341					
300	4 218	−6.1	−1.9	1 623	2 574							
350	4 786	−4.4	−1.2	279	2 677	1 654	165					
400	6 265	−2.9	−0.7		971	2 584	2 543					
450	5 862	−1.1	−0.2		237	1 013	2 843	1 757				
500	6 048	0.7	0.1		124	320	1 261	3 856	485			
600	7 382	3.2	0.5			103	630	2 522	3 546	558		
700	3 484	7.6	1.0					382	1 126	1 830		
800	1 447	13.4	1.5						103	1 137	175	
900	703	18.0	1.8							361	289	
1000	330	24.8	2.3								268	
—	351	44.0	2.9								320	
Samt.,	48 686	0.2	−0.4	5 024	7 940	6 658	8 881	9 832	5 303	3 959	1 085	0

Tafla 4. Einstæðir foreldrar samtals.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.á	Breyting sköttum	Breyting á skatt-byrði	−2,0%	Fjöldadreifing −2,8% −1,0%	−1,0% −0,5%	−0,5% 0,0%	0,0% 0,5%	0,5% 1,0%	1,0% 2,0%	2,0% 100,0%	100,0%
50	439	−1.6	−10.9	428								
100	685	−2.1	−2.4	503	150							
150	1 018	−4.3	−2.9	868	150							
200	1 232	−4.4	−2.2	782	450							
250	1 061	−2.7	−1.1		535	439						
300	664	−0.3	−0.1			150	225	289				
350	364	2.2	0.6						192			
400	128	3.2	0.7									
450	75	4.4	0.9									
500	32	7.6	1.4									
600	10	6.0	1.0									
700	0	0.0	0.0									
800	0	0.0	0.0									
900	0	0.0	0.0									
1000	0	0.0	0.0									
——	0	0.0	0.0									
Samt.	5 712	−2.3	−2.2	2 615	1 296	610	342	418	267	160	0	0

Tafla 5. Allir framteljendur.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.	Breyting á sköttum	Breyting á skatt-byrði	−2,0%	Fjöldadreifing −2,0% −1,0%	−1,0% −0,5%	−0,5% 0,0%	0,0% 0,5%	0,5% 1,0%	1,0% 2,0%	2,0% 100,0%	100,0%
50	23 327	−0.3	−3.2	6 502	1 832	2 329	2 236	9 774	289	217	144	
100	29 291	−1.0	−1.1	4 472	8 179	6 491	4 969	5 177				
150	29 829	−2.7	−1.9	14 992	7 630	2 277	3 209	1 698				
200	22 074	−2.4	−1.2	2 692	8 697	9 567	755	352				
250	18 782	−1.3	−0.5	1 698	2 195	2 660	6 378	5 642	196			
300	14 412	0.5	0.1	434	1 749	1 014	1 470	2 153	6 264	1 325		
350	10 902	2.1	0.6		579	1 025	1 304	1 377	1 522	5 021		
400	7 661	3.1	0.7		124	517	1 076	828	931	4 141		
450	5 011	4.3	0.9				641	828	548	2 836		
500	3 054	6.2	1.1				300	393	590	1 418	320	
600	2 930	9.3	1.5				155	310	362	1 045	1 056	
700	1 490	14.7	2.0						124	517	766	
800	507	22.7	2.6								445	
900	207	25.6	2.6								176	
1000	165	33.2	3.0								165	
——	207	61.3	3.7								196	
Samt.	169 857	−0.1	−1.0	30 896	31 082	25 998	22 540	28 577	10 850	16 618	3 292	0

Fylgiskjal III.

EIGNARSKATTUR HJÓNA — HREIN EIGN
(Hækkun er 54% milli áranna 1982 og 1983)

Skattfrjáls eign skv. gildandi lögum 1983
Skattfrjáls eign skv. frv. 1984
Hundraðshluti skv. gildandi lögum 1983
Hundraðshluti skv. frv. 1984

Álagning 1983		Álagning 1984		Hækkun fjárhæða milli ára %	Breyting á skattbyrði
Eign kr.	Esk kr.	Eign kr.	Esk. kr.		
991 800	0	1 527 372	0		0
1 013 000	254	1 560 020	0	÷	÷
1 200 000	2 498	1 848 000	2 736	+ 9,53	÷ 7,0
1 300 000	3 698	2 002 000	4 199	+ 13,55	÷ 2,9
1 400 000	4 898	2 156 000	5 662	+ 15,60	÷ 0,9
1 467 530	5 709	2 226 000	6 650	+ 16,48	0,0
1 500 000	6 098	2 310 000	7 125	+ 16,84	+ 0,3
1 800 000	9 698	2 772 000	11 514	+ 18,73	+ 2,2
2 000 000	12 098	3 080 000	14 440	+ 19,36	+ 2,9
3 000 000	24 098	4 620 000	29 070	+ 20,63	+ 4,1
5 000 000	48 098	7 700 000	58 330	+ 21,27	+ 4,8

(Byggt á upplýsingum frá ríkisskattstjóra).

Nd. 239. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÞP, GHG).

1. Inn í 1. gr. frumvarpsins bætist nýr töluliður sem verði 1) og breytist röð annarra tölulíða samkvæmt því. Töluliðurinn orðist svo:
   Í stað „2 500 kr.“ og „5 000 kr.“ í 2. málsl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 12 750 kr. og 25 500 kr.
2. Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins:
   a) Í stað „23%“ komi: 22.75%.
   b) Í stað „32%“ komi: 31.5%.
   c) Í stað „45%“ komi: 44%.
3. Í stað „51%“ í 6. gr. frumvarpsins komi: 50%
4. Á eftir 8. gr. frumvarpsins bætist ný grein sem verður 9. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:
   Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

Nd. 240. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. desember 1983.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Ed. 241. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir byggingu umræddrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vegna þess að byggingin tengist óneitanlega hernaðarumsvifum hér á landi og er auk þess langtum of stór og dýr miðað við þarfir farþegaflugs milli Íslands og annarra landa. Jafnframt teljum við að bygging nýrrar flugstöðvar sé ekki forgangsverkefni eins og nú háttar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess í stað sé það næsta verkefnið í máli þessu að endurskoða og hanna byggingu nýrrar flugstöðvar í samræmi við þarfir farþegaflugs á

komandi árum. Við erum þar af leiðandi andvíg ákvæðum þessa frumvarps og leggjum til að það verði fellt.

Stefán Benediktsson, áheyrnarfulltrúi Bandalags jafnaðarmanna í nefndinni, stendur einnig að þessu nefndaráliti.

Alþingi, 16. desember 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., frsm. Ragnar Arnalds.

Nd. 242. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:
   1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
   Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.
2. 1. gr. orðist svo:
   10. gr. laganna orðist svo:
   Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveðið hámark þess afla, sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum. Ákvörðun sína um þetta efni skal ráðherra kynna Alþingi fyrir lok hvers árs. Skal Alþingi síðan fjalla um mótun fiskveiðistefnu og ákveða stefnuna með þingsályktun.
   Þingsályktun um fiskveiðistefnu fjallar um forsendur fiskveiðistefnu komandi árs. Við ákvörðun sína skal Alþingi taka tillit til þess að atvinna verði sem samfelldust, að sem mest hagkvæmni fáist við nýtingu fiskstofnanna og að þess sé gætt að ekki verði gengið á stofnana. Í ályktun Alþingis skal ákveða forsendur ákvörðunar ráðherra um skiptingu hámarksafla á skip.
3. Á eftir 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:
   Á eftir 10. gr. laganna komi ný gr. sem verði 11. gr. og orðist svo:
   Ráðherra skipar nefnd til að fjalla um framkvæmd fiskveiðistefnu. Í henni eiga sæti fulltrúar fiskverkenda, útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í fiskvinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
   Nefndin getur heimilað flutning aflaleyfa. Óheimilt er að selja aflaleyfi, en nefndin getur ákveðið að fella niður aflaleyfi ef eftir því er óskað. Þá skal nefndin í ákvörðunum stuðla að sem mestu samræmi milli veiða og vinnslu.
   Þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta skotið málum sínum til nefndarinnar ef þeir telja sig órétti beitta.
4. Á eftir 1. gr. komi önnur ný gr. sem orðist svo:
   Á eftir 10. gr. laganna komi ný gr. sem verði 12. gr. og orðist svo:
   Ekki verður með stoð í lögum þessum ákveðið aflamark á handfæra- eða línubáta. Þó er heimilt að ákveða heildarmark fyrir línuveiðiskip.
5. Aftan við frv. komi svohljóðandi **ákvæði til bráðabirgða:**
   Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal sjávarútvegsráðherra gera tillögu til Alþingis um framkvæmd fiskveiðistefnunnar 1984 með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í greininni. Skal Alþingi þá hafa lokið umfjöllun sinni um málið fyrir lok janúarmánaðar.

Ed. 243. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 91 31. desember 1982, um málefni aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 10. gr. 2. tl. laganna:

1. Í stað „kr. 300“ í 2. ml. komi: kr. 460.
2. Í stað „kr. 60 000“ í 3. ml. komi: kr. 92 400.

2. gr.

12. gr. 3. tl. hljóði svo:

Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunar- og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi og veitt er til sjóðsins á fjárlögum til þessara verkefna. Styrkur þessi skal teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Skv. 10. gr. laga nr. 91/1982 um málefni aldraðra skulu fjárhæðir 2. tl. ákvæðisins hækka í samræmi við skattvísitölu. Að óbreyttu ætti skattvísitala að hækka um 54% milli ára og er hér gerð tillaga um hækkun fjárhæða 2. tl. 10. gr. miðað við það.

Um 2. gr.

Skiptar skoðanir hafa verið um túlkun 3. tl. 12. gr. fyrrnefndra laga. Til að skýr sé sá vilji, sem að baki ákvæðisins lá í upphafi, þykir rétt að orða það nákvæmar og er það gert með þessari breytingu. Samkvæmt því skal af mörkuðum tekjustofni sjóðsins greiða til hjúkrunar- og sjúkradeilda aldraðra jafnháa fjárhæð og sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til að sinna þessum verkefnum. Styrkur sjóðsins telst hluti af 85% framlagi ríkissjóðs til þessara verkefna skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.

Nd. 244. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni og Guðmundi Einarssyni.

Framan við 1. gr. bætist:

Í stað „19%“ í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974, ásamt síðari breytingum, komi: 12%.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1983—1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1983—1986 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1983	1984	1985	1986
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Tekjur af bensíni				
Bensíngjald	469,0	663	676	690
Aðrar tekjur af bensíni		190	194	198
2. Þungaskattur	207,0	307	313	319
3. Gúmmígjald	1,0			
	677,0	1 160	1 183	1 207
1.2. Ríkisframlag	127,4		35	44
1.3. Lánsfé	244,6	251	352	350
Samtals	1 049,0	1 411	1 570	1 601

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

(Fjárhæðir í m. kr.)

	1983		1984		1985		1986	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	20,2		28,5		29,4		30,0	
2. Tæknilegur undirbúningur	26,2		34,2		37,9		38,6	
3. Umferðartaln. og vegaeftirlit	3,6		5,0		5,1		5,2	
4. Eftirlaunagreiðslur	2,2		3,1		3,2		3,2	
		52,2		70,8		75,6		77,0
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Sumarviðhald								
1. Viðhald malarvega	99,0		140,0		151,7		162,1	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	55,9		78,6		85,5		91,0	
3. Viðhald brúa	13,2		18,6		25,6		21,6	
4. Viðhald varnargarða	1,8		2,6		2,8		2,9	
5. Heflun vega	51,8		72,7		79,2		84,4	
6. Rykbinding	18,1		26,2		28,9		30,5	
7. Vinnsla efnis	48,5		67,4		73,3		78,2	
8. Vatnask. og ófyrirséð	11,3		15,1		16,6		17,5	
9. Vegmerkingar	2,4		3,4		3,8		4,0	
	302,0		424,6		467,4		492,2	
2. Vetrarviðhald	105,1		116,2		119,0		120,4	
		407,1		540,8		586,4		612,6
2.3 Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Stofnbrautir almennt	126,4		155,2		203,3		345,2	
2. Bundin slitlög	98,7		137,9		144,7			
3. Sérstök verkefni	94,3		122,5		157,4		146,6	
4. Ó-vegir	51,0		39,6		41,8		48,1	
	370,4		455,2		547,2		539,9	
2. Þjóðbrautir	54,1		78,3		105,0		106,2	
3. Bundin slitl. á þjóðv. í kaupst. og kaupt.	5,0		11,7		16,4		16,4	
4. Girðingar og uppgræðsla	7,0		9,1		9,8		9,8	
		436,5		554,3		678,4		672,3
2.4. Til brúargerða:								
1. Brýr 10m og lengri	28,1		56,3		46,3		55,7	
2. Smábrýr	6,9		8,0		10,0		10,0	
3. Gilsfjörður (rannsóknir)			0,2		0,3		0,3	
		35,0		64,5		56,6		66,0
2.5. Til fjallvega o. fl.:								
1. Aðalfjallvegir	2,2		3,1		3,3		3,3	
2. Aðrir fjallvegir	2,4		3,2		3,4		3,4	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	2,2		3,0		3,2		3,2	
4. Bláfjallavegur	5,1		7,0		8,6		8,6	
5. Reiðvegir	0,3		0,4		0,4		0,4	
		12,2		16,7		18,9		18,9
2.6. Til sýsluvega:		27,8		37,0		45,0		45,0
2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum:		68,0		90,0		95,9		96,0
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:								
1. Til véla- og verkfærakaupa	2,9		3,2		3,3		3,3	
2. Til bygginga áhaldahúsa	4,3		4,7		4,9		4,9	
		7,2		7,9		8,2		8,2
2.9. Til tilrauna:		3,0		4,0		5,0		5,0
		1 049,0		1 386,0				
Halli á vetrarviðhaldi 1983				25,0				
		1 049,0		1 411,0		1 570,0		1 601,0

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

206 Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að Heiðarseli.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórhvol, Púfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
257 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Púfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðarvegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ásveg við Áshverfi.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.
Km-gjald fyrir hvern ekinn kílómetra er greitt af öðrum díselbílum og er það stighækkandi eftir þyngd. Gjaldið er innheimt þrisvar sinnum á ári.

Áætlun um tekjur af þungaskatti gerir ráð fyrir nokkrum samdrætti árið 1984, en aukning um 2% á ári úr því. Taxtar eru hækkaðir einu sinni á ári í samræmi við verðlagsforsendur.

(Upphæðir í m. kr.)

Ár	Árgjald	Km-gjald	Samtals
1983	27	180	207
1984	42	265	307
1985	43	270	313
1986	44	275	319

1.1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi eru áætlaðar 1 m.kr. árið 1983, en gjaldið fellur síðan niður.

1.2. RÍKISFRAMLAG

Ríkisframlag 1984 fellur niður vegna hækkunar markaðra tekna. Árin 1985 og 1986 lækkar það verulega af sömu ástæðum.

1.3. LÁNSFJÁRÖFLUN

Lánsfé til vegáætlunar er 480 m.kr. skv. lánsfjáráætlun 1984. Ný spá um þjóðarframleiðslu sýnir nokkra lækkun frá fyrri spá, og minnka útgjöld vegáætlunar að sama skapi. Þá hafa forsendur markaðra tekna og ríkisframlags einnig breyst. Þetta leiðir til lækkunar lánsfjár 1984 í 251 m.kr. Árin 1985 og 1986 er lánsfé svipað að upphæð og í fyrri tillögu.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1983—1986.

2.0. STARFSMANNAMÁL

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 461 um síðustu áramót. Þar af voru 151 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 147 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru jafnmörg, þ. e. 147. Samkvæmt vegáætlun fyrir árin 1981—1984 var heimilað að fjölga stöðum samkvæmt kjarasamningum B.S.R.B. og B.H.M. um þrjár á árinu 1983 og 3 á árinu 1984. Auk þess er gert ráð fyrir að fjölga um 3 stöður hvort ár 1985 og 1986. Hér er bæði um að ræða stöður tæknimanna og stöður á skrifstofu. Stafar fjölgun þessi m. a. af auknum umsvifum í samræmi við langtímaáætlun og vegna breytinga á bókhaldskerfi sem m. a. mun leiða til virkara kostnaðareftirlits.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

Fastir starfsmenn 1. jan. 1983.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals jan. 1983
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	4	2	39
Tæknilegur undirbúningur	33	5	5	7	6	4	6	4	70
Vegaeftirlit	6								6
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	10	1					1		12
Iðnlærðir verkstjórar	10	2		4	1	2	4	3	26
Verkstjórar	2	9	5	12	8	6	11	11	64
Iðnaðarmenn	26			6	3	6	8	7	56
Vélamenn	15	11	7	20	13	9	21	14	110
Verkamenn	18	10	3	8	4	6	10	4	63
Ráðskonur, matráðskonur	6	2	1	1	1		3	1	15
Fastir starfsm. í jan. 1983	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsm. í jan. 1982	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsm. í jan. 1981	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsm. í jan. 1980	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsm. í jan. 1979	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsm. í jan 1978	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsm. í jan. 1977	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Haldið verður áfram að þróa bókhaldsvinnslu Vegagerðarinnar og frá og með árinu 1984 verður tekið í notkun nýtt tölvuúrvinnslukerfi fyrir bókhald og áætlanagerð, en núverandi úrvinnslukerfi hefur verið í notkun frá árinu 1974 með góðum árangri. Reynslan sem fengist hefur af því sýnir að tekist hefur að gera bókhaldið að virku tæki til kostnaðareftirlits og bættrar áætlanagerðar. Verður lögð áhersla á að nýta sem best aukna möguleika hins nýja kerfis, sérstaklega hvað varðar aukin tengsl bókhalds, áætlanagerðar og kostnaðareftirlits.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þess liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofu. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmiss konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirlit og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem hafa engan eða lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1982 nutu alls 38 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa flestir greitt iðgjöld það lengi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er skipt niður í tvo meginþætti, sumarviðhald og vetrarviðhald.

Í meðfylgjandi töflu er fjármagnsþörf til viðhalds vega ásamt tillögum um fjárveitingar 1983—86 og hlutfall þeirra viðað við þörf (sjá lið 2.2.1.).

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun, né tekið tillit til aukinnar umferðar. Á fskj. 2.2.1.—01 er sýnd þróun fjárveitinga til viðhalds frá 1972.

Gerð hefur verið úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega. Við þá úttekt eru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur Svía og Norðmanna til sinna þjóðvega. Með tilliti til þess að hér er svo langt í land með að koma þjóðvegakerfinu í viðunandi ástand er þó nokkuð slakað á kröfunum um gæði veganna.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ. e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar frá árinu 1975—82 verið frá 59% til 74% af reiknaðri fjármagnsþörf sumarviðhalds. Veruleg aukning viðhaldsfjár er því mjög aðkallandi, og er tekið nokkuð tillit til þess í tillögunni. Þannig er gerð tillaga um að fjárveiting 1984 verði 73% af þörf og hækki í 83% af þörf í lok áætlunartímabilsins. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 1,5% á ári vegna aukinnar umferðar. Þessar tillögur verða að skoðast sem algert lágmark, ef komast á út úr því neyðarástandi, sem nú ríkir á miklum hluta vegakerfisins.

Enn er mikið af malarvegum með þunga umferð. Þannig var í lok ársins 1982 88 km með meiri sumarumferð en 750 bíla á dag og 1 722 km með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag.

Viðhaldsfé.

	1983 Vísit. 1030			1984 Vísit. 1270			1985 Vísit. 1270			1986 Vísit. 1270		
	Þörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%	Þörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%	Þörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%	Þörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%
1. Sumarviðhald												
1.1. Viðhald malarvega	156,9	99,0	63	198,2	140,0	71	201,5	151,7	75	204,3	162,1	79
1.2. Viðhald bund. slitl.	73,6	55,9	76	92,1	78,6	85	93,2	85,5	92	95,3	91,0	95
1.3. Viðhald brúa	20,6	13,2	64	26,2	18,6	71	27,2	25,6	94	27,7	21,6	78
1.4. Viðhald varnargarða	2,8	1,8	64	3,5	2,6	74	3,4	2,8	82	3,4	2,9	85
1.5. Heflun vega	85,1	51,8	61	106,9	72,7	68	107,9	79,2	73	109,1	84,4	77
1.6. Rykbinding	29,4	18,1	62	37,3	26,2	70	37,9	28,9	76	38,3	30,5	80
1.7. Vinnsla efnis	69,7	48,5	70	88,2	67,4	76	89,5	73,3	82	90,9	78,2	86
1.8. Vatnask. og ófyrirséð	15,3	11,3	74	19,2	15,1	79	19,5	16,6	85	19.8	17,5	88
1.9. Vegmerkingar	3,9	2,4	62	4,8	3,4	71	4,8	3,8	79	4,8	4,0	83
	457,3	302,0	66	576,4	424,6	73	584,9	467,4	80	593,6	492,2	83
2. Vetrarviðhald		105,1			116,2			119,0			120,4	
Samtals		407,1			540,8			586,4			612,6	

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð, en efnisgæði, úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag eins og hér er tilgreint:

Sumardagsumferð bílar/dag		Ár á milli endurnýjunar slitlags	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endurnýjun slitlags km
Minni en	50	9.0	2.420	269
50—	100	7.5	1.869	249
100—	200	6.4	1.644	257
200—	300	5.2	762	147
300—	500	3.7	683	185
500—	750	2.5	189	76
750—	1000	1.6	23	14
Meira en	1000	1.3	65	50
	Samtals		7.655	1.247

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Árið 1982 skiptist kostnaður við viðhald malarvega sem hér segir, á áætluðu verðlagi 1984: (Vísit. 1270)

	m.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	16,2	7,1
Umferðarmerki, stikur og leiðarar	5,7	2,5
Mölburður og efnisvinnsla	147,4	64,4
Ræsi, skurðir, rásir	17,0	7,4
Viðgerðir á malarvegum	38,0	16,6
Ýmis kostnaður	4,5	2,0
Samtals	228,8	100,0

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Árið 1982 var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 83,9 m.kr. sem skiptist á eftirtalda kostnaðarliði, á áætluðu verðlagi 1984: (Vísit. 1270)

	m.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	3,9	4,6
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	5,1	6,1
Vegmálun	5,5	6,6
Umferðarljós, lýsing	2,7	3,2
Yfirlagnir	55,9	66,6
Axlir, gangbrautir	4,5	5,4
Viðgerðir	6,3	7,5
Samtals	83,9	100,0

Fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við lengd bundins slitlags í árslok 1982 og áætlaða aukningu til loka áætlunartímabilsins.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni að meðaltali til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 1,8—2,9 m.kr. verði varið á ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

2.2.1.5. Vegheflun.

Árið 1982 varð kostnaður við heflun malarvega 68,3 m.kr., á áætluðu verðlagi 1984. (Vísit. 1270).

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að líði langur tími á milli heflana myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina, valda því að næsta heflun verður mun dýrari.

Fjármagnsþörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveimur síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnsþörf. Af þessum ástæðum er lagt til, að fjárveiting til heflunar fyrir áætlunartímabilið verði 61% af þörf fyrir árið 1983 og aukist í 77% í lok áætlunartímabilsins.

2.2.1.6. Rykbinding.

Árið 1982 var varið til rykbindingar 16,4 m.kr. á áætluðu verðlagi 1984 og voru rykbundnir að nokkru marki um 859 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnsþörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 300 bíla á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árið 1982 var unnið eftirfarandi magn slitlagsefnis:

Malað efni ..... 237 300 m^3.
Harpað efni ..... 3 400 m^3.

Árlega þarf að vinna um 360 000m^3 af slitlagsefni og er það miðað við malað efni. Unnið hefur verið um 66% af því efni sem talið er nauðsynlegt.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnsþörf talin um 15,1 m.kr. árið 1984.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til vegmerkinga verði 2,4 m.kr. á árinu 1983, en verði 4,0 m.kr. í lok áætlunartímabilsins. Unnið verður að áframhaldandi endurbótum á vegmerkingum, auk þess sem gert er ráð fyrir auknum kostnaði við viðhald merkjanna.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Á meðfylgjandi töflu er sýndur kostnaður við vetrarþjónustu s. l. 10 ár. Kostnaður er mjög sveiflukenndur, en fer þó greinilega vaxandi eins og sjá má í síðasta dálki töflunnar. Það hefur sýnt sig að batnandi vegir og breyttar umferðar- og flutningsvenjur kalla á aukna þjónustu og hefur vetrarviðhald því ekki farið minnkandi að undanförnu.

S. l. vetur reyndist óvenju erfiður í mokstri og er þegar ljóst að umtalsverður halli verður á þessum lið 1983. Er hér reiknað með að hann verði um 25 m. kr. Fjárveiting til vetrarviðhalds 1984 er það naum, að engin von er til að hún geti staðið undir þessum halla. Er því reiknað með sérstakri fjárveitingu í þessu skyni á árinu 1984.

Ár	Vetrar-viðhald m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Á verðl. 1983 m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1973	0,99	12,5	85,88	89,4
1974	1,64	20,4	87,1	90,7
1975	3,22	33,4	104,4	108,8
1976	3,19	43,8	78,98	82,2
1977	4,97	67,7	79,5	82,8
1978	8,45	100,0	91,5	95,3
1979	14,37	144,0	108,1	112,6
1980	16,79	226,0	80,5	83,9
1981	42,98	347,0	134,1	139,7
1982	55,95	549,0	110,4	115,0

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Árið 1980 varð veruleg aukning á fjárveitingum til nýrra vega og brúa. Hefur framkvæmdamáttur fjárveitinga haldist í aðalatriðum óbreyttur síðan. Vegna verðlagsþróunar varð þó nokkur minnkun á árinu 1983. Framkvæmdamáttur fer síðan vaxandi árin 1984—86.

Skipting fjár á milli einstakra liða innan þessa verkefnaflokks er í megindráttum í samræmi við tillögu að langtímaáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í vor. Nokkur breyting er þó gerð varðandi fjármögnun brúa á stofnbrautum. Í langtímaáætlun var kostnaður við þessar brýr talinn með kostnaði viðkomandi vegarkafla. Til að hjálpa til við fjármögnun þessara brúa var hluti af brúafé tekinn inn í fjárveitingar til stofnbrauta.

Í langtímaáætlun var þessi tilhögun hagkvæm og gaf gott yfirlit yfir verkefnið í heild. Á hinn bóginn er visst hagræði í því í vegáætlun að halda fjárveitingum til brúa aðskildum frá fjárveitingum til stofnbrauta. Hefur því verið fært til fjármagn af stofnbrautum yfir á brýr, að því marki, að allar brýr 10 m og stærri, sem byggja skal á stofnbrautum séu byggðar fyrir fjárveitingar til brúa. Þetta á þó ekki við um brýr sem teljast til sérstakra verkefna á stofnbrautum. Þær greiðast af fjárveitingum til þess verkefnaflokks. Þá eru smábrýr á stofnbrautum ennþá inni í fjárveitingum til almennra verkefna á stofnbrautum. Getur komið til álita að færa þær einnig yfir á brúaliðinn, og mætti gera það við meðferð málsins á Alþingi.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Við skiptingu fjár á einstaka liði er haldið þeim hlutföllum, sem fram koma í langtímaáætlun. Eru það svipuð hlutföll og gilt hafa undanfarin ár.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Hér er haldið þeirri skiptingu á verkefnaflokka, sem notuð hefur verið hin síðustu ár og gefið góða raun, þ. e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Eru hlutföll milli flokka svipuð og í gildandi vegáætlun. Á árinu 1983 bætist við nýr verkefnaflokkur, en það eru hinir svonefndu Ó-vegir (Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúli). Hefur þótt rétt að halda þeim aðskildum frá öðrum verkefnum innan stofnbrauta, vegna sérstöðu þessara vega og stærðar verkefnanna.

Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

	1983 m.kr.	1984 m.kr.	1985 m.kr.	1986 m.kr.
a) Almenn verkefni	126,4	155,2	203,3	345,2
b) Bundin slitlög	98,7	137,9	144,7	
c) Sérstök verkefni	94,3	122,5	157,4	146,6
d) Ó-vegir	51,0	39,6	41,8	48,1

a) Almenn verkefni.
Í þessum verkefnaflokki eru öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Fjárveitingar undir þessum lið geta þó einnig gengið til bundins slitlags í tengslum við nýbyggingu vega svo og til smærri brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum. Fjárveiting til „Hafísvegar“ er innifalin í tölum hér að ofan.

b) Bundin slitlög.
Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa, svo og á kafla sem byggðir eru upp fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum.

c) Sérstök verkefni.
Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði viðkomandi verka, þar með talið brúagerð og bundið slitlag. Fjárveiting fer til þeirra verkefna, sem ákveðin voru í gildandi vegáætlun, svo og til nýrra verkefna á þessu sviði.

d) Ó-vegir.
Fjárveiting er í samræmi við tillögu að langtímaáætlun. Samkvæmt henni á að ljúka við Ólafsvíkurenni á tímabilinu. Einnig yrði unnið allmikið að framkvæmdum í Óshlíð og að undirbúningi í Ólafsfjarðarmúla.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveiting til þjóðbrauta 1983 er 54,1 m.kr., en hækkar í 106,2 m.kr. síðasta ár tímabilsins, og verður þannig veruleg aukning á framkvæmdamætti. Fé til vega í jaðarbyggðum er innifalið í tilgreindum fjárveitingum.

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum.

Lagt er til að sérstök fjárveiting gangi til þess verkefnis að flýta lögn bundins slitlags á þá þjóðvegi í kauptúnum og kaupstöðum, sem enn hafa malarslitlag. Er við það miðað að þessir vegir fái bundið slitlag á næstu 5 árum. Fjárveiting þessi er 5 m.kr. 1983, en fer síðan hækkandi og er 16,4 m.kr. 1986.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1982 séu ógreiddar girðingakröfur um 55 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 3000 ha meðfram vegum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa verkefnis verði 7 m.kr. 1983, en verði 9,8 m.kr. 1986.

2.4. TIL BRÚAGERÐA

Lagt er til, að fjárveiting til brúa verði 35 m.kr. 1983, 64,5 m.kr. 1984, 56,6 m.kr. 1985 og 66,0 m.kr. 1986. Eins og áður er að vikið, eru fjárveitingar til allra brúa taldar hér, aðrar en fjárveitingar til brúa á sérstökum verkefnum og til smábrúa á stofnbrautum.

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 800 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 2,2 m.kr. á árinu 1983, en 3,3 m.kr. á árunum 1985—86.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 2,4 m.kr. á árinu 1983, en 3,4 m.kr. á árunum 1985—86.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 2,2 m.kr. á árinu 1983 og 3,2 m.kr. á árunum 1985—86.

2.5.4. Bláfjallavegur.

Lagt er til, að fjárveiting af fjallvegafé verði 5,1 m.kr. á árinu 1983, 7.0 m.kr. á árinu 1984 og 8,6 m.kr. á árunum 1985—86.

2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 0,3 m.kr. á árinu 1983, en hækki í 0,4 m.kr. á árunum 1984—86.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember næsta ár á undan. Tímakaup þetta er áætlað kr. 57,90 þann 1. desember n. k. en var kr. 43,50 þann 1. des. 1982.

Samkvæmt vegalögum skal ríkisframlag eigi vera lægra en tveimur og hálfum sinnum innheimt heimaframlög, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. gr. sömu laga, næsta ár á undan. Ríkisframlag á móti aukaframlögum heimamanna er þó heimilt að greiða á viðkomandi ári, en áætlað er, að einungis helmingur þess verði greiddur á sama ári. Á síðasta þingi var gerð sú breyting á vegalögum að orlofsheimili og sumarbúðir eru undanskilin vegaskatti samkv. 23. gr. Rýrir það þennan tekjustofn um ca. 68% strax á árinu 1983, þar sem skatturinn skal greiðast á manntalsþingi.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1983—1984 áætlaðar eins og hér segir, en tekjur áranna 1985—1986 eru 22% hærri en ársins 1984:

(Upphæðir í þús. kr.)

Ár		1983		1984
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga		10 814		14,456
Samkv. 23. gr. vegalaga		1 000		1,330
Aukaframlög heimamanna		2 349		2,956
Auka-ríkisframlag	4 980		6,632	
Ríkisframlag samkv. 21. gr. og 26. gr. vegalaga	22 900	27 880	29,535	36,167
Samtals		42 043		54,909

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Vegalögum var breytt á Alþingi 14. mars s. l., þannig að framlag til þjóðvega í þéttbýli er ekki lengur bundið við ákveðinn hundraðshluta af mörkuðum tekjum vegasjóðs (12 ½%). Nú ákveðst framlagið af Alþingi hverju sinni án skilyrða í lögum.

Lagt er til að fjárveiting sé 68,0 m. kr. 1983, 90,0 m. kr. 1984, og svipuð upphæð seinni tvö ár tímabilsins. Þetta er mjög svipuð fjárhæð og verið hefur undanfarið.

Samkvæmt vegalögum er ¾ hlutum framlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis, eins og segir í 34. gr. vegalaga.

(Upphæðir í m. kr.)

Ár	1983	1984	1985	1986
Heildarframlag	68,0	90,0	95,9	96,0
¼ hluti	17,0	22,5	24,0	24,0
Til skipta skv. íbúatölu	51,0	67,5	71,9	72,0

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1982 var 208.941. Upphæðir á hvern íbúa 1983 var því kr. 244,09.

2.8 TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar 1983—86 er gert ráð fyrir að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa verði 3,2 m. kr. árið 1984. Fjárveiting 1983 er hins vegar 2,9 m. kr.

Gert er ráð fyrir, að því fé, ásamt afskriftarfé véla, verði eins og að undanförnu, fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum og vélum til brúagerða o. s. frv.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1983 er fjárveiting 4,3 m. kr., og 4,7 m. kr. árið 1984.

Fjárveitingum þessum, ásamt hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu, verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum, eða verið er að vinna að.

Helstu verkefni sem unnið er að, og fyrirhuguð eru á áætlunartímabilinu, eru bygging áhaldahúsa á Selfossi, Búðardal, Patreksfirði, Húsavík, Vopnafirði, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði.

Auk þess verður þessum fjárveitingum varið til þess að sinna öðrum minni, en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á öðrum bækistöðvum Vegagerðarinnar víðsvegar um landið.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting þessi er ½ % af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt lögum. Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

III. UM FLOKKUN VEGA.

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1982.

3.2.1. Stofnbrautir.

Miðað er við eftirfarandi viðbætur við vegi þá, sem töldust stofnbrautir samkvæmt vegáætlun 1981—1984.

416 Álftanesvegur
421 Vogavegur
422 Njarðvíkurvegur
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur — Tálknafjörður
64 Flateyrarvegur
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur — Suðureyri
77 Hofsósbraut
808 Árskógssandsvegur
97 Breiðdalsvíkurvegur
98 Djúpavogsvegur

Vegir þessir voru áður þjóðbrautir og stafar breytingin af breytingum á vegalögum, sem samþykkt var í Alþingi s. l. vetur.

Lagt er til að 411 Arnarnesvegur lengist og nái frá Suðurlandsvegi við Rauðvatn og út á Arnarnes.

Þá er einnig lagt til, með tilliti til núgildandi vegalaga, að eftirtaldar þjóðbrautir verði stofnbrautir.

821 Eyjafjarðarbraut vestri
Norðurlandsvegur — Miðbraut
823 Miðbraut
829 Eyjafjarðarbraut eystri
Norðurlandsvegur — Miðbraut

Í fylgiskjali 2.3.1.—01 eru vegalengdir stofnbauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir samkvæmt vegáætlun 1981—1984.

214 Kerlingardalsvegur lengist, náði áður að Bólstað.
410 Elliðavatnsvegur styttist um kaflann frá Suðurlandsvegi að Dimmu, en sá kafli verður hluti af 411 Arnarnesvegi, sem nú byrjar við Rauðavatn og nær út á Arnarnes.
614 Rauðasandsvegur styttist, náði áður að Gröf.
621 Mosdalsvegur falli niður.
74 Skagastrandarvegur styttist, náði áður norður fyrir Skagaströnd.
706 Núpsdalsvegur styttist, náði áður að Neðra-Núpi.

814 Staðarbakkavegur styttist, náði áður að Staðarbakka.
825 Dalsvegur styttist, náði áður að Stóradal.
827 Sölvadalsvegur lengist, náði áður að Eyvindarstöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri styttist vegna breyttra legu Norðurlandsvegar austan Víkurskarðs.
851 Út-Kinnarvegur lengist, náði áður að Núpá.
856 Laxárdalsvegur vestri og 857 Laxárdalsvegur eystri verði einn vegur.
856 Laxárdalsvegur og álman að Halldórsstöðum falli niður.
869 Langanesvegur lengist, náði áður að flugvelli, og flugvallarafleggjari verði sérvegur.

Þá er lagt til að eftirfarandi vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn. Meirihluti þessa vegar var áður hluti af 503 Akrafjallsvegi, sem styttist sem honum nemur.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
703 Hálsabæjarvegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar. Áður hluti af Norðurlandsvegi.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifarvegi við Ós að flugvelli.
875 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi hjá Sauðanesi að flugvelli. Áður hluti af 860 Langanesvegi.
961 Flugvallarvegur Breiðdalsvík: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.

Í fylgiskjali 2.3.2.—01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj. 2.2.1.–0.1.

Sumarviðhald þjóðvega.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldskostn. verðl. 1983, vt. 1064 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldskostn. á km verðl. 1983, vt. 1064 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðv. m.km.	Viðhaldskostn. á hverja 100 ekna km verðl. 1983, vt. 1064 kr.
1972	3 036	11,7	276,1	8 164	33,8	52 489	349	79,1
1973	3 340	14,2	250,3	8 104	30,9	57 155	371	67,5
1974	6 800	22,7	318,7	8 211	38,8	63 189	395	80,7
1975	8 400	37,1	240,9	8 336	28,9	71 364	420	57,4
1976	11 720	47,7	261,4	8 336	31,4	71 459	420	62,2
1977	14 370	67,5	226,5	8 336	27,2	73 410	449	50,4
1978	26 550	100,0	282,5	8 409	33,6	78 481	450	62,8
1979	39 466	145,0	289,6	8 338	34,7	84 141	449	64,5
1980	63 630	228,0	296,9	8 328	35,7	90 015	472	62,9
1981	95 700	351,0	290,1	8 316	34,9	95 606	485	59,8
1982	171 589	550,0	331,9	8 306	40,0	100 936	500	66,4

Fskj. 2.3.0.—01.

Þjóðvegir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurlandskjördæmi	467,9	1 114,9	14,5	1 597,3
Reykjaneskjördæmi	186,4	176,6	66,2	429,2
Vesturlandskjördæmi	512,8	883,6	13,3	1 409,7
Vestfjarðarkjördæmi	813,3	524,5	15,3	1 353,1
Norðurlandskjördæmi vestra	364,1	736,5	13,1	1 113,7
Norðurlandskjördæmi eystra	564,9	645,9	14,6	1 225,4
Austurlandskjördæmi	856,6	582,5	24,9	1 464,0
Samtals	3 766,0	4 664,5	161,9	8 592,4

Fskj. 2.3.1.—0.1.

Stofnbrautir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	11,9	456,0	467,9
Reykjaneskjördæmi	7,3	179,1	186,4
Vesturlandskjördæmi		512,8	512,8
Vestfjarðakjördæmi	6,1	807,2	813,3
Norðurlandskjördæmi vestra		364,1	364,1
Norðurlandskjördæmi eystra	13,2	551,7	564,9
Austurlandskjördæmi		856,6	856,6
Samtals	38,5	3 727,5	3 766,0

Fskj. 2.3.2.—0.1.

Þjóðbrautir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	5,7	1 109,2	1 114,9
Reykjaneskjördæmi		176,6	176,6
Vesturlandskjördæmi	28,3	855,3	883,6
Vestfjarðakjördæmi	9,0	515,5	524,5
Norðurlandskjördæmi vestra	26,5	710,0	736,5
Norðurlandskjördæmi eystra	5,0	640,9	645,9
Austurlandskjördæmi	11,9	570,6	582,5
Samtals	86,4	4 578,1	4 664,5

Fskj. 2.3.0.—02.

Bundið slitlag 1. janúar 1984.

Kjördæmi	Steypa	Malbik	Lengdir í km Olíumöl	Klæðning	Samtals
Suðurland		4,4	109,4	93,7	207,5
Reykjanes	46,7	43,4	63,3	19,0	172,4
Vesturland		2,9	16,0	53,1	72,0
Vestfirðir		9,2		43,1	52,3
Norðurland vestra	0,8	0,1		92,2	93,1
Norðurland eystra		11,4		72,1	83,5
Austurland	0,7		11,6	62,3	74,6
Samtals	48,2	71,4	200,3	435,5	755,4

Fskj. 2.4.—0.1.

Aldur brúa 10 m og lengri.

Á skrá Vegagerðar ríkisins 1. janúar 1983 eru 818 brýr af þessari stærð og skiptast þannig eftir byggingartíma og stöðu í vegakerfinu.

	Fjöldi brúa.					
Byggingarár	Á stofn-brautum	Á þjóð-brautum	Á sýslu-vegum	Á öðrum opinb. vegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910		2		1	3	Mannþröng 400 kg/m²
1910—1919	4	4			8	Mannþröng 400 kg/m²
1920—1929	15	13	2	3	33	Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1930—1939	30	38	5	4	77	Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1940—1949	39	42	6	1	88	Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	97	98	27	6	228	Vagn 20—34 tonn
1960—1969	80	63	39	6	188	Vagn 20—34 tonn
1970—1979	95	26	20	18	159	Vagn 20—63 tonn
1980—1982	17	8	6	3	34	Vagn 63 tonn
Samtals	377	294	105	42	818	

Fskj. 2.6.—01.

Sýsluvegir 1. janúar 1983

	Samkv. a—c lið 19. gr.				Samkv. d—c lið 19. gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V.-Skaftafellssýsla		16,8	121,3	138,1	4,5	142,6	
Rangárvallasýsla		9,2	228,9	238,1	64,3	302,4	
Árnessýsla		1,6	309,3	310,9	6,7	317,6	
							762,6
Gullbringusýsla			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla		1,0	82,5	83,5		83,5	
							89,3
Borgarfjarðarsýsla		1,7	84,1	85,8	6,5	92,3	
Mýrarsýsla	1,0	10,3	114,8	126,1	29,1	155,2	
Dalasýsla	6,9	18,0	54,6	79,5	13,0	92,5	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							492,7
A.-Barðastrandarsýsla		12,1	20,5	32,6	50,2	82,8	
V.-Barðastrandarsýsla	0,1	3,6	40,7	44,4	44,6	89,0	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	26,1	42,7	64,2	106,9	
N.-Ísafjarðarsýsla	0,3	6,5	34,8	41,6	45,7	87,3	
Strandasýsla		7,4	41,8	49,2	89,1	138,3	
							504,3
V.-Húnavatnssýsla	0,8	7,2	103,8	111,8	49,7	161,5	
A.-Húnavatnssýsla			99,7	99,7		99,7	
Skagafjarðarsýsla	14,7	34,3	153,2	202,2	5,4	207,6	
							468,8
Eyjafjarðarsýsla		12,4	114,3	126,7	7,7	134,4	
S.-Þingeyjarsýsla	7,0	35,1	152,6	194,7		194,7	
N.-Þingeyjarsýsla	3,2	38,4	83,6	125,2		125,2	
							454,3
N.-Múlasýsla		61,2	149,5	210,7	35,5	246,2	
S.-Múlasýsla	0,5	36,5	94,6	131,6	42,5	174,1	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	11,2	53,8	65,8	27,0	92,8	
							513,1
Samtals	37,0	353,8	2 281,2	2 672,0	613,1		3 285,1

Fskj. 2.7.—0.1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurlandskjördæmi	11,1	3,3	14,4	0,1
Reykjanes	27,2	1,0	28,2	1,9
Reykjavík	25,1		25,1	11,0
Vesturland	10,8	2,5	13,3	
Vestfirðir	10,2	5,0	15,2	0,10
Norðurland vestra	8,7	3,1	11,8	1,3
Norðurland eystra	10,3	4,1	14,4	0,2
Austfirðir	21,1	3,5	24,6	0,30
Samtals	124,5	22,5	147,0	14,9

Ed. 246. Lög [128. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 163.

Nd. 247. Framhaldsnefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt framkomnar tillögur á þskj. 235 og 242. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki mælt með samþykkt þeirra. Efni tillagnanna hafði áður verið rætt í nefndinni að verulegu leyti og þá kom það sjónarmið skýrt fram, sem meiri hl. styður, að ekki sé tiltækt að svo komnu að móta það skipulag sem þar er gert ráð fyrir, að leggja málið fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Hins vegar hefur meiri hl. lagt áherslu á fullt samráð ráðherra um framkvæmd málsins við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo og sjávarútvegsnefndir þingsins. Vísast um það til nefndarálits meiri hl. þar sem undirstrikaður er vilji meiri hl. til þess að tryggja fullt samráð ráðherra við nefnda aðila. Hefur hann gefið skýrar yfirlýsingar um að hann muni leggja sig fram um slíkt samráð.

Meiri hl. getur ekki tekið undir önnur efnisatriði sem fram koma á þskj. 242, en minnir á að í frv. er ákvæði um að lögin skuli aðeins gilda í eitt ár.

Meiri hl. leggur áherslu á að eigi síðar en næsta haust, þegar þing kemur saman, verði unnið að endurskoðun laganna í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist svo að unnt sé að leggja málið fyrir á Alþingi fyrir árslok.

Alþingi, 17. desember 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Friðrik Sophusson.	Halldór Blöndal.	Gunnar G. Schram.

Nd. 248. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni og Svavari Gestssyni.

Aftan við 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:

Aftan við 6. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 21/1983) komi nýr töluliður sem orðist svo:

7. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum.

Ed. 249. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og aflað ýmissa upplýsinga um gjald þetta og fylgir hluti þeirra þessu nefndaráliti sem fylgiskjal. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum við málið.

Alþingi, 17. des. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Tómas Árnason.
Lárus Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.
	Eiður Guðnason.	

Fylgiskjal.

8. des. 1983.

Beiðni frá fjármálaráðuneyti um athugun á skattlagningu einstakra tollskrnr.

Tollskr.nr.	Texti	Áætlað cif-verð 1983 Þús. kr.	Áætlað smásöluvirði 1983 Þús. kr.	Hlutur ríkissjóðs %	Hlutur ríkissjóðs Þús. kr.
090400	Pipar, allrahanda	1 383	5 898	48,2	2 841
200204	Niðursoðnar baunir	2 038	8 336	46,4	3 865
200206	Rauðkál	1 523	6 217	46,4	2 885
330606	Rakkrem, háreyðingarkrem	1 713	8 102	47,6	3 855
330608	Varalitur	2 338	11 041	47,6	5 256
340503	Skóáburður	1 254	5 227	51,5	2 692
340509	Annað ræstiduft	634	2 650	51,3	1 359
482139	Serviéttur, borðdúkar	4 850	19 340	49,6	9 597
691000	Hreinlætistæki úr leir	12 576	45 566	53,3	24 290
845982	Hreinlætistæki	62	226	53,5	121
851520	Litasjónvarp	21 520	74 277	53,2	39 527
960104	Tannburstar	2 710	10 259	42,0	4 310
970601	Skíði, skíðastafir	6 240	16 488	38,3	6 319
970602	Skautar	268	736	37,8	277
980300	Sjálfblekungar	7 632	30 184	43,1	13 071
980500	Blýantar	4 042	16 089	43,1	6 941
	Samtals	70 783	260 658	48,8	127 206

Ed. 250. Breytingartillaga [50. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá Eyjólfi Konráði Jónssyni.

Í stað orðanna „31. desember 1984“ í a-lið 1. gr. komi: 30. apríl 1984.

Nd. 251. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh, SvG, GE).

1. Í stað „32%“ í 1. mgr. 3. gr. komi: 29.75%.
2. Í stað „51%“ í 6. gr. komi: 58%.

Ed. 252. Lög [133. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 168.

Nd. 253. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Svavari Gestssyni,
Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Á eftir 4. gr. komi ný gr. og orðist svo:

2. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og enn er óráðstafað, skal dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal

greiddur skattaðila, þó ekki hærri fjárhæð en nemur helmingi af heildarupphæð persónuafsláttar; ekki skal þó koma til útborgunar á 200 kr. eða lægri fjárhæð. Ekki skal greiða persónuafslátt til manna sem eru 20 ára eða yngri á tekjuárinu, né til manna með samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. sem nema meira en 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr. Sá hlutur persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

Nd. 254. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft nauman tíma til umfjöllunar um málið og það því tæpast hlotið eins nána athugun og æskilegast hefði verið.

Samkvæmt útreikningum Reiknistofnunar og ríkisskattstjóra verður verulegur fjöldi launafólks fyrir nokkurri eða verulegri skattaþyngingu samkvæmt tillögum meiri hl., jafnframt því sem gerð er tillaga af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um mikla skattalækkun á fyrirtækjum.

Minni hl. nefndarinnar gerir tillögu um að álagningarprósenta á félög skuli verða áfram hin sama og hæsta jaðarprósenta tekjuskatta á einstaklinga eins og verið hefur undanfarin ár, en jafnframt verði skattbyrði einstaklinga létt sem sömu fjárhæð nemur. Samkvæmt þessu yrðu prósentur á skattstiga einstaklinga 22,75%, 29,75% og 45%.

Áhrif breytingarinnar eru í grófum drættum þau skv. útreikningum Reiknistofnunar (miðað við 16,5% launahækkun milli 1983 og 1984):

1) að skattbyrði léttist frá fyrra ári hjá hjónum með tekjur upp að um 500 þús. kr. og hjá einstaklingum á tilsvarandi tekjubili;

2) Að skattbyrði verður léttari en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. fyrir miðtekjuhópa (450 þús. — 600 eða 700 þús. kr. fyrir hjón) en verður hærri á alhæstu tekjum.

Guðrún Agnarsdóttir var viðstödd fundi nefndarinnar og styður ofangreindar tillögur.

Jafnframt standa nefndarmenn að breytingartillögum á sérstökum þingskjölum. Eru þær annars vegar um að milda áhrif af tekjumissi vegna atvinnubrests eða sérstaks tekjubrests vegna t. d. aflasamdráttar. Hins vegar eru tillögur sem taka til þess að rétta hag hinna allra verst settu í þjóðfélaginu með útgreiðslu persónuafsláttar sem nýtist ekki til skattalækkunar eða greiðslu skatta og fellur því ónýttur við núverandi fyrirkomulag. Slík útgreiðsla næði þó að hámarki til hálfs persónuafsláttar og einungis til þeirra sem væru yfir tvítugt og störfuðu ekki við eigin atvinnurekstur skv. nánari skilgreiningu í lagagrein í breytingartillögunni. Áætlað er að sú fjárhæð, sem hér um ræðir, sé um 220 milljónir króna og er þá gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur um sömu upphæð.

Alþingi, 17. des. 1983.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson, frsm.	Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir jaðarhlutföll einstaklinga og félaga.

Ár	Einstaklingar tsk.	sjtrgj.	útsvar	Félög tsk.
1972	44,44	0	11	53,53
1973	44,44	0	11	53,53
1974	40,40	0	11	53,53
1975	40,40	0	11	53,53
1976	40,40	1	11	53,53
1977	40,40	1	11	53,53
1978	40,40	2	11	53,53
1979	50,5	2	11	65,65
1980	50,5	2	12,1	65,65
1981	50	2	12,1	65
1982	50	2	12,1	65
1983	50	2	12,1	65

Fylgiskjal II.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis,
Páll Pétursson
Alþingi

Reykjavík, 13. des. 1983.

Vegna fram komins frumvarps ríkisstjórnarinnar um breytingar á tekjuskattslögum vill sambandsstjórn A.S.Í. að eftirfarandi komi fram:

1. Meginforsenda frumvarpsins er að því er segir í greinargerð: „Frumvarpið miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama af tekjum greiðsluárs á árinu 1984 og á árinu 1983 eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi". Í þessu sambandi er ástæða til þess að benda á að óraunhæft er að afmarka umræður um byrði beinna skatta til hins opinbera við skattbyrði vegna gjalda til ríkisins. Fyrir þann, sem skattinn ber, skiptir heildarbyrðin meginmáli. *Að frumvarpinu samþykktu liggur ljóst fyrir að heildarbyrði beinna skatta mun á næsta ári verða um 14% en í ár er hún 12,5%.*
2. Ekki virðast áform uppi af hendi stjórnvalda um lækkun útsvarsprósentu umfram fyrirætlanir sveitarfélaga. Fyrirsjáanlegt er talið að útsvar og fasteignagjöld muni hækka um 47—49% frá síðustu álagningu.
3. Tekjuforsendur fjárlaga og fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnar miðast við að hækkun kauptaxta milli áranna 1983 og 1984 verði 15%. Í þeim útreikningum, sem ríkisskattstjóri hefur unnið, er hins vegar miðað við 20% tekjubreytingu milli ára þegar skattbyrðin er metin. Miðað við forsendur fjárlaga vanmeta útreikningar ríkisskattstjóra því skattbyrðina fyrir þorra launafólks. Þeir útreikningar staðfesta hins vegar ótvírætt það sem að framan segir um hækkun skattbyrði.

Með skírskotun til framanritaðs skorar sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands á háttvirt Alþingi að gera þær breytingar á framkomnu frumvarpi og lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem tryggi að heildarskattbyrði einstaklinga aukist ekki á næsta ári, annaðhvort með lækkun tekjuskatts eða frekari takmörkunum á skattlagningu sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,
F. h. Alþýðusambands Íslands
Ásmundur Stefánsson

Hjálagt sendist meðfylgjandi yfirlit um skattbyrði lagt fram á formannafundi A.S.Í. 11. des. 1983. Bent skal á að tilvik a í tekjuskatti í dæmunum miðast við 15% tekjubreytingu milli ára og tilvik b miðast við 20% tekjubreytingu.

Formannafundur A.S.Í.
11. des. 1983.

Skattbyrði tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars álagningarárin 1983 og 1984

Nýlega var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til breytinga á tekjuskattslögum. Í greinargerð með frumvarpinu segir meðal annars:

„Frumvarpið miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama af tekjum greiðsluárs á árinu 1984 og á árinu 1983 eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Skattalækkanir þær er ákveðnar voru með bráðabirgðalögum við valdatöku núverandi ríkisstjórnar haldast þannig óbreyttar á næsta ári."

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 20% tekjuhækkun milli áranna 1983 og 1984. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir 15% tekjuhækkun milli áranna. Sá munur, sem hér kemur fram í hækkun tekna milli áranna 1983 og 1984, er skýrður með aukinni yfirvinnu, launaskriði og auknum tilfærslutekjum á árinu 1984.

Í Morgunblaðinu 7. desember s.l. eru birtir útreikningar ríkisskattstjóra á skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds álagningarárin 1983 og 1984 miðað við forsendur frumvarpsins, þ. e. vergar tekjur hafi hækkað um 54% milli áranna 1982 og 1983 og að tekjur hækki um 20% milli áranna 1983 og 1984.

Þrátt fyrir þá forsendu að vergar tekjur hækki um 20% milli áranna er ekki að sjá á þeim tölum sem ríkisskattstjóri birtir að um skattalækkun sé að ræða.

Einnig er þess að geta að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að útsvarsprósentan lækki frá því sem nú er. Það hefur í för með sér að útsvarsálagningin hækkar um 54% frá síðasta ári. Fasteignamat hækkar nú að meðaltali um 53% þannig að líklegt má telja að fasteignagjöld hækki um sama hlutfall frá síðasta ári. Þegar litið er á beina skatta í heild sést á þessu að á næsta ári þyngist skattbyrðin verulega frá því sem nú er.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um skattbyrði þegar útsvari hefur verið bætt við tekjuskattinn og sjúkratryggingagjaldið. Fasteignagjöldum og eignarskatti er sleppt í dæmunum. Gert er ráð fyrir því að útsvarsprósentan lækki úr 11,88% í 11% frá síðustu álagningu.

Tvær forsendur eru gefnar um tekjubreytingar frá síðasta ári, þ. e. annars vegar að tekjur hækki um 15% milli áranna 1983 og 1984 og hins vegar að tekjubreytingin verði 20%.

Í þessum dæmum er reiknað með að tekjur á árinu 1983 séu 54% hærri en tekjur ársins 1982. Álagning árið 1983 er reiknuð miðað við tekjur ársins 1982 og álagning 1984 er reiknuð skv. forsendum frumvarpsins og af tekjum ársins 1983.

Þær tölur, sem eru innan sviga, eru eftirstöðvar persónufrádráttar sem koma til lækkunar á eignarskatti og útsvari og eftirstöðvar barnabóta sem koma til útborgunar.

Að öðru leyti skýra dæmin sig sjálf og því ekki ástæða til að rekja þau nánar.

Skattbyrði tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars álagningarárin 1983 og 1984.

1. Einstaklingur með 150 þús. kr. tekjur 1983 (tekjur 1982+54%).

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	1 054	(1 290)	1983	150 000	8,42%
útsvar	11 571	16 500	1984	a) 172 500	8,82%
				b) 180 000	8,45%
	12 625	**15 210**			

2. Einstaklingur með 250 þús. kr. tekjur 1983 (tekjur 1982+54%).

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	21 156	26 650	1983	250 000	16,18%
útsvar	19 286	27 500	1984	a) 287 500	18,83%
				b) 300 000	18,05%
	40 442	**54 150**			

3. Einstætt foreldri með barn yngra en 7 ára, tekjur 150 þús. 1983.

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	(2 356)	(6 120)	1983	150 000	(3,46%)
útsvar	11 571	16 500	1984	a) 172 500	(4,42%)
				b) 180 000	(4,23%)
	9 215	10 380			
÷ barnabætur	14 407	18 000			
	(5 192)	**(7 620)**			

4. Einstætt foreldri með barn yngra en 7 ára, tekjur 250 þús. 1983.

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	16 383	19 930	1983	250 000	8,50%
útsvar	19 286	27 500	1984	a) 287 500	10,24%
				b) 300 000	9,81%
	35 669	47 430			
÷ barnabætur	14 407	18 000			
	21 262	**29 430**			

5. Hjón, annar makinn tekjulaus, með 1 barn yngra en 7 ára, tekjur 1983 250 þús. kr.

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	3 087	(1 740)	1983	250 000	4,91%
útsvar	19 286	27 500	1984	a) 287 500	4,79%
				b) 300 000	4,59%
	22 373	25 760			
÷ barnabætur	10 110	12 000			
	12 263	**13 760**			

6. Hjón, annar makinn með 190 þús. kr. tekjur og hinn með 100 þús. kr., 1 barn undir 7 ára aldri.

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	5 256	1 420	1983	290 000	6,04%
útsvar	22 371	31 900	1984	a) 333 500	6,39%
				b) 348 000	6,13%
	27 627	33 320			
÷ barnabætur	10 110	12 000			
	17 517	**21 320**			

7. Hjón með 250 þús. kr. tekjur hvort á árinu 1983, 1 barn yngra en 7 ára.

	1983	1984	Ár	Tekjur	Skattbyrði
Tekjusk. og sjúkratr.gj.	43 676	55 220	1983	500 000	14,43%
útsvar	38 571	55 000	1984	a) 575 000	17,08%
				b) 600 000	16,37%
	82 247	110 220			
÷ barnabætur	10 110	12 000			
	72 137	**98 220**			

Fylgiskjal III.

Valin dæmi um skatta og skattbyrði.

Útreikningar frá ríkisskattstjóra.

Tölurnar 1.1 og 1.165 í þriðja aftasta dálki svara til annars vegar 10% og hins vegar 16,5% tekjuhækkunar milli áranna 1983 og 1984.

Einhleypingur — barnlaus

VERÐAR TEKJUR 1982	TEKJU SKATTS STOFN 1983	TEKJU SKATTUR 1983 -UN.PA	SJ.TR. GJALD 1983	ÚTSVAR 11.88% 1983	S.T.GJ. TEK.SK. OG ÚTSV. 1983	BARNA BÆTUR 1983	VERÐAR TEKJUR 1983	GRÐ.% AF VERÐUR TEKJ. 1983	TEKJU SKATTS STOFN 1984	TEKJU SKATTUR 1984 -UN.PA	SJ.TR. GJ.1984	ÚTSVAR 11% 1984	S.T.GJ. TEK.SK. OG ÚTSV. 1984	BARNA BÆTUR 1984	ÆÐ.VT. 1984 VT 83 * 1.165	GRÐ.% AF ÆÐ. VERÐUR TEKJ. 1984	GRÐ. ÞR. MÆLK. -LÆKK.
129870	111686	9623	0	14260	23883	0	200000	11.94	172000	9955	0	20200	30155	0	233000	12.94	1.00
194805	175324	31696	818	21980	54694	0	300000	16.23	270000	40825	1260	31200	73285	0	349500	20.97	2.74
259740	233766	56636	2117	29690	88443	0	400000	22.11	360000	71675	3260	42200	117135	0	466000	25.14	3.03
324675	292207	85857	3416	37410	126683	0	500000	25.34	450000	111275	5260	53200	169735	0	582500	29.14	3.80

Einhleypingur — barnlaus

VERÐAR TEKJUR 1982	TEKJU SKATTS STOFN 1983	TEKJU SKATTUR 1983 -UN.PA	SJ.TR. GJALD 1983	ÚTSVAR 11.88% 1983	S.T.GJ. TEK.SK. OG ÚTSV. 1983	BARNA BÆTUR 1983	VERÐAR TEKJUR 1983	GRÐ.% AF VERÐUR TEKJ. 1983	TEKJU SKATTS STOFN 1984	TEKJU SKATTUR 1984 -UN.PA	SJ.TR. GJ.1984	ÚTSVAR 11% 1984	S.T.GJ. TEK.SK. OG ÚTSV. 1984	BARNA BÆTUR 1984	ÆÐ.VT. 1984 VT 83 * 1.1	GRÐ.% AF ÆÐ. VERÐUR TEKJ. 1984	GRÐ. ÞR. MÆLK. -LÆKK.
129870	111686	9623	0	14260	23883	0	200000	11.94	172000	9955	0	20200	30155	0	220000	13.71	1.77
194805	175324	31696	818	21980	54694	0	300000	16.23	270000	40825	1260	31200	73285	0	330000	22.21	3.95
259740	233766	56636	2117	29690	88443	0	400000	22.11	360000	71675	3260	42200	117135	0	440000	26.62	4.51
324675	292207	85857	3416	37410	126683	0	500000	25.34	450000	111275	5260	53200	169735	0	550000	30.86	5.52

Hjón annar makinn með tekjur, barnlaus

VERGAR TEKJUR 1982	TEKJU SKATTS STOFN 1983	TEKJU SKATTUR 1983 -UN.PA	SJ.TR. GJALD 1983	UTSVAR 11.88% 1983	S.T.GJ. TEK.SK. OG UTSV. 1983	BARNA BÆTUR 1983	VERGAR TEKJUR 1983	GRÐ.% AF VERGUM TEKJ. 1983	TEKJU SKATTS STOFN 1984	TEKJU SKATTUR 1984 -UN.PA	SJ.TR. GJ.1984	UTSVAR 11% 1984	S.T.GJ. TEK.SK. OG UTSV. 1984	BARNA BÆTUR 1984	ÆÆ.VT. 1984 VT 83 * 1.165	GRÐ.% AF ÆÆ. VERGUM TEKJ. 1984	GRÐ. BR. HÆKK. -LÆKK.
Nýr bátur var keyptur árið 1978 og kostaði hann þá 40 millj. gamalla króna og er mikill hluti kaupverðs enn ógreiddur.

Samkvæmt rekstrarreikningi það sem af er árinu 1983 er farið fram á 880 þús. kr. á næsta ári. Það má sjá á þessum rekstrarreikningi að þetta framlag dugar í raun og veru engan veginn til þess að endar nái saman, þ. e. a. s. að standa undir rekstri og fjármagnskostnaði.

Herjólfur. Heildargjöld ársins 1982 námu 22,4 millj. kr. og tekjur án ríkisframlags 18,6 millj. kr. Hallinn án ríkisframlags, afskrifta og afborgana og vaxta á stofnlánum nam því 3,8 millj. kr. sem var að mestu leyti jafnaður út með ríkisframlaginu.

Um árið 1983 er það að segja að gert er ráð fyrir að halli án ríkisframlags, afskrifta og fjármagnskostnaðar af stofnlánum verði 5,3 millj. kr. Ríkisframlagið í ár gerir betur en að jafna þennan halla því að í ár hefur fyrirtækið fengið greiddar 7,9 millj. kr. Mismunurinn, 2,6 millj. kr., nýtist á næsta ári.

Rekstraráætlun Herjólfs hf. fyrir árið 1984 er byggð á niðurstöðum um reksturinn fyrstu 9 mánuði þessa árs. Áætlunin er þannig unnin að tölur 1983 eru framreiknaðar til áramóta, en síðan eru notaðar almennar forsendur þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrumvarps um þróun launa og verðlags á árinu 1984, þannig að launahækkun til ársmeðaltals er áætluð 6% og hækkun annarra kostnaðarliða um 4%.

Fjármagnsbeiðni fyrirtækisins er þannig sundurliðuð:

Neikvæð veltufjárstaða 1.1 1983	2 370 000 kr.
Ríkisframlag umfram áætlaðan rekstrarkostnað	2 627 000 kr.
Áætlaður rekstrarhalli 1984	10 166 000 kr.

Er þetta um 35% hækkun miðað við ríkisframlagið yfirstandandi ár. Í sjálfu sér nægir þetta engan veginn ef ætti að standa undir greiðslum af stofnlánum.

Miklar umræður fóru fram í nefndinni um rekstur sumra flóabátanna. Sem kunnugt er hefur fjármálaráðuneytið auglýst til sölu hlutabréf ríkisins í nokkrum fyrirtækjum, þar á meðal í þeim fyrirtækjum sem gera út flóabáta. Ef hlutabréf þessara báta verða seld, og þar sem svo stendur á að aðrir en ríkið eiga að mestu eða öllu leyti þá báta sem stofnstyrks njóta úr ríkissjóði, telur nefndin nauðsynlegt að gengið sé þannig frá málum að sett verði með einhverjum hætti sú kvöð á stofnstyrkina að ef slík skip hætta rekstri á þeirri flutningaleið, sem stofnstyrkurinn er veittur til, áður en eðlilegur endingartími skipsins er liðinn, þá verði eigendur að endurgreiða styrkinn miðað við söluverð eða matsverð skipsins, ef rekstri er hætt. Enn fremur telur nefndin nauðsynlegt að það verði tryggt á öruggan hátt, t. d. með samkomulagi rekstraraðila flóabátanna og samgönguráðuneytisins, að þeir skuldbindi sig til að halda að öllu leyti ferðaáætlun á þjónustusvæði sínu, og að ferðaáætlanir flóabátanna verði samþykktar af samgönguráðuneytinu. Um gerð samkomulags og framkvæmd þess verði haft samráð við formenn samgöngunefnda Alþingis.

Mjög ítarlega var fjallað um hverja umsókn og náðist full samstaða um fjárveitingar í nefndinni.

Samkvæmt greinargerð þeirri, er í nefndarálitinu greinir, leggur samvinnunefnd samgöngumála til að á fjárlögum 1984 verði veittar samtals 44 252 000 kr. sem skiptist svo sem lagt er til á þskj. 255. Er það 42,9% hækkun miðað við fjárlög yfirstandandi árs.

Alþingi, 17. des. 1983.

Stefán Valgeirsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Egill Jónsson, form. Ed.-nefndar.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. Nd.-nefndar.
Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Friðjón Þórðarson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Eggert Haukdal.	Karvel Pálmason.	Stefán Guðmundsson.
Skúli Alexandersson.	Tómas Árnason.	Árni Johnsen.
Valdimar Indriðason.	Kolbrún Jónsdóttir.	

Sþ. **264. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00 101 Embætti forseta Íslands 0101 Almennur rekstur.	
Fyrir „5 593“ kemur	5 943
2. Við 4. gr. 02 203 Raunvísindastofnun háskólans.	
a. Við 0101 Yfirstjórn.	
Fyrir „2 845“ kemur	2 419
b. Við 0102 Fasteignir, rekstur.	
Fyrir „3 059“ kemur	3 086
c. Nýr liður:	
0103 Sameiginleg verkefni	750
d. Við 02 Eðlisfræðistofa.	
Fyrir „3 677“ kemur	4 566
e. Við 03 Efnafræðistofa.	
Fyrir „5 045“ kemur	4 081
f. Við 04 Jarðvísindastofa, jarðfræðideild.	
Fyrir „3 558“ kemur	3 206
g. Við 05 Jarðvísindastofa, jarðeðlisfræðideild.	
Fyrir „3 318“	4 243
h. Við 06 Jarðvísindastofa, háloftadeild.	
Fyrir „1 449“ kemur	1 293
i. Við 07 Reiknistofa.	
Fyrir „1 771“ kemur	1 534
j. Við 09 Stærðfræðistofa.	
Fyrir „2 333“ kemur	1 877
3. Við 4. gr. 02 321 Kennaraháskóli Íslands 4 Viðhald.	
Fyrir „270“ kemur	470
4. Við 4. gr. 02 351 0101 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.	
Fyrir „43 706“ kemur	44 356
5. Við 4. gr. 02 506 Vélskóli Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „1 050“ kemur	1 550
6. Við 4. gr. 02 797 Skólar fyrir þroskaheft börn 0106 Sameiginleg þjónusta.	
Fyrir „11 253“ kemur	11 493
7. Við 4. gr. 02 802 0102 Barnaverndarráð.	
Fyrir „1 457“ kemur	1 857
8. Við 4. gr. 02 881 Náms- og fræðimenn, framlög 0103 Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum.	
Fyrir „270“ kemur	600
9. Við 4. gr. 02 972 Ríkisútvarp, sjónvarp.	
Fyrir „4 500“ kemur	6 700

	Þús. kr.
10. Við 4. gr. 02 977 Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.	
Fyrir „2 000“ kemur	7 000
11. Við 4. gr. 02 980 Listskreytingarsjóður ríkisins.	
Fyrir „2 500“ kemur	4 000
12. Við 4. gr. 02 982 Listir, framlög.	
a. Við 0105 Önnur leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „700“ kemur	1 000
b. Við 0418 Nýlistarsafn.	
Fyrir „90“ kemur	150
13. Við 4. gr. 02 991 0104 Byggða- og minjasöfn.	
Fyrir „3 850“ kemur	3 950
14. Við 4. gr. 02 999 Ýmislegt.	
a. Við 0213 Kvenfélagasamband Íslands.	
Fyrir „300“ kemur	450
b. Við 0308 Ýmis framlög.	
Fyrir „1 200“ kemur	1 400
15. Við 4. gr. 04 201 Búnaðarfélag Íslands 0103 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn.	
Fyrir „6 131“ kemur	7 131
16. Við 4. gr. 04 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.	
a. Við 0102 Landgræðsluáætlun, RALA.	
Fyrir „2 318“ kemur	2 218
b. Við 0103 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.	
Fyrir „3 553“ kemur	3 860
c. Við 0104 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.	
Fyrir „15 110“ kemur	18 694
d. Við 0105 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi.	
Fyrir „760“ kemur	818
17. Við 4. gr. 04 288 Jarðræktarlög, framlög.	
a. Við 0101 Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur.	
Fyrir „49 800“ kemur	89 800
b. Við 0102 Framræsla.	
Fyrir „7 000“ kemur	12 000
c. Við 0104 Rekstrargjöld.	
Fyrir „7 458“ kemur	7 828
18. Við 4. gr. 04 291 Búfjárrækt, framlag skv. lögum nr. 31/1973.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „5 233“ kemur	5 643
b. Við 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
Fyrir „8 000“ kemur	11 000
19. Við 4. gr. 04 299 0118 Skógræktarfélag Íslands.	
Fyrir „80“ kemur	140
20. Við 4. gr. 05 299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 0119 Mörkun fiskveiðistefnu.	
Fyrir „500“ kemur	1 500
b. Nýr liður:	
0120 Stjórn fiskveiða	5 000
c. Nýr liður:	
0121 Hafrannsóknir á djúpslóð	8 000

21. Við 4. gr. 06 253 Almannavarnir ríkisins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Þús. kr.
Fyrir „450“ kemur 950
22. Við 4. gr. 06 303 0101 Prestar og prófastar.
Fyrir „49 589“ kemur 50 289
23. Við 4. gr. 06 304 0135 Hólar í Hjaltadal.
Fyrir „120“ kemur 180
24. Við 4. gr. 07 700 Málefni fatlaðra.
a. Við 0104 Sambýli.
Fyrir „5 169“ kemur 5 669
b. Við 0105 Verndaðir vinnustaðir.
Fyrir „12 852“ kemur 13 102
25. Við 4. gr. 07 760 Skálatún, Mosfellssveit 20 Laun.
Fyrir „16 908“ kemur 17 408
26. Við 4. gr. 07 953 Jafnréttisráð 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „311“ kemur 411
27. Við 4. gr. 07 954 Vinnueftirlit ríkisins.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „9 680“ kemur 9 980
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „6 101“ kemur 6 301
c. Við 0 Sértekjur.
Fyrir „16 071“ kemur 16 571
28. Við 4. gr. 07 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
a. Við 0135 Þroskahjálp, landssamtök.
Fyrir „100“ kemur 200
b. Nýr liður:
0146 Samtök aldraðra 200
c. Við 0150 Ýmis framlög.
Fyrir „450“ kemur 650
29. Við 4. gr. 08 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
Fyrir „7 109“ kemur 7 469
30. Við 4. gr. 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.
Fyrir „4 666 000“ kemur 4 623 050
31. Við 4. gr. 08 301 Landlæknir 0101 Yfirstjórn.
Fyrir „5 013“ kemur 5 263
32. Við 4. gr. 08. Nýr liður:

		Þús. kr.	
310	**Ríkisspítalar**		
20	Laun	12 100	
2	Önnur rekstrargjöld	5 450	
	Gjöld samtals		17 550

33. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn.
a. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „30 000“ kemur 55 700
b. Sundurliðun komi í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Landspítalinn, fjárfestingar (08 371 6).		
a. Yfirstjórn.		
1. Geðdeild	9 100	
2. Bygging W	600	
3. Bygging K	12 000	
4. Tækjakaup	5 000	
		26 700
b. Stjórnarnefnd.		
1. Almennar framkvæmdir	7 500	
2. Sérstök verkefni og stærri tækjakaup	21 500	
		29 000
		55 700

34. Við 4. gr. 08 385 Framkvæmdasjóður aldraðra.
Fyrir „42 000“ kemur 61 000

35. Við 4. gr. 08 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „67 271“ kemur 73 251
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 054“ kemur 3 054

36. Við 4. gr. 08 399 Heilbrigðismál, ýmis starfemi.
a. Við 0109 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „5 392“ kemur 10 000
b. Við 0115 Til reykingavarna.
Fyrir „400“ kemur 500
c. Við 0156 Ýmis framlög.
Fyrir „180“ kemur 480

37. Við 4. gr. 08 481 0105 Stórstúka Íslands.
Fyrir „225“ kemur 325

38. Við 4. gr. 09 261 Tollstjórinn í Reykjavík 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „6 848“ kemur 7 148

39. Við 4. gr. 09 381 Uppbætur á lífeyri.
Fyrir „256 646“ kemur 257 446

40. Við 4. gr. 09 383. Liðurinn orðist svo:

	Þús. kr.	
383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn og ekkjur.		
20 Laun	3 737	
Gjöld samtals		3 737

41. Við 4. gr. 09 384 Styrktarfé, ekkjur.
Liðurinn falli niður.

42. Við 4. gr. 09 999 Ýmislegt.
a. Við 0113 Milliþinganefndir.
Fyrir „194“ kemur 400
b. Nýr liður:
0304 Aðgerðir gegn eiturlyfjum 1 000

43. Við 4. gr. 10. Nýr liður:

	Þús. kr.	
102 Póst- og símamálastofnunin.		
90 Yfirfærslur:		
91 Til fyrirtækja í B-hluta	37 419	
		37 419

	Þús. kr.
44. Við 4. gr. 10 211 Vegagerð ríkisins.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „150 640“ kemur	202 100
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „16 000“ kemur	21 200
c. Við 4 Viðhald.	
Fyrir „268 700“ kemur	465 100
d. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „406 300“ kemur	562 700
e. Við 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
Fyrir „7 800“ kemur	7 900
f. Við 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „99 300“ kemur	127 000
45. Við 4. gr. 10 321 Strandferðir, framlög 91 Til fyrirtækja í B-hluta.	
Fyrir „25 000“ kemur	37 000
46. Við 4. gr. 10 332 Vitastofnun Íslands 0105 Vitabyggingar.	
Fyrir „3 700“ kemur	5 500
47. Við 10 333 0104 Ferjubryggjur.	
Fyrir „3 200“ kemur	3 700
48. Við 4. gr. 10 341 Siglingamálastofnun ríkisins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „1 500“ kemur	1 900
49. Við 4. gr. 10 471 Flugmálastjórn.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „58 519“ kemur	95 356
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „39 839“ kemur	60 777
c. Við 4 Viðhald.	
Fyrir „8 000“ kemur	12 376
50. Við 4. gr. 10 485 0103 Tilkynningarskylda fiskiskipa.	
Fyrir „1 730“ kemur	2 200
51. Við 4. gr. 10 652 Veðurstofa Íslands.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „34 221“ kemur	34 512
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „21 296“ kemur	21 504
c. Við 4 Viðhald.	
Fyrir „1 291“ kemur	1 613
d. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „6 120“ kemur	7 520
e. Við 0 Sértekjur.	
Liðurinn falli niður.	
52. Við 4. gr. 11 221 Lánasjóðir iðnaðarins.	
Fyrir „5 000“ kemur	15 000
53. Við 4. gr. 11 299 Iðja og iðnaður, framlög.	
a. Við 0104 Iðnþróun og tækninýjungar.	
Fyrir „2 500“ kemur	2 000
b. Nýr liður:	
0129 Rannsóknir á surtarbrandi	1 800

54. Við 4. gr. 11 399 Ýmis orkumál. Nýr liður: Þús. kr.
0107 Háhitarannsóknir 1 200
55. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „1 010 000“ kemur 945 000
56. Við 6. gr.
a) Við 3. Nýir liðir:
3.2. Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán sem bæjarsjóður Akureyrar tekur vegna tækjakaupa eða framkvæmda við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
3.3. Að veita ríkisábyrgð vegna erlendra vörukaupalána til raðsmíði fiskiskipa fyrir allt að 20% af smíðaverði hvers skips.
b. Við 4.10 Liðurinn orðist svo:
Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar.
c. Við 4.13. Liðurinn orðist svo:
Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum, véla- og varahlutum svo og búrum, efnivörum í þau, hreiðurkössum og gildrum til nota við framleiðslu á loðdýraafurðum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
d. Við 4.14. Liðurinn orðist svo:
Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjúkra- og leitarbifreiðum í eign björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn, brunaslöngur og tengistykki fyrir þær, og annan sérbúnað sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
e. Við 4.23. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða sölugjald af stólalyftum sem skíðadeild K.R. og Bláfjallanefnd hafa fest kaup á og reist, svo og skíðalyftum sem keyptar hafa verið á árinu 1983.
f. Við 4.26. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstæki ásamt skjá, sem Menntaskólinn í Reykjavík fékk að gjöf, og af myndsegulbandi sem Verslunarskóli Íslands fær að gjöf.
g. Við 4.27. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjóbifreiðum sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps og björgunarsveit Hornafjarðar o. fl. hafa fest kaup á.
h. Við 4. Nýir liðir:
4.30. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til byggingar hveitimyllu á vegum Fóðurblöndunar hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.31. Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar vegna kaupa á þeim skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.
4.32. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til grasköggla verksmiðja og heyköggla verksmiðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þess ákvæðis.

4.33. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til byggingar saltverksmiðju á Reykjanesi.
4.34. Að fella niður eða endurgreiða samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra aðflutningsgjöld af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21 sem fengið hafa tollafgreiðslu frá og með 24. nóvember 1983 og notuð eru í atvinnurekstri.
4.35. Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af jafnmörgum talstöðvum til sérleyfishafa og skráðar voru í sérleyfisbifreiðum þeirra áður en breytingar Póst- og símamálastofnunarinnar á fjarskiptakerfi fyrir þessar bifreiðar komu til framkvæmda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.36. Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af innanhússíma fyrir sjúkrahús og aðrar hjúkrunarstofnanir.
4.37. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af neyðar- og kallkerfum sem sett verða upp í vernduðum þjónustuíbúðum aldraðra og fatlaðra og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 92/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.38. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af íblöndunarefni sem flutt er inn í tilraunaskyni til betri nýtingar á olíu í fiskiskipum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.39. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld eftir nánari ákvæðum, sem fjármálaráðuneytið setur, af eftirtöldum búnaði til sjóbjörgunarsveita Slysavarnafélags Íslands:
a) Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum við björgun manna úr sjávarháska.
b) Utanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.
c) Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja, slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá strönduðum skipum.
d) Sérhönnuðum „neyðarleifturljósum“ (Strobe-light) á björgunarvesti og björgunarbúninga. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.40. Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af hjartaþræðingartæki sem fyrirhugað er að kaupa fyrir Landspítalann.
4.41. Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.42. Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af varahlutum til snjóbifreiða sem annast reglulega fólksflutninga. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

i. Við 5.6. Liðurinn falli niður.
j. Við 5.15. Liðurinn falli niður.
k. Við 5.19. Liðurinn falli niður.
l. Við 5. Nýir liðir:
5.41. Að kaupa Ingólfsskála við Reykjavíkurhöfn til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina og taka til þess lán ef nauðsynlegt reynist.
5.42. Að selja Andakílsárvirkjun 66 kV línu ca 2 km langa milli Vatnshamra og

Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rarik, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu. Enn fremur að selja Andakílsárvirkjun aðveitustöð við Akranes, land, hús og búnað sem er eign Rarik.

5.43. Að selja prestsbústaðinn í Keflavík, nr. 28 við Skólaveg.

5.44. Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka nauðsynleg lán í því skyni.

5.45. Að selja húseignina Sunnubraut 7 í Búðardal og verja andvirði hennar til að kaupa eða byggja nýjan embættisbústað fyrir heilsugæslulækni þar.

5.46. Að selja fasteignina Austurgötu 11 í Hafnarfirði sem er eign Póst- og símamálastofnunarinnar.

5.47. Að selja fasteign Póst- og símamálastofnunarinnar að Hjalteyrargötu 2, Akureyri.

5.48. Að gera makaskiptasamning um kaup á fasteigninni Austurveg 8, Hrísey, Eyjafjarðarsýslu, fyrir fasteignina Lambhaga 19, sama stað, vegna Einangrunarstöðvar ríkisins í Hrísey.

5.49. Að kaupa húsnæði til nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

5.50. Að selja 3. hæð fasteignarinnar nr. 37 við Skipholt í Reykjavík.

5.51. Að selja vitaskipið Árvakur og verja andvirðinu að hluta til kaupa á krana og tækjabúnaði til vitaþjónustu.

m. Við 6.14. Liðurinn orðist svo:
Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík og verja andvirði þess til þess að kaupa eða byggja skrifstofuhús og lögreglustöð fyrir embættið og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

n. Við 6. Nýir liðir:

6.17. Að taka lán til endurbóta á skrifstofuhúsnæði sem keypt hefur verið fyrir bæjarfógetann í Vestmannaeyjum að Heiðarvegi 15 þar í bæ.

6.18. Að taka lán til kaupa á björgunar- og leitarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

6.19. Að taka lán til að innrétta skemmu sem Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur tekið á leigu að Bíldshöfða 6 í Reykjavík.

6.20. Að taka lán til þess að kaupa tæki fyrir Lyfjaverslun ríkisins og tryggja rekstur hennar, enda fari fram sérstök úttekt á stofnuninni.

6.21. Að kaupa tæki og annan búnað handa tollþjónustunni til að leita að eiturlyfjum og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

o. Við 7.7. Liðurinn falli niður.

p. Við 7. Nýir liðir:

7.10. Að semja við Herjólf hf. um uppgjör á vanskilaskuld fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.

7.11. Að semja í samráði við sjávarútvegsráðuneytið og Hafrannsóknastofnunina um smíði á rannsóknaskipi fyrir stofnunina og taki samningurinn einnig til breytinga og endurbóta, þannig að skipið henti sem rannsóknaskip. Í því skyni er fjármálaráðherra heimilt að verja fé úr ríkissjóði, taka erlent lán og selja, í samráði við sjávarútvegsráðuneytið, rannsóknaskipin Hafþór og Dröfn.

Sþ. 265. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. Hlutafélagaframlög.	
Fyrir „75 000“ kemur	75 920
2. Við 3. gr. 0120 Tekjuskattur einstaklinga.	
Fyrir „1 885 000“ kemur	1 790 000
3. Við 3. gr. 0124 Sjúkratryggingagjald.	
Fyrir „100 000“ kemur	120 000
4. Við 3. gr. 0130 Tekjuskattur félaga.	
Fyrir „340 000“ kemur	335 000
5. Við 3. gr. 0175 Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra.	
Fyrir „42 000“ kemur	46 00
6. Við 3. gr. 0201 Tollafgreiðslugjald.	
Fyrir „65 000“ kemur	68 000
7. Við 3. gr. 0210 Aðflutningsgjöld.	
a. Aðflutningsgjöld.	
Fyrir „1 955 000“ kemur	2 035 000
b. Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.	
Fyrir „95 000“ kemur	100 000
8. Við 3. gr. 0260 Innflutningsgjald af bensíni.	
Fyrir „603 200“ kemur	663 000
9. Við 3. gr. 0270 Gúmmígjald.	
Liðurinn falli niður.	
10. Við 3. gr. 0280 Innflutningsgjald af bifreiðum.	
Fyrir „52 000“ kemur	64 000
11. Við 3. gr. 0230 Jöfnunargjald.	
Fyrir „115 000“ kemur	120 000
12. Við 3. gr. 0600 Álgjald.	
Fyrir „30 000“ kemur	30 500
13. Við 3. gr. 0611 Vörugjald.	
Fyrir „58 000“ kemur	61 000
14. Við 3. gr. 0641 Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu.	
Fyrir „150 000“ kemur	176 000
15. Við 3. gr. 0300 Söluskattur.	
a. Söluskattur.	
Fyrir „7 380 000“ kemur	7 295 000
b. Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.	
Fyrir „500 000“ kemur	495 000
16. Við 3. gr. 0622 Skemmtanaskattur.	
Fyrir „18 000“ kemur	20 000

	Þús. kr.
17. Við 3. gr. 0400 Launaskattur.	
Fyrir „890 000“ kemur	860 000
18. Við 3. gr. 0410 Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda.	
Fyrir „380 000“ kemur	410 000
19. Við 3. gr. 0420 Slysatryggingagjöld atvinnurekenda o. fl.	
Fyrir „28 000“ kemur	62 000
20. Við 3. gr. 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR.	
Fyrir „980 000“ kemur	900 000
21. Við 3. gr. 0800 Stimpilgjald.	
Fyrir „265 000“ kemur	295 000
22. Við 3. gr. 0810 Aukatekjur.	
Fyrir „38 600“ kemur	49 000
23. Við 3. gr. 0820 Þinglýsingar.	
Fyrir „5 400“ kemur	9 000
24. Við 3. gr. 0720 Bifreiðaskattur.	
Fyrir „200 000“ kemur	310 000
25. Við 3. gr. 0750 Skráningargjald bifreiða.	
Fyrir „22 500“ kemur	30 000
26. Við 3. gr. 0740 Skoðunargjald bifreiða.	
Fyrir „14 000“ kemur	18 000
27. Við 3. gr. 0831 Lestagjald.	
Fyrir „105“ kemur	170
28. Við 3. gr. 0833 Vitagjald.	
Fyrir „6 500“ kemur	8 300
29. Við 3. gr. 0832 Skipaskoðunargjald.	
Fyrir „600“ kemur	1 000
30. Við 3. gr. 0842 Leyfisgjald.	
Fyrir „30 000“ kemur	32 000
31. Við 3. gr. 0884 Verðjöfnunargjald.	
Fyrir „240 000“ kemur	360 000
32. Við 3. gr. 0850 Áhættugjald vegna ríkisábyrgða.	
Fyrir „15 600“ kemur	19 000
33. Við 3. gr. 0891 Skipulagsgjald.	
Fyrir „7 050“ kemur	10 000
34. Við 3. gr. 0881 Rafmagnseftirlitsgjald.	
Fyrir „9 300“ kemur	12 000
35. Við 3. gr. 0871 Prófgjald bifreiðastjóra.	
Fyrir „1 130“ kemur	1 500
36. Við 3. gr. 0895 Sérlyfjagjald.	
Fyrir „430“ kemur	900
37. Við 3. gr. 1010 Afgjöld ríkisjarða.	
Fyrir „240“ kemur	400
38. Við 3. gr. 1030 Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn.	
Fyrir „7 000“ kemur	10 000
39. Við 3. gr. 1020 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.	
Fyrir „50 000“ kemur	65 000
40. Við 3. gr. 2010 Vextir.	
Fyrir „190 000“ kemur	200 000

	Þús. kr.
41. Við 3. gr. 2030 Sameignir ríkisins.	
Fyrir „2 625“ kemur	5 500
42. Við 3. gr. 1911 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs.	
Fyrir „24 000“ kemur	30 000
43. Við 3. gr. Nýr liður:	
1980 ICAO tekjur	140 000
44. Við 4. gr. Launaliðir lækki um 1,9% vegna nýrrar spár um samdrátt þjóðartekna	92 930
45. Við 4. gr. 02 700 Grunnskólar, Reykjavík 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir„773“ kemur	758
46. Við 4. gr. 02 710 Grunnskólar, Reykjanesi 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „716“ kemur	702
47. Við 4. gr. 02 730 Grunnskólar, Vesturlandi 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „376“ kemur	369
48. Við 4. gr. 02 740 Grunnskólar, Vestfjörðum 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „290“ kemur	284
49. Við 4. gr. 02 750 Grunnskólar, Norðurlandi vestra 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „305“ kemur	299
50. Við 4. gr. 02 760 Grunnskólar, Norðurlandi eystra 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „464“ kemur	455
51. Við 4. gr. 02 770 Grunnskólar, Austurlandi 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „352“ kemur	345
52. Við 4. gr. 02 780 Grunnskólar, Suðurlandi 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „418“ kemur	410
53. Við 4. gr. 02 797 Skólar fyrir þroskaheft börn 94 Til einstaklinga og samtaka.	
Fyrir „3 046“ kemur	2 993
54. Við 4. gr. 02 871 Unglingaheimili ríkisins.	
Fyrir „2 316“ kemur	2 209
55. Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „400 000“ kemur	399 949
56. Við 4. gr. 02 973 Þjóðleikhúsið, framlög.	
Fyrir „42 434“ kemur	41 629
57. Við 4. gr. 02 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.	
Fyrir „14 280“ kemur	14 132
58. Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður 0101 Verðjöfnunargjald.	
Fyrir „240 000“ kemur	360 000
59. Við 4. gr. 15 991 Ýmis lán ríkissjóðs.	
a. Við 98 Lánahreyfingar út.	
Fyrir „1 142 400“ kemur	1 152 200
b. Við 99 Lánahreyfingar inn.	
Fyrir „108 000“ kemur	110 000
60. Við 5. gr. 22 871 Unglingaheimili ríkisins Kópavogi 20 Laun.	
Fyrir „5 622“ kemur	5 515
61. Við 5. gr. 22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna 20 Laun.	
Fyrir „2 680“ kemur	2 629
62. Við 5. gr. 22 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.	
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „38 000“ kemur	40 000

			Þús. kr.
b. Við 4 Viðhald.			
Fyrir „1 200“ kemur			1 500
c. Við 27 Vextir.			
Fyrir „1 000“ kemur			4 000
d. Við 28 Afskriftir.			
Fyrir „14 600“ kemur			20 000
e. Við 90 Yfirfærslur.			
Fyrir „12 500“ kemur			13 500
f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.			
Fyrir „125 000“ kemur			135 000
g. Við 983. Liðurinn orðist svo:			
983 Fjárfestingar:			
Tækjabúnaður stöðva	4 100		
Dreifikerfi:			
rás I	3 900		
rás II	6 000		
RÚVAK	7 500		21 500
h. Við 984 Annað.			
Liðurinn falli niður.			
63. Við 5 22 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.			
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.			
Fyrir „62 500“ kemur			70 200
b. Við 4 Viðhald.			
Fyrir „2 100“ kemur			3 000
c. Við 27 Vextir.			
Fyrir „8 100“ kemur			11 400
d. Við 28 Afskriftir.			
Fyrir „30 600“ kemur			40 000
e. Við 90 Yfirfærslur.			
Fyrir „19 900“ kemur			21 000
f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.			
Fyrir „199 000“ kemur			210 000
g. Við 981 Afborgun lána.			
Fyrir „800“ kemur			14 250
h. Við 983. Liðurinn orðist svo:			
983 Fjárfestingar:			
Tækjabúnaður stöðva	12 000		
Dreifikerfi — stöðvar	12 050		
Örbylgja Vestfirðir	2 500		26 550
i. Við 984 Annað.			
Liðurinn falli niður.			
64. Við 5. gr. 22 973 Þjóðleikhúsið 20 Laun.			
Fyrir „42 389“ kemur			41 584
65. Við 5. gr. 22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands 20 Laun.			
Fyrir „23 590“ kemur			23 142
66. Við 5. gr. 23 115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli.			
a. Við 983 Fjárfesting.			
Fyrir „254 670“ kemur			239 670
b. Við 992 Tekin lán.			
Fyrir „103 770“ kemur			88 770

Við 5. gr. 30 101 Póst- og símamálastofnunin. Þús. kr.

a. Við 20 Laun.
Fyrir „586 800“ kemur 595 542

b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „606 000“ kemur 647 479

c. Við 4 Viðhald.
Fyrir „25 000“ kemur 33 098

d. Við 27 Vextir.
Fyrir „179 350“ kemur 92 600

e. Við 28 Afskriftir.
Fyrir „195 000“ kemur 240 000

f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „1 519 000“ kemur 1 682 900

g. Nýr liður:
012 Framlög ríkissjóðs 37 419

h. Við 020 Vaxtatekjur.
Fyrir „121 400“ kemur 27 500

i. Við 019 Aðrar tekjur.
Fyrir „35 499“ kemur 48 300

j. Við 981 Afborgun lána.
Fyrir „75 609“ kemur 76 000

k. Við 983. Liðurinn orðist svo:
983 Fjárfestingar:

Almennar	198 495	
Í sveitum	115 905	314 400

l. Við 984 Annað.
Fyrir „29 000“ kemur 67 000

m. Nýr liður:
992 Tekin lán 30 000

n. Sundurliðun fjárfestinga kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar (30 101 983).

I. Almenn fjárfesting	Þús. kr.	
1. Sjálfvirkar símstöðvar	48 070	
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum	19 485	
2.2 Símasjálfsalar	3 000	
3. Landsímasambönd:		
3.1 Jarðsímaleiðir	660	
3.2 Fjölsímaleiðir	32 685	
3.3 Radíóleiðir	16 970	
4. Radíósendistöðvar	10 905	
5. Jarðstöð	9 500	
6. Húsbyggingar	35 970	
7. Bifreiðar og vélar	9 700	
8. Tölvubúnaður	11 550	
		198 495

	Þús. kr.	Þús. kr.
II. Fjárfesting í sveitum 1984 samkvæmt lögum nr. 32/1981		
1. Sjálfvirkar símstöðvar	17 800	
2. Jarðsímar	59 745	
3. Fjölsímar	15 185	
4. Radíóleiðir	17 925	
5. Húsbyggingar	5 250	
		115 905
I. Almenn fjárfesting		
1. Sjálfvirkar símstöðvar		
1.1 Stafrænar símstöðvar:		
a. Árbær	4 720	
b. Seltjarnarnes	4 560	
c. Breiðholt	3 070	
d. Hafnarfjörður	3 070	
e. Kópavogur	3 070	
f. Reykjavík (miðborg)	5 220	
g. Garður	2 800	
		26 510
1.2 Aðrar símstöðvar:		
a. Almenna tölvunetið	10 000	
b. Útlandasímstöð	2 300	
c. Tónvalsmóttökubúnaður	4 960	
d. Gaumkerfi	4 300	
		21 560
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum		
a. Reykjavíkursvæðið	9 700	
b. Umdæmi I	4 185	
c. Umdæmi II	1 200	
d. Umdæmi III	3 200	
e. Umdæmi IV	1 200	
		19 485
2.2 Símsjálfsalar	3 000	
		3 000
3. Landssímasambönd:		
3.1 Jarðsímaleiðir		
a. Strengir vegna radíóstöðva	495	
b. Ófyrirséð	165	
		660
3.2 Fjölsímaleiðir:		
a. Hofsós — Sauðárkrókur	435	
b. Ísafjörður — Bolungarvík	700	

	Þús. kr.	Þús. kr.
c. Hella — Hvolsvöllur	615	
d. Ýmsir fjölsímar (stækkanir)	12 720	
e. Tónritsímabúnaður	960	
f. Girðisholt (síur og gafflar)	260	
g. Stafrænt net (R. og Kf. svæði)	11 590	
h. Bergmálslokar (utanlandslínur)	870	
i. Einmótaðar rásir (fyrir fjallastöðvar)	1 135	
j. Fjölsímar fyrir Skyggni	1 655	
k. Ísafjörður — Reykjavík	1 745	
		32 685
3.3 Radíóleiðir:		
a. Gaumkerfi	3 360	
b. Hofsós — Sauðárkrókur	1 865	
c. Viðarfjall — Þórshöfn	1 165	
d. Ísafjörður — Blönduós	10 580	
		16 970
4. Radíósendistöðvar:		
a. Strandarstöðvar utan Reykjavíkur	2 395	
b. Reykjavík radíó	2 000	
c. Bílasími	2 810	
d. Bílastöðvar	1 575	
e. Strandarstöðvar afgr. búnaður	695	
f. Metrabylgja vegna skipa	1 430	
		10 905
5. Jarðstöð:		
a. Varasamband fyrir Skyggni	9 500	
		9 500
6. Húsbyggingar:		
a. Reykjavík — Múli	22 125	
b. Póstútibú, Mjódd	1 000	
c. Jörfi	3 750	
d. Súðavík	1 725	
e. Ísafjörður	1 310	
f. Akranes	750	
g. Seltjarnarnes	1 750	
h. Akureyri	3 000	
i. Tækjahús v/Ísafjarðar — Blönduós radíóleiðir	560	
		35 970
7. Bifreiðar og vélar:		
a. Bifreiðar	7 000	
b. Tæki fyrir pósthús	2 700	
		9 700
8. Tölvubúnaður:		
a. Póstgíróstofan/póststöðvar	7 300	
b. Tæknideild	3 000	
c. Fjármáladeild	550	
d. Símstöðin í Reykjavík	700	
		11 550

II. Fjárfesting í sveitum 1984 samkvæmt lögum nr. 32/1981, sundurliðun:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
a. Stafræn stöð, — AXE	13 500	
b. Ferjöld	4 300	
		17 800
2. Jarðsímar í sveitum:		
a. Hörgslandshreppur, V-Skaft.	3 995	
b. Skaftártungur, V-Skaft.	2 085	
c. Rangárvallahreppur, Rang.	1 240	
d. Álftaneshr., Hraunhr., Mýr.	6 310	
e. Staðarsveit, Breiðavíkurhr., Snæf.	4 650	
f. Haukadalshr., Hörðudalshr., Miðdalahr., Dal.	5 815	
g. Gufudalshreppur, A-Barð.	410	
h. Rauðasandshreppur, V-Barð.	4 975	
i. Þingeyrarhreppur, V-Ís.	410	
j. Mýrahr., Mosvallahr., V-Ís.	2 000	
k. Bæjarhreppur, Strand.	2 650	
l. Skarðshreppur, Skag.	1 490	
m. Hofshr., Fellshr., Skag.	4 650	
n. Skriðuhr., Öxnadalshr., Glæsibæjarhr., Eyf.	5 815	
o. Bárðardalur, S-Þing.	4 975	
p. Fellahreppur, Tunguhreppur, N-Múl.	4 975	
q. Breiðadalshreppur, S-Múl.	3 300	
		59 745
3. Fjölsímar:		
a. Breiðamýri — Lundarbrekka	1 050	
b. Hvolsvöllur — Steinar	785	
c. Klaustur — Síða	875	
d. Borgarnes — Sveinsstaðir	785	
e. Miklah. — Furubr. — Öxl	2 090	
f. Búðardalur — Kvennabr.	875	
g. Búðardalur — Hörðuból	875	
h. Patreksfjörður — Rauðisandur	525	
i. Brú — Bær	875	
j. Akureyri — Björg — Öxnadalur	2 355	
k. Kljáfoss — Lundarreykjadalur	785	
l. PCM notendakerfi 4 ★ 30 + 10 reg.	3 310	
		15 185
4. Radíóleiðir:		
a. Örlygshöfn — Vatneyri	1 330	
b. Háfell — Álftaver — Skaftártungur	2 940	
c. Ingjaldssandur — Flateyri	890	
d. Skógarströnd	2 595	
e. Þingvellir	2 595	
f. Gufudalssveit	1 065	

	Þús. kr.	Þús. kr.
g. Varatæki PCM	1 080	
h. Varatæki FDM	720	
i. Tíu einnar rása tæki	2 580	
j. Fjögur 4-ra rása tæki	2 130	
		17 925
5. Húsbyggingar:		
Tækjahús í sveitum	5 250	
		5 250
Við 5. gr. 30 321 Skipaútgerð ríkisins.		
a. Við 20 Laun.		
Fyrir „43 360“ kemur		42 600
b. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.		
Fyrir „147 793“ kemur		110 700
c. Nýr liður:		
019 Aðrar tekjur		24 433
d. Við 020 Vaxtatekjur.		
Fyrir „630“ kemur		530
Við 5. gr. 31 321 Rafmagnsveitur ríkisins.		
a. Við 20 Laun.		
Fyrir „103 170“ kemur		101 200
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.		
Fyrir „143 390“ kemur		145 000
c. Við 23 Hráefni og vörur til endursölu.		
Fyrir „686 570“ kemur		961 600
d. Við 27 Vextir.		
Fyrir „175 500“ kemur		215 900
e. Við 28 Afskriftir.		
Fyrir „132 720“ kemur		143 200
f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.		
Fyrir „1 033 350“ kemur		1 262 500
g. Við 019 Aðrar tekjur.		
Fyrir „210 000“ kemur		304 400
h. Við 981 Afborgun lána.		
Fyrir „134 720“ kemur		113 100
i. Við 983. Liðurinn orðist svo:		
983 Fjárfestingar:		
Stofnlínur	60 750	
Aðveitustöðvar	45 030	
Innanbæjarkerfi	47 240	
Dísilstöðvar, vélar og tæki	21 980	
		175 000
j. Nýr liður:		
984 Annað		30 100
k. Sundurliðun fjárfestinga kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31 321 983).		
Stofnlínur		60 750
Vogaskeið — Grundarfjörður	6 300	
Sauðárkrókur — Hofsós	340	
Akureyri — Dalvík	26 240	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Laxá — Kópasker	19 010	
Stuðlar — Eskifjörður	3 170	
Eskifjörður — Neskaupstaður	500	
Hólar — Höfn II	340	
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 500	
Lúkning verka fyrra árs	3 350	
Aðveitustöðvar		45 030
Flúðir	3 430	
Hella	6 640	
Ólafsvík	560	
Skagaströnd	5 530	
Eskifjörður	12 000	
Stuðlar	4 000	
Fáskrúðsfjörður	360	
Teigarhorn	500	
Hólar	1 510	
Lúkning verka fyrra árs	3 350	
Raflínusími og fjargæsla alls	7 150	
Innanbæjarkerfi		47 240
Dísilstöðvar		6 980
Vélar og tæki		10 000
Geymsluhús o. fl.		5 000
	Samtals	175 000
Heimtaugargjöld		7 000
Lántökur		168 000

Sþ. 266. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Karvel Pálmasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Við 3. gr. 0120 Liðurinn orðist svo:
   0120 Tekjuskattur einstaklinga
   Barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu útsvars, sjúkratryggingagjalds og til einstaklinga ..... Þús. kr. 1 490 000
2. Við 3. gr. 0214 Sjúkratryggingagjald.
   Fyrir „100 000“ kemur 120 000
3. Við 3. gr. 0130 Tekjuskattur félaga.
   Fyrir „340 000“ kemur 400 000
4. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
   Fyrir „1 010 000“ kemur 790 000

Sþ. 267. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá Kristínu S. Kvaran, Stefáni Benediktssyni, Guðmundi Einarssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 0260 Innflutningsgjald af bensíni.	
Fyrir „603 200“ komi	548 200
2. Við 3. gr. 0270 Gúmmígjald.	
Liðurinn falli niður.	
3. Við 3. gr. 0290 Hagnaður af sölu varnarliðseigna.	
Liðurinn falli niður.	
4. Við 3. gr. 0641 Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu.	
Liðurinn falli niður.	
5. Við 3. gr. 0671 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta.	
Liðurinn falli niður.	
6. Við 3. gr. 0681 Flugvallagjald.	
Liðurinn falli niður.	
7. Við 3. gr. 0860 Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H.Í.	
Liðurinn falli niður.	
8. Við 3. gr. 0872 Prófgjald iðnnema.	
Liðurinn falli niður.	
9. Við 4. gr. 01 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „4 787“ komi	4 309
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „5 097“ komi	4 408
10. Við 4. gr. 01 901 Húsameistari ríkisins.	
Liðurinn falli niður.	
11. Við 4. gr. 03 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „11 227“ komi	10 105
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „23 657“ kemur	21 292
12. Við 4. gr. 04 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „4 559“ kemur	4 104
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „4 607“ kemur	4 147
13. Við 4. gr. 201 Búnaðarfélag Íslands.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „12 083“ kemur	5 791
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „9 960“ kemur	4 980
c. Við 0 Sértekjur.	
Fyrir „1 309“ kemur	12 080

Þús. kr.

14. Við 4. gr. 04 205 Veiðistjóri.
Liðurinn falli niður.
15. Við 4. gr. 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
Fyrir „280 000“ kemur 210 000
16. Við 4. gr. 05 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „6 548“ kemur 5 894
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „3 860“ kemur 3 474
17. Við 4. gr. 05 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „23 920“ kemur 15 548
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „12 450“ kemur 5 426
c. Við 0 Sértekjur.
Fyrir „1 785“ kemur 14 515
18. Við 4. gr. 05 201 Fiskifélag Íslands.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „8 348“ kemur 5 426
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „4 253“ kemur 2 569
c. 0 Sértekjur.
Fyrir „892“ kemur 5 198
19. Við 4. gr. 06 101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „6 936“ kemur 5 243
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „4 233“ kemur 3 810
20. Við 4. gr. 07 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „5 426“ kemur 4 884
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „3 735“ kemur 3 362
21. Við 4. gr. 07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.
Fyrir „40 000“ kemur 50 000
22. Við 4. gr. 07 981 Vinnumál 0110 Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, BSRB og BHM.
Liðurinn falli niður.
23. Við 4. gr. 08 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „7 109“ kemur 6 399
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „4 731“ kemur 4 258
24. Við 4. gr. 09 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „14 413“ kemur 12 972
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „5 229“ kemur 4 707

	Þús. kr.
25. Við 4. gr. 09 282 Tollamál. Nýr liður:	
0103 Aðgerðir vegna smygls og dreifingar á fíkniefnum	5 000
26. Við 09 402 Fasteignamat ríkisins.	
Liðurinn falli niður.	
27. Við 09 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.	
Liðurinn falli niður.	
28. Við 4. gr. 10 101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „4 333“ kemur	3 900
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „2 864“ kemur	2 578
29. Við 4. gr. 10 321 Strandferðir, framlög 0102 Skipaútgerð ríkisins.	
Fyrir „25 000“ kemur	12 500
30. Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun Íslands.	
a. Við 0 Sértekjur.	
Liðurinn falli niður.	
b. Við 0102 Iðntækniþjónusta.	
Fyrir „18 815“ kemur	38 815
c. Við 0103 Nýiðnaðarrannsóknir.	
Fyrir „6 200“ kemur	26 200
31. Við 4. gr. 11 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.	
Aftan við liðinn bætist:	
Viðfangsefni:	
0101 Almennur styrkur	22 779
0102 Rannsóknir og kynning á orkusparnaði	10 000
32. Við 4. gr. 11 299 Iðja og iðnaður, framlög.	
a. Við 0104 Iðnþróun og tækninýjungar.	
Fyrir „2 500“ kemur	4 000
b. Við 0126 Iðnþróunarverkefni.	
Fyrir „2 700“ kemur	5 000
c. Við 0127 Iðnráðgjafar.	
Fyrir „3 495“ kemur	7 785
33. Við 4. gr. 11 399 Ýmis orkumál 0101 Orkusparnaður.	
Fyrir „2 500“ kemur	15 000
Við 4. gr. Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „5 894“ kemur	5 305
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „6 469“ kemur	5 346
34. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
Fyrir „1 010 000“ kemur	757 500
35. Við 4. gr. 12 903 Skráning hlutafélaga.	
Liðurinn falli niður.	

Nd. 268. Frumvarp til laga [163. mál]

um umhverfismál.

Flm.: Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal,
Friðrik Sophusson, Friðjón Þórðarson, Halldór Blöndal.

I. Inngangur.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að varðveislu náttúrugæða landsins. Lögunum er ætlað að stuðla að sem bestri sambúð lands og þjóðar með því að vernda þau lífsgæði sem felast í óspilltri náttúru landsins, hreinu lofti og tæru vatni.

Að þessum markmiðum skal unnið með samræmdri yfirstjórn umhverfismála og skipulagsbundnu samstarfi þeirra, sem starfa samkvæmt þessum lögum, og annarra aðila sem fjalla um náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála.

2. gr.

Öllum er skylt að forðast allt það, sem valdið getur mengun og öðrum umhverfisspjöllum í byggð sem óbyggð, og gera það sem þeim er unnt til að vernda náttúrugæði landsins.

Sérstakrar varúðar skal gætt við alla þá starfsemi og framkvæmdir er spillt geta umhverfi.

Við ákvörðun um landnýtingu, skipulagningu byggðar og val staða til atvinnurekstrar og mannvirkjagerðar, svo sem vega, hafna og flugvalla, skal þess jafnan gætt, að mengun og önnur umhverfisröskun verði sem minnst. Í landnýtingar- og skipulagsáætlunum skal að því stefnt að samræma nýtingu og vernd náttúrugæða landsins.

3. gr.

Þess skal ætíð gætt að veita auðlindum Íslands vernd gegn ofnýtingu og hvers konar skaðlegum umhverfisáhrifum. Við nýtingu auðlinda, sem endurnýjast, verði sem kostur er miðað við að ekki sé gengið á höfuðstól.

II. Gildissvið.

4. gr.

Gildissvið laga þessara er landið, landhelgin og lofthelgin. Lögin taka einnig til efnahagslögsögunnar og landgrunnsins eins og lögsögusvæði þessi eru ákveðin í lögum nr. 41/1979.

Lög þessi taka til allrar starfsemi og framkvæmda sem haft geta í för með sér mengun eða önnur skaðleg áhrif á loft, láð eða lög, að því leyti sem slíkt er ekki háð sérlögum.

Með sama hætti taka lögin til meðferðar allra efna sem haft geta skaðleg áhrif, hvort sem þau eru föst, fljótandi eða loftkennd, svo og til hávaða og annars þess sem valdið getur skaða eða röskun á umhverfinu.

III. Stjórn umhverfismála.

5. gr.

Með umhverfismál skal farið í sjálfstæðri stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands. Í þeirri deild er yfirstjórn mála þeirra sem hér segir:

Náttúruverndar- og útivistarmál, friðun og verndun villtra dýra og fugla samkvæmt sérlögum, og mengunarvarnir, meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna, skipulags- og byggingarmál, umhverfisrannsóknir, sbr. 19. og 20. gr., verndun auðlinda í samráði við viðkomandi ráðuneyti, framkvæmd alþjóðasamninga um mengunar- og önnur umhverfismál, svo og önnur mál eftir því sem ákveðið er í reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Ráðherra umhverfismála kveður saman samstarfsnefnd sem skipuð er fulltrúum ráðuneyta er framkvæmd laganna varðar, og skal á fundum hennar ræða meginatriði um framkvæmd og einstök málefni, ef sérstök ástæða þykir til. Ráðuneyti umhverfismála hefur um framkvæmd þessara laga samráð við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir eftir því sem þessir aðilar eiga hlut að máli.

Þegar áformaður er eða hafinn undirbúningur að framkvæmdum eða starfsemi, sem ákvæði laga þessara kunna að taka til, og slíkt gerist á vegum annarra ráðuneyta, skulu þau láta ráðuneytinu í té upplýsingar um slíkt.

6. gr.

Löggæsluyfirvöld á hverjum stað skulu hafa eftirlit með því, undir umsjón ráðuneytisins, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar, byggingarnefndir og byggingarfulltrúar, náttúruverndarnefndir, gróðurverndarnefndir og eftirlitsmenn Siglingamálastofnunar skulu og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra ákvæða þessara laga er tengjast starfssviði þeirra.

IV. Varnir gegn mengun.

7. gr.

Ef talið er að rekstur verksmiðju, iðjuvers, atvinnufyrirtækis eða önnur starfsemi brjóti í bága við lög eða reglugerðir um umhverfisvernd og mengunarvarnir skal heilbrigðisnefnd eða ráðuneytið veita forráðamönnum þeirra hæfilegan frest til úrbóta. Við ákvörðun ráðstafana til úrbóta skal m. a. taka tillit til þess, hver áhrif mengunin hefur á umhverfið, hver efnahagsleg og félagsleg þýðing hlutaðeigandi atvinnustarfsemi er, hverjir eru tæknilegir möguleikar til úrbóta og hvern kostnað úrbætur hafa í för með sér fyrir aðila. Vísa má slíkum ákvörðunum til úrskurðar ráðuneytisins.

Ef fullnægjandi úrbætur hafa ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur ráðuneytið og/eða heilbrigðisnefnd látið stöðva með aðstoð lögreglu rekstur þann eða starfsemi sem brýtur í bága við hlutaðeigandi laga- eða reglugerðarákvæði. Jafnan er unnt að höfða mál fyrir dómstólum til vefengingar slíkrar ákvörðunar, en málshöfðun frestar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

Nú telur heilbrigðisnefnd að svo alvarleg mengunarhætta stafi af rekstri skv. 1. mgr. að aðgerðir þoli ekki bið, og er nefndinni þá heimilt að stöðva hann til bráðabirgða, með aðstoð lögreglu ef með þarf. Skýrslu um þessar aðgerðir ásamt nauðsynlegum gögnum skal heilbrigðisnefnd þegar í stað senda ráðuneytinu sem tekur endanlega ákvörðun í málinu án allrar ástæðulausrar tafar að fenginni greinargerð bannþola.

8. gr.

Þegar nauðsynlegt er talið vegna mengunarhættu getur ráðuneytið sett reglur um bann eða takmörkun á innflutningi, framleiðslu, meðferð og notkun efna sem skaðleg eru talin umhverfinu. Sama gildir um umbúðir sem valdið geta umhverfisspjöllum.

9. gr.

Óheimilt er að losa úrgangsefni og skaðleg efni á landi, í vötn eða sjó á þeim stöðum og á þann hátt að valdið geti mengun og öðrum umhverfisspjöllum. Sama gildir um þá hluti er umhverfislýtum valda. Ráðherra setur nánari reglur um varúðarráðstafanir við losun úrgangs og skaðlegra efna á landi, í vötn og sjó.

10. gr.

Óheimilt er að spilla vatnsbólum, vötnum og grunnvatni. Ekki má veita frárennslisvatni eða skólpi frá bústöðum, byggð eða atvinnufyrirtækjum nema samkvæmt þeim reglum sem ráðherra setur, auk þeirra fyrirmæla sem þegar eru í lögum og reglugerðum um þetta atriði.

11. gr.

Um meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna fer skv. lögum nr. 85/1968 með síðari breytingum. Ráðherra getur sett frekari reglur um mengunarvarnir á þessu sviði.

12. gr.

Þess skal gætt við allan atvinnurekstur, umferð og aðra starfsemi að hávaði og titringur sé sem minnstur. Ráðherra setur nánari reglur um mörk slíkrar mengunar.

13. gr.

Þess skal gætt að loftmengun sé haldið í lágmarki. Sama gildir um geislun, þ. m. t. ljósmengun, svo og varmamengun. Ráðherra setur nánari reglur um mörk loft-, geisla- og varmamengunar.

14. gr.

Ráðuneytið fer með öll þau atriði sem varða umhverfismál, m. a. vegna iðjureksturs þess sem eftirtalin lög fjalla um: Lög nr. 35/1948 um sementsverksmiðju, lög nr. 76/1966 um álbræðslu við Straumsvík með síðari breytingum, lög nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, lög nr. 21/1971 um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, lög nr. 43/1971 um Áburðarverksmiðju ríkisins, lög nr. 107/1973 um þörungavinnslu við Breiðafjörð, lög nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, lög nr. 59/1981 um stálbræðslu, lög nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lög nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og lög nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Jafnframt fer ráðuneytið með fyrrgreind mál varðandi annan iðjurekstur sem lög kunna að verða sett um.

15. gr.

Á vegum ráðuneytis umhverfismála starfar fastanefnd, mengunarvarnaráð. Í mengunarvarnaráði eiga sæti forstöðumenn Náttúruverndarráðs, Hollustuverndar ríkisins, Siglingamálastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rannsóknaráðs ríkisins auk fulltrúa ráðuneytisins. Ráðherra skipar formann til 3 ára. Mengunarvarnaráð gerir tillögur til ráðuneytisins um veitingu starfsleyfa samkvæmt lögum þessum, samræmingu verkefna milli stofnana og hvað eina er lýtur að mengunarvörnum.

V. Starfsleyfi.

16. gr.

Ekki er heimilt að hefja neinn þann atvinnurekstur, starfsemi eða framkvæmdir sem sérstaka hættu geta haft í för með sér fyrir umhverfið eða valdið geta alvarlegri mengun, nema með leyfi ráðuneytisins og að fengnum umsögnum þeirra aðila sem eiga sérstaklega hlut að máli. Fullnaðarstarfsleyfi skal ekki veitt fyrr en að lokinni rannsókn skv. 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka m. a. til eftirfarandi atvinnureksturs og starfsemi:

1. Orkuver stærri en 10 MW.
2. Sementsverksmiðjur og glerverksmiðjur.
3. Pappírs- og tréniverksmiðjur.
4. Efnaverksmiðjur, þar með taldar áburðarverksmiðjur, málningarverksmiðjur og hreinlætisefnaverksmiðjur.
5. Málmbræðslur, málmvinnslur og málmsteypur.
6. Olíubrunnar og dælistöðvar.
7. Olíu- og fituhreinsunarstöðvar.
8. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur.
9. Starfsemi þar sem brennsla á kolum, koksi eða olíum fer fram í öðrum tilgangi en til húshitunar og heimilishalds, svo sem nánar kann að vera ákveðið í reglugerð.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ákvæði þessarar greinar skuli taka til annarrar starfsemi eða atvinnureksturs en um ræðir í 2. mgr.

Atvinnufyrirtæki, sem starfa við gildistöku þessara laga og 1. og 2. mgr. þessarar greinar taka til og ekki hafa þegar hlotið starfsleyfi skv. reglugerð nr. 164/1972, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda ráðuneytinu umsókn um starfsleyfi ásamt viðhlítandi gögnum. Áður en starfsleyfi er veitt skal leita umsagnar, sbr. 1. mgr.

17. gr.

Ef reisa á verksmiðju eða iðjuver sem ætla má að falli undir ákvæði 16. gr. má eigi ákveða henni stað fyrr en að fengnu leyfi ráðuneytisins.

Eigi má stækka eða breyta verksmiðju eða iðjuveri sem veitt hefur verið starfsleyfi, sbr. 16. gr., nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

18. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta hvern þann aðila starfsleyfi sem brotlegur hefur gerst gegn ákvæðum þessa kafla laganna.

19. gr.

Áður en efnt er til starfsemi eða framkvæmda þeirra sem getið er um í 16. gr. skal fram fara rannsókn til þess að kanna hver áhrif slíks muni verða á umhverfið, nema ráðuneytið telji ónauðsynlegt að slík rannsókn fari fram. Rannsókn skal kostuð af framkvæmdaaðila, nema ráðuneytið ákveði annað, og fara fram samkvæmt áætlun sem ráðuneytið samþykkir og þeir aðilar framkvæma sem það tilnefnir.

VI. Umhverfisvernd, rannsóknir o. fl.

20. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 5. gr., að setja reglur þess efnis að áætlanir um stórframkvæmdir á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila, svo sem raforku-, stóriðju- og vegaframkvæmdir, skuli lagðar fyrir ráðuneytið til umsagnar.

Ráðuneytið hefur frumkvæði að almennum umhverfisrannsóknum, forgangsröðun og samræmingu þeirra eftir því sem þörf krefur í samráði og samvinnu við önnur ráðuneyti, hlutaðeigandi sveitarfélag og rannsóknastofnanir. Kostnaður við slíkar rannsóknir greiðist úr ríkissjóði.

21. gr.

Ráðuneytið skal stuðla að gerð áætlana um skipulega landnotkun og landnýtingu, er taki til eins eða fleiri sveitar- eða sýslufélaga, í samráði við Landgræðslu ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins, sveitarfélög og samtök þeirra eftir því sem við á.

22. gr.

Ef líklegt er að jarðrask eða brottnám jarðefna geti leitt til gróðureyðingar, varanlegra lýta eða mengunar getur ráðuneytið eða aðili í umboði þess bannað slíkar athafnir. Jafnframt getur ráðuneytið sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni að landsvæði það, sem efni er tekið úr eða raskað á annan hátt, verði að framkvæmdum loknum lagfært svo sem þurfa þykir og hæfilegar tryggingar settar fyrir efndum.

23. gr.

Heimilt er ráðherra umhverfismála að setja reglugerð um sumarbústaði, svo og veiðihús, fjallaskála, hjólhýsi og aðrar slíkar vistarverur, og skal þar einkum mælt fyrir um þá þætti sem nauðsynlegir þykja umfram það sem segir í lögum nr. 19/1964 með síðari breytingum, 47/1971, 54/1978 og 50/1981, og reglugerðum settum skv. þeim.

24. gr.

Ráðherra setur, að höfðu samráði við Náttúruverndarráð, reglugerð um verndun náttúru og minja í óbyggðum landsins til að tryggja svo sem kostur er viðunandi umgengnishætti og þar með að koma í veg fyrir landskemmdir og mengun sem leiða kann af umferð, dvöl og athöfnum manna þar; enn fremur um legu, viðhald og merkingu öku- og gönguleiða fyrir almenning, eftirlit og nauðsynlegan búnað á viðkomu- og dvalarstöðum.

25. gr.

Ráðuneytið skal reglubundið afla vitneskju um ástand auðlinda og gerir tillögur um verndun þeirra, eftir því sem ástæða þykir til.

VII. Bóta- og refsiábyrgð.

26. gr.

Hver sá sem veldur tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum skal bæta slíkt tjón eftir almennum skaðabótareglum.

27. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refsa með sektum, varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári ef sakir eru miklar. Heimilt er að refsa samkvæmt þessum lögum fyrir tilraun eða hlutdeild í broti, sbr. III. kafla laga nr. 19/1940.

Ákvarða má félagi eða fyrirtæki sekt fyrir brot gegn lögum þessum án tillits til þess, hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn. Sektir skv. 1. og 2. mgr. renna í ríkissjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 15 000 kr., þar til úr er bætt. Renna þær í sveitarsjóð. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum samkvæmt þeim, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verkið á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi.

Þá hefur ráðuneytið rétt til að leggja á dagsektir, allt að 15 000 kr., og láta vinna verk á kostnað aðila, ef ekki er sinnt fyrirmælum þess, svo og að breyta ákvörðun heilbrigðisnefndar. Dagsektir renna í ríkissjóð og úr honum skal greiða til bráðabirgða kostnað við að vinna verk, sbr. niðurlag 3. mgr.

Kostnað og dagsektir, samkvæmt 3. og 4. mgr., má innheimta með lögtaki.

28. gr.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. Ýmis ákvæði.

29. gr.

Ráðuneytið setur reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara. Kostnaður við framkvæmd þeirra greiðist úr ríkissjóði, nema þar sem annað er ákveðið í lögunum.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum er 3. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit felld úr gildi, svo og önnur ósamrýmanleg ákvæði þeirra laga og annarra. Önnur ákvæði, sem eru í lögum varðandi umhverfismál þegar þessi lög taka gildi, skulu halda gildi sínu að því leyti sem ákvæði þeirra brjóta ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Greinargerð.

Senn er áratugur liðinn frá því undirbúningur hófst að setningu heildarlöggjafar um umhverfismál hér á landi.

Í mars 1975 skipaði þáverandi ríkisstjórn nefnd níu manna til þess að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um hvernig stjórnarfyrirkomulagi skyldi háttað á þessu sviði.

Lagafrumvarp það, sem nefndin samdi, var lagt fyrir Alþingi af þáverandi félagsmálaráðherra, dr. Gunnari Thoroddsen, á þinginu 1977—78. Frumvarpið hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi og var ekki endurflutt af næstu ríkisstjórnum. Hins vegar var það endurflutt óbreytt á 103. löggjafarþinginu, 1980—81, af Salome Þorkelsdóttur og fleirum, en hlaut þar ekki fullnaðarafgreiðslu.

13. júlí 1981 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nýja nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfismál sem m. a. skyldi fela í sér að helstu flokkar þeirra féllu undir eitt ráðuneyti. Nefndinni var falið að taka sérstakt tillit til frumvarps um sama efni sem áður hafði verið flutt. Jafnframt skyldi nefndin hafa hliðsjón af lögum, sem síðan höfðu verið sett, og nýjum viðhorfum. Í nefnd þessari áttu sæti Árni Reynisson, sem var formaður, Eysteinn Jónsson og Gunnar G. Schram.

Nefnd þessi komst að þeirri niðurstöðu að eldra frumvarpið, sem flutt var á Alþingi vorið 1978, væri um flest í fullu gildi. Taldi nefndin það því hlutverk sitt að endurskoða það frumvarp og gera á því nauðsynlegar breytingar og æskilegar viðbætur í ljósi nýrrar löggjafar og viðhorfa.

Skilaði nefndin frumvarpi til laga um umhverfismál til ráðherra með bréfi 30. sept. 1981. Í greinargerð gat nefndin þess, að hún hefði gert nokkrar breytingar á hinu eldra frumvarpi, m. a. um stjórnsýsluþáttinn. Þar lagði nefndin til að stofnuð yrði sjálfstæð stjórnardeild innan vébanda félagsmálaráðuneytisins sem færi með umhverfismál. Frumvarp þetta hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi.

Það frumvarp til laga um umhverfismál, sem hér liggur fyrir, er að verulegu leyti samhljóða frumvarpinu, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1978 og aftur árið 1981. Hliðsjón hefur þó verið höfð af tillögum þeirrar nefndar sem endurskoðaði frumvarpið árið 1981, og hafa sumar þeirra verið teknar upp í þetta frumvarp. Fáeinar aðrar breytingar hafa verið gerðar frá texta fyrsta frumvarpsins.

Þess skal strax getið, að í III. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um stjórn umhverfismála, er ekki gerð tillaga um að umhverfismálin verði vistuð í tilteknu ráðuneyti.

Lagt er hins vegar til að með þau verði farið í sjálfstæðri stjórnardeild í Stjórnarráðinu. Þetta þýðir þó ekki að flutningsmenn séu því ósammála að skynsamlegt geti verið að vista umhverfismálin t. d. í félagsmálaráðuneytinu. Þar eru m. a. þegar fyrir skipulagsmál og sveitarstjórnarmál sem tengjast umhverfismálum að verulegu leyti. Að mörgu leyti gæti því vel komið til greina að stofna stjórnardeild umhverfismála innan félagsmálaráðuneytisins. Réttara var þó talið að kveða ekki á um sérstakt ráðuneyti í þessum efnum, heldur fá ákvörðunina í hendur Alþingi eftir að álits umsagnaraðila hefur verið leitað á frumvarpi þessu. Er því gert ráð fyrir að við meðferð málsins á Alþingi verði tilgreint það ráðuneyti í 5. gr. frumvarpsins sem Alþingi telur að hafa beri þessi mál með höndum. Auk félagsmálaráðuneytisins kæmi þar helst til greina forsætisráðuneytið.

Mjög margt mælir að vísu með því, að stofnað verði sérstakt ráðuneyti sem eingöngu hefði umhverfismál með höndum. Það hlýtur að vera takmarkið. Á þessu stigi er þó ekki ráð fyrir því gert í frumvarpinu. Er það m. a. vegna kostnaðar, sem því væri samfara, og jafnframt þess, að meðan verklag og vinnubrögð eru að mótast er ekki óeðlilegt að umhverfismálin verði vistuð í sjálfstæðri stjórnardeild innan einhvers af núverandi ráðuneytum.

Stjórn umhverfismála heyrir í dag undir a. m. k. sjö ráðuneyti. Ekki er ráð fyrir því gert í frumvarpinu að allir þeir málaflokkar, sem umhverfismál varða, falli undir hina nýju stjórnardeild. Meðal þeirra málaflokka, sem ekki koma undir hana, eru m. a. landgræðslu- og skógræktarmál, rannsóknir á náttúru landsins, ferðamál og húsfriðunarmál. Alltaf er álitamál hvar draga á hér mörkin, og er æskilegt við meðferð málsins á Alþingi að sérstakur gaumur verði gefinn að því, hvort fela eigi hinni nýju stjórnardeild einhverja þessara málaflokka.

Af þessari sömu ástæðu er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að ráðherra umhverfismála kveðji saman sérstaka samstarfsnefnd sem skipuð sé fulltrúum þeirra ráðuneyta er framkvæmd laganna varðar. Á þessu er hin mesta nauðsyn þar sem ýmis mikilvæg umhverfismál verða væntanlega utan hinnar nýju stjórnardeildar. Hvetur það til skilvirkni í vinnubrögðum og kemur í veg fyrir árekstra og tvíverknað. Sama hugsun liggur að baki ákvæði í 15. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að komið verði á laggirnar sérstöku mengunarvarnaráði sem í eigi sæti fulltrúar helstu stofnana sem um þau mál fjalla.

Svo sem fyrr sagði er frumvarp þetta í megindráttum hið sama og lagt var fyrir Alþingi vorið 1978. Þykir því rétt að birta hér orðréttan fyrri hluta þeirrar greinargerðar sem því fylgdi þar sem fjallað er um þau sjónarmið og almennu atriði sem að baki heildstæðrar lagasetningar um umhverfismál liggja.

„Þann 4. mars 1975 skipaði ríkisstjórnin nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um hvernig stjórnarfyrirkomulagi skuli háttað á þessu sviði.

Í nefndina voru skipaðir Gunnar G. Schram, prófessor, formaður, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, varaformaður, Árni Reynisson, framkvæmdastjóri, Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastjóri, Páll Líndal, borgarlögmaður, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri, og Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri.

Nefndin lauk samningu frumvarps og gerð tillagna um stjórnsýsluþátt umhverfismála í apríl 1976 og sendi það ríkisstjórninni með ósk um að frumvarpið yrði borið undir þá aðila til umsagnar sem ríkisstjórnin teldi æskilegt. Var frumvarpið sent allmörgum stofnunum og félagasamtökum og bárust umsagnir frá fimmtán þeirra. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnuninni, Iðnþróunarstofnun Íslands, Landvernd, Rafmagnsveitum ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun

iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins og Vegagerð ríkisins. Í ljósi umsagnanna tók nefndin frumvarpið síðan til endurskoðunar og er það hér lagt fram í lokagerð.

Við upphaf starfs síns kannaði nefndin lagaákvæði þau sem til eru í íslenskum rétti um umhverfis- og mengunarmál. Í ljós kom það, sem raunar var vitað fyrir, að heildarákvæði skortir í íslenskri löggjöf á þessu mikilvæga sviði. Einu lögin, sem alfarið lúta að þessum málum í dag, eru lögin um náttúruvernd nr. 47/1971. Önnur lög taka að nokkru til þeirra vandkvæða og hættu sem umhverfinu stafar af mengun og hættulegum efnum, svo sem ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969 og lög um eiturefni og önnur hættuleg efni nr. 85/1968. Var hér því við brýnt verkefni að fást — að semja frumvarp til laga um almenna umhverfisvernd sem tæki til vettvangsins alls og fyllti upp í þær eyður sem nú eru í löggjöf hér á landi í þessum efnum. Á grundvelli slíkra heildarlaga er síðan unnt að setja reglugerðir um einstök framkvæmdaatriði, eftir því sem sérstök þörf er talin hverju sinni í samræmi við þróun búsetu, iðnaðar og annarrar starfsemi. Er það slíkt frumvarp að heildarlögum um umhverfið og varnir gegn mengun sem hér liggur fyrir.

Í þessu sambandi skal það tekið fram, að í frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um hið svonefnda ytra umhverfi og því ætlað að reisa skorður við skaðlegum áhrifum á það. Er þar átt við náttúru landsins og þá starfsemi sem áhrif hefur utan dyra. Var það talin eðlileg takmörkun á gildissviði laganna, og tekur því frumvarpið ekki nema að litlu leyti til hins innra umhverfis, t. d. matvælaeftirlits og öryggis á vinnustöðum svo tvö atriði séu talin.

Meginverkefni frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi er þar að finna ýmis ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir, m. a. ákvæði sem áskilja starfsleyfi til atvinnu- og iðjureksturs sem telja má hættulegan umhverfinu. Í öðru lagi er yfirstjórn umhverfismála sameinuð í höndum eins stjórnsýsluaðila. Er gert ráð fyrir því, að þar verði um sérstaka nýja stjórnardeild að ræða sem með þau mál fari, umhverfismáladeild. Ljóst er að brýna nauðsyn ber til þess að samræma reglur íslenskra laga um umhverfis- og mengunarmál og setja nýjar. Hér er um málefni að ræða sem æ þýðingarmeira verður eftir því sem iðnþróun í landinu vex og þéttbýli eykst. Er markmið frumvarpsins að stemma á að ósi í þessum efnum, efla alhliða umhverfisvernd og koma á virkum vörnum gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum. Varðveisla og viðgangur náttúrugæða landsins er það grundvallaratriði sem leitast er við að tryggja með ákvæðum frumvarpsins og jafnframt sem besta sambúð lands og þjóðar.

Veruleg spjöll hafa átt sér stað á náttúru og umhverfi nálægra iðnríkja sökum þess að umhverfissjónarmiðum var þar ekki nægur gaumur gefinn á liðnum árum. Af reynslu þeirra þjóða er ljóst mikilvægi þess að festa nú þegar í lög hér á landi réttarreglur sem vernda þau lífsgæði, sem felast í óspilltri náttúru landsins, og hindra mengun og önnur umhverfisspjöll eftir því sem föng eru á. Á miklu ríður að slíkar ráðstafanir séu gerðar í tíma, áður en umhverfisröskun og annað tjón er orðið verulegt, því margfaldur kostnaður er við framkvæmd úrbóta þegar röskunin hefur átt sér stað, svo sem reynsla annarra þjóða sýnir. Hér er þess að gæta, að íslensk náttúra og lífríki hennar eru mjög viðkvæm fyrir umhverfisáhrifum sökum landfræðilegrar legu landsins og loftslags. Er því sérstök nauðsyn á að vera jafnan á varðbergi í þessum efnum og haga búsetu og atvinnustarfsemi ætíð á þann veg að fyllsta tillit sé tekið til umhverfisverndar.

Við gerð frumvarpsins var um tvær leiðir að velja. Annars vegar að semja heildstæðan lagabálk, er tæki yfir allt réttarsvið umhverfismála, og fella inn í hann þau sérlög sem nú eru í gildi um þessi efni. Hinn kosturinn var sá að semja frumvarp sem hefði að geyma nýjar meginreglur og réttarheimildir í umhverfismálum ásamt ákvæðunum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag á þessum vettvangi. Yrðu þá flest ákvæði sérlaga látin haldast óbreytt, a. m. k. fyrst um sinn, þar til reynsla væri fengin af hinum nýju lögum í framkvæmd. Nefndin var einhuga um að velja síðari kostinn, svo sem frumvarpið ber vott um. Hefðu og

verið á því vandkvæði, ef fyrri kosturinn hefði verið valinn, að draga mörkin milli þeirra ákvæða, sem nauðsyn bar að lögfesta þar, og annarra í skyldum lögum, auk þess sem slíkur þáttur hefði valdið verulegri umbyltingu í framkvæmd þessara mála á lægri stjórnsýslustigum.

Er þetta einmitt sú leið sem farin hefur verið við setningu löggjafar um umhverfismál á hinum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð og Danmörku hefur nýlega verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál (Svíþjóð 1969, Danmörk 1973) og er frumvarpið að nokkru sniðið eftir þeirri löggjöf, einkum hinni dönsku.

Er því gert ráð fyrir að þau lög, sem nú eru í gildi um náttúruvernd og umhverfismál, haldi áfram gildi sínu við hlið hinna nýju heildarlaga, a. m. k. þar til nokkur reynsla hefur fengist í lagaframkvæmd á þessum grundvelli. Helst þeirra ákvæða eru lög um náttúruvernd nr. 47/1971, lög um eiturefni og önnur hættuleg efni nr. 85/1968, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95/1962, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966, ákvæði 10. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og ýmis lög er staðfesta alþjóðasamninga um mengun sjávar sem Ísland hefur gerst aðili að.

Er í frumvarpinu gert ráð fyrir víðtækum heimildum til þess að setja reglur á grundvelli laga um umhverfisvernd á öllum þessum sviðum, auk annarra sem enn eru ekki lögfest í íslenskum rétti en ákvæði frumvarpsins taka til. Að því er annan meginþátt frumvarpsins varðar, stjórnsýsluþáttinn, er ljóst að mikil þörf er á að sameina yfirstjórn umhverfismála á einum stað í stjórnkerfi landsins. Nú heyra mál þessi undir a. m. k. sjö ráðuneyti og gefur auga leið að slíkt leiðir til seinvirkari stjórnsýslu en ella væri og skörunar valdmarka sem æskilegt er að gera breytingu á.

Nefnd sú, sem frumvarp þetta samdi, lagði til að komið yrði á sameiginlegri yfirstjórn umhverfismála í sérstöku nýju ráðuneyti. Jafnframt benti nefndin þó á að ekki þyrfti þar að vera um sjálfstætt ráðuneyti að ræða, heldur mætti vista umhverfismálin í einhverju þeirra ráðuneyta sem fyrir eru, sem þá yrði ráðuneyti umhverfismála jafnframt núverandi verkefnum. Er það sú leið sem valin hefur verið og ákvæðum frumvarpsins verið breytt til samræmis við það frá upphaflegri gerð. Meginatriði málsins er tvímælalaust það að yfirstjórn umhverfismála verði á einum stað í stjórnkerfinu. Í samræmi við það er síðan lagt til að einstakir þættir umhverfismála, sem nú eru dreifðir um mörg ráðuneyti, verði fluttir, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Er þess að vænta, að með slíkri samræmdri heildarstjórn og þeim nýju réttarheimildum á sviði umhverfismála, sem frumvarpið geymir, verði kleift að koma fram þeim markmiðum sem liggja til grundvallar virkri umhverfismálastefnu á komandi árum."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lýst með almennum orðum meginmarkmiði laganna, sem er að stuðla að alhliða umhverfisvernd. Greinin gengur mjög í sömu átt og 1. mgr. 1. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, en er víðtækari eins og skiljanlegt er.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir einu helsta nýmæli frv., en það er að yfirstjórn umhverfismála verði samræmd og komið á skipulagsbundnu samstarfi þeirra sem að umhverfismálum vinna. Tilhögun þessa er nánar lýst í 5. gr. frv. svo og í inngangi hér að framan.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldur manna til að stuðla að verndun náttúrugæða landsins. Í 2. og 3. mgr. er sérstaklega vikið að ýmsum mannlegum athöfnum sem valdið geta umhverfisröskun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en rétt er að vekja athygli á 25. gr. í þessu sambandi.

Um 4. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um gildissvið laganna sem eru í samræmi við lög nr. 41/1979, þar sem ákveðinn er fullveldisréttur Íslands er nær til landhelgi innan 12 mílna, sbr. 1. gr. laganna, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmis yfir henni. Enn fremur er þar ákveðin efnahagslögsaga sem miðast við 200 sjómílur út frá grunnlínum landhelgi, en innan hennar hefur Ísland fullveldisrétt, m. a. að því er varðar hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda á hafsbotni og í honum og í hafinu yfir honum, svo og lögsögu að því er varðar verndun hafsins.

Á það er lögð áhersla, að lögin taki til allrar starfsemi og framkvæmda, sem hafa í för með sér mengun og önnur skaðleg umhverfisáhrif, einnig til allra efna sem svo er farið, hávaða, geislunar og varma svo og alls annars er spillt getur umhverfi.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að yfirstjórn umhverfismála verði í höndum eins stjórnsýsluaðila og stofnuð verði sjálfstæð stjórnardeild umhverfismála til þess að annast það verkefni. Rök að þeirri tillögu hafa þegar verið rakin í athugasemdum.

Upp eru taldir þeir málaflokkar sem lagt er til að færist til hinnar nýju stjórnardeildar. Meðal þeirra eru skipulags- og byggingarmál. Með því er lögð áhersla á þann skilning, að skipulag er fyrst og fremst ráðstöfun lands. Í skipulagsvinnu eru ýmsar afdrifaríkar ákvarðanir teknar sem snerta umhverfið. Á þessu stigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ýmissa sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar. Því er það mikils virði fyrir umhverfisvernd, að vel sé vandað til skipulagsvinnu og þar tekin til meðferðar ráðstöfun lands í ljósi þess, til hvers það hentar best á hverjum stað frá sjónarmiði þjóðfélagsins, hversu mikla nýtingu það þolir og hvernig tryggja megi sem flestum landrými til athafna. Það er því ekki áhorfsmál, að þessir málaflokkar heyri undir ráðuneyti umhverfismála hér, eins og í Noregi, Danmörku og víðar.

Með því að skipa helstu umhverfismálum saman í hinni nýju stjórnardeild er þó ekki ætlunin að færa öll afskipti af umhverfismálum úr höndum hinna einstöku ráðuneyta og stofnana. Eðli máls samkvæmt hljóta þau eftir sem áður að annast afskipti af þessum málaflokkum hvert á sínu sérsviði. Utanríkisráðuneytið mun, svo dæmi sé tekið, annast eftir sem áður gerð alþjóðasamninga fyrir Íslands hönd um mengun hafsins. Að því er framkvæmd slíkra samninga varðar er ekki gert ráð fyrir að nein breyting eigi sér stað í þeim efnum, heldur annist Siglingamálastofnun ríkisins áfram þau verkefni sem henni hafa verið falin á þessu sviði með ákvæðum laga nr. 51/1970. Hins vegar er hér um það að ræða að flytja yfirstjórn, stefnumótun og samræmingu framkvæmda á hendur eins aðila sem sé þá jafnframt ábyrgur fyrir þessum málaflokki í heild sinni.

Með ákvæði greinarinnar um sérstaka samstarfsnefnd, sem ráðherra umhverfismála kveður saman og skipuð er fulltrúum annarra ráðuneyta, er miðað að því að samvinna stjórnsýsluaðila á vettvangi umhverfismála verði sem greiðust. Er slíkt ákvæði nýmæli í lögum.

Auk þeirra verkefna, sem alfarið er gert ráð fyrir að komi undir ráðuneytið, er ljóst að ýmsir aðrir málaflokkar, sem áfram heyra undir önnur ráðuneyti, varða miklu á sviði umhverfismála og því nauðsynlegt að ráðuneytið eigi aðild að meðferð þeirra að því er umhverfisþáttinn snertir. Má þar m. a. nefna landgræðslu- og skógræktarmál, rannsóknir á náttúru landsins, orkumál, veiðimál, undirbúning vegagerðar, hafnagerðar, flugvallagerðar o. fl. slíkra stórframkvæmda, ferðamál og húsafriðunarmál.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna, undir yfirumsjón ráðuneytis umhverfismála, annist löggæsluyfirvöld á hverjum stað svo og þeir aðilar sem lögum samkvæmt eiga sjálfkrafa aðild að meðferð hvers málaflokks í héraði. Óhjákvæmilegt er að hér verði fengið fulltingi staðbundinna yfirvalda um lagaframkvæmd.

Ekki þykir á þessu stigi ástæða til þess, að stofnaðar verði stöður sérstakra umhverfisfulltrúa til þess að annast þessi verkefni þótt svo kunni að verða síðar þegar reynsla hefur fengist af stjórnsýsluframkvæmd á grundvelli þessarar löggjafar. Ljóst er að á heilbrigðisnefndir mun mest reyna í þessum efnum, auk þeirra annarra nefnda sem starfa skv. lögum og upp eru taldar í greininni. Verkefnum þessum mundu nefndir þessar sinna á vegum ráðuneytis umhverfismála og undir yfirstjórn þess, auk þess sem þær gegna þeim skyldum sem þeim eru nú fengnar í gildandi lögum. Þess má geta, að í Danmörku er heilbrigðisnefndum falin framkvæmd umhverfismálalaganna sem þar gilda, og hefur sá háttur gefist þar vel. Í Noregi eru það einnig sveitarstjórnaryfirvöld sem annast þessi verkefni.

Um 7. gr.

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um mengun o. fl. Er þar heilbrigðisnefnd eða ráðuneyti heimilað að krefjast úrbóta ef atvinnustarfsemi eða iðjurekstur er talinn brjóta í bága við ákvæði laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, jafnframt að láta stöðva þann rekstur ef ekki er orðið við slíkum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur hér jafnan endanlegt úrskurðarvald, en ætíð er heimilt að leita til dómstóla um vefengingu lögmætis slíkra ákvarðana. Eru í 1. mgr. rakin ýmis atriði er taka ber tillit til við ákvörðun um úrbætur, og veita þau eigendum atvinnufyrirtækja nokkra tryggingu fyrir því, að ákvörðun hvíli á efnislegum rökum hverju sinni. Þá er og veitt heimild til þess að stöðva rekstur án tafar ef alvarleg mengunarhætta er talin af honum stafa.

Um 8. gr.

Hér er veitt lagaheimild til þess að setja reglur um bann eða takmörkun á innflutningi og notkun efna sem skaðleg eru talin umhverfinu. Slíka víðtæka heimild skortir í núgildandi lög, en ákvæði laga nr. 85/1968 taka einungis til eiturefna og hættulegra efna. Þá er alkunna að umbúðir, ekki síst þær sem gerðar eru úr gerviefnum sem seint eyðast, hafa á síðari árum orðið æ meira til umhverfislýta um land allt. Lokamálsgrein greinarinnar höfðar til þessa vanda og veitir heimild til úrbóta.

Um 9. gr.

Fullnægjandi heimild skortir í lög til að setja megi reglur um losun úrgangsefna, hluta og skaðlegra efna á landi og í vötn til þess að hindra mengun og önnur umhverfisspjöll. Er hér slík heimild veitt ráðherra umhverfismála. Að því er losun úrgangsefna og annarra efna í sjó varðar gildir alþjóðasamþykkt um þau efni hér á landi, sbr. augl. nr. 5/1974, lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20/1972, sbr. og lög nr. 77/1966, lög nr. 20/1973, lög nr. 53/1973, lög nr. 14/1979 og lög nr. 67/1981.

Grein þessi tekur einnig til hvers konar úrgangshluta sem skildir eru eftir á víðavangi, girðingarleifa og annars er óprýðir land. Um slíkt eru ákvæði í 15. gr. náttúruverndarlaga sem hafa reynst ófullnægjandi í framkvæmd.

Um 10. gr.

Hér er lögfest almennt bann við mengun vatns og er ákvæði þetta víðtækara en ákvæði IX. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Veruleg mengun stafar frá skólpi og öðru frárennslisvatni og nauðsyn á að þeirri mengun sé ætíð haldið í lágmarki. Er hér lögfest heimild til þess að setja

um þetta efni ítarlegri reglur en nú eru í lögum, svo sem um friðun vatnsbóla og verndun vatns almennt.

Um 11. gr.

Samkvæmt lögum nr. 85/1968 heyrir meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna undir heilbrigðisráðuneytið. Gert er ráð fyrir að málaflokkur þessi færist til ráðuneytis umhverfismála að því er varðar varnir gegn mengun umhverfis.

Um 12. gr.

Umhverfisröskun vegna hávaða og titrings er vaxandi vandamál, ekki síst sú röskun sem stafar frá umferð. Ekki eru í lögum nein ákvæði sem lúta að þessum atriðum og því æskilegt að lögfesta slíka almenna heimild. Í reglugerð verður síðan nánar mælt fyrir um mörk leyfilegs hávaða og önnur atriði, sem máli skipta, á þeim sviðum þar sem slík ákvæði nú skortir.

Um 13. gr.

Í 12. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni er ráðherra veitt heimild til þess að setja nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda er ekki hafa lækningagildi og tilgreindar eru á sérstökum lista er lögunum fylgir. Almenn ákvæði um varnir gegn loftmengun hefur til þessa hins vegar ekki verið að finna í lögum. Í greininni er einnig vikið að ljósmengun, t. d. frá auglýsingaskiltum, og varmamengun, en slík mál koma m. a. til álita vegna frárennslis jarðvarmavirkjana sem getur valdið röskun á lífríki. Er ráðherra veitt heimild til að setja frekari reglur um þá mengun er grein þessi tekur til.

Um 14. gr.

Öll efnisrök mæla með því, að ráðuneytið fari með öll þau atriði sem varða umhverfis- og mengunarmál og lúta að stóriðju í landinu, bæði að þeim stóriðjufyrirtækjum, sem þegar hafa byrjað starfsemi, og eins hinum, sem síðar kunna að verða stofnuð. Sérstök lög hafa verið sett um hin nýju stóriðjufyrirtæki og annan iðnað og eru þau talin upp í greininni. Af eðlilegum ástæðum geyma þau ekki öll sérákvæði um mengun og aðra umhverfisröskun, en með þessu ákvæði frumvarpsins er ráðuneytinu fengin heimild til meðferðar umhverfismála að því er þennan iðnað varðar sérstaklega. Má og telja að meiri líkur séu á umhverfisröskun frá stóriðju, sem sérlög eru um sett, en frá öðrum iðnaði í landinu.

Um 15. gr.

Meðferð mengunarmála er flókin og vandasöm. Miklu varðar að þær stofnanir, er annast framkvæmd þeirra, samræmi störf sín og sjónarmið. Eins og þegar hefur verið skýrt þykir heppilegast að framkvæmd mengunarmála verði í höndum sömu stofnana og áður og að þær heyri flestar undir sömu ráðuneyti og nú. Ráðuneyti umhverfismála hafi hins vegar forustu um samræmingu og heildarstjórn þessara mála. Hér er lagt til að umrætt samstarf fari fram í fastanefnd, mengunarvarnaráði, sem yrði ráðgefandi um allt er varðar varnir gegn mengun, þar á meðal starfsleyfi til iðnfyrirtækja, reglugerðir skv. 8.—13. gr., öflun og nýtingu tækjakosts o. s. frv. Í 19. og 20. gr. er kveðið á um þátt rannsókna í að sjá fyrir og meta áhrif mengunar og hvers konar röskunar á umhverfið. Í samræmi við það er gerð tillaga um að fulltrúar Náttúrufræðistofnunar og Rannsóknaráðs eigi sæti í mengunarvarnaráði.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um þann atvinnurekstur sem vegna eðlis síns er talinn sérstaklega hættulegur fyrir umhverfið. Er þar áskilið að engum sé heimilt að hefja slíkan atvinnurekstur nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins, starfsleyfi. Þetta er undantekningarregla. Að jafnaði

þarf ekkert slíkt leyfi til atvinnu- og iðjureksturs eða annarrar starfsemi samkvæmt frumvarpinu. Í greininni eru taldar upp þær atvinnugreinar er falla undir starfsleyfisákvæðið. Er þar um að ræða hinar sömu greinar, sem taldar eru í reglugerð nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og starfræksla á sviði þeirra bundin leyfi heilbrigðisráðherra. Við hefur þó verið aukið orkuverum sem stærri eru en 10 MW. Þótt hér sé upp talinn sá atvinnurekstur sem sérstaklega hættulegur má teljast fyrir umhverfið getur síðar þótt ástæða til að auka við listann og er því ráðherra veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð að starfsleyfisskilyrðið skuli ná til annarrar starfsemi eða atvinnureksturs.

Við veitingu starfsleyfa samkv. 1. mgr. ber að leita umsagnar þeirra aðila sem eiga sérstaklega hlut að máli. Eru þeir ekki taldir upp í greininni þar sem það hlýtur að fara eftir eðli atvinnurekstursins til hvaða umsagnaraðila er leitað hverju sinni auk þeirra sem eiga sæti í mengunarvarnaráði.

Til skamms tíma voru engin ákvæði í lögum um veitingu starfsleyfa, en veiting þeirra í höndum heilbrigðisráðherra skv. reglugerð nr. 164/1972. Með lögum nr. 50/1981 er slík heimild lögfest. Hér er lagt til að ráðuneyti umhverfismála fari með slík mál og að starfsleyfi taki, auk mengunar, til hvers konar annarrar umhverfisröskunar, svo sem gróðureyðingar, jarðrasks og vistfræðilegra þátta. Með aðild að mengunarvarnaráði er Hollustuvernd ríkisins tryggð aðild að meðferð þessara mála, en hlutur annarra stofnana aukinn.

Um 17. gr.

Staðarval iðju- og atvinnureksturs, sem veruleg mengunarhætta stafar af, skiptir miklu varðandi mengunarvarnir. Þykir því rétt að fram sé tekið í lögunum að ráðherra verði að samþykkja staðarval fyrir slíka starfsemi. Sömu rök lúta að ákvæði 2. mgr. 17. gr. varðandi breytingu eða stækkun verksmiðju eða iðjuvers sem starfsleyfi þarf.

Um 18. gr.

Um refsiákvæði fyrir brot á lögum þessum er fjallað í VII. kafla laganna. Hér er sérstaklega fjallað um afleiðingar þess ef aðili brýtur gegn starfsleyfakafla laganna. Þegar haft er í huga hvert eðli þeirrar starfsemi eða atvinnureksturs er, sem ákvæði kaflans taka til, þykir rétt að ráðherra hafi ótvíræða heimild til sviptingar starfsleyfis þegar svo stendur á.

Um 19. gr.

Hér er lögbundið að áður en efnt er til starfsemi eða framkvæmda, sem starfsleyfi þarf til, skuli fara fram rannsókn til þess að kanna hver áhrif slíks muni verða á umhverfið. Almenn rannsóknarskylda hefur ekki verið lögbundin fram til þessa, en telja verður tvímælalaust æskilegt að þessa skilyrðis til öflunar starfsleyfis sé getið í lögum. Vera má að þegar liggi fyrir niðurstöður rannsókna um áhrif slíkrar starfsemi eða framkvæmda á hlutaðeigandi stað og er ráðuneytinu í slíkum tilvikum þá heimilt að falla frá hinu almenna rannsóknarskilyrði, jafnframt ef rannsókn er talin óþörf. Hlýtur þó jafnan þar að vera um undantekningartilvik að ræða. Eðlilegt er að kostnað af rannsókn beri sá aðili sem starfsleyfis óskar, og skoðast sá kostnaður sem liður í frumfjárfestingu fyrirtækisins á staðnum. Mikilvægt er hins vegar að það sé ekki leyfisumsækjandi sem sjálfur velur þá aðila sem rannsóknina framkvæma, heldur ráðuneytið, og að þeir starfi eftir áætlun sem það hefur samþykkt. Yrði þar umfang rannsóknarinnar m. a. ákvarðað, en fram skal tekið að grein þessi tekur ekki til grundvallarrannsókna sem geta verið mjög umfangsmiklar og langvinnar, heldur einungis til rannsókna á beinum áhrifum hinnar væntanlegu starfsemi eða framkvæmda á umhverfið.

Um 20. gr.

Hér eru lögbundin ákvæði um almennar umhverfisrannsóknir og heimild ráðuneytisins til þess að ákvarða framkvæmd þeirra, eftir því sem það telur nauðsyn á. Yrði hér fyrst og fremst um grundvallarrannsóknir á náttúru landsins að ræða með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmda og búsetu. Gætu slíkar rannsóknir tekið til stórra landsvæða, en ekki verið afmarkaðar við umhverfisáhrif frá einu iðjuveri eða verksmiðju, sbr. ákvæði 19. gr. Þar sem hér er um öflun almennrar undirstöðuþekkingar á náttúru og umhverfi landsins að ræða er svo fyrir mælt að kostnaður við slíkar grundvallarrannsóknir skuli greiðast úr ríkissjóði. Ekki er hér til þess ætlast að ráðuneytið sé framkvæmdaaðili í þessu efni, heldur hafi um rannsóknir þessar samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti, rannsóknastofnanir hverja á sínu sviði og hlutaðeigandi sveitarfélög. Hins vegar liggur samræming rannsóknanna og forgangsröðun verkefna innan verkahrings þess.

Þá er hér lögbundið að ráðuneytið getur óskað þess, að til þess verði leitað sem umsagnaraðila varðandi fyrirhugaðar stórframkvæmdir á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila. Umhverfisáhrif slíkra framkvæmda geta verið veruleg, þótt ekki sé þar þörf starfsleyfis, og því æskilegt og eðlilegt að ráðuneytinu sé gefinn kostur á að fylgjast með þeim frá upphafi og láta í ljós skoðun sína á umhverfisþættinum. Í lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd er að finna, í 17. og 29. grein, ákvæði um það, að umsagnar Náttúruverndarráðs eða náttúruverndarnefndar skuli leitað í ákveðnum tilvikum, en í 20. gr. þessa frumvarps er um miklum mun víðtækari umsagnarrétt að ræða.

Um 21. gr.

Skipulag er fyrst og fremst ráðstöfun lands. Í skipulagsvinnu eru ýmsar afdrifaríkar ákvarðanir teknar sem snerta umhverfið. Á þessu stigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ýmissa sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar. Því er það mikils virði fyrir umhverfisvernd að vel sé vandað til skipulagsvinnu og þar tekin til meðferðar ráðstöfun lands í ljósi þess, til hvers það hentar best á hverjum stað frá sjónarmiði þjóðfélagsins, hversu mikla nýtingu það þolir og hvernig tryggja megi sem flestum landrými til athafna. Umhverfisráðuneytum erlendis eru víða falin víðtæk afskipti af skipulags- og landnýtingarmálum. Hér er lagt til að ráðuneytið hvetji til og stuðli að æskilegum vinnubrögðum á þessu sviði. Miðstöð slíks starfs yrði eftir sem áður Skipulagsstjórn ríkisins sem hefur þegar ráðist í fyrsta verkefnið á sviði landskipulags.

Um 22. gr.

Reynsla sú, sem fengin er af núgildandi náttúruverndarlögum, bendir til þess, að ganga þurfi skrefi lengra en gert var í vörnum gegn jarðraski, enda meðal algengustu umhverfisspjalla. Hér er lagt til að ráðuneytið geti bannað jarðrask ef sýnt þykir að það muni leiða til verulegra eða varanlegra spjalla. Jafnframt er kveðið á um skilyrði fyrir leyfðu jarðraski, þ. á m. tryggingar fyrir lagfæringum við verklok. Fordæmi fyrir slíku ákvæði er í lögum nr. 25/1972.

Um 23. gr.

Samkv. lögum fjalla nú byggingarnefndir, Skipulagsstjórn ríkisins, náttúruverndarnefndir eða Náttúruverndarráð, heilbrigðisyfirvöld og jarðanefndir um sumarbústaðamál auk sveitarstjórna. Engum aðila er nú falið með lögum að samræma umfjöllun þessara aðila og hafa margs konar vandræði af því hlotist. Greinin gerir enn fremur ráð fyrir að ýmsar tegundir húsa, sem notuð eru í tengslum við útilíf, verði háð hliðstæðu eftirliti, en um það vantar fullnægjandi ákvæði í lög. Þá hafa breytingar á skipulagslögum gert það að verkum að réttarstaða Náttúruverndarráðs á þessu sviði er mjög óviss. Greinin veitir ráðherra möguleika til íhlutunar um þessi mál.

Um 24. gr.

Óbyggðir Íslands hafa mikið aðdráttarafl vegna sérstæðrar náttúru. Áður er vikið að því, að náttúra landsins er viðkvæm, og hvergi er verndarþörf meiri en á miðhálendinu. Sívaxandi ferðamannastraumur og umsvif ýmiss konar hafa leitt til landskemmda og mengunar í óbyggðum. Erfitt er af augljósum ástæðum að hafa hemil á slíku langt frá byggð nema á grundvelli glöggra réttarheimilda. Að þessum vanda er vikið í 13. gr. náttúruverndarlaga, en hér er gengið lengra. Auk ferðalaga almennings taka ákvæði greinarinnar til hvers konar leiðangra og framkvæmda, en að sjálfsögðu er ekki ætlunin að hindra eðlilega og óhjákvæmilega umferð vegna fjallskila. Landvarsla á þeim fáu stöðum, sem friðlýstir eru, hefur reynst vel og sýnir ótvírætt að auka þarf eftirlit í óbyggðum án tillits til friðlýsingar.

Vel hirtir viðkomu- og dvalarstaðir ferðamanna, hvort sem um er að ræða tjaldsvæði, sæluhús, náttúruvætti eða aðrar minjar, og ekki síður greinilegar öku- og gönguleiðir eru forsenda þess, að settar reglur um umgengni séu virtar. Þess vegna er ráðuneytinu falið með ákvæðum þessarar greinar að efla það starf sem Náttúruverndarráð hefur haft forgöngu um á þessu sviði á undanförnum árum í samvinnu við ferðafélögin, Ferðamálaráð, Vegagerð ríkisins, Landmælingar Íslands, heilbrigðisyfirvöld og viðkomandi sveitarfélög.

Um 25. gr.

Auðlindir landsins eru einn hinna mikilvægu umhverfisþátta. Er því ráðuneytinu falið í þessari grein frumvarpsins að afla reglubundið vitneskju um ástand auðlinda Íslands og gera tillögur um verndun þeirra eftir því sem ástæða þykir til. Engum aðila er nú falið með lögum að annast slíka heildstæða upplýsingaöflun, þótt hin ýmsu ráðuneyti fari hins vegar með þetta verkefni hvert á sínu sviði, en þó í mismunandi miklum mæli. Þykir því ástæða til þess, að ráðuneytinu sé falin slík almenn upplýsingaöflun, svo þeir aðilar, sem á slíkri vitneskju þurfa að halda, geti jafnan aflað hennar á einum stað í stjórnkerfi landsins. Ráðuneytinu er hins vegar ekki fengin nein heimild til þess að fjalla um á hvern hátt nýta beri auðlindir landsins, heldur er það hlutverk annarra viðkomandi ráðuneyta og stofnana. Verksvið ráðuneytisins í þessu efni takmarkast við það eitt að gera tillögur um verndun auðlinda þegar ástæða er talin til, í samræmi við hið almenna umhverfismálahlutverk sem ráðuneytinu er falið með lögum. Um framkvæmd slíkra tillagna og ákvarðanatöku í því efni fjalla önnur stjórnvöld sem hlut eiga að máli. Þess má geta í þessu sambandi, að auðlindamál heyra undir umhverfismálaráðuneytið í Noregi.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um skaðabótaskyldu þeirra sem valda tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum.

Ekki þykir ástæða til að setja neinar sérstakar reglur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst á því sviði sem frumvarpið nær til. Í greininni er fram tekið að sá, sem tjóni veldur, skuli bæta tjónið eftir almennum skaðabótareglum.

Um 27. gr.

Fjallað er í greininni um refsiábyrgð vegna brota á lögunum. Ef sakir eru miklar þykir rétt að heimila beitingu fangelsis allt að einu ári. Önnur viðurlög eru sektir og varðhald. Refsiheimild er einnig að finna í greininni fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í broti, sbr. III. kafla laga nr. 19/1940.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hlutræna refsiábyrgð, sem er undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning eða gáleysi), sem refsiskilyrði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þess að slíkri refsiábyrgð verði komið fram þarf ótvíræða heimild í lögum, svo sem hér er að finna. Rétt þykir að setja slíkt undanþáguákvæði hér vegna þeirra stórfelldu

hagsmuna, sem í húfi geta verið, og vegna hættunnar á því, að ekki takist að upplýsa hvaða aðilar fyrirtækis — fyrirsvarsmenn eða aðrir starfsmenn — séu brotlegir, þannig að refsingu verði ekki fram komið gegn þeim af þeirri ástæðu. Þá skal og á það minnt í þessu sambandi, að fyrirtæki eða stofnun verður ekki sektuð nema á hlutrænum grundvelli.

Þá er í greininni að finna heimildir fyrir bæði heilbrigðisnefndir og ráðuneytið til að leggja á dagsektir ef aðili vanrækir að vinna verk, sem fyrirskipað hefur verið samkvæmt lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða ef löglega gefnum fyrirmælum er ekki sinnt. Rétt þykir að láta dagsektir þær, sem heilbrigðisnefnd leggur á, renna í sveitarsjóð, en ella renna þær í ríkissjóð.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Í lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eru nokkur ákvæði sem ekki eru samrýmanleg ákvæðum þessa lagafrumvarps um umhverfismál og er því nauðsynlegt að breyta eða fella niður þegar það tekur gildi. Lagt er til að 3. gr. laganna verði felld niður, en þar er heilbrigðisráðherra veitt heimild til þess að setja almenna mengunarvarnareglugerð. Hins vegar verði fjallað um ýmsar tegundir mengunar í heilbrigðisreglugerð skv. 2. gr. laganna, svo sem loftmengun, geislun og varmamengun, þegar um slíka mengun er að ræða innan gildissviðs laga 50/1981.

Sþ. 269. Nefndarálit [125. mál]

um till. til þál. um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn lögreglustjóra, tollstjóra, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með þeirri breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Reykjavík, 19. des. 1983.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Eggert Haukdal.	Guðrún Helgadóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Þorsteinn Pálsson.	

Sþ. 270. Breytingartillaga [125. mál]

við till. til þál. um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að koma nú þegar á samstarfshópi löggæslu- og tollgæslumanna er samræmi og skipuleggi auknar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna og athugi nýjar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra tilnefni formann samstarfshópsins, en að öðru leyti skulu aðilar tilnefndir af lögreglu- og tollgæsluyfirvöldum í helstu þéttbýliskjörnum landsins er nú starfa að ávana- og fíkniefnamálum.

Samstarfshópurinn vinni í nánu samstarfi við löggæslu- og tollgæslumenn í öðrum lögsagnarumdæmum og tollhöfnum úti um allt land.

Samstarfshópurinn fái einnig það verkefni að gera tillögur um úrbætur á sviði toll- og löggæslu sem nauðsynlegar kunna að reynast til að fyrirbyggja dreifingu og innflutning fíkniefna. Niðurstöðum skal skila til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 1. mars n. k.

Nd. 271. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Svavari Gestssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Fyrri mgr. 6. gr. orðist svo:

Sérstakur eignarskattur skal nema 1.4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Nd. 272. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvapið. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við málið.

Alþingi, 18. des. 1983.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Nd. 273. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed.

Alþingi, 18. des. 1983.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson.	Svavar Gestsson.	Þorsteinn Pálsson.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Nd. 274. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 18. des. 1983.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Svavar Gestsson.	Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Sþ. 275. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 264 [Fjárlög 1984].

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Stefáni Benediktssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

	Þús. kr.
Við brtt. 33. — Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn.	
a. Við a — við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „55 700“ kemur	57 700
b. Við b — Sundurliðun a. 3. Bygging K.	
Fyrir „12 000“ kemur	14 000

Sþ. 276. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá Páli Pétursyni, Ragnari Arnalds og Eiði Guðnasyni.

Við 4. gr. 09 999 Ýmislegt. Nýr liður:	Þús. kr.
0103 Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	13 000

Sþ. 277. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um kennslu í Íslandssögu.

Flm.: Eiður Guðnason, Páll Pétursson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í grunnskólanámi verði kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar aukin og við það miðuð að nemendur öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar heldur og trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast í ellefu aldir.

Greinargerð.

Marg hefur verið rætt og ritað að undanförnu um kennsluhætti og menntastefnu að því er varðar kennslu á grunnskólastigi í Íslandssögu. Svo sem eðlilegt hlýtur að teljast hafa þar komið fram ýmis sjónarmið, býsna ólík. Því er ekki að neita að ýmsir hafa af því verulegar áhyggjur að nemendur, sem ljúka grunnskólaprófi, séu í sumum tilvikum næsta fáfróðir um sögu þjóðar sinnar sem hlýtur þó ásamt móðurmálsnámi að teljast einn af veigamestu grundvallarþáttum menntakerfisins á Íslandi.

Fyrir nokkru birtu blöð niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð hafði verið á söguþekkingu hjá almenningi hér á landi. Nú er það svo að slíkar skoðanakannanir ber ekki að taka bókstaflega, en þær gefa þó vísbendingu sem ekki er ástæða til að horfa fram hjá.

Dagblaðið Tíminn skýrði frá niðurstöðum skoðanakönnunarinnar með eftirfarandi hætti:

„Söguþekking 16—20 ára Íslendinga bágborin: Aðeins 13,1% vissu um fyrsta forseta Íslands. Aðeins 58,8% vita að Sveinn Björnsson var fyrsti forseti íslenska lýðveldisins samkvæmt skoðanakönnun sem fyrirtækið Kaupþing gerði nýlega. 17,5% héldu að það hefði verið Jón Sigurðsson, 5,7% að það hefði verið Ásgeir Ásgeirsson og heil 18% sögðust alls ekki vita það.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins virðast samkvæmt könnuninni vera aðeins betur að sér en fólk úti á landsbyggðinni, en 62,7% svöruðu spurningunni rétt. Í þéttbýli annars staðar á landinu svöruðu 55,9% rétt, en 52,9% í dreifbýli. Sé þeim, sem spurðir voru, skipt niður í aldurshópa kemur í ljós að aðeins 13,1% fólks á aldrinum 16—20 ára svaraði rétt. Eftir því sem fólk eldist virðist það betur að sér en 83,9% fólks á aldrinum 56—67 ára vissi hver var fyrsti forseti lýðveldisins.

Hvenær var kristni lögtekin?

Þeirri spurningu svöruðu 49,8% rétt, en 50,2% rangt. Óverulegur munur var á svörum fólks eftir aldri, en 57,8% kvenna vissu svarið, en aðeins 41,9% karla. 53,6% þátttakenda af höfuðborgarsvæðinu svöruðu rétt en 44,4% þátttakenda úr dreifbýli."

Þessar niðurstöður hljóta að vera alvarlegt íhugunarefni.

Einn þeirra, sem lagt hafa orð í belg í umræðunni um sögu og menntastefnu, er Arnór Hannibalsson lektor við heimspekideild Háskóla Íslands. Í grein, sem hann ritaði í Morgunblaðið miðvikudaginn 7. des. s. l., segir m. a. á þessa leið:

„Frumgrunnur og tilveruforsenda smáríkis er ævarandi barátta þess fyrir fullveldi og sjálfstæði. Höfuðverkefni ríkisins er að skapa samstöðu allrar þjóðarinnar í þeirri baráttu. Ríkið hlýtur að beina orku sinni að því að Íslendingar öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á þjóðarsögunni heldur og að þeir hafi vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem við höfum komið okkur upp. Sjálfstæðisbaráttunni lýkur aldrei. Smáþjóðin á ætíð undir högg að sækja. Við ráðum því ekki hvað stórveldin telja sér í hag. — Líf okkar hér á Íslandi ber að skoða í ljósi baráttu okkar fyrir þjóðréttindum, bæði í fortíð og nútíð. Sé á því slakað, hvort heldur er í stjórnmálum, söguritun eða skólastarfi, erum við að svíkja sjálfa okkur.

Þar með er ég ekki að segja að ríkisvaldið eigi að segja sagnfræðingum fyrir verkum eða gefa út reglur um „viðurkennd vinnubrögð" sagnfræðinga. En það er tími til að íhuga hver skuli vera stefnan í menntunarmálum þjóðarinnar."

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu taka undir þessi orð og telja ríka ástæða til þess að Alþingi lýsi stefnu sinni í þessu mikilvæga máli með ályktun.

Sþ. 278. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 265 [Fjárlög 1984].

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
Við brtt. 5. — Við 3. gr. 0175 Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra.	
Fyrir „4 600" kemur (leiðrétting)	46 000

Sþ. 279. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 264 [Fjárlög 1984].

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við brtt. 16. b. — Við 04 270 0103 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.	
Fyrir „3 860" kemur	4 052
2. Við brtt. 16. c. — Við 04 270 0104 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.	
Fyrir „18 694" kemur	19 294
3. Við brtt. 56.h. 4.39 d. Liðurinn orðist svo (leiðrétting): Sérhönnuðum „neyðarleifturljósum" (Strobe-light) á björgunarvesti og björgunarbúninga.	
4. Við brtt. 56.p. 7.11. Við liðinn bætist: Með sama hætti er honum heimilt að kosta endurbætur rannsóknaskipanna Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar.	

Ed. 280. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá neðri deild, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 19. des. 1983.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsd., fundaskr.	Tómas Árnason.
Valdimar Indriðason.	Lárus Jónsson.	Ragnar Arnalds.
	Eiður Guðnason.	

Sþ. 281. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá Svavari Gestssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur og Skúla Alexanderssyni.

1. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun.
   a. Við 0103 Bókaútgáfa. Þús. kr.
   Fyrir „25 399“ kemur 27 399
   b. Nýr liður:
   0106 Sérkennslugögn 1 000
2. Við 4. gr. 02 909 Blindrabókasafn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   Fyrir „800“ kemur 1 000
3. Við 4. gr. 04 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Nýr liður:
   0111 Fyrirhleðslur vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi, gegn mótframlagi allt að 50% frá Viðlagatryggingu Íslands 3 900

Sþ. 282. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

b. Ófyrirséð	165	
		660
3.2 Fjölsímaleiðir:		
a. Hofsós — Sauðárkrókur	435	
b. Ísafjörður — Bolungarvík	700	
c. Hella — Hvolsvöllur	615	
d. Ýmsir fjölsímar (stækkanir)	12 720	
e. Tónritsímabúnaður	960	
f. Girðisholt (síur og gafflar)	260	
g. Stafrænt net (R. og Kf. svæði)	11 590	
h. Bergmálslokar (utanlandslínur)	870	
i. Einmótaðar rásir (fyrir fjallastöðvar)	1 135	
j. Fjölsímar fyrir Skyggni	1 655	
k. Ísafjörður — Reykjavík	1 745	
		32 685
3.3 Radíóleiðir:		
a. Gaumkerfi	3 360	
b. Hofsós — Sauðárkrókur	1 865	
c. Viðarfjall — Þórshöfn	1 165	
d. Ísafjörður — Blönduós	10 580	
		16 970
4. Radíósendistöðvar:		
a. Strandarstöðvar utan Reykjavíkur	2 395	
b. Reykjavík radíó	2 000	
c. Bílasími	2 810	
d. Bílastöðvar	1 575	
e. Strandarstöðvar afgr. búnaður	695	
f. Metrabylgja vegna skipa	1 430	
		10 905
5. Jarðstöð:		
a. Varasamband fyrir Skyggni	9 500	
		9 500
6. Húsbyggingar:		
a. Reykjavík — Múli	22 125	
b. Póstútibú, Mjódd	1 000	
c. Jörfi	3 750	
d. Súðavík	1 725	
e. Ísafjörður	1 310	
f. Akranes	750	
g. Seltjarnarnes	1 750	
h. Akureyri	3 000	
i. Tækjahús v/Ísafjarðar — Blönduós radíóleiðir	560	
		35 970

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Bifreiðar og vélar:		
	a. Bifreiðar	7 000	
	b. Tæki fyrir pósthús	2 700	
			9 700
8.	Tölvubúnaður:		
	a. Póstgíróstofan/póststöðvar	7 300	
	b. Tæknideild	3 000	
	c. Fjármáladeild	550	
	d. Símstöðin í Reykjavík	700	
			11 550
II.	**Fjárfesting í sveitum 1984 samkvæmt lögum nr. 32/1981, sundurliðun:**		
1.	Sjálfvirkar símstöðvar:		
	a. Stafræn stöð, — AXE	13 500	
	b. Ferjöld	4 300	
			17 800
2.	Jarðsímar í sveitum:		
	a. Hörgslandshreppur, V-Skaft.	3 995	
	b. Skaftártungur, V-Skaft.	2 085	
	c. Rangárvallahreppur, Rang.	1 240	
	d. Álftaneshr., Hraunhr., Mýr.	6 310	
	e. Staðarsveit, Breiðavíkurhr., Snæf.	4 650	
	f. Haukadalshr., Hörðudalshr., Miðdalahr., Dal.	5 815	
	g. Gufudalshreppur, A-Barð.	410	
	h. Rauðasandshreppur, V-Barð.	4 975	
	i. Þingeyrarhreppur, V-Ís.	410	
	j. Mýrahr., Mosvallahr., V-Ís.	2 000	
	k. Bæjarhreppur, Strand.	2 650	
	l. Skarðshreppur, Skag.	1 490	
	m. Hofshr., Fellshr., Skag.	4 650	
	n. Skriðuhr., Öxnadalshr., Glæsibæjarhr., Eyjaf.	5 815	
	o. Bárðardalur, S-Þing.	4 975	
	p. Fellahreppur, Tunguhreppur, N-Múl.	4 975	
	q. Breiðdalshreppur, S-Múl.	3 300	
			59 745
3.	Fjölsímar:		
	a. Breiðamýri — Lundarbrekka	1 050	
	b. Hvolsvöllur — Steinar	785	
	c. Klaustur — Síða	875	
	d. Borgarnes — Sveinsstaðir	785	
	e. Miklah. — Furubr. — Öxl	2 090	
	f. Búðardalur — Kvennabr.	875	
	g. Búðardalur — Hörðuból	875	
	h. Patreksfjörður — Rauðisandur	525	
	i. Brú — Bær	875	
	j. Akureyri — Björg — Öxnadalur	2 355	
	k. Kljáfoss — Lundarreykjadalur	785	
	l. PCM notendakerfi 4 ★ 30 + 10 reg.	3 310	
			15 185

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Radíóleiðir:		
a. Örlygshöfn — Vatneyri	1 330	
b. Háfell — Álftaver — Skaftártungur	2 940	
c. Ingjaldssandur — Flateyri	890	
d. Skógarströnd	2 595	
e. Þingvellir	2 595	
f. Gufudalssveit	1 065	
g. Varatæki PCM	1 080	
h. Varatæki FDM	720	
i. Tíu einnar rása tæki	2 580	
j. Fjögur 4-ra rása tæki	2 130	
		17 925
5. Húsbyggingar:		
Tækjahús í sveitum	5 250	
		5 250
16. Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31 321 983).		
Stofnlínur		60 750
Vogaskeið — Grundarfjörður	6 300	
Sauðárkrókur — Hofsós	340	
Akureyri — Dalvík	26 240	
Laxá — Kópasker	19 010	
Stuðlar — Eskifjörður	3 170	
Eskifjörður — Neskaupstaður	500	
Hólar — Höfn II	340	
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 500	
Lúkning verka fyrra árs	3 350	
Aðveitustöðvar		45 030
Flúðir	3 430	
Hella	6 640	
Ólafsvík	560	
Skagaströnd	5 530	
Eskifjörður	12 000	
Stuðlar	4 000	
Fáskrúðsfjörður	360	
Teigarhorn	500	
Hólar	1 510	
Lúkning verka fyrra árs	3 350	
Raflínusími og fjargæsla alls	7 150	
Innanbæjarkerfi		47 240
Dísilstöðvar		6 980
Vélar og tæki		10 000
Geymsluhús o. fl.		5 000
	Samtals	175 000
Heimtaugargjöld		7 000
Lántökur		168 000

Sþ. 306. Þingsályktun [125. mál]

um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að koma nú þegar á samstarfshópi löggæslu- og tollgæslumanna er samræmi og skipuleggi auknar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna og athugi nýjar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra tilnefni formann samstarfshópsins, en að öðru leyti skulu aðilar tilnefndir af lögreglu- og tollgæsluyfirvöldum í helstu þéttbýliskjörnum landsins er nú starfa að ávana- og fíkniefnamálum.

Samstarfshópurinn vinni í nánu samstarfi við löggæslu- og tollgæslumenn í öðrum lögsagnarumdæmum og tollhöfnum úti um allt land.

Samstarfshópurinn fái einnig það verkefni að gera tillögur um úrbætur á sviði toll- og löggæslu sem nauðsynlegar kunna að reynast til að fyrirbyggja dreifingu og innflutning fíkniefna. Niðurstöðum skal skila til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 1. mars n. k.

Ed. 307. Frumvarp til laga [167. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Björg Michaelsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 21. ágúst 1957 á Íslandi.
2. Araujo de Souza, Ruben, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 17. febrúar 1953 í Brasilíu.
3. Arnþórsson, Joan, (f. Lewis), starfsþjálfari á Akureyri, f. 9. nóvember 1946 á Englandi.
4. Assmann, Wolfgang, verkamaður í Reykjavík, f. 25. maí 1940 í Þýskalandi.
5. Bang, Anne Lise, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. október 1942 á Íslandi.
6. Campbell, Duncan Wilson, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 5. nóvember 1950 í Skotlandi.
7. Chinotti, Gérard Marcel Fernard Henri, kennari í Reykjavík, f. 13. júní 1941 í Frakklandi.
8. Christiansen, Johan Sophus Dahl, nemi í Reykjavík, f. 6. mars 1955 á Íslandi.
9. Coënca, Carol, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. janúar 1953 í Frakklandi.
10. David, Marie Ivy Doris, nemi á Akureyri, f. 7. apríl 1960 í Afríku.
11. Foulger, Gillian Rose, jarðeðlisfræðingur í Reykjavík, f. 9. desember 1952 í Englandi.
12. Huijbens, Hermanus Henricus, matreiðslumeistari á Akureyri, f. 18. ágúst 1948 í Hollandi.
13. Hwang, Jin Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. október 1954 í Suður-Kóreu.
14. Ilec, Dusan, vörubílstjóri í Reykjavík, f. 28. júní 1955 í Júgóslavíu.
15. Knútsson, Hope Nancy, (f. Loewenstein), iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 8. september 1943 í Bandaríkjunum.
16. Lareau, Jean Noel, flugvirki í Reykjavík, f. 28. maí 1956 á Íslandi.
17. Marth, Ulrike Elenore, fóstra í Djúpárhreppi, f. 12. mars 1955 í Þýskalandi.
18. Miljević, Stanko, aðstoðarmaður í brauðgerð í Kópavogi, f. 28. september 1952 í Júgóslavíu.

19. Nilssen, Julianne Marie, húsmóðir í Keflavík, f. 2. október 1949 á Íslandi.
20. Pescia, Enrico Emanuel, verkamaður í Njarðvík, f. 18. september 1954 í Bandaríkjunum.
21. Renner, Margo Jeanne, listamaður í Vestmannaeyjum, f. 29. desember 1953 í Bandaríkjunum.
22. Scobie, William James, verkamaður í Reykjavík, f. 27. apríl 1962 á Íslandi.
23. Vestergaard, Ingibjörg, matráðskona í Garðakaupstað, f. 24. apríl 1938 í Færeyjum.
24. Webster, Decarsta Unsont, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. maí 1955 í Bandaríkjunum.
25. Zak, Marjan, verkamaður í Kópavogi, f. 18. júlí 1953 í Júgóslavíu.
26. Zarioh, Mohamed Hammadi, rafsuðumaður á Akureyri, f. 17. október 1950 í Marokkó.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda. Umsækjandi nr. 24 fullnægir þó ekki skilyrðum um dvalartíma fyrr en 25. apríl 1984, en hann er kvæntur íslenskri konu.

Sþ. 308. Beiðni um skýrslu

frá utanríkisráðherra um starfsemi Íslenskra aðalverktaka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Karvel Pálmasyni, Stefáni Benediktssyni, Guðmundi Einarssyni, Kristínu S. Kvaran og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um starfsemi Íslenskra aðalverktaka svo og tollfrjálsan innflutning vegna varnarliðsframkvæmda og annan innflutning tengdan varnarliðinu.

Í skýrslunni komi m. a. fram:

1. hverjir eru eignaraðilar í Íslenskum aðalverktökum, annaðhvort beint eða gegnum önnur félög, og í hvaða hlutföllum;
2. eiginfjárstaða Íslenskra aðalverktaka og matsverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1982:
   a) húseignir
   b) bifreiðar
   c) aðrar eignir;

3. hvernig húseignin Höfðabakki 9 hefur verið fjármögnuð og hvaða starfsemi fer þar fram;
4. heildarvelta Íslenskra aðalverktaka árin 1980, 1981 og 1982;
5. árlegur hagnaður fyrirtækisins árin 1980, 1981 og 1982 og hvernig honum hefur verið ráðstafað;
6. hverjar tekjur íslenska ríkisins hafa verið og eignaaukning hjá Íslenskum aðalverktökum s. l. 6 ár og hvernig það hefur verið fært í ríkisbókhaldi;
7. stofnfjárframlag íslenska ríkisins og verðmæti eignarhluta þess í árslok 1982;
8. hversu miklum gjaldeyri Íslenskir aðalverktakar hafa skilað inn s. l. 5 ár, hversu háar gjaldeyrisyfirfærslur þeir hafa fengið vegna innflutningsskrifstofu fyrirtækisins í Bandaríkjunum og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka;
9. hvort Íslenskir aðalverktakar hafa fengið umboðslaun og ef svo er hver þau hafa verið s. l. 5 ár og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka;
10. hverjir viðskiptabankar fyrirtækisins eru og hver var hlutfallsleg skipting innistæðna í þeim bönkum í árslok 1981 og 1982;
11. verðmæti tollfrjáls innflutnings Íslenskra aðalverktaka s. l. þrjú ár sem heimilaður hefur verið af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins vegna eftirfarandi:
    a) varnarliðsframkvæmda sem unnar eru á grundvelli verktakasamninga við varnarliðið
    b) annars innflutnings sem ekki er skráður á ákveðna verksamninga;
12. upphæð umsaminna efniskaupa samkvæmt verktakasamningum fyrir sama tímabil milli Íslenskra aðalverktaka og varnarliðsins;
13. eftirgjöf ríkisins s. l. 3 ár (fært fram til verðlags í dag) í tollum og aðflutningsgjöldum af vélum, tækjum og búnaði vegna verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll;
14. hvort yfirvöld hafi kannað hvort innflutningur tækja, véla og varahluta hvers konar, sem ekki eru skráð á ákveðna verktakasamninga, sé í samræmi við raunverulega þörf Íslenskra aðalverktaka;
15. hvernig háttað er eftirliti með innflutningi samkvæmt 8. gr. 6. tl. fylgiskjals með varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna og hverjar hafa verið tollatekjur íslenska ríkisins af þeim innflutningi;
16. verkamannakaup pr. klst. í verksamningum á árinu 1983 og starfsmannafjöldi fyrirtækisins s. l. 3 ár;
17. hvort utanríkisráðherra hafi áform um að breyta fyrirkomulagi verkútboða á vegum varnarliðsins og ef svo er þá hvernig, og hvort það fyrirkomulag verkútboða, sem hér ríkir, eigi sér hliðstæður við samsvarandi aðstæður í öðrum löndum, og sé ekki svo hvernig því sé þá háttað.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 23. janúar 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Karl Steinar Guðnason.	Kjartan Jóhannsson.
Eiður Guðnason.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Karvel Pálmason.
Stefán Benediktsson.	Guðmundur Einarsson.	Kristín S. Kvaran.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa farið fram miklar umræður á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu um starfsemi og umsvif Íslenskra aðalverktaka. Í þeim umræðum hafa komið fram ýmsar ásakanir í garð fyrirtækisins og óhætt er að segja að mikillar tortryggni gætir vegna reksturs og fjármálaumsvifa þess.

Hér skulu ekki tíundaðar þær ásakanir, sem fram hafa komið, né afstaða tekin til þeirra. Tilgangur þessarar beiðni um skýrslu um málefni Íslenskra aðalverktaka er fyrst og fremst sá að varpa ljósi á starfsemi og fjármál fyrirtækisins þannig að fordómalausar umræður, reistar á staðreyndum, geti farið fram um starfsemi og framtíð þessa fyrirtækis.

Í viðtali í Alþýðublaðinu 14. janúar s. l. við framkvæmdastjóra Íslenskra aðalverktaka kom fram að fyrirtækið hefði engu að leyna, en dylgjað hafi verið á ósanngjarnan hátt um félagið.

Í ljósi þess og þeirra umræðna, sem orðið hafa, hlýtur það að vera hagur fyrirtækisins jafnt sem annarra að þeirri leynd, sem verið hefur, sé varpað af fyrirtækinu. Hlýtur það að teljast eðlileg krafa í ljósi þeirrar einokunaraðstöðu, sem fyrirtækið hefur, og ekki síður vegna eignarhluta íslenska ríkisins í fyrirtækinu.

Ýmsir hafa einnig gert því skóna að nauðsynlegt sé að aflétta þeirri einokunaraðstöðu sem Íslenskir aðalverktakar óneitanlega hafa vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hér er lagt til að utanríkisráðherra birti í skýrslu sinni til Alþingis, væri hægt að taka skynsamlegar og réttar ákvarðanir um fyrirkomulag verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, eyða tortryggni og aflétta þeirri leynd sem hvílt hefur yfir allri starfsemi þessa fyrirtækis.

Sþ. 309. Fyrirspurnir. [168. mál]

I. Til menntamálaráðherra um endurskoðun laga nr. 14/1978, um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Má vænta þess að frumvarp til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð, sem unnið var á vegum nefndar, er fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði, verði lagt fram á yfirstandandi þingi?

II. Til menntamálaráðherra um starfsskilyrði myndlistarmanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Er fyrirhugað að flytja frumvarp til laga um starfsskilyrði myndlistarmanna samkvæmt tillögu nefndar sem skipuð var 2. nóvember 1981 samkvæmt ályktun Alþingis og lauk störfum 21. nóvember 1982?

III. Til menntamálaráðherra um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað dvelur framlagningu frumvarps til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta Flórens-sáttmála, alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum til nota á sviði mennta-, vísinda- og menningarmála?

IV. Til samgönguráðherra um Parísar-sáttmálann um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hyggst íslenska ríkisstjórnin taka þátt í flutningi tillögu, sem Norðurlandaþjóðirnar munu bera fram til vísinda- og tækninefndarinnar á fundi um Parísarsáttmálann um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum, sbr. lög nr. 67/1981, sem haldinn verður í júní n. k., um að fyrirtækjum, sem endurvinna úrgangsefni frá kjarnorkuverum, verði gert skylt að nýta öll fáanleg tæki til að koma í veg fyrir mengun geislavirkra efna í umhverfinu?

V. Til samgönguráðherra um símamál í Sandgerði.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar í símamálum Sandgerðinga?

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um úttekt á umfangi skattsvika.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfshópi sem hafi það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Í hvaða atvinnustéttum og atvinnugreinum skattsvik eiga sér helst stað.
3. Umfang söluskattssvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Starfshópurinn skal skipaður einum fulltrúa skattyfirvalda, einum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar og einum fulltrúa viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Niðurstöður skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1985.

Greinargerð.

Á yfirstandandi Alþingi hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum (98. mál 106. löggjafarþings). Sú tillaga miðar að því að fela ríkisstjórninni tafarlausa framkvæmd ákveðinna verkefna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattsvik og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú tíðkast. Meginverkefni samkvæmt þeirri tillögu er að endurskoðuð verði ýmis lög er lúta að skattamálum og meðferð ákærumála í skattsvikamálum, svo og að veita aukið fjármagn til skattrannsókna.

Með þeirri tillögu, sem hér er lögð fram, er aftur á móti lagt til að sérstök úttekt fari fram á umfangi skattsvika. Telja flutningsmenn þessarar tillögu að rétt sé að flytja um það mál sérstaka tillögu þar sem gert er ráð fyrir skipun starfshóps sem hafi þetta ákveðna verkefni með höndum. Sú úttekt, sem hér er lögð til, gæti tvímælalaust haft mikið upplýsingagildi og greitt fyrir framkvæmd fyrrgreindrar tillögu.

Ljóst er að engin skipuleg úttekt hefur verið gerð á því hér á landi hversu umfangsmikil skattsvik eru eða í hvaða atvinnustéttum og atvinnugreinum þau tíðkast helst. Benda má þó á að í ítarlegri grein, sem prófessor Ólafur Björnsson skrifar í Vísi 8. október 1975, er reynt að varpa ljósi á umfang skattsvika. Þar segir m. a.:

„Sú aðferð hefur í seinni tíð einkum verið notuð til þess að gera sér grein fyrir þessu að bera saman þjóðartekjurnar gerðar upp á grundvelli upplýsinga um magn og verðmæti þjóðarframleiðslunnar annars vegar og skattframtöl hins vegar. Sá samanburður hefur verið gerður hér á landi og samkvæmt þeim upplýsingum, sem mér eru um þetta kunnar, skakkar hér 10–11% sem skattframtölin eru lægri en þjóðhagsreikningstölurnar. Þótt hafa beri hugfast við slíkan samanburð að við mat tekna til skatts er ekki fylgt nákvæmlega sömu reglum og við mat verðmætis þjóðarframleiðslunnar í þjóðhagsreikningum, auk þess sem niðurstöður þjóðhagsreikninga verða aldrei fullkomlega áreiðanlegar, þá ætti hér þó að vera um nothæfan, grófan mælikvarða að ræða um það hversu miklu skattsvikin nema fyrir þjóðarbúið í heild."

Í grein Ólafs Björnssonar kemur einnig fram að samsvarandi athugun í Noregi hafi leitt í ljós nákvæmlega það sama, að 10—11% þjóðartekna væru dregin undan skatti.

Þær upplýsingar, sem prófessor Ólafur Björnsson byggir mat sitt á, eru fengnar úr riti Framkvæmdabankans, „Úr þjóðarbúskapnum", 12. hefti, sem út kom í júní 1962, og koma fram í grein eftir Torfa Ásgeirsson og Bjarna Braga Jónsson sem ber heitið „Þjóðarframleiðslan, verðmætaráðstöfun og þjóðartekjur 1945–1960". Í þessari grein kemur fram að jafnhliða tekjuframtalsaðferðinni voru þjóðartekjur fjögurra síðustu ára, 1957–1960, áætlaðar sérstaklega samkvæmt ráðstöfunaraðferðinni. Niðurstöðurnar sýndu hærri þjóðartekjur samkv. ráðstöfunaraðferðinni en tekjuframtalsaðferðinni öll árin og voru þjóðartekjur 6–14% hærri samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri en tekjuframtalsuppgjöri.

Eins og fram hefur komið má áætla að skattsvik séu um 11% af þjóðartekjum. Hafa ber í huga að þær forsendur, sem byggt er á, eru þjóðartekjur og verðmætaráðstöfun áranna 1945–1960. Hér er því um margra áratuga gamlar tölur að ræða og er ljóst að margt hefur breyst í þjóðfélaginu frá þeim tíma, auk þess sem í þeim upplýsingum, sem fram koma, er ekki gerð tilraun til þess að meta skattsvik eða undandrátt tekna eftir atvinnustéttum og atvinnugreinum.

Brýnt er því orðið að úttekt fari fram á umfangi skattsvika og reynt verði að leggja mat á í hvaða atvinnustéttum og atvinnugreinum er mest hætta á undandrætti tekna. Slíkar upplýsingar gætu orðið mjög gagnlegar fyrir stjórnvöld við mat á leiðum til að koma í veg fyrir skattsvik. Mikið er í húfi og um gífurlegar fjárupphæðir að ræða.

Ef þær forsendur eru notaðar, sem áður er vitnað til, að 10–11% af þjóðartekjum séu ekki taldar fram til skatts, er hægt að fá nokkra mynd af því sem hér er um að ræða. Vergar þjóðartekjur árið 1982 á verðlagi ársins 1980 voru 13 milljarðar 378 millj. kr. Ef sú upphæð er færð fram til verðlags 1983 miðað við gengisvísitölu í nóvember 1983 nema vergar þjóðartekjur á verðlagi í nóvember 1983 48 milljörðum 27 millj. kr. Ef 11% af þeirri upphæð eru dregin undan skatti hafa skattsvikin á árinu 1983 verið 5 milljarðar 283 millj. kr. og eru þá söluskattssvikin ekki meðtalin. Hér er ekki um neina smáupphæð að ræða, eða um 33% af áætluðum heildartekjum ríkissjóðs árið 1984.

Flutningsmönnum þessarar tillögu er ekki kunnugt um að önnur tilraun en hér hefur verið lýst hafi verið gerð til þess að meta umfang skattsvika hér á landi. Þetta er svipað þeim tölum sem fram hafa komið opinberlega í öðrum löndum og skulu nokkrar þeirra nefndar hér.

Í General Report, útgefnu 1983 af International Fiscal Association, kemur fram hvað áætlað er að undandráttur sé mikill í skatti í nokkrum löndum. Þar segir að í Bandaríkjunum sé undandráttur 10% af mögulegum skatttekjum; í Svíþjóð sé undandrátturinn 10% af

þjóðarframleiðslu; í Frakklandi er áætlað að 23% af tekjuskatti tapist vegna skattsvika; í Kanada tapist 10% af innheimtum tekjuskatti. Í Vestur-Þýskalandi er áætlað að skattsvikin samsvari 2% af þjóðarframleiðslunni (sú tala kemur fram í Business Week 13. 3. 1978).

Í þeim tilgangi að gera sér grein fyrir umfangi þessa verkefnis, sem starfshópnum er ætlað samkvæmt þingsályktunartillögunni, má benda á að nú þegar er verið að gera ýmsar þær athuganir og útreikninga sem nauðsynleg gætu reynst í athugunum starfshópsins. Í riti Þjóðhagsstofnunar, „Framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga 1973–1978“ sem út kom í október 1982, kemur eftirfarandi fram:

„Í þessari skýrslu birtist í fyrsta sinn heildaruppgjör þjóðarframleiðslu eftir atvinnugreinum. Yfirlit þessi ná yfir tímabilið 1973–1978 að báðum árum meðtöldum og er áformað að þessi skýrslugerð verði framvegis liður í þjóðhagsreikningsgerð Þjóðhagsstofnunar. Jafnframt verði haldið áfram skýrslugerð um þjóðarútgjöld eða verðmætaráðstöfun en hún nær allt aftur til ársins 1945. Þessum tveimur uppgjörsaðferðum er ætlað að styðja hvor aðra og leiða til traustari niðurstöðu þjóðhagsreikninga. Auk þess er nú hafið í Þjóðhagsstofnun uppgjör þjóðhagsreikninga eftir þriðju uppgjörsaðferðinni, tekjuskiptingaraðferðinni. Tilgangur skýrslugerðar af því tagi, sem hér birtist, er margvíslegur. Má þar m. a. nefna að í skýrslunni er að finna svör við því í hvaða atvinnugrein verðmætasköpunin á sér stað. Enn fremur kemur fram hvernig skipting verðmætasköpunarinnar er milli þess sem launþegar bera úr býtum og hins sem fjármagnseigendur fá í sinn hlut vegna eigin vinnuframlags og til ávöxtunar og endurnýjunar þess fjármagns sem bundið er í framleiðslustarfseminni. Þá má nefna að framleiðsluuppgjörið sýnir heildarniðurstöður og verðmæti landsframleiðslunnar sem bera má saman við aðrar uppgjörsaðferðir.“

Slíkar upplýsingar, sem fram koma í þessu riti og unnar eru á vegum Þjóðhagsstofnunar, ættu að koma að verulegum notum við það verkefni sem hér er lagt til að unnið verði og flýta fyrir því að niðurstöður fáist.

Eins og fram hefur komið eru þær tölur, sem áður er greint frá og byggt hefur verið á um mat á skattsvikum hérlendis, orðnar margra áratuga gamlar. En með aukinni tölvuvæðingu og skráningu upplýsinga úr framtölum hafa skapast betri möguleikar til þess að leggja mat á skattsvik sem þjóðhagslega stærð. Athugun af þessu tagi, sem hér er lögð til, mundi skapa grundvöll fyrir opnari og upplýstari umræðu um þessi mál og gæti stuðlað að mótun markvissari heildarstefnu og aðgerðum gegn skattsvikum.

Sþ. 311. Fyrirspurn [170. mál]

til iðnaðarráðherra um stofnun Orkuveitu Suðurnesja.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hversu langt er undirbúningur að stofnun Orkuveitu Suðurnesja kominn af hálfu iðnaðarráðuneytisins?
2. Hvenær hyggst ráðherra leggja málið fyrir Alþingi?

Sþ. 312. Fyrirspurn [171. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldskrá fyrir uppboðshaldara.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Áformar dómsmálaráðherra að gera breytingar á þeirri tilhögun sem gilt hefur um innheimtulaun uppboðshaldara samkvæmt lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, sbr. gjaldskrá fyrir uppboðshaldara, nr. 757/1981, sem sett er með stoð í þeim lögum?

Ef svo er, hvenær má vænta þeirra breytinga og hverjar verða þær?

Sþ. 313. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Pétur Sigurðsson, Valdimar Indriðason, Halldór Blöndal, Þorsteinn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að rannsóknir og veiðar á Íslandsmiðum utan efnahagslögsögunnar verði stundaðar í vaxandi mæli.

Greinargerð.

Ljóst er að Íslendingar eiga þýðingarmikilla hafsbotnsréttinda að gæta á Reykjaneshrygg, Rockall-Hatton-hásléttu og Jan Mayen-svæðinu. Þessi réttindi ná ótvírætt til þeirra lífvera sem á hafsbotninum eru. Réttindi til uppsjávarveiða munu og vafalítið, er tímar líða, falla til þeirra sem botninn eiga og fiskimiðin hagnýta.

Nú þegar illa horfir um fiskveiðar innan efnahagslögsögunnar liggur í augum uppi að okkur ber að rannsaka og hagnýta fiskimið okkar utan hennar, auk þess sem nýting þeirra verður þung á metunum þegar endanlega verður skorið úr um eignar- og hagnýtingarrétt á þeim víðáttumiklu hafsvæðum sem hér er um að tefla. En reglur á þessu sviði hafréttarins eru nú í mótun.

Sþ. 314. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um takmörkun fiskveiða í mesta skammdeginu.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson, Halldór Blöndal, Pétur Sigurðsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að fiskveiðar verði mjög takmarkaðar í svartasta skammdeginu.

Greinargerð.

Þegar menn nú telja sig tilneydda að setja reglur um meiri eða minni takmörkun fiskveiða virðist liggja beint við að draga mjög úr veiðum á þeim árstíma þegar þær eru í senn óhagstæðastar og hættulegastar. Fiskvinnsla er einnig óarðbær á þessum árstíma og atvinna

slitrótt hjá landverkafólki, ekki síst iðnaðarmönnum. M. a. þess vegna væri heppilegt að nota tímann frá miðjum desember og fram eftir janúarmánuði til viðhalds og viðgerða á fiskvinnslustöðvum og báta- og togaraflotanum. En í annan stað þyrfti að huga að því við gerð kjarasamninga hvernig jafna mætti kaupgreiðslur þannig að fólk hefði tekjur á þessum tíma, t. d. með því að orlof yrði að einhverju leyti tekið þá.

Hér virðist um svo augljósar staðreyndir að ræða, sem best hefur sannast á undangengnum vikum, að sjálfsagt sé við þær umræður, sem nú fara fram um nýskipan fiskveiðimála, að taka tillit til þeirra.

Sþ. 315. Fyrirspurn [174. mál]

til iðnaðarráðherra um lífefnaiðnað.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá því í maí 1982 um athugun á hagkvæmni innlends lífefnaiðnaðar?

Ed. 316. Frumvarp til laga [175. mál]

um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Þeir sem rétt eiga til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla samkvæmt ráðningarsamningi eða samkvæmt lögum nr. 16 9. apríl 1958, með síðari breytingum, njóta réttar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Heimilt er foreldri að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna haustið 1982 var samþykkt að veita félagsmönnum BSRB og BHM heimild til að nota hluta af veikindaleyfi sínu til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri.

Ári áður hafði verið fallist á sams konar ákvæði í samningum ríkisins við starfsmannafélagið Sókn.

Heimild innan vissra marka til að sinna veikum börnum er eðlilegur réttur foreldra og sanngjarnt að slík ákvæði nái til allra launamanna. Því er frumvarp þetta flutt.

Samkvæmt 1. gr. ná þessi réttindi til þeirra sem eru í fastri vinnu, þ. e. hafa ákveðinn uppsagnarfrest eða hafa verið hjá sama atvinnurekanda í a. m. k. eitt ár, sbr. l. nr. 16 9. apríl 1958, þar sem eitt vinnuár er skilgreint sem a. m. k. 1800 vinnustundir á seinustu 12 mánuðum.

Ákvæði 2. gr. er nokkurn veginn samhljóða yfirlýsingu fjármálaráðherra 3. september 1982 í tengslum við aðalkjarasamning BSRB sem birtist hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Yfirlýsing með aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB 3. september 1982, 1. töluliður.

YFIRLÝSING:

Fjármálaráðherra mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra, dags. í dag, gefa út reglugerð um breyting á reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, þannig að við bætist ný grein er hljóði svo:

Heimilt er öðru foreldra að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvista vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

Nd. 317. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Samhljóða frv. voru flutt á 102., 103., 104. og 105. löggjafarþingi.

Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um að meginreglan átti að verða sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana átti að verða meginreglan. Þetta má enn fremur sjá með því að skoða greinargerð frumvarps laganna um skipan opinberra framkvæmda, en þar segir m. a.: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 476). Í athugasemdum við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 479).

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Í svörum hæstvirts samgönguráðherra við fyrirspurnum í Sþ. 22. apríl 1980 og 30. nóvember 1981 um útboð verklegra framkvæmda kom fram að því fer fjarri að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd.

Í ofangreindu svari hæstv. samgönguráðherra kom fram að 3. mgr. 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir hefði verið túlkuð þannig að viðkomandi stofnunum hefði verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu.

3. mgr. 21. gr. hljóðar svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“ Samkvæmt þessu frv. er ráðgert að bæta einni málsgrein við þessa setningu til að taka af öll tvímæli um það að útboð skuli vera aðalstefnan þrátt fyrir þetta ákvæði þannig að ríkisstofnanir eigi að láta útboð fara fram nema skilyrði undantekningarákvæða 13. gr. séu fyrir hendi.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að ráðherra geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Hér er aðallega átt við að ríkisstofnanir, sem nú framkvæma aðallega verk sín sjálfar, fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf, sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.

Sþ. 318. Fyrirspurnir. [177. mál]

I. Til menntamálaráðherra um námsvistargjöld.

Frá Helga Seljan.

1. Hver er afstaða menntamálaráðherra til innheimtu svokallaðs námsvistargjalds?
2. Telur ráðherra að þessi innheimta eigi sér lagastoð og ef svo er ekki, hvað hyggst ráðuneytið aðhafast í málinu?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um stöðu heilsugæslulæknis við H2-stöð á Eskifirði.

Frá Helga Seljan.

Hvenær má vænta þess að lögbundin staða við H2-stöð á Eskifirði verði auglýst og annar læknir ráðinn til stöðvarinnar með búsetu á Reyðarfirði?

III. Til utanríkisráðherra um skýrslu Braga Jósepssonar, Hannesar Pálssonar og Stefáns Jónssonar til utanríkisráðherra 22. des. 1971.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Er skýrsla sú sem Bragi Jósepsson, Hannes Pálsson og Stefán Jónsson sendu utanríkisráðherra 22. des. 1971 merkt sem trúnaðarmál?
2. Hefur verið kannað hver afhenti Morgunblaðinu skýrsluna?
3. Hver ber ábyrgð á vörslu og afhendingu trúnaðarskjala og annarra leyndargagna utanríkisráðuneytisins?
4. Sér ráðherra ástæðu til aðgerða vegna birtingar þessarar skýrslu?

IV. Til utanríkisráðherra um geislavirka mengun í Norður-Atlantshafi.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvernig er fylgst með og hvaða upplýsingar eru fyrir hendi í utanríkisráðuneytinu um losun geislavirks úrgangs í Norður-Atlantshaf og mengun sjávar af þeim sökum?
2. Hafa stjórnvöld beitt sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir geislavirka mengun í hafinu í kringum Ísland?

V. Til dómsmálaráðherra um gæða- og öryggisreglur varðandi hjólbarða.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 8. mars 1983 um gæða- og öryggisreglur varðandi notkun og innflutning hjólbarða, svo og verulega lækkun innflutningsgjalda af hjólbörðum?

Ed. 319. Frumvarp til laga [178. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló h.f., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum, sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972 um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi.

Í nóvembermánuði s. l. óskuðu ákveðnir aðilar eftir því við iðnaðarráðherra að kaupa lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði (Siglósíld). Í byrjun desember skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður af ríkisins hálfu um sölu Siglósíldar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í Iðnaðarráðuneyti, formann.

Gunnlaug Claessen, deildarstjóra í Fjármálaráðuneyti, og

Guðmund Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Með nefndinni hefur starfað Sveinn Arason, deildarstjóri í Ríkisendurskoðun.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Siglósíldar og aðra þætti, er varða söluverð, svo sem viðskiptavild.

Nefndin hefur átt allmarga fundi með fulltrúum eftirtaldra aðila, en þeir stofnuðu hinn 15. desember 1983 hlutafélagið Sigló h.f. með heimili og varnarþing á Siglufirði, til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Stofnendur:	Hlutafé: Kr.
Sæmundur Árelíusson, Siglufirði	400 000
Guðmundur Skarphéðinsson, Siglufirði	300 000
Björn Jónasson, Siglufirði	100 000
Ómar Hauksson, Siglufirði	100 000
Daníel Baldursson, Siglufirði	100 000
Gunnar Þórðarson, Ísafirði	100 000
Magnús Aspelund, Kópavogi	100 000
Marbakki h.f., Kópavogi	400 000
Eiríkur Böðvarsson, Ísafirði	200 000
Jón Guðlaugur Magnússon, Kópavogi	200 000
Samtals hlutafé	Kr. 2 000 000

Á fundi aðila, 14. desember 1983, náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykki iðnaðarráðherra, ríkisstjórnar og Alþingis.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja nýstofnuðu hlutafélagi, Sigló h.f., lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. Kaupsamningur um Siglósíld.

Frá kaupsamningi var gengið og hann undirritaður 17. desember 1983 með nauðsynlegum fyrirvara. Meginatriði kaupsamningsins, sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru:

1. Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló h.f. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 000 000.
2. Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.
3. Lán vegna kaupanna er tryggt veði með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar, og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverðið er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveim árum til að efla fyrirtækið.
4. Kaupendur skuldbinda sig til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram á Siglufirði, auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis, að gjaldfella megi lán vegna kaupanna að fullu, verði skuldbindingar um starfrækslu á Siglufirði ekki haldnar.
5. Seljandi lofar að beita sér fyrir því að gerður verði leigusamningur milli Sigló h.f. og Þormóðs ramma h.f. um afnot af frystihúsi Þormóðs ramma fyrir geymslu á allt að 700 tonnum af hráefni.
6. Miðað er við afhendingu eignanna 1. janúar 1984.

3. Nánar um greiðslukjör.

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum, sem fjármálaráðherra hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu, dags. 7. desember 1983. Þar er gert ráð fyrir að útborgun verði 20% og að eftirstöðvar verði lánaðar til allt að 10 ára. Hér hefur þó verið vikið frá kröfu um 20% útborgun. Telja verður að eftirfarandi atriði réttlæti slíkt frávik:

1. Með tilliti til þeirra gagngeru endurbóta, sem nauðsynlegar eru til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand, þykir óhjákvæmilegt að gera kaupendum kleift að leggja sem mest fé í fyrirtækið þegar í upphafi.
2. Fram hefur komið í viðræðum við kaupendur að þeir hyggjast fjárfesta í fyrirtækinu fyrir allt að kr. 12 milljónir á fyrra helmingi næsta árs.
3. Ofangreindar aðgerðir gefa von um jafna atvinnu við fyrirtækið allt árið. Þetta mun því væntanlega efla atvinnulíf á Siglufirði.

4. Nánar um kaupverð.

Við ákvörðun á kaupverði hefur verið tekið mið af fasteignamatsverði eigna fyrirtækisins og bókfærðu verði þeirra. Við mat á verði tækja og véla hefur verið höfð hliðsjón af bókfærðu verði. Hafa ber í huga að tæki verksmiðjunnar eru mörg hver úrelt orðin. Þá hefur verið reynt að meta viðskiptavild fyrirtækisins og þá aðstöðu sem fyrirtækið hefur byggt upp. Að öllu þessu athuguðu verður að telja kr. 18 000 000 viðunandi söluverð.

Með frumvarpinu fylgir bráðabirgðayfirlit yfir efnahag Siglósíldar í desember 1983. Til samanburðar er rétt að geta þess að bókfært verð fastafjármuna er skv. yfirlitinu talið vera kr. 13 951 000.

Skv. bráðabirgðauppgjörinu eru heildarskuldir Siglósíldar miðað við desember 1983 kr. 20 290 000. Þar á móti á fyrirtækið veltufjármuni að fjárhæð kr. 1 953 000. Samkvæmt þessu er söluverð fyrirtækisins skv. kaupsamningnum um það bil sama fjárhæð og þær skuldir sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

5. Rekstrarafkoma Siglósíldar árin 1980—1983.

Afkoma Siglósíldar hefur verið sem hér greinir árin 1980 til 1982. Tölur eru á verðlagi hvers árs.

	Framleiðslu-dagar	Rekstur	Framlag ríkissjóðs	Bókfærð rekstrar-afkoma
1980 (í nýkr.) tap	137	2 829 894	1 500 000	1 329 894
1981 tap	130	4 799 825	1 000 000	3 799 825
1982 tap	90	6 262 813	900 000	5 362 813
	Samtals	13 892 532	3 400 000	10 492 532

Tap á rekstri Siglósíldar, að frádregnu framlagi ríkissjóðs, hefur verið fjármagnað með skuldasöfnun hjá viðskiptaaðilum og ríkissjóði og að hluta til með lántökum hjá Endurlánum ríkisins (Ríkisábyrgðasjóði).

Breytingar á efnahagsreikningi hafa á sama tímabili verið sem hér greinir.

	1980	1981	1982
Veltufjármunir	4 938 550	4 697 833	2 542 878
Fastafjármunir	2 529 959	4 979 843	9 390 289
Eignir alls	7 468 509	9 677 676	11 933 167
Skammtímaskuldir	5 603 399	7 342 270	9 611 656
Langtímaskuldir	1 178 439	5 102 277	11 687 404
Skuldir alls	6 781 838	12 444 547	21 299 060
Eigið fé	686 671	÷2 766 871	÷9 365 893

Þó ekki liggi fyrir uppgjör fyrir tímabilið janúar til maíloka 1983 þegar Þormóður rammi h.f. tekur við rekstri fyrirtækisins er ljóst að verulegt tap er á rekstri fyrirtækisins þetta tímabil. Rekstrartap má telja í milljónum króna.

Á árinu 1983 voru beinar greiðslur, framlög úr ríkissjóði, til Siglósíldar 7 mkr. Að auki var framlag í formi yfirtöku á tveim lánum hjá Endurlánum ríkisins að upphæð 10 084 000 kr., þar af vextir 1 416 000 kr. Í maí s. l. tók Siglósíld 10 mkr. gengistryggt lán hjá Endurlánum ríkisins. Andvirði þess var varið til greiðslu á bráðabirgðalánum hjá ríkissjóði, 6 551 000 kr., greiðslu vaxta og kostnaðar af lánum hjá Endurlánum ríkisins, 1 172 000 kr., og greiðslu lausaskulda, 2 277 000 kr.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri eru helztu liðir efnahagsreiknings í desember 1983 þessir:

Veltufjármunir	1 953 000,00
Fastafjármunir	13 951 000,00
Eignir alls	15 904 000,00
Skammtímaskuldir	653 000,00
Langtímaskuldir	19 637 000,00
Skuldir alls	20 290 000,00
Eigið fé	−4 386 000,00

6. Tímabundin yfirtaka Þormóðs ramma h.f. á rekstri Siglósíldar 1. júní 1983.

Þormóður rammi h.f. hefur séð um rekstur lagmetisiðjunnar frá 1. júní 1983. Jafnframt hafa nokkrar endurbætur verið gerðar á húsnæði og vélum Siglósíldar.

Forsaga þess að samningur var gerður í maí 1983 um að Þormóður rammi h.f. yfirtæki rekstur Siglósíldar um tíma er rakin í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um fyrirtæki er tilheyra starfssviði Iðnaðarráðuneytisins, dags. desember 1983, en þar segir m. a.:

„Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða, sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman. Iðnaðarráðuneytið fól þá 3ja manna starfshópi að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær, að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna sameiningu Lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma og endurskipuleggja jafnhliða rekstur og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stoðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Siglufjarðar í febrúar og mars 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstrinum með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum, en verðþróun innanlands hefur einnig verið fyrirtækinu mjög óhagstæð á tímabilinu. Slitinn og úreltur vélakostur hefur átt sinn þátt í bágborinni afkomu.

Stjórn fyrirtækisins hefur bent á ýmsa erfiðleika í rekstri ríkisfyrirtækja á borð við Siglósíld: Þau eigi m. a. ógreiðan aðgang að lánastofnunum. Veik framkvæmdastjórn hefur síðan leitt til þess, að fyrirtækinu hefur verið stjórnað með björgunaraðgerðum af hálfu eigenda fremur en með skipulegum áætlunum og ábyrgð og hlutverk stjórnar ekki verið sem skyldi.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði Iðnaðarráðuneytið í september 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera tillögur til ráðuneytisins um endurskipulagningu á rekstrinum.

Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, Framkvæmdasjóðs og ríkisins að endurskipulögðu fyrirtæki í lagmetisiðnaði; gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun; setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis, ef til endurskipulagningar kæmi, og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46/1972 um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði áliti þann 26. apríl 1983, og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær, að fyrirtæki, sem framleiddi um 30 þús. ks. af gaffalbitum og 23 þús. ks. af niðursoðinni rækju, ætti að geta skilað hagnaði, ef það þyrfti ekki að standa undir fjármagnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og að nauðsynlegar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli álits nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16. maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af Iðnaðarráðuneytinu og Fjármálaráðuneytinu."

Samkvæmt 7. tl. nýnefnds samkomulags milli Þormóðs ramma h.f. og Siglósíldar gildir samkomulagið í eitt ár. Rétt er að benda á að í þessari grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að söluverð á fyrirtækinu skuli vera sama fjárhæð og langtímaskuldir í maí 1983 með verðlags- og gengisbreytingum til kaupdags. Skv. þessari grein hefði kaupverð á verðlagi í desember 1983 verið um 18 milljónir króna eða sambærilegt því verði sem hér er samið um.

Rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma h.f. er þannig háttað að fyrirtækið hefur ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í það horf sem þarf til að gera reksturinn arðbæran. Önnur sjónarmið skipta þarna einnig máli, svo sem þau að Þormóður rammi h.f.

sinnir togaraútgerð og hefðbundinni fiskvinnslu. En yfirleitt, svo sem á Ísafirði og víðar, hafa sérhæfð fyrirtæki sinnt niðursuðu, rækju- og skelfiskvinnslu. Viðskiptasambönd hins nýja fyrirtækis vega einnig þungt, og hæpið er að Þormóður rammi h.f. gæti aflað slíkra sambanda. Samstarfssamningi Þormóðs ramma h.f. og Siglósíldar hefur því verið sagt upp, með samkomulagi, frá 1. janúar 1984, samhliða sölu Siglósíldar til hlutafélagsins Sigló h.f. svo sem fyrr greinir.

7. Áætlanir kaupenda um eflingu fyrirtækisins.

Í samningaviðræðum aðila hefur m. a. eftirfarandi komið fram varðandi áform kaupenda um rekstur fyrirtækisins:

Í fyrsta lagi hyggjast þeir halda áfram framleiðslu gaffalbita.

Í öðru lagi hyggjast þeir vinna úthafsrækju, sem veidd er úti fyrir Norðurlandi.

Í þriðja lagi hyggjast kaupendur vinna rækju, sem veidd er í Barentshafi. Kaupendur hafa gert viðskiptasamninga við brezkt fyrirtæki um að vinna verulegt magn af Barentshafsrækju til sölu á markaði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Vonir eru bundnar við að með þessu megi halda uppi atvinnu við rækjuvinnsluna allt árið.

Í fjórða lagi hyggjast kaupendur sjóða niður tilfallandi hráefni þann tíma, sem ekki er unnið að síld.

Síðasttöldu atriðin tvö eru nýjung í starfsemi Siglósíldar og er vonazt til að þetta geti orðið til þess að efla atvinnulíf á Siglufirði.

Til þess að unnt sé að starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld í samræmi við framanritað þarf að gera verulegar endurbætur á húsi og tækjum. Skv. áætlun eigenda hyggjast þeir fjárfesta á fyrra helmingi árs 1984 samtals um 12 mkr. í rækjupillunarvélum ásamt blásara, lausfrystitæki, frystipressu, hráefniskæli o. fl. Það er m. a. til að gera kaupendum kleift að framkvæma slíkar endurbætur á fyrirtækinu, að fallið er frá kröfu um útborgun við sölu.

8. Afhendingardagur.

Kaupendur lögðu áherzlu á að afhending færi fram hinn 1. janúar 1984. Bentu þeir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Kaupendur hafa yfir að ráða allmiklu magni af ópillaðri rækju, sem þeir geta hafið vinnslu á um leið og breytingum á verksmiðjunni er lokið.
2. Niðurlagning á gaffalbitum ætti að öllu óbreyttu að hefjast 15. janúar. Kaupendur hygðust hins vegar breyta tilhögun við þá framleiðslu í tengslum við aukna rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Til þess að þetta mætti takast töldu þeir nauðsynlegt að geta hafið breytingar á verksmiðjunni eigi síðar en 1. janúar. Yrði ekki frá samningum gengið fyrir áramót og vinnsla á gaffalbitum færi í gang á vegum Þormóðs ramma h.f. kæmi það í veg fyrir að hægt yrði að gera nauðsynlegar breytingar á verksmiðjunni svo að vinnsla á úthafsrækju gæti hafizt í marz n. k.
3. Fulltrúar kaupenda ættu í samningaviðræðum um vinnslu á hráefni frá Evrópu til sölu á Bandaríkjamarkað. Forsenda þeirrar samningsgerðar væri að þeir gætu hafið vinnslu í upphafi þessa árs. En þar sem áformað er að vinna það hráefni áður en gaffalbitavinnsla hefst töldu kaupendur nauðsynlegt að fá fyrirtækið afhent áður en gaffalbitavinnsla hæfist á vegum Þormóðs ramma h.f., en það er fyrir 15. janúar.

Með vísun til ofanritaðs og þar sem 1. janúar 1984 var af öðrum ástæðum hentugur afhendingardagur var kaupsamningurinn látinn koma til framkvæmda þann dag, svo sem frá honum var gengið með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1.—3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl.

1. Kaupsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Sigló h.f., dags. 17. desember 1983.
2. Stofnsamningur hlutafélagsins Sigló h.f., dags. 15. desember 1983.
3. Bráðabirgðayfirlit um eignir og skuldir Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, dags. 19. desember 1983.

Fylgiskjal I.

KAUPSAMNINGUR

Ríkisstjórn Íslands annars vegar og Sigló h.f. hins vegar gera með sér svofelldan kaupsamning:

Seljandi:
Ríkissjóður Íslands.

Kaupandi:
Sigló h.f., Siglufirði.

Hið selda:
Allar fasteignir og lóðaréttindi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, Siglufirði, ásamt tilheyrandi vélum, tækjum, áhöldum sem fyrirtækið á, en að undanskildum öllum rekstrarbirgðum, s. s. ræku, umbúðum, olíu og öllu því sem til rekstrarvörubirgða getur talizt.

Nánar tiltekið er hér um að ræða:

1. Fasteignin Lagmetisiðjan við Norðurgötu, Siglufirði, ásamt öllum viðbótum og viðbyggingum.
2. Fasteignin Hverfisgata 28, Siglufirði.
3. Vélar og tæki skv. meðfylgjandi skrá.

Ástand hins selda:
Eignirnar eru seldar í núverandi ástandi, sem kaupandi gerir sér fullkomna grein fyrir. Sérstaklega skal tekið fram, að ástandi fasteigna er áfátt, m. a. þarfnast þak og gólf verulegra lagfæringa. Vélasamstæða til gaffalbitaframleiðslu er úr sér gengin, auk þess sem viðhaldi er ábótavant á öðrum tækjum verksmiðjunnar.

Umsamið kaupverð:
Umsamið kaupverð alls hins selda er kr. 18 000 000,00 — átján milljónir króna — sem kaupandi greiðir á eftirfarandi hátt:

Með því að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 18 000 000,00 — átján milljónir króna — bundið lánskjaravísitölu (grunnvísitala 836), sem greiðist með 16 — sextán — jöfnum hálfsárslegum afborgunum á árunum 1986 til og með 1993, hinn 1. maí og 1. nóvember ár hvert, en í fyrsta sinn 1. maí 1986.

Vextir af skuldinni, eins og hún er á hverjum tíma frá 1. janúar 1984, skulu vera þeir vextir sem teknir eru af 10 ára lánskjaravísitölulánum á hverjum tíma, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, nú 3% p. a. Vextirnir skulu greiddir hálfsárslega eftir á á sama tíma og afborganir, þó þannig að fyrsta greiðsla vaxta skal vera 1. nóvember 1984 og vextir síðan hálfsárslega eftir það. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum, ásamt vélum, tækjum og áhöldum (verksmiðjuveð).

Ábyrgð hluthafa á hluta kaupverðs:

Hluthafar ábyrgjast hlutfallslega miðað við eignaraðild („pro rata") sem sjálfskuldarábyrgðarmenn með áritun sinni á kaupsamning þennan og síðar veðskuldabréf kr. 4 250 000,00 — fjórar milljónir tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — af kaupverðinu, ásamt vöxtum, verðbótum og dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð. Ábyrgðin nær til vaxtagreiðslna árin 1984 og 1985, svo og afborgana, verðbóta og vaxta, sem falla 1986 og 1987, auk allra dráttarvaxta og innheimtukostnaðar sem af vanskilum kann að leiða. Seljandi hefur fulla heimild til að innheimta ábyrgðirnar beint án þess að gjaldfella veðskuldina að öðru leyti eða framselja veðrétt sinn til ábyrgðaraðila.

Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverð er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu 2 árum til uppbyggingar fyrirtækisins.

Afhending, arður og gjöld:

Allar hinar seldu eignir skulu afhentar kaupanda til fullra afnota hinn 1. janúar 1984. Miðast uppgjör vaxta, fasteignabrunabótaiðgjalda og annarra gjalda við þann dag og greiðir kaupandi gjöld þessi frá og með afhendingu og hirðir jafnframt arð eignanna frá sama tíma, en seljandi greiðir gjöldin út árið 1983.

Kvaðir og veðheimildir:

Kaupandi lofar að starfrækja rækjuvinnslu og síldarniðurlagningu áfram í hinum keyptu eignum. Hann lofar einnig að skapa eins mikla atvinnu og honum frekast er unnt á Siglufirði, bæði við frystingu, niðursuðu og niðurlagningu. Kaupanda er ljós sá megintilgangur seljanda með sölunni að tryggja atvinnuástandið á Siglufirði sem allra bezt og lofar að vinna í þeim anda. Kaupandi mun m. a. í þessu sambandi nú þegar sækja um leyfi til að kaupa a. m. k. eina rækjupillunarvél til viðbótar til að tryggja sem jafnasta og bezta starfrækslu verksmiðjunnar, auk þess sem hann mun strax festa kaup á lausfrystitækjum o. fl. tækjum til rekstursins.

Til enn frekari tryggingar þess að ofangreindar forsendur samnings þessa haldist eru aðilar sammála um að í skuldabréfið verði tekið heimildarákvæði þess efnis að gjaldfella megi skuldina að fullu, fari svo að starfsemi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar verði flutt frá Siglufirði.

Fyrirvarar:

Seljandi gerir fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis fyrir sölu á eignunum. Kaupandi gerir fyrirvara um að samningar takist við Þormóð ramma h.f. um leigu á frystigeymslu vegna starfseminnar (gamla húsið) gegn sanngjarnri leigu. Þörf fyrir frystirými er að lágmarki fyrir 200 lestir af rækju.

Afsal og kostnaður vegna skjala:

Afsal fyrir eignunum svo og veðskuldabréf með ábyrgðaráritunum skal gefið út svo fljótt sem verða má, þ. e. þegar lagaheimild liggur fyrir og samkomulag hefur náðst við Þormóð ramma h.f.

Stefnt skal að því að gefa út afsalið og veðskuldabréfið fyrir 10. febrúar 1984. Kaupandi greiðir kostnað af stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs, en seljandi greiðir kostnað vegna skjalagerðar.

Rísi mál af kaupum þessum eða samningi skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum. Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 17. desember 1983.

F. h. ríkisstjórnar Íslands

Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðherra

Albert Guðmundsson
Fjármálaráðherra

F. h. Sigló h.f.

Jón Guðlaugur Magnússon

f. h. hluthafa skv. umboði.
Jón Guðlaugur Magnússon.

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:
Halldór J. Kristjánsson
Guðmundur Malmquist
Gunnlaugur Claessen

Fylgiskjal II.

STOFNSAMNINGUR

Undirritaðir aðilar:
Sæmundur Árelíusson, Eyrargötu 8, Siglufirði,
Guðmundur Skarphéðinsson, Hafnartúni 18, Siglufirði,
Björn Jónasson, Suðurgötu 56, Siglufirði,
Ómar Hauksson, Hólavegi 41, Siglufirði,
Daníel Baldursson, Norðurtúni 1, Siglufirði,
Gunnar Þórðarson, Urðarvegi 45, Ísafirði,
Magnús Aspelund, Álfhólsvegi 109, Kópavogi,
Marbakki h/f, Hamraborg 1, Kópavogi,
Eiríkur Böðvarsson, Skipagötu 16, Ísafirði,
Jón Guðlaugur Magnússon, Skjólbraut 20, Kópavogi,
hafa í dag ákveðið að stofna hlutafélag er beri nafnið SIGLÓ H/F.
Heimili og varnarþing er á Siglufirði.

Tilgangur félagsins er að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði með því að kaupa og starfrækja þar lagmetisiðjuna Siglósíld og stunda þar niðurlagningu síldar, rækjuvinnslu, útgerð, fiskvinnslu og annan skyldan atvinnurekstur ásamt lánastarfsemi.

Hlutafjárhæðin er ákveðin kr. 2 000 000,00 — tvær milljónir —, og skiptist í 100 20 000,00 króna hluti.

Stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutafé sem hér segir:

	kr.
Sæmundur Árelíusson	400 000,00
Guðmundur Skarphéðinsson	300 000,00
Björn Jónasson	100 000,00
Ómar Hauksson	100 000,00
Daníel Baldursson	100 000,00
Gunnar Þórðarson	100 000,00
Magnús Aspelund	100 000,00
Marbakki hf.	400 000,00
Eiríkur Böðvarsson	200 000,00
Jón Guðlaugur Magnússon	200 000,00
	2 000 000,00

Hlutafé greiðist þannig: kr. 1 000 000,00 strax, en eftirstöðvar hlutafjár greiðast fyrir 1. apríl 1984.

Félagið greiðir lögboðin gjöld vegna skráningar félagsins, kostnað við undirbúning svo og útgáfu og stimplun hlutabréfa.

Hlutunum fylgja engin sérréttindi. Hluthöfum er ekki skylt að sæta innlausn á hlutum sínum.

Veðsetning á hlutum má einungis fara fram með samþykki hluthafafundar.

Við eigendaskipti að hlutabréfi, önnur en við erfð eða búskipti, á félagið forkaupsrétt að fölum hlutabréfum eftir því sem landslög heimila. Að því frágengnu eiga félagar forkaupsrétt að fölum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ef forkaupsréttarhafar hafna forkaupsrétti eða tilkynning berst ekki innan tveggja mánaða frá því að tilboð barst stjórn félagsins er sala heimil til þess aðila, sem greindur er í tilboði. Ef forkaupsrétti er beitt má frestur til greiðslu kaupverðs ekki vera lengri en þrír mánuðir frá því að kaupin voru ákveðin.

Forkaupsréttarhöfum er heimilt að láta fara fram mat dómkvaddra matsmanna á þeim hlutabréfum, sem boðin voru til sölu, og gildir þá matsverð sem bindandi kaupverð, ef ekki verður samið um annað kaupverð.

Hlutabréfin eru gefin út á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverjum 20 000,00 króna hlut.

Félagið tekur ekki við eignum neins manns, félaga eða stofnunar.

Stofnendur áskilja sér ekki rétt til stöðu hjá félaginu né annarra fríðinda.

Stofnfund skal halda 15. desember 1983.

F. h. Sæmundar Árelíussonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

Guðmundur Skarphéðinsson

F. h. Björns Jónassonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

Ómar Hauksson

F. h. Daníels Baldurssonar
Guðmundur Skarphéðinsson e. u.

F. h. Gunnars Þórðarsonar
Jón Guðlaugur Magnússon e. u.

Magnús Aspelund

F. h. Marbakka hf.
Jón Guðlaugur Magnússon

F. h. Eiríks Böðvarssonar
Jón Guðlaugur Magnússon e. u.

Jón Guðlaugur Magnússon

Fylgiskjal III.

Ríkisendurskoðun

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Bráðabirgðayfirlit desember 1983.

	Skýring	Kr.
Eignir:		
Veltufjármunir:		
Sjóður og banki		153 000
Þormóður rammi		1 800 000
		1 953 000
Fastafjármunir:		
Íbúðarhús, Hverfisgötu 28	1	730 000
Verksmiðjuhús v/Norðurgötu	1	7 837 000
Vélar og tæki	1	5 384 000
		13 951 000
Eignir alls		**15 904 000**
Skuldir og eigið fé:		
Skammtímalán:		
Viðskiptamenn (nettó)		285 000
Ríkissjóður, skuldaviðurkenning, 15/12		227 000
Sparisj. Siglufj., vísitölulán		141 000
		653 000
Langtímaskuldir:		
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 02 — 8134	2	2 073 000
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 04 — 8107	2	4 076 000
Ríkisábyrgðasjóður, lán nr. 03 — 8303	2	12 544 000
Landsbanki Íslands, lán nr. El — 728		83 000
Iðnlánasjóður	2	461 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	2	400 000
		19 637 000
Eigið fé:		
Höfuðstóll		(4 386 000)
Skuldir og eigið fé alls		**15 904 000**

Skýring nr. 1
Varanlegir rekstrarfjármunir 1983. **Lagmetisiðjan Siglósíld.**

Heiti	1. Fyrn. gr. 31/12'82	2. Fengnar fyrn. 31/12'82	3. Fyrn. gr. 1983 (1 × 1.7167)	4. Framr. fyrn. 1/1'83 (2 × 1.7167)	5. Fyrn. hlutfall	6. Alm. fyrning 1983	7. Bókfært verð 31/12'83 (3 − (4 + 6))
Íbúðarhús og lóð, fm	487 000						730 000
Verksmiðjuhús	4 206 560	673 048	7 221 402	1 155 422	4%	288 856	5 777 124
Viðb. við verksm.hús	1 130 978	45 239	1 941 550	77 662	4%	77 662	1 782 226
Breyt. á verksm.húsi '82	175 019	7 001	300 455	12 019	4%	12 018	276 418
Breyt. á verksm.húsi '83			1 344		4%	54	1 290
Vélar og tæki	7 034 933	4 798 157	12 076 869	8 236 996	12%	1 449 224	2 390 649
Rækjulína '82	1 648 446		2 829 887		12%	339 586	2 490 301
Rækjulína '83			571 538		12%	68 585	502 953
	14 682 936	**5 523 445**	**24 943 045**	**9 482 099**		**2 235 985**	**13 950 961**

	Fast.mat 1982	Brun.mat 1982	Brun.mat 1983	Fast.mat 1983
Íbúðarhús	487 000	912 000	1 523 000	730 000
Verksmiðjuhús	4 057 000	6 821 000	11 391 000	6 085 000
Lóð	135 000			202 000
	4 192 000	**7 733 000**	**12 914 000**	**6 287 000**

Fjárhæð annarra rekstrarfjármuna er óveruleg.

Skýring nr. 2.
Langtímalán desember 1983.

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Lánveitandi	Lán nr.	Útg.dagur	Endurgr. tímabil	Vaxta-fótur	Grunnvísit. Erl. mynt	Vísitala gengi	Upphaflega	Staða nú
Ríkisábyrgðasjóður	02 — 8134	28.12.81	1982 — 2000	4,0%	VST 191	836	kr. 500 000,00	2 073 298
Ríkisábyrgðasjóður	04 — 8107	30.10.81	1986 — 2000	14,5%	GBP	41,055	£ 99 290,78	4 076 383
Ríkisábyrgðasjóður	03 — 8303	19.05.83	1987 — 1992	13,5%	USD	28,600	$ 438 596,49	12 543 859
Iðnlánasjóður	4138	15.12.82	1983 — 1988	2,5%	VST 471	836	kr. 260 000,00	461 486
Atv.leysistr.sjóður		19.04.82	1983 — 1987	28,0%			kr. 500 000,00	400 000
								19 555 026

Ekki reiknaðir áfallnir vextir.
Gengi miðað við 12/12 1983.
Vísitala miðuð við desember 1983.

Ed. 320. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Fjarverandi, er málið var afgreitt, voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Benediktsson.

Alþingi, 1. febr. 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir. Valdimar Indriðason.

Eiður Guðnason. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 321. Framhaldsnefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hinn 16. des. s. l. gaf meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar út nefndarálit (þskj. 238) og lagði fram breytingartillögur (þskj. 239) við frumvarpið. Fáeinum dögum síðar flutti meiri hl. nefndarinnar nýtt frumvarp á þskj. 294 sem var 166. mál þingsins og var samþykkt sem lög frá Alþingi 20. des. 1983.

Þar sem hluti breytingartillagna meiri hl. varð að lögum með samþykkt frv. á þskj. 294 tekur meiri hl. aftur tillögur sínar á þskj. 239 en flytur í staðinn breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Í nál. meiri hl. á þskj. 238 er gerð grein fyrir málinu og brtt. Óþarfi er að fjalla ítarlegar um málið hér. Þó er 4. mgr. á bls. 2 í nál. úrelt en hún hefst á orðunum: „Tvær aðrar breytingartillögur ...“ Í stað þess, sem þar er sagt, er rétt að eftirfarandi komi fram:

Þrjár aðrar breytingartillögur hafa verið gerðar við frumvarpið. Efnisatriði 1. og 9. gr. frv. voru afgreidd sem lög frá Alþingi 20. des. 1983 (166. mál) og er þess vegna lagt til að þessar greinar verði felldar niður úr frumvarpi þessu. Þriðja brtt. fjallar um opinbera birtingu á skattskrám en lagafrumvarp þess efnis hlaut ekki endanlega afgreiðslu á 105. löggjafarþinginu. Með því frv. fylgdu athugasemdir sem koma fram í 5. mgr. á bls. 2 á þskj. 238.

Að öðru leyti vísast til nál. undirritaðra á þskj. 238.

Alþingi, 1. febr. 1984.

Páll Pétursson, form. Friðrik Sophusson, frsm. Þorsteinn Pálsson.

Geir Hallgrímsson.

Nd. 322. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÞP, GeirH).

1. 1. gr. frumvarpsins falli niður.
2. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr.:
   a) Í stað „23%“ komi: 22.75%.
   b) Í stað „32%“ komi: 31.5%.
   c) Í stað „45%“ komi: 44%.
3. Við 6. gr. Í stað „51%“ komi: 50%.
4. Á eftir 8. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:
   Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.
5. 9. gr. frumvarpsins falli niður.

Sþ. 323. Fyrirspurn [179. mál]

til fjármálaráðherra um eftirlitsnefnd með framkvæmd fjárlaga.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hver eða hverjir tilnefna menn í eftirlitsnefnd fjármálaráðuneytis og fjárveitinganefndar með framkvæmd fjárlaga?
2. Hverjir eru í nefndinni?
3. Hvert er verksvið, vald og ábyrgð nefndarinnar?
4. Liggur fyrir samþykki fjárveitinganefndar um þessa tilhögun við eftirlit með framkvæmd fjárlaga?

Ed. 324. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Í stað „sunnudag“ í 3. gr. komi: laugardag.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, ritar á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru. Ekki skal þó meta atkvæði ógilt, þótt sleppt sé kenninafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

Kjósandi, er greiðir atkvæði á kjörfundi, markar með ritblýi kross á kjörseðilinn framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa, af þeim, sem í kjöri eru.

Um kosningaathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands skal reglulegt forsetakjör fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Ákvæðum laga um kosningar til Alþingis og um sveitarstjórnarkosningar hefur nú verið breytt þannig að kjördagur við þær kosningar er á laugardegi í stað sunnudags áður. Þykir rétt að leggja til að sama skipan verði ákveðin að því er varðar kjördag við forsetakjör.

Í lögunum segir að um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fari að öðru leyti en þar er ákveðið samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis. Í þeim lögum eru nú ekki ákvæði um beina kosningu, hvorki um atkvæðagreiðslu á kjörfundi né utan kjörfundar, og hafa ekki verið frá því einmenningskjördæmi voru lögð niður árið 1959. Er lagt til að í lögin verði sett ákvæði um þetta efni, og eru þau í samræmi við eldri ákvæði laga um kosningar til Alþingis, sem ætla verður að fylgt hafi verið í framkvæmd.

Ed. 325. Frumvarp til laga [181. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Flm.: Tómas Árnason, Helgi Seljan, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóni Sigurðssyni eyðijörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Jóns Sigurðssonar bónda, Hánefsstöðum í Seyðisfjarðarhreppi. Bæjarstæði hefur verið í eyði áratugum saman og eru engin mannvirki á jörðinni. Jón Sigurðsson ætlar að nota jörðina til beitar.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefur mælt með því að jörðin verði seld Jóni Sigurðssyni. Meðmæli hreppsnefndarinnar eru prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Bréf hreppsnefndar Seyðisfjarðarhrepps.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps mælir með því að ríkissjóður Íslands selji Jóni Sigurðssyni bónda, Hánefsstöðum, ríkisjörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

Virðingarfyllst,
Seyðisfirði, 14. janúar 1984.
Kristján Eyjólfsson.
Sigurður Filippusson.

Ed. 326. Frumvarp til laga [182. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm: Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., frá og með *„Ljósatími...“*, fellur niður.

2. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein er verði 40. gr. og orðist svo:

Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða á móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvernig merkingum á skólabifreiðum skuli háttað og um notkun þeirra.

3. gr.

Í stað 1. málsliðar 1. málsgr. 53. greinar komi:

Við akstur bifreiðar, bifhjóls og létts bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum, eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frumvarp er ætlað var að hafa nokkur áhrif til bóta á öryggi í umferðinni. Frumvarp það, sem hér er flutt, er sama efnis að viðbættu nýju ákvæði um réttindi skólabifreiða.

Um alllangt skeið hefur umferðaróhöppum fjölgað hér á landi ár frá ári. Meiðslum og dauðaslysum hefur fjölgað og eignatjón er geysilegt. Þrátt fyrir aukna löggæslu og bætta umferðarlöggjöf næst ekki sá árangur sem vænst var.

Oft verða óhöppin vegna þess að gangandi vegfarandi verður þess ökutækis, sem óhappinu veldur, ekki var í tæka tíð eða stjórnendur ökutækja, sem rekast á, gera sér hættuna ekki ljósa fyrr en of seint.

Í nokkrum löndum hefur ökutækjum verið gert að aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. Víða eru ökumenn hvattir til þess að aka með ljósum á daginn ef skyggni er ekki gott. Margir verða við þeirri áskorun en aðrir ekki. Þá verður jafnvel enn erfiðara að forðast hættu þegar á eftir 3—4 bifreiðum með ljósum kemur ein ljóslaus. Allir, sem reynslu hafa af akstri, vita að t. d. þeirrar bifreiðar, sem kemur á móti í umferðinni, verður mun fyrr vart ef hún ekur með ljósum þó að albjartur dagur sé. Af þessum ástæðum hafa „Greyhound“ langferðabifreiðarnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku ekið með ljósum allan sólarhringinn í meira en hálfa öld. Svíar hafa ekið með ljósum allan sólarhringinn í allmörg ár og eru eina Norðurlandaþjóðin sem náð hefur því marki að fækka umferðaróhöppum. Finnar hafa fylgt fast á eftir með mjög góðum árangri. Bifreiðar, framleiddar í Svíþjóð, eru nú þannig gerðar að á þeim tendrast ökuljós um leið og bifreiðin er ræst.

Öldruðum í umferðinni fer fjölgandi og þótt kannanir sýni að aldraðir ökumenn valdi ekki slysum öðrum fremur, nema síður sé, þá er þó ljóst að þetta ákvæði í umferðarlögum mundi auka öryggi allra sjóndapurra í umferðinni, bæði ökumanna en þó einkum gangandi vegfarenda.

Einn af hverjum fjórtán körlum, sem aka bifreið, er samkvæmt erlendum skýrslum haldinn svonefndri „rautt-grænt" litblindu, þannig að slíkir ökumenn eiga erfitt með að greina rauða og græna hluti við vissar aðstæður, en bifreið með ljósum sjá þeir vel.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferð, kemur fram sú hörmulega staðreynd að í aldurshópnum 7—20 ára eru slysin algengasta dánarorsökin hjá okkur, og á aldrinum 17—25 ára eru umferðarslysin ein algengari dánarorsök en nokkur önnur. Allra ráða verður að leita til að tryggja rétt ungra vegfarenda. Aukið öryggi varðandi skólabifreiðar er þáttur í þeirri viðleitni.

Vitað er að umferðarlögin eru í heildarendurskoðun en ástandið hjá okkur er svo slæmt að við megum ekki bíða.

Síðasta ár var tileinkað auknu umferðaröryggi á vettvangi Norðurlandaþjóða. Þá dró úr umferðaróhöppum hér á landi í fyrsta sinn í landan tíma. Aukinn skilningur er nú tvímælalaust á notkun öryggistækja bifreiða og nauðsyn frekari aðgæslu. Notkun ljósatækja hlýtur að teljast með nauðsynlegustu öryggistækjum bæði ökumenn og vegfarendur.

Ákvæði, sem þetta frumvarp fjallar um, er einfalt, getur tekið gildi strax eftir samþykkt lagannaog þar má vænta árangurs.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um viðurlög.

Nd. 327. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 92. gr. laganna hljóði svo:

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður í samráði við Kjararannsóknarnefnd.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laganna hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gera Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og Kjararannsóknarnefnd skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 104. og 105. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Megintilgangur þessa frumvarps er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Í frumvarpinu er lagt til að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum um kjaramál á skattframtölum auk þess sem Kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þessir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis og ber því nauðsyn að veita Kjararannsóknarnefnd einnig aðgang að upplýsingum úr skattframtölum. Jafnréttisráð verður einnig að koma til sögunnar í sambandi við kjararannsóknir, enda er ráðið sá aðili sem lögum samkvæmt á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum upplýsingum um kjaramál til að auðvelda ráðinu að sinna hlutverki sínu og að samvinna verði milli þessara aðila um kjararannsóknir, þó að ekki sé um beinan aðgang Jafnréttisráðs að skýrslum skattyfirvalda að ræða.

Áætlunardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur s. l. 3 ár gefið út rit um vinnumarkaðinn með upplýsingum sem byggðar eru á sérstakri úrvinnslu upplýsinga sem eru á launamiðum og eigendaframtölum. Úrvinnsla upplýsinga hefur verið byggð á skattframtölum áranna 1980, 1981 og nú síðast 1982. Í þessu riti koma fram upplýsingar um mannafla, meðallaun á vinnumarkaðinum og atvinnuþátttöku. Eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur, en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu, svo sem yfirborganir og þess háttar.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til í 1. gr. þessa frumvarps sem kveður á um að ríkisskattstjóri skuli ákveða í samráði við Kjararannsóknarnefnd hvernig atvinnurekendur skuli sundurliða upplýsingar um launakjör á launamiðum, sem sendir eru ríkisskattstjóra, opnuðust nýir möguleikar til kjararannsókna og upplýsingar um tekjuskiptingu og launakjör. Þó að kjararannsóknir með úrvinnslu úr skattframtölum hafi vissulega sína galla er ljóst að unnt er að afla mun ítarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert og er það m. a. tilgangur þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera í öllum ákvörðunum er lúta að því að bæta kjör hinna verst settu. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær, sem hér um ræðir, eru mjög mikils virði fyrir aðila vinnumarkaðarins að því leyti sem þær upplýsa um samsetningu launatekna og vinnutíma í einstökum greinum atvinnulífsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin gerir ráð fyrir að ríkisskattstjóri ákveði **í samráði við Kjararannsóknarnefnd** hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skulu úr garði gerðar. Með þessari breytingu væri opnaður möguleiki á að Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ítarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma í launaseðlum. Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist en Kjararannsóknarnefnd, og þar með hlutaðeigandi aðilum vinnumarkaðarins, gefið tækifæri til þess að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð er notagildi þeirra upplýsinga, sem þar fengjust, mjög þýðingarmikið.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu væri Kjararannsóknarnefnd tryggður aðgangur að fyllstu upplýsingum úr skattframtölum. Ljóst virðist að nefndin hefði haft af því verulegt gagn á liðnum árum að hafa fullan og óskoraðan aðgang að þessum upplýsingum til jafns við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Með ítarlegri upplýsingum og úrvinnslu framtala verður þörfin í þessum efnum að nauðsyn. Í þessu sambandi skal á það bent að í þeirri grein laganna, sem hér um ræðir, er þegar til staðar ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem fjalla um skattframtöl og tæki þetta ákvæði að sjálfsögðu einnig til Kjararannsóknarnefndar.

Sþ. 328. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um friðarfræðslu.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Gunnar G. Schram, Helgi Seljan, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Páll Pétursson, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistunarstofnunum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á þýðingu og hlutverki friðar og rækta hæfileika til þess að leysa vandamál án ofbeldis og leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.

Greinargerð.

Æ fleiri þjóðir hafa tekið upp friðarfræðslu í skólum sínum í anda þeirrar samþykktar Sameinuðu þjóðanna um friðarfræðslu sem þær eiga aðild að. Þessi samþykkt var gerð 1974 og eiga Íslendingar aðild að henni eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar. Það er því full ástæða til þess að vekja athygli á því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, styðja það og efla þannig að kennurum sé gert kleift að sinna þessu verkefni svo sem þeim ber skylda til.

Stöðugt fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir því að sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimsins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, er ekki lengur viðunandi. Tortímingargeta þeirra vopna, sem herveldin hafa nú yfir að ráða, er svo mikil að þau ógna öllu lífi á jörðinni. Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða.

Ein vænlegasta leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og atferli þeirra sem erfa löndin og efla hæfileika þeirra til að leysa deilur sínar á friðsamlegan hátt. „Þar sem stríð eiga upptök sín í hugum manna þá er það í mannshuganum sem við þurfum að treysta varnir friðarins“ (úr formála stofnskrár UNESCO).

Friðarfræðsla leitast við að dýpka vitund, vitneskju og skilning á deilum milli einstaklinga, innan þjóðfélaga og milli þjóða. Hún rannsakar orsakir deilna og átaka sem má finna samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakir þeirra í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins. Friðarfræðsla hvetur til þess að leita annarra leiða sem fela í sér lausnir á deilum án ofbeldis og hvetur jafnframt til þróunar þeirra hæfileika sem nauðsynlegir eru til að beita slíkum lausnum.

Frið ætti ekki einungis að skilgreina sem það tímabil þegar ekki geisar styrjöld. Mikið óréttlæti getur ríkt þó að ekki sé barist. Friðarástand þarfnast viðhalds, gæslu, og það felur í sér og eflir réttlæti, frelsi, jafnrétti og samvinnu á öllum sviðum.

Friðarfræðsla eykur skilning á einstaklingnum, eðli hans, árásarhvöt og hvernig hann getur lifað í samlyndi við aðra. Stríð er ekki eina birtingarmynd ofbeldis. Svið friðarfræðslu ætti að ná til félagslegra vandamála, sem leiða til ofbeldis, svo og til einstaklingsvandamála.

Í samræmi við ályktanir Sameinuðu þjóðanna ætti friðarfræðsla að fela í sér fræðslu um afvopnun. Slík fræðsla mundi útskýra m. a. eðli og afleiðingar kjarnorkustyrjaldar.

Markmið friðarfræðslu:

1) Að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.
2) Að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum.
3) Að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru.
4) Að skilja eðli og orsakir deilna, og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur.
5) Að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun.
6) Að rækta skilning á réttlæti og velferð með og meðal einstaklinga og þjóðfélaga.
7) Að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir:
   i) frelsi einstaklingsins og mannréttindum
   ii) menningarlegum fjölbreytileika
   iii) umhverfinu
   iv) samvinnu bæði innan bekkjarins og utan
   v) hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðareiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa.
8) Að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og friðsamleg tengsl við aðra.
9) Að þróa kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem að ofan greinir.

Friðarfræðsla í skólum erlendis er sjaldnast aðskilin námsgrein en er öllu heldur aðlöguð sem ný vídd eða viðurkenning þess að í hverri námsgrein þurfum við stöðugt að mæta málefnum friðar og deilna í daglegu lífi og á alþjóðavettvangi.

Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að friðarfræðsla er ekki hugsuð sem ný námsgrein sem skjóta þurfi inn í námsefnið á kostnað einhverrar annarrar námsgreinar. Markmiðið er miklu fremur að tryggja það að innan almennrar námsstefnu skóla sé skýr stefna um friðarfræðslu.

Eðlilegt er að þessi fræðsla verði tekin upp í tengslum við þá námsefnisgerð og það þróunarstarf í skólum sem nú er unnið að.

Nd. 329. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að það verði samþykkt.
Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. febr. 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.
Guðrún Helgadóttir, fundaskr.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Guðmundur Einarsson.

Sþ. 330. Fyrirspurn [185. mál]

til forsætisráðherra um greiðslur ríkisfyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða fyrirtæki, „sem eru í umsjá iðnaðarráðuneytis“, munu sækja um aðild eða hafa sótt um aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands?
2. Er ætlunin að önnur fyrirtæki ríkisins, t. d. Áburðarverksmiðjan, verði látin sækja um aðild að Vinnuveitendasambandinu?
3. Hve miklar upphæðir greiða fyrirtæki ríkisins til VSÍ á árinu 1984? Sundurliðun óskast eftir fyrirtækjum. Eftir hvaða reglum eru gjöldin til VSÍ ákveðin?

Sþ. 331. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis, m. a. varðandi fjölda sendiráðsmanna og byggingu og kaup fasteigna á grundvelli laga nr. 16/1971 og laga nr. 30/1980.

Við mótun á þessum reglum verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmálasamband við og starfrækja sendiráð.

Greinargerð.

Fjöldi starfsmanna sendiráða hérlendis.

Málefni erlendra sendiráða hérlendis eru oft til umræðu, svo sem ekki er óeðlilegt, og þá ekki síst sendiráð risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Er m. a. oft rætt um fjölda starfsmanna við sendiráðin, húseignir þeirra og fasteignakaup. Varðandi fyrrnefnda atriðið hefur utanríkisráðuneytið nýlega tekið saman eftirfarandi yfirlit þar sem fram kemur fjöldi erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra við sendiráðin í Reykjavík í janúar 1984 og til samanburðar staðan fyrir 5 árum, þ. e. í janúar 1979.

Fjöldi erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra við sendiráðin í Reykjavík

	Janúar 1984			Janúar 1979		
	Starfsmenn	Fjölskylda	Alls	Starfsmenn	Fjölskylda	Alls
Bandaríkin	22	33	55	21	29	50
Bretland	5	12	17	7	7	14
Danmörk	5	4	9	6	5	11
Finnland	4	1	5	—	—	—
Frakkland	10	10	20	12	5	17
Kína	6		6	20	14	34
Noregur	3	1	4	4	2	6
Pólland	—	—	—	3	3	6
Sovétríkin	37	43	80	35	42	77
Svíþjóð	3	2	5	3	1	4
Tékkóslóvakía	3	4	7	4	5	9
Sambandslýðveldið Þýskaland	7	5	12	7	8	15
Þýska alþýðulýðveldið	3	2	5	4	2	6

Af þessu yfirliti sést að **Sovétríkin hafa hér mestan fjölda erlendra starfsmanna, eða 37 talsins, og hefur þeim fjölgað um 2 frá því fyrir 5 árum. Næst koma Bandaríkin með 22 erlenda starfsmenn, einum fleiri en 1979.** Frakkland er hið þriðja í röðinni með 10 starfsmenn, en önnur ríki þaðan af færri. Hefur í engu tilviki nema hjá Sovétríkjunum og Bandaríkjunum verið um að ræða fjölgun erlendra starfsmanna, og 6 sendiráð af alls 12 hafa fækkað erlendu starfsfólki á þessu tímabili. Sérstaka athygli vekur hin mikla fækkun starfsmanna hjá kínverska sendiráðinu, eða úr 20 í 6 starfsmenn. Eitt sendiráð, hið pólska, hefur hætt starfsemi á þessu tímabili (1982), en eitt nýtt bæst í hópinn, þ. e. Finnland þann 1. mars 1983.

Fjöldi erlendra starfsmanna segir þó engan veginn alla sögu um starfsmannahald sendiráðanna, því að hjá sumum þeirra starfa Íslendingar. **Þannig störfuðu 19 Íslendingar í sendiráði Bandaríkjanna í ársbyrjun 1984, en enginn Íslendingur í sendiráði Sovétríkjanna. Að þeim meðtöldum var svipaður heildarfjöldi starfsmanna hjá sendiráðum þessara stórvelda. Starfsmenn bandaríska sendiráðsins töldust þá skv. upplýsingum utanríkisráðuneytisins 22 + 19 = 41 talsins, en hjá sovéska sendiráðinu 37.** Þegar fjölskyldulið er meðtalið er fjöldi á vegum bandarísku sendiráðsins 74 og á vegum sovéska sendiráðsins 80 manns.

Á löggjafarþinginu 1979—80 lagði Halldór Blöndal alþingismaður fram fyrirspurn til þáverandi utanríkisráðherra (þskj. 95) um umsvif erlendra sendiráða, þar á meðal um húsnæðismál sendiráðanna. Svaraði utanríkisráðherra, Benedikt Gröndal, fyrirspurninni skriflega og er það svar birt hér sem fylgiskjal III með þessari greinargerð.

Borin hefur verið fram fyrirspurn til utanríkisráðherra til að fá hliðstæðar upplýsingar um sendiráðin miðað við síðustu áramót. Liggur fyrir að nokkur breyting hefur á orðið s. l. 5 ár, m. a. aukning á fasteignum sumra sendiráðanna.

Tvö sendiráð eiga lóðir þar sem ekki hefur enn verið byggt. Þannig hefur bandaríska sendiráðið fengið úthlutað stórri lóð í nýja miðbænum í Reykjavík.

Vínarsamningurinn um stjórnmálasamband og fullveldisjafnrétti ríkja.

Þann 31. mars 1971 samþykkti Alþingi lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, svokallaðan Vínarsamning (fylgiskjal I), og var hann staðfestur af Íslands hálfu þann 23. maí 1971. Í honum segir m. a.:

„11. gr.

1. Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, getur móttökuríkið krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.
2. Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismunun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki.

12. gr.

Sendiríkinu er ekki heimilt, nema að fengnu ótvíræðu samþykki móttökuríkisins, að setja á stofn skrifstofur, sem eru hluti af sendiráðinu, annars staðar en þar sem sendiráðið er sjálft.

21. gr.

1. Móttökuríkið skal auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt.
2. Móttökuríkið skal einnig liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn, þegar þörf krefur.

25. gr.

Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu sem nauðsynleg er til að sendiráð megi rækja hlutverk sitt.“

Með samningi þessum er dreginn alþjóðlegur rammi um stjórnmálasamband og starfsemi sendiráða og hafa ákvæði hans lagagildi á Íslandi. Samkvæmt 2. gr. laganna um aðild Íslands að samningnum getur ráðherra „sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara“.

Þá er rétt að veita athygli upphafsorðum samningsins, þar sem segir m. a.: „Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum ... hafa í huga markmið og meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi **fullveldis-jafnrétti ríkja,** varðveislu alþjóðafriðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða.“

Hér er augljóslega vísað til gagnkvæmnissjónarmiða sem eðlilegt er að höfð séu í huga við takmörkun á umsvifum sendiráða stórþjóða hjá smáríkjum, sbr. 2. mgr. þingsályktunartillögunnar.

Ekki hafa verið gerðir neinir samningar um stærð sendiráða hérlendis skv. 11. gr. Vínarsamningsins og í því tilviki „getur móttökuríkið krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk ...“ Þegar rætt er um „takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis“ í þingsályktunartillögunni eru m. a. höfð í huga ákvæði þessarar greinar.

Lög frá 1980 varðandi kaup erlendra ríkja á fasteignum og lóðum.

Vorið 1980 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19 frá 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Tilgangur frumvarpsins var að því er segir í athugasemdum með því „að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi“.

Samkvæmt lögum á að leggja kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum á vegum erlendra sendiráða fyrir dómsmálaráðuneytið „og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni“.

Lagafrumvarpið, sem ekki tók neinum breytingum í meðferð Alþingis, er prentað ásamt athugasemdum sem fylgiskjal II með þessari greinargerð.

Reglur nauðsynlegar.

Ísland hefur nú stjórnmálasamband við 75 ríki, þar af eru sendiherrar tilnefndir gagnkvæmt í 53 löndum. Íslenska utanríkisþjónustan vinnur mikilsvert starf við takmörkuð efni, og ekki er vafi á að álag er mikið að jafnaði á starfslið hennar. Sem smáþjóð eigum við mikið undir því komið að hafa vinsamleg samskipti við sem flest ríki, m. a. vegna mikilla utanríkisviðskipta.

Í samskiptum við aðrar og oftast fjölmennari þjóðir eigum við að koma fram af vinsemd og festu, minnug ákvæða Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um fullveldis-jafnrétti ríkja, óháð fólksfjölda. Þau viðhorf þurfa að endurspeglast í reynd í stjórnmálasamskiptum. Full ástæða er til að setja reglur um framkvæmd laganna um stjórnmálasamband okkar við önnur ríki á þeim grundvelli, og er það meginefni þessarar þingsályktunartillögu.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal I:
Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband ásamt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband o. fl.

Fylgiskjal II:
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, ásamt athugasemdum við frumvarp til sömu laga (samhljóða lögum nr. 30/1980).

Fylgiskjal III:
Svör utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Halldóri Blöndal á þskj. 95 (tölulið II) um umsvif erlendra sendiráða. (Á dagskrá Sameinaðs þings 11. mars 1980.)

Fylgiskjal I.

Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband ásamt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband o. fl.

Lög

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

1. gr.
Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og viðbótarbókunum með samningnum. Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.
Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I.

VÍNAR-SAMNINGURINN UM STJÓRNMÁLASAMBAND

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

MINNA Á, að allar þjóðir hafa frá fornu fari viðurkennt sérstöðu sendierindreka,

HAFA Í HUGA markmið og meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi fullveldis-jafnrétti ríkja, varðveizlu alþjóða friðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða,

TREYSTA ÞVÍ, að alþjóðlegur samningur um forréttindi og friðhelgi í samskiptum ríkja muni stuðla að aukinni vinsemd í sambúð þjóða, hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er,

ERU ÞEIRRAR SKOÐUNAR, að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að vera einstaklingum í hag, heldur að tryggja árangursríkan sendierindrekstur á vegum ríkja,

STAÐFESTA, að venjureglur þjóðaréttarins skuli gilda áfram um þau atriði, er ákvæði þessa samnings taka ekki tvímælalaust til,

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í samningi þessum skulu eftirfarandi orðasambönd hafa þessa merkingu:

a) „forstöðumaður sendiráðs“ er maður, sem sendiríkið hefur falið að gegna slíkri stöðu;

b) „sendiráðsmenn“ eru forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess;

c) „starfsmenn sendiráðs“ eru stjórnarsendimenn, skrifstofu- og tæknistarfsmenn og þjónustustarfsmenn sendiráðs;

d) „stjórnarsendimenn“ eru starfsmenn sendiráðs, sem hafa réttindi stjórnarsendimanna;

e) „sendierindrekar“ eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn;

f) „skrifstofu- og tæknistarfsmenn“ eru þeir starfsmenn sendiráðs, sem vinna að skrifstofu- og tæknistörfum sendiráðsins;

g) „þjónustustarfsmenn“ eru starfsmenn sendiráðs, er starfa að heimilisstörfum hjá sendiráði;

h) „einka-þjónustustarfsmaður“ er starfsmaður, sem vinnur að heimilisstörfum hjá sendiráðsmanni, en er ekki í þjónustu sendiríkisins;

i) „sendiráðssvæði“ er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.

2. gr.

Stofnun stjórnmálasambands milli ríkja og stofnun fastra sendiráða fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

3. gr.

1. Viðfangsefni sendiráða eru einkum þessi:

a) að vera fulltrúi sendiríkisins í móttökuríkinu;

b) að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur;

c) að annast samningagerð við ríkisstjórn móttökuríkisins;

d) að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það;

e) að efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra.

2. Ekki skal túlka nein ákvæði samnings þessa á þann hátt að þau hindri

sendiráð í því að annast ræðismannsstörf.

4. gr.

1. Sendiríkið verður að ganga úr skugga um að móttökuríkið hafi veitt *agrément* vegna þess manns, sem það hyggst veita umboð sem forstöðumanni sendiráðs í því ríki.

2. Móttökuríkið er ekki skyldugt til að skýra sendiríkinu frá ástæðu, ef það neitar um *agrément*.

5. gr.

1. Sendiríkið má skipa forstöðumann sendiráðs eða, eftir atvikum stjórnarsendimann, til þjónustu í fleiri ríkjum en einu, ef eigi koma til ótvíræð mótmæli einhvers móttökuríkisins, enda verður á undan skipun að gefa þeim móttökuríkjum sem hlut eiga að máli upplýsingar um hana.

2. Ef sendiríkið skipar forstöðumann sendiráðs til að gegna því starfi í einu eða fleiri ríkjum öðrum, getur það stofnað sendiráð sem *chargé d'affaires ad interim* veitir forstöðu, í hverju þessara ríkja sem forstöðumaður sendiráðsins hefur ekki fasta búsetu í.

3. Forstöðumaður sendiráðs, eða hver annar stjórnarsendimaður sendiráðs, getur starfað sem fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er.

6. gr.

Tvö ríki eða fleiri geta skipað sama manninn forstöðumann sendiráðs í öðru ríki, enda beri móttökuríkið eigi fram mótmæli gegn því.

7. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 5., 8., 9. og 11. greina, getur sendiríkið skipað starfsmenn sendiráðs að eigin vali. Að því er varðar skipun hermála-, flota- eða flugmálafulltrúa getur móttökuríkið óskað eftir að nöfn þeirra séu tilkynnt fyrirfram til samþykktar.

8. gr.

1. Það skal vera meginregla, að stjórnarsendimenn sendiráðs hafi ríkisfang sendiríkisins.

2. Þá er hafa ríkisfang móttökuríkisins má eigi skipa stjórnarsendimenn sendiráðs, nema til komi samþykki þess ríkis, en slíkt samþykki má afturkalla hvenær sem er.

3. Móttökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis, sem hafa ekki jafnframt ríkisfang sendiríkisins.

9. gr.

1. Móttökuríkið getur hvenær sem er, og án þess að þurfa að gefa skýringar á ákvörðun sinni, tilkynnt sendiríkinu að forstöðumaður sendiráðs eða annar stjórnarsendimaður sé *persona non grata* eða einhver annar úr hópi starfsmanna sendiráðs sé ekki viðtökuhæfur. Í öllum slíkum tilvikum skal sendiríki, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda endi á starf hans í sendiráðinu. Lýsa má yfir að maður sé *persona non grata*, eða ekki viðtökuhæfur, áður en hann kemur í land móttökuríkisins.

2. Ef sendiríkið neitar eða lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar innan hæfilegs frests, getur móttökuríkið neitað að viðurkenna hlutaðeigandi mann sem sendiráðsmann.

10. gr.

1. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti móttökuríkisins, eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eftirfarandi:

a) skipun sendiráðsmanna, komu þeirra og endanlega brottför, eða lok starfa þeirra í sendiráðinu;

b) komu og endanlega brottför manns, sem er í fjölskyldu sendiráðsmanns, og þar sem við á, þegar maður bætist í eða fer úr fjölskyldu sendiráðsmanns;

c) komu og endanlega brottför einkaþjónustustarfsmanna í þjónustu manna, sem nefndir eru í a) lið þessarar

málsgreinar, og þar sem við á, að þeir séu á förum úr þjónustu þeirra;

d) ráðningu og lausn manna, sem búsettir eru í móttökuríkinu, sem sendiráðsmanna eða einkaþjónustustarfsmanna, er njóta forréttinda og friðhelgi.

2. Einnig skal tilkynna fyrirfram, þegar unnt er, um komu og endanlega brottför.

11. gr.

1. Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, getur móttökuríkið krafizt þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

2. Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki.

12. gr.

Sendiríkinu er ekki heimilt, nema að fengnu ótvíræðu samþykki móttökuríkisins, að setja á stofn skrifstofur, sem eru hluti af sendiráðinu, annarsstaðar en þar sem sendiráðið er sjálft.

13. gr.

1. Forstöðumaður sendiráðs er talinn hafa tekið við starfi sínu í móttökuríkinu, annaðhvort þegar hann hefur afhent trúnaðarbréf sitt eða þegar hann hefur tilkynnt komu sína og rétt eftirrit af trúnaðarbréfi hans hefur verið afhent utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, samkvæmt þeim venjum, sem í móttökuríkinu gilda og jafnan skal framfylgja á sama hátt.

2. Í hvaða röð trúnaðarbréf er afhent eða rétt eftirrit af því, ákvarðast af komudegi og komustund forstöðumanns sendiráðs.

14. gr.

1. Forstöðumenn sendiráða skiptast í þessi þrjú stig:

a) sendiherrar er hafa *ambassador, nuncio* eða annað samsvarandi stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;

b) sendiherrar er hafa *envoy, minister* eða *internuncio* stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;

c) sendifulltrúar *(chargé d'affaires)*, sem hafa umboð gagnvart utanríkisráðherra.

2. Engan greinarmun skal gera á forstöðumönnum sendiráða eftir stigum, nema að því er snertir metorðaröð og siðareglur.

15. gr.

Ríki gera um það samkomulag sín á milli, hvaða stig forstöðumenn sendiráða þeirra skuli hafa.

16. gr.

1. Metorðaröð forstöðumanna sendiráða er sama stig hafa, skal miða við dag og stund, þegar þeir tóku við starfi samkvæmt 13. grein.

2. Breytingar sem gerðar eru á trúnaðarbréfi forstöðumanns sendiráðs og eigi fela í sér breytingu á stigi hans, skulu eigi hafa áhrif á sæti hans í metorðaröðinni.

3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á neinar viðurkenndar venjur í móttökuríkinu, sem varða sæti fulltrúa Páfagarðs í metorðaröðinni.

17. gr.

Við afgreiðslu fjárlaga urðu þær breytingar að lánsfjáröflun til vegagerðar lækkaði um 87 m. kr., m. a. vegna lækkunar á mörkuðum tekjum til vegagerðar. Á móti hækkaði fyrirhuguð lántaka Byggingarsjóðs rannsóknastofnana atvinnuveganna um 2.0 m. kr. og stefnt er að lántöku hjá Póst- og símamálastofnuninni, alls 30.0 m. kr., en heimild til þeirrar lántöku liggur fyrir í sérlögum. Í meðförum fjárhags- og viðskiptanefndar er að auki gert ráð fyrir lántöku vegna kaupa á flugleiðsögutækjum flugmálastjórnar að andvirði allt að 17.4 m. kr., en ekki var ætluð fjárveiting vegna þessa í fjárlögum 1984.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli (140. mál). Þar er gert ráð fyrir að árlega verði lántökur til flugstöðvarframkvæmda ákveðnar í lánsfjárlögum. Hér er miðað við, eins og fram kemur í athugasemdum með lánsfjárfrumvarpinu, að lántaka verði 88.3 m. kr. Á þetta er bent vegna umfjöllunar um frumvarp um flugstöð í Keflavík.

Fjárhags- og viðskiptanefnd taldi nauðsynlegt að gefin yrði nánari sundurliðun en fram kemur í lánsfjáráætlun um ráðstöfun lánsfjár Landsvirkjunar til framkvæmda. Að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið er lagt til að framkvæmdum verði hagað í samræmi við þá skiptingu sem fram kemur í breytingartillögu meiri hl. við 3. gr.

Á 4. gr. frumvarpsins er gerð eftirfarandi breyting: Fyrirhuguð er lántökuheimild til grænfóðurverksmiðju í Skagafirði, alls 9.0 m. kr. Ráðgert er að þetta lán endurgreiðist með auknu hlutafé eignaraðila. Þá er lántaka vegna sjóefnavinnslu á Reykjanesi hækkuð um 11.0 m. kr., eða í 45 m. kr., og er þetta nauðsynlegt vegna vaxta og afborgana af eldri lánum.

Við gerð áætlunar fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar láðist að taka tillit til fjármagnskostnaðar vegna skuldbreytinga á lánum hitaveitunnar. Því er lögð til viðbótarlánsheimild að fjárhæð 14.0 m. kr. Þannig nemur lánsfjárheimildin alls 22.5 m. kr. Þá er fallist á ósk Hitaveitu Kjalarness um heimild til 25 m. kr. lántöku til stofnframkvæmda við lagningu hitaveitu í hreppnum.

Í aths. við 7. gr. frumvarpsins er greint frá 32 m. kr. hækkun lánveitinga og lánsfjáröflun Framkvæmdasjóðs. Gert var ráð fyrir að 6 m. kr. rynnu til Landflutningasjóðs, en það á að vera til Útflutningslánasjóðs og leiðréttist hér með.

Við fjárlagaafgreiðslu á Alþingi fyrir árið 1984 var framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs hækkað úr 5 m. kr. í 15 m. kr. Í samræmi við þá afgreiðslu er nauðsynlegt að breyta 22. gr. frv. til samræmis við þetta.

Bætt er við nýrri grein í frumvarpið þar sem frestað er gildistöku ákvæðis um lánveitingar Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að 95% af umframfjárþörf námsmanna verði mætt, eins og var á árinu 1983.

Lagt er til að 28. gr. frv. breytist með tvennum hætti. Í fyrsta lagi þarf viðbótarheimild til erlendrar lántöku vegna lánsfjárlaga fyrir 1983. Í ljós hefur komið að fjármagnsútgjöld vegna Kröflu og Byggðalínu reyndust verulega hærri en áður var talið og því er sótt um heimild til 400 m. kr. viðbótarlántöku í stað 340 m. kr. Í öðru lagi er leitað heimildar til ríkisábyrgðar vegna lántöku Hitaveitu Vestmannaeyja og Hitaveitu Rangæinga á árinu 1983, alls 39.2 m. kr.

Ekki er gerð brtt. við 29. gr., en rétt er að gera grein fyrir því að yfirdráttarskuld ríkissjóðs í árslok 1983 reyndist um 1220 m. kr. Heimildar til þess að mæta þessari fjárþörf er að hluta til leitað í 28. gr., 120 m. kr., en að öðru leyti í 29. gr. Fyrir áramót var gengið frá láni í Seðlabankanum, alls 20 m. SDR, eða um 600 m. kr., en eftir er að ganga frá eftirstöðvum yfirdráttarskuldarinnar.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um innlenda lánsfjáröflun, nú lög nr. 79/1983, var þess getið að markaður hinna hefðbundnu spariskírteina ríkissjóðs hefði þrengst, en með lögunum er ríkissjóði gert kleift að bjóða fjölbreyttara form skuldaviðurkenninga. Í samræmi við ákvæði þessara laga öfluðust 43 m. kr. á árinu 1983 sem ríkissjóður endurlánaði síðan Byggingarsjóði ríkisins. Þessi fjárútvegun kom í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar í október 1983 um 50% hækkun lánveitinga til húsbyggjenda sem lán höfðu fengið 1982 og 1983.

Að lokum skal þess getið að í yfirliti, sem fylgdi frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983, var gert ráð fyrir erlendri lántöku Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 20 m. kr. Hins vegar tók sjóðurinn engin erlend lán á árinu 1983 og hefur farið fram á að mega flytja lántökuáform þessi yfir á árið 1984. Hér er lagt til að erlendar lántökur á árinu 1984 til Iðnþróunarsjóðs hækki frá fyrri áætlunum sem þessu nemur, eða úr 30 m. kr. í 50 m. kr.

Alþingi, 8. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Lárus Jónsson.
Tómas Árnason.
Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

Lánsfjáröflun 1984 — Heildaryfirlit (í m. kr.)

	Spariskírteini verðbréfakaup bankakerfis o. fl.	Lífeyrissjóðir	Önnur innlend lánsfjáröflun	Erlend lán	Heildarlánsfjárþörf
1. **Ríkissjóður**					
A-hluti	666,7[1])	120,0	158,0	605,7	1 550,4
B-hluti				1 065,4	1 065,4
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs				1 064,0	1 064,0
Sveitarfélög				136,3	136,3
	666,7	120,0	158,0	2 871,4	3 816,1
2. **Húsbyggingasjóðir**					
Byggingarsjóður ríkisins	45,0[2])	525,4	437,0[3])	—	1 007,4
Byggingarsjóður verkamanna	—	164,6	—	—	164,6
	45,0	690,0	437,0	—	1 172,0
3. **Lánastofnanir**					
Framkvæmdasjóður Íslands	250,0[4])	110,0	—	652,0	1 012,0
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	50,0	50,0
Stofnlánasjóður landbúnaðarins	—	18,0	—	—	18,0
	250,0	128,0	—	702,0	1 080,0
4. **Atvinnufyrirtæki**					
Sjá lánsfjáráætlun '84	—	—	—	1 000,0	1 000,0
Alls	961,7	938,0	595,0	4 573,4	7 068,1

1) Þar af 200 m. kr. ný útgáfa spariskírteina.
2) Skyldusparnaður ungmenna.
3) Sérstök spariskírteinaútgáfa 200 m. kr., fjáröflun vegna viðbótarlána 1983 122 m. kr. og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði 115 m. kr.
4) Verðbréfakaup bankakerfis.

Fylgiskjal II.

Lántökur til opinberra aðila 1984. (Í þús. kr.)

1.1. A-hluti:	**Lántökur 1984**
Vegagerð	393 000
Aðrar lántökur A-hluta	1 157 400
Samtals A-hluti	1 550 400
1.2 B-hluti:	
Byggðasjóður	120 000
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1 000

	Lántökur 1984
Byggingasjóður Rannsóknarst. atvinnuv.	14 000
Lánasjóður ísl. námsmanna	258 437
RARÍK, almennar framkvæmdir	168 000
Krófluvirkjun, fjármagnsútgjöld	358 214
Orkusjóður, hitaveitulán	10 000
Orkusjóður, jarðhitaleit	10 000
Orkusjóður, sveitarafvæðing	7 000
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	30 000
Flugstöð í Keflavík	88 770
Samtals B-hluti	1 065 421
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	**2 615 821**
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins:	
Landsvirkjun, Blönduvirkjun	200 000
Landsvirkjun, aðrar framkvæmdir	700 000
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	30 000
Steinullarverksmiðja	80 000
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	45 000
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	9 000
Samtals	1 064 000
3. Sveitarfélög:	
Hitaveita Kjalarness	25 000
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	22 500
Hitaveita Akureyrar	88 800
Samtals	136 300
4. Ráðstöfun = Fjáröflun:	**3 816 121**
5. Innlend fjáröflun:	
Útgáfa nýrra spariskírteina	200 000
Innheimta umfram innlausn eldri skírteina	466 700
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	120 000
Önnur fjáröflun	158 000
Samtals	944 700
6. Erlend lán:	
Ríkissjóður, A- og B-hluti	1 671 121
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064 000
Sveitarfélög	136 300
Samtals	2 871 421

Ed. 334. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, TÁ, LJ, VI).

1. Við 1. gr. Í stað „1 708 700“ komi: 1 641 121 og í stað „478 000“ komi: 600 000.
   Aftan við greinina bætist: þar af 322 000 þús. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins.
2. 3. gr. orðist svo:
   Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Lánsfénu skal varið með eftirtöldum hætti:

1.	Blönduvirkjun	200 000 þús. kr.
2.	Kvíslaveitur og Þórisvatn	350 000 þús. kr.
3.	Sultartangastífla	35 000 þús. kr.
4.	Suðurlína	143 000 þús. kr.
5.	Aðveitustöðvar	25 000 þús. kr.
6.	Línurannsóknir	6 000 þús. kr.
7.	Framkvæmdir í rekstri	50 000 þús. kr.
8.	Virkjanarannsóknir	70 000 þús. kr.
9.	Annar rannsóknarkostnaður	21 000 þús. kr.

   Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.
3. Við 4. gr. Í stað „40 000“ komi: 54 000.
4. Við 6. gr., 1. tl. Í stað „8 500“ komi: 22 500.
   Enn fremur bætist við greinina nýr töluliður:
   3. Hitaveita Kjalarness, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Við 22. gr. Í stað „5 000“ komi: 15 000.
6. Á eftir 26. gr. frumvarpsins komi ný grein er verði 27. gr. í II kafla frumvarpsins og hljóði svo:
   Þrátt fyrir 1. lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna eigi hækka í 100% fyrr en 1. janúar 1985.
7. Við 28. gr.
   a. Í stað „340 000“ komi: 400 000.
   b. Aftan við 28. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóði svo:
      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla fyrir 43 000 þús. kr. á árinu 1983 í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 79/1983.
      Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 28 200 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur tekið til hitaveituframkvæmda á árinu 1983. Jafnframt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 11 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem eignaraðilar Hitaveitu Rangæinga hafa tekið í sama tilgangi.

Ed. 335. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1981, um breyting á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Tómas Árnason, Skúli Alexandersson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

2. málsgrein 6. greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í maímánuði árið 1981 voru samþykkt lög þess efnis að hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skuli nota það við akstur á vegum. Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsa fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í september 1980, lyki. Á þeirri stundu ætluðu menn að endurskoðunin væri vel á veg komin þannig að um skammtímaráðstöfun væri að ræða varðandi refsiákvæði laganna. Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hluta þáverandi alþingismanna í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda.

Samkvæmt sérstakri skýrslu, sem tekin var saman á vegum Umferðarráðs um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983, kemur fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum beðið bana. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. október 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi. Á þessu sést að hér er um stórt mál að ræða sem í bókstaflegri merkingu getur skilið milli lífs og dauða, og því brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum.

Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er, en samkvæmt síðustu talningu lögreglu og Umferðarráðs var notkun hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsæti. Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, t. d. í Noregi þar sem lagaákvæði án refsingar giltu um nokkurra ára skeið án þess að viðunandi árangur næðist. Í Sviss voru lög um skyldunotkun frá árinu 1976 numin úr gildi í árslok 1977 en öðluðust gildi á ný árið 1981. Kom fram greinileg sveifla á þessum árum þar sem beint samhengi reyndist milli lítillar notkunar öryggisbelta og fjölgunar látinna í umferðarslysum.

31. janúar s. l. var rétt ár liðið frá því að sett voru lög um skyldunotkun öryggisbelta í Bretlandi. Á þessu ári fækkaði banaslysum farþega í framsætum úr rúmlega 2200 í um 1500, eða um þriðjung. Auk mannslífanna er talið að öryggisbeltin hafi forðað fimm til sjö þúsund manns frá alvarlegum meiðslum. Andlitsmeiðslum hefur t. d. fækkað þar í sumum sjúkrahúsum um 70%, höfuðmeiðslum fækkað verulega og augnmeiðsli vegna bílslysa hafa nær horfið á mörgum sjúkrahúsum. Nú munu um 90 af hundraði breskra bílstjóra og framsætisfarþega nota belti enda sekt um 2500 krónur ef út af er brugðið. Ef framsætisfarþegi hefur ökuréttindi og gerist brotlegur við lögin greiðir hann sektina sjálfur, annars verður bílstjórinn að greiða fyrir hann. Margir áhrifamiklir aðilar í Bretlandi lögðust á sínum tíma gegn lagasetningu um skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal var félag breskra bíleigenda sem mælti með notkun án lögþvingunar. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengist, hefur félagið snúið við blaðinu og styður lögin.

Allt kemur þetta heim og saman við þá skoðun fjölmargra aðila hér á landi, þ. á m. Umferðarráðs, að lögum um skyldunotkun verði að fylgja refsiákvæði eins og umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. Enda munu vandfundin lög þar sem dómsvaldinu er ekki ætlað að beita viðurlögum ef út af er brugðið. Á sama hátt má ætla að undansláttur í framkvæmd einnar lagagreinar leiði til minni virðingar manna fyrir öðrum lögum.

Sþ. 336. Nefndarálit [2. mál]

um till. til þál. um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar svo

BREYTTRAR:

1. Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og almenns atvinnurekstrar og gera samanburð á verðmyndun á raforku hérlendis og í nálægum löndum.
   Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.
2. Fyrirsögn orðist svo: Könnun á raforkuverði á Íslandi.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorsteinn Pálsson og Geir Hallgrímsson.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. — Stefán Benediktsson, fundaskr. — Guðrún Helgadóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir. — Siggeir Björnsson.

Sþ. 337. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á fimm síðustu þingum en varð ekki útrædd.

Ýmsar blikur hafa verið á lofti í atvinnumálum Suðurnesja nokkur undanfarin ár. Af þeim sökum hefur Alþingi tvisvar ályktað að gerð verði athugun á atvinnulífi Suðurnesja og áætlun um eflingu þess. Árið 1978 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kannaði atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Í síðari ályktuninni, frá 1979, var Framkvæmdastofnun ríkisins falið að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

1. Horfur í atvinnumálum Suðurnesja.

Atvinna á Suðurnesjum byggist að mestu á sjávarútvegi og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Vegna slæms ástands fiskstofna og vannýttrar afkastagetu fiskiskipa er ekki hægt að gera ráð fyrir fjölgun sjómanna. Frystihús á Suðurnesjum eru tiltölulega mörg en lítil. Afkastageta þeirra nýtist illa vegna sveiflna í fiskveiðum og skorts á búnaði í mörgum tilvikum. Framtíðarþróun fiskvinnslunnar getur því allt eins leitt til aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar fremur en meiri vinnuaflsnotkunar. Vegna mikillar samkeppni í Atlantshafsflugi er óvarlegt að ætla að um umtalsverða aukningu verði að ræða í flugrekstri á Keflavíkurflugvelli. Mikill samdráttur varð í flugrekstri á Atlantshafsleiðum um tíma og þótt nú gangi betur má gera ráð fyrir áföllum annað slagið. Af því, sem að framan segir, er ljóst að mjög lítill vöxtur, ef ekki samdráttur, er fyrirsjáanlegur í undirstöðuatvinnugreinum Suðurnesja.

Mjög stór hópur ungs fólks er nú að vaxa úr grasi á Suðurnesjum. Meðalstærð þeirra árganga, sem nú eru að byrja að koma inn á vinnumarkað, er ca. 270—290 manns, en meðalstærð þeirra árganga, sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs, er ca. 50—70 manns. Aldrei skila allir sér inn á vinnumarkað, en varlega áætlað þurfa að bjóðast a. m. k. 150 ný störf á ári svo að allir þeir nýliðar, sem koma inn á vinnumarkað, eigi kost á atvinnu heima fyrir.

2. Hvað er til ráða?

Í drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar birti í nóvember 1980, er bent á að uppbygging iðnaðar sé líklega besta leiðin til aukinnar atvinnu og bættra tekna á svæðinu. Á Suðurnesjum eru mjög góðar aðstæður til iðnþróunar hvað framboð á orku og hráefnum snertir, en hins vegar vantar þar mjög tækni- og verkkunnáttu í iðnaði. Af þeim sökum er óeðlilegt að iðnaður vaxi í neinum mæli nema til komi sérstakar aðgerðir í iðnþróun. Það er reynslan frá Shannon á Írlandi, að tilkoma fríiðnaðarsvæðis þar hefur leitt til stóraukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu, auk annars konar ávinnings. Þess vegna er vel þess virði að athugað sé hvort einn liður í eflingu iðnaðar á Suðurnesjum gæti hugsanlega orðið stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

3. Hugmyndir um fríiðnaðarsvæði.

Þegar þotur urðu algengar í Atlantshafsflugi laust fyrir 1960 féllu millilendingar til eldsneytistöku á Shannon á Írlandi að mestu niður. Hafði það í för með sér mikið atvinnuleysi í nálægum byggðarlögum. Stjórnvöld á Írlandi brugðust við þessum vanda með því að stofna sérstakt þróunarfélag Shannonflugvallar. Meginhlutverk þess var að finna leiðir til þess að tryggja vöxt og viðgang flugvallarsvæðisins, örva farþega- og vöruflutninga um völlinn og efla atvinnulíf í byggðarlögum nálægt vellinum. Í þessu skyni kom þróunarfélagið á fót fríiðnaðarasvæði við Shannonflugvöll árið 1959. Strax í upphafi voru eftirfarandi fríðindi boðin fyrirtækjum er vildu koma til Shannon.

a) Algjört tollfrelsi að því er snerti innflutning á hráefnum, vélum og tækjum til framleiðslunnar. Sama máli gegndi um útflutning fullunninnar vöru.
b) Leiga til 25 ára á verksmiðjubyggingum sem þróunarfélagið reisti. Byggingar þessar voru annaðhvort staðlaðar byggingar eða reistar í samráði við fyrirtækið. Leigan miðaðist við byggingarkostnaðinn.
c) Óafturkræf fjárframlög er svöruðu til helmings af kostnaðarverði véla sem kaupa þurfti fyrir hlutaðeigandi verksmiðju.
d) Sérþjálfun verksmiðjufólks hinum erlendu fyrirtækjum að kostnaðarlausu.
e) Algjört skattfrelsi til 1983. Þetta þýddi 25 ára skattfrelsi fyrir þau fyrirtæki sem fyrst hösluðu sér völl í Shannon, en það gerðist árið 1959.

Skattfrelsi er boðið á útflutningshagnaði a. m. k. til 1990 ef starfsemi hefst fyrir 1981. Gildir þetta raunar fyrir öll útflutningsfyrirtæki á Írlandi. Fjármagnsfyrirgreiðsla hefur nú verið aukin og styrkir til rannsókna og vöruþróunar standa til boða. Þá má nefna þjónustu hvers konar við atvinnurekstur, bæði viðskiptalega og tæknilega.

Nú eru á Shannon-fríiðnaðarsvæðinu iðnaðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og vöruhús sem veita 4500 manns atvinnu og þekja um 200 þús. m^2 gólffleti. Samtals eru þetta um 100 fyrirtæki og er mjög lítið um stórfyrirtæki þar. Framleiðslan er einkum á sviði rafeinda- og raftækjasmíði, efnaiðnaðar og verkfæragerðar.

Reynslan af fríiðnaðarsvæðinu í Shannon er mjög góð. Auk þess að hafa veitt þúsundum Íra atvinnu hefur mikil verkþekking verið flutt inn í landið. Þá hafa Írar einnig öðlast á þessari starfsemi mikla reynslu í iðnþróunaraðgerðum. Má nefna að Shannon-þróunarfélagið vinnur nú að uppbyggingu atvinnu á um 4800 km^2 svæði umhverfis Shannon.

Fjölmargar þjóðir, sem búa við atvinnuleysi, einkanlega í þróunarlöndunum, hafa fylgt fordæmi Íra og eru nú rekin nokkur hundruð fríiðnaðarsvæði í heiminum. Á öllum þessum stöðum eru mikil fríðindi í boði fyrir þau fyrirtæki sem þangað vilja koma. Mjög ólíklegt er að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að keppa á almennum grundvelli við önnur fríiðnaðarsvæði í heiminum um að fá til sín erlend fyrirtæki. Á meðan atvinnuástand er jafngott og raun ber vitni á Íslandi getur varla talist hagkvæmt að bjóða erlendum fyrirtækjum sömu kjör og önnur fríiðnaðarsvæði bjóða. Hins vegar virðist full þörf á að kanna hvort einhver erlend fyrirtæki sjái sér hag í því að koma á lakari kjörum en annars staðar vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem í boði yrðu, svo sem jarðhiti, ódýrt rafmagn, vinnuafl með tækniþekkingu í sjávarútvegi, að mestu tollfrjáls aðgangur að Evrópumörkuðum og lega mitt á milli Ameríku og Evrópu. Ekki er vafi á því að fjölmörg íslensk fyrirtæki mundu sjá sér hag í því að reka sína starfsemi á fríiðnaðarsvæðinu. Varðandi slíkt þyrfti að kanna hvort fríiðnaðarsvæði sé hagkvæm leið til þess að efla íslenskan útflutningsiðnað eða hvort einhverjar aðrar ráðstafanir væru jafngóðar eða betri.

4. Ávinningur af fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli.

Með því að setja á stofn fríiðnaðarsvæði er verið að hvetja til stofnunar atvinnurekstrar sem að öðrum kosti væri vart mögulegur — eða hagkvæmur — í landinu. Þeir, sem helst virðast munu hafa áhuga á aðstöðu og rekstri á fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli, eru aðilar á eftirtöldum vettvangi:

a) Japönsk og bandarísk fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka samsetningarverksmiðju hér vegna nálægðar við Evrópumarkað og vegna þess tollfrelsis sem þau nytu gagnvart innflutningi til landa EFTA og Efnahagsbandalagsins.
b) Sérhæfð alþjóðleg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli vegna hagstæðrar legu hans mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku.
c) Ekkert fríiðnaðarsvæði í heiminum, svo vitað sé, getur boðið upp á jarðhita, en hann má nýta á ýmsa vegu í iðnaði. Einnig gæti reynst hagkvæmt að nýta hann til eldis á verðmætum krabbadýrum, t. d. humri og rækju, fiskum og e. t. v. til kjúklingaeldis í stórum stíl. Tollfrelsi á fóðri mundi e. t. v. hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka starfsemi.
d) Einn möguleiki enn er að kjötvinnslufyrirtæki kaupi dilkakjöt og njóti útflutningsbóta á kjötinu eins og aðrir útflytjendur. Bæði í Færeyjum og á Nýfundnalandi er markaður fyrir unnar kjötvörur sem íslensk kjötvinnslufyrirtæki gætu hugsanlega komist inn á. Ekki er þó víst að fríiðnaðarsvæði þurfi til þess að framkvæma þessa hugmynd.
e) Þá eru ýmsir möguleikar fyrir hendi í rafeindaiðnaði sem er tengdur sjávarútvegi og nýtingu annarra auðlinda á hafi úti. Ef tækniþekking er fyrir hendi má þróa upp ný tæki á þessu sviði vegna þeirrar reynslu og verkþekkingar sem fyrir hendi er í fiskvinnslu og sjómennsku.

Eins og áður er drepið á virðast framtíðarmöguleikar atvinnulífs á Suðurnesjum að mestu bundnir við iðnað. Hins vegar er lítil reynsla og tækniþekking í iðnaði fyrir hendi á svæðinu. Ekki er vafi á því að stofnun fríiðnaðarsvæðis mundi bæta þar verulega úr auk þess sem fjölbreytni á atvinnuvali mundi aukast. Þá gæti samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins um stofnun fríiðnaðarsvæðis síðar meir leitt til stofnunar þróunarfélags atvinnulífs á Suðurnesjum öllum.

Hugmyndin um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli er vel þess virði að á henni verði gerð rækileg könnun. Hvers konar atvinnufyrirtæki mundu hafa áhuga á starfrækslu þar, hver væri efnahagslegur ávinningur að stofnsetningu þess og hvaða rekstrar- og eignarform væri heppilegast á svæðinu? Þótt tillaga þessi geri sérstaklega ráð fyrir að fríiðnaðarsvæði verði á Keflavíkurflugvelli er rétt að geta þess að einnig kemur mjög til greina að fríiðnaðarsvæði yrði við Straumsvík, en þar eru hafnarskilyrði mjög góð og aðstaða að mörgu leyti hentug. Í umræddri könnun mætti hafa þá staðreynd í huga. Jafnframt ber að vara við of mikilli bjartsýni af niðurstöðum slíkrar könnunar því að samkeppni á milli fríiðnaðarsvæða í heiminum er mjög hörð og oft á tíðum boðin fjármagnsaðstoð sem er langt umfram það sem kemur til greina að bjóða hér á landi.

Ed. 338. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við umfjöllun málsins og fylgifrumvarps þess, 160. máls Ed., var leitað margháttaðra upplýsinga embættismanna. Þá voru kvaddir á fund nefndarinnar fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og sendu hvor tveggja samtökin síðan skriflega umsögn. Skrifleg umsögn ásamt óskum um allveigamiklar breytingar á frumvarpinu kom einnig fram frá eftirtöldum félagasamtökum: Félagi ísl. iðnrekenda, Félagi ísl. prentiðnaðarins, Fél. ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi ísl. rafverktaka, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi fiskvinnslustöðvanna, Sambandi málm- og skipasmiðja, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Verktakasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Eftir miklar umræður um málið og könnun þess varð það niðurstaða meiri hl. nefndarinnar að heppilegast væri að flytja engar breytingartillögur. Ekki komu heldur fram á fundum nefndarinnar neinar breytingartillögur frá minni hl. Þess er þó rétt að geta að nefndin flytur eina tillögu sem er til leiðréttingar á mistökum í prentun. Með þessum fyrirvara mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frumvarpsins eins og það var fram lagt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Tómas Árnason.

Valdimar Indriðason.

Ed. 339. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með tilvísun til nefndarálits meiri hl. um 159. mál Ed. mælir meiri hl. með samþykkt frumvarpsins, sem er fylgifrumvarp þess máls, eins og það var fram lagt.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Tómas Árnason.

Valdimar Indriðason.

Ed. 340. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 til athugunar og umræðu á allmörgum fundum. Embættismenn, m. a. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, hafa mætt á fundum nefndarinnar og veitt margvíslegar upplýsingar.

Við fyrstu athugun frumvarpsins kom í ljós að þar vantaði eitt og annað og ýmsir liðir voru ýmist vanáætlaðir eða hreinlega utan frumvarpsins, eins og t. d. fjármagnskostnaður Sjóefnavinnslunnar hf. á Reykjanesi sem ríkið á 80% í.

Í meðförum nefndarinnar hafa ýmsir augljósir gallar á frumvarpinu verið lagfærðir og meiri hl. nefndarinnar flytur við það breytingartillögur.

Það gildir um þetta frumvarp til lánsfjárlaga eins og það hefur verið áður að það gefur alls ekki rétta mynd af því hvernig lántökum ríkisins verður hagað á yfirstandandi ári. Minni hl. nefndarinnar minnir sérstaklega á að fyrirhugað er, til viðbótar þeim lántökum sem greint er frá í frumvarpinu, að taka sérstök lán til að efla innlenda skipasmíði og enn fremur er fyrirhuguð lántaka til að styrkja stöðu útgerðarinnar. Þessa sér hvergi stað í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Þá er það skoðun minni hl. að lántökur vegna atvinnuveganna, sem gert er ráð fyrir að séu 1000 millj. kr., séu verulega vanáætlaðar.

Samkvæmt frumvarpinu verður heildarlántaka á árinu 1984 4548 millj. kr. Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar 3160 millj. Hrein skuldaaukning verður því 1388 millj. kr., eða um 2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt spá Seðlabankans er nú áætlað að löng erlend lán verði í lok ársins 1984 tæp 60% af þjóðartekjum.

Þá er enn fremur augljóst að nú stefnir í mikinn halla á ríkisbúskapnum. Samkvæmt fjárlögum verður hallinn 388 millj. kr. við þetta bætast svo skattalækkanir í þágu atvinnurekstrarins sem ekki er ljóst hve háum upphæðum muni nema og enn fremur eru á döfinni ýmiss konar sparnaðaráform í ríkisrekstrinum sem vel flest hanga í lausu lofti og verða sennilega aldrei annað en óraunhæfar tölur á blaði. Sú skuldasöfnun ríkissjóðs, sem nú á sér stað í Seðlabankanum, er í rauninni sama eðlis og erlend lántaka.

Stjórnarandstaðan gerir ekki ágreining um einstök atriði í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 né flytur minni hl. breytingartillögur við frumvarpið. Með hliðsjón af því, sem áður segir, munu þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna sitja hjá við afgreiðslu málsins, en

greiða atkvæði gegn hinni miklu skerðingu á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Erfðafjársjóðs, sbr. 16. og 18. gr. frv.

Stefán Benediktsson sat fundi fjárhags- og viðskiptanefndar sem áheyrnarfulltrúi er fjallað var um málið og styður þessa skoðun minni. hl. nefndarinnar.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.	Ragnar Arnalds.

Nd. 341. Frumvarp til laga [190. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar, og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. Til raforkuframleiðslu allt að 200 kW.
b. Þeirra aðilja sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir.
c. Þeirra aðilja sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara. Tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kW, þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Áður en leyfi skv. 3. gr. er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna virkjunarframkvæmdum í vegi, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kW, sbr. a. lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Í 1. tl. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ komi: allt að 200 kW.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“. Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m. a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar“.

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar, þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.“

Nefndarálit minni hlutans, Páls Pétursonar alþingismanns, og lögfræðilegt álit er því fylgdi, er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi, en álit meirihlutans fylgir hér á eftir í heild sem greinargerð með frumvarpi þessu sem nefndin samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Gengið hefur verið úr skugga um að núverandi ríkisstjórn hyggst ekki taka þetta upp með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi.

Flutningsmenn taka hins vegar undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frumvarpsins, e. t. v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Hér fara á eftir athugasemdir þær sem meiri hluti nefndarinnar lét fylgja með frumvarpsdrögunum í áliti sínu:

„Með bréfi dags. 9. apríl 1979 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður. Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli

Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi hjá Orkustofnun. Þegar Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 fól hann Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn. Í byrjun júní 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi og lauk hún störfum 21. september 1981. Skoðaði hún fjölda gagna er varða virkjunarréttindi fallvatna og leitaði álits hjá sérfræðingum. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilaði Páll Pétursson alþingismaður séráliti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eigarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingu hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar, sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeiganda haldist til virkjunar allt að 200 kW. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim, sem virkjunarheimildir hafa, veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að ráðherra geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir á þeim hafa tekið. Þar segir í 2. gr.: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Og í 1. tl. 49. gr. segir: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Forsaga vatnalaganna er í stórum dráttum sú að í byrjun aldarinnar voru sett lög nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi og eignarnám á þeim o. fl. Árið 1917 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að fjalla um setningu heildarlöggjafar um nýtingu vatns hér á landi. Nefndist sú nefnd fossanefnd og skipuðu hana Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson. Varð ágreiningur í nefndinni um hversu víðtækur réttur til nýtingar á vatnsréttindum ætti að fylgja landareign. Meiri hluti (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að vatnsréttindi ættu að meginstefnu til að vera í eigu ríkisins, þar með talin virkjunarréttindi að mestu leyti, en vissar hagnýtingarheimildir ættu að fylgja landareign. Minni hlutinn taldi hins vegar að réttur til hagnýtingar á vatni ætti alfarið að fylgja landareignum.

Frumvarp, sem byggði á meirihlutaáliti fossanefndar, náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið bæði meiri og minni hlutans voru sameinuð í einu frumvarpi með þeim árangri sem að ofan greinir, þ. e. að vissar nýtingarheimildir eru taldar upp í vatnalögum varðandi virkjunarréttindi. Þær voru þó háðar verulegum takmörkunum, m. a. að leyfi ráðherra þurfti til að virkja flest öll vatnsföll, þ. e. sem voru meiri en 500 eðlishestöfl (368 eðliskílówött eða 3,22 GWh/ári að náttúrulegri orku). Þessar heimildir voru síðan verulega takmarkaðar með raforkulögum, nr. 12/1946, þar sem kveðið var á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 100 hestöfl (74 kW). Ákvæði þessi voru rýmkuð með núverandi orkulögum, nr. 58/1967, þar sem einkarétti

ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver var aflétt, en leyfi ráðherra þarf til slíkra framkvæmda ef virkjun er stærri en 200 kW. Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á stærð fallvatna annars vegar (skv. vatnalögum) og stærð raforkuvers hins vegar (skv. orkulögum). Þar sem 49. gr. vatnalaga hefur ekki verið numin úr gildi þarf enn leyfi ráðherra til þess að virkja öll fallvötn sem hafa meira afl en 500 eðlishestöfl.

Margþættar ástæður leiddu til þess að Alþingi samþykkti árið 1923 að virkjunarréttur skyldi fylgja landareign. Ein ástæðan var eflaust sú, að Norðmenn settu sambærilega löggjöf 14. desember 1917. Síðan hafa Noregur og Ísland haft nokkra sérstöðu í heiminum hvað þetta efni varðar. Einar Arnórsson prófessor skilaði langri og ítarlegri greinargerð um vatnsréttindi á Íslandi þar sem hann rakti helstu lagaákvæði er snertu þau mál frá upphafi byggðar. Niðurstaða hans var að landareign fylgdu ekki virkjunarréttindi utan tiltekinna þröngra nýtingarheimilda. Byggði meiri hluti fossanefndar á þeirri niðurstöðu. Ýmsir aðrir töldu hins vegar tillögu meiri hlutans vega að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Varla hefur það þó haft mikil áhrif á niðurstöðu Alþingis þar sem greinargerð Einars Arnórssonar prófessors virðist taka af allan vafa um að svo var ekki. Ein mikilvægasta ástæðan fyrir niðurstöðu þingsins var e. t. v. sú að Alþingi taldi að með því að láta virkjunarréttindi fylgja landareign mundi það hvetja einstaklinga til þess að virkja fallvötn landsins þjóðinni í hag en láta ekki þá skyldu hvíla á ríkinu. Frá þessum tímum hafa orðið miklar breytingar og forsendur nú allt aðrar en þá. Þróunin hefur orðið sú að virkjun fallvatna hefur fallið í hlut opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Miðar frumvarp þetta að því að auðvelda opinberum aðilum að þjóna almannahag á mikilvægu sviði orkumála með því að virkja fallvötn til raforkuframleiðslu án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga.

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 er vatnalögin voru sett. Með frumvarpi þessu takmarkast þó virkjunarréttindi við 200 kW sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsþarfa. Ráðherra er heimilt að ráðstafa því, sem umfram er, bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögum brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnarkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heimilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (Eignarréttur, bls. 34—5) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf: „(Ljóst er að ákvæðum 67. gr. stjskr.) var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd .... En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmuni gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrenginsleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, myndi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmis konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjskr. 67. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr.“

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana, þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o. fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir Ólafur Lárusson (Eignarréttur, bls. 35): „að takmörkunin sé

almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis".

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frumvarpi þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunarinnar séu almenns eðlis, þ. e. að auðvelda orkuöflun í almannaþágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eingartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og vega þau síðan og meta í heild, t. d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o. s. frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t. d. ef styrjaldarhætta eða stríðsástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frumvarps brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frumvarpið ekki til virkjunar allt að 200 kW. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kW eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flest allar vera undir 100 kW að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frumvarpið nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga, nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kW.

Að auki er í frumvarpinu mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur.

Á undanförnum árum og áratugum hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t. d. settu Norðmenn lög nr. 21 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landssvæði, og þess hluta landgrunns sem háð er einkaeignarrétti, er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181, 8. maí 1950, þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðanjarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaeignarrétti, er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. nái einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (The Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeign án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda.

Rétt þykir að minnast hér á skoðanir sem fram hafa komið hérlendis um rétt ríkisins til þess að lýsa eignarrétti sínum yfir jarðhita með löggjöf fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeigenda, en þar er að finna vissa hliðstæðu við virkjunarréttindi.

Í vatnalögum nr. 15/1923 segir að landeigandi megi hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni með þeim takmörkunum sem lögin tilgreina. Sambærileg ákvæði voru sett í lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og síðar í orkulög, nr. 58/1967. Árið

1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita þar sem kveðið var á um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða er sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Fylgdi því ítarleg greinargerð um eignar- og umráðarétt að jarðhita eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti. Segir þar m. a.: „Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t. d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenskum lögum.“ Niðurstaða Ólafs er „að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita sem til landareignar heyrir (þ. e til heimila og búsþarfa), og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign ... Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar“.

Telur hann að löggjöf, er kveði á um að eignar- og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeiganda, brjóti ekki í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Þótt nýting jarðhita og fallvatna til orkuframleiðslu sé um margt ólík eru viss meginsjónarmið varðandi eignarrétt að þeim sambærileg, svo sem þau sem fram koma hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að orku fallvatna og nýtingu hennar. Þó eru vissar nýtingarheimildir annarra aðila heimilaðar, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram vissar takmarkanir á eignarumráðum ríkisins yfir virkjunarréttindum fallvatna. Fyrst er þess að geta að þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvötnum, halda að sjálfsögðu þeim réttindum. Að auki eru gerðar þrjár takmarkanir á eignarráðum ríkisins:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til fylgi landareignum réttur til nýtingar vatnsafls til raforkuframleiðslu vegna heimilis- og búsþarfa. Mörkin eru miðuð við 200 kW sem samsvarar því afli sem nú má virkja leyfislaust, sbr. gildandi orkulög.

Í öðru lagi halda þeir, sem hafið hafa virkjunarframkvæmdir, réttindum til nýtingar þeirri orku sem þeir hafa ætlað sér að virkja.

Í þriðja lagi er umráðamönnum virkjunarréttinda veittur viss frestur, 10 ár frá gildistöku laganna, til þess að nýta þau réttindi sem þeir hafa. Gert er ráð fyrir að þessi frestur geti í sumum tilfellum lengst fram yfir 10 ár ef virkjunarframkvæmdunum gat lokið fyrir þann tíma, en þær dregist af óviðráðanlegum ástæðum. Lengist þá fresturinn sem töfinni hefur numið. Með „óviðráðanlegum ástæðum“ er hér átt við „force majeure“, þ. e. náttúruhamfarir, stríð, verkföll o. s. frv.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi fyrir stærri virkjunum en 200 kW með þeim skilyrðum sem hann telur eðlilegt að setja, sbr. 5. gr. Um veitingu slíkra leyfa gilda til uppfyllingar ákvæði vatnalaga, sbr. 8. gr. Tekið er fram að leyfi skv. þessari grein geri sérstakt leyfi óþarft fyrir vatnsmiðlanir vegna virkjunar, en kveðið er á um slík leyfi í vatnalögum.

Grein þessari er ekki ætlað að breyta ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um leyfi Alþingis fyrir stærri virkjanir en 2000 kW.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er reynt að tryggja að sem fyllstar upplýsingar umhverfis- og náttúruverndarmál liggi fyrir við ákvörðun um leyfisveitingu til byggingar virkjunar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að leyfi skv. 3. gr. megi binda nauðsynlegum skilyrðum m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að landeigendur og aðrir rétthafar eigi rétt á bótum vegna tjóns er þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmda og aðgerðum sem þeim eru samfara, t. d. jarðrask, óþægindi o. fl. Að sjálfsögðu geta aðilar eftir atvikum samið um uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla. Þá er kveðið á um að þeir eigi rétt á bótum fyrir virkjunarréttindi, allt að 200 kW, sbr. a. lið 2. gr. Ef eignarnám fer fram skal það fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting sem nauðsynleg er á vatnalögum, nr. 15/1923, og leiðir af frumvarpi þessu. 1. tl. 49. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á vatnalögum eða orkulögum.

Um 8. gr.

Grein þessi felur í sér að ákvæði vatnalaga skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um gilda um nýtingu orku og vatns fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi 49. gr., VI. kafla, XIV. kafla, 140., 143. og 144. gr. laganna.

Í 49. gr. er fjallað um rétt landeiganda til að virkja á landi sínu og annarra sem við þeim heimildum hafa tekið. Hefur þetta ákvæði þýðingu fyrir virkjanir allt að 200 kW.

Í VI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsmiðlanir.

Í XIV. kafla laganna eru almenn ákvæði um vatnsvirki. Þar segir t. d. í 133. gr. 1. lið m. a. að áður en byrjað er að gera mannvirki eða vinna önnur verk, sem breytingum valda á vatnsborði, straumstefnu eða straummagni o. s. frv. skal tilkynna það ráðherra.

Í 143. og 144. gr. laganna er fjallað um meðferð vatnamála. Í c-lið 144. gr. segir m. a. að áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna er ákvörðun kann að varða o. s. frv.

Í 140. gr. vatnalaga er fjallað um mat bóta fyrir eignarnumin réttindi, en ákvæði um það efni er ekki að finna í lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hr. Hjörleifur Guttormsson
iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

22. sept. 1984.

Nefndarálit um virkjunarrétt fallvatna.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1979, skipuðuð þér, hæstvirtur iðnaðarráðherra, nefnd til þess að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður.

Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi í Orkustofnun.

Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 og fól þá Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn.

Í byrjun júlí 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi frá 22. maí 1979 til 21. september 1981, en þá lauk hún störfum. Skoðaði hún fjölda gagna varðandi virkjunarréttindi fallvatna og leitaði jafnframt álits hjá sérfræðingum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til, að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt í orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar". Er þar kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að til frambúðar haldist réttur landeiganda til virkjunar allt að 200 kW. Þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni, halda þeim rétti svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk þegar lögin eru sett. Þeim, er virkjunarheimildir hafa, er veittur 10 ára aðlögunarfrestur til að nýta sér þær heimildir áður en virkjunarrétturinn verður eign ríkisins. Felld eru inn í frumvarpsdrögin ákvæði orkulaga um að leyfi ráðherra þurfi fyrir virkjunum stærri en 200 kW. Því til viðbótar er kveðið á um að það leyfi feli einnig í sér heimild til að gera þær vatnsmiðlanir sem nauðsynlegar eru vegna virkjunarinnar. Sömuleiðis er kveðið á um að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs áður en slíkt leyfi er veitt og að ráðherra geti bundið leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón, eða vegna gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Í frumvarpsdrögunum er einnig að finna eignarnámsákvæði. Þá er 49. grein vatnalaga samræmd ákvæðum þessara laga, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að vatnalög standi óbreytt áfram.

Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar, þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.

Nefndin ræddi ítarlega á fundum sínum mismunandi leiðir til að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Meðal annars var það rætt hvort lögfesta mætti að slíkur réttur skyldi vera eign ríkisins fortakslaust og án takmarkana. Leitaði nefndin álits Gauks Jörundssonar prófessors á því hvort slíkt teldist brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Var það álit hans að slík lagaákvæði yrðu ekki samrýmd 67. grein stjórnarskrárinnar ef ekki væri gert ráð fyrir bótum til eiganda. Með hliðsjón af því áliti meðal annars taldi nefndin rétt að stefna að takmörkuðum eignarrétti ríkisins sem þó næði því meginmarkmiði að þjóðarheildin geti nýtt þá miklu auðlind sem vatnsorka landsins er án þess að þurfa að greiða fyrir það stórar fúlgur til einstakra manna sem oftast missa einskis í við slíka nýtingu, en hafa stundum af henni margvíslegt hagræði. Eftir ítarlegar umræður og eftir að hafa skoðað ýmsar leiðir í því efni var niðurstaða meiri hlutans á þann veg sem rakið hefur verið hér að ofan. Samkvæmt henni verður vatnsorka landsins að meginhluta eign ríkisins og rétturinn til nýtingar hennar án þess þó að torvelda á nokkurn hátt eða trufla virkjunarframkvæmdir eigenda vatnsréttinda, innan þess ramma sem slíkum aðilum eru í gildandi lögum heimilaðar virkjanir án afskipta ríkisvaldsins. Langsamlega flestar einkarafstöðvar verða t. d. óháðar þessum nýju lagaákvæðum. Með þessu móti væntir meiri hlutinn þess, að höfðu samráði við ýmsa lögfróða menn, að lagafrumvarp þetta verði skoðað sem almenn takmörkun eignarréttar á vatnsréttindum, en ekki eignarupptaka, enda skerðir það ekki þá nýtingu vatnsréttinda sem eigendur þeirra, aðrir en ríkið, hafa í reynd hér á landi möguleika á, samkvæmt gildandi lögum og við þær aðstæður sem hér ríkja.

Varðandi sjónarmið minni hluta nefndarinnar í þessu efni vísast til sérálits hans.

Með þessu telur nefndin sig hafa leyst það verkefni sem henni var falið og leyfir sér að óska þess að verða leyst frá störfum.

Allra virðingarfyllst,
f. h. nefndarinnar
Jakob Björnsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

Álit minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna, Páls Pétursonar.

Samkvæmt meðfylgjandi texta í skipunarbréfi frá iðnaðarráðherra, dags. 9.4.1979, tók ég undirritaður sæti í virkjunarréttindanefnd: „Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign."

Nefndin hóf störf og aflaði ýmissa gagna varðandi fyrirhugað verkefni sitt. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf kom þó í ljós að upphaflegur tilgangur með skipun nefndarinnar fékk ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, sjá m. a. greinargerð þá er dr. Gaukur Jörundsson samdi fyrir nefndina og fylgir hér með áliti minni hl. sem fylgiskjal. Greinargerð dr. Gauks sannaði það, að ekki væri kleift eða réttlætanlegt að stofna til löggjafar sem svipti menn bótalaust eignum sínum, virkjunarrétti fallvatna á fullkomnum eignarlöndum, og stangaðist þannig á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, en í greinargerð prof. Gauks segir m. a.:

„Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga en þar segir meðal annars svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, er heimildir hafa á þeim, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ..."

Síðar segir í greinargerð prof. Gauks:

„Við setningu vatnalaga, nr. 15 1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynni. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur

samkv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeigu í þarfir virkjana. *Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda".*

Hins vegar hefði getað komið til álita að setja löggjöf um virkjunarrétt fallvatna „utan fullkominna eignarlanda". Á það ber þó að líta að víða eru mörk óljós um það hvaða lönd skuli teljast „utan fullkominna eignarlanda" og hugtakið „fullkomin eignarlönd" er mjög teygjanlegt og ekki unnt að marka það með efalausum hætti hver þau landssvæði eru sem liggja „utan fullkominna eignarlanda." Af þeirri ástæðu er óráðlegt að fara að setja lög um einhvern óskilgreindan hluta landsins þar sem í flestum tilfellum þyrfti að fá úr því skorið með dómi fyrst hvort lögin ættu við eða ekki og jafnvel búinn til vandi með hugtakinu „utan fullkominna eignarlanda".

Meiri hluti nefndarinnar lét, þótt undarlegt megi virðast, hin skýru rök próf. Gauks Jörundssonar sem vind um eyru þjóta. Þess ber raunar að geta að einn nefndarmanna, próf. Björn Þ. Guðmundsson, óskaði að hætta störfum í nefndinni.

Meiri hlutinn (Jakob Björnsson, Bragi Sigurjónsson, Árni Reynisson og Guðmundur Vigfússon) tók sér fyrir hendur að setja saman frumvarp til laga, ekki samkvæmt ákvæðum samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem vildi vinna að því „að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign," heldur samdi meiri hlutinn „frumvarp til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar," en 1. gr. hljóðar svo: „Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr. ...." Í 2. gr. kemur svo upptalning léttvægra undantekninga. Þetta tel ég að ekki hafi falist í skipunarbréfi nefndarinnar, hvað þá í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og engan veginn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, en þar er ekkert ákvæði um vatnsréttindi, heldur einungis sagt að „sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita".

Ekki verður um það deilt að „virkjunarréttur fallvatna" og „orka fallvatna" eru tvö mismunandi hugtök og tel ég því að hugsjónir sumra nefndarmanna, og þá sérstaklega Braga Sigurjónssonar, hafi teymt meiri hlutann út í ógöngur.

Meiri hluti nefndarinnar lætur ýtarlegar athugasemdir fylgja frumvarpi sínu og er þar gerð tilraun til að leiðrétta gerðir meiri hlutans. Ekki getur minnihlutinn með nokkru móti fallist á það viðhorf meiri hlutans, í fyrsta lagi, að hér sé ekki verið að brjóta í bág við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár; í öðru lagi að lög samkvæmt frumvarpi þessu geti komið til framkvæmda „án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga" og í þriðja lagi þessi ályktunarorð meiri hlutans: *„Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum* ... (sjá athugasemdir við lagafrumvarp þetta). Þetta telur minni hlutinn léttvæga afsökun, að friðhelgi eignarréttar verði ómerkari vegna þess að á 18. öld hafi menn aðhyllst svipuð viðhorf. Minni hlutinn vill raunar minna á að samkv. Gamla testamentinu, 5. Mósesbók, 5. kafla, 19. og 21. versi, var sama hugsun lögð til grundvallar síðsamlegri breytni eins og býr að baki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar metin er þörf á lagasetningu eins og þessari er rétt að hafa það í huga að ef og þegar almannahagur krefst er ekkert því til fyrirstöðu að beita eignarnámi ef þurfa þykir. Hefur eignarnámi einnig verið beitt ótæpilega.

Hvað varðar almennan eignarrétt á afréttum landsins, þá tel ég að svo sé best tryggð skynsamleg og hófleg nýting og varðveisla afréttanna að eignarrétturinn sé áfram í höndum bænda eða samtaka þeirra. Þeir þekkja landið best og hafa næmasta tilfinningu fyrir því. Ég hef þess vegna aldrei verið þess fýsandi að láta undan þráfaldri ásókn þeirra manna sem hafa linnulaust reynt að ná eignarréttinum á landinu, gögnum þess og gæðum, úr höndum bænda.

Niðurstaða.

Samkvæmt framanrituðu sé ég ekki ástæðu til þess að setja lög í stíl við frv. það sem meiri hluti nefndarinnar aðhyllist. Um allar meiri háttar virkjanir þarf að setja sérstök lög hvort sem er, og þar er auðvelt að hafa eignarnámsákvæði ef þurfa þykir. Þess vegna er núverandi skipan fullnægjandi, en samkv. 54. gr. vatnalaga er ráðherra rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn virkjað eða óvirkjað til að virkja úr því orku til almenningsþarfa.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru enda engin áform um þessa lagasetningu.

Þá er að lokum spurningin um það hvort og hve mikið eigi að þrengja að rétti bænda á landinu til varðveislu og nýtingar þess og hvar eigi að nema staðar.

Reykjavík, 30. sept. 1981.
Páll Pétursson.

Fylgiskjal með áliti minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar og setningu löggjafar er lýsi réttindi til virkjunar vatna ríkiseign.

I.

Óskað hefur verið eftir því við mig undirritaðan að ég láti uppi álit mitt á því hvort 67. gr. ísl. stjórnarskrárinnar sé því til fyrirstöðu að sett verði löggjöf er lýsi rétt til virkjunar vatna ríkiseign án þess að bætur komi fyrir til landeigenda. Fer svar mitt hér á eftir.

II.

Um síðustu aldamót hófst fyrir alvöru umræða um löggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Í fyrstu snerist umræðan einkum um það hvort og þá að hve miklu leyti ætti að hindra útlendinga í að eignast vatnsréttindi hérlendis. Leiddi það til setningar laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., svonefndra fossalaga.

Fljótlega varð mönnum ljós nauðsyn á því að setja heildarlöggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Þegar á Alþingi 1917 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun fimm manna nefndar til að íhuga fossamál landsins, sbr. Alþt. 1917, A-deild, bls. 1489—1490 og 1545—1546, og B-deild, d. 2282—2296. Í samræmi við þingsályktun þessa var hinn 22. október 1917 skipuð nefnd, svokölluð fossanefnd, en í henni áttu sæti Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson.

Í fossanefndinni varð ágreiningur með nefndarmönnum um hve víðtækur réttur fylgdi og ætti að fylgja landareign til hagnýtingar á vatni. Meiri og minni hluti nefndarinnar skiluðu hvor um sig ítarlegu áliti á árinu 1919. Meirihlutinn (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að landareign fylgdu og ættu að fylgja aðeins tilteknar hagnýtingaheimildir sem skyldu í höfuðatriðum vera afmarkaðar í vatnalögum, en að öðru leyti væri ríkið aðili vatnsréttinda. Minni hlutinn (Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson) leit hins vegar svo á að landareignum einstaklinga fylgdi og ætti að fylgja réttur til hvers konar hagnýtingar vatns. Mestu máli skiptir að réttindi til hagnýtingar vatnsorku fylgdu ekki landareignum einstaklinga samkvæmt áliti meiri hlutans, andstætt skoðun minni hlutans.

Frumvarp til vatnalaga var lagt fyrir Alþingi 1919 og var síðan til meðferðar á hverju þingi uns frv. til vatnalaga var samþykkt á Alþingi 1923. Frumvarp það, sem lagt var fram á Alþingi 1919, var byggð á áliti meiri hluta fossanefndar, en þá þegar var talið ljóst að sú skipan vatnsréttinda naut ekki meirihlutafylgis á þingi. Fór svo að árin 1921 og 1923 var lagt fyrir Alþingi nýtt frumvarp til vatnalaga sem var byggt á meginsjónarmiðum minni hluta

fossanefndar um tilhögun vatnsréttinda, en að öðru leyti hafði við samningu nýja frumvarpsins verið stuðst við álit bæði meiri og minni hluta nefndarinnar. Á Alþingi 1923 var þó gerð breyting í meðferð frumvarpsins á þingi er hafði í för með sér að lögin geyma upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um meiriháttar vötn er að ræða, en þar eru á hinn bóginn taldar allar helstu hagnýtingarheimildir, þar á meðal réttindi til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnal., en þar segir meðal annars svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...“

Ofangreindum réttindum landeiganda til hagnýtingar vatns til orkuvinnslu er hins vegar ýmis veigamikil takmörk sett bæði í vatnalögum og orkulögum.

III.

Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda. Þetta á þó að sjálfsögðu aðeins við vatnsréttindi sem fylgja landareign í einstaklingseign samkvæmt gildandi lögum og getur því gegnt öðru máli um afrétti og almenninga eins og vikið verður að í kafla IV. hér á eftir.

IV.

Í löggjafarstarfi og úrlausnum dómstóla hefur stundum verið gert ráð fyrir aðgreiningu milli (fullkominna) eignarlanda og landa sem eru afréttareign. Ef um er að ræða (fullkomið) eignarland þá á eigandi landið með öllum gögnum þess og gæðum, þar á meðal vatnsréttindum. Ef land er aðeins afréttareign ákveðins aðila, þá er þessi aðili aðeins talinn eiga upprekstrarrétt (beitarrétt), lax- og siglungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og ef til vill einhverjar aðrar nýtingaheimildir, sbr. t. d. 2. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en ekki vatnsréttindi almennt.

Í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 (hrd. 42.1137) kom fram að svonefndar Gullberastaðatungur á afrétti Andakílshrepps í Borgarfirði höfðu á sínum tíma verið hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi, en jörð þessi hafði verið seld Andakílshreppi á árinu 1898. Í þessum dómi Hæstaréttar var svo litið á að Andakílshreppur ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir þessu landi eins og hverju öðru fullkomnu eignarlandi. Um annað land, sem einnig liggur að vatninu, er hins vegar tekið fram í dóminum að ekki verði ráðið hvort það sé fullkomið eignarland Lundarreykjadalshrepps eða aðeins afréttareign. Að svo vöxnu máli var Lundarreykjadalshreppi aðeins dæmdur veiðiréttur í vatninu en ekki lagður dómur á kröfu hreppsins um vatns- og botnsrétt. Sömu sjónarmið koma fram í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 (hrd. 26.108), sbr. enn fremur dóm frá 29. apríl 1960 (hrd. 40.510).

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var fossanefndin sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna, sbr. Nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. IV. og 32, og Nefndarálit meiri hluta fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. frumvarps meiri hlutans og athugasemdir við þær greinar. Við undirbúning námulaga var byggt á því að ríkið eitt ætti rétt til jarðefna á landi í afréttareign, sbr. Alþt. 1971, A-deild, bls. 505-510 (þskj. 142).

Miðað við ofangreindar forsendur varðandi réttstöðu landa í afréttareign er 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki því til fyrirstöðu að í löggjöf sé því slegið skilmálalaust föstu að réttur til virkjunar vatns á slíkum löndum eða í almenningum sé þjóðar- eða ríkiseign. Hins vegar verður að telja ærna ástæðu til að kanna ýmis lögfræðileg vandamál sem þarna eru á ferðinni, m. a. það hvernig draga beri mörkin milli landa sem eru afréttarlönd og eignarlanda jarða í einstaklingseign.

Reykjavík, 14. janúar 1980.

Gaukur Jörundsson.

Nd. 342. Frumvarp til laga [191. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri laun fyrir dagvinnu eins og hún er ákveðin í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins en svo að laun til útborgunar nemi 15 þúsund krónum á mánuði og samsvarandi fyrir hluta úr mánuði.

2. gr.

Með launum skv. 1. gr. er átt við grunnlaun að viðbættum ákvæðis-, álags- og bónusgreiðslum. Til launa teljast hins vegar ekki greiðslur til launþega vegna útlagðs kostnaðar við störf, svo sem fæðis- og fatapeningar, dagpeningar á ferðalögum o. þ. h.

Ákvæði laga þessara breyta ekki umsömdum launatöxtum aðila vinnumarkaðarins né viðmiðunum sem á þeim eru byggðar.

3. gr.

Þann 1. júní og 1. desember ár hvert, í fyrsta skipti þann 1. júní 1984, skal endurskoða fjárhæð lágmarkslauna skv. 1. gr. þannig að kaupmáttur lágmarkslaunanna verði sá hinn sami og við gildistöku laga þessara. Kauplagsnefnd skal ákveða þær breytingar sem gera skal á launafjárhæðinni skv. ákvæðum þessarar greinar. Til að úrskurða þarf einfaldan meirihluta nefndarmanna.

4. gr.

Launagreiðendum er óheimilt að draga af kaupi starfsmanna sinna fyrir útborgun hærri fjárhæð en svo að lágmarkslaun skv. ákvæðum 1. gr. komi ávallt til greiðslu, þó að frádregnum iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs.

Launagreiðendur eru eigi ábyrgir gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og öðrum, sem lögum samkvæmt geta gert kröfur í launagreiðslur, fyrir hærri fjárhæðum en þeim er heimilt að halda eftir af launum starfsmanna skv. ákvæðum þessara laga.

5. gr.

Félagsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1984 skal samanlögð fjárhæð örorku- og ellilífeyris og óskertra uppbóta á lífeyri, tekjutryggingu skv. 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, eigi vera lægri en svarar 16 870 kr. fyrir hjón og 9 697 kr. fyrir einstakling á mánuði. Þessar fjárhæðir skal endurskoða 1. júní og 1. desember 1984 með sama hætti og af sama aðila og greinir í 3. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um lágmarkslaun felur í sér einfalda lausn á því vandamáli að af ýmsum ástæðum hefur ekki tekist að tryggja íslensku verkafólki boðleg lágmrkslaun í frjálsum samningum. Flókin launakerfi, þar sem stór hópur launafólks sækir verulegan hluta tekna sinna með álags- og hlunnindagreiðslum ofan á lága viðmiðunarkauptaxta, hafa ásamt öðrum valdið því að á grundvelli kauptaxtakerfisins er nær ógerlegt að hækka kaup láglaunafólks sérstaklega án þess að hærri tekjuhópar fái jafnframt margfalda slíka launahækkun í sinn hlut. Fólkið á lægstu kauptöxtunum, sem engar álags-, ákvæðis- eða hlunnindagreiðslur hefur, er jafnframt minnihlutahópar í launþegahreyfingunni með mjög takmörkuð áhrif og meirihlutavilji hefur ekki verið fyrir því á borði að kjör þessa minnihlutahóps fáist bætt beint eða óbeint á kostnað þeirra betur stæðu.

Vinnuveitendur hafa einnig verið mun fúsari til samninga um kauphækkanir við hálaunahópa en lágtekjufólk. Þannig hefur launakerfið í landinu, skortur á samhæfðri launamálastefnu launþegasamtaka og afstaða vinnuveitenda í sameiningu bæði meðvitað og ómeðvitað beinst gegn lágtekjufólkinu og haldið kjörum þess niðri. Eins og nú er komið málum er kaupið, sem lægst launaða fólkinu er ætlað að lifa af fyrir fulla vinnu, landi okkar og þjóð til skammar. Fimmtán þúsund króna mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu nægja engum Íslendingi nema fyrir einföldustu frumþörfum. Eigi að síður er til þess ætlast að talsverður hópur fólks þiggi allt að þriðjungi lægri laun fyrir störf sín. Hver heilvita maður sér að við slíkar aðstæður hefur fólk ekki nema um tvennt að velja: annaðhvort að vinna nótt með degi til þess eins að hafa í sig og á og halda á sér hita ellegar neita sér um einföldustu frumþarfir mannlegs lífs svo að ekki sé nú talað um annað sem þorri landsmanna telur vera sjálfsagðan þátt í daglegu lífi fólks á Íslandi.

Lífskjörin, sem þessu láglaunafólki er ætlað að búa við, eru í svo hróplegu ósamræmi við lífshætti mikils meiri hluta þjóðarinnar að líkast er sem óravegur annaðhvort í tíma eða í fjarlægð á hnettinum skilji að þá tvo hópa fólks — hinn bjargálna meiri hluta og hinn fátæka minni hluta sem saman byggja land vort. Slíkt ástand er okkur öllum til vansæmdar. Fáist ekki bót á því í frjálsum kjarasamningum — en það virðist sem sakir standa næsta vonlítið — ber stjórnvöldum skylda til þess að taka í taumana. Í kaup- og kjaramálum er skylda stjórnvalda í grundvallaratriðum aðeins ein: að tryggja að enginn þurfi að búa við fátækt og skort. Fáist slík trygging ekki fram með öðrum hætti er skylt að beita til þess lögum. Hneykslanlegt athæfi stjórnvalda er að kynna niðurstöður úr kjarakönnun Kjararannsóknarnefndar, sem staðfestir hyldýpið milli hins bjargálna meiri hluta og hins fátæka minni hluta og neyð hins síðarnefnda, eins og skrítilegt fyrirbæri líkt og tvíhöfða kálf eða fisk með fjóra sundmaga og láta svo við það sitja og lýsa allri ábyrgð af höndum sér. Þetta athæfi lýsir ekki bara ábyrgðarleysi heldur því kaldrifjaða miskunnarleysi sem samfélagið og stjórnendur þess sýna fátæku fólki. Í rauninni er það ekki vansalaust að ræða um þá óveru sem 15 þúsund krónur á mánuði eru sem launagreiðslu fyrir fullt starf því að engum duga þær tekjur til eðlilegs lífsframfæris. Við þá fjárhæð lágmarkslauna er þó miðað í þessu frv. m. a. vegna þess að sjálf verkalýðssamtökin hafa við ríkjandi aðstæður ekki treyst sér til þess að setja markið hærra, en flm. telur nærri lagi, miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu, að ætlast til að lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu séu eigi lægri en 20 þús. kr. því að lægri fjárhæð dugar vart fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, og dagvinnutekjur eiga að nægja öllum þjóðfélagsþegnum fyrir frumþörfum daglegs lífs. M. a. með vísan til þess að óskertar 15 þús. kr. launatekjur á mánuði er það allra lægsta sem launafólk kemst af með sér til lífsframfæris er lagt til í frv. að launagreiðendum sé óheimilt að snerta þá lágmarksfjárhæð svo sem til þess að halda eftir af því kaupi að kröfu annars aðila. Samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, fá því allir launamenn í landinu tryggingu fyrir að fá útborgað í það minnsta 15 þúsund krónur í hverjum mánuði og samsvarandi fyrir hluta mánaðar og þá fjárhæð fær enginn að snerta annar en launamaðurinn sjálfur.

Með frv., ef að lögum verður, hefur hinu raunverulega lágtekjufólki verið lyft mjög verulega í launum án þess að það komi tekjuhærri hópum til góða því að 15 þús. kr. lágmarkslaun hafa engin áhrif á sjálft kauptaxtakerfið og breyta í engu álagsgreiðslum, hlunnindagreiðslum eða viðmiðunum sem hærra launaðir hópar nota í launakerfum sínum. Eftir að Alþingi og stjórnvöld hafa þannig ákveðið hvaða tekjulágmark setja beri í þjóðfélaginu þannig að enginn þurfi að búa við skort er það svo að sjálfsögðu ákvörðunaratriði aðila vinnumarkaðarins hvaða launakjör samið er um ofan þeirra marka. Sambærileg lágmarksákvæði tekjutryggingar og í frv. er gerð tillaga um að sett skuli gagnvart launafólki ber auðvitað einnig að setja gagnvart öðrum landsmönnum, svo sem gömlu fólki og öryrkjum sem aðeins hafa lífeyristekjur. Í bráðabirgðaákvæðum með frv. er lagt til að sambærileg hækkun verði veitt á lágmarkstekjur elli- og örorkulífeyrisþega og gert er ráð fyrir gagnvart kaupi láglaunafólks. Bráðabirgðaákvæðin kveða aðeins á um árið 1984 af þeirri ástæðu að flm. gerir ráð fyrir að á því ári verði almannatryggingalögin endurskoðuð til samræmis.

Sú viðbára að atvinnurekstur á Íslandi, jafnvel heilar atvinnugreinar, geti ekki risið undir að greiða starfsfólki sínu 15 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði er ekki bara fráleit heldur stórháskaleg. Atvinnurekstur, sem ekki getur þrifist nema starfsfólki sé haldið neðan fátæktarmarka, á ekkert erindi hér á landi. Enn síður má hann eiga framtíð fyrir sér því að sú framtíð byggist á að hluta þjóðarinnar verði haldið á lífskjarastigi, sem er vansæmandi, eða neyddur til vinnuþrælkunar til þess að hafa í sig og á með yfirvinnu sem girðir fyrir allt eðlilegt fjölskyldu- og menningarlíf. Framtíð í atvinnumálum Íslendinga má ekki liggja í slíkum atvinnurekstri. Við höfum nóg önnur og þarfari framtíðarverkefni að vinna en þau sem láta hluta barna okkar og barnabarna lifa bónbjargarlífi. Atvinnuvegir, sem greiða góð laun, eru framtíðin en ekki starfsemi af því tagi sem telur afkomu sína byggjast á því að starfsfólk beri úr býtum 10—12 þús. kr. á mánuði fyrir fullan vinnudag. Þá er það einnig ósæmilegt að stofnanir hins opinbera, t. d. á sviði hinnar dýru og fullkomnu heilbrigðisþjónustu, skuli ætlast til þess að hluti starfsfólks vinni upp á þau býti að hljóta röskan tug þúsunda fyrir mánaðarvinnu á sama tíma og hópur starfsfélaga á sömu vinnustöðum tilheyrir mestu hálaunahópum landsins. Þetta nær engri átt og ber að leiðrétta eins og hér er gerð tillaga um.

Lögfest ákvæði um lágmarkslaun eru síður en svo einsdæmi. Slík ákvæði voru m. a. lögleidd í Singapore, m. a. til þess að koma í veg fyrir starfrækslu fyrirtækja þar sem byggðu tilveru sína á lægri launum en talin voru sæmandi og um leið til þess að tryggja að sá atvinnurekstur, sem þar ætti framtíð, greiddi góð laun. Lög um lágmarkslaun voru sett í Bandaríkjunum af stjórn Roosevelts árið 1938 og giltu með breytingum þar til núverandi forseti Bandaríkjanna tók við völdum, en hann lét það verða eitt af sínum fyrstu embættisverkum að afnema þau í anda þeirrar efnahagsstefnu sem hann fylgir. Lágmarkslaun eru einnig í lögum í Bretlandi og í Frakklandi þar sem ríkisstjórn ákveður með tilskipun upphæð lágmarkslauna að fengnum upplýsingum um þjóðarhag, þróun kaupmáttar og verðlags. Núverandi Frakklandsforseti og stjórn hans létu það verða sitt fyrsta verk að hækka lágmarkslaun í Frakklandi um 5% umfram verðlagsþróun og gengu þannig til móts við lágtekjufólk í landinu, öfugt við það sem ríkisstjórn Íslands hefur gert.

Til fróðleiks fylgja hér á eftir sem fylgiskjöl þýðingar á bandarísku og frönsku lágmarkslaunalögunum eins og þau hljóðuðu árið 1981, en frá því ári eru þýðingarnar.

Fylgiskjal I.

Frönsk lög um lágmarkslaun
(þýðing)
LAUN

INNGANGUR

Grein L. 141-1.

Ákvæði kaflanna I—VIII í þessum hluta eiga sem sé við launþega opinberra stofnana og ráðuneyta, menntaatvinnugreina, borgaralegra félaga, fagfélaga og hvers kyns félagsskapar.

1. KAFLI

Lágmarkslaun.

Grein L. 141-1.

Ákvæði þessa kafla eiga við launþega er falla undir atvinnugreinar og starfsemi sem skilgreindar eru í greinunum L. 131-1 og L. 134-1, 1. lið.

Grein L. 141-2.

Lágmarkslaunin veita þeim launþegum, sem kauplægstir eru, kaupmáttartryggingu og hlutdeild í hagþróun þjóðarinnar.

Grein L. 141-3.

Kaupgeta kauplægstu launþega er tryggð með því að vísitölubinda lágmarslaunin við þróun þjóðarvísitölu verðlags í neyslu sem sett hefur verið sem viðmiðun með tilskipun frá ríkisráði eftir álit frá yfirnefnd heildarsamninga.

Þegar vísitala þessi nær þeirri hæð að samsvara að minnsta kosti hækkun um 2 af hundraði miðað við vísitöluna, sem gengið var úr skugga um við setningu vísitölu næst á undan, eru lágmarkslaun hækkuð í sama hlutfalli og talið frá fyrsta degi þess mánaðar sem kemur næstur á eftir auglýsingu þeirrar vísitölu sem hefur í för með sér þessa uppfærslu.

Grein L. 141-4.

Í því skyni að tryggja kauplægstu launþegum hlutdeild í hagþróun þjóðarinnar eru lágmarkslaun ákvörðuð — og er sú ákvörðun óháð því að beitt sé grein L. 141-3 — ár hvert með gildi frá 1. júlí við skilyrði sem nú greinir:

Yfirnefnd heildarsamninga fær í tæka tíð frá ríkisstjórninni sundurgreiningu á hagreikningum þjóðarinnar og skýrslu um almenn hagskilyrði.

Hún fjallar um þessa þætti, tekur tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á árinu og lætur ríkisstjórninni í té rökstudda álitsgerð ásamt skýrslu þar sem tilgreind er, ef ástæða er til, staða meiri hlutans og eins eða fleiri minni hluta.

Þegar ríkisstjórnin hefur kynnt sér efni þessara gagna ákvarðar hún með tilskipun í ríkisráði hina nýju ákvæðistölu lágmarkslauna.

Grein L. 141-5.

Árleg kaupgetuaukning lágmarkslauna má ekki í neinu tilviki vera minni en helmingur af kaupgetuaukningu meðaltímakaups sem skráð er í ársfjórðungslegri rannsókn atvinnumálaráðuneytisins. Viðmiðunarvísitölunni má breyta með tilskipun í ríkisráðinu eftir álitsgerð frá yfirnefnd heildarsamninga.

Grein L. 141-6.

Með árlegum uppfærslum skal stefna að því að bægja burt öllu varanlegu misræmi milli framþróunar lágmarkslauna og þróunar almennra hagskilyrða og tekna. Í því skyni skal búa út og taka í notkun rannsóknaraðferð og starfsáætlun innan ramma margra ára áætlunarinnar um hag- og þjóðfélagsþróun.

Með tilskipun, sem ákveðin er í ríkisráðinu eftir álitsgerð frá yfirnefnd heildarsamninga, má á árinu færa lágmarkslaunin í meiri hæð en þá sem verður við það að beitt er ákvæðum greinarinnar L. 141-3.

Þá kaupgetubót, sem fram kemur vegna málsgreinarinnar hér á undan, eftir 1. júlí fyrra árs, skal taka með í reikninginn, þegar beitt er reglunni, sem kveðið er á um í grein L. 141-5, við ákvörðun lágmarkslauna.

Grein L. 141-8.

Í öllum löggjafar- og reglugerðarákvæðum, sem fela í skírskotun til heitisins S.M.I.G. (salaire minimum (national) interprofessionnel garanti: lágmarkslaun), skal heiti þetta víkja og í staðinn fyrir það koma frá og með gildistöku laganna nr. 70-7 frá 2. janúar 1970 tryggt lágmark sem er ákvarðað með því að fara eftir ákvæðum greinarinnar L. 141-3, með fyrirvara um ákvæði sem gert er ráð fyrir í 4. og 5. grein nefndra laga.

Þetta tryggða lágmark má með tilskipun í ríkisráði færa í meiri hæð en þá sem verður við að beita undanfarandi málsgrein.

Grein L. 141-9.

Í heildarvinnusamningum og heildarsamkomulagi um ákvörðun eru bönnuð þau ákvæði sem fela í sér vísitölubindingu við lágmarkslaun eða miða við þau í því skyni að ákvarða og endurskoða laun sem gert er ráð fyrir í þessum samningum og samkomulagi.

(Þýðing eftir Magnús G. Jónsson, löggiltan skjalaþýðanda. Reykjavík, 25. október 1981.)

Fylgiskjal II.

Bandarísk lög um lágmarkslaun
(þýðing frá 1981)

LÁGMARKSKAUP 6. gr.
6. gr.

(a) Vinnuveitendur skulu greiða starfsmönnum sínum, sem í vinnuviku starfa að verslun eða framleiðslu verslunarvrnings eða eru ráðnir til starfa í fyrirtæki sem starfar að verslun eða framleiðslu verslunarvarnings, kaup sem hér segir:

(1) ekki undir $2.65 á klukkustund árið sem byrjar 1. janúar 1978, ekki undir $2.90 á klukkustund árið sem byrjar 1. janúar 1979, ekki undir $3.10 á klukkustund árið sem byrjar 1. janúar 1980 og ekki undir $3.35 á klukkustund eftir 31. desember 1980, nema öðruvísi sé ákveðið í þessari grein.

(2) ef starfsmaður er heimaverkamaður í Puerto Rico eða á Jómfrúeyjum, ekki minna en lágmarks-ákvæðislaun samkvæmt reglugerð, eða ef engin lágmarks-ákvæðislaun eru í gildi, hver þau ákvæðislaun sem vinnuveitandi ákveður, þó ekki lægri en lágmarkstímakaup. Lágmarks-ákvæðislaun þessi skulu samsvara lágmarkstímakaupi samkvæmt þessari grein. Atvinnumálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð á hvern hátt ákvæðum þessarar

málsgreinar verði framfylgt, að skilgreina störf heimaverkamanna í Puerto Rico eða Jómfrúeyjum, að ákvarða lágmarksákvæðislaun þeirra, að mæla fyrir um vinnustaðla, að skilgreina hugtakið „heimaverkamaður“ og að mæla fyrir um vinnuaðstöðu.

(3) ef starfsmaður er ráðinn á Samoa, ekki minna en atvinnumálaráðherra ákvarðar samkvæmt tillögu nefndar sem hann skipar á sama hátt og hann skipar nefnd sem fer með sams konar mál varðandi Puerto Rico og Jómfrúeyjar.

(4) ef starfsmaður er ráðinn sem sjómaður á bandarískt skip, ekki minna en sem samsvarar tímakaupi sbr. (1) fyrir þann tíma, sem hann er á vakt, eða

(5) ef starfsmaður er ráðinn til landbúnaðarstarfa, ekki minna en lágmarkskaup sem í gildi er 31. desember 1977 sbr. (1).

(2) (A) Taxti í málsgrein (1), sem nemur að minnsta kosti $2 á klukkustund 31. desember 1977, skal hækka, nema eins og tekið er fram í málsgrein (3), sem hér segir:

(i) frá 1. janúar 1978 um $0.25 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar, og

(ii) frá 1. janúar 1979 og 1. janúar hvert ár eftir það um $0.30 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar.

(B) Taxti í málsgrein (1), sem er lægri en $2 á klukkustund 31. desember 1977, skal hækka, nema eins og tekið er fram í málsgrein (3)

(i) frá 1. janúar 1978 um $0.20 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar, og

(ii) frá 1. janúar 1979 og 1. janúar hvert ár eftir það

(I) þar til taxtinn er orðinn $2.30 á klukkustund um $0.25 á klukkustund eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnefndar, og

(II) ef taxtinn er orðinn $2.30 á klukkustund, um $0.30 á klukkustund, eða um hærri upphæð samkvæmt tillögu sérstakrar iðnaðarnendar.

(3) Ef taxti er hækkaður samkvæmt þessari grein að því marki að hann verði jafnhár taxtanum í (a) (1) eða hærri, þá skal hann gilda.

(4) Allir lágmarkstaxtar samkvæmt málsgrein (2) skulu gilda, nema nýr og hærri taxti komi til.

(d) (1) Óheimilt er vinnuveitendum að mismuna starfsmönnum í kaupi eftir kynferði þegar um er að ræða störf sem krefjast sömu leikni, áreynslu og ábyrgðar og unnin eru við sömu skilyrði, nema þegar greitt er eftir (i) starfsaldri, (ii) verðleikum, (iii) kerfi sem mælir tekjur eftir afköstum og gæðum framleiðslunnar, eða (iv) mismuni sem byggist á einhverju öðru en kynferði.

(2) Verkalýðssamtökum er óheimilt að hafa áhrif á vinnuveitendur í þá átt að þeir mismuni starfsmönnum.

(3) Kaup, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir, gagnstætt ákvæðum þessarar greinar, telst óbreytt lágmarkskaup samkvæmt lögunum.

(4) „Verkalýðssamtök“ samkvæmt þessari grein teljast hvers konar félagssamtök sem fjalla um starfsmenn, umkvartanir þeirra, vinnudeilur, kaupgjaldsmál, starfsskilyrði og því um líkt.

(f) Starfsmönnum, sem vinna heimilisstörf, skulu greidd lágmarkslaun samkvæmt lögunum.

Fylgiskjal III.

Kynningarbæklingur bandaríska vinnumálaráðuneytisins um lágmarkslaunalög.

(Þýðing frá 1981.)

Lög um sanngjörn vinnulaun kveða á um lágmarkskaup, yfirvinnu, skráningu og vinnu barna og taka lögin til yfir 50 milljón manna í fullu starfi og starfi að hluta.

Grunnkaup.

Starfsfólk, sem ekki er undanskilið í lögunum, á rétt á lágmarkskaupi sem er að minnsta kosti $ 3.35 á klukkustund frá 1. janúar 1981 og á það að fá greidda yfirvinnu, sem er ekki undir einum og hálfum sinnum fastakaupið eftir 40 stunda vinnuviku.

Kaupið, sem lögin taka til, ber að greiða reglulega fyrir unnin tíma. Frádráttur frá kaupi fyrir t.d. peningavöntun, vöruvöntun o. s. frv. er ólögmætur ef hann lækkar kaup starfsmanna niður fyrir lágmarkskaup það, sem lögin mæla fyrir um, eða lækkar lögboðið yfirvinnukaup.

Sjúkrahús og dvalarstofnanir geta með samkomulagi við starfsfólk komið á 14 daga yfirvinnu í stað venjulegrar 7 daga vinnuviku ef starfsfólkinu er greitt kaup sem nemur að minnsta kosti fullu kaupi og hálfu betur fyrir vinnu sem fer fram úr 8 stundum á dag eða 80 stundum á 14 daga tímabili, hvort heldur nemur fleiri yfirvinnustundum.

Lögin fela í sér nokkrar undantekningar frá þessum grunni. Sumar þeirra taka til sérstakra viðskipta, aðrar til sérstakrar vinnu.

Enda þótt í lögunum felist lágmarksgrunnkaup og yfirvinnukaup og þau komi skipulagi á unglingavinnu, þá eru ýmsar venjur í atvinnumálum sem lögin taka ekki til, þar með talið: orlof, sundurslitin vinna eða veikindi, hvíldartími frá starfi, helgar- eða helgidagavinna, kauphækkanir eða hlunnindi, uppsagnir, ástæður fyrir uppsögn eða lokagreiðsla launa til starfsmanna sem láta af störfum.

Slík mál og önnur svipuð eru samkomulagsatriði milli starfsmanna og vinnuveitenda eða lögmætra fulltrúa þeirra.

Til hverra ná lögin?

Lögin taka til allra starfsmanna ákveðinna fyrirtækja sem annast milliríkjaviðskipti, framleiðslu varnings til milliríkjaviðskipta eða á annan hátt fara með slíkan varning. Starfsfólk það, sem hér um ræðir, vinnur við:

1) þvott eða hreinsun fatnaðar, eða
2) byggingu eða endurbyggingu, eða
3) rekstur sjúkrahúss, stofnun sem aðallega sér um sjúklinga, aldraða, geðsjúka í eigin húsakynnum, skóla fyrir þroskahefta, forskóla, barnaskóla, gagnfræðaskóla eða æðri menntastofnun, eða
4) eitt eða fleiri smásölu- eða þjónustufyrirtæki (eins og þau eru skilgreind í lögunum) og hafi heildarvelta fyrirtækis á ári ekki verið undir $ 275 000 frá 1. júlí 1978, $ 325 000 frá 1. júlí 1980, $ 362 500 frá 1. janúar 1982,
5) allar aðrar tegundir fyrirtækja með heildarveltu sem nemur að minnsta kosti $ 250 000 á ári.

Ríkisstarfsmenn eru háðir ákvæðum laganna um lágmarks- og yfirvinnukaup og vinnu barna. Starfsmenn einstakra ríkja og sveitarstjórna eru háðir sömu ákvæðum, nema þeir annist hefðbundin stjórnarstörf. Hæstiréttur hefur gefið í skyn að starfsemi í skólum, á sjúkrahúsum, við brunavarnir, löggæslu, heilbrigðisþjónustu og störf við útivist séu hefðbundin.

Starfsmenn, sem lögin taka ekki til, geta þó átt rétt á lágmarks- og yfirvinnukaupi og vernd gegn vinnu barna ef þeir annast milliríkjaviðskipti, þar með talið starfsfólk sem vinnur við

a) samgöngur og flutninga,
b) skipaafgreiðslu í milliríkjaviðskiptum,
c) skrifstofustörf, og aðrir þeir sem nota póst- og símaþjónustu reglulega í milliríkjaviðskiptum,
d) skrifstofustörf, gæslustörf og viðhald, eða vinnur hjá fyrirtækjum sem annast verslun eða framleiðslu.

Lögin taka til fólks sem annast heimilisstörf, þar með taldar þjónustustúlkur, ráðskonur, bílstjórar, eldabuskur eða fólk sem gætir barna, ef vinnuveitendur greiða þeim að minnsta kosti $ 50 í peningum á ársfjórðungi eða ef unnar eru meira en 8 stundir á viku.

Hlunnindi sem vinnuveitandi lætur í té.

Sanngjarnan kostnað vegna fæðis og húsnæðis má meta sem hluta af kaupi ef starfsmaður samþykkir.

Ákvæði um kaup undir lágmarki.

Í vissum tilvikum má greiða lærlingum og námsmönnum í fullu námi minna en lágmarkskaup í smásölu-, þjónustu- og landbúnaðarfyrirtækjum eða í æðri menntastofnunum. Samkvæmt lögunum má ákveða lægri taxta fyrir starfsfólk í Puerto Rico, Jómfrúeyjum og Samoa en þann sem almennt er í gildi.

Einnig má ráða aldraða, þroskahefta eða fatlaða með skerta starfsorku fyrir lægra kaup en lágmarkstaxti segir til um.

Undanþegnir bæði lágmarks- og yfirvinnukaupi.

Starfsmenn á sviði framkvæmda, stjórnunar, embættismenn og opinberir starfsmenn (þar með taldir kennarar og starfsmenn á sviði mennta- og skólamála) og einnig sölumenn;

starfsmenn ákveðinna smásölu- og þjónustufyrirtækja;

starfsmenn ákveðinna árstímabundinna fyrirtækja sem sjá um skemmtanir, starfsmenn ákveðinna smáblaða, símavörslumenn, sjómenn skráðir á erlend skip og starfsmenn sem fást við fiskveiðar;

landbúnaðarverkamenn í þjónustu manna sem höfðu meir en 500 vinnudaga einhvern ársfjórðung fyrra árs;

fólk sem annast barnagæslu eða er ráðið til að aðstoða aldraða eða sjúka.

Undanþegnir ákvæðum um yfirvinnu aðeins.

Sumir starfsmenn með há umboðslaun í smásölu- eða þjónustufyrirtækjum, sölumenn og viðgerðarmenn bifreiða, landbúnaðartækja, báta og flugvéla;

starfsmenn járnbrauta og flugflutninga, leigubílstjórar, sjómenn skráðir á bandarísk skip;

útvarps- og sjónvarpsþulir, fréttastjórar og tæknimenn ákveðinna útvarpsstöðva;

fólk sem annast heimilisstörf og býr hjá vinnuveitendum;

fólk sem starfar við kvikmyndahús og landbúnað.

Ákvæði um vinnu barna.

Ákvæðin um vinnu barna eru ætluð til þess að ungmenni fari ekki á mis við tækifæri til menntunar og til þess að banna ráðningu þeirra til starfa sem skaðleg eru heilsu þeirra. Í

ákvæðunum er listi yfir áhættumikil störf sem atvinnumálaráðherra telur of hættuleg ungmennum.

Reglur um ráðningu ungmenna til starfa, annarra en í landbúnaði, eru nokkuð frábrugðnar reglum um landbúnaðarstörf. Í starfsgreinum öðrum en landbúnaði eru greinar og vinnustundir eftir aldri sem hér segir:

18 ára eða eldri, hvaða starf sem er, hvort heldur áhættumikið eða ekki og stundafjöldi ótakmarkaður;

16 og 17 ára, hvaða starf sem er sem ekki er áhættumikið og stundafjöldi ótakmarkaður:

14 og 15 ára, utan skóla í ýmsum störfum öðrum en framleiðslu eða námagreftri sem hér segir: ekki meira en 3 stundir á skóladegi, 18 stundir á skólaviku, 8 stundir á dag þegar engin kennsla er eða 40 stundir á viku þegar engin kennsla er. Vinnu má ekki hefja fyrir kl. 7 að morgni og ekki má vinnu ljúka eftir kl. 7 að kvöldi nema frá 1. júní til og með fyrsta mánudegi í september, en þá má vinna fram til kl. 9 að kvöldi.

Fjórtán ár er lágmarksaldur í flestum starfsgreinum öðrum en landbúnaði. Þó mega ungmenni á hvaða aldri sem er bera út blöð, koma fram í útvarpi, sjónvarpi, í kvikmyndum eða leiksýningum, vinna hjá foreldrum í einkafyrirtækjum þeirra (nema við framleiðslu eða áhættusöm störf).

Leyfileg störf og vinnustundir ungmenna í landbúnaði eru sem hér segir:

16 ára og eldri, hvaða starf sem er, hvort heldur áhættumikið eða ekki og stundafjöldi ótakmarkaður;

14 og 15 ára, hvaða starf í landbúnaði sem er og ekki er áhættusamt, utan skólagöngu;

12 og 13 ára, utan skólagöngu í störfum sem ekki eru áhættumikil, annaðhvort með skriflegu leyfi foreldra eða á býli foreldra;

Undir 12 ára aldri, störf á býli sem foreldrar eiga eða reka eða með skriflegu leyfi foreldra utan skólagöngu á býli þar sem lágmarkskaup á ekki við.

Börn 10 og 11 ára gömul mega ekki vinna yfir 8 vikur á tímabilinu 1. júní til 15. október.

Börn og ungmenni á hvaða aldri sem er mega gegna hvaða starfi sem er á býli sem foreldrar þeirrar eiga eða reka.

Skýrslugerð.

Vinnuveitendum ber að halda skrár um kaup, vinnustundir og önnur atriði eins og mælt er fyrir um í reglugerð. Flestar upplýsingar eru sama eðlis og þær sem almennt eru notaðar í viðskiptum samkvæmt lögum og reglugerðum. Ekki þarf að hafa neitt sérstakt form á skránum og stimpilklukkur eru óþarfar. Vinnuveitendur, sem háðir eru lágmarks- og yfirvinnukaupi, þurfa að skrá eftirtalið:

— Persónulegar upplýsingar, þar með talið nafn starfsmanns, heimilisfang, starfsheiti, kyn og fæðingardag (ef undir 19 ára aldri).
— Stund og dag sem vinnuvika hefst.
— Unnar stundir hvern vinnudag og hverja vinnuviku.
— Heildarupphæð sem starfsmaður vinnur sér inn á dag eða viku.
— Tímakaup þær vikur sem yfirvinna er unnin.
— Heildaryfirvinnukaup fyrir vinnuvikuna.
— Frádrættir eða viðbætur við kaup.
— Heildarkaupgreiðslur fyrir hvert greiðslutímabil.
— Dag þann sem kaup er greitt og fyrir hvaða tímabil.

Hugtök sem notuð eru í lögunum.

Vinnuvika er 168 klukkustunda tímabil sem deilt er í sjö samfleytt 24 stunda tímabil. Vinnuvikan getur hafist hvern þann dag og á hverri þeirri stundu sem vinnuveitandi ákveður. Hver vinnuvika er einstök og sér að því er varðar lágmarks- og yfirvinnukaup. Meðaltal tveggja eða fleiri vikna kemur ekki til greina (nema að því er varðar starfsfólk sjúkrahúsa, sem vinnur eftir 8″ og 80″ kerfinu, eða sjómenn sem skráðir eru á bandarísk skip).

Unnar stundir.

Starfsfólki, sem lögin taka til, verður að greiða fyrir allar þær stundir sem unnar eru í vinnuvikunni. „Unnar stundir“ merkir almennt allan þann tíma sem starfsmaður verður að vera á vakt eða á vinnustað vinnuveitenda eða á öðrum vinnustað sem ákveðinn hefur verið. Einnig er meðtalinn hver sá viðbótartími sem starfsmaður verður að vinna eða er leyft að vinna.

Útreikningur yfirvinnukaups.

Yfirvinnu verður að greiða að minnsta kosti í hlutfallinu einum og hálfum sinnum kaupið fyrir hverja klukkustund vinnuvikunnar umfram hámarksvinnu í hverri atvinnugrein. Í venjulegum taxta eru almennt fólgnar allar greiðslur sem vinnuveitandi innir af hendi til starfsmanns eða hans vegna. Eftirtalin dæmi eru byggð á 40 stunda vinnuviku:

1. Tímakaup. Ef yfir 40 stundir eru unnar ber að greiða að minnsta kosti einum og hálfum sinnum fastakaup fyrir hverja klukkustund sem unnin er umfram 40.

Þessi grein er svipuð að efni til og 6. gr. laga 36/1907, en þó er hér lagt til, að kjörtímabil sóknarnefnda verði stytt úr 6 árum í 4 ár. Er það í samræmi við það, sem tíðkanlegt er við kosningar nú á tímum til trúnaðarstarfs. Sóknarnefnd ber að kjósa á aðalsafnaðarfundi, þ. á m. á framhaldsaðalsafnaðarfundi, ef slíku er til að dreifa, svo sem tíðkast hefir. Til álita kemur að heimila, að almenn kosning fari fram innan kirkjusóknar um sóknarnefnd, svo sem t. d. er í Noregi, og þá jafnvel með hlutfallskosningu (listakosningu). Ekki er þó vitað um óskir safnaða í þá veru, og hefir slík heimild því eigi verið greind í 15. gr. Vafalaust er hægt að koma við hlutfallskosningu, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir, en ella hljóta þeir kosningu, sem flest fá atkvæði sem einstaklingar, og atkvæðamagn hvers um sig ræður röð varamanna.

Um það hversu sóknarnefnd endurnýist smám saman eru ákvæði í 3. málsgr., sbr. nú 6. gr. laga 36/1907. Ákvæði 4. málsgr. eru einnig að mestu í samræmi við greint lagaákvæði.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er efnislega í samræmi við 2. og 3. málsgr. 6. gr. laga 36/1907.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður skuli hafa tiltekið verkefni í safnaðarstarfi, og skal það þá tilkynnt áður en kosning fer fram. Þau verksvið, sem hér eru höfð í huga, eru t. d. umsjón eigna og fjársýsla, barna- og æskulýðsstarf, þjónustustörf við sjúka, einstæða og fatlaða, félagsráðgjöf og almenn félagsmál. Þótt eigi sé kveðið á um þetta, áður en kosning fer fram, er ljóst, að sóknarnefnd getur skipt störfum með nefndarmönnum, svo og skipað nefndir til að fjalla um einstök málefni, sbr. 4. málsgr. Bundið er í 3. málsgr., að nefndarmenn skipti með sér störfum formanns, gjaldkera og ritara. Formaður er eigi kosinn sérstaklega á aðalsafnaðarfundi, og kemur slík tilhögun þó vissulega mjög til greina. Þeir þrír sem greindir voru, skipa framkvæmdanefnd sóknarnefndar, ef hún er skipuð fleiri mönnum en fimm. Er þetta nýmæli.

Í lokamálsgr. er lagt til, að tveir endurskoðendur verði kjörnir samtímis því, að sóknarnefnd er kosin, og tveir til vara. Kjörtímabil er fjögur ár. Endurskoðendur endurskoða kirkjureikninga og byggingarreikninga kirkju, ef því er að skipta, svo og sjóða, er kirkjan kann að eiga. Sóknarnefnd leggur endurskoðaða reikninga fram á aðalsafnaðarfundi til samþykktar.

Um 17. gr.

Hér eru fyllri ákvæði en nú eru um boðun funda í sóknarnefnd og um það, hvenær fundur sé ályktunarfær. Er áskilið, að meirihluti sitji fund, þ. e. tveir nefndarmenn af þremur, þrír af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu.

Í 2. málsgr. segir, að sóknarprestur (prestar) sitji fundi nefndarinnar að jafnaði, sbr. nú lokamálsgr. 2. gr. laga 36/1907. Nýmæli er, að einnig skuli organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjukórs og kirkjulegra félaga, sem tengjast sókn, sækja fund nefndarinnar, ef málefni þeirra aðilja eru sérstaklega til umræðu í nefndinni. Mun þetta tíðkast víða, án þess að skráðra lagareglna njóti við, en eðlilegt þykir að lögfesta reglur um þetta atriði.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar almennt um verkefni sóknarnefnda, en í 19. — 23. gr. frv. eru greind ýmis sérgreind verkefni. Þau eru þó eigi tæmandi talin í frv. heldur ráðast þau af ýmsum kirkjulögum, svo sem lögum um kirkjur og kirkjubyggingar, sóknargjöld, kirkjugarða, veitingu prestakalla o. fl. Sumpart stafa viðfangsefnin frá samþykkt safnaðarfunda svo og héraðsfunda, en sóknarprestur, héraðsprófastur og biskup geta einnig vikið málum til sóknarnefnda eða kirkjumálaráðherra og kirkjuþing eða Alþingi eða einstakar nefndir þess.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um stöðu sóknarnefndar, þ. e. að hún sé í fyrirsvari fyrir kirkjusókn gagnvart stjórnvöldum og einstaklingum og stofnunum. Ber manni því að snúa sér til sóknarnefndar um mál kirkjusóknar almennt eða til sóknarprests, sem kemur erindi á framfæri við sóknarnefnd. Þá segir, að sóknarnefnd hafi umsjón með sóknarkirkju og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af kirkju sé háttað. Í frv. til laga um sóknarkirkjur eru nánari ákvæði um afnot af kirkjum þ. á m. um, að heimilt sé að skjóta niðurstöðu greindra aðilja til prófasts og eftir atvikum til biskups. Umsjónarhlutverk sóknarnefndar er mikilvægt og stendur m. a. í tengslum við fyrirmæli 20. gr.

Í lokamálsgrein 19. gr. er sóknarnefndum gert að skyldu að gæta að réttindum kirkna og kirkjueigna og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

Ákvæði 19. gr. eiga einnig við um safnaðarheimili.

Um 20. gr.

Með þessu ákvæði er sóknarnefndum lögð sú skylda á herðar að sjá um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Í þessu felst, svo sem greinir í 2. málsgr., að kirkju sé vel viðhaldið og búnaði hennar og að sóknarnefnd leitist við að fegra og prýða kirkjuna og umhverfi hennar. Stefnumiðið hlýtur að vera, að kirkja verði aðlaðandi og að þar sé gætt smekkvísi í hvívetna. Hyggja ætti sérstaklega að kirkjulist í því sambandi og er kirkjulistanefnd þjóðkirkjunnar til ráðgjafar í því efni.

Eitt af hlutverkum sóknarnefndar er að leitast eftir megni við að sjá borgið þörfum hreyfifatlaðra manna, heyrnar- og sjónskertra. Í frv. til laga um kirkjur og kirkjubyggingar er ákvæði, sem býður að taka skuli sérstakt tillit til þarfa fatlaðra við teikningar og annan undirbúning að kirkjubyggingu, þ. á m. við endurbyggingu kirkju. Mikil þörf er á endurbótum í eldri kirkjum í því skyni að fullnægja þörfum fatlaðra. Mætti m. a. hugsa sér að kirkjubyggingasjóður fengi sérstök fjárframlög til endurlána til sóknarkirkna til þess að

standa straum af kostnaði við slíkar endurbætur. Þessi verkefni eru brýn, sbr. og m. a. lög nr. 47/1981.

Í 3. málsgr. er ákvæði um, að sóknarnefndir annist vörslu og ávöxtun á lausafé kirkju og beri ábyrgð á fjárreiðum sóknar og reikningshaldi. Í 4. gr. laga nr. 20/1890 er m. a. boðið, að fé, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skuli ávaxta í Hinum almenna kirkjusjóði. Eftir þessu mun ekki farið um lausafé, sem ekki er ætlað til lengri ávöxtunar, og munu sóknarnefndir leggja það inn á banka eða sparisjóði. Þetta frv. hreyfir að vísu ekki við 5. gr. laga 20/1890, en ætlunin er að endurskoða það ákvæði á næstunni. Sóknarnefndum ber að gæta þess að ávaxta fé kirkju sem tryggilegast og með hagkvæmum hætti.

Um 21. gr.

Í 1. málsgr. er sóknarnefnd falið að hafa umsjón með því, að guðsþjónustur og aðrar helgiathafnir og safnaðarstarfsemi í kirkju fari sómasamlega fram og með þeirri helgi, er hæfir, sbr. nú 7. gr. laga 36/1907. Ber sóknarnefnd að sjá til þess, að allt sé til reiðu fyrir guðsþjónustu og aðrar helgiathafnir, að starfsmenn mæti stundvíslega og kirkja sé hlý og vel hirt. Sóknarnefnd stuðlar að því, að ekkert trufli guðsþjónustu og raski helgi hennar. þ. á m. að kirkjugestir gangi hljóðlega og greiðlega til sæta sinna. Gæta skal þess m. a., að kostur sé á sálmabókum fyrir sem flesta kirkjugesti. Ákvæði þetta á að sínu leyti við um safnaðarheimili.

Í 1. málsgr. er sóknarnefndum boðið að vera sóknarpresti og starfsfólki sóknar til liðsinnis í hvívetna og stuðla að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna. Er þetta ákvæði að mestu í samræmi við 7. gr. laga 36/1907, en texti þó nokkru styttri.

Í 2. málsgr. er tilvísunarákvæði um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra. Hefir kirkjulaganefnd samið sérstakt frv. til laga um sóknargjöld, en um þetta efni gilda nú lög 40/1948 ásamt breytingarlögum.

Um ráðningu starfsmanna er í 3. málsgr. vísað til 25. gr. frv. og í 4. málsgr. er um afskipti sóknarnefnda af veitingu prestakalla vísað til laga um það efni, nú laga 32/1915. Minnt er á, að á Alþingi hefir nokkrum sinnum verið flutt frv. til laga um nýskipan þeirra mála, en frv. hafa ekki náð framað ganga.

Um 22. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir kosningu safnaðarfulltrúa og tengsl hans við kirkjusóknina. Samkv. 16. gr. laga 36/1907 kýs aðalsafnaðarfundur safnaðarfulltrúa til setu á héraðsfundi prófastsdæmis. Hér er hins vegar lagt til, að sóknarnefnd kjósi safnaðarfulltrúa og annan til vara úr sínum hópi. Þá er lagt til, að kjörtímabil verði stytt úr 6 árum í 4 ár. Svo sem áður greinir, er hér fylgt ályktun kirkjuþings 1978 um þetta efni. Mælt er fyrir um það í frv., að umboð núverandi safnaðarfulltrúa falli niður, þegar nýr safnaðarfulltrúi hefir verið kosinn samkv. þessu ákvæði. Það er hin nýkjörna sóknarnefnd samkv. 15. gr. frv., sem kjósa skal safnaðarfulltrúa samkv. þessum reglum. Boðið er, að safnaðarfulltrúi geri grein fyrir starfi og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi eftir að héraðsfundur er haldinn, en hann gerir sóknarnefnd grein fyrir þessu sem fyrst að loknum héraðsfundi.

Nýmæli er, að aðrir sóknarnefndarmenn en hinn kjörni safnaðarfulltrúi eigi rétt á setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr. 2. málsgr. frv.

Um 23. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hverjar bækur sóknarnefndir skuli halda. Bækur þær, sem greinir í 4. og 5. tölulið, eru nýjar að stofni til og eru nánari ákvæði um þær í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. Kirkjubók, sbr. 4. tölulið, á að geyma tæmandi skrá um starfsemi í kirkju, og er mikilvæg heimild, sem að sínu leyti myndar grundvöll undir skýrslugerð. Kirkjuskrá, sbr. 5. tl., á einum þræði að koma í stað máldagabóka og hafa að geyma yfirlit yfir

réttindi kirkna, en á að öðru leyti að veita ýmiss konar fræðslu um kirkjubygginguna og viðhald á henni o. fl.

Sóknarnefnd ber að vanda til allrar bókfærslu og varðveislu á gögnum kirkju.

Um 24. gr.

Hér er lagt til, að biskup setji sóknarnefnd almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófastastefnu og kirkjuráðs. Er þetta nýmæli. Störf sóknarnefndar eru talsvert umfangsmikil og ákvæði um þau í alldreifðum ákvæðum kirkjulaga. Er því veigamikið, að slíkt erindisbréf sé gefið út til leiðbeiningar fyrir sóknarnefndir, og sé það gert hið fyrsta eftir gildistöku laganna. Prófastar hafa mikla reynslu á þessu sviði, og er því kveðið svo á, að þeir verði m. a. hafðir með í ráðum, er erindisbréf er samið.

Um VI. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um starfsmenn kirkjusókna. Þar kveður allmikið að nýmælum.

Um 25. gr.

Í 1. málsgr. segir, að sóknarnefnd ráði organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju og aðra slíka starfsmenn og semji um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Ákvæði þetta er viðtækara en sambærilegt ákvæði laga 36/1907, og er ákvæði frv. í samræmi við venjur. Ekki eru starfsmenn tæmandi taldir, sbr. orðin „aðra slíka starfsmenn“. Um kaup, kjör og ráðningartíma eru nú að einhverju leyti heildarsamningar. Ef um óvenjuleg kjör er að ræða, þarf sóknarnefnd að jafnaði að bera mál undir safnaðarfund.

Í 2. málsgr. er sóknarnefnd heimilað með samþykki safnaðarfundar að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf. Er m. a. fordæmi fyrir starfi safnaðarsystur. Er mikilvægt að sókn geti haft starfsmann í sinni þjónustu ekki síst til að sinna mannúðarmálum og ýmsum félagslegum vandamálum. Hljóta reglur um starfsmannahald að mótast smám saman, og er örðugt að setja fyrirmæli um starfsvettvang þesara starfsmanna. Er m. a. af þeirri ástæðu boðið í 3. málsgr., að starfsmönnum sé sett almennt erindisbréf.

Í 4. málsgr. segir um rétt starfsmanna til setu á héraðsfundum, og er það nýmæli.

Um 26. gr.

Brýn þörf er á því, að stofnað sé til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna. Er slík starfsemi þegar hafin, þótt í takmörkuðum mæli sé. Í greininni er gert ráð fyrir, að námskeið verði haldin á vegum prófastsdæmis eða biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka, m. a. þeirra er taka yfir fleiri en eitt prófastsdæmi, t. d. samtök fyrir Hólastifti hið forna. Að sjálfsögðu getur einnig komið til greina, að t. d. biskup eða kirkjuráð beiti sér fyrir námskeiðahaldi. Um kostnað er þess eins getið, að sóknarnefndir sjái um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað. Er þess vænst, að á fjárlögum verði tekin upp fjárveiting í því skyni að kosta slík námskeið. Gætu hér einnig komið til styrkveitingar úr Kristnisjóði o. fl. Rétt er að benda á, að námskeið fyrir kirkjuorganista og sumpart fyrir söngfólk er haldið á vegum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og tónskóla hennar, sbr. lög um það efni nr. 3/1981.

Um 27. gr.

Grein þessi er nýmæli. Er þar kveðið á um starfsmannanefnd, sem heimilt er að stofna til innan kirkjusóknar samkv. fyrirmælum aðalsafnaðarfundar. Í henni eiga sæti sóknarprestur eða sóknarprestar, sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sóknar, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta. Verkefni nefndarinnar er að fjalla um störf og starfshætti sóknarinnar, starfsskilyrði þar og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi, og er gert ráð fyrir, að

hann sé að jafnaði formaður nefndarinnar, nema hann færist undan því. Samþykktir eru ekki bindandi nema safnaðarfundur staðfesti en mál kann þó að vera þess eðlis að sóknarnefnd geti ráðið því til lykta án þess að bera það undir safnaðarfund. Samþykktin getur raunar verið á þá lund, að stjórnvöld utan sóknar verði að fjalla um málið til viðbótar við það, er í greininni segir.

Sóknarnefndir eiga að efla samstarf innan sóknar og samræma ýmis störf þar. Er þess að vænta, að slík samstarfsnefnd, sem greinin fjallar um, geti komið ýmsu góðu til leiðar. Skapast þar vettvangur til umræðna um mál, er verið getur aflvaki frjórra hugmynda.

Um 28. gr.

Greinin er nýmæli. Hún víkur að ágreiningi, sem upp kann að koma varðandi störf starfsmanna sóknar. Er kveðið á um það, með hverjum hætti honum verði ráðið til lykta, ef eigi tekst að leysa hann innan sóknarinnar sjálfrar, svo sem langtíðast er. Hér er aðeins mælt fyrir um úrlausnir á slíkum ágreiningi á stjórnarfarslega vísu, en hugsanlegt er, að ágreiningur sé þannig vaxinn, að dómstólar eigi eða geti um fjallað. Ber að túlka orðin „til fullnaðarúrlausnar“ með það í huga. Tekið skal fram, að mjög hefir verið fágætt, að þess konar ágreiningur rísi, sem greinin víkur að, en allt að einu er réttmætt að kveða á um þessi efni í settum lögum.

Um VII. kafla

Í þessum kafla er skipað saman ákvæðum um héraðsfundi og héraðsnefndir. Ákvæðin fela í sér endurskoðun á 17. — 20. gr. laga 36/1907, en ákvæðin um héraðsnefndir eru þó nýmæli. Lagt er til, að nokkrar breytingar verði gerðar á ákvæðum um héraðsfundi. Þeir eiga rót að rekja til laga nr. 5/1880 og hafa gegnt góðu og gildu hlutverki síðastliðna öld sem vettvangur til umræðna um kirkjumál prófastsdæmis og til samstarfs og viðkynningar manna í héraðinu. Með ákvæðum frv. er ætlunin að treysta þessa fundi og greiða fyrir því, að prófastsdæmin eflist sem eining í umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar. Er ætlandi, að ákvæðin um héraðsnefndir í frv. þessu og ákvæðin um héraðssjóð í frv. til laga um sóknargjöld muni stuðla að þessu, ef að lögum verða.

Um 29. gr.

Í 17. gr. laga 36/1907 er boðið, að héraðsfundi skuli halda árlega í júní eða september. Hér er lagt til í 1. málsgr., að þeir verði haldnir eigi síðar en 31. október ár hvert.

Í 2. málsgr. er ákvæði um verkefni héraðsfunda. Eru þeir vettvangur fyrir kennimenn og leikmenn til umræðna og samstarfs um sameiginleg málefni prófastsdæmisins og raunar um kirkjumálefni á víðtækari grundvelli. Breyttar þjóðfélagsaðstæður krefjast aukinnar samvinnu milli sókna og sóknarpresta innan prófastsdæmis, eftir atvikum með nokkurri verkaskiptingu presta. Efling héraðsfunda á að greiða fyrir slíkri samvinnu og stuðla að ýmiss konar starfsemi, sem getur verið sameiginleg fyrir prófastsdæmið, svo sem barna- og æskulýðsstarfsemi, útgáfu fjölritaðra eða prentaðra blaða eða uplýsingarita vegna guðsþjónustuhalds, starfsemi í þágu aldraðra, fatlaðra og sjúkra, og gögn vegna fermingarundirbúnings o. fl. Héraðsfundur er kjörinn vettvangur til umræðna um slík samstarfsmál. Á fundum þessum á einnig að fjalla um einstök, sérgreind verkefni, svo og mál, sem kirkjustjórn vísar til héraðsfunda eða einstakar sóknir og starfsmenn þeirra. Tekið er fram, að hver þjóðkirkjumaður getur óskað þess, að um tiltekið kirkjumálefni sé fjallað á héraðsfundi eða tillögu um úrlausn þess. Héraðsfundur fjallar um endurskoðaða reikninga kirkjusókna í prófastsdæminu, sem prófastur hefir áður kannað almennt, svo og um fjárreiður héraðssjóðs, ef stofnaður hefir verið, sbr. 5. gr. frv. til laga um sóknargjöld. Héraðsfundur kýs tvo menn í héraðsnefnd, sbr. 36. gr., og varamenn þeirra.

Um 30. gr.

Samkv. 18. gr. laga 36/1907 er héraðsfundur lögmætur, ef meirihluti presta og leikmanna (safnaðarfulltrúa eða varamanna þeirra) situr fundinn. Hér er lagt til, að héraðsfundur sé ályktunarhæfur, ef rétt sé til hans boðað, sbr. 2. málsgr. Samkv. 1. málsgr. á fundarboðun að vera skrifleg og boðað skal til fundar með a. m. k. hálfs mánaðar fyrirvara og á að senda öllum, sem rétt eiga til setu á fundinum, fundarboð, er greini fundarefni. Þarf að fylgja þessum reglum vandlega, því að á því veltur ályktunarhæfni fundar, að rétt sé staðið að fundarboðun.

Um 31. gr.

1. málsgr. er í samræmi við 17. gr. laga 36/1907.

2. málsgr. er nýmæli. Í henni er lagt til, að sóknarnefndarmenn og aðrir þeir, sem sæti eiga í starfsmannanefndum sókna, eigi rétt á fundarsetu og hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Þeir eiga ekki atkvæðisrétt þar, nema kjörnir séu safnaðarfulltrúar. Sóknarnefndarmenn og starfsmenn sókna eru yfirleitt áhugamenn um safnaðarstarf og málefni kirkjunnar og má vænta þess, að þátttaka þeirra í fundunum stuðli að víðtækum umræðum um viðfangsefni fundanna.

Um 32. gr.

Ákvæðið er í samræmi við síðara málslið 19. gr. laga 36/1907, en hér er því bætt við, að gera skuli grein fyrir starfsemi og fjárreiðum héraðssjóða, ef stofnaðir hafa verið í prófastsdæmi, svo og fjárreiðum prófastsdæmis. Reikningar, er að þessu lúta, hlíta meðferð og úrskurði héraðsfunda.

Um 33. gr.

Rétt þykir að kveða hér á um aukahéraðsfund, m. a. ef ¼ hluti atkvæðisbærra héraðsfundarmanna óskar þess. Er þetta nýmæli.

Um 34. gr.

Hér eru ákvæði um, að hver sá, sem rétt á til setu á héraðsfundi, þ. e. ekki eingöngu þeir, sem eiga þar atkvæðisrétt, geti borið þar upp tillögur sínar um kirkjuleg málefni, sem heyra undir verksvið funda þessara. Viðkomandi skal hafa uppi ósk um, að tillagan sé greind í fundarboði. Ef héraðsnefnd fellst eigi á tilmælin, er allt að einu heimilt að fjalla um málefni, ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fundarmanna fallast á það, sbr. 30. gr. 3. málsgr.

Um 35. gr.

Ákvæði þessu svipar til lokamálsgr. 20. gr. laga 36/1970, og er það raunar sjálfsagt, að sérálit minnihluta fylgi ályktun meirihluta til biskups eða kirkjumálaráðherra, ef þess er óskað.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og kveður á um héraðsnefnd prófastsdæmis undir forystu prófasts. Er það skipað auk hans presti og leikmanni, er héraðsfundur kýs til fjögurra ára í senn, og skal ennfremur kjósa varamenn þeirra. Er héraðsnefnd framkvæmdarnefnd héraðsfunda. Ber henni að fylgja eftir ályktunum þeirra og er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum um sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs og gerir tillögur um kirkjulega starfsemi á vegum prófastsdæmisins. Er henni heimilt með samþykki héraðsfundar að ráða starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum, þ. á m. í þágu sjúkra, aldinna og fatlaðra, og til að sinna almennum félagsmálum. Héraðsnefnd undirbýr héraðsfundi.

Héraðsnefnd á að geta orðið mikilvægur bakhjarl fyrir héraðsfundi og stuðlað að því, að prófastsdæmið verði virkari starfseining en nú er. Getur hér fengist þýðingarmikil reynsla,

sem leitt gæti síðar til þess að virkja prófastsdæmin í enn rýmra mæli en nú er til skipulagningar á kirkjulegri starfsemi í héraðinu.

Prófastur er oddviti héraðsnefndar og kveður hana til fundar. Kostnaður greiðist úr héraðssjóði prófastsdæmis.

Um VIII. kafla

Hér eru ákvæði um setningu reglugerðar varðandi framkvæmd laganna, svo og um gildistöku þeirra og um kosningu sóknarnefnda, endurskoðenda, safnaðarfulltrúa og héraðsnefndar. Auk reglugerðar, sbr. 37. gr., er gert ráð fyrir því, að einstökum starfsmönnum séu sett erindisbréf, sbr. 24. gr. og 25. gr.

Bent skal á, að ákvæði 2. gr. laga 35/1970 heldur gildi sínu þótt frv. þetta verði lögfest.

Nd. 345. Breytingartillaga [129. mál]

við brtt. á þskj. 322 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Svavari Gestssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Við 4. tl. Liðurinn orðist svo:

Á eftir 8. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagningu og endanlega útkomu skatta sem fram koma í skattskrá svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

Ed. 346. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]

fyrir árið 1984.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. febr.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 641 121 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. þar af 322 000 þús. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Lánsfénu skal varið með eftirtöldum hætti:

1. Blönduvirkjun	200 000 þús. kr.
2. Kvíslaveitur og Þórisvatn	350 000 þús. kr.
3. Sultartangastífla	35 000 þús. kr.
4. Suðurlína	143 000 þús. kr.

5. Aðveitustöðvar ..... 25 000 þús. kr.
6. Línurannsóknir ..... 6 000 þús. kr.
7. Framkvæmdir í rekstri ..... 50 000 þús. kr.
8. Virkjanarannsóknir ..... 70 000 þús. kr.
9. Annar rannsóknarkostnaður ..... 21 000 þús. kr.

Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1984, samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila, að fjárhæð allt að 54 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1984 að fjárhæð 22 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 88 800 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Kjalarness, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1984 að fjárhæð 652 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 83 800 þús. kr. á árinu 1984. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 12 060 þús. kr. á árinu 1984.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1984.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga falla niður á árinu 1984.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 19 400 þús. kr. á árinu 1984. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1984 rennur í ríkissjóð.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 21 800 þús. kr. á árinu 1984.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1984.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 450 þús. kr. á árinu 1984.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 400 þús. kr. á árinu 1984.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1984 eigi fara samtals fram úr 6 500 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1984.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 50/1973, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1984.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 600 þús. kr. á árinu 1984.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1984.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 94 700 þús. kr. á árinu 1984.

27. gr.

Þrátt fyrir 1. lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna eigi hækka í 100% fyrr en 1. janúar 1985.

III KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig, að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstól skal leitað samþykkis eignaraðila.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983 er nemi allt að 400 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla fyrir 43 000 þús. kr. á árinu 1983 í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 79/1983.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 28 200 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur tekið til hitaveitufram kvæmda á árinu 1983. Jafnframt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 11 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem eignaraðilar Hitaveitu Rangæinga hafa tekið í sama tilgangi.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fjórum fiskiskipum innanlands, sem þegar er hafin smíði á. Skip þessi mega vera allt að 39 m löng og með vélarafl allt að 1000 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Þótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Jafnframt falla úr gildi 27. gr. laga nr. 44/1983 og 34. gr. laga nr. 13/1982.

32. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem tekin eru til smíði skips sem Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf. hefur í smíðum. Skip þetta má vera allt að 26 m langt og með vélarafl allt að 600 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs skipsins samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi skal falla niður þegar smíði skipsins er lokið og skipasmíðastöðin afhendir það til kaupanda.

Þótt afhending skipsins hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vöurkaupalán sem tekin kunna að verða fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipsins. Þegar lokið er smíði skipsins mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði skipsins fullbúins. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipinu og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipsins fullbúins. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 347. Fyrirspurnir. [193. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um rannsókn umferðarslysa.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvernig er háttað rannsókn umferðarslysa hér á landi?
2. Er fyrirhugað að skipa sérstaka umferðarslysanefnd sem hafi það hlutverk að rannsaka afleiðingar umferðarslysa, sbr. 84. gr. umferðarlaga?

II. Til heilbrigðisráðherra um athvarf og heilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga sem neyta fíkniefna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hverjar eru aðstæður hér á landi til að veita athvarf og heilbrigðisþjónustu þeim börnum og unglingum sem eru illa haldin andlega og líkamlega um styttri eða lengri tíma vegna fíkniefnaneyslu?

III. Til heilbrigðisráðherra um geðræn vandamál barna og unglinga.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hverjar eru aðstæður í heilbrigðiskerfinu til að sinna geðrænum vandamálum barna og unglinga?

Ed. 348. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 24. gr. Í stað „1 600“ komi: 2 500

Nd. 349. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]

fyrir árið 1984.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. febr.)

Samhljóða þskj. 346 með þessari breytingu:
24. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 2 500 þús. kr. á árinu 1984.

Sþ. 350. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Stefán Guðmundsson, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Þorsteinn Pálsson, Tómas Árnason, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Stefán Benediktsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál, sérstaklega að því er snertir verndun fiskistofna og fiskveiðar, og leita jafnframt nánari samvinnu þeirra ríkja, sem liggja að fiskimiðunum norðarlega í Atlantshafi, um verndun og nýtingu fiskistofna og önnur sameiginleg hagsmunamál.

Greinargerð.

Ljóst er að ríki þau, sem liggja að fiskimiðum norðarlega í Atlantshafi, hafa mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi verndun fiskistofna og fiskveiðar. Við úrsögn Grænlendinga úr Efnahagsbandalagi Evrópu skapast ný viðhorf sem eðlilegt er að nágrannaþjóðirnar ræði um við þá. Tillaga þessi miðar að því að Íslendingar undirstriki vilja sinn til aukinna samskipta við Grænlendinga og aukins samstarfs við aðrar nágrannaþjóðir, sérstaklega á sviði fiskverndar.

Ed. 351. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á þinglýsingalögum nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar, sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á

ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. málsgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo: Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld og skip, sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali, er varðar skrásetta bifreið, og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir. Fer um það efni samkvæmt VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala, er varða skráð skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir. Skal slíku skjali þinglýst, þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma, skal senda skjöl, er hana varða til þinglýsingardómara í nýja umdæminu, en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, sem liggur fyrir Alþingi (79. mál), er gert ráð fyrir því, að reglum um skráningu ökutækja verði breytt þannig að umskráningum verði hætt og byggt á föstu númerakerfi og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráninguna.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja, ef lögfestar verða. Felur frumvarp þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því, að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt, svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið, má þinglýsing fara fram að nýju, en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja, að tiltækar séu upplýsingar um það, hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið, er gert ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá bifreiðaeftirlitsins, þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinum verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum, er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að þegar skjal er varðar skráða bifreið er móttekið til þinglýsingar skuli dómari senda bifreiðaeftirlitinu tilkynningu og verði þessa getið í ökutækjaskrá, samkvæmt nánari reglum þar um. Við það er miðað að þess verði einungis getið í ökutækjaskrá að skjal hafi verið móttekið og við hvaða embætti það var, en hins vegar verði ekki færðar í skrána upplýsingar um efni skjals.

Um 2. — 5. gr.

Samkvæmt gildandi þinglýsingalögum fer um þinglýsingu um skráðar bifreiðir samkvæmt reglum VI. kafla, þar sem m. a. er byggt á umdæmaskiptingu, eins og um þinglýsingu skipa minni en 5 rúmlesta. Lagt er til að um þinglýsingu þessa fari framvegis eftir reglum VII. kafla um þinglýsingu á lausafé almennt.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þykir að halda því ákvæði um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir að eigi þurfi að þinglýsa eignarheimild heldur skuli sú eignarheimild sem fram kemur í ökutækjaskrá talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjals.

Um 8. gr.

Færsla upplýsinga um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir í ökutækjaskrá er á byrjunarstigi. Miðað er við að því verki ljúki á árinu.

Nd. 352. Frumvarp til laga [196. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir 106. löggjafarþing 1983—84.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum.

Ákvörðun um lánakjör skal tekin af stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðna tvo áratugi hefur fjórum sinnum verið heimilað með lögum að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, með því að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Í öllum tilvikum hefur vel til tekist og vandi þorra þeirra bænda, sem í fjárhagsvanda voru, verið leystur.

Undanfarin ár hafa verið mörgum bændum erfið. Á það einkum við þá, sem staðið hafa í fjármagnsfrekum framkvæmdum. Framleiðslutakmarkanir vegna markaðserfiðleika og árferðisáföll hafa einnig raskað hag margra.

Í desembermánuði 1982 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að huga að afkomu bænda, m.a. með hliðsjón af árferðisáföllum og mismunandi tekjum eftir búgreinum. Formaður nefndarinnar var Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur, og aðrir nefndarmenn Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, bóndi, Eystra-Geldingaholti, Sigurður Líndal, bóndi, Lækjamóti og Sigurður Sigurðsson, bóndi, Brúnastöðum.

Nefndin skilaði tillögum sínum í september s.l. Þar segir nefndin m.a. „að breyting lausaskulda bænda í löng lán sé svo aðkallandi og eigi eðlilega samleið með þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera til lengingar á lánum annarra þjóðfélagshópa og atvinnuvega, að hefjast þurfi handa um framkvæmd þeirra aðgerða hið allra fyrsta“.

Athuganir nefndarinnar benda til að 200—300 bændur hafi þörf á því að breyta lausaskuldum í föst lán, að fengnu samþykki kröfuhafa, sem eru fyrst og fremst kaupfélög og lánastofnanir.

Stofnlánadeild landbúnaðarins auglýsti í nóv. s.l. eftir umsóknum þeirra bænda, sem óskuðu eftir að breyta lausaskuldum í föst lán. 605 umsóknir bárust vegna skulda að fjárhæð um 150 m.kr. Sú fjárhæð mun væntanlega hækka, þegar gögn berast um skuldastöðu umsækjenda árið 1983.

Nokkuð vantar á að fullnægjandi gögn hafi fylgt öllum umsóknum og hefur umsækjendum verið bent á að bæta úr því.

Umsóknir skiptast þannig eftir kjördæmum:

Vesturland	122
Vestfirðir	20
Norðurland vestra	127
Norðurland eystra	101
Austurland	73
Suðurland	162
Alls	605

Ástæður umsækjenda verða kannaðar nánar, þegar umbeðnar upplýsingar hafa borist og þá settar reglur í samræmi við það, sem áður hefur verið gert í hliðstæðum tilvikum, byggðar á því að skuldbreyting komi að því gagni, sem að er stefnt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um heimild til handa Veðdeild Búnaðarbanka Íslands til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Skulu bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, enda hafi umsækjendur ekki átt kost á úrlausn fjárhagsvandans eftir öðrum leiðum. Skuldbreyting vegna ársins 1979 nær aðeins til þeirra, sem ekki fengu breytt lausaskuldum sínum skv. lögum nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Vikið er frá ákvæðum 4. gr. laga nr. 34 29. maí 1979 um tryggingu vaxtabréfa, sem gefin verða út á vegum deildarinnar, verði frumvarp þetta að lögum.

Í stað ábyrgðar ríkissjóðs næst á eftir varasjóði Veðdeildar Búnaðarbankans kemur nú ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29 19. maí 1976 ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands. Þannig nær ábyrgð ríkissjóðs til bréfa þessara eins og áður við útgáfu slíkra bankavaxtabréfa.

Um 2. gr.

Fyrri málsgrein er í samræmi við það sem áður hefur verið, að lán eru aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum þeirra.

Síðari málsgrein gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra þurfi að samþykkja þau lánakjör, sem ákveðin verða, og að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, auk fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, geri tillögur um þau lánakjör.

Um 3.—7. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.

Ed. 353. Frumvarp til laga [197. mál]

um virðisaukaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983–84.)

I KAFLI

Upphafsákvæði

1. gr.

Greiða skal virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Skatturinn skal vera 21% og rennur í ríkissjóð.

Ríkissjóður greiðir jöfnunarsjóði sveitarfélaga 6,8% þess skatts sem um ræðir í 1. mgr. og skulu skilin miðast við innheimtan skatt hverju sinni.

II KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti, tilkynningarskylda

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Aðilum sem í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Hér með teljast einnig samvinnufélög, samlög og önnur samtök, enda þótt þau eigi eingöngu viðskipti við félagsmenn.
2. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra, að því leyti sem þessir aðilar selja skattskylda vöru eða þjónustu. Fjármálaráðherra getur ákveðið að slíkir aðilar skuli greiða virðisaukaskatt af notkun eigin þjónustu eða vöru sem framleidd er til eigin þarfa, enda sé sú ákvörðun nauðsynleg með tilliti til aðstöðu annarra fyrirtækja er láta í té hliðstæða vöru og þjónustu sem skattskyld er.
3. Uppboðshöldurum.
4. Umboðsmönnum og öðrum aðilum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Þeir aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkið undir tollskrárnúmer 99.01.01, 99.01.02 eða 99.01.03.
3. Þeir aðilar sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 50 000 kr. á ári.

5. gr.

Hver sá sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna skattstjóra, þar sem hann er heimilisfastur, atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Sama gildir um breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, en þær skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

III KAFLI

Skattskylda vöru og þjónustu

6. gr.

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, sbr. þó 32. gr., en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þessir hlutir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þessir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

7. gr.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 2. mgr.

Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana.
2. Lækningar, tannlækningar og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Þjónusta banka og sparisjóða.
4. Vátryggingastarfsemi.
5. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila, upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
6. Rekstur skóla og menntastofnana.
7. Útleiga íbúðarhúsnæðis, þó ekki leiga hótel- eða gistiherbergja og samkomuhúsa.
8. Happdrætti og getraunastarfsemi.
9. Íþróttamót og íþróttasýningar.
10. Útfararþjónusta og prestþjónusta hvers konar.

Undanþágur skv. 2. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum vegna hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

IV KAFLI
Skattverð

8. gr.

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum teljast hluti skattverðs, sömuleiðis hvers konar kostnaður og gjöld sem seljandi krefur kaupanda um, svo sem umbúða- og sendingarkostnaður, vátryggingar o. fl.

Sé um að ræða skipti á vörum eða þjónustu, afhendingu vöru án endurgjalds eða viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Sama gildir um úttekt á vöru og skattskyldri þjónustu sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, svo og andvirði vöru, þjónustu og annarra verðmæta sem fyrirtækið notar og ekki er beinlínis ætlað til endursölu.

Við ákvörðun á skattverði skal afsláttur dreginn frá söluverði, enda sé afslátturinn veittur við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu. Um afslátt sem veittur er eftir afhendingu fer eftir ákvæðum 3. tl. 3. mgr. 12. gr.

Þjónustugjald, sem ekki er innifalið í vöruverði, umboðs- og sölulaun, svo og uppboðsþóknun, skal telja með í skattverði.

Vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, teljast ekki með í skattverði, enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxtagreiðslan er hverju sinni. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu skulu hins vegar teljast til skattverðs.

V KAFLI
Skattskyld velta

9. gr.

Til skattskyldrar veltu telst öll sala og afhending vara og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta nema sú sem undanþegin er skv. 7. gr. Hér með telst úttekt á vöru eða skattskyldri þjónustu sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði vöru og skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki notar og ekki er ætlað til endursölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala á vélum, tækjum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum, svo og sala á vörubirgðum og almennum rekstrarvörum.

Til skattskyldrar veltu telst sala á vöru sem seld er í umboðssölu. Sama gildir um allar aðrar vörur og þjónustu sem fyrirtæki selur og hefur fengið að draga innskatt frá, sbr. 11. gr.

10. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vistir, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í loftförum og skipum í millilandaferðum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Sama gildir um viðgerðar- og viðhaldsvinnu við loftför og skip, svo og vörur sem notaðar eru í því sambandi. Undanþágа þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
3. Sala og útleiga loftfara og skipa, þó ekki skemmtibáta og einkaloftfara.
4. Fólks- og vöruflutningar milli landa.
5. Vöruflutningar innanlands, þegar flutt er beint til eða frá landinu.
6. Áætlana- og ráðgjafarstarfemi sem seld er erlendum aðilum vegna verkefna erlendis.

7. Sala á vörubirgðum, vélum og öðrum rekstrarvörum, þegar fyrirtækið eða hluti þess er selt og hinn nýi eigandi hefur með höndum skattskyldan rekstur. Við slíka sölu skal skattyfirvöldum tilkynnt um eigandaskiptin eigi síðar en átta dögum eftir að salan fer fram.
8. Umboðs- og sölulaun ferðaskrifstofa.
9. Sala á notuðum fólksbifreiðum, íbúðarhúsnæði og öðrum eignum sem seljandi hefur greitt virðisaukaskatt af við kaup án frádráttar eða endurgreiðslu, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein. Einnig getur hann ákveðið að önnur þjónusta sem innt er af hendi fyrir aðila erlendis sé undanþegin með sama hætti.

VI KAFLI
Uppgjör á virðisaukaskatti

11. gr.

Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. 12. gr.

Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á vörum og aðföngum til nota í rekstrinum, sbr. 13. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu eftir hvert uppgjörstímabil, sbr. 21. gr., greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts. Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju tímabili skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn skv. 23. gr.

12. gr.

Útskattur miðast við skattskylda veltu á hverju uppgjörstímabili, sbr. 21. gr. Skattskyld velta á tímabilinu miðast við heildarandvirði allra vara sem seldar hafa verið og afhentar, svo og heildarandvirði allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi og seld á tímabilinu. Við útgáfu reiknings fyrir sölu á vöru eða þjónustu skal miða sölu við dagsetningu reiknings, enda sé hann gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram teljast 82,64% af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar er þó heimilt að miða virðisaukaskattinn við það tímabil sem afhending fer fram ef umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða ef umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 50 000 kr.

Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá:

1. 82,64% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara.
2. 82,64% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið tekjufærð sem sala. Fáist fjárhæðin síðar greidd skal 82,64% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili sem hún fæst greidd.
3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað, ef afslátturinn er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjöri sínu og skilyrði til veitingar afsláttar voru ekki til staðar við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er háður því að gefinn sé út innleggsreikningur (kreditreikningur) fyrir afslættinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram.

Vara og skattskyld þjónusta sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki skal talin með í skattskyldri veltu á því tímabili sem úttekt á sér stað. Sama gildir um vöru og skattskylda þjónustu sem fyrirtækið notar í öðru skyni en snertir beinlínis sölu þess á vöru eða þjónustu.

13. gr.

Til innskatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 21. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum hans og skattskyldri þjónustu.

Þegar rekstrarfjármunir eru eingöngu að hluta til ætlaðir til nota við hina skattskyldu starfsemi skal telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim hluta þessara fjármuna sem notaður er í hinni skattskyldu starfsemi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar. Ráðherra getur einnig sett reglur um meðferð innskatts þegar breyting verður á notkun fasteigna eða annarra rekstrarfjármuna, þ. á m. vegna sölu.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af kostnaði og aðföngum er varða:

1. Rekstur kaffistofu eða mötuneytis skattaðila.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila o. þ. h. fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en 10 menn.

Ríki, bæjar- og sveitarfélög svo og stofnanir þeirra mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem beinlínis varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, eða skattskyld eigin not, sbr. 2. tl. 3. gr.

Þrátt fyrir 6. tl. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

VII KAFLI

Tilhögun bókhalds

14. gr.

Allir þeir sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum skulu, auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968 um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, þar með talið sjóðsvélarstrimlar, staðgreiðslusölulistar og staðgreiðslusöluyfirlit, skal geyma að minnsta kosti í sex ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

15. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum og virðisaukaskattsundanþegnum innkaupum skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna

skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu vöru og skattskyldrar þjónustu.

Skattskyldir aðilar sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 um bókhald skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

16. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld í þeim mæli sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti.

17. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 18. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og nafnnúmer kaupanda og seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Ennfremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 17,36% af heildarverði. Sé um að ræða sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Fari greiðsla fram að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum mótteknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er, eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum sem eru skattskyld frá öðrum viðskiptum þannig að þau séu færð á sérstaka reikninga.

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á vörum og skattskyldri þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á vörum og skattskyldri þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömuleiðis skal aðili sem flytur inn vörur erlendis frá geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð 1 000 kr. eða minna, frá smásöluverslun eða aðila sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda telst fullnægjandi í þessu sambandi, enda þótt ekki komi fram nafn og nafnnúmer kaupanda.

18. gr.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 17. gr., nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum sem gerðar eru til auðkenna á reikningi sem lýst er í 17. gr., eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu og/eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 17. gr., og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 17. gr., eftir því sem við á. Á þetta m. a. við

um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra aðila á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

19. gr.

Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili sem undanþeginn er skattskyldu við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu (afreiknings) á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Aðilar sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum þrátt fyrir 1. mgr. að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða tilgreina virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Þegar tilgreint er verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal greinilega koma fram ef uppgefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

20. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila og birgðatalningu, notkun sjóðsvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í sömu reglugerð má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

VIII KAFLI

Skil á skýrslum, gjalddagar, álag, dráttarvextir, kærur og úrskurðir

21. gr.

Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilsfastir, í Reykjavík tollstjóra, virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Greiðslu skal fylgja skýrsla í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en 25. hvers mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skráningarskyldur aðili innan sömu tímamarka senda skattstjóra skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

22. gr.

Skattstjóri skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

23. gr.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal endurgreiða skattaðila mismuninn.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 26. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugöfin byggist á framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt ásamt álagi skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um.

24. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum var að standa skil á. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 23. gr. hefur verið of há.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 2% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kæruúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

Komi í ljós að aðila sem greiða átti virðisaukaskatt hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt sem honum bar auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. þessarar greinar ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrslan byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á virðisaukaskattsskýrslu. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

25. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 21. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. Kröfur þessar skulu vera utan skuldaraðar og er óheimilt að slíta félagi fyrr en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur aðila sem ekki gerir fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 24. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. 23. gr. og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests skv. 23. gr. og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

26. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan 30 daga frá því að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndir skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar 30 dagar.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta ákvörðunum til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

IX KAFLI

Sérstök ákvæði um landbúnað, fiskveiðar og byggingariðnað

27. gr.

Skráningarskyldir aðilar sem stunda, landbúnað og/eða fiskveiðar skulu skráðir á sérstaka skrá, landbúnaðar- og fiskveiðaskrá.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal virðisaukaskattur (útskattur) hjá aðilum sem stunda landbúnað og/eða fiskveiðar vera 10% af andvirði sjávarafla og 9% af andvirði landbúnaðarafurða sem seldar eða lagðar eru inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum sem hafa með höndum vinnslu, dreifingu eða sölu þeirra.

29. gr.

Þeir sem stunda landbúnað svo og þeir sem stunda smábátaútgerð skulu þrátt fyrir ákvæði 21. gr. skila virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári. Skýrslunni skal skilað til skattstjóra með skattframtali sem skila ber samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Aðilar skv. 1. mgr., sem árlega selja 50% eða meira af verðmæti afla síns eða afurða til annarra en vinnslustöðva eða samtaka sem hafa með höndum dreifingu þeirra, skulu skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 21. gr. Sama gildir um aðila skv. 1. mgr. sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar rekstri en landbúnaði eða fiskveiðum.

Með smábátaútgerð skv. 1. mgr. er átt við fiskveiðar á bátum undir 12 tonnum að stærð sem stundaðar eru í atvinnuskyni.

30. gr.

Heimilt er skattstjóra að fallast á skemmri uppgjörstímabil hjá aðilum skv. 1. mgr. 29. gr. og er honum skylt að fallast á það ef í ljós kemur að aðilar eiga kröfu á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum.

Einnig er skattstjóra heimilt að fallast á umsókn aðila sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

31. gr.

Aðilum sem skila eiga virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári skv. 29. gr. ber að skila virðisaukaskatti til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en 15 dögum eftir að lokið er álagningu tekjuskatts skv. 98. gr. laga nr. 75/1981. Á sama tíma skal ríkissjóður inna af hendi endurgreiðslur skv. 1. mgr. 23. gr. sem þessir aðilar eiga rétt á.

32. gr.

Aðili sem hefur með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni skal innheimta virðisaukaskatt af þeirri starfsemi, hvort sem um er að ræða sölu á vinnu og þjónustu, sölu á einstökum verkþætti eða sölu á byggingu í heild eða að hluta.

Leggja skal virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr., á heildarsöluverð hins selda. Þegar um er að ræða sölu á byggingu ásamt lóð eða lóðarréttindum skal þó einungis reikna virðisaukaskatt af 85% söluandvirðis fasteignarinnar.

Nú tekur aðili skv. 1. mgr. til eigin nota byggingu sem hann hefur reist og skal hann þá greiða virðisaukaskatt af heildarbyggingarkostnaði. Með byggingarkostnaði í þessu sambandi telst ekki lóð eða lóðarréttindi.

X KAFLI

Sérstök ákvæði um innflutning vöru og þjónustu

33. gr.

Við innflutning á vöru og þjónustu skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru og þjónustu að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

34. gr.

Vara og þjónusta sem tollfrjáls er eða undanþegin tolli skv. 2. gr. eða 1.—5., 7.—10., 42. og 49. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum skal undanþegin virðisaukaskatti að uppfylltum skilyrðum sem þar um ræðir.

35. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

XI KAFLI

Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsiákvæði.

36. gr.

Af aðilum sem telja má virðisaukaskattsskylda er skattstjórum heimilt að krefjast allra nauðsynlegra gagna til skýringar á virðisaukaskattsskýrslum. Ennfremur er skattyfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verslunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja skattskylda aðila og forstöðumenn skattskyldra fyrirtækja eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar, svo og að þeir veiti eftirlitsmönnum eða endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðum, vörugeymslum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits með viðskiptum hlutaðeigenda.

Þá hafa skattstjórar rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum er að dómi skattstjóra eru nauðsynleg til endurskoðunar virðisaukaskattsskýrslu og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra eða starfsmönnum hans í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar sem óskað er eftir og unnt er að veita.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða virðisaukaskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á skattskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu skv. ákvæðum 26. gr.

37. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og siá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum virðisaukaskatts hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum virðisaukaskatts lýtur, m. a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og skal rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsókn samkvæmt lögum þessum. Í því skyni geta þessir aðilar krafist allra upplýsinga hjá skattskyldum aðilum og öðrum, sem framkvæmd þessara laga varðar, á sama hátt og skattstjórar skv. 36. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

38. gr.

Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmætum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða þann virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta, skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var. Álag skv. 24. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, skal hann sæta sektum, enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu að greiða sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 36. gr. skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt eða sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðru vísi sé ákveðið í grein þessari.

39. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 38. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. þessarar greinar. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanefndar um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar, ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 2. og 3. mgr. 25. gr. við innheimtu þeirra.

Sök skv. 38. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglu ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XII KAFLI

Ýmis ákvæði

40. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helst þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

41. gr.

Fjárhæðir sem um ræðir í 3. tl. 4. gr., 2. mgr. 12. gr. og 7. mgr. 17. gr. skulu árlega taka sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 73/1975. Ríkisskattstjóri skal reikna út fjárhæðir samkvæmt þessari grein og birta eigi síðar en 1. janúar þess árs sem hinar breyttu fjárhæðir eiga við um.

42. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða virðisaukaskattsendurgreiðslu hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

43. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hefur hann rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattsskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

44. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð ákveðið að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vöru og þjónustu hér á landi.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960 um söluskatt ásamt síðari breytingum. Ákvæði síðastnefndra laga skulu þó gilda um söluskatt vegna sölu til og með 31. desember 1984.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Fari afhending vöru og skattskyldrar þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara, skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu aðila samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu vöru og skattskyldrar þjónustu hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna eða greiðsla hafi farið fram að hluta eða fullu.

Hafi slíkur samningur, samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis til bráðabirgða, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Sé í slíku tilfelli um að ræða vöru eða þjónustu sem skattskyld var samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi vöru og skattskyldrar þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Aðilum sem hafa með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni, sbr. 32. gr. laga þessara, er heimilt við uppgjör virðisaukaskatts að draga frá greiddan söluskatt af byggingarefni í byggingar og verk sem óseld eru 31. desember 1984 og ætluð eru til sölu. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt, þar á meðal á hvaða uppgjörstímabilum hann leyfist og hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar.

II

Skráningarskyldir aðilar skv. 5. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir

1. Inngangur

Virðisaukaskattur hefur verið til umræðu hér á landi í meira en áratug. Margvíslegar athuganir hafa farið fram á þessu skattformi og tvær skýrslur hafa verið samdar um málið að tilhlutan fjármálaráðuneytisins, sú fyrri á árinu 1971 og hin síðari á árinu 1975. Þær athuganir sem fram hafa farið hér landi komu í kjölfar upptöku virðisaukaskatts í flestum löndum Vestur-Evrópu.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið stuðst við fyrri athuganir hér á landi og einnig hefur verið tekið mið af lagareglum og reynslu nágrannaþjóða okkar, einkum Dana.

Virðisaukaskattur er söluskattur sem yfirleitt hefur komið í stað eldri söluskattskerfa, en hann þykir hafa ýmsa kosti umfram eldri söluskattskerfi.

Söluskattskerfið hér á landi hefur ýmsa veigamikla galla. Þar má helst nefna uppsöfnunaráhrif skattsins, sem hafa tilviljanakennd áhrif á framleiðsluaðferðir og samkeppnisaðstöðu atvinnugreina. Sérstaklega skal í þessu sambandi bent á áhrif uppsöfnunarinnar á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara gagnvart erlendum, bæði á erlendum og innlendum mörkuðum. Reynt hefur verið að draga úr þessum skaðlegu áhrifum á undanförnum árum með víðtækum undanþágum og endurgreiðslum á uppsöfnuðum skatti. Því fer þó fjarri að tekist hafi að bæta þennan galla, en varla er þó unnt að ganga lengra í núverandi kerfi.

Hinar margvíslegu undanþágur sem nú eru frá söluskattsskyldu valda einkum tvenns konar vandkvæðum. Annars vegar raska þær samkeppnisaðstöðu framleiðslugreina og

framleiðsluaðferða og hafa óeðlileg áhrif á neysluval. Hins vegar skapa þær verulega erfiðleika við framkvæmd og eftirlit með skattinum.

Virðisaukaskattur bætir úr megingöllum söluskattskerfisins, en forsenda þess er þó sú að við upptöku hans verði skattskyldusviðið víkkað verulega og nær allar undanþágur núverandi kerfis felldar niður. Rétt er þó að komi fram að virðisaukaskattskerfið yrði nokkuð flóknara og viðameira og þar með dýrara í framkvæmd en núverandi söluskattur. Beinn kostnaðarsamanburður er þó ekki raunhæfur þar sem ljóst er að mun meira fé þyrfti að verja nú til framkvæmdar á söluskattskerfinu ef það ætti að fullnægja lágmarkskröfum um öryggi, eftirlit og aðra þætti sem að framkvæmdinni snúa.

2. Söluskattur hér á landi

Söluskattur hefur verið innheimtur hér á landi í einhverri mynd allt frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947. Á árunum 1945 til 1960 var innheimtur fjölstigasöluskattur með nokkuð mismunandi hætti. Var hann nefndur ýmsum nöfnum, svo sem veltuskattur, söluskattur, innflutningssöluskattur, framleiðslusjóðsgjald, útflutningssjóðsgjald, farmiðagjald og iðgjaldaskattur. Skattstofnar voru ólíkir eins og nöfnin gefa til kynna.

Með lögum nr. 62/1945 var fyrst innheimtur söluskattur hér á landi og nefndist hann þá veltuskattur. Náði hann til heildsölu, smásölu, framleiðslu og þjónustu. Skatturinn var því fjölstigaskattur sem innheimtur var af heildarsölu á hverju viðskiptastigi. Veltuskatturinn var aðeins innheimtur á árinu 1945 en á næstu árum þar á eftir tóku við aðrar tegundir söluskatts með mismunandi nöfnum eins og fram er komið.

Með lögum nr. 10/1960 var tekið upp nýtt söluskattskerfi, en þau lög eru enn í gildi að stofni til.

Ef dregnir eru saman meginþættir þess söluskattskerfis, sem í gildi var fyrir breytinguna 1960, má segja að söluskatturinn hafi verið fjölstigaskattur þar sem skattur var lagður á sölu á hinum ýmsu stigum framleiðslu og dreifingar. Reyndist þetta kerfi mjög þungt í vöfum og erfitt að hafa raunhæft eftirlit með því undir lok gildistíma þess, m. a. vegna fjölda takmarkatilvika og erfiðleika á að draga skýr mörk milli skattskyldrar og skattfrjálsrar sölu. Með lögum nr. 10/1960 um söluskatt var gerð mikilvæg breyting á álagningu og innheimtu söluskatts hér á landi frá því sem áður hafði verið. Innheimta söluskatts grundvallast enn í dag á þeim lögum þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á þeim. Á tímabilinu frá 1960 til 1963 var, auk söluskattsins, innheimtur innflutningssöluskattur af tollverði innfluttra vara, en að öðru leyti á sú stutta lýsing, sem hér fer á eftir, við um gildandi söluskattsákvæði og framkvæmd þeirra.

Söluskattur er nú lagður á andvirði seldra vara og þjónustu í innlendum viðskiptum og á innfluttar vörur til eigin nota eða neyslu innflytjanda eins og nánar er ákveðið í lögum og reglugerðum. Söluskatturinn er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta eða sölu til neytenda og er því einsstigssöluskattur en frá þeirri meginreglu eru nokkrar undantekningar. Söluskattur leggst einnig á fjölmörg aðföng fyrirtækja, svo sem fjárfestingu, orku og ýmsar óvaranlegar rekstrarvörur og fæst í slíkum tilvikum yfirleitt hvorki endurgreiddur né frádreginn innheimtum skatti af sölu.

Allir þeir sem selja eða afhenda í atvinnuskyni vöru eða verðmæti og allir þeir sem inna af höndum vinnu eða þjónustu eru skattskyldir með þeim takmörkunum sem lög og reglur ákveða. Þannig greiða t. d. fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga söluskatt á sama hátt og aðrir söluskattsgreiðendur.

Fjölmargar undanþágur eru nú frá hinni almennu söluskattsskyldu við sölu á síðasta viðskiptasigi. Ákvæði um þær er að finna í lögum, reglugerðum og einstökum ákvörðunum fjármálaráðherra. Undanþágum verða ekki gerð hér tæmandi skil en drepið á þær helstu:

Vörur:
Vörur sem seldar eru úr landi.
Matvörur hverju nafni sem nefnast, þó ekki sala veitingahúsa á tilbúnum mat nema að nokkru leyti.
Fiskumbúðir, veiðarfæri, salt og beita.
Áburður, fóðurmjöl og hey.
Eldsneyti fyrir loftför, svartolía og gasolía.
Varahlutir til skipa- og flugvélaviðgerða.
Sala á fasteignum, skipum og flugvélum.
Ýmsar vélar og tæki til fiskvinnslu og samkeppnisiðnaðar.

Þjónusta o. fl.:
Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð og vinna við viðhald og endurbætur slíkra mannvirkja.
Vinna við skipa- og loftfaraviðgerðir og veiðarfæraviðgerðir.
Vöruflutningar og fólksflutningar.
Rekstur sjúkrahúsa o. þ. h.
Þjónusta lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta og hliðstæðra aðila.
Sala á neysluvatni, heitu vatni og olíu. Ennfremur sala á rafmagni til húshitunar.
Þjónusta banka og sparisjóða.

Ein meginforsenda þess að söluskattskerfi eins og hér hefur tíðkast geti verið þjált og skil söluskatts örugg er að söluskattsskyldan sé almenn og undanþágum sé haldið í algjöru lágmarki. Hér á landi eru undanþágur frá söluskattsskyldu orðnar svo margar, að þær hafa þegar veruleg áhrif á alla framkvæmd kerfisins og öryggi þess. Undanþágum fer sífellt fjölgandi en ásóknin í undanþágur hefur vaxið mjög með hækkun skatthlutfallsins.

Undanþágurnar eiga sér stað með margvíslegum hætti. Þannig eru t. d. tilteknar vörutegundir og þjónusta undanþegnar söluskatti, sala til tiltekinna aðila svo sem endurseljenda og í vissum tilvikum til annarra aðila er undanþegin og sala tiltekinna aðila eða atvinnugreina er undanþegin söluskatti. Þá er söluskattur af tilteknum vörum, tækjum og efnivörum endurgreiddur í vissum tilvikum. Í mörgum tilvikum er afar erfitt að ákvarða hvort sala er söluskattsskyld eða ekki. Á það t. d. við um sölu til ýmissa framleiðenda en þá fer söluskattsskyldan eftir því hvort um er að ræða sölu á hráefnum eða óvaranlegum hjálparefnum til framleiðslu.

Hin ýmsu undanþáguákvæði söluskattslaga og -reglna valda mismunun í samkeppnisaðstöðu atvinnugreina og framleiðsluaðferða eins og uppsöfnunaráhrifin, og hafa þessi áhrif söluskattsins að þessu leyti farið vaxandi með hækkun skatthlutfallsins. Ljóst er að neytendur beina vali sínu fremur að vörum og þjónustu sem undanþegnar eru söluskatti en þeim sem eru söluskattsskyldar. Þannig getur söluskatturinn haft áhrif á neysluvenjur sem leitt getur til óeðlilegrar eða óheppilegrar dreifingar framleiðsluaflanna. Sem dæmi um mismunun að þessu leyti má nefna að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð er undanþegin söluskatti fari vinnan fram á byggingarstað. Séu húshlutar hins vegar framleiddir í verksmiðju verður salan söluskattsskyld. Í þessu tilviki veldur söluskatturinn mismunun milli framleiðsluaðferða og kemur jafnvel í veg fyrir eðlilega vélvæðingu eða hagræðingu við framleiðslu, enda þótt nokkuð hafi dregið úr þessari mismunun með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús.

Almennt má segja að erfitt sé að halda sölu á söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindri á smásölustigi. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur undanþágum frá söluskattsskyldu í smásölu sífellt fjölgað. Til að finna söluskattsstofninn hjá hinum ýmsu innheimtuaðilum þarf því að beita sérstökum reikniaðferðum sem aldrei verða nákvæmar en verða sífellt flóknari eftir því sem undanþágum fjölgar. Af þessu leiðir aukna fyrirhöfn, bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð og skattyfirvöld, og erfitt er orðið fyrir hina söluskattsskyldu aðila að kunna skil á hinum fjölmörgu undanþáguákvæðum og sérreglum um söluskatt.

Söluskatturinn er ekki hlutlaus þótt aðalreglan sé sú að hann sé einsstigsskattur. Hann leggst t. d. á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann er innheimtur af flestum fjárfestingarvörum. Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfnun skatts sem valdið getur m. a. ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina. Áhrif uppsöfnunar geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljanakennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við vörur framleiddar erlendis.

Veigamiklir gallar eru á söluskattskerfinu hér á landi eins og hér hefur verið rakið. Þar vega uppsöfnunaráhrifin og hin flóknu undanþáguákvæði þyngst, en söluskattskerfið hefur óneitanlega einnig kosti.

Framkvæmd söluskattskerfisins hefur verið afar ódýr og litlu hefur verið til kostað. Þegar gerður er samanburður á kostnaði við framkvæmd einstakra skattkerfa verður um leið að íhuga hvort ríkjandi framkvæmd á hverjum tíma fullnægi þeim kröfum sem talið er eðlilegt að gera til hennar, svo sem varðandi öryggi, eftirlit með skilum o. fl. Telja verður að svo hafi ekki verið að því er söluskatt og eftirlit með honum varðar, einkum með tilliti til hækkunar hans á síðustu árum og aukins mikilvægis í tekjuöflun ríkissjóðs. Af þessu leiðir að samanburður á kostnaði milli hinna ýmsu skattkerfa verður vart raunhæfur miðað við ríkjandi framkvæmd.

Söluskattsskyldir aðilar eru hlutfallslega fáir miðað við heildarfjárhæð söluskattsins en það er nokkur kostur. Því fylgir hins vegar nokkur áhætta að innheimta svo hátt söluskattshlutfall sem hér er gert á einu og sama viðskiptastiginu og hefur sú áhætta aukist með hækkun skatthlutfallsins.

3. Þróun virðisaukaskatts í Evrópu

Eftir fyrri heimsstyrjöld koma fyrst fram hugmyndir um innheimtu neysluskatts í formi skattlagningar á virðisauka. Hugmyndinni um virðisaukaskatt var þó ekki hrint í framkvæmd í Evrópu fyrr en Frakkar, fyrstir Evrópuþjóða, komu á nýju skattkerfi á árinu 1955, en það byggði í höfuðdráttum á kenningunni um skattheimtu af virðisauka.

Með stofnun Efnahagsbandalags Evrópu í Róm 1957 var stigið skref sem átti eftir að hafa afgerandi áhrif á mótun og samræmingu skattkerfa í Evrópu.

Markmiðið með stofnun bandalagsins var m. a. að stuðla að fríverslun landa í milli. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á niðurfellingu innflutningsgjalda í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Fljótlega varð þó ljóst, að hin mismunandi skattkerfi þjóðanna voru hemill á sókn þeirra að settu marki. Samræming skattlagningar vöru, eftir að hún er komin inn fyrir viðkomandi landamæri, var ekki síður mikilvæg en samræming innflutningsgjalda.

Aðildarríkin settust því á rökstóla um þetta efni og eftir áralangar viðræður og rannsóknir á hinum ýmsu skattkerfum var ákveðið árið 1967 að samræma neysluskattkerfi landanna á þann hátt að virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Skyldi breytingin vera um garð

gengin fyrir 1. janúar 1970. Þegar til kom varð þó af ýmsum framkvæmdaástæðum að veita rýmri tímamörk. Árið 1973 höfðu hins vegar öll ríkin sex, sem stóðu að stofnun Efnahagsbandalagsins, tekið upp virðisaukaskattskerfi.

Sú samræming, sem átti sér stað á neysluskattkerfum Efnahagsbandalagsríkjanna og þær rannsóknir sem fóru fram á skattamálum í því sambandi, leiddi til þess að ýmsar Evrópuþjóðir, sem þá stóðu utan bandalagsins, tóku einnig upp virðisaukaskatt.

Danir innleiddu virðisaukaskatt 1967, Írar 1972 og Englendingar 1973. Nokkur ríki Evrópu, sem nú standa utan bandalagsins, hafa einnig tekið upp virðisaukaskatt, t. d. Svíþjóð á árinu 1969 og Noregur á árinu 1970.

Þrátt fyrir að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Vestur-Evrópu er framkvæmd skattheimtu þó mjög mismunandi. T. d. er skatthlutfallið mjög mismunandi frá einu landi til annars, svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvöru og öðrum nauðsynjavörum.

Undanþágur og mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá hugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess skapar slík mismunun milli hinna ýmsu tegunda vöru og þjónustu torleyst vandamál við einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur því einungis verið notað eitt skatthlutfall og stefnan innan Efnahagsbandalagsins hefur verið sú að samræma reglur aðildarríkjanna þannig að eitt og sama hlutfall gilti um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis.

4. Almennur neysluskattur

Almennur neysluskattur sem komið gæti í stað söluskatts sem mikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs á næstu árum þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli að ákvörðun skatts og innheimta sé eins einföld í framkvæmd og kostur er jafnt fyrir atvinnulífið sem ríkissjóð og í því sambandi þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður.

Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á hinar ýmsu framleiðslugreinar, verður skattkerfið að hafa þá eiginleika að skattfjárhæð sé óháð fjölda viðskiptastiga, þ. e. óháð því hve vara fer um mörg viðskiptastig áður en endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami, hvar sem kaupandinn festir kaup á vörunni og hver sem framleiðsluaðferðin er, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa nein áhrif á það við hvaða dreifingaraðila kaupandin kýs að hafa viðskipti og kerfið verður einnig að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali felst í því að hann hafi ekki áhrif á val neytenda milli hinna ýmsu neysluvara. Því markmiði verður best náð með því að skatturinn breyti ekki verðhlutfallinu milli neysluvaranna.

Krafan um hlutleysi neysluskatts gagnvart utanríkisviðskiptum snertir bæði innflutning og útflutning.

Að því er innflutning varðar felur hlutleysið í sér að skatturinn sé nákvæmlega jafn hár á innfluttri vöru og sams konar vöru sem framleidd er í landinu sjálfu og seld er á sama verði og hin innflutta vara.

Varðandi útflutning verður að undanþiggja útflutningsvörur skatti til að algjöru hlutleysi verði náð þannig að skatturinn hafi ekki áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra útflutningsvara á erlendum mörkuðum.

Mikilvægi þess fyrir Íslendinga að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart utanríkisviðskiptum fer vaxandi eftir því sem aðflutningsgjöld og viðskiptahömlur landa í milli minnka en breytingum í þá átt hefur ennfremur fylgt samræming neysluskattskerfa flestra Vestur-Evrópuríkja þar sem utanríkisviðskiptin eru gerð óháð slíkum skatti. Ljóst er, að verð á íslenskum útflutningsvörum, sem að einhverju leyti bera í sér söluskatt, getur átt erfitt með að keppa á erlendum mörkuðum við verð á framleiðsluvörum annarra þjóða sem eytt hafa áhrifum söluskatts á framleiðsluverðið með breytingum á skattkerfum sínum.

5. Helstu einkenni virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur (VASK) er neysluskattur eða söluskattur sem lagður er á söluverð vöru og þjónustu á öllum viðskiptastigum. Skatturinn er fjölstigaskattur þar sem fyrirtækjum, jafnt á sviði frumgreina, úrvinnslugreina og þjónustugreina, er gert að innheimta skatt af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu. Skatturinn hefur hins vegar ekki margsköttun í för með sér, því að við skil á skattinum í ríkissjóð mega fyrirtækin draga frá innheimtum skatti af heildarsölu, hér eftir nefndur **útskattur,** þann skatt sem þau greiða við kaup á vörum og hvers konar aðföngum, hér eftir nefndur **innskattur.** Þannig skilar hvert fyrirtæki í ríkissjóð aðeins skatti af virðisaukanum sem hjá því myndast, þ. e. mismuninum á útskatti og innskatti.

Orðið virðisauki í þessu sambandi er fremur tæknilegt hugtak en hagrænt, því að hér er ekki átt við hinn hagræna virðisauka, sem skapast í hverju fyrirtæki, heldur mismun milli ákveðinna stærða, sem nánar er skilgreindur í þeim lögum og reglum sem um skattinn gilda á hverjum stað. Í síðari hluta kafla 6.8 hér á eftir er nánar lýst muninum á virðisauka í hagrænni merkingu og þeim virðisauka sem myndar skattstofninn.

Aðaleinkenni virðisaukaskattsins er, að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmætið, hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga, og verður hann því hlutlaus gagnvart söluverði til hins endanlega neytanda. Þessu marki er náð með frádráttarheimildinni á hverju viðskiptastigi sem áður var nefnd. Það er einkum þessi eiginleiki virðisaukaskattskerfisins sem skilur það frá öðrum söluskattskerfum þar sem uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir mismunandi mikið eftir því hve varan eða verðmætin fara um mörg viðskiptastig áður en hinum endanlega neytanda er náð. Ef 21% virðisaukaskattur er innheimtur á öllum viðskiptastigum svarar heildarfjárhæð skattsins til 21% af söluverðinu til endanlegs neytanda.

Þetta skal skýrt með dæmi:

		Verð án VASK	Virðis-auki	VASK	Verð með VASK
Hrávöruframleiðandi:	Kaup	0			0
	Sala	1.000	1.000	210	1.210
Framleiðandi sem fullvinnur vöru:	Kaup	1.000			
	Sala	1.600	600	126	1.936
Heildsali:	Kaup	1.600			
	Sala	1.800	200	42	2.178
Smásali:	Kaup	1.800			
	Sala	2.300	500	105	2.783
Söluverð til neytanda		*2.300*			*2.783*
Virðisauki			*2.300*		
Virðisaukaskattur				*483*	


Til einföldunar er gert ráð fyrir því í framangreindu dæmi að hrávöruframleiðandinn kaupi ekki aðföng til framleiðslunnar.

Af dæminu sést að söluverð til neytenda, 2.300 kr., er jafnhátt virðisaukanum á hinum ýmsu viðskiptastigum og samanlagður virðisaukaskattur er 21% af þeirri fjárhæð eða 483 kr.

Nemi heildarsala fyrirtækis á ákveðnu uppgjörstímabili samtals 1.600 kr. verður virðisaukaskatturinn, sem innheimtur er af viðskiptamönnum þess, 336 kr. miðað við að skatthlutfallið sé 21%. Sé gert ráð fyrir að fyrirtækið hafi keypt aðföng, þ. e. hráefni og aðrar rekstrarvörur, fyrir 1.000 kr. verður innskatturinn 210. Fyrirtækinu ber því að skila í ríkissjóð virðisaukaskatti að fjárhæð 126 kr. eða mismuninum af útskatti og innskatti. Það skal tekið fram að uppgjör innskatts miðast við kaup á vörum og öðrum aðföngum á hverju uppgjörstímabili og skiptir því ekki máli hve mikið af vörunum er óselt í lok hvers tímabils.

Virðisaukaskattur er fjölstigaskattur eins og áður segir, enda er hann innheimtur á öllum viðskiptastigum framleiðslu og dreifingar. Mætti því spyrja hvort skatturinn berist ekki fyrr í ríkissjóð en t. d. söluskattur á síðasta viðskiptastigi eins og sá sem nú er innheimtur hér á landi. Þessari spurningu verður að svara neitandi og skal það skýrt nánar.

Virðisaukaskatturinn er innheimtur á öllum stigum viðskipta eins og áður segir, en frádráttarheimild endurseljenda á innskatti veldur því að skatturinn rennur ekki endanlega í ríkissjóð fyrr en við sölu til hins endanlega neytanda. Fyrirtækin mega draga allan skatt af vörukaupum frá skatti af seldum vörum. Þau þurfa því almennt ekki að fjármagna skatt af vörubirgðum þar sem innskattur af þeim er dreginn frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fæst endurgreiddur. Þetta má skýra með dæmi þar sem framleiðsluvöru er fylgt í gegnum fjögur viðskiptastig á jafnmörgum greiðslutímabilum (sjá mynd á bls. 21).


Hrávöruframleiðandi
Framleiðandi
Heildsali
Smásali
Kaup
Sala
Verð án skatts
Skattur
0
1 000
210
1 000
210
1 600
336
1 600
336
1 800
378
1 800
378
2 300
483
210
210
336
336
378
378
483
1. greiðslutímabil
2. greiðslutímabil
3. greiðslutímabil
4. greiðslutímabil
RÍKISSJÓÐUR

Tekið skal annað dæmi þar sem innfluttu heimilistæki er fylgt um þrjú viðskiptastig á þremur uppgjörstímabilum.

Á fyrsta greiðslutímabili er tækið flutt til landsins og tollafgreitt. Við tollafgreiðslu greiðir heildsalinn virðisaukaskatt sem tollyfirvöld skila í ríkissjóð. Um leið öðlast heildsalinn endurgreiðslurétt á ríkissjóð vegna greidds innskatts sem hann dregur frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fær hann endurgreiddan. Í lok fyrsta tímabils er tækið óselt í höndum heildsalans og ríkissjóður hefur ekki fengið skatt af því.

Á öðru greiðslutímabili selur heildsalinn tækið til smásala. Um leið innheimtir heildsalinn virðisaukaskatt af smásalanum og skilar skattinum í ríkissjóð en á sama tíma öðlast smásalinn endurgreiðslurétt hjá ríkissjóði vegna greidds innskatts af tækinu og dregur hann frá útskatti af öðrum vörum á öðru greiðslutímabili eða fær hann endurgreiddan. Í lok annars tímabils er tækið óselt í höndum smásalans og ríkissjóður hefur enn ekki fengið virðisaukaskatt af tækinu.

Á þriðja tímabili selur smásalinn tækið til endanlegs notanda, innheimtir af honum virðisaukaskatt og skilar honum í ríkissjóð. Þá fær ríkissjóður loks skattinn af heildarandvirði tækisins.

Ef tækið hefði farið um öll framangreind viðskiptastig á einu og sama greiðslutímabilinu hefði ríkissjóður að sjálfsögðu fengið skatt af tækinu innan þess tíma. Einnig er rétt að geta þess að endurgreiðsluréttur sá, sem að framan er nefndur, jafnast í flestum tilvikum út á móti útskatti af annarri sölu.

6. Meginatriði frumvarpsins

6.1. Skráningarskylda fyrirtækja. Samkvæmt núgildandi söluskattskerfi eru allir, sem reka í atvinnuskyni viðskipti með söluskattsskylda vöru eða þjónustu, skyldir til að tilkynna skattstjóra um starfsemi sína. Þeir eru síðan skráðir og fá skírteini sem heimila þeim kaup án söluskatts á tilteknum vörum og þjónustu til endursölu. Skráningarskyldan takmarkast þannig við þá sem reka söluskattsskyld viðskipti.

Samkvæmt frumvarpinu eru allir þeir sömu skráningarskyldir á sama hátt en auk þeirra verður að skrá alla þá sem reka sjálfstæða starfsemi og ekki eru söluskattsskyldir í núgildandi kerfi. Einnig þarf að skrá fyrirtæki ríkis eða sveitarfélaga sem selja vörur og þjónustu á almennum markaði í samkeppni við önnur fyrirtæki. Ekki er þörf fyrir áður nefnd heimildarskírteini sem nú eru notuð þar sem almenna reglan er sú að allar vörur og önnur aðföng eru keypt með skatti.

Af hagkvæmnisástæðum er ýmislegt sem mælir með því að halda smáfyrirtækjum utan við skráningarskylduna. Þetta er gert með því að ákveða að fyrirtæki sem hafa veltu undir 50.000 kr. á ári þurfi ekki að láta skrá sig.

Undanþága smáfyrirtækja frá skráningarskyldu leiðir til þess að þau þurfa ekki að greiða skatt af sölu sinni og þau fá ekki heimild til frádráttar á innskatti af vörukaupum eða öðrum aðföngum.

Þar sem óskráð fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni verður skatturinn ekki sérgreindur á sölureikningum þeirra. Skrásett fyrirtæki, sem kaupa aðföng af óskrásettum fyrirtækjum, fá því ekki frádreginn neinn innskatt af þessum kaupum.

Um skráningarskyldu vísast að öðru leyti til 5. gr. frumvarpsins og ákvæðis II til bráðabirgða sem og til athugasemda við 5. gr.

6.2 Skattskyldusviðið. Virðisaukaskattur þarf í grundvallaratriðum að ná til allrar vöru og þjónustu ef ná á þeim markmiðum sem stefnt er að með upptöku slíks kerfis. Eins og áður er nefnt er nær útilokað að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi eins og nú er gert í söluskattskerfinu auk þess sem undanþága einstakra

vörutegunda á fyrri stigum myndi gera virðisaukaskattskerfið erfitt í framkvæmd. Verður því að afnema undanþágurnar.

Frá tekjuöflunarsjónarmiði hins opinbera er mikilvægt að skattskyldan sé sem almennust en það gefur einnig möguleika á að beita lægra skatthlutfalli en ella. Víðtæk skattskylda hefur úrslitaþýðingu um framkvæmd slíks kerfis og öryggi þess en jafnframt er víðtæk skattskylda forsenda hlutleysis gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum eins og áður er komið fram.

Með hliðsjón af framanrituðu er meginregla frumvarpsins sú að öll almenn sala skráðra fyrirtækja á vörum og þjónustu er skattskyld. Til skattskyldrar sölu telst öll sala, hvort sem er til annarra fyrirtækja eða neytenda, og teljast vörur sem eigandi tekur út til eigin nota til hinnar skattskyldu veltu. Verðmætið, sem útskatturinn er reiknaður af, er andvirði hinnar seldu vöru eða þjónustu.

Þrátt fyrir þá áherslu, sem hér hefur verið lögð á víðtæka skattskyldu, er tæknilega mögulegt að halda tilteknum afmörkuðum þáttum utan skattskyldunnar og í nokkrum tilvikum getur verið hagræði af því í framkvæmd. Í öllum löndum, sem tekið hafa upp virðisaukaskatt, eru einhverjar undanþágur frá hinni almennu skattskyldu.

Eins og áður er komið fram gera grundvallarreglur virðisaukaskattkerfisins ráð fyrir fullri undanþágu á sölu úr landi, en einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu sem ekki hefur í för með sér mismunun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar. Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algjörlega utan kerfisins. Þessi þjónustusvið eru upp talin í 2. mgr. 7. gr. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka og vátryggingarstarfsemi. Þessir aðilar verða að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni þar sem þeir bera innskattinn, en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins, án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smáfyrirtæki, sbr. 3. tl. 4. gr.

Hinn meginflokkur undanþága felst í því að endurgjald fyrir tiltekna vöru eða þjónustu er við ákveðnar kringumstæður heimilt að draga frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 10. gr. frumvarpsins. Meðal þeirra má nefna vöru og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og loftfara og flutninga milli landa.

Áhrif þessarar tegundar undanþágu eru mun víðtækari en hinna fyrrnefndu þar sem þeir aðilar er hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

6.3 Utanríkisviðskipti. Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri sölu á vöru og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu, sbr. 10. gr. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn, sbr. 23. gr.

Við skattlagningu á innfluttar vöru koma aðallega til tvær aðferðir. Önnur þeirra gerir ráð fyrir innheimtu virðisaukaskatts af öllum innfluttum vörum, strax við tollmeðferð, en með hinni aðferðinni er skatturinn aðeins innheimtur af innflutningi til neytenda við tollmeðferð, en skráð fyrirtæki greiða ekki skatt við tollmeðferð innflutnings.

Þegar fyrri aðferðin er notuð skiptir ekki máli hver innflytjandinn er því að skatturinn er innheimtur hvort sem um er að ræða neytanda eða skráð fyrirtæki sem flytur inn til

endursölu. Þegar skráð fyrirtæki flytur inn vöru fær það virðisaukaskattinn, sem það greiðir við tollmeðferð, frádreginn útskatti af sölu og skilar mismuninum í ríkissjóð.

Margt bendir til þess að fyrri aðferðin, þ. e. innheimta virðisaukaskatts strax við tollmeðferð, sé öruggari í framkvæmd hér á landi, m. a. með tilliti til þeirra erfiðleika sem á því eru að ákvarða við tollmeðferð vöru til hvaða nota hún er ætluð. Þetta vandamál er vel þekkt í núgildandi söluskattskerfi hér á landi. Er því gert ráð fyrir að hún verði lögleidd, sbr. ákvæði X kafla frumvarpsins.

6.4 Frádráttarheimildin. Heimild fyrirtækja til að draga innskatt af aðföngum frá útskatti af sölu er veigamesta einkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir tvísköttun eða uppsöfnun skatts í framleiðslu- og dreifingarkostnaði.

Ef stefna á að algjöru hlutleysi virðisaukaskatts verður að fylgja þeirri grundvallarreglu að skráð fyrirtæki hafi heimild til að draga allan innskatt frá útskatti. Þess vegna er ekki nægilegt að frádráttarheimildin nái til innskatts af fullunnum vörum, sem keyptar eru í þeim tilgangi að selja þær aftur í óbreyttri mynd, eða hráefna og hálfunninna vara, sem keyptar eru til frekari vinnslu. Heimildin nær til innskatts af hvers konar aðföngum, svo sem vélum, fasteignum, flutningatækjum, skrifstofuvélum og öðrum tækjum og efni sem á þarf að halda við reksturinn. Ennfremur nær heimildin til innskatts af öllum öðrum rekstrarkostnaði, til að ná algjöru hlutleysi skattsins.

Reglur um frádrátt á innskatti af kaupum á fastafjármunum, svo sem vélum, áhöldum og fasteignum, eru nokkuð mismunandi í ríkjum sem tekið hafa upp virðisaukaskattkerfi. Tvær aðferðir eru einkum notaðar. Önnur þeirra gerir ráð fyrir fullri frádráttarheimild á innskattinum um leið og kaup á fastafjármunum fara fram. Hin reglan dreifir hins vegar frádráttarheimildinni á nokkur ár frá því að kaupin fara fram, hliðstætt því sem gert er með afskriftum. Þar sem síðari aðferðin er notuð verða fyrirtækin að fjármagna virðisaukaskattinn þann tíma sem tekur að fá hann endurgreiddan eða dreginn frá útskatti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrrnefnda aðferðin verði notuð.

Enda þótt meginregla sé að heimilt skuli að draga innskattinn frá útskatti við skil til ríkissjóðs er samt sem áður eðlilegt að takmarka frádráttarheimildina í nokkrum tilvikum. Kaup aðfanga eða kostnaður getur verið þess eðlis, að ekki sé eðlilegt að veita fullan frádrátt á innskatti. Að sjálfsögðu er innskattur af einkaneyslu eiganda fyrirtækis ekki frádráttarbær. Sama gildir um vörur og önnur aðföng sem notuð eru til að greiða starfsfólki laun í hlunnindum eða með öðrum hætti. T. d. er ekki eðlilegt að innskattur af matvælum til starfsfólks fáist frádreginn. Sama má segja um byggingarkostnað við íbúðir starfsfólks, barnaheimili og annan kostnað sem snertir á einhvern hátt kjör starfsfólksins. Skerðing frádráttarheimildarinnar að þessu leyti er eðlileg af því að vinnulaun eru þáttur í virðisauka hvers fyrirtækis, og á ekki að skipta máli með hvaða hætti launin eru greidd eða á hvern hátt búið er að starfsfólkinu.

Réttmætt getur verið að takmarka frádráttarheimildina á fleiri sviðum en hér hefur verið nefnt og er það víða gert. Þar má nefna risnu, bifreiðakostnað og önnur útgjöld sem tengjast oft persónulegri neyslu eigenda eða starfsmanna. Vísast um þetta til 13. gr.

Aðilar, sem reka óskráð fyrirtæki, verða að teljast neytendur þeirra aðfanga sem notuð eru í fyrirtækjum þeirra. Þeir fá því ekki að draga innskatt af keyptum aðföngum frá útskatti eins og áður er lýst.

Hugsanlegt er að einstök skráningarskyld fyrirtæki hafi jafnframt með höndum starfsemi sem virðisaukaskattur tekur ekki til. Þegar þannig stendur á fá fyrirtækin ekki að draga frá innskatt af aðföngum þess hluta rekstrarins sem fellur utan ramma virðisaukaskattsins. Vegna þeirra erfiðleika sem geta verið á því að komast að réttri niðurstöðu um frádrátt á slíkum blönduðum rekstri er nauðsynlegt að afmarka hið skattskylda svið þannig að fjöldi slíkra blandaðra fyrirtækja verði eins lítil og tök eru á.

Takmörkun eða skipting frádráttar á innskatti kemur einnig til þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru bæði notaðir í atvinnurekstri og til einkaafnota. Sem dæmi má nefna að verslunareigandi býr í sömu fasteign og verslunin er í. Verður þá að skipta innskattinum bæði af byggingarkostnaði hússins og rekstrarkostnaði þess þannig að einungis komi til frádráttar sá innskattur sem tilheyrir verslunarrekstrinum sjálfum.

6.5 Bókhald og uppgjör. Fyrirtæki, sem gert er að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni, gera hann upp og skila honum í ríkissjóð á grundvelli skráningar í bókhaldi. Verða því að liggja fyrir greinilegar upplýsingar um skatt af sölu og skatt af keyptum aðföngum á hverju uppgjörstímabili. Hefur VII kafli frumvarpsins að geyma allýtarleg ákvæði um þessi atriði og vísast um þau að mestu leyti til athugasemda við þann kafla.

Í löndum, sem tekið hafa upp virðisaukaskatt, eru skattskilin ýmist miðuð við afhendingartíma sölu og aðfanga og bókhaldslega færslu þeirra eða peningalegar greiðslur. Fyrri aðferðina mætti nefna **reikningsaðferð** en hina síðari **greiðsluaðferð.** Yfirleitt er önnur hvor aðferðin notuð sem aðalregla en sums staðar geta fyrirtæki valið milli þessara aðferða eða fengið heimild til að víkja frá aðalreglunni í vissum tilvikum.

Þegar reikningsaðferðin er notuð eru skattskilin miðuð við afhendingartíma vöru og aðfanga eins og áður segir og skiptir því ekki máli hvort keypt eða selt er með gjaldfresti. Þessi aðferð er notuð í gildandi söluskattskerfi hér á landi.

Með greiðsluaðferðinni kemur útskatturinn ekki til uppgjörs fyrr en andvirði sölunnar greiðist inn til fyrirtækjanna. Útskattur af staðgreiðslusölu kemur til uppgjörs á sama tíma og samkvæmt reikningsaðferðinni en skil á útskatti af lánssölu eiga sér ekki stað fyrr en við greiðslu hennar. Þegar greiðsluaðferðin er notuð varðandi útskatt verður jafnframt að nota hana við uppgjör á innskattinum, þannig að hann kemur ekki til frádráttar útskatti fyrr en við greiðslu aðfanganna.

Það er nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum eða tegundum fyrirtækja hvor uppgjörsleiðin kemur sér betur greiðslulega fyrir fyrirtækin. Fyrirtæki sem selja hlutfallslega meira af vörum með gjaldfresti en nemur gjaldfresti þeirra á innkaupum aðfanga hefðu t. d. hag af greiðsluaðferðinni, en þar sem þessu er öfugt farið væri sú leið óhagstæðari.

Það yrði yfirleitt mun flóknara og fyrirhafnarmeira fyrir fyrirtæki að nota greiðsluaðferðina. Við innborganir og útborganir upp í viðskipti yrði skatturinn ekki sérgreindur á kvittunum og yrði því að reikna skattinn út í hverju tilviki. Innborganir vegna skattskyldrar sölu og útborganir vegna innkaupa, sem veita heimild til frádráttar á innskatti, yrðu að færast á sérreikninga í bókhaldi eða færast í sérstakt bókhald til þess að uppgjör skattsins yrði mögulegt.

Við reikningsaðferðina er byggt á mótteknum og afhentum reikningum um kaup og sölu þar sem skatturinn kemur sérstaklega fram. Að því leyti er þessi aðferð skýrari og einfaldari, og hún fellur einnig betur að almennum bókhaldsvenjum en greiðsluaðferðin.

Margt mælir því með reikningsaðferðinni og er í frumvarpinu lagt til að hún verði lögleidd sem almenn regla við uppgjör virðisaukaskatts.

Telja verður að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts hafi í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir þau fyrirtæki sem munu innheimta skattinn og standa skil á honum í ríkissjóð. Stafar það einkum af því að ýmis fyrirtæki, sem ekki innheimta söluskatt, yrðu að innheimta virðisaukaskatt. Einnig veldur frádráttarheimildin á innskatti því að meiri kröfur verður að gera til bókhalds að því er varðar skráningu og gögn um kaup á aðföngum.

Á það er hins vegar að líta að fyrirhöfn einstakra greina verslunar, einkum matvöruverslunar, við uppgjör söluskattsins, er orðin veruleg. Þessu veldur veruleg fjölgun undanþáguákvæða sem m. a. hafa leitt til þess að fyrirtækin verða að halda einstökum vörutegundum aðgreindum í bókhaldi sínu eða færa þær sérstaklega til að geta reiknað út söluskattsstofninn með sæmilegri nákvæmni.

Upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts þarf ekki að leiða til aukinnar fyrirhafnar hjá þeim fyrirtækjum sem nú innheimta söluskatt, e. t. v. með mjög mörgum og flóknum undanþágum. Það veltur þó allt á því að sú víðtæka og afdráttarlausa skattskylda sem frumvarpið gerir ráð fyrir haldist.

6.6 Skil á skatti. Með sama hætti og nú á sér stað um söluskatt verða skráð fyrirtæki að gera skil á innheimtum virðisaukaskatti með ákveðnu millibili. Skilunum þurfa að fylgja upplýsingar um útskatt og innskatt á hverju greiðslutímabili.

Samkvæmt gildandi söluskattsreglum er aðalreglan sú að greiða skuli söluskatt mánaðarlega. Fellur hann í gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og er eindagi skattsins 10 dögum síðar.

Vinna skattyfirvalda og framteljenda vex í hlutfalli við fjölda uppgjörstímabila. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa lengri uppgjörstímabil í för með sér lengri gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs við núverandi verðbólguaðstæður. Auk þess verða skattfjárhæðir sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni hærri. Af því leiðir einnig að meiri sveiflur verða á innstreymi skatts í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna. Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þesum atriðum er lagt til í frumvarpinu að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr 12 í 6. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir breytingu á því að eindagi skattsins sé 25. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Lenging uppgjörstímabilsins með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til að tekjur ríkissjóðs minnka á því ári sem breytingin gengur yfir og benda lauslegar áætlanir til þess að tekjulækkun af þessum sökum gæti orðið um 8—10%.

6.7 Sérreglur um útgerð, landbúnað og byggingarstarfsemi. Landbúnaður og fiskveiðar hafa um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskattsmeðferð þeirra. Báðar þessar greinar eru að mestu utan núverandi söluskattskerfis. Meiri hluti þeirrar fjölgunar gjaldenda sem verður við upptöku virðisaukaskattkerfis kemur úr þessum tveimur greinum eða milli 5.000 og 6.000 gjaldendur. Ríður því á miklu að finna leiðir sem einfaldað gætu virðisaukaskattsuppgjör þessara aðila. Í IX kafla frumvarpsinsins er að finna tillögur í því efni.

Ef virðisaukaskatturinn næði til útgerðarinnar með sama hætti og annarra greina yrðu útgerðarfyrirtækin að innheimta fullan skatt af sölu til fiskvinnslunnar og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti. Fiskvinnslufyrirtækin fengju síðan þennan skatt endurgreiddan eins og annan innskatt vegna sölu úr landi.

Vegna þess að afli útgerðarfyrirtækjanna fer að mestum hluta til vinnsluaðila sem síðan selja framleiðsluna úr landi en aðeins lítill hluti hans er seldur beint til neyslu á almennum markaði innanlands kemur mjög til greina að fara aðrar leiðir til uppgjörs á skatti útgerðarinnar. Hefur verið áætlað að sá innskattur sem leggjast mun á útgerðina vegna kaupa á skattskyldri vöru og þjónustu nemi að meðaltali 10% af andvirði sjávarafla. Við kaup vinnslustöðvanna á afla er gert ráð fyrir að þær greiði verðmæti hans að viðbættum 10% skatti en það svarar meðaltalsinnskattinum hjá útgerðinni. Innskattur og útskattur útgerðarfyrirtækjanna ætti því að verða nokurn veginn jafn hár. Útgerðarfyrirtæki verða hins vegar að innheimta fullan skatt af sölu til annarra en vinnslustöðva. Hjá útgerðarfyrirtækjum almennt er gert ráð fyrir uppgjörsskilum á hinum reglulegu skiladögum en þeir sem smábátaútgerð stunda munu þó almennt einungis skila einni skýrslu á ári.

Um fiskvinnslu eru ekki settar aðrar sérreglur en þær er leiða af sérstöðu útgerðar. Fiskvinnslufyrirtæki verða því að greiða útgerðinni 10% virðisaukaskatt ofan á verðmæti afla en 21% skatt af öðrum aðföngum. Þar sem meginhluti framleiðslu fiskvinnslufyrirtækj-

anna er seldur úr landi er skattur ekki innheimtur af þeirri sölu. Fá fiskvinnslufyrirtækin innskatt sinn því að mestu endurgreiddan úr ríkissjóði, sbr. 23. gr., að loknu hverju reglulegu uppgjörstímabili.

Búrekstur er eina atvinnugreinin í landinu sem yfirleitt er ekki háð bókhaldsskyldu samkvæmt ákvæðum laga um bókhald. Það verður því afar mikilvægt að laga virðisauka-skattkerfið þannig að landbúnaðinum að framkvæmd þess valdi ekki verulegri fyrirhöfn fyrir bændur og skattyfirvöld. Ennfremur má benda á að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tekjustreymi, en tekjur bænda koma að verulegu leyti inn löngu eftir að rekstrarkostnaður fellur til. Segja má að í landbúnaði séu margar litlar rekstrareiningar sem selja nær allar afurðir sínar til fárra vinnslustöðva. Frá þeirri meginreglu eru fáar undantekningar.

Framangreind atriði og reyndar fleiri eru þess valdandi að ástæða er til að huga að sérstakri meðferð landbúnaðarins í virðisaukaskattskerfi hér á landi eins og gert hefur verið í flestum öðrum löndum sem tekið hafa upp þetta kerfi. Í frumvarpinu er valin sama leið og lýst var hér að framan varðandi fiskveiðar. Áætlað hefur verið að innskattur í landbúnaði muni verða að meðaltali 9% af andvirði landbúnaðarafurða. Bændur innheimta útskatt frá vinnslustöðvunum sem nemur þessu meðaltalshlutfalli. Útskatturinn ætti því að verða svipuð fjárhæð og innskatturinn. Með þessum hætti fá bændur jafnaðan þann innskatt sem þeir hafa þurft að greiða af aðföngum sínum með útskatti innheimtum af vinnslustöðvunum. Vinnslustöðvarnar greiða bændum því 9% í skatt sem telst innskattur stöðvanna og kemur til frádráttar þeim útskatti sem þær heimta við sölu á framleiðsluvörum sínum. Bændur eiga síðan að skila einni virðisaukaskattsskýrslu fyrir hvert ár og skal hún fylgja skattframtali þeirra fyrir það ár. Eftir álagningu þinggjalda ber þeim síðan að greiða það sem útskattur kann að hafa farið fram úr innskatti en eiga rétt á endurgreiðslu mismunarins ef innskatturinn er hærri. Þar sem 9% útskatturinn á eins og að framan greinir að samsvara að meðaltali innskatti af aðföngum bænda er ekki við því að búast að hér verði um verulega fjárhæðir til greiðslu eða endurgreiðslu að ræða.

Við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum getur þó tímabundið komið til allverulegra endurgreiðslna. Til að flýta fyrir þeim eru sett ákvæði 30. gr. um heimild og stundum skyldu skattstjóra til að fallast á beiðni bænda (og smábátaútgerðarmanna) um skemmri uppgjörs-tímabil. Framangreind ákvæði um innheimtu bænda á 9% útskatti gilda einungis ef selt er til vinnslu- eða dreifingaraðila. Af sölu til annarra verða bændur að innheimta hið almenna 21% skatthlutfall. Nemi slík sala 50% eða meiru af heildarsölu viðkomandi fellur niður heimildin til árlegs uppgjörs og ber þessum aðilum að skila skýrslu og skatti á reglulegum gjalddögum.

Samkvæmt gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald þeirra er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fram fer í verksmiðju eða verkstæði heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Söluskattsskyldan við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerðina og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Ókostur framangreindrar undanþágu er sá að söluskatturinn verður hærri á verksmiðju-framleiddum byggingarhlutum en þeim sem unnir eru með hefðbundnum byggingaraðferð-um. Þessi ókostur er tilfinnanlegur og kann að standa í vegi fyrir hagræðingu í byggingariðn-aði, enda þótt nokkuð hafi verið úr þessu dregið með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Er það aðkallandi að bæta hér úr þannig að söluskatturinn valdi ekki mismunun eftir framleiðslu- og byggingaraðferðum.

Vegna þess að áður nefnd undanþága miðast við það hvar vinnan fer fram getur verið afar erfitt fyrir byggingarfyrirtækin að ákvarða skiptingu milli söluskattsskyldrar og söluskattsfrjálsrar sölu. Ennfremur hafa skattyfirvöld litla möguleika til að sannreyna þá skiptingu með nákvæmni. Á þetta t. d. við um innréttingasmíði og uppsetningu þeirra sem yfirleitt fer fram bæði á verkstæði og byggingarstað.

Þegar vinna og efni er selt í einu lagi, t. d. eftir tilboði, getur einnig orðið torvelt að ákvarða skiptinguna milli efnis og söluskattsskyldrar vinnu annars vegar og undanþeginnar vinnu hins vegar.

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi verða allir skráningarskyldir sem reka sjálfstæða starfsemi í byggingariðnaði. Verða þeir að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni eins og aðrar greinar atvinnurekstrar. Áætla má að fjölgun gjaldenda verði rúmlega 1 800 í þessari grein.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefur margvíslega ókosti í för með sér. Með því yrði vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við núverandi framkvæmd söluskattsins í byggingariðnaði yrðu þau sömu, og að svo miklu leyti sem hægt væri að leysa þau yrði að gera það með sama hætti. Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu.

Því er gert ráð fyrir í frumvarpinu að full skattskylda verði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem á efniskostnað. Full skattskylda hefur í för með sér umtalsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fengju hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Ætla má að ekki sé vilji til að haga skattlagningunni þannig að hún hafi í för með sér verulega hækkun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Þess vegna þarf að huga að öðrum leiðum, til að vega á móti þessum hækkunum. Kemur þá helst til greina að veita fjármagni sem nemur tekjuaukanum af skattlagningu á vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis til húsnæðismála. Annað hvort í formi aukins lánsfjármagns með hagstæðari kjörum en nú tíðkast eða í formi styrkja til húsbyggjenda. Rétt er að benda á að hér er um viðkvæmt og erfitt vandamál að ræða sem fjalla þyrfti um fyrir gildistöku frumvarps þessa.

6.8 Skatthlutfallið. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skatthlutfallið skuli vera 21%. Rík áhersla skal á það lögð að hér er um lauslega áætlun að ræða, enda hljóta veigamiklir þættir áætlunar af þessu tagi jafnan að vera mikilli óvissu háðir. Hér á eftir verður í stuttu máli leitast við að gera grein fyrir þeim útreikningum sem liggja að baki áætlunum um hæð skatthlutfallsins.

Áður en skatthlutfallið er ákvarðað þarf í fyrsta lagi að marka svið skattskyldunnar og í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort það sé æskilegt eða framkvæmanlegt að hafa breytilegt skatthlutfall eftir því um hvaða vörutegund er að ræða. Í þriðja lagi þarf svo að ákveða hve miklum tekjum virðisaukaskatti er ætlað að skila.

Að því er fjölda skatthlutfalla varðar þá verður hér við það miðað, að skatthlutfallið verði aðeins eitt, sbr. það sem segir um ókosti margra skatthlutfalla hér að framan. Annað atriðið, svið skattskyldunnar, er markað í 7. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um undanþágu frá útskatti, svo og í 10. gr. sem tekur til undanþágu á bæði innskatti og útskatti. Þriðja atriðið, sem taka þarf afstöðu til, áður en unnt er að ákvarða skatthlutfallið er hversu miklum tekjum virðisaukaskattinum er ætlað að skila. Hér verður við það miðað að virðisaukaskatturinn skili jafnmiklum tekjum og söluskatturinn gerir nú, þótt færa mætti rök fyrir því, að vegna víðtækari skattskyldu í virðisaukaskattkerfinu þyrfti skatturinn í því kerfi að vera nokkru hærri í fjárhæðum en söluskatturinn til þess að raungildi virðisaukaskattsins yrði það sama og söluskattsins.

Eftir að svið skattskyldunnar hefur verið afmarkað með þessum hætti er unnt að áætla skatthlutfallið með að minnsta kosti tvennum hætti, eins og nánar er lýst hér á eftir. Byggt er á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um þjóðarframleiðslu ársins 1980 og innbyrðis skiptingu hennar. Í öllum tilvikum er um að ræða bráðabirgðatölur, þar eð endanlegt uppgjör þjóðhagsreikninga fyrir síðustu ár liggur ekki fyrir.

Fyrri aðgerðin byggir á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota í þjóðarbúskapnum og verða mundu skattskyld við álagningu virðisaukaskatts. Þetta er hin svonefnda ráðstöfunaraðferð þjóðhagsreikninga en samkvæmt henni er þjóðarframleiðslunni skipt upp í einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun, útflutning og innflutning. Þessar tölur eru jafnan á markaðsverði, sem þýðir að óbeinir skattar, eins og söluskattur, eru þá meðtaldir í verði vörunnar.

Við mat á fjárhæðum er einkaneysla ársins 1980 því fyrst lækkuð um álagðan söluskatt á því ári. Þannig fæst skattstofn virðisaukaskattsins í einkaneyslu áður en tekið hefur verið tillit til undanþágu frá skattinum. Í 7. gr. frumvarpsins eru undanþágurnar í einkaneyslu taldar upp. Munar þar mestu um útleigu íbúðarhúsnæðis sem þá einnig leiðir til undanþágu á reiknaðri eigin leigu íbúðarhúsnæðisins eins og hún er áætluð í einkaneyslunni. Jafnframt eru undanþegin útgjöld vegna heilbrigðismála en þau eru talin til einkaneyslu enn sem komið er. Þá má einnig nefna nokkra smærri liði. Alls er hér gert ráð fyrir því að um 79% af einkaneyslunni yrðu skattskyld í virðisaukaskattskerfinu, en til samanburðar má geta þess að við núverandi aðstæður leggst söluskattur á tæp 54% einkaneyslunnar. Hér er því um að ræða talsverða víkkun skattskyldunnar. Í töflu 1 (bls. 32) kemur fram hvernig skattskyldan skiptist á hina ýmsu flokka einkaneyslu, eins og matvæli, drykkjarvörur o. s. frv.

Auk einkaneyslunnar yrðu íbúðarbyggingar skattskyldar samkvæmt frumvarpinu. Við mat á hæð skatthlutfallsins er þó ekki gert ráð fyrir því að nettótekjur af íbúðarhúsabyggingum aukist frá því sem nú er, þrátt fyrir víkkun skattskyldunnar. Ástæðan er sú að hér er reiknað með því að tekjuaukanum verði ráðstafað til húsnæðismála, annað hvort í formi styrkveitinga til íbúðabygginga eða niðurgreiðslna á lánum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að opinberar byggingar myndi stofn til álagningar virðisaukaskatts og er því farið með þær með sama hætti og atvinnuvegafjárfestingu. Samgöngumannvirki eru á hinn bóginn skattlögð að fullu. Sama máli gegnir um aðföng samneyslunnar svo og aðföng þess atvinnurekstrar sem að öðru leyti er utan skattskyldu eins og banka, vátryggingarstarfsemi, aðföng ýmissar félagslegrar þjónustu o. fl.

Virðisaukaskattsstofninn eins og honum hefur nú verið lýst má draga saman með eftirfarandi hætti

Lauslega áætlaður virðisaukaskattstofn miðað við fjárhæðir á árinu 1980

	Skattstofn m.kr.	Hlutfallsleg skipting
1. Einkaneysla	5 850	78,3
2. Nýbygging íbúðarhúsnæðis	338	4,5
3. Samgöngumannvirki	362	4,8
4. Virðisaukaskattsskyld útgjöld í samneyslu	550	7,4
5. Virðisaukaskattsskyld aðföng atvinnurekstrar	370	5,0
SAMTALS	7 470	100,0

Yfirlit þetta sýnir hlutfallslega skiptingu skattstofnsins milli einkaneyslu svo og þeirrar samneyslu og fjármunamyndunar sem skatturinn mundi lenda á. Jafnframt er sýnt lauslegt mat á fjárhæðum skattstofnsins.

Samkvæmt þessu er sú fjárhæð, sem skatturinn mundi leggjast á, áætluð 7 470 m.kr., miðað við verðlag og þjóðarframleiðslu ársins 1980. Það ár nam álagður söluskattur að

meðtöldum söluskattsauka og orkujöfnunargjaldi alls 1 469 m.kr. Samkvæmt því þyrfti skatthlutfall virðisaukaskatts að verða tæp 20% til þess að skatturinn skilaði sömu tekjum og söluskatturinn. Skipting skattsins milli útgjaldaliða er áætluð eins og sýnt er á meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er einnig sýnd skipting núgildandi söluskatts á sömu liði:

Áætluð skipting álagðs söluskatts 1980 milli einkaneyslu, íbúðabygginga, samneyslu o. fl. og lauslegar hugmyndir um skiptingu virðisaukaskatts á sömu liði.

	Söluskattur		Virðisaukaskattur	
	M.kr.	Hlutfallsleg skipting	M.kr.	Hlutfallsleg skipting
1. Álagður söluskattur/virðisaukaskattur	1 469	100,0	1 469	100,0
2. Lauslega áætluð skipting skattsins				
2.1 Einkaneysla, þ. m. t. viðhald íbúðarhúsnæðis	931	63,4	1 150	78,3
2.2 Íbúðabyggingar	78	5,3	66	4,5
2.3 Opinberar byggingar	22	1,5	0	0,0
2.4 Samgöngumannvirki	39	2,7	71	4,8
2.5 Samneysla	46	3,1	109	7,4
2.6 Virðisaukaskattsskyld aðföng atvinnurekstrar	} 353	} 24,0	73	5,0
2.7 Söluskattsskyld aðföng atvinnurekstrar, ásamt skekkjum í öðrum liðum			0	0,0

Af þessu má ráða, að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér tilflutning á skattbyrðinni þannig að stærri hluti skattsins en áður er innheimtur beint af einkaneyslunni, eða nálægt 75—80% af virðisaukaskattinum, en til samanburðar má ætla að 60—65% af söluskattinum sé innheimtur af einkaneyslunni. Á móti þessum tilflutningi skattbyrðinnar yfir á einkaneyslu, eins og raunar er stefnt að við upptöku virðisaukaskatts, kemur að skattur á aðföng atvinnurekstrarins hverfur að mestu með virðisaukaskattinum og með því næst það markmið að skatturinn sé hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluþáttanna á hinar ýmsu framleiðslugreinar.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum verður nú fjallað um aðra aðferð við mat á hæð skatthlutfallsins. Gagnstætt fyrri aðferðinni, sem byggir á útgjaldaskiptingu þjóðarframleiðslunnar, byggir seinni aðferðin á virðisauka eða verðmætasköpun við innlenda framleiðslu sem meginstofni. Við þennan stofn er síðan aukið ýmsum liðum og aðrir dregnir frá í samræmi við afmörkun skattstofnsins í 7. og 10. gr. frumvarpsins. Þessari aðferð verður nú nánar lýst.

Með virðisauka eða vergum þáttatekjum fyrirtækis eða atvinnugreinar er átt við samtölu launa, afskrifta og rekstrarafgangs fyrir greiðslu vaxta. Þessi virðisauki er jafn þeim verðmætum sem ráðstafað er til endanlegra nota í þjóðarbúskapnum, þ. e. einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndun auk viðskiptajafnaðar við útlönd, og má af þessu sjá samhengið við fyrri aðferðina. En virðisaukann má einnig líta á sem mismun á heildartekjum fyrirtækis og þeirra aðfanga sem fyrirtæki fær frá öðrum fyrirtækjum eða innflutningi. Skatturinn á virðisaukann er mismunurinn á útskatti og innskatti eins og fram kemur í 11. gr. frumvarpsins, þar sem útskattur leggst á tekjur fyrirtækisins en innskattur á keypt aðföng.

Á þessu stofni þarf þó að gera nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi þarf að bæta við hann verðmæti innflutnings svo og þeim tollum o. fl. sem leggjast á verðmæti innflutningsins áður en virðisaukaskattur er reiknaður af innflutningi. Þá þarf að draga vöruútflutning frá, enda greiðist virðisaukaskattur ekki af honum. Einnig þarf að draga fjárfestingu atvinnuveganna frá þar eð hún er undanþegin. Sama máli gegnir um byggingar hins opinbera, fjárfestingu í orkuverum og vinnuhluta íbúðarhúsnæðis. Þá er dreginn frá virðisauki í þeirri starfsemi sem

þarf að greiða virðisaukaskatt af aðföngum sínum en er að öðru leyti haldið utan skattskyldu. Má þar nefna starfsemi hins opinbera, banka og tryggingafélög, ýmsa heilbrigðisþjónustu, útleigu íbúðarhúsnæðis o. fl. Að síðustu þarf svo að leiðrétta stofninn vegna óbeinna skatta og framleiðslustyrkja.

Útreikning á virðisaukaskattstofninum eftir þessari aðferð og eins og hér hefur verið lýst má setja fram með eftirfarandi hætti og eru fjárhæðir þá sem fyrr miðaðar við árið 1980.

		1980
		m.kr.
1.	Virðisauki innlendrar framleiðslu, þ. e. vergar þáttatekjur	11 076
2.	**Við bætist:** cif-verðmæti innfluttrar vöru auk tolla og aðflutningsgjalda	5 723
3.	**Frá dregst:**	
3.1	Vöruútflutningur fob. að viðbættum áætluðum tekjum innlendra skipafélaga af útflutningi	4 728
3.2	Eftirtalin fjárfesting:	
	Fjárfesting atvinnuveganna	1 502
	Byggingar hins opinbera	215
	Rafvirkjanir og rafveitur	267
	Hita- og vatnsveitur	267
	Vinnuhluti íbúðarhúsnæðis (45%)	335
3.3	Virðisauki ýmissa greina utan skattskyldu	2 715
4.	Leiðréttingar vegna óbeinna skatta og framleiðslustyrkja:	
4.1	Hækkun skattstofns vegna óbeinna skatta annarra en tolla og söluskatts	1 150
4.2	Lækkun skattstofns vegna framleiðslustyrkja	775
	Virðisaukaskattsstofn	6 905

Áður hefur komið fram, að álagður söluskattur á árinu 1980 varð 1 469 m.kr. Til þess að ofangreindur skattstofn skili þeim tekjum þyrfti skatthlutfallið því að vera rúmlega 21% eftir þessari aðferð. Niðurstaða þessarar aðferðar sýnir því nokkru lægri skattstofn en fyrri aðferðin, sem gaf þá vísbendingu að skatthlutfallið þyrfti að vera tæp 20%.

Með hliðsjón af þeirri miklu óvissu sem útreikningar af þessu tagi hljóta óhjákvæmilega að vera háðir er frávikið þó ekki meira en búast mátti við. Á grundvelli beggja aðferðanna má því telja þá niðurstöðu líklegasta að skatthlutfallið á árinu 1980 hefði þurft að vera 20—21% til þess að skila sömu tekjum og söluskatturinn gerði þá. Á því ári var söluskatturinn 22% fram til 13. apríl en hækkaði þá í 23,5% eins og hann er nú. Meðalskatthlutfall söluskatts á því ári er því rúmlega 23% sem mætti bera saman við virðisaukaskattshlutfallið 20—21%. Hækkun söluskatts í 23,5% hefur því í för með sér hlutfallslega sömu hækkun á virðisaukaskattshlutfalli miðað við aðstæður nú.

6.9 Áhrif virðisaukaskatts á verðlag. Ýmis tormerki eru á því að segja fyrir um hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts hefur á verðlag í landinu. Verðáhrifin fara eftir því hvaða skattar eða tollar verða lagðir niður við upptöku virðisaukaskatts, hver formleg tengsl verða milli verðvísitölu og kaupgjalds og loks eftir því eftirspurnarástandi sem ríkir þegar skattbreytingin gefur tilefni til verðbreytinga. Í töflu 1 og 2 eru sýnd dæmi um áætluð bein verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts á einkaneyslu, samneyslu og þá útgjaldaliði fjármunamyndunar sem skatturinn leggst á.

Tafla 1

Söluskattur og virðisaukaskattur af einkaneyslu 1980 og dæmi um áætluð verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts

Fjárhæðir í m.kr.	Lauslega áætluð útgjöld 1980 án skatts	Þar af: Skattstofn söluskatts	Skattstofn virðisauka-skatts	Álagður sölu-skattur (23%)	Álagður virðisaukaskattur 20%	Álagður virðisaukaskattur 21%	Áætluð verðhækkunaráhrif m.v. 20% VASK	Áætluð verðhækkunaráhrif m.v. 21% VASK
1. Matvæli	1 573	117	1 573	27	315	330	18,0%	18,9%
2. Drykkjarvörur og tóbak	468	468	468	108	94	98	-2,4%	-1,7%
3. Fatnaður og einkamunir	881	881	881	203	176	185	-2,5%	-1,7%
4. Húsnæði, ljós og hiti	1 358	212	441	49	88	93	2,8%	3,1%
5. Varanlegir búsmunir	857	857	857	197	171	180	-2,5%	-1,6%
6. Heilsuvernd og snyrting	522	93	93	21	19	20	-0,4%	-0,2%
7. Samgöngur	783	623	703	143	140	148	-0,3%	0,5%
8. Menntun og skemmtanir	839	670	} 834	154	} 167	} 175	} 0,1%	} 0,8%
9. Önnur neysla	105	52		12				
10. Einkaneysla alls	7 386	3 973	5 850	914	1 170	1 229	3,1%	3,8%
11. Flutt af töflu 2		2 414	1 620	555	324	341		
12. Samtals		6 387	7 470	1 469	1 494	1 570		

Tafla 2

Söluskattur og virðisaukaskattur af íbúðarbyggingum, opinberum byggingum, samgöngumannvirkjum, samneyslu og skattskyldum aðföngum

Fjárhæðir í m.kr.	Lauslega áætluð útgjöld 1980 án skatts	Þar af: Skattstofn söluskatts	Skattstofn virðisauka-skatts	Álagður sölu-skattur (23%)	Álagður virðisaukaskattur 20%	Álagður virðisaukaskattur 21%	Áætluð verðhækkunaráhrif miðað við 20% VASK	Áætluð verðhækkunaráhrif miðað við 21% VASK
1. Íbúðarbyggingar	665	338	338	78	68	71	-1,3%	-0,9%
2. Opinberar byggingar	192	97	0	22	0	0	-10,3%	-10,3%
3. Samgöngumannvirki	362	170	362	39	72	76	8,2%	9,2%
4. Samneysla	1 576	200	550	46	110	116	3,9%	4,3%
5. Skattskyld aðföng atvinnurekstrar o. fl.		1 609	370	370	74	78		
Samtals 1.—5.		2 414	1 620	555	324	341		

Útreikningarnir byggjast á tveimur dæmum um hæð skattsins, þ. e. 20% og 21%, og er þá byggt á þeim niðurstöðum um hæð skatthlutfallsins sem áður var komist að. Ekki er gert ráð fyrir lækkun tolla eða afnámi uppsöfnunaráhrifa söluskatts í þessum útreikningum. Niðurstöðurnar sýna að í heild muni einkaneyslan hækka í verði um 3,1—3,8% eftir því hvort miðað er við 20% eða 21% skatt. Hækkun einstakra undirliða er þó mjög misjöfn eins og vænta mátti. Mest er verðhækkun matvæla eða um 18—19%, enda leggst núverandi söluskattur einungis á 7—8% matvælaútgjaldanna. Útgjöld vegna húsnæðis, ljóss og hita hækka einnig, en þó mun minna eða um 2—3%. Flestir aðrir útgjaldaliðir lækka í verði vegna lægra skatthlutfalls í virðisaukaskatti en í söluskatti.

Að líkindum sýna þessir útreikningar fremur ofmat en vanmat á verðhækkunaráhrifunum, því að eins og áður segir er hér ekki tekið tillit til þeirrar verðhjöðnunar sem afnám á uppsöfnuðum söluskatti gæti leitt til. Nýjustu athuganir Þjóðhagsstofnunar á uppsöfnuðum söluskatti benda til þess, að skatturinn geti numið um 1—3% af rekstrargjöldum fyrir flestar vöruframleiðslugreinar eða litlu minna en sem nemur verðhækkuninni. Lækkunaráhrifin koma þó að líkindum síðar fram í verðlaginu en beinu verðhækkunaráhrifin. Þetta kann að skipta miklu máli ef vísitölubinding launa er í gildi, þannig að beinu verðhækkunaráhrifin fara inn í víxlverkun kaupgjalds og verðlags og magnast þar áður en lækkunaráhrifa vegna afnáms uppsöfnunar fer að gæta.

Framangreindir útreikningar á áhrifum virðisaukaskatts til hækkunar á verðlagi einkaneyslu eru byggðar á bráðabirgðaáætlunum Þjóðhagsstofnunar um einkaneyslu og samsetningu hennar á árinu 1980. Önnur heimild við mat á verðhækkunaráhrifum virðisaukaskatts er vísitala framfærslukostnaðar. Samkvæmt mati Hagstofunnar má ætla að hlutur söluskatts í vísitölunni hafi verið nálægt 10% í ársbyrjun 1981. Það svarar til þess, að rösklega 47% af útgjöldunum í vísitölu framfærslukostnaðar án skatts hafi verið söluskattsskyld þá, sem er talsvert lægra hlutfall en fram kemur í töflu 1, en þar er byggt á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um einkaneysluútgjöldin og skiptingu þeirra á árinu 1980. Þær niðurstöður sýna að tæplega 54% af einkaneysluútgjöldum án skatts hafi verið söluskattsskyld þá. Samkvæmt þessu yrðu verðhækkunaráhrifin af upptöku virðisaukaskatts nokkru meiri ef þau yrðu metin eftir vísitölu framfærslukostnaðar í stað einkaneysluútgjalda. Skýringarnar á þessum mun má vafalítið rekja til þess, að matvælaútgjöldin, sem að stærstum hluta eru undanþegin söluskatti, vega þyngra í núgildandi vísitölugrunni en í einkaneysluútgjöldunum. Ekki er þó ástæða til þess að gera of mikið úr þessum mun þar eð vísitalan er byggð á eldra grunni og verður að telja að einkaneysluútgjöldin sýni raunhæfara mat á verðhækkunaráhrifunum.

6.10 Fjölgun gjaldenda við upptöku virðisaukaskatts. Ýmsar heimildir eru til um fjölda þeirra fyrirtækja eða aðila sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda í landinu. Af þeim heimildum sem nú ná til allra atvinnugreina má helst nefna fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, slysatryggingargögn skattyfirvalda og launamiðaskýrslur skattyfirvalda. Tvær síðasttöldu heimildirnar eru þó náskyldar.

Í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar eru skráð öll einstaklingsfyrirtæki sem eru með sérstöku heiti, enfremur hvers konar félög, sem atvinnurekstur stunda, svo og stofnanir, embætti og félagasamtök. Hins vegar koma ekki fram í fyrirtækjaskrá þeir einstaklingar sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni. Þá er þess að geta að í fyrirtækjaskrá er hvert fyrirtæki aðeins talið til einnar atvinnugreinar jafnvel þótt fyrirtækið starfi í mörgum greinum. Að jafnaði er fyrirtæki þó talið til þeirrar atvinnugreinar sem það er talið hafa mest umsvif í.

Öðru máli gegnir um slysatryggingargögnin og launamiðaskýrslur. Þar er ætlast til þess, að hvert fyrirtæki sé skráð í öllum þeim atvinnugreinum sem það er með einhverja starfsemi í. Af því leiðir, að hvert fyrirtæki eða lögaðili getur verið margtalinn ef starfsemin er

margþætt eða starfsstaðir eru margir. Aðilar sem fram koma í slysatryggingargögnum og í launamiðaskýrslum eru því fleiri en í fyrirtækjaskrá.

Í þeim tölum sem hér fara á eftir hefur sá kostur verið valinn við mat á fjölgun gjaldenda að miða við launamiðaskýrslur og launaframtal fyrirtækja en ekki við fyrirtækjaskrá. Hér verður því átt við fjölda aðila eða framteljenda til virðisaukaskatts en ekki fjölda fyrirtækja. Samkvæmt þessum gögnum er fjöldi þeirra aðila sem fram koma í launamiðaskýrslum á árinu 1980 alls 23 500 og eru einyrkjar þá meðtaldir en tölur um fjölda bænda, sem hér eru einnig meðtaldir, eru áætlaðar eftir öðrum heimildum. Þessi heildartala gefur þó ekki rétta mynd af fjölda þeirra aðila sem gætu orðið framtalsskyldir. Er þá fyrst að nefna, að inni í heildartölunni eru allir húsbyggjendur sem hafa greitt laun á tímabilinu en þeir voru um 1 250 á árinu 1980. Þá má nefna þá aðila sem greiða virðisaukaskatt af aðföngum sínum en er að öðru leyti haldið utan skattskyldu og þurfa því ekki að skila framtali til virðisaukaskatts. Hér er um að ræða stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, menntamál, almannatryggingar, sjúkrahús, elliheimili og aðra heilbrigðisþjónustu, velferðarstofnanir, trúmálastarfsemi, auk ýmiss atvinnurekstrar eins og banka og tryggingafélaga, húsfélög, fasteignarekstur o. fl. Lauslega áætlað gæti hér verið um að ræða 4 000 aðila sem undanþegnir yrðu framtalsskyldu.

Nánari skipting þessara aðila er sem hér segir:

	Fjöldi launagreiðenda
Húsbyggjendur	1 250
Starfsemi ríkis og sveitarfélaga, þ. e. stjórnsýslan, skólar, sjúkrahús o. fl.	1 000
Velferðarstofnanir	430
Heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila	750
Bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir og tryggingafélög	260
Fasteignarekstur, húsfélög o. fl.	310
	4 000

Hámarksfjöldi framteljenda til virðisaukaskatts gæti því orðið allt að 19 500 áður en frekari undanþágur frá framtalsskyldu yrðu veittar. Þennan fjölda má bera saman við fjölda framteljenda til söluskatts sem þetta sama ár var um 9 000, þar af voru um 1 500 ekki með neina söluskattsskylda veltu. Upptaka söluskatts með því skattskyldusviði sem hér er gert ráð fyrir felur í sér fjölgun framteljenda um nálægt 10 500 eða ríflega tvöföldun. Tölur um fjölgun framteljenda einar sér þurfa ekki að gefa rétta mynd af kostnaðarauka hins opinbera eða framteljenda af upptöku skattsins. Hér skiptir mestu máli hvernig framtalsskyldunni verður hagað, hve oft á ári framteljanda ber að skila skýrslu o. s. frv. Í þessu sambandi er rétt að líta á það í hvaða atvinnugreinum fjölgun framteljanda á sér einkum stað:

	Fjölgun framteljenda
Landbúnaður	4 500
Fiskveiðar	900
Fiskiðnaður	400
Byggingarstarfsemi	1 850
Samgöngur, einkum sjálfstætt starfandi bifreiðastjórar	2 300
Lögfræði-, bókhalds-, tækniþjónusta o. fl.	1 000
Annað, oftalið og skekkjur	−450
Samtals	10 500

Af þessum tölum má ráða að mest öll fjölgun framteljenda kemur fram í landbúnaði, samgöngum, byggingarstarfsemi og sjávarútvegi. Meðferð þessara greina ræður því úrslitum um fjölgun framteljenda. En meðal annars vegna fjölda fyrirtækja í þessum greinum og smæðar þeirra er í frumvarpinu gert ráð fyrir sérmeðferð á framtalsskyldu þeirra. Þannig er í 29. gr. frumvarpsins sett fram sú almenna regla að þeir sem stunda landbúnað eða smábátaútgerð skuli einungis skila virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári.

7. Öryggi virðisaukaskatts og eftirlit

Virðisaukaskattur hefur af mörgum verið talinn öruggari tekjustofn en söluskattur. Stafar það m. a. af því sjálfseftirliti sem talið er að myndist í kerfinu með frádráttarheimildinni. Hagsmunir einstakra innheimtuaðila rekist á þar sem hvert fyrirtæki hafi hag af því að telja fram öll innkaup og fá innskattinn af þeim dreginn frá innheimtum útskatti. Sjálfseftirlitið hefur oft verið nefnt sem einn aðalkostur virðisaukaskattskerfisins.

Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti verði mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfi og nú er í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minni með tilkomu virðisaukaskatts.

Við eftirlit með hvers konar söluskatti verður að telja það mikilvægast að eftirlitsaðilar hafi möguleika til að kanna heildarinnkaup fyrirtækja og heildarsölu þeirra. Í virðisaukaskattkerfinu verður slíkt eftirlit að fara fram með dreifikönnun á hliðstæðan hátt og gera þarf í söluskattskerfinu.

Hlutfall innfluttra vara í heildarneyslunni er mjög hátt hér á landi miðað við önnur nálæg lönd. Um árabil hefur allur innflutningur verið skráður og flokkaður í vélum á einstaka innflytjendur en þau gögn geta skattyfirvöld síðan notað til veltueftirlits. Hér er um mjög mikilvæg eftirlitsgögn að ræða sem munu ekki eiga sér hliðstæðu með öðrum þjóðum. Eftirlitið með heildarveltu ætti m. a. af þessum ástæðum að geta orðið mjög virkt hér á landi. Hins vegar verður að hafa í huga að atvinnurekstur er hér í fremur smáum einingum en mikill fjöldi smáfyrirtækja veldur erfiðleikum og öryggisleysi við framkvæmd söluskattskerfa.

Þegar meta skal öryggi virðisaukaskatts annars vegar og núverandi söluskatts hins vegar er margt sem hafa verður í huga. Innheimta söluskattsins nú á einu viðskiptastigi er áhættusöm en með dreifingu innheimtunnar á fleiri innheimtuaðila ætti tilhneiging til undandráttar að minnka. Þessi breyting er sennilega sú sem mestu máli skiptir varðandi samanburð á öryggi nefndra skatta. Öryggi virðisaukaskatts og möguleikar til eftirlits með innheimtu hans veltur einnig mjög á byggingu kerfisins, svo sem skýrleika skattskyldunnar, fjölda undanþága o. fl. eins og þegar hefur verið nefnt.

Við upptöku virðisaukaskatts þyrfti að leggja áherslu á að upplýsingar um endurskoðun uppgjörsgagna og hvers konar könnun á skilum fyrirtækja verði skráð og geymd í tölvutæku formi eftir því sem unnt er. Ennfremur yrði að efla mjög annað eftirlit frá því sem nú er, m. a. með aukinni öflun gagna til eftirlits og tíðari athugun á bókhaldi og öðrum þeim gögnum sem uppgjör fyrirtækjanna byggjast á.

8. Kostnaður við upptöku virðisaukaskatts

Upptaka virðisaukaskatts í stað núgildandi söluskatts hefur í för með sér aukna fyrirhöfn og kostnað bæði fyrir fyrirtæki sem innheimta hann og fyrir skattyfirvöld. Erfitt er þó að áætla þann kostnaðarauka með nokkurri vissu.

Ljóst er að veruleg fjölgun gjaldenda hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir skattyfirvöld en úr því er nokkuð dregið með ákvæðunum um árleg skil aðila í landbúnaði og smábátaútgerð. Ennfremur hefur víðtækt skattskyldusvið og fáar undanþágur verulega þýðingu í þessu efni.

Nú vinna aðeins 20-25 starfsmenn hjá skattyfirvöldum störf er snerta eingöngu söluskattinn. Fjölga yrði verulega starfsmönnum við upptöku virðisaukaskatts en samanburður á kostnaðarauka verður ekki raunhæfur vegna þess að auka þyrfti verulega aðhald með núgildandi söluskatti. Mjög lauslega áætlað má reikna með að við upptöku virðisaukaskatts þurfi að tvöfalda fjölda starfsmanna frá því sem nú er í söluskattinum.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir talsverður kostnaður. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða kostnað við margs konar undirbúning að breytingunni.

Áður hefur þess verið getið að gjaldendum fjölgar og verða fyrirtæki að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt sem nú greiða ekki söluskatt. Auk þess má búast við því að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkru viðameira fyrir fyrirtækin en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhald. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir þau fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup eða sölu þessara vara aðgreind í bóhaldi.

Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för með sér kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og gjaldendur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I KAFLI

Um 1. og 2. gr.

Í þessum upphafsákvæðum er að finna stutta lýsingu á efni lagafrumvarpsins.

Í fyrstu grein kemur fram að virðisaukaskatt skal innheimta á öllum stigum viðskipta en skv. 11. gr. skal aðili þó einungis standa skil á skatti af virðisauka á hverju stigi. Þá er kveðið á um virðisaukaskattsskyldu af innflutningi vara og þjónustu en nánari ákvæði um það er að finna í X kafla.

Í annarri grein er kveðið á um að virðisaukaskattur renni í ríkissjóð en skatti þessum er ætlað að koma í stað núverandi söluskatts sem er 20%, söluskattsauka sem er 2% og orkujöfnunargjalds sem er 1,5%. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda hér að framan um hæð skatthlutfallsins.

Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 6,8% af innheimtum skatti hverju sinni. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og eru í gildandi lögum um söluskatt en þar miðast framlagið í Jöfnunarsjóð við söluskattinn einan. Framlagið er þar 8% og reiknast hvorki af söluskattsaukanum né orkujöfnunargjaldinu. Með frumvarpinu er að því stefnt að tekjur Jöfnunarsjóðs verði þær sömu og ella hefði orðið.

II KAFLI

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni eru þeir aðilar skattskyldir sem selja eða afhenda vörur eða verðmæti eða inna af hendi vinnu eða þjónustu í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi. Þetta á bæði við um menn og lögaðila. Hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er að ræða fer eftir svipuðum sjónarmiðum og gilda um skilgreiningu þessara atriða í tekjuskattslögum. Sérstaklega er tekið fram um skattskyldu þeirra samvinnufélaga, samlaga og samtaka sem eingöngu eiga viðskipti við félagsmenn sína og gætu af þeim sökum talist falla utan áðurnefndrar skilgreiningar. Hugtökin sala og afhending skýrast nánar í 8. gr. þar sem ráð er fyrir því gert að þar undir geti meðal annars fallið skipti, afhending án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki og eigin not fyrirtækis á vöru, þjónustu og öðrum verðmætum, sbr. ennfremur 2. málslið 1. mgr. 9. gr. Um tímamörk sölu vísast nánar til 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr.

Opinberar stofnanir og fyrirtæki þeirra eru skattskyld ef þau selja vörur og skattskylda þjónustu. Hvort sem þessir aðilar selja vörur og skattskylda þjónustu eða ekki, getur ráðherra gert þá skattskylda af eigin notkun vegna samkeppnissjónarmiða.

Greinin kveður einungis á um þá aðila sem skyldir eru til að innheimta virðisaukaskatt við sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu. Skylda til að greiða virðisaukaskatt af innkaupum (innskatt) er hins vegar ekki bundin við þessa aðila. Hér er um að ræða almenna skyldu allra aðila, jafnvel þeirra sem undanþegnir eru opinberum gjöldum almennt í sérstökum lögum.

Um 4. gr.

Þeir aðilar sem falla undir undanþágu greinarinnar þurfa ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni en geta þá á hinn bóginn ekki fengið frádreginn virðisaukaskatt vegna innkaupa sinna. Minnt er á ákvæði í 3. mgr. 19. gr., sem kveða á um að hafi aðili sem undanþeginn er virðisaukaskatti tilgreint virðisaukaskatt á reikningum sínum skuli skila honum í ríkissjóð.

Skv. 2. tl. greinarinnar er sala listamanna á eigin listaverkum ekki talin virðisaukaskattsskyld, enda falli listaverkið undir þargreind tollskrárnúmer. Öðrum aðilum sem selja listaverk, þ. m. t. uppboðshaldarar, ber hins vegar að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Undir hugtakið listaverk í þessu sambandi falla ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru.

Tilgangurinn með undanþáguákvæðinu í 3. tl. er að undanþiggja mjög lítil fyrirtæki og/eða starfsemi sem eingöngu er rekin í hjáverkum eða stöku sinnum. Þetta helgast fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum. Þar sem þessi óskáðu fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni geta skráð fyrirtæki sem kaupa af þeim aðföng ekki fengið frádreginn neinn innskatt af þeim kaupum.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni skulu allir virðisaukaskattsskyldir aðilar tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra í því umdæmi sem þeir eru heimilisfastir. Skattstjóri heldur skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Þeir sem stunda landbúnað og/eða fiskveiðar skulu skráðir á sérstaka skrá, sbr. 27. gr.

Samkvæmt gildandi söluskattslögum fær söluskattsskyldur aðili söluskattsskírteini hjá skattstjóra sem heimilar honum að kaupa endursöluvörur án söluskatts. Þar sem virðisaukaskattskerfið gerir ráð fyrir því sem aðalreglu að skattur sé innheimtur af öllum viðskiptum milli skráðra aðila er ekki þörf á slíkum skírteinum. Í 2. mgr. greinarinnar er þó gert ráð fyrir að skráningarskyldur aðili fái um það staðfestingu frá skattstjóra að skráning hafi farið fram, og helgast sú regla eingöngu af almennum verklagssjónarmiðum.

Um skráningu starfandi fyrirtækja í fyrsta skipti við gildistöku laganna eru reglur í ákvæði til bráðabirgða II.

III KAFLI

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni eru allar vörur, nýjar og notaðar, skattskyldar. Á hinn bóginn geta skattskyldar vörur undir vissum kringumstæðum verið undanþegnar skattskyldri veltu, sbr. 10. gr. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu er miklum örðugleikum háð að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á öðrum stigum viðskipta myndi gera virðisaukaskattkerfið erfitt í framkvæmd.

Samkvæmt almennum skilgreiningum teljast fasteignir ekki til vara. Þó þykir öruggara að taka þetta sérstaklega fram í frumvarpstexta. Undanþágan um fasteignir er í samræmi við undanþágu í gildandi söluskattslögum. Samkvæmt frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni verði gerð skattskyld, sbr. 32. gr. Samkvæmt þeirri grein getur sala byggingar í heild sinni eða að hluta verið skattskyld. Að öðru leyti nær skattskyldan ekki til fasteigna.

Sérstaklega er tekið fram að rafmagn, varmi og önnur orka falli undir vöruhugtakið.

Ekki skal heimta skatt af sölu viðskiptabréfa. Sala prentvarnings, t. d. frá prentsmiðju, er skattskyld og eins þótt hann hafi að geyma eyðublöð fyrir slík bréf.

Um 7. gr.

Með vísan til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu skal það ítrekað hér að ef þjónustu aðila er haldið utan við skattskyldusvið verða þeir að greiða innskatt af aðföngum, en fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattinum þar sem þeir verða að bera innskattinn, sbr. nánar 3. mgr. greinarinnar. Þessir aðilar eru að sjálfsögðu ekki skráningarskyldir og skráningarskyldir aðilar sem eiga viðskipti við þá fá ekki frádreginn neinn innskatt vegna innkaupa frá þeim.

Undanþágum er samkvæmt frumvarpinu haldið í algeru lágmarki. Undanþágurnar sem frumvarpið hefur að geyma eru í samræmi við undanþágur sem leyfðar eru hjá flestum þeim þjóðum er hafa virðisaukaskatt.

Sjónarmið sem ráða því að undanþágur eru gerðar eru af ýmsum toga. Þannig má segja að félags- og heilbrigðissjónarmið ráði undanþágunum í 1., 2. og 5. tl. 2. mgr., tæknileg sjónarmið í 3. tl., félagsleg og tæknileg í 4. tl. 2. mgr. o. s. frv.

Með hliðstæðum aðilum í 1. tl. og 5. tl. 2. mgr. er aðallega átt við elliheimili, endurhæfingarstöðvar fyrir lamaða og fatlaða og stofnanir fyrir þroskahefta. Undir þessa töluliði fellur einnig þjónusta sjúkraþjálfara sem fá sjúklinga til meðferðar frá lækni, enda sé hún greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Heilsuræktarstöðvar falla hins vegar ekki undir þessar undanþágur.

Þjónusta banka og sparisjóða er undanþegin í 3. tl. 2. mgr. fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum. Ef þessar stofnanir hins vegar hafa með höndum prentun á eyðublöðum, tölvuþjónustu, lögfræðiþjónustu til eigin nota eða sölu á skattskyldum verðmætum o. þ. h. myndu þeir þurfa að svara virðisaukaskatti af slíkri starfsemi.

Aðalástæðan fyrir því að undanþiggja vátryggingarstarfsemi er að hún er í eðli sínu alþjóðleg og er undanþegin víðast hvar erlendis. Undanþágan er því nauðsynleg vegna samkeppnisástæðna, enda er óframkvæmanlegt að skattleggja einstakar tryggingar sem innlendir aðilar kunna að kaupa af erlendum vátryggingafélögum. Þá eru ennfremur í mörgum tilfellum vissir tæknilegir örðugleikar á því að reikna virðisaukaskatt í þessari grein. Þá styðja félagsleg sjónarmið þessa niðurstöðu þar sem ekki þykir eðlilegt að heimta virðisaukaskatt af ýmsum tryggingum, svo sem líftryggingum og slysatryggingum sem atvinnurekendum er skylt að kaupa fyrir starfsmenn sína samkvæmt kjarasamningum.

Samkvæmt 7. tl. 2. mgr. er útleiga íbúðarhúsnæðis undanþegin. Samkvæmt gildandi söluskattslögum er ekki innheimtur söluskattur af húsaleigu almennt. Undanþágan í 7. tl. er í samræmi við það að því er íbúðarhúsnæði varðar til þess að ekki verði hækkun á húsnæðiskostnaði íbúðarleigjenda. Útleiga annars húsnæðis er hins vegar virðisaukaskattsskyld, sem þýðir það m. a. að skráningarskylt fyrirtæki sem leigir atvinnurekstrarhúsnæði getur dregið innskattinn frá í virðisaukaskattsuppgjöri sínu.

Eins og áður segir bera aðilar í greinum sem undanþegnar eru virðisaukaskatti skv. 2. mgr. innskattinn af kaupum sínum á aðföngum á sama hátt og hinn almenni neytandi, sbr. 3. mgr., án nokkurs endurkröfuréttar.

IV KAFLI

Um 8. gr.

Í fyrri málslið 1. mgr. kemur fram sú meginregla að virðisaukaskatt skuli reikna af heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 17. gr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma sérstaklega fram á reikningi þegar um viðskipti milli virðisaukaskattsskyldra aðila er að ræða. Eðlilegast er því að miða skattverðið við heildarandvirði eða heildarendurgjald hins selda án skattsins, sem þýðir að skatturinn

kemur sérstaklega fram á reikningi sem síðan liggur til grundvallar innskattsfrádrætti skráningarskylds kaupanda. Þá er í síðari málslið 1. mgr. ákveðið að skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum skuli teljast hluti af skattverði. Þetta er gert af hagkvæmnisástæðum. Skráður aðili á fyrri stigum viðskipta hefur oft þurft að skila t. d. framleiðslutollum og vörugjöldum af framleiðslu sinni. Þessi gjöld mynda síðan hluta af söluverði hans til skráðs kaupanda, t. d. smásala, sem ekki veit hve há þessi gjöld eru. Einfaldast er því að gjöld þessi teljist hluti af söluverði skráðs söluaðila og virðisaukaskattur reiknist af heildarfjárhæð sölunnar að meðtöldum þessum gjöldum. Reglan hefur það í för með sér að kaupandinn fær til frádráttar innskatt af hærri fjárhæð og söluaðili skilar samsvarandi hærri útskatti í ríkissjóð en verið hefði ef nettóaðferð hefði verið beitt. Niðurstaðan er sú sama fyrir ríkissjóð. Svipuð hagkvæmnissjónarmið ráða því að hvers konar kostnaður og gjöld sem seljandi krefur kaupanda um teljist hluti skattverðs og skiptir í því sambandi ekki máli hvort þau eru innifalin í söluverði án sérgreinar eða koma sérstaklega fram á reikningi eða á sérreikningi.

Í 2. mgr. er að finna nánari skilgreiningu á því hvað talist geti sala eða afhending samkvæmt frumvarpinu, sbr. athugasemdir við 3. gr. Í öllum þeim tilfellum sem þarna eru rakin ber að miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Hér er um svipaðar reglur að ræða og gilda í framkvæmd núgildandi söluskattslaga.

Samkvæmt 3. mgr. er það aðeins afsláttur sem liggur fyrir og er veittur þegar vara er afhent sem telst ekki til skattverðs. Í þeim tilfellum eingöngu er skattverðið söluverð að frádregnum afslætti. Allur annar afsláttur telst alltaf til skattverðs. Reglan byggir á því að virðisaukaskattsskyldur kaupandi má aðeins draga frá sem innskatt þann virðisaukaskatt sem greindur er á reikningi seljanda og seljandi verður að reikna virðisaukaskatt að fullu á reikningi sínum til kaupanda, vegna þess að á þeim tíma sem reikningurinn er gefinn út er ekki vitað hvort eða hvenær skilyrðum afsláttarins verður fullnægt. Verði skilyrðunum fullnægt síðar fer um frádráttarheimild eftir 3. tl. 3. mgr. 12. gr.

V KAFLI

Um 9. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að öll afhending vara og verðmæta, vinnu og þjónustu gegn greiðslu teljist til skattskyldrar veltu nema sérstakar undanþágur komi til í lögunum.

Úttekt eiganda á vöru og skattskyldri þjónustu sem fyrirtæki hans selur eða veitir er skattskyld og skal telja með skattskyldri veltu. Sama gildir um vöru og skattskylda þjónustu sem fyrirtæki selur eða veitir en notar sjálft í tilgangi sem ekki snertir beinlínis skattskylda sölu þess.

Að vara og þjónusta teljist til skattskyldrar veltu hefur annars vegar í för með sér að reikna skal útskatt við afhendingu hins selda en hins vegar að draga má frá útskatti allan innskatt af aðföngum sem notuð eru vegna hinnar skattskyldu starfsemi.

Ef fyrirtæki kaupir vöru og þjónustu og afhendir síðan eiganda sínum en selur annars ekki slíka vöru eða þjónustu er óheimilt að draga frá innskatt og reikna útskatt vegna þessara viðskipta. Þetta ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir að unnt sé að komast hjá greiðslu virðisaukaskatts með því að nota fyrirtæki sem millilið við kaup á slíkum vörum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sala á vélum, tækjum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum sem fyrirtækið hefur notað svo og vörubirgðum og almennum rekstrarvörum skuli teljast til skattskyldrar veltu. Fyrirtækið fær að draga innskatt frá við innkaup og er því eðlilegt að greiddur sé útskattur þegar þessir fjármunir og vörur eru seldar. Varðandi sölu til skattskylds aðila, þegar fyrirtæki eða hluti þess er selt, vísast til undanþáguákvæðis í 7. tl. 10. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sala á vörum sem seldar eru í umboðssölu skuli teljast til skattskyldrar veltu.

Um 10. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að vara, vinna og þjónusta sem skattskyld er skv. 6. og 7. gr. geti verið undanþegin skattskyldri veltu í nokkrum tilvikum.

Í 1. tl. er kveðið á um að vara sem seld er úr landi sé undanþegin virðisaukaskatti svo og vinna og þjónusta sem veitt er og seld erlendis. Skattur af aðföngum vegna útfluttra vara og þjónustu fæst annað hvort dreginn frá útskatti af skattskyldri sölu skv. 11. gr. eða endurgreiddur skv. 23. gr. Útflutningur er þar með alveg undanþeginn virðisaukaskatti og ætti samkeppnisaðstaða hans að vera óháð skattinum, sbr. hins vegar uppsöfnun söluskatts í útflutningi við núverandi fyrirkomulag.

Í 2. tl. er gert ráð fyrir að vistir og þjónusta sem veitt er um borð í millilandaförum sé undanþegin svo og tæki og búnaður sem notaður er um borð, sbr. 1. tl. Undanþágan nær einnig til viðgerðar- og viðhaldsvinnu sem unnin er við millilandaför svo og varahluti sem notaðir eru í því sambandi.

Skv. 3. tl. er sala og útleiga loftfara og skipa undanþegin skattskyldri veltu. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og er í núgildandi söluskattslöggjöf. Undanþágan nær ekki til einkaloftfara og skemmtibáta.

Skv. 4. tl. eru fólks- og vöruflutningar milli landa undanþegnir. Hér er um sambærilega undanþágu að ræða og er í núgildandi söluskattslöggjöf og sömu sjónarmið sem þar liggja að baki.

Skv. 5. tl. er flutningskostnaður innanlands undanþeginn þegar flutt er beint til eða frá landinu. Þessi undanþága leiðir af undanþáguákvæði 4. tl. þessarar greinar og er sett vegna þess hve erfitt kann að vera að skipta flutningskostnaði, t. d. vegna flutninga með skipi sem fer á margar hafnir innanlands áður en það kemur til áfangastaðar.

Í 6. tl. er veitt undanþága vegna áætlana- og ráðgjafarstarfsemi sem unnin er hér en seld erlendum aðilum. Þessi undanþága er sett til að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenskra ráðgjafarfyrirtækja erlendis.

Skv. 7. tl. er sala á vörubirgðum, vélum og öðrum rekstrarvörum undanþegin skatti þegar fyrirtækið í heild eða að hluta er selt til skattskylds aðila. Þessi undanþága er sett af hagkvæmnisástæðum þar sem ríkissjóður fær engar skatttekjur vegna þessara viðskipta. Seljandi mundi að vísu skila skatti vegna sölunnar en kaupandi fær sömu fjárhæð endurgreidda eða getur dregið hana frá útskatti. Forsenda fyrir þessari undanþágu er að skattyfirvöldum sé tilkynnt um eigendaskipti innan átta daga eftir að salan fór fram.

Skv. 8. tl. eru umboðs- og sölulaun ferðaskrifstofa undanþegin skatti. Sú starfsemi ferðaskrifstofa sem felst í því að selja ferðir til útlanda er undanþegin skatti, sbr. 1. og 3. tl. Ferðalög innanlands eru hins vegar skattskyld og ber söluaðilum að innheimta skatt af slíkum ferðum.

Í 9. tl. er kveðið á um að þegar eigandi fólksbifreiðar, íbúðarhúsnæðis og annarra þar greindra eigna, endurselur þessar eignir en hefur sjálfur borið skattinn (þ. e. hefur ekki fengið skattinn endurgreiddan eða frádreginn sem innskatt) skuli ekki greiða virðisaukaskatt af slíkri sölu. Undanþága þessi er sett til þess að koma í veg fyrir tvísköttun og vegna vandamála við að gera upp raunverulegan virðisauka hins selda.

Í 2. mgr. er heimild til handa fjármálaráðherra til að setja reglur um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt greininni. Einnig hefur hann heimild til að undanþiggja aðra þjónustu en þá sem upp er talin að framan ef þjónusta er veitt aðilum erlendis.

VI KAFLI

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið „útskattur" skilgreint en samkvæmt þeirri skilgreiningu skal leggja virðisaukaskatt á alla skattskylda sölu eða afhendingu skattaðilans. Skatturinn reiknast af skattverði þess selda, sbr. 8. gr. Innskattur, sbr. 2. mgr., er virðisaukaskattur af öllum vörum og aðföngum til nota í rekstrinum. Hér er ekki eingöngu átt við skatt af efni til

vinnslu eða af vörum til endursölu, heldur einnig skatt af fjárfestingum og rekstrarvörum, enda séu fjármunir þessir tengdir tekjuöflun fyrirtækisins. Sem dæmi má nefna skatt af byggingum, vélum, áhöldum o. fl. í atvinnurekstri. Nokkrar takmarkanir eru á því hvað teljast skuli til innskatts og vísast í því sambandi til 13. gr.

Í 3. mgr. kemur fram að sérhver skattskyldur aðili skal skila til ríkissjóðs mismun innskatts af aðföngum og útskatts af sölu á hverju uppgjörstímabili. Í þessari málsgrein felst ein meginregla virðisaukaskattkerfisins, þ. e. að skattaðili greiðir og skilar í ríkissjóð skatti af þeim virðisauka sem á hverju tímabili hefur myndast í fyrirtæki hans. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort innkaup og sala á tiltekinni söluvöru falli til á einu og sama uppgjörstímabilinu. Innskatt má strax draga frá jafnvel þótt varan sé keypt eða framleidd til birgðaaukningar og seld á síðari tímabilum. Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal endurgreiða skattaðila mismuninn eftir reglum sem fram koma í 23. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í 12. gr. eru reglur um uppgjör á útskatti. Í 1. mgr. er útskattur afmarkaður við hvert uppgjörstímabil sem nánar eru ákveðið í 21. gr.

Þá er kveðið á um að skattskyld velta sem útskattur reiknast af á hverju tímabili sé heildarandvirði hins selda. Sala í þessu sambandi telst hafa farið fram eigi síðar en við afhendingu hins selda og skiptir ekki máli hvort söluandvirðið hefur verið greitt við afhendingu eða verði greitt síðar.

Sé greiðsla innt af hendi áður en afhending fer fram skal telja 82,64% af innborguninni sem skattskylda veltu á uppgjörstímabilinu nema umsaminn afhendingartími sé skemmri en þrír mánuðir frá greiðsludegi fyrstu innborgunar eða ef umsamdar innborgarnir fyrir afhendingu ná ekki 50 000 kr.

Hér er sett fram sú meginregla að með innborgunum inn á umsamda sölu sé verið að greiða jafnt hlutdeild í virðisaukaskatti sem söluandvirði vörunnar að öðru leyti, og því beri að skila virðisaukaskatti til ríkisins þá þegar.

Hlutfallstalan 82,64% er það hlutfall af greiðslu sem nemur söluandvirði þess selda án virðisaukaskatts ef reiknað er með að virðisaukaskattur sé innifalinn í greiðslunni.

Þriggja mánaða undanþágan og 50 000 kr. hámarkið er sett af hagkvæmnisástæðum fyrir skattaðila.

Í 3. mgr. eru heimildir til að draga frá 82,64% þeirra fjárhæða sem aðili þarf að endurgreiða viðskiptamönnum sínum vegna endursendra vara. Undir þetta ákvæði myndu einnig falla endurgreiðslur vegna gallaðra vara. Sama gildir um fjárhæðir sem hann tapar vegna útlánsviðskipta.

Sé virðisaukaskattsskyldum viðskiptavini skattaðila veittur afsláttur eftir að afhending hins selda hefur farið fram er heimilt að draga afsláttinn frá skattskyldri veltu, enda voru skilyrði til veitingar afsláttarins ekki til staðar við afhendingu. Það er forsenda fyrir færslum af þessu tagi að fullnægjandi fylgiskjöl liggi fyrir þar sem afsláttur og virðisaukaskattur koma fram, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Afslátt til óskattskylds aðila eftir að afhending hefur átt sér stað er ekki heimilt að draga frá skattskyldri veltu þar sem telja má að ógjörningur sé fyrir skattyfirvöld að fylgjast með því að veiting slíks afsláttar sé ekki misnotuð.

Um 13. gr.

Í þessari grein er afmarkað hvað telja megi til innskatts sem má síðan draga frá útskatti.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að einungis megi telja sem innskatt virðisaukaskatt sem greiddur er af aðföngum er varða skattskylda sölu skattaðilans. Samkvæmt þessu ákvæði er því ekki heimilt að draga frá sem innskatt virðisaukaskatt af rekstrarfjármunum sem notaðir eru aðeins að hluta til í hinni skattskyldu starfsemi. Hins vegar er í 2. mgr. gefin heimild til að skipta þessum rekstrarfjármunum hlutfallslega eftir notkun þeirra og getur fjármálaráðherra sett reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Í 3. mgr. er frádráttarheimildin takmörkuð nokkuð. Ekki er heimilt að draga frá skatt af ýmsum launatengdum hlunnindum starfsmanna og eiganda. Þessi takmörkun er sett þar sem telja má að hlunnindi þau sem upp eru talin í 1.—4. tl. komi að einhverju leyti í stað launa og séu þar með vörur og þjónusta til endanlegs neytanda. Takmörkun á frádráttarheimild vegna risnu og gjafa er m. a. sett vegna þess hve erfitt yrði að koma í veg fyrir misnotkun. Það skal þó tekið fram að gjafir sem bersýnilega eru gefnar og notaðar í auglýsingaskyni eru frádráttarbærar eins og t. d. almanök, pennar o. s. frv. Í 6. tl. er takmörkun á frádráttarheimild vegna öflunar, rekstrar og leigu fólksbifreiða fyrir færri en 10 menn. Án slíkrar takmörkunar kæmu upp svipuð vandamál og nú eru í tekjuskattslögum varðandi ákvarðanir á því hvað teljist vera einkanot eiganda og hvað teljist vera afnot atvinnurekstrar.

Í 5. mgr. kemur fram að aðilar sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða eru ekki háðir þessari takmörkun á frádráttarrétti varðandi þær bifreiðar sem seldar eru eða leigðar. Takmarkanir 6. tl. gilda hins vegar að sjálfsögðu um aðrar bifreiðar sem þessir aðilar nota í rekstri sínum.

Almennt um VII kafla

Ákvæði VII kafla frumvarpsins, um tilhögun bókhalds, eru að meginstefnu til samin með hliðsjón af þeim bókhaldsákvæðum sem nú er að finna í söluskattslögum og reglugerð um söluskatt. Auk þess hafa verið sett inn til viðbótar ákvæði sem nauðsynleg hafa verið talin vegna upptöku virðisaukaskatts. Í virðisaukaskattkerfi greiða skráð fyrirtæki í raun ekki skatt af innkaupum sínum vegna þess að innskatturinn af innkaupunum fæst dreginn frá útskatti af sölu eða fæst endurgreiddur á annan hátt úr ríkissjóði. Verðútreikningur skráðra fyrirtækja miðast því við innkaupsverðið án virðisaukaskatts. Vegna þessa er auðveldast fyrir fyrirtækin að framkvæma verðútreikninga sína ef innkaupsverðið á reikningnum frá seljanda kemur fram án virðisaukaskatts. Sé um að ræða viðskipti milli skráðra aðila er reglan því sú að upphæð virðisaukaskatts skuli ætíð koma fram.

Ákvæði frumvarpsins um skyldu til reikningsútgáfu eru að mestu í samræmi við núgildandi reglur söluskatts um skyldu til reikningsútgáfu. Samkvæmt virðisaukaskattkerfi er það auk þess mjög þýðingarmikið fyrir kaupanda að reikningur sé gefinn út á réttum tíma, vegna þess að án reiknings fæst virðisaukaskattur af innkaupum ekki frádreginn. Þá er einnig minnt á þýðingu reikningsútgáfu samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 12. gr., en samkvæmt því ákvæði er tími sölu miðaður við dagsetningu reiknings sem gefinn er út áður en eða samtímis því að vara er afhent eða þjónusta innt af hendi. Samkvæmt frumvarpinu eru virðisaukaskattsskil þannig miðuð við svokallaða reikningsaðferð.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú mikilvæga meginregla að virðisaukaskattskyldir aðilar skuli haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila. Segja má að aðrar greinar kaflans feli í sér nánari útfærslu á þessari meginreglu.

Um 15. gr.

Skv. 1. mgr. verður bókhald vegna virðisaukaskatts að færast í sjálfu aðalbókhaldinu eða í sérstökum undirbókum sem byggist á aðalbókhaldinu. Eðlilegast og hagkvæmast mun í flestum tilfellum að færa þetta bókhald í sjálfu aðalbókhaldinu.

Í 4. mgr. greinarinnar er boðið að sérstaka reikninga skuli færa í bókhaldi fyrir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Gert er ráð fyrir því að annað hvort sé innskattur og útskattur færður á þessa sérstöku reikninga jafnóðum eða í lok hvers uppgjörstímabils. Ef síðari aðferðin er notuð er gert ráð fyrir því að fjárhæð innskatts eða útskatts sé reiknuð í lok uppgjörstímabils sem 17,36% af innkaupum eða sölu að meðtöldum skatti miðað við 21% skatt.

Skv. 5. mgr. er gert ráð fyrir að virðisaukaskattsskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum, skuli færa sérstakt bókhald vegna virðisaukaskatts. Sem dæmi um slíka aðila má nefna bændur sem stunda búrekstur þar sem afurðirnar eru að meiri hluta seldar eða lagðar inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu þeirra, en ekki seldar beint til smásala eða neytenda, sbr. síðari málslið 15. tl. b-liðs 2. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald. Hjá þessum aðilum geta innleggsnótur (afreikningar) eða móttökukvittanir vinnslustöðva og samlaga komið í stað reikninga vegna sölu þeirra á afurðum, sbr. 2. mgr. 18. gr. Hins vegar myndu þessir aðilar þurfa að varðveita alla reikninga yfir aðkeypt aðföng til þess að fá frádreginn innskatt. Í 5. mgr. er síðan gert ráð fyrir því að þeir haldi sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti og að fjármálaráðherra ákveði nánar um tilhögun þess. Rétt er að taka fram að sala bænda beint til neytenda er háð ákvæðum frumvarpsins um reikningsútgáfu.

Um 16. gr.

Greinin hefur að geyma sönnunarreglu sem er fyrst og fremst þýðingarmikil fyrir þá aðila sem reka margþætta starfsemi, þar sem sumir hlutar hennar eru skattskyldir en aðrir undanþegnir, sbr. t. d. 2. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 17. gr. Hafi þessir aðilar t. d. ekki hagað bókhaldi sínu og gögnum þannig að þeir geti sýnt fram á að sala sé undanþegin virðisaukaskatti geta þeir átt það á hættu að salan verði talin skattskyld.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattsreglna um reikningsútgáfu.

Athygli skal vakin á því að skv. 1. mgr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma fram þegar um er að ræða sölu til virðisaukaskattsskylds aðila.

Ákvæði 6. mgr. tengjast hinni víðtæku upplýsingaskyldu sem lögð er á aðila skv. 36. gr. Mjög mikilvægt er að unnt sé að rekja viðskipti milli skráðra aðila í virðisaukaskatti, m. a. vegna heimildar kaupanda til frádráttar innskatts. Ekki eru settar um það nánari reglur í frumvarpinu hvernig skráður aðili hagar bókhaldi sínu til þess að geta gefið upplýsingar um sölu til einstaks skráðs aðila, en hann getur t. d. gert þetta með því að varðveita eitt eintak sölureikninga í stafrófsröð ef ekki er færð sérstök viðskiptamannabók yfir slíka sölu. Skráður kaupandi verður samkvæmt frumvarpinu einnig að geta gefið upplýsingar um kaup sín frá einstökum skráðum seljanda. Hjá þessum aðila getur sérstök viðskiptamannabók eða færsla verið nauðsynleg.

Ákvæði 7. mgr. tengjast ákvæðum 11. gr., sbr. 13. gr., um frádrátt vegna innskatts, sbr. ennfremur 33. gr. um virðisaukaskatt við innflutning. Geti virðisaukaskattsskyldur aðili ekki lagt fram umrædd gögn í réttu formi til sönnunar innskatti getur hann átt það á hættu að frádráttur vegna innskatts af viðkomandi viðskiptum verði ekki leyfður. Ákvæði lokamálsliðar 7. mgr. eru sett til þess að létta vinnu af aðilum í smásöluverslun.

Um 18. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverslana og hliðstæðra aðila er undanþegin reikningsskyldu. Slík reikningsskylda væri almennt ekki framkvæmanleg í smásöluverslun auk þess sem hér er að meginstefnu til um að ræða sölu til neytenda sem endanlega bera virðisaukaskattinn og þurfa því ekki reikning vegna frádráttar innskatts. Sé slík sala hins vegar til skráðs kaupanda þarf hann að hafa fullnægjandi reikning til sönnunar vegna frádráttar innskatts. Í slíkum tilfellum verður því að leggja þá skyldu á smásala að hann gefi út reikning vegna staðgreiðslusölu í smásölu. Eðlilegt getur verið að víkja frá kröfum 17. gr. um auðkenni á reikningi, t. d. að tilgreina bílnúmer í stað nafns kaupanda á reikningi, og er fjármálaráðherra ætlað að setja nánari reglur um slík frávik.

Varðandi 2. mgr. vísast til athugasemda um 5. mgr. 15. gr. hér að framan.

Um 19. gr.

Nauðsynlegt þykir að leggja beint bann við því að aðilar undanþegnir virðisaukaskattsskyldu tilgreini á reikningum sínum eða gefi á annan hátt til kynna að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð. Þetta bann er ekki einungis nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki innheimti ranglega virðisaukaskatt sem ekki er skilað í ríkissjóð, heldur einnig til þess að koma í veg fyrir að skráður viðskiptamaður slíks fyrirtækis fái óréttmætan frádrátt vegna innskatts, sem af seljanda er ekki skilað sem útskatti í ríkissjóð. Ákvæði 1. mgr. greinarinnar hafa að geyma þetta bann, en 3. mgr. fjallar um það hvernig skuli leiðrétta, ef út af hefur verið brugðið.

Af svipuðum toga er 2. mgr. 19. gr., en þar er fjallað um seljanda sem er heimilt að gera upp tekjur sínar samkvæmt afreikningi frá vinnslustöðvum eða samlögum, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að verð á vöru eða skattskyldri þjónustu sé tilgreint að meðtöldum virðisaukaskatti.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

VIII KAFLI

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að uppgjörstímabilin verði tveir mánuðir í stað eins mánaðar í núgildandi söluskattskerfi. Markmiðið með því að lengja uppgjörstímabilin er m. a. að draga nokkuð úr vinnu gjaldanda og þeirri vinnu sem skattyfirvöld þurfa að leggja í við úrvinnslu á skýrslum en sú vinna mun aukast við upptöku virðisaukaskatts, m. a. vegna fjölgunar skattaðila.

Gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á skilum á skýrslum og er í núgildandi söluskattskerfi. Í 3. mgr. kemur fram að skila ber skýrslu þegar innskattur er hærri en útskattur en skv. 23. gr. ber þá að endurgreiða úr ríkissjóði mismun innskatts og útskatts.

Um 22. gr.

Samkvæmt þessari grein á skattstjóri að yfirfara virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef með þarf. Þá ber skattstjóra að áætla ef aðili skilar ekki skýrslu eða ef skýrslan, þ. m. t. fylgigögn hennar, er ófullnægjandi og ekki unnt að byggja á henni, t. d. þegar hún er óundirrituð, ólæsileg o. s. frv. Skattstjóri skal ávallt tilkynna skattaðila og innheimtumanni um áætlanir og breytingar sem hann gerir samkvæmt þessari grein. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við núgildandi reglur um söluskatt.

Um 23. gr.

Þegar skattaðili skilar virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur að innskattur hefur verið hærri en útskattur á uppgjörstímabilinu er samkvæmt þessari grein gert ráð fyrir að ríkissjóður endurgreiði mismuninn innan 15 daga frá lokum skilafrests, enda hafi skýrslunni verið skilað á tilsettum tíma. Sé skýrslu ekki skilað á tilsettum tíma er skattaðila áætlaður skattur, sbr. 22. gr., og gefinn 30 daga kærufrestur, sbr. 26. gr. Komi skattaðili með endurgreiðslukröfu áður en kærufresti lýkur skal ríkissjóður endurgreiða skattinn innan 15 daga frá því skattstjóri hefur úrskurðað í málinu.

Þegar svo er ástatt að skattstjóri geti ekki gert nauðsynlegar athuganir á bókhaldi og öðrum gögnum sem skýrslugjöfin byggist á vegna aðstæðna skattaðila, t. d. þegar skattaðili afhendir ekki gögnin, ekki næst til skattaðila o. s. frv., framlengist framangreindur frestur sem því nemur.

Í 3. mgr. kemur fram að því aðeins megi endurgreiða skatt að fyrir liggi skattákvörðun vegna fyrri tímabila. Það þykir ekki rétt að skattaðili geti fengið endurgreiðslu á einhverju uppgjörstímabili á sama tíma og skattstjóri er að fjalla um skýrslu vegna fyrra tímabils. Þá er í málsgreininni kveðið á um að endurgreiðslukröfu skuli skuldajafna á móti vangreiddum skatti og samkvæmt eðli málsins á það sama við um ofendurgreiddan skatt.

Um 24. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álagsgreiðslur sem skattaðila er gert að sæta ef virðisaukaskatti er ekki skilað á tilskildum tíma, virðisaukaskattur áætlaður eða ef endurgreiðsla hefur verið of há. Fylgt er sömu grundvallarreglum um álag og nú eru í söluskattslögum. Þó er álag fyrir hvern byrjaðan vanskiladag 2% í stað 4% í söluskattslögum. Hámarksálag er hins vegar það sama eða 20%. Ákvæðin um dráttarvexti eru í 25. gr.

Þá eru í greininni svipuð ákvæði og í söluskattslögum um heimild skattstjóra til að falla frá viðurlögum og breyta áætlun utan kærufrests ef skattaðili færir til þess gildar ástæður að mati skattstjóra.

Heimildir skattstjóra, ef í ljós kemur að skattaðili hefur greitt of lágan skatt eða ef fylgiskjöl eða bókhald eru ófullnægjandi, eru einnig sambærilegar við núgildandi framkvæmd söluskattslaga.

Um 25. gr.

Gert er ráð fyrir svipuðum reglum um dráttarvexti og eru í núgildandi söluskattslögum þegar skattaðili greiðir ekki virðisaukaskatt innan mánaðar frá gjalddaga.

Hins vegar eru í 4. mgr. ákvæði um að ríkissjóður greiði skattaðila dráttarvexti ef endurgreiðsla skv. 23. gr., sem skattaðili á rétt á og ríkissjóði ber að greiða, hefur dregist í a. m. k. mánuð. Vegna hins sérstaka eðlis þessara endurgeiðslna þykir rétt að gera ríkissjóði að greiða dráttarvexti, enda getur verið um mikla fjármuni að ræða.

Rétt þykir að tryggja kröfur ríkissjóðs á virðisaukaskatti, þ. m. t. of há endurgreiðsla, ásamt álagi og dráttarvöxtum svo sem kostur er. Skv. 2. mgr. njóta kröfur þessar lögtaksréttar. Þær eru forgangskröfur utan skuldaraðar og er óheimilt að slíta félögum fyrr en kröfur þessar eru greiddar. Hér er að sumu leyti um að ræða aukna tryggingu á kröfum ríkissjóðs miðað við núgildandi söluskattslög.

Um 26. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um kærurétt vegna ákvörðunar skattstjóra á virðisaukaskatti svo og úrskurðarfresti skattyfirvalda.

Gert er ráð fyrir að kærufrestur til skattstjóra og ríkisskattnefndar verði 30 dagar í stað 10 daga og 15 daga samkvæmt núgildandi söluskattslögum. Þá eru úrskurðarfrestir skattstjóra og ríkisskattanefndar einnig lengdir samsvarandi eða í 30 daga. Rökin fyrir þessum lengdu frestum eru fyrst og fremst auknar kröfur til að tryggja rétt gjaldanda sem m. a. hafa komið fram í nýjum tekjuskattslögum. Hins vegar hefur það þau áhrif að afgreiðsla mála getur tekið lengri tíma.

Skv. 4. mgr. hefur ríkisskattstjóri rétt til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar en í núgildandi söluskattslögum er það fjármálaráðherra sem hefur þessa heimild.

IX KAFLI

Um 27. gr.

Gert er ráð fyrir að haldin sé hjá skattyfirvöldum sérstök skrá yfir skattaðila sem stunda fiskveiðar og landbúnað. Þessi skrá er nauðsynleg vegna sérákvæða sem fram koma í 28.—32. gr.

Um 28. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að skattaðilar sem stunda landbúnað og fiskveiðar hafi lægra virðisaukaskattshlutfall en aðrir skattaðilar af þeim afurðum eða afla sem lagður er inn hjá vinnslu- og dreifingaraðilum. Í landbúnaði er hlutfallið 9% en í fiskveiðum 10%. Með andvirði afla og afurða er átt við heildarverðmæti hins selda án nokkurs frádráttar, sbr. 8. gr.

Þessir atvinnuvegir hafa að mörgu leyti sérstöðu í íslensku atvinnulífi. Um er að ræða marga aðila, stóra eða smáa, sumir eru ekki bókhaldsskyldir, t. d. bændur (nema þeir sem selja meiri hluta afurða beint til smásala eða neytanda, sbr. 15. tl. b-liðar 2. gr. bókhaldslaga), og atvinnurekstrartekjur hvers um sig koma oftast frá fáum aðilum (vinnsluaðilum) og sala til endanlegs neytanda er oft lítil.

Það þykir því hafa ýmsa kosti bæði fyrir skattaðilana sjálfa svo og ríkið að stefna að því að þessir aðilar verði sem mest hlutlausir í kerfinu. Tryggja þarf að skattaðilinn fái endurgreiddan virðisaukaskatt sem hann greiðir öðrum af aðföngum sínum en jafnframt að hann liggi ekki með virðisaukaskatt sem hann innheimtir.

Skatthlutföllin í þessari grein byggjast á athugun Þjóðhagsstofnunar og miðast við það að þegar á heildina er litið sé virðisaukaskattur sem skattaðilinn greiðir öðrum (innskattur) og virðisaukaskattur sem hann innheimtir frá vinnslustöðvum (útskattur) sem næst sama fjárhæð eftir árið. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Þegar selt er öðrum en aðilum sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu aflans eða afurðanna ber að innheimta fullan virðisaukaskatt, þ. e. 21% af þeim vörum.

Um 29. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 28. gr. er stefnt að því að aðilar í landbúnaði og fiskveiðum séu hlutlausir í kerfinu og innheimti á hverjum tíma virðisaukaskatt sem nemur svipaðri fjárhæð og þeir greiða af aðföngum sínum. Því þykir rétt, m. a. til að draga úr skriffinnsku og vinnu hjá skattyfirvöldum, að þeir sem stunda landbúnað og smábátaútgerð skili skýrslu að jafnaði aðeins einu sinni á ári. Skilafrestur er sá sami og skattaðili hefur til að skila skattframtali sínu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Framangreind regla um að skila skýrslu einu sinni á ári gildir því aðeins að skattaðilar selji árlega meira en 50% afla síns eða afurða miðað við verðmæti til vinnslu eða dreifingaraðila. Reikna má með að þeir sem selja 50% eða meira til annarra með 21% skatti innheimti á hverjum tíma verulega hærri skatt en þeir greiða öðrum og því þykir rétt að þessum skatti sé skilað á reglulegum skiladögum, sbr. 21. gr. Sama gildir um aðila sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum sínum af öðru en landbúnaði eða fiskveiðum.

Í 3. mgr. greinarinnar er skilgreint hvað telja skuli smábátaútgerð skv. 1. mgr., þ. e. útgerð á bátum undir 12 tonnum.

Um 30. gr.

Skattstjóra er veitt heimild samkvæmt þessari grein til að fallast á skemmri uppgjörstímabil hjá aðilum sem skila eiga skýrslu einu sinni á ári en óska eftir örari skilum, þó ekki skemmri en hin almennu tveggja mánaða tímabil, sbr. 21. gr. Jafnframt er skattstjóra skylt að fallast á slíka umsókn ef skattaðilinn á rétt á endurgreiðslu, sbr. 23. gr. Slík ósk kemur fyrst og fremst fram þegar skattaðilar standa í verulegum fjárfestingum og þurfa því að greiða háan virðisaukaskatt sem fæst seint endurgreiddur í sölu.

Ef skattaðilar sem hafa með höndum margþættan atvinnurekstur óska eftir að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja rekstrareiningu er skattstjóra veitt heimild í þessari grein til að fallast á slíka umsókn. Fyrirtæki geta verið rekstrarlega og bókhaldslega þannig byggð upp að slík skipting sé æskileg bæði frá sjónarmiði skattaðilans og skattyfirvalda.

Um 31. gr.

Samkvæmt greininni skulu skattaðilar, sem skila eiga skýrslu einu sinni á ári, skila virðisaukaskatti eigi síðar en 15 dögum eftir að álagningu tekjuskatts er lokið, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981 og á sama tíma skal ríkissjóður inna af hendi endurgreiðslur skv. 1. mgr. 23. gr. Hér er gefinn alllangur frestur á greiðslu skattsins. En þar sem reiknað er með því við ákvörðun skatthlutfallsins skv. 28. gr. að ekki safnist upp svo neinu nemi virðisaukaskattur hjá þessum skattaðilum og hentugt þykir að uppgjör virðisaukaskatts fari saman við árleg framtalsskil er þessi leið valin. Þá má benda á ákvæði 30. gr. um skemmri uppgjörstímabil ef skattaðili óskar og á rétt á endurgreiðslu.

Um 32. gr.

Skv. 1. mgr. verða allir sem í atvinnuskyni hafa með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð skyldir til að innheimta virðisaukaskatt af því sem þeir selja. Hér er um að ræða aukningu á skattskyldusviði miðað við núgildandi söluskattslög en samkvæmt þeim er vinna unnin á byggingarstað undanþegin söluskatti. Varðandi rök og skýringar á þessari víkkun skattskyldusviðsins vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Hin aukna skattskylda leysir ýmis afmörkunarvandamál sem nú eru til staðar í söluskatti.

Einstaklingur, sem sjálfur stendur fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis eins og algengt er hér á landi, þarf nú að greiða virðisaukaskatt af allri aðkeyptri þjónustu jafnt og af efni. Eigin vinna hans sjálfs við byggingu íbúðarhúsnæðisins er hins vegar skattfrjáls eins og áður.

Skv. 2. mgr. er skattverðið heildarandvirði hins selda en þó má draga frá 15% söluandvirðisins ef seld er bygging ásamt lóð eða lóðarréttindum, þar sem lóð eða lóðarréttindi telst ekki vera skattskyld vara, sbr. 6. gr. Hlutdeild lóða í heildarandvirði fasteigna er að sjálfsögðu nokkuð breytileg eftir staðháttum. Þannig er hlutdeild lóðarmats af heildarfasteignamatsverði að meðaltali rúm 10% þegar íbúðarhúsnæði á í hlut en allmiklu hærri í atvinnuhúsnæði. Hér er lagt til að andvirði lóða skuli teljast 15%.

Ef aðili sem hefur með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð tekur sjálfur til eigin nota mannvirki sem hann hefur byggt skal hann telja heildarbyggingarkostnað mannvirkisins án lóðar eða lóðarréttinda með skattskyldri veltu á því uppgjörstímabili sem það gerist.

X KAFLI

Um 33. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur sé greiddur við innflutning á skattskyldri vöru og þjónustu en um skilgreiningu á því hvað teljist skattskyld vara og þjónusta vísast til 6. og 7. gr. frumvarpsins. Greitt er af tollverði að viðbættum tollum og öðrum gjöldum álögðum við tollmeðferð.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er þessi leið valin þar sem hún er talin öruggari í framkvæmd en aðrar leiðir sem komið hefðu til greina. Samkvæmt núgildandi söluskattslögum er söluskattur innheimtur við innflutning til eigin nota en ekki af vörum sem ætlaðar eru til endursölu. Samkvæmt þessari grein frumvarpins er ekki gerður slíkur greinarmunur þar sem innflutningur er allur gerður skattskyldur.

Þá er gert ráð fyrir að reglur laga nr. 120/1976 um tollskrá gildi um ákvörðun tollverðs.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að innheimta virðisaukaskatts af innflutningi fylgi alfarið innheimtu aðflutningsgjalda svo og lögum og reglum um ákvörðun þeirra að því leyti sem lög þessi og reglur brjóta ekki í bága við lagafrumvarp þetta eða reglur settar samkvæmt þeim.

XI KAFLI

Um 36. gr.

Greinin er nær óbreytt frá ákvæðum gildandi söluskattslaga. Vísað er til athugasemda hér að framan um 6. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 6. mgr. skal ætíð gera aðila viðvart áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 5. mgr., sbr. hins vegar 22. gr. frumvarpsins þar sem skattstjóra nægir að tilkynna aðila um þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið samkvæmt þeirri grein.

Um 37. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi söluskattslög og þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattslaga. Hafi skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrt rangt eða villandi frá, þannig að hann hafi fengið endurgreiðslu eða of mikla endurgreiðslu skv. 23. gr. frumvarpsins, fellur sú háttsemi undir 1. mgr. greinarinnar, enda er þar sérstaklega vikið að of hárri endurgreiðslu. Engin sektarhámörk eru í greininni og er þar um að ræða breytingu frá gildandi söluskattslögum að því er 2., 3., 4. og 7. mgr. greinarinnar varðar.

Um 39. gr.

Greinin er í samræmi við 26. gr. gildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

XII KAFLI

Um 40. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi ákvæði skattalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að breyta skuli fjárhæðum þarnefndra greina til samræmis við verðlagsþróun. Fjárhæðir í umræddum greinum eru miðaðar við byggingarvísitölu þá er gildi tók þann 1. janúar 1983 og var þá 1482 stig.

Um 42. gr.

Greinin er í samræmi við 27. gr. núgildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi skattalög og þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1985. Ljóst er að verulegan tíma þarf til undirbúnings framkvæmdar löggjafar samkvæmt frumvarpi þessu og er mjög óvarlegt að ætla minni tíma en ár frá samþykkt frumvarpsins til gildistöku.

Dragist samþykkt frumvarpsins fram yfir áramótin 1983/1984 verður nauðsynlegt að fresta gildistöku fram til 1. janúar 1986.

Ed. 354. Frumvarp til laga [198. mál]

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskerta.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkið starfræki stofnun, sem nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Fyrir stofnuninni skal vera yfirlæknir, sérmenntaður í augnsjúkdómum, og skal hann annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu vera: gleraugna- og sjónfræðingar, sjónþjálfar, félagsráðgjafar, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar, skv. lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar og yrði yfirlæknir augndeildar jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Blindrafélagið tilnefnir einn og Augnlæknafélag Íslands einn. Sömu reglur gilda um varamenn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu, sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal í samráði við landlækni halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir.

Við stofnunina skal starfrækja sjónglerjaþjónustu undir stjórn gleraugnafræðings.

Stofnunin hefur yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknum í samráði við aðra aðila, er starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegun á hvers konar sérhæfðum hjálpartækjum fyrir sjónskerta, sem yfirlæknir hennar eða aðrir læknar á vegum stöðvarinnar úrskurða nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatrygginga.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur í samráði við landlækni ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar sjónskertum úti á landi.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við starfandi kennara blindradeildar sérfræðilega umsjón með sjónþjálfun og augnlæknisfræðilegri meðferð og rannsókn sjónskertra nemenda í skólum landsins.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um þá þjónustu við blinda og sjónskerta sem veitt er á stöðvunum. Skulu heilsugæslustöðvar tilkynna stofnuninni um alla sem eru eða grunur leikur á að séu sjónskertir.

10. gr.

Ráðherra ákveður aðsetur stofnunarinnar að höfðu samráði við stjórn hennar og skal heimilt að samnýta húsnæði með öðrum opinberum aðilum eða hagsmunaaðilum eftir því sem um semst. Sama gildir um starfsfólk.

11. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þegar í stað og skal hún vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að í desember 1982 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, sem m. a. fékk það hlutverk að gera tillögur um starfsemi sjónstöðvar og skipulagningu sjónverndar í landinu, þar með talið forvarnarstarf, úthlutun hjálpartækja og hlutdeild hins opinbera í því. Í nefndina voru skipaðir: Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur, formaður, Ólafur Ólafsson, landlæknir, Óskar Guðnason, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, Guðmundur Björnsson, augnlæknir og Margrét Sigurðardóttir, blindrakennari.

Frumvarp það sem hér liggur frammi ásamt greinargerð, kostnaðaráætlun o. fl. eru tillögur nefndarinnar um framtíðarskipan þeirra þátta sem þar koma fram.

Það er álit nefndarinnar að ekki sé annað fært en að skipa fyrir um þau mál er hér um ræðir með lögum, vegna þeirrar samræmingar sem þeim er ætlað að hafa í för með sér, þess kostnaðar sem af þeim muni leiða og ekki síst vegna þeirrar réttarbótar, er þau myndu hafa í för með sér þar sem hlutur sjónskertra yrði sá sami og annarra þjóðfélagsþegna, er þurfa á séraðstoð að halda. Á slíkt skortir töluvert í dag.

Nefndin minnir á að á undanförnum árum hafa verið sett margs konar lög til þess að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar, sem á hjálp hafa þurft að halda. Má í þessu

tilviki nefna almenn lög svo sem lög nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, og sérlög eins og lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands nr. 35/1980, en sú stofnun annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta svo sem prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Er ekki vafi á því að með tilkomu þessara laga hefur hlutur þeirra, er þeirra njóta, orðið stærri.

Félagsleg þjónusta og endurhæfing sjónskertra hefur til þessa eingöngu verið í höndum Blindrafélagsins en það var stofnað 19. ágúst 1939 með það fyrir augum, að aldraðir, blindir og sjónskert fólk nytu nauðsynlegrar aðhiynningar. Tilgangur félagsins er að vinna að hvers konar menningar- og hagsmunamálum blindra, svo sem með því að vinna að því að blint fólk geti aflað sér þeirrar menntunar, er það hefur löngun og hæfileika til. Ennfremur að vinna að því að blindir sem að öðru leyti eru vinnufærir geti fengið atvinnu við sitt hæfi. Félagið vill vinna að því að koma blindu fólki að þeim störfum, er það kynni að vera fært um að leysa af hendi, hjá hvers konar atvinnufyrirtækjum, svo og að stuðla að því að blindir geti sjálfir rekið atvinnu sér til lífsframfæris. Ennfremur vill félagið stuðla að hvers kyns félagslegri og menningarlegri aðstoð við blint og sjónskert fólk og auðvelda því almenna umgengni við sjáandi fólk. Hefur félagið, sem var helsti brautryðjandi í málefnum blindra, helgað starfsemi sína ofangreindum markmiðum ásamt Blindravinafélagi Íslands, sem stofnað var árið 1932, en tilgangur þess félags er að hjálpa og hlynna að blindum hér á landi, ungum og gömlum og vinna að útbreiðslu þekkingar á augnsjúkdómum meðal almennings og verndun sjónarinnar.

Í frumvarpi því sem hér liggur frammi er gert ráð fyrir því að sett verði á laggirnar stofnun á vegum ríkisins er nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Engin slík stofnun hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Þeir sem njóta myndu þessarar þjónustu yrðu fyrst og fremst þeir sem eiga í erfiðleikum með lestur með venjulegum gleraugum, þ. e. sjóndepra skv. flokkun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, 6/18 eða minni. Skv. reglum WHO frá 1977 flokkast sjónskerðingar sem hér segir:

Flokkun sjónskerðingar		Sjónskerpa betra auga með besta gleri
Sjóndepra (Low vision)	1.	6/18 (eiga í erfiðleikum með lestur með venjulegum gleraugum)
	2.	6/60
Sjónleysi (Blindness)	3.	3/60
	4.	1/60 (Telur fingur í 1 m fjarlægð)
	5.	Greinir ekki ljós
Sjónsviðsskerðing:		Þeir sem ekki hafa meira en 10° sjónsvið en meira en 5° í miðsvæði eru í 3. flokki og þeir sem hafa ekki meira en 5° vítt sjónsvið eru í 4. flokki jafnvel þótt skarpa sjónin sé óskert.

Eitt af markmiðum stofnunarinnar verður að tryggja það að ávallt séu hér á boðstólum sem fullkomnastar tegundir sérhæfðra hjálpartækja fyrir sjónskert og blint fólk. Ennfremur þarf að tryggja það að viðgerðarþjónusta verði sem best. Innan stofnunarinnar verður því að starfa sérþjálfað fólk til þess að leiðbeina sjúklingum og þjálfa þá svo að fullkomin nýting náist út úr þeim hjálpartækjum, sem á boðstólum eru. Þarf að kappkosta að ná til sem flestra þeirra aðila sem á þessari aðstoð þurfa að halda, t. d. með ferðalögum úti á landi í tengslum við augnlækningaferðalög á vegum heilbrigðisstjórnarinnar. Leggja verður áherslu á að hér er þó um ólík atriði að ræða, þar sem augnlækningaferðirnar hafa verið farnar í lækningaskyni en þjálfunarþátturinn hefur ekki verið ræktur sem skyldi á sérhæfðum grundvelli, einkum endurhæfingin. Viðbúið er að margir sem þurft hefðu á slíkri þjónustu að halda hafi ekki notið hennar, þar sem sjúkdómsgreiningarþátturinn hefur ekki verið

ræktur sem skyldi. Ennfremur ber að hafa í huga að allt forvarnarstarf á þessum vettvangi skilar sér í sparnaði annars staðar innan kerfisins eins og önnur dæmi sanna t. d. þannig að viðkomandi þurfi ekki á sérkennslu að halda sem er miklu dýrari og umfangsmeiri en venjuleg kennsla. Ennfremur má benda á að fræðsla á þessu sviði hefur ekki verið mikil þannig að af þeirri ástæðu er viðbúið að þjónustuþörfin sé meiri en fram hefur komið.

Með hliðsjón af framanrituðu er nefndin þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að kveða á um þessa þætti í lögum þannig að skýrt komi fram hver sé vilji löggjafarvaldsins varðandi þennan þjóðfélagslega velferðarþátt. Fyrir því er frumvarp þetta fram komið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því að ríkið starfræki stofnunina og að hún verði í óskiptri eign þess. Hér er kveðið á um nafngift stofnunarinnar, en margar hugmyndir komu fram um hana. Þessi þótti lýsa starfseminni best, þótt menn væru ekki alveg sáttir við hana. Ennfremur er kveðið á um starfslið og menntun þess. Til þess að stofnun sem þessi þjóni tilgangi sínum þarf að starfa við hana yfirlæknir. Þarf hann að vera sérmenntaður í augnlækningum. Hversu mikið starfið verður skal ósagt látið. Í upphafi væri ekki óraunhæft að miða við hálft starf eða að samið yrði sérstaklega við augndeild sjúkrahúss, í þessu tilviki Landakotsspítala, um læknisþjónustuna, þannig að yfirlæknir augndeildarinnar yrði jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar. Yrði þá að semja sérstaklega um launagreiðslur en þær gætu lögum skv. aldrei farið yfir sem nemur ½ stöðu yfirlæknis. Yrði yfirlæknir yfirmaður allrar sérfræðivinnu stofnunarinnar. Ennfremur yrði að vera við stofnunina starfandi gleraugna- og sjónfræðingur, sjónþjálfi (synpedagog), félagsráðgjafi, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki, svo sem ritari. Til þess að byrja með og þar til reynsla er fengin á starfsemina væri nægjanlegt að hafa gleraugna- og sjónfræðing í hálfu starfi, sjónþjálfa í fullu starfi, félagsráðgjafa í hálfu starfi og ritara í hálfu starfi. Varðandi annað starfsfólk væri hægt að semja við Blindrafélagið um samnýtingu starfskrafta. Ennfremur væri ekki óeðlilegt að þeir aðilar, er að hálfu störfuðu við stofnunina, störfuðu ennfremur á vegum Blindrafélagsins, sbr. nánar heimildir í 10. gr. frumvarpsins.

Allur kostnaður við beinan rekstur stöðvarinnar yrði greiddur af ríkissjóði skv. ákvörðun fjárveitingavaldsins á fjárlögum ár hvert.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun yfirlæknis og er það í samræmi við lög nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir því að stjórn stöðvarinnar ráði aðra starfsmenn.

Í 2. mgr. er heimildarákvæði fyrir ráðherra þess efnis að semja megi við augndeild sjúkrahúss um að annast læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar og að yfirlæknir augndeildar yrði þá jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar. Á þennan hátt yrði hægt að tengja starfsemi þessara aðila sem mest en slíkt hlýtur að verða hagkvæmt. Eins og stendur, er eingöngu starfrækt augndeild við Landakotsspítala, en hvað framtíðin ber í skauti er erfitt að segja fyrir um, þannig að augndeildir gætu risið við fleiri spítala. Nauðsynlegt er að við slíka samninga sé þess gætt að sem mest tengsl séu á milli starfsemi stöðvarinnar og þeirrar kennslu, sem fram fer á vegum læknadeildar Háskóla Íslands.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um stjórn stöðvarinnar, þ. e. a. s. að henni skuli skipuð sérstök stjórn. Gert er ráð fyrir því að hún verði fámenn. Auk ráðherraskipaðs manns skulu tilnefna í hana Blindrafélagið og Augnlæknafélag Íslands, sem eru þeir aðilar sem hvað mest koma

nærri þessum málum í dag. Það er ekki síst mikilvægt að hafa stjórn yfir slíkri stofnun þar sem um er að ræða nýja stofnun. Leggst því væntanlega töluverð vinna á stjórn stofnunarinnar t. d. vegna gildistöku frumvarps þessa ef að lögum verður.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk stofnunarinnar sem er fyrst og fremst að skipuleggja og sjá um allt er viðkemur þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu, sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir og skal um slíkt hafa samráð við landlækni, sem sér um heilbrigðistölfræðifærslu hér á landi.

Lögð er áhersla á að við stöðina sé starfrækt sjónglerjaþjónusta undir stjórn gleraugnafræðings. Hér yrði fyrst og fremst um að ræða sérhæfð hjálpartæki, þannig að ekki er verið að taka undir stofnunina hinn almenna gleraugnamarkað. Stofnuninni er ætlað að hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknum í samráði við aðra aðila, er starfa á þessum vettvangi. Í þessu tilviki má nefna stofnanir eins og Vinnueftirlit ríkisins varðandi sjónvernd á vinnustöðum. T. d. gæti stofnunin haldið námskeið um meðferð hjálpartækja fyrir fólk, sem starfar við heilsugæslu og kennslu, svo dæmi séu tekin.

Um 5. gr.

Lagt er til að stofnunin annist útvegun á þeim hjálpartækjum, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg. Í dag úrskurðar Tryggingastofnun ríkisins (tryggingayfirlæknir) slíkt. Engin ástæða er til að halda í það fyrirkomulag þegar sett hefur verið á stofn sérstök stofnun til þess að vinna að þessum málum. Er miklu eðlilegra að sá læknir, sem annast rannsókn á vegum stöðvarinnar og sem til þess hefur sérmenntun, ákveði slíkt. Á þennan hátt sparast fjármunir t. d. þar sem vottorðagjöf yrði óþörf, svo ekki sé minnst á það hagræði sem slíkt hefði í för með sér fyrir neytendur.

Ennfremur er lagt til að ráðherra fái vald til þess að setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja að fengnum tillögum stjórnar. Skal miða slíkt við hliðstæðar greiðslur almannatrygginga. Í dag fer tryggingaráð með þetta vald skv. almannatryggingalögum. Fyrir þessari breytingu má færa sömu röksemdir og varðandi úrskurð yfirlæknis. Nái þetta fram að ganga myndi stöðin sjálf annast greiðslur f. h. ríkisins í stað sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins og yrðu þannig öll mál er tengjast starfsemi sjónstöðvar á einni hendi undir beinni yfirstjórn ráðherra.

Um 6. gr.

Lagt er til ákvæði þess efnis að ráðherra sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á vegum stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Miðað við aðra þjónustu innan heilbrigðiskerfisins er eðlilegt að eitthvert gjald komi fyrir, að vísu lágt, og væri ekki óraunhæft að miða það við göngudeildargjald eins og gert er ráð fyrir í lögunum. Með þessu er aðeins lagt til að ótvíræð lagaheimild finnist til töku gjalds.

Um 7. gr.

Stofnunin skal í samráði við landlækni skipuleggja ferð starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar sjónskertum úti á landsbyggðinni. Slíkar ferðir ber að fara eins oft og þurfa þykir þó ekki sé lagt til að þær skuli farnar árlega. Um nauðsyn slíkra ferðalaga þarf ekki að fara mörgum orðum og skal það aðeins ítrekað hér sem fram kemur í inngangi með athugasemdum.

Um 8. gr.

Til þess að sem best samræming náist í þessum málefnum er gert ráð fyrir því að stofnunin hafi í samráði við starfandi kennara blindradeildar sérfræðilega umsjón með sjónþjálfun og augnlæknisfræðilegri meðferð og rannsókn sjónskertra nemenda í skólum landsins. Slíkt yrði að sjálfsögðu gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Nauðsynlegt er að kveða á um þetta hlutverk stöðvarinnar svo þessi mál öll séu á einni hendi frá upphafi.

Um 9. gr.

Í lögunum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um að innan heilsugæslunnar, þ. e. a. s. á heilsugæslustöðvunum eða í tengslum við þær, skuli m. a. rekin sjónvernd. Þannig fellur frumþjónustan á heilsugæsluna og er hér lagt til að heilsugæslustöðvarnar hafi samráð við stofnunina hvað snertir þessi mál. Ennfremur er gert ráð fyrir því til þess að fullnægja tilkynningarskyldunni beri heilsugæslustöðvunum að tilkynna stofnuninni um alla þá sem eru eða grunur leikur á að séu sjónskertir.

Um 10. gr.

Ekki er kveðið á um aðsetur stofnunarinnar, heldur gert ráð fyrir því að ráðherra geti ákveðið það, að höfðu samráði við stjórn hennar, og að hann geti þá jafnframt heimilað að samnýta húsnæði með öðrum opinberum aðilum eða hagsmunaaðilum eftir því sem um semst. Sama gildir um starfsfólk. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að gerður yrði sérstakur samningur um skiptingu launa- og rekstrarkostnaðar milli stjórnar stöðvarinnar og hlutaðeigandi aðila sem ráðherra staðfesti.

Það sem einkum vakir fyrir frumvarpshöfundum hér er að nýta þá aðstöðu sem er að finna í húsi Blindrafélagsins, en þar stendur slíkri stöð til boða ágætis húsnæði 150 m^2 að stærð, sem nýtast myndi mjög vel jafnvel um langa framtíð. Hvað snertir starfsfólk er sjálfsagður hlutur að samnýta það með Blindrafélaginu. Hvort sem slík heimild verður nýtt eða ekki er sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn, ekki síst með hliðsjón af því að komast hjá óþarfa fjárútlátum og að reyna að tengja þessi mál sem mest við þá aðila, sem hafa mestra hagsmuna að gæta á þessum vettvangi.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Kostnaður vegna Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra miðað við verðlag 1. febrúar 1983.

1. Launakostnaður:

Starfslið:

½ yfirlæknir	kr.	240 000
½ gleraugnafræðingur	—	180 000
sjónþjálfi	—	240 000
½ félagsráðgjafi	—	120 000
½ ritari	—	100 000
stjórn	—	40 000

2. Reksturskostnaður:

a. Húsaleiga og annar rekstrarkostnaður er henni tengist svo sem rafmagn, hiti, ræsting. Miðað er við húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð 150 m². Gengið er út frá því að húsið sé frágengið og að samið sé til 10—15 ára. Um er að ræða 4 herbergi ásamt hreinlætisaðstöðu og kaffistofu, 70 kr. pr. m² eða sem nemur ca. 120 000 á ári í leigu + önnur gjöld 50 000. samtals kr. 170 000

3. Gjaldfærður stofnkostnaður:

a. Stofnbúnaður reiknaður með aðflutningsgjöldum sbr. nánar meðfylgjandi lista ..... kr. 3 700.000

b. Ýmiss konar kostnaður vegna sérsmíði innréttinga ..... — 100 000

4. Ferðalög út á land:

Aukaútgjöld m. a. laun annarra en starfsmanna stöðvarinnar. ..... kr. 200 000

5. Yfirfærslur til félaga og einstaklinga vegna þátttöku ríkisins í kaupum á hjálpartækjum (sjá lista) ..... kr. 500 000

Samtals: kr. 4 690 000

Vert er að benda á að verulegur hluti ofangreinds kostnaðar er hreinn stofnkostnaður vegna tækjakaupa, sem félli til að stærstum hluta á fyrsta ári. Reikna mætti með miðað við núverandi verðlag að árlegur rekstrarkostnaður stöðvar sem þessarar með því umfangi sem henni er ætlað í lagafrumvarpinu gæti numið á milli 1.5—2 millj. kr. Ennfremur skal bent á að töluverðu fé hefur verið safnað til tækjakaupa á vegum sjálfboðaliða, þannig að stofnkostnaður mundi lækka nokkuð.

Listi yfir stofnbúnað.

I. Fyrirtækið LOW VISION INTERNATIONAL í Svíþjóð, sem annast uppsetningu sjónstöðva og þjálfun starfsfólks, hefur sent Blindrafélaginu lista yfir nauðsynlegan tækjabúnað ásamt kostnaðaráætlun, en áætlunin miðast við 30. september 1982.

Kostnaði er skipt í þrjá hluta hvað snertir tækjabúnað. Verð er reiknað með því að margfalda útsöluverð í Svíþjóð með 2.7 og síðan með 2.5 sem er meðalálagning á lækningatækjum komin til notkunar hér á landi.

	Kr.
1. Tækjabúnaður á verkstæði gleraugnafræðings og augnlæknis.	800 000
2. Útbúnaður fyrir gleraugna- og sjónfræðing til rannsókna	1 600 000
3. Tækjabúnaður fyrir sjónþjálfa:	
Sérútbúið lestrarborð fyrir sjónskerta.	
Sérstök lýsing.	
Myndvarpi með skermi.	
Sjónvarpstæki með myndsegulbandstæki.	
Stækkunargler o. fl.	
„Magnivision"-lessjónvarpstæki.	
Stóll fyrir sjúkling.	
Sýnishorn af mism. textum og efni til þjálfunar.	500 000
	2 900 000

II. Augnlækningatæki (áætlað verð 1. janúar 1983)

	kr.
„Slitlamp" og „keratometer" frá Haag Streit	350 000
„Applanations tonometer"	25 000
„Goniolens — 3 mirror"	6 000
Glerjakassi frá Oculus	35 000
„Trial frame"	5 000
„Lensometer"	100 000
„Keller specialist ophthalmoscop"	40 000
„Zeiss-Jena ophthalmoscop"	25 000
„Linsa fyrir indirect ophthal"	5 000
„Projector"	20 000
Sjónprófunartöflur	2 000
Spegill á standi	7 000
„Bjerrum screen"	5 000
„Keeler low vision test"	30 000
Ishihara Color-test"	5 000
Skoðunarbekkur, borð, stólar o. fl.	120 000
Ýmis smærri áhöld	20 000
	800 000
Samtals	3 700 000

Listi yfir hjálpartæki.

Eftirtalin hjálpartæki eru til sölu hjá Blindrafélaginu ætluð sjónskertum:

Sjóngler, margs konar.
Kíkjar.
Lampar m. stækkunargleri (fást í raftækjaverslunum).
Skriframmar fyrir sjónskerta.
Kasettutæki.
Nafnrammar.
Teiknibretti og plastþynnur.
Úr og klukkur með uppl. punktum.
Spil f. sjónskerta með stórum stöfum.
Símaskífur (fást hjá Pósti og síma).

Einnig eru margs konar önnur hjálpartæki fyrir blinda og mjög lítið sjáandi, s. s. ýmis hjálpartæki við heimilisstörf og stærri hjálpartæki sem úthlutað er til einstaklinga, s. s. lessjónvarpstæki, blindraletursritvélar o. m. fl.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér má reikna með að sala á hjálpartækjum á s. l. ári á vegum Blindrafélagsins o. fl. hafi numið um 500 þús. Þar af tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í helmingi í samræmi við reglur tryggingaráðs.

Miðað við að nokkur aukning verði og að ríkið standi undir sem nemur um 75% af heildarkostnaði væri ekki óraunhæft að miða hlutdeild ríkisins við kr. 500 000 á verðlagi 1. janúar 1983.

Ed. 355. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta felur í sér lækkun tekjuskatts í þágu þeirra sem eiga og reka fyrirtæki eða fjárfesta í atvinnurekstri. Ekki liggur fyrir hversu miklu tekjutapi ríkissjóður verður fyrir á því ári, sem nú er að líða, með samþykkt þessa frumvarps og enn síður á komandi árum. Ljóst er þó að þeir, sem hafa hag af samþykkt frumvarpsins, eru einkum:

Í fyrsta lagi einstaklingar sem fá greiddan **arð af hlutafjáreign.** Þeir njóta þegar nokkurs skattafsláttar samkvæmt gildandi skattalögum en fá nú um það bil tvöfalt hærri afslátt;

í öðru lagi er ætlunin að veita mönnum veruleg skattfríðindi út á **fjárfestingu í atvinnurekstri.** Hjón, sem leggja fram 40 þús. kr. til fjárfestingar í eigin atvinnurekstri, fá stóran hluta af þessari fjárhæð úr ríkissjóði í formi skattalækkunar, jafnvel allt að 40% ef þau hafa verulegar tekjur. Sama gildir um kaup á hlutabréfum í stórum hlutafélögum svo og um framlög starfsmanna í sérstaka fjárfestingarsjóði, svonefnda starfsmannasjóði, og hlutabréfakaup í fjárfestingarfélögum;

í þriðja lagi er eignarskattur á **hlutabréfaeign** lækkaður;

í fjórða lagi er opnuð leið til þess í öllum fyrirtækjum, jafnt þeim sem rekin eru í félagsformi sem í nafni einstaklinga, að leggja **40% af skattskyldum hagnaði ársins** til hliðar í svo nefnda **fjárfestingarsjóði** og kemur þessi upphæð ekki til skatts á því ári. Þessi heimild kemur í staðinn fyrir núgildandi varasjóðsheimild sem er nú að hámarki 25% af skattskyldum hagnaði og nær aðeins til fyrirtækja í félagsformi;

í fimmta lagi eru **fyrningarheimildir** í atvinnurekstri verulega **hækkaðar.** Fyrningarhlutfall véla hækkar úr 12% í 15—20%, skipa úr 8% í 10% og fasteigna úr 2—6% í 2—10%.

Ljóst er að mjög mikil og fjölbreytt skattfríðindi felast í tillögum þessum. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að minna á að á sama tíma og ríkisstjórnin telur sér fært að samþykkja þessi miklu fríðindi í þágu atvinnurekstrar hafa kjör almennings verið gífurlega skert. Kjaraskerðingin bitnar því harðar á fólki sem tekjurnar eru lægri, en ljóst er að þeir verst settu munu í engu geta notið þessara fríðinda, bæði vegna þess að þeir eiga ekkert til að leggja til hliðar og skattfríðindin eru bundin við þá eina sem greiða tekjuskatt.

Frumvarpið var sent Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umsagnar. Hvor tveggja samtökin hafa svarað og lýst yfir andstöðu sinni við frumvarpið. Umsagnir ASÍ og BSRB eru birtar hér sem fylgiskjöl.

Í lokaorðum umsagnar miðstjórnar ASÍ, sem samþykkt var einróma á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 2. febr. s. l., segir:

„Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni."

Hér er komið að kjarna málsins. Við undirritaðir nefndarmenn fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar teljum að miklu brýnna væri að **bæta kjör lágtekjufólks** með breytingum á skattalögum fremur en að veita atvinnurekendum enn frekari skattfríðindi. Við leggjum því til að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 10. febr. 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Eiður Guðnason.

Fylgiskjal I.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
form. Eyjólfur Konráð Jónsson
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík.

Reykjavík, 3.2. 1984.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt einróma á fundi miðstjórnar ASÍ 2. febr. 1984:

„Alþýðusamband Íslands þakkar það tækifæri sem því er gefið til að segja álit sitt á framlögðum frumvörpum um tekju- og eignarskatt og frádrátt vegna fjárfestinga í atvinnurekstri.

Ríkisstjórnin hefur með markvissum aðgerðum tekist að fjarlægja fjórða hluta kaupgetu almenns launafólks. Í framhaldi af þeim drjúga árangri hefur verið ákveðið að auka skattbyrði tekjuskatts og útsvars um nálega 1½% tekna á þessu ári.

Atvinnureksturinn nýtur hinna lágu launa enda hefur afkoma í flestum greinum, utan sjávarútvegs, sjaldan verið betri. Til að styrkja fyrirtækin enn frekar eru nú til umræðu tillögur um hækkun afskriftarhlutfalla, skattfrelsi fjárfestingar í atvinnurekstri, arðs af hlutabréfum og fjár sem notað er til hlutafjárkaupa. Starfsmönnum skal einnig heimilt með skattfrelsi að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá, í þeim fáu tilfellum þar sem slík bréf kunna að vera til sölu. Til að tryggja að slík starfsmannafjárfesting fari ekki í rangan farveg er stjórn viðkomandi hlutafélaga tryggður fulltrúi í stjórn þess starfsmannasjóðs sem hlutabréfin kaupir.

Greinilegt er að umrædd frumvörp eru skýrt og markvisst framhald af fyrri ákvörðun stjórnvalda um tilflutning fjár í þjóðfélaginu. Stefnan hvílir öll á þeirri forsendu að fátækur maður, sem fær fé í hendur, sé líklegur til að nýta það í mat, klæði eða annað það sem þjóðfélaginu verður að litlu gagni. Sá ríki, sem lifir í vellystingum praktuglega, sé líklegri til að veita því í þjóðfélagslega nytsama framkvæmd.

Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni."

Virðingarfyllst,
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal II.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Reykjavík, 7. febr. 1984.

Stjórn B. S. R. B. hefur verið sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum, og frumvarp til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Í því sambandi ályktar stjórn B. S. R. B. eftirfarandi:

Í þeim kjarasamningaviðræðum, sem nú standa yfir, hefur B. S. R. B. lagt sérstaka áherslu á kjör hinna lægst launuðu, sbr. 1. lið kröfugerðar B. S. R. B. dags. 10. jan. 1984, sem hljóðar svo:

„Þegar í stað verði bættur hlutur þeirra, sem við lökust kjör búa, og við það miðað að enginn hafi dagvinnulaun undir 15 þúsund krónum á mánuði. Hluti kjarabóta að þessu marki mætti felast í breytingum án beinnar hækkunar launastigans, t. d. hröðun uppfærslu sérstaklega milli lægstu launaflokka B. S. R. B., hækkun barnabóta og tekjutryggingar lífeyrisþega, neikvæðum tekjuskatti og hækkun skattleysismarka við álagningu tekjuskatts og útsvars.“

Eins og hér kemur fram telur B. S. R. B. að eins megi bæta kjör hinna lægst launuðu í gegnum breytingar á skattbyrði, þ. m. t. aukning neikvæðra skatta eins og með beinum kauphækkunum. Til að ígildi kröfunnar um 15 þúsund króna lágmarkslaun rúmist innan skattleysismarka miðað við árið 1983 og kaupmátt 15 þúsund í september s. l. þyrftu skattfrelsismörk að hækka verulega.

Leggur B. S. R. B. áherslu á að hlutur láglaunafólks verði stórlega bættur með frumvörpum þessum, en frumvörpin stefna í gagnstæða átt. Frumvörpin eru augljóslega sniðin með það í huga að létta skattbyrði atvinnurekenda og því telja stjórnvöld greinilega svigrúm fyrir hendi hjá ríkissjóði sem ætti fremur að verja til að gera stórátak í málefnum láglaunafólks.

Þá eru í frumvarpi til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri nýmæli um starfsmannasjóði. Í 13. gr. frumvarpsins kemur fram að opinberir starfsmenn eru þarna undanskildir.

Stjórn B. S. R. B. vill taka fram að hún telur starfsmannasjóði almennt mjög athyglisverða sem hluta úrlausna í atvinnu- og efnahagsmálum. Á hinn bóginn er það form þeirra, sem fram er sett í frumvarpinu, of þröngt og alls ófullnægjandi. Bandalagið er því andvígt frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst.
F. h. Bandalags starfsmanna
ríkis og bæja,
Kristján Thorlacius.

Sþ. 356. Fyrirspurnir. [199. mál]

I. Til menntamálaráðherra um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað hefur verið gert til að framfylgja þingsályktun frá 22. mars 1979 um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar?

II. Til menntamálaráðherra um íslenskt efni á myndsnældum.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 3. maí 1982 um aðgang almennings að íslensku sjónvarpsefni á myndsnældum?

III. Til menntamálaráðherra um notkun sjónvarpsefnis í skólum o. fl.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvað líður athugun á því að Námsgagnastofnun fái til dreifingar í skóla myndefni sem sjónvarpið hefur framleitt á liðnum árum og telst gagnlegt til notkunar í skólum?
2. Hvað kemur í veg fyrir að Námsgagnastofnun geti fengið slíkt efni til dreifingar í skólum?
3. Hver er stefna menntamálaráðherra að því er varðar notkun þessara mikilvægu og sterku fjölmiðla í skólakerfinu?
4. Hver er stefna menntamálaráðherra varðandi þátttöku Íslands í samvinnu skólasjónvarpsdeilda sjónvarpa á Norðurlöndum?

IV. Til dómsmálaráðherra um afdrif nauðgunarmála.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hversu oft hefur verið kært fyrir nauðgun síðan Rannsóknarlögregla ríkisins var sett á stofn árið 1977?
2. Hve margar kærur hafa leitt til ákæru?
3. Hve margar kærur hafa verið felldar niður vegna skorts á sönnunum?
4. Hve mörgum málum hefur lokið með sátt og hve háar upphæðir er um að ræða í hverju tilviki?
5. Hve margar ákærur hafa leitt til dóms á ofangreindu tímabili, og hver hefur refsing orðið í hverju tilviki?

Nd. 357. Frumvarp til laga [200. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda, ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

3. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda, sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila, er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur, sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð, og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann, sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi, sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

4. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna launþega í bú vinnuveitanda, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. þó 9. gr.:

a) Kröfu um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, að því leyti, sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra, sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi.
b) Kröfu um orlofsfé, sem fallið hefur til vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti, sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra, sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið.
c) Bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings.
d) Bóta til launþega eða þess, sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans, sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss.
e) Kostnaðar, sem launþegi eða sá, er krefst bóta samkvæmt d-lið, hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að innheimtutilraunir hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu.
f) Almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt stafliðum a til d, frá gjalddaga þeirra til þess dags, sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt stafliðum e og f, þótt þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

5. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a, b og c liðum 4. gr.:

a) Þeir, sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.
b) Þeir, sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c) Forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess, að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma, sem unnið var fyrir vinnulaununum.
d) Maki þess, sem ástatt er um sem segir í stafliðum a til c, svo og skyldmenni þess í beinum legg og maki skyldmennis í beinum legg.

III. KAFLI

6. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda, verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina, að hún berist félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði, er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið.

7. gr.

Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi, svo glöggt sem við verður komið:

a) Nafn, nafnnúmer og heimilisfang þess, sem kröfu gerir.
b) Nafn, nafnnúmer og heimilisfang, vinnuveitanda, og hvenær bú hans var tekið til skipta.
c) Hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið, og eftir hverjum samningum þau fóru.
d) Yfirlýsingu þess, er kröfuna gerir, sem gefin er að viðlögðum drengskap, um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans, og gögn, sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum, og skal þeim, er kröfuna gerir, á sannanlegan hátt vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

8. gr.

Er félagsmálaráðherra hefur borist greiðslukrafa samkvæmt lögum þessum, skal hann leita umsagnar skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um eftirtalin atriði:

a) Hvort eða að hve miklu leyti viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið.
b) Hvenær búið hafi verið tekið til skipta og hver birtingardagur innköllunar hafi verið, er ræður lokum kröfulýsingarfrests.
c) Hvort kunnugt sé að þau atvik, er í 5. gr. getur, varði kröfuna.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna, en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni, að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið, að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu, og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrði a-liðs 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda, en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið, verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

9. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess, án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið, og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði, er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur, og vottorð vinnuveitandans, eftir því, sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna, sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna, sem hann getur vottað um á grundvelli gagna, sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

10. gr.

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld, glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við, ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst.

11. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í búi vinnuveitandans, hefst frestur þessi þann dag, sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði, skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna, og má veita honum gjafsóknarleyfi, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

12. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði, skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans, og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflega þeim, er kröfu gerir, og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð, sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði, fer fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

14. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði, eða leynt hafi verið atriðum, sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði, ef ljós hefðu verið, ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð, sem hann hefur ranglega fengið.

Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs, er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð, sem ranglega hefur fengist greidd, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IV. KAFLI

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 31 28. mars 1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, með breytingum gerðum með lögum nr. 8 15. mars 1979, svo og þær reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Beita skal þó ákvæðum eldri laga um hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar og um fresti til kröfugerðar á hendur ríkissjóði varðandi þær kröfur, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara, nema reglur laga þessara séu þeim, er kröfu gerir, til hagsbóta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 31 28. mars 1974 voru sett ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu krafna launþega um vangoldin laun á hendur vinnuveitanda, sem orðið hefur gjaldþrota. Lögum þessum var að nokkru breytt með lögum nr. 8 15. mars 1979.

Á þeim tíma, sem lög þessi hafa verið í gildi, hafa komið fram ýmis álitaefni, sem valdið hafa erfiðleikum í framkvæmd. Eru þau einkum eftirfarandi:

1) Ekki eru fyrir hendi skýr fyrirmæli um það, hverjir kröfuhafar í þrotabúi eigi rétt til greiðslu úr ríkissjóði samkvæmt lögunum.
2) Vafi hefur þótt leika á því, hvort launatengdar greiðslur njóti ríkisábyrgðar, t. d. iðgjöld til lífeyrissjóða.
3) Í lögunum eru ekki nákvæm fyrirmæli um meðferð greiðslukröfu hjá stjórnvöldum.
4) Ákvæði laganna um úrlausn dómstóla um greiðsluskyldu ríkissjóðs hafa reynst óheppileg.

Skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög um málefnið þann 10. desember 1981, en í henni áttu sæti Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Egill Sigurgeirsson, hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Árnason, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri og Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík.

Í meðfylgjandi frumvarpi eru ráðgerðar breytingar til úrbóta á þessum atriðum og sem stuðla eiga að hraðari afgreiðslu á greiðslukröfum á hendur ríkissjóði. Í ákvæðum frumvarpsins eru hinsvegar svo til engar breytingar á rétti launþega til ríkisábyrgðar. Verður vikið nánar að þessum atriðum eftir þörfum í eftirfarandi athugasemdum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins nær ríkisábyrgð til vinnulaunakrafna á hendur gjaldþrota vinnuveitanda, eða á hendur dánarbúi látins vinnuveitanda, ef erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldum hans. Felst í þessu rýmkun frá gildandi lögum, sem eingöngu mæla fyrir um ríkisábyrgð, ef bú vinnuveitanda er tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1974. Er vegna þessarar rýmkunar lagt til að heiti laganna verði breytt í það horf, sem frumvarpið ráðgerir. Sú breyting, að ábyrgð ríkissjóðs taki til launakröfu á hendur skuldafrágöngubúi vinnuveitanda á sér fyrirmynd í danskri löggjöf. Í 4. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er að vísu heimild til þess að taka dánarbú til gjaldþrotaskipta að kröfu lánardrottins, ef farið er með dánarbúið sem skuldafrágöngubú og verður að telja að launþegi, sem á kröfu á hendur látnum vinnuveitanda, geti neytt þess úrræðis til þess að ríkisábyrgð fáist á kröfu hans. Hins vegar verður að líta til þess að ýmsar orsakir geta verið fyrir því, að farið sé með dánarbú sem skuldafrágöngubú, aðrar en að eignir þess hrökkvi ekki fyrir skuldum. Þótt dánarbú kunni að hrökkva fyrir skuldum, þá getur talsverður tími liðið frá andláti þar til greiðsla fæst á kröfum. Þykir þannig eðlilegra að ríkisábyrgðin verði rýmkuð í það horf, sem frumvarpið ráðgerir, til þess að koma í veg fyrir að launþegi verði knúinn til að neyta heimilda 4. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 eingöngu til að öðlast ríkisábyrgð.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. l. gr. laga nr. 8/1979, tekur ríkisábyrgðin „til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl.". Nokkur vafi hefur leikið á því, hvort hugtakið „vinnulaun" í þessu ákvæði nái til launatengdra greiðslna. Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins. Samkvæmt 2. málslið ákvæðisins teljast í fyrsta lagi greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir af launum við útborgun, ekki til vinnulauna í skilningi ákvæðisins. Slíkar greiðslur eru t.d. lífeyrissjóðsiðgjaldahluti launþega eða opinber gjöld launþega. Tilhögun frumvarpsins á þessum atriðum er í samræmi við túlkun á núgildandi lagaákvæðum. Í annan stað teljast þær greiðslur ekki til vinnulauna, sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð, og vinnuveitanda ber að standa skil á til þriðja manns samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Sem dæmi um slíkt má nefna lífeyrissjóðsiðgjaldahluta vinnuveitanda og iðgjöld til sjúkra- og orlofsheimilasjóða. Sérákvæði gildir þó um orlofsfjárkröfur samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. er skilgreint hugtakið „launþegi", en skilgreining þess tekur af skarið um það, hverjir átt geti aðild að kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu. Eru tvenn skilyrði fyrir því, að kröfuhafi geti talist launþegi í skilningi frumvarpsins, annars vegar að hann hafi þegið tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt samningi sínum við vinnuveitanda og hins

vegar að hann hafi gegnt starfi, sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Í gildandi lögum er hugtak þetta ekki skilgreint og hefur því komið til örðugleika að draga mörk um ríkisábyrgðina. Mest áberandi hefur þetta verið við úrlausn þess, hvort verktakar eða aðrir, sem að meira eða minna leyti hafa unnið sem sjálfstæðir aðilar í þágu hins gjaldþrota, skuli njóta greiðsluréttar úr ríkissjóði.

Með því að setja að skilyrði að launþeginn hafi þegið tíma-, viku- eða mánaðarlaun fyrir störf sín þykja dregin nokkur skil hér á milli. Þess skal þó getið, að það er ekki tilgangur þessa ákvæðis að útiloka þá, er fá launagreiðslur í samræmi við afköst, frá ríkisábyrgð, enda er fyrir hendi í slíku vinnusambandi ákvörðun um kauptryggingu til handa starfsmanni í formi tíma-, viku- eða mánaðarlauna. Þetta skilgreiningaratriði á hugtakinu launþegi er þó eitt út af fyrir sig ekki nægilegt til þess að draga nægilega skýr mörk milli þeirra, sem ætlun frumvarpsins er að njóti ríkisábyrgðar, og þeirra, sem falla þar utan. Því er það sett að frekara skilyrði að starfsmaður hafi gegnt starfi í þágu vinnuveitandans, sem til þess er fallið að veita rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Í orðalagi þessu felst ekki það skilyrði, að viðkomandi starfsmaður hafi unnið hjá viðkomandi vinnuveitanda þann tíma, að hann hafi þegar öðlast rétt til launa í uppsagnarfresti. Skilgreining þessi á hugtakinu launþegi er í samræmi við þau sjónarmið, sem beitt hefur verið við túlkun núgildandi laga.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru skilgreindar þær kröfur launþega á hendur vinnuveitanda, sem falla innan ríkisábyrgðar. Meginreglan í þeim efnum kemur fram í 1. mgr., að kröfur launþegans hafi verið viðurkenndar forgangskröfur í bú vinnuveitandans samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979. Frá þessari meginreglu er þó brugðið að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. vísað um undantekningu til 9. gr. frumvarpsins, og er ástæða þess sú, að þegar skiptameðferð á búi vinnuveitanda er lokið án þess að innköllun sé gefin út í búið, kemur ekki til þess að leyst sé úr því hvort krafa sé viðurkennd eða ekki, og eru því sérstakar reglur um þau tilvik í 9. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er vikið frá umræddri meginreglu í niðurlagi 4. gr., þar sem tekið er fram, að launþegi fái greiddan kostnað samkvæmt staflið e og vexti samkvæmt staflið f í 4. gr., þótt þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitandans. Þessi regla, sem er í samræmi við núgildandi lög, á rætur að rekja til þess, að samkvæmt 86. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1974, teljast kostnaður og vextir, sem fallið hafa á forgangskröfu eftir upphafsdag skiptameðferðar, ekki hluti forgangskröfunnar, heldur falla þær kröfur aftarlega í skuldaröð. Í þriðja lagi er vikið frá umræddri meginreglu að því leyti, að ráðgert er í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins að greiða megi kröfu úr ríkissjóði, þótt hún hafi ekki á því stigi enn verið viðurkennd forgangskrafa og verður nánar um þetta fjallað í athugasemdum við umrætt ákvæði. Til þess að taka af öll tvímæli skal það áréttað, að ríkisábyrgðin nær samkvæmt frumvarpinu aðeins til þeirra forgangskrafna, sem taldar eru í 4. gr. frumvarpsins, en ekki til allra forgangskrafna í bú vinnuveitandans, og er það í samræmi við núgildandi lög.

Samkvæmt a-lið 4. gr. getur launþegi í mesta lagi krafist greiðslu úr ríkissjóði á ógreiddum launum vegna sex síðustu starfsmánaða sinna hjá vinnuveitanda, og verður sex mánaða tímabil þetta að falla innan þeirra tímamarka, sem forgangsréttur helst á vinnulaunakröfu, en samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 með orðnum breytingum nær forgangsréttur til launa, sem falla í gjalddaga síðustu átján mánuði fyrir upphaf skipta. Heimild þessi um hámarksgreiðslu er talsvert rýmri en mælt er fyrir um í 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Vinnulaun samkvæmt a-liðnum eru skilgreind áður í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt b-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð til orlofsfjárkrafna, sem tilkomnar eru vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda. Starfsmánuðir þessir þurfa

að falla innan þeirra tímamarka, að forgangsréttur fylgi kröfunni samkvæmt lögum nr. 3/1878. Tekið skal fram, að með frumvarpinu er ráðgert að einungis launþegi sjálfur geti gert kröfur samkvæmt því. Hafi launþegi fengið greidda orlofsfjárkröfu á hendur vinnuveitanda hjá Póstgíróstofunni, án þess að vinnuveitandi hafi staðið skil á fénu til hennar, með stoð í reglugerðum nr. 150/1972 og nr. 202/1979, á Póstgíróstofan ekki tilkall til greiðslu úr ríkissjóði. Ákvæði þetta nær því aðeins til þeirra tilvika, er önnur tilhögun orlofsgreiðslna hefur verið ákveðin með kjarasamningi eða á viðlíka hátt, og launþegi fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt c-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð einnig til bótakrafna vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, og er hér engin breyting ráðgerð frá 2. gr. núgildandi laga.

Í d-lið 4. gr. er rýmkuð nokkuð ríkisábyrgð að því leyti, að þeir, sem tilkall eiga til bóta vegna dauðsfalls launþega af völdum vinnuslyss, geta fengið greiðslu úr ríkissjóði, en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga er réttur þessi einskorðaður við maka og börn launþega. Að öðru leyti er ekki um breytingu að ræða frá núgildandi lögum.

Ákvæði e-liðs 4. gr. samsvarar að mestu 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga, þó að því undanteknu að sett er að skilyrði fyrir ríkisábyrgð á innheimtukostnaði, að innheimtutilraunir hafi verið byrjaðar á kröfunni, áður en starfsemi vinnuveitandans hætti að mestu eða öllu. Umrædd tímamörk ættu tíðast að verða staðreynd greinilega við skiptameðferð á búi vinnuveitandans. Ríkisábyrgð er nokkuð rýmkuð í þessum staflið með því að krefjendur dánarbóta eiga rétt til greiðslu innheimtukostnaðar að sama marki og launþegar, en bein fyrirmæli eru ekki um þetta í gildandi lögum.

Ákvæði um vaxtagreiðslu af kröfu eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum, en fyrirmæli eru um þau efni í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot. Í f-lið 4. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um vaxtagreiðslur af kröfum, sem nokkru eru rýmri en áðurnefnt reglugerðarákvæði, með því að ekki er sett hámark á lengd þess tímabils, sem vextir verða greiddir fyrir.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins eru tilgreindir aðilar, sem nákomnir eru vinnuveitanda, hvort sem um einstakling eða félag er að ræða, og rétt þykir að útiloka frá ríkisábyrgð. Það leiðir þó af ákvæðum 1. mgr. 5. gr. að þessir aðilar geti krafist bóta samkvæmt d-lið 4. gr., ásamt kostnaði og vöxtum af slíkum kröfum samkvæmt e og f liðum 4. gr. Í a-lið 5. gr. eru fyrirmæli um útilokun stjórnarmanna gjaldþrota félags frá ríkisábyrgð, sem samhljóða eru lokaákvæði 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Í reglugerð hefur með stoð í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974 verið sett sú regla, að launþegar, sem meira eiga en 2% hlutafjár í gjaldþrota félagi, njóti ekki ríkisábyrgðar. Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er ráðgert að hækka mörk þessi upp í 5%. Er þá litið til þess að nokkuð hafi færst í vöxt að starfsmenn fyrirtækja eigi hlut í þeim. Útilokun hluthafa frá ríkisábyrgð byggist á þeirri röksemd, að þeir hafi átt kost á að hafa áhrif á rekstur félags og að ósamrýmanlegt sé meginröksemdum fyrir ríkisábyrgðinni að aðilar þannig settir njóti hennar. Sá hundraðshluti eignaraðildar, sem lagður er hér til, þykir ekki það verulegur að viðkomandi launþegi geti haft teljandi áhrif á rekstur félags. Í c-lið greinarinnar felst nokkur rýmkun frá 2. ml. 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga, og er markmið hennar að stjórnendur fyrirtækis útilokist frá ríkisábyrgð án tillits til starfsheitis þeirra. Í d-lið greinarinnar eru sett fyrirmæli til að útiloka nákomna venslamenn stjórnenda félags eða einstaklinga með atvinnurekstur frá ríkisábyrgð til að fyrirbyggja mögulega misnotkun ríkisábyrgðar.

Um 6. gr.

Reglur 6.—8. gr. frumvarpsins taka mið af skiptameðferð á búi, þar sem innköllun hefur verið gefin út til skuldheimtumanna, eins og tíðast er þegar um aðila með atvinnurekstur er að ræða. Tímatakmörk til kröfugerðar í 6. gr. eru nokkru styttri en í 5. gr.

gildandi laga, sem þótt hafa óþarflega löng. Upphaf þess frests ræðst samkvæmt 6. gr. af þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði, sem ræður lokum kröfulýsingarfrests í viðkomandi búi. Er þetta atriði breytilegt eftir því hvort um þrotabú eða dánarbú er að ræða.

Um 7. gr.

Fyrirmæli þessa ákvæðis samsvara að mestu framkvæmd núgildandi laga. Eru þó nýmæli í 3. mgr., sem miða að því að flýta afgreiðslu krafna um greiðslu úr ríkissjóði.

Um 8. gr.

Í fyrri málsgrein 8. gr. frumvarpsins eru talin þau atriði, sem leita verður upplýsinga um hjá skiptaráðanda í búi vinnuveitandans. Er hér ekki ráðgert að skiptaráðandi taki nokkra afstöðu til þess hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Í framkvæmd hefur verið algengt að launþegar hafi tiltæk öll nauðsynleg gögn varðandi kröfur sínar þegar við upphaf skiptameðferðar á búi vinnuveitanda. Undir þeim kringumstæðum kemur upp sú staða, að ekki er unnt að greiða kröfuna úr ríkissjóði, fyrr en að loknum skiptafundi í búi vinnuveitandans, þar sem fjallað er um viðurkenningu lýstra krafna og haldinn er að loknum kröfulýsingarfresti. Kostar slíkt bið um nokkurra mánaða skeið. Til þess að fyrirbyggja þetta er lagt til í 2. mgr. 8. gr. að kröfu megi greiða úr ríkissjóði, þegar við upphaf skiptameðferðar, þótt skiptafundur til umfjöllunar um lýstar kröfur í búið hafi ekki verið haldinn. Er ráðgert að farið verði þá leið, að skiptaráðandi greini ráðuneyti frá því, hverja afstöðu hann hyggst taka til viðurkenningar umræddrar kröfu í skrá þeirri um lýstar kröfur, sem honum ber að gera samkvæmt 108. gr. laga nr. 6/1978 eða 37. gr. laga nr. 3/1878. Getur greiðsla kröfunnar síðan fram farið, ef skiptaráðandi lýsir því yfir, að hann muni fyrirsjáanlega lýsa sig samþykkan viðurkenningu kröfunnar, að öðrum skilyrðum fullnægðum. Rétt er þó að beita þessari heimild varfærnislega, þannig að ekki verði gripið til þessa úrræðis fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir við búsmeðferð um þau atriði, er máli kunna að skipta. Er sleginn sá varnagli við í niðurlagi ákvæðisins að greiðsla verði ekki endurkrafin, sem fengin hefur verið á grundvelli yfirlýsingar skiptaráðanda af þessu tagi, ef síðar kemur til þess, að kröfuhafar í búi vinnuveitandans andmæli kröfunni. Í framkvæmd hefur þessari meðferð verið beitt með góðum árangri, þótt til þess skorti beina stoð í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um meðferð greiðslukrafna á ríkissjóð í þeim tilvikum, þegar skiptameðferð á búi vinnuveitandans hefur verið lokið án útgáfu innköllunar í búið vegna eignaleysis búsins, sbr. 120. gr. laga nr. 6/1978 og 10. gr. laga nr. 3/1878. Þessi tilvik falla utan almennra reglna 6.—8. gr. frumvarpsins um meðferð greiðslukrafna, þar sem launakröfur koma ekki til meðferðar við skiptameðferðina og engin afstaða því tekin þar til réttmætis þeirra.

Í 1. mgr. er ráðgert að frestur til kröfugerðar á hendur ríkissjóði verði sá sami og endranær, en upphaf hans miðist við birtingu auglýsingar um skiptalok í búi vinnuveitandans.

Samkvæmt 2. mgr. á kröfuhafinn að láta kröfu sinni fylgja þau sömu gögn og almennt fylgja kröfulýsingu í bú vinnuveitanda við skiptameðferð. Ber jafnframt að geta sömu atriða í greiðslukröfu og jafnan við kröfugerð til ráðuneytis.

Þau atriði, sem skiptaráðandi gæti almennt veitt upplýsingar um samkvæmt 3. mgr. snerta 5. gr. frumvarpsins, svo og atriði varðandi tímatakmörk. Í einstökum tilvikum kynnu einnig að koma fram upplýsingar við skiptin, sem máli kynnu að skipta. Að öðru leyti er hér ráðgert að stjórnvöld verði að leysa úr öllum vafa varðandi kröfu, sem að öðrum kosti fengist leyst úr við skiptameðferð, t.d. um forgangsrétt kröfu.

Um 10. gr.

10. gr. frumvarpsins er að mestu í samræmi við 9. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein er settur frestur til ákvörðunartöku um hvort greiða eigi kröfu úr ríkissjóði og er þar um sama frest að ræða og mælt er fyrir um í 7. gr. núgildandi laga. Þykir rétt að sérstök fyrirmæli séu sett um þau tilvik þegar ágreiningur hefur komið upp við skiptameðferð á búi vinnuveitandans um kröfu launþega í búið, eins og gert er í síðari málslið málsgreinarinnar.

Reglur síðari málsgreinar byggjast á því sjónarmiði að ákvörðunartaka um hvort krafa skuli greidd úr ríkissjóði sé alfarið í höndum ráðherra. Er þar afnumin sú meðferð, sem núgildandi lög mæla fyrir um í 2. mgr. 7. gr., að félagsmálaráðuneytið geti krafist úrskurðar skiptaréttar um hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu, enda gengur slík málsmeðferð mjög í berhögg við meginreglur um skipan dómsvalds. Er í frumvarpinu ráðgert, að ef skilyrðum ríkisábyrgðar er ekki fullnægt að mati ráðherra, beri að rökstyðja synjun um greiðslu. Er sérstök heimild í frumvarpinu um veitingu gjafsóknarleyfis til kröfuhafa, ef hann vill ekki una við úrlausn ráðherra og kýs að höfða almennt einkamál á hendur ríkissjóði til innheimtu kröfu sinnar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins þykir ekki þarfnast skýringa. Í síðari málsgrein eru þau nýmæli að skýrt er kveðið á um fyrirsvar fyrir kröfu, sem ríkissjóður hefur leyst til sín, við skiptameðferð á búi vinnuveitandans.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. um refsingu eru ítarlegri en ákvæði 10. gr. núgildandi laga varðandi það efni, en þykja ekki þarfnast skýringa.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 358. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra“ í 3. mgr. 19. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

a) Í stað orðanna „getur aðili borið undir ráðherra þann sem fer með vörumerkjamál“ í 44. gr. laganna komi orðin: getur tilkynnandi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

b) Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. setningu 44. gr. laganna komi orðin: áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
c) Í stað orðanna „eða ráðherra tók ákvörðun sína“ í niðurlagi 44. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum tók ákvörðun sína.

4. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum, samkvæmt 19. og 21. gr. sbr. 44. gr. 1. mgr. laga þessara. Iðnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur. Aðra nefndarmenn skipar iðnaðarráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Áfrýjunarnefndin ákveður málsmeðferðarreglur í hverju einstöku máli með hliðsjón af meginreglum einkamálaréttarfarsins. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Aðilar máls skulu greiða gjald vegna áfrýjunar sem ákvarðast í reglugerð um gjald fyrir vörumerki o. fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður heimild til að áfrýja til iðnaðarráðherra ágreiningsmálum er varða skráningu vörumerkja. Þess í stað verði lögfest málsmeðferð með skipun sérstakrar áfrýjunarnefndar til að úrskurða í málum sem þessum. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á einkaleyfalögum um sama efni. Lagt er til að ein nefnd úrskurði í ágreiningsmálum í báðum þessum málaflokkum og að heiti nefndarinnar verði í samræmi við það, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum: Formanni skipuðum til þriggja ára í senn sem vegna eðlis nefndarinnar þykir rétt að verði lögfræðingur. Aðrir nefndarmenn yrðu skipaðir til starfa í nefndinni til að úrskurða í einstökum málum. Rétt þykir að hafa vissan sveigjanleika í vali annarra nefndarmanna en formanns þannig að skipa megi sérfróða menn eftir eðli ágreinings hverju sinni og gætu þar eftir atvikum komið til greina menn með sérþekkingu á sviði málfræði, viðskipta, tækni eða lögfræði.

Forsaga þessara ákvæða um kæruheimild til ráðherra er sú, að þegar lög um vörumerki voru samin árið 1968 voru dönsk lög um sama efni höfð mjög til hliðsjónar. Í Danmörku er skrifstofa vörumerkjaskrárritara sjálfstæð stofnun og ekki hluti af ákveðnu ráðuneyti. Í dönsku lögunum er heimild til að skjóta ágreiningsmálum til ráðherra. Hér á landi hagar málum þannig að vörumerkjaskrifstofan er hluti af Iðnaðarráðuneytinu. Ljóst má vera að iðnaðarráðherra á hverjum tíma mun ekki úrskurða persónulega í málum af þessu tagi. Í reynd munu því starfsmenn þeir í ráðuneytinu sem annast vörumerkjamál almennt jafnframt úrskurða í sérstökum kærumálum sem skotið yrði til ráðherra. Í málum er varða einkaleyfi og vörumerki er oft um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða. Því þykir rétt að tryggt verði sem ríkast réttaröryggi í stjórnsýslunni við meðferð þeirra mála.

Stjórnvaldskæra á úrskurði vörumerkjaskrárritara til iðnaðarráðherra er því óeðlilegt stjórnvaldsúrræði hér á landi, þar sem vörumerkjaskrárritari er jafnframt starfsmaður Iðnaðarráðuneytisins.

Málskot til ráðherra skv. gildandi ákvæðum hafa verið fátíð á undanförnum árum, þ. e. 1—2 á ári. Hugsanlega er skýringin á því sú að menn hafa ekki haft trú á kæruúrræði þessu

og talið það óraunhæft. Því má búast við að kærumálum þessum fjölgi nokkuð verði frumvarp þetta að lögum. Ákvarðanir vörumerkjaskrárritara, sem ágreiningur hefur verið gerður um, hafa á undanförnum árum verið á bilinu 15—20 á ári.

Félag umboðsmanna eigenda vörumerkja og einkaleyfa hefur ítrekað óskað eftir breytingum á þessari tilhögun og hefur verið haft samráð við félagið við samningu frumvarps þessa.

Stjórnskipuð nefnd vinnur nú að heildarendurskoðun einkaleyfalaganna og mun nefnd þessi jafnframt taka vörumerkjalöggjöfina til athugunar. Búast má við að sú endurskoðun taki nokkurn tíma, þar sem hér er um tæknilega og lögfræðilega flókin málefni að ræða. Hin öra tækniþróun liðinna ára hefur kallað á ítarlegri lagaákvæði um einkaleyfi. Sömuleiðis hefur ör viðskiptaþróun og aukin áherzla á auglýsingar og kynningar á vörum undir ákveðnu vörumerki aukið þýðingu laga um vörumerki og kallað á öflugri réttarframkvæmd á sviði vörumerkjamála.

Vörumerkjaréttur er með vissum undantekningum bundinn skráningu merkis. Vörumerkjaskrárritari annast skráningu vörumerkja. Þar sem verulegir fjármunir eru oft lagðir í að kynna vörur undir ákveðnu vörumerki eru nokkrir hagsmunir í húfi fyrir rétthafa vörumerkis að fá vörumerki skráð. Vörumerkjaskrárritari tekur skv. 19. gr. vörumerkjalaga ákvörðun um að synja um skráningu ef hann sjálfur (ex officio) telur merkið ekki hæft til skráningar. Auk þess tekur vörumerkjaskrárritari við andmælum gegn skráningu eftir birtingu vörumerkis skv. 22. gr. og tekur ákvörðun um synjun ef andmælin eru metin gild.

Frumvarpið felur í sér að ágreiningi skv. ofangreindu verði skotið til sérstakrar áfrýjunarnefndar og felld verði niður heimild til að skjóta máli til ráðherra, eins og að framan er lýst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að synjun vörumerkjaskrárritara á skráningu skv. 19. gr. vörumerkjalaga megi skjóta til úrskurðar sérstakrar áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum. Heimild til að skjóta málum þessum til ráðherra er jafnframt felld niður.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar leiðir af breytingu skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Lagt er til að 44. gr. vörumerkjalaganna verði breytt á þann veg, að í stað málskots til ráðherra vegna ágreinings í vörumerkjamálum komi réttur til málskots til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Ekki er breytt ákvæðum um rétt til að bera ágreining um vörumerkjamál undir dómstóla.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði skipun sérstakrar nefndar til úrskurðar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 359 Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Í stað orðanna „á hann þá heimtingu á að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný“ í 16. gr. laganna komi orðin: getur hann þá skotið málinu til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Á eftir orðinu „ráðuneytið“ í 1. setningu 17. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðist þannig:

Nefnd sú sem skipuð skal samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum, úrskurðar í deilumálum skv. 16. gr., sbr. 17. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði önnur málsmeðferð en verið hefur í þeim tilvikum sem ráðuneyti synjar einkaleyfisbeiðanda um einkaleyfi. Í stað ákvæða um að einkaleyfisbeiðandi geti krafizt þess að synjun ráðuneytis á einkaleyfi verði tekin upp aftur og rannsökuð á ný af ráðuneytinu er lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd til að úrskurða í ágreiningsmálum er varða skráningu einkaleyfa. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til breytinga á lögum nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, um sama efni. Vísast til greinargerðar með því frumvarpi um forsendur þeirrar lagabreytingar sem hér er lögð til. En megintilgangur frumvarpsins er að stuðla að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni við meðferð einkaleyfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ágreiningi um veitingu einkaleyfis megi skjóta til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum, og að sú kæruheimild komi í stað réttar til að fá afgreiðslu máls í ráðuneytinu tekna upp á ný eins og núgildandi 16. gr. einkaleyfalaganna gerir ráð fyrir.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til að sérstök nefnd, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum sem skipuð verði skv. lögum um vörumerki, úrskurði í ágreiningsmálum vegna veitingar einkaleyfa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 360. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með afgreiðslu þess.

Alþingi, 15. febr. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Árni Johnsen, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Ragnar Arnalds.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Eiður Guðnason.	

Nd. 361. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. febr.)

1. gr.

Í stað „7 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 36 000 kr.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 22,75%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 31,5% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 44%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 350 kr.

4. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 6 000 kr. með fyrsta barni, en 9 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 12 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 6 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:
Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 50% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

6. gr.

83. gr. laganna orðist svo:
Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,95%.

7. gr.

84. gr. laganna orðist svo:
Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,95% af eignarskattsstofni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Ed. 362. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til lögræðislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið yfir frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Á fund nefndarinnar komu Guðrún Erlendsdóttir dósent, sem var formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frv. samdi, og Ólöf Pétursdóttir ráðuneytisfulltrúi er var ritari nefndarinnar. Gáfu þær upplýsingar og skýringar og svöruðu fyrirspurnum. Fyrir nefndinni lá umsögn stjórnar Geðlæknafélags Íslands. Mælti hún með samþykkt frv. en benti á þrjú atriði er hún taldi rétt að breyta. Voru það aðallega orðalagsbreytingar. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá félaginu Geðhjálp. Komu þeir með ábendingar um nokkrar breytingar. Að athuguðu máli leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var ekki á fundi er málið var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 15. febr. 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valdimar Indriðason.	Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.

Ed. 363. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. febr.)

Samhljóða þskj. 230 með þessari breytingu:
Í stað „varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna komi: fjárfestingarsjóð skv. 11. tl. 31. gr., sbr. 54. gr.

Ed. 364. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. febr.)

1. gr.

Í stað „7 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 36 000 kr.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 22,75%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 31,5% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 44%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 350 kr.

4. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 6 000 kr. með fyrsta barni, en 9 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 12 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 6 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 50% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

6. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,95%.

7. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,95% af eignarskattsstofni.

8. gr.

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Pétur Sigurðsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna. Sérstaklega skal kannað hvort það fjármagn, sem er í afurðalánakerfinu, nýtist sem skyldi í þágu þeirra sem fyrst og fremst eiga að njóta þess. Lögð skal áhersla á að í úttektinni komi ferill fjármagnsins frá lánveitingu til endurgreiðslu skýrt fram.

Greinargerð.

Í þessari þingsályktunartillögu er hreyft við þeim stóra þætti peningakerfisins sem rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna eru. Núverandi viðskiptaráðherra hefur falið Seðlabanka Íslands að endurskoða gildandi afurða- og rekstrarlánakerfi. Flutningsmenn telja að jafnframt sé nauðsynlegt að úttekt þessa efnis, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, eigi sér stað.

Mikil umræða fer jafnan fram um þessa tegund lána og sýnist sitt hverjum. Ljóst er að erfitt getur verið að kanna rækilega rekstrarlán atvinnuveganna umfram það sem kemur fram í opinberum gögnum. Hins vegar er full ástæða til og afar brýnt að gerð sé ítarleg úttekt á afurðalánakerfi þjóðarinnar svo að það komi skýrt og ljóslega fram hvernig afurðalánakerfið er í framkvæmd. Þá er það ekki síður mikilvægt að fram komi hvort afurðalánakerfi landbúnaðarins t. d. hafi náð þeim árangri sem að var stefnt.

Í umræðum á undangengnum missirum hefur m. a. verið fullyrt að afurðalánakerfi landbúnaðarins sé ekki eins skilvirkt gagnvart bændum og æskilegt væri. Enn fremur hefur því verið haldið fram að í skjóli þessa afurðalánakerfis eigi sér stað óæskileg fjármagnstilfærsla til óskyldra aðila sem sé bæði bændum og neytendum til tjóns.

Eigi liggja fyrir nægilega sannfærandi upplýsingar frá hinu opinbera um að ekki eigi sér hugsanlega stað misnotkun í lánakerfinu. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar af hálfu einstaklinga í þessum efnum, m. a. af Þorvaldi Búasyni eðlisfræðingi sem hefur gert ítarlega athugun á rekstrarforsendum og áhrifum verðbólgu á afkomu vinnslustöðva landbúnaðarins þar sem komið er mjög inn á þessi atriði. Fylgir skýrsla Þorvalds Búasonar þessari þáltill. sem fylgiskjal, en afurðalánakerfi landbúnaðarins og meðferð þess fjármagns, sem þar um ræðir, hefur mikil áhrif á verðlagningu landbúnaðarafurða sem og á hag neytenda.

Með þessari þáltill. er verið að leggja til að heildarúttekt verði gerð á afurðalánakerfi atvinnuveganna, í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, til að skýra þessi mál, m. a. með tilliti til þess að unnt verði að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun á því mikla fjármagni sem hér um ræðir og eyða tortryggni.

Fylgiskjal.

Athugun á rekstrarforsendum og áhrifum verðbólgu á afkomu vinnslustöðva landbúnaðarins. Skýrsla Þorvalds Búasonar eðlisfræðings.

Inngangur. Mars 1983.

Svo kölluð sexmannanefnd er skipuð tveimur fulltrúum frá Stéttarsamtökum bænda, fulltrúa Framleiðsluráðs landbúnaðarins og þremur fulltrúum neytenda. Fulltrúar neytenda eru tilnefndir af Sjómannafélagi Reykjavíkur, Landssambandi iðnaðarmanna og félagsmálaráðherra þar sem Alþýðusamband Íslands notar ekki tilnefningarrétt sinn.

Það er hlutverk sexmannanefndar að vera vettvangur samninga um kjör bænda og rekstrargrundvöll vinnslustöðva í landbúnaði með ákvörðun á framleiðslukostnaðartölum og verði landbúnaðarafurða.

Á hverju ári verða háværar umræður um verð á landbúnaðarafurðum. Því fer hins vegar víðs fjarri að almenningur verði nokkurs vísari af þeim umræðum.

Allir kannast við yfirlýsingar um:

1) að framleiðsluverð landbúnaðarafurða sé of hátt á Íslandi samanborið við verð á hliðstæðri vöru í nágrannalöndum,
2) að slátur- og heildsölukostnaður fyrir dilkakjöt sé t. d. jafnhár eða því sem næst og verð á kjöti frá Nýja-Sjálandi komið á markað í Evrópu,
3) að bændur beri skarðan hlut frá borði vegna þess að þeir fái ekki gerða upp reikninga fyrir framleiðslu sína fyrr en seint og um síðir í mikilli verðbólgu,
4) að vinnslustöðvar hagnist á verðbólgunni og ekki síst á afurðalánum sem þær fá á lágum vöxtum að ógleymdu svo kölluðu vaxta- og geymslugjaldi sem skili arði af óseldum birgðum sauðfjárafurða.

Svo mætti lengi telja. Hér hefur athyglin beinst að sauðfjárafurðum en hliðstæðar fullyrðingar eru alkunnar um mjólkurafurðir, kjúklingakjöt og kartöflur. Í síðast talda tilfellinu bætist reyndar við mikil óánægja með gæði þeirrar vöru sem neytendum er boðin.

En hver er sannleikurinn í þessu efni?

Allar þessar yfirlýsingar eru verðug athugunarefni. Hér verður ekki reynt að gera öllum þessu atriðum skil heldur beinist athyglin að verðmyndun á dilkakjöti í höndum milliliðar milli bænda og smásala, þ. e. að vinnslustöðvum sauðfjárafurða og afkomu þeirra.

Tilgangurinn er að opna umræður um þennan þátt í atvinnulífi landsmanna með því að tína saman upplýsingar sem finna má á víð og dreif í opinberum gögnum og draga af þeim nokkrar ályktanir.

Líta ber á þessa viðleitni sem tilraun til að setja fram dæmi um hvernig rekstrarkostnaður og afkoma vinnslustöðva sauðfjárafurða **gæti verið** miðað við núverandi umhverfi og gildandi leikreglur.

Því er ekki haldið fram að ástandið sé nákvæmlega eins og forsendur gætu gefið tilefni til að ætla. Frekari umræðum er ætlað að leiða í ljós í hve ríkum mæli þær forsendur, sem hér eru notaðar, eiga við.

1.0. Almennar forsendur.

Til að hafa allar upplýsingar heillegar og endanlegar er miðað við árið sept. 1980 — ág. 1981. Til að ná öllu með verður reyndar að taka inn í myndina nokkurn hala sem teygir sig fram í jan. 1982. Viðfangsefnið er einnig einfaldað eða afmarkað með því að beina athyglinni einvörðungu að verði og verðmyndun á fyrsta flokki dilkakjöts sem í verðlistum og skýrslum er skammstafaður sem D1. Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða reiknast 76% af verðmæti kjötafurða (af sauðfé) í þessum flokki og ætti hann því að vera nægilega góður grundvöllur að byggja á.

Allar upphæðir eru í gömlum krónum. Vegna þess að kaupmáttur krónunnar er breytilegur frá mánuði til mánaðar og litla þýðingu hefur að bera saman upphæðir í krónum með kaupmátt eins og hann var í sept. 1980 og upphæðir ári seinna, sem eiga við krónur með kaupmætti eins og hann er t. d. í sept. 1981, verður að finna samanburðargrundvöll. 150 kr. í sept. 1981 hafa líkan kaupmátt og 100 kr. í sept. 1980 ef verðbólga er 50%. Til að koma öllum upphæðum í sameiginlegt fast verðlag er notuð lánskjaravísitala. Í töflu I er lánskjaravísitalan færð eftir mánuðum frá sept. 1980 til jan. 1982. Lánskjaravísitala í sept. 1980 er 178 en í sept. 1981 er hún 266. Þetta þýðir að 178 kr. í sept. 1980 hafa sama kaupmátt og 266 kr. í sept. 1981, eða fyrir 100 kr. í sept. 1981 má kaupa sama og fyrir 66.92 kr. í sept. 1980. Síðari dálkurinn í töflu I segir einmitt til um það hver er kaupmáttur hverrar krónu einstakra mánaða mælt í krónum í sept. 1980. Það sem kallað er **fast verðlag** í þessari greinargerð er verðlag í sept. 1980.

TAFLA I

Samanburður á kaupmætti króna mismunandi mánaða.

		1 Lánskj.-vísitala	2 Kaupm. krónu hvers mánaðar mælt í sept. '80 kr.
1980	sept.	178	1.0000
	okt.	183	0.9727
	nóv.	191	0.9319
	des.	197	0.9036
1981	jan.	206	0.8641
	febr.	215	0.8279
	marz	226	0.7876
	apríl	232	0.7672
	maí	239	0.7448
	júní	245	0.7265
	júlí	251	0.7092
	ág.	259	0.6873
	sept.	266	0.6692
	okt.	274	0.6496
	nóv.	282	0.6312
	des.	292	0.6096
1982	jan.	304	0.5855

1.1. Ákvarðanir sexmannanefndar og ríkisstjórnar.

Þegar sexmannanefndin fjallar um dilkakjöt er í höfuðatriðum verið að ákveða tvær stærðir; grundvallarverð til bænda og slátur- og heildsölukostnað. Ákvörðunin er háð samþykki ríkisstjórnar.

Auk þess gerir sexmannanefndin tillögur til ríkisstjórnarinnar um svo kallaðar niðurgreiðslur á vaxta- og geymslugjaldi. Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um þær niðurgreiðslur eins og um hinar almennu beinu niðurgreiðslur.

Í reglugerðum eru ákveðin gjöld af afurðum til sjóða sem einnig hafa áhrif á verðmyndun.

Í töflu II er yfirlit yfir verðákvarðanir sexmannanefndar og ríkisstjórnar fyrir árið sept. 1980 til ág. 1981 svo og yfir sjóðagjöld. Af töflunni má sjá hver er hlutur mismunandi þátta í verðmynduninni. (Einnig er sýnt svo kallað endanlegt meðalgrundvallarverð sem sexmannanefnd reiknar eftir á í nóv. 1981 í því dæmi sem er til athugunar.)

Á grundvelli upplýsinga í fyrsta dálki í töflu II má gera sér mynd af streymi fjármuna ef vinnslustöð seldi allar afurðir (allt D1) þegar í stað, gerði samdægurs upp við bændur og sjóði, fengi niðurgreiðslur greiddar og allur kostnaður félli til í sama mánuði, þ. e. sept. 1980. Sé einnig gert ráð fyrir að slátur- og heildsölukostnaður, eins og hann er ákveðinn af sexmannanefndinni, sé raunhæfur sýnir mynd 1 slíkt streymi.

Í töflu II hér að framan standa hlið við hlið upphæðir í krónum með mismunandi kaupmátt. Samanburður í töflunni er því út í hött nema áhrif verðbólgu séu höfð í huga. Í töflu III hafa allar upphæðir verið færðar á fast verðlag svo að unnt sé að bera þær saman. Þá blasa við ýmis áhrif verðbólgu sem ekki var auðvelt að gera sér grein fyrir við athugun á tölum í töflu I. Slátur- og heildsölukostnaður hefur t. d. lækkað. (Væri sala afurða jöfn allt árið svaraði það til meðaltalsins 609 kr/kg.) Áætlaður kostnaður vinnslunnar í júní 1981 er 544 kr/kg í stað 651 kr/kg í sept. 1980. Fljótt á litið gæti virst sem afkoma vinnslustöðvarinnar yrði að sama skapi lakari en upphaflega var áætlað. En fleira kemur til og hefur áhrif á afkomuna:


1) Hvernig sala dreifist á mánuði og hvernig háttað er greiðsluskilmálum við sölu breytir nokkru. Tafla II segir ekki alla söguna. Meðan verðákvörðun sexmannanefndar gildir lækkar raunvirði verðsins og því reyna neytendur að gera meiri innkaup í mánuðinum fyrir verðhækkun. Fjallað verður um áhrif verslunarhátta á afkomu vinnslustöðvar í kafla 1.2.
2) Bæði beinar niðurgreiðslur og niðurgreiðslur á vaxta- og geymslugjaldi eru greiddar eftir á. Í kafla 1.3. er gerð grein fyrir reglum sem um þær gilda og fjallað um áhrif þeirra á afkomu vinnslustöðva.
3) Um uppgjör sjóðagjalda og áhrif greiðslufresta í því samhengi er fjallað í kafla 1.4.a og 1.4.b.
4) Vinnslustöðvar fá rekstrarlán, eða svokölluð haustlán, upp í væntanleg afurðalán. Þessi lán eru eins og afurðalánin á nafnvöxtum sem eru mun lægri en verðbólgustig mælt í prósentum. Áhrif haustlána á afkomu vinnslustöðva eru skoðuð í kafla 1.5.
5) Áhrif lánskjara afurðalána á afkomu vinnslustöðva landbúnaðarins eru athuguð í kafla 1.6.
6) Bændur fá rekstrarlán þar sem vinnslustöðvar eru milliliður. Einnig þessi lán eru á vildarkjörum og vinnslustöð nýtur góðs af. Um þessa lánastarfsemi og áhrif hennar á afkomu vinnslustöðvar er fjallað í kafla 1.7. og í viðauka 1.
7) Hvenær og með hvaða hætti gert er upp við bændur breytir miklu um afkomu vinnslustöðva. Áhrif verðbólgu í því samhengi eru brotin til mergjar í kafla 1.8.
8) Eins og fyrr var drepið á er oft fullyrt að slátur- og heildsölukostnaður (fyrir sauðfé) sé

TAFLA II

Yfirlit yfir verð, niðurgreiðslur og sjóðagjöld í verðmyndun á dilkakjöti (D1) fyrir árið sept. 1980 til ág. 1981.

		1	2	3	4	5	
		Sept.´80 kr/kg	Des.´80 kr/kg	Marz ´81 kr/kg	Júní ´81 kr/kg	(Nóv.´81) kr/kg	
(1)	Grundvallarverð	2.378	2.707	2.945	3.360	(2.824)*	
(2)	Slátur- og heildsöluk.	+651	720	749	749		
(6)	Neytenda- og jöfnunargj.	+62	70	75	83		
(3)	Skilaverð (óniðurgr. heilds.)	3.091	3.497	3.769	4.192		
(4)	Beinar niðurgreiðslur	-919	-919	-942	-1.018		
(5)	Hreint heildsöluverð	2.172	2.578	2.827	3.174		
(1)	Grundvallarverð	2.378	2.707	2.945	3.360	(2.824)*	
(7)	Stofnlánasjóðsgj.	-44	-50	-54	-62	(-52)	
(8)	Greitt til bænda	2.334	2.657	2.891	3.298	(2.772)	
(9)	Vaxta- og geymslugj.	93,34	107,35	113,00	121,00		kr/kg x mán

* Endanlegt eða meðal grundvallarverð reiknað af sexmannanefnd.



Streymi peninga gegnum vinnslustöð miðað við að uppgjör og sala eigi sér stað í sept. 1980 (og þá enginn geymslukostnaður) og miðað við forsendur sexmannanefndar.

MYND 1.

TAFLA III

Yfirlit yfir verð, niðurgreiðslur og sjóðagjöld í verðmyndun á dilkakjöti (D1) fyrir árið sept. 1980 til ág. 1981 á föstu verðlagi.

		1	2	3	4	
		Sept.´80 kr/kg	Des.´80 kr/kg	Marz ´81 kr/kg	Júní ´81 kr/kg	
(1)	Grundvallarverð	2.378	2.446	2.319	2.441	
(2)	Slátur- og heildsöluk.	+651	651	590	544	
(6)	Neytenda- og jöfnunargj.	+62	63	59	60	
(3)	Skilaverð (óniðurgr. heildsöluv.)	3.091	3.160	2.968	3.045	
(4)	Beinar niðurgreiðslur	-919	-830	-742	-739	
(5)	Hreint heildsöluverð	2.172	2.330	2.226	2.306	
(1)	Grundvallarverð	2.378	2.446	2.319	2.441	
(7)	Stofnlánasjóðsgj.	-44	-45	-42	-45	
(8)	Greiðslur til bænda	2.334	2.401	2.277	2.396	
(9)	Vaxta- og geymslugj.	93,34	97,00	89,00	87,91	kr/kg x mán

hár á Íslandi. Í kafla 1.9.a—c eru færð rök fyrir því að hann sé ofmetinn í ákvörðun sexmannanefndar og það hljóti að koma vinnslustöð til góða.

9) Svo sem fram kemur síðar myndast verulega rúm lausafjárstaða hjá vinnslustöðvum. Ávöxtun lausafjárins skiptir miklu máli. Að þeim möguleika er vikið í kafla 1.11.

Allir þeir þættir, sem hér hafa verið taldir, hafa veruleg en mismikil áhrif á afkomu vinnslustöðva. Hér verður reynt að gera grein fyrir hverjum þætti fyrir sig og skýra forsendur nægilega ljóst til þess að hver sem vill geti rakið sig eftir þeim og skilið með hvaða hætti niðurstöðurnar verða til.

1.2. Sala og birgðir.

Í „Árbók landbúnaðarins 1980" er á bls. 79 að finna töflu sem sýnir sölu á dilkakjöti eftir mánuðum árin 1977—80. Hér verður meðalsala mánaða á þessu þriggja ára tímabili lögð til grundvallar söludreifingu yfir árið. Í 1. dálk í töflu IV er færð sala í hverjum mánuði miðað við fyrrgreind meðaltöl og miðað við að heildarframleiðslan sé 1000 kg. Í 2. dálk töflunnar eru færðar birgðir í lok viðkomandi mánaðar. Vinnslustöðvar veita jafnan mánaðar greiðslufrest. Því hefur í 3. dálk verið fært það sem kemur inn í hverjum mánuði fyrir sölu í mánuðinum næstum á undan (sala í mánuðinum næstum á undan x vergt heildsöluverð í þeim mánuði (sbr. línu (7) í töflu II). Í 4. dálki í töflu IV hafa allar upphæðir í 3. dálki verið færðar á fast verðlag. Samkvæmt töflu IV koma samtals inn fyrir 1000 kg 2 109 279 kr., en samkvæmt áætlun (sbr. línu (1) í töflu II 1. dálki) hefði átt að koma 2 172 000 kr. Vinnslustöð fær því 62 721 kr. minna inn fyrir afurðir en upphaflega áætlað, slík eru áhrif verðbólgunnar og söludreifingarinnar í þessu samhengi.

1.3. Niðurgreiðslur.

Dilkakjöt er niðurgreitt með tvennum hætti: beinum niðurgreiðslum (sbr. línu (4) í töflu II) og niðurgreiðslum á vaxta- og geymslukostnaði (sbr. línu (10) í töflu II). Beinar niðurgreiðslur greiðast vinnslustöð í næsta mánuði eftir sölu. Í töflu V eru í 1. dálk færðar tekjur af beinum niðurgreiðslum eftir mánuðum sem þær eru greiddar.

Vaxta- og geymslugjald er greitt á hvert kg sem er geymt allan mánuðinn næstan á undan. Tekjur af niðurgreiðslum á vaxta- og geymslugjaldi (birgðir í lok næsta mánaðar á undan × vaxta- og geymslugjald í þeim mánuði (sbr. línu (10) í töflu II)) eru færðar í 2. dálk. Í 3. dálk eru færðar heildartekjur af niðurgreiðslum eftir mánuðum.

Loks eru allar upphæðir í 1.—3. dálki færðar á föstu verðlagi í 4.—6. dálk í töflu V.

Miðað við fast verðlag hafa heildartekjur af beinum niðurgreiðslum orðið 759 858 kr. (miðað við 1 000 kg) en áttu samkvæmt áætlun (í sept. 1980) að verða 919 000 kr. Tekjur af beinum niðurgreiðslum hafa því orðið 159 142 kr. minni en áætlað var í sept. 1980 og stafar fyrst og fremst af þeirri stefnu stjórnvalda á þeim tíma að minnka hlut niðurgreiðslna.

Í köflum 1.5.—7. eru leidd rök að því að vinnslustöðvar greiði ávallt minna til baka en þær fá að láni svo að raunverulegur vaxtakostnaður er enginn. Hluti niðurgreiðslu á vöxtum í vaxta- og geymslugjaldi er u. þ. b. 80% (skv. áætlun sexmannanefndar). Þessi hluti er því hrein gjöf.

Geymslukostnaður er u. þ. b. 20% af vaxta- og geymslugjaldi (skv. áætlun sexmannanefndar). Í kafla 1.9.c. eru færð rök fyrir því að sexmannanefnd áætli frystikostnað svo ríflega að hann mæti öllum hugsanlegum geymslukostnaði allt árið einnig. Við heildsöluálagningu er enda yfirleitt reiknað með geymslu- og lagerkostnaði. Niðurgreiðslur á geymslugjaldi gætu því einnig verið gjafir.

Á föstu verðlagi reiknast tekjur af niðurgreiðslum á vaxta- og geymslukostnaði vegna 1000 kg framleiðslu samtals 384 829 kr. (sbr. töflu V).

TAFLA IV

Sala og birgðir eftir mánuðum miðað við 1000 kg árssölu (af Dl).

		1 Sala eftir mán.	2 Birgðir í lok mán.	3 Sölu-tekj.	4 Sölut. fast verðlag.
		kg	kg	kr.	kr.
1980	sept.	110	890		
	okt.	100	790	238.920	232.397
	nóv.	73	717	217.200	202.409
	des.	77	640	158.556	143.271
	jan.	68	572	198.506	171.529
	febr.	83	489	175.304	145.134
	marz	76	413	213.974	168.526
	apríl	69	344	214.852	164.834
	maí	115	229	195.063	145.283
	júní	74	155	325.105	236.189
	júlí	68	87	234.876	166.574
	ág.	87	0	215.832	148.341
	sept.			276.138	184.792
					2.109.279
		1.000		Áætlað	2.172.000
					-62.721

TAFLA V

Yfirlit yfir tekjur af niðurgreiðslum árið sept. 1980 til ág. 1981 miðað við 1.000 kg (D1).

		1 Beinar niðurgr. kr.	2 Niðurgr. á vaxtagj. kr.	3 Tekjur af niðurgr. kr.	4 Beinar niðurgr. fast verðlag. kr.	5 Niðurgr. vaxtagj. fast verðlag. kr.	6 Tekjur af niðurgr. fast verðlag. kr.
1980	sept.						
	okt.	101.090		101.090	98.330		98.330
	nóv.	91.900	73.739	165.639	85.642	68.717	154.359
	des.	67.087	66.925	134.012	60.620	60.473	121.093
1981	jan.	70.763	68.704	139.467	61.146	59.367	120.513
	febr.	62.492	61.404	123.896	51.737	50.836	102.573
	marz	76.277	52.494	128.771	60.076	41.344	101.420
	apríl	71.592	46.669	118.261	54.925	35.804	90.729
	maí	64.998	38.872	103.870	48.410	28.952	77.362
	júní	108.330	25.877	134.207	78.701	18.800	97.501
	júlí	75.332	18.755	94.087	53.425	13.301	66.726
	ág.	69.224	10.527	79.751	47.578	7.235	54.813
	sept.	88.566		88.566	59.268		59.268
					759.858	384.829	1.144.687
			Áætlaðar niðurgr.		-919.000		-919.000
					-159.142	384.829	225.687

1.4.a Sjóðagjöld; neytenda- og jöfnunargjöld.

Vinnslustöðvar afurða eiga að skila svokölluðum neytenda- og jöfnunargjöldum af allri framleiðslu (1 + 1 = 2% af óniðurgreiddu heildsöluverði sem leggjast við hreint heildsöluverð). Þessar upplýsingar koma ljóst fram í töflu II (lína (6)). Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldanna. Reglugerð (Stjt. B, nr. 381/1979) mælir svo fyrir að í janúar (hér reiknað með des.) skuli greidd innheimt gjöld af sölu í mánuðunum júní til nóvember og í júlí af sölu í mánuðunum desember til maí. Dreifing sölu eftir mánuðum kemur fram í töflu IV (sjá 1.1.) og samkvæmt þeim upplýsingum má reikna út hlut sjóðagjalda í sölutekjum vinnslustöðvar eftir mánuðum (sala í hverjum mánuði × neytenda- og jöfnunargjald (sbr. línu (6) í töflu II). Þessar upplýsingar eru færðar í 1.—3. dálk í töflu VI. Í 4. dálk eru færð skil vinnslustöðvar til framleiðsluráðs á sjóðagjöldunum og í 5. dálk sömu upplýsingar á föstu verðlagi. Miðað við fast verðlag fá sjóðirnir samtals 51 438 kr. en reglugerð gerði strangt tekið ráð fyrir 62 000 kr. Tekjur sjóðanna rýrna því um hvorki meira né minna en 10 562 kr. (miðað við 1000 kg D1) eða um 17,7% miðað við það að engin verðbólga væri. Þessi liður er ekki stór eða afgerandi fyrir afkomu vinnslustöðvar en skiptir þá sjóði, sem gjöldin eiga að renna til, þeim mun meira máli.

1.4.b Sjóðagjöld til: Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Bjargráðasjóðs og Búnaðarmálasjóðs.

Samkvæmt reglugerðum (Stjt. B, nr. 166/1979 og nr. 811/1979) er innheimt 1,85% gjald af framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða (grundvallarverði) og rennur gjaldið til: Stofnlánadeildar landbúnaðarins (1%), Bjargráðasjóðs (0,35%) og Búnaðarmálasjóðs (0,5%) en þessi gjöld skerða að sama skapi greiðslu til bænda (sjá töflu II, línur (1), (8) og (9)). Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu og skulu gjöld innt af hendi einu sinni á ári fyrir allt árið í nóv. og des. eftir því hvaða sjóðir eiga hlut að máli. Hér er til einföldunar gert ráð fyrir að vinnslustöð geri skil á öllum gjöldum í nóvember. Í töflu VII getur að líta yfirlit yfir innheimtu og skil gjaldanna. Í 3. dálk er færður hluti þessara gjalda í tekjum vinnslustöðvar, í 4. dálk greiðsla til framleiðsluráðs og í 5. dálki hefur sú upphæð verið færð á fast verðlag og nemur hún þá 37 929 kr. Áætlun gerði ráð fyrir 44 000 kr. svo að verðbólga og greiðslumáti hafa valdið 6 071 kr. rýrnun. Það á einnig við um þessi gjöld að þau hafa óveruleg áhrif á afkomu vinnslustöðvar, en 13,8% rýrnun tekna sjóðanna getur skipt máli þegar verkefni þeirra eru höfð í huga.

1.5. Haustlán til vinnslustöðva.

Haustið 1980 fengu vinnslustöðvar lánað upp í afurðalán þegar í september og síðan aftur í október, en í nóvember kom afurðalán til útborgunar. Upphæð haustlána á 1000 kg afurða er hér fengið með því að deila heildarfallþunga viðkomandi haust upp í heildarlánsupphæð. Lántökugjald, 1%, var reiknað af lánsupphæð en lánin að öðru leyti greidd upp ásamt vöxtum (miðað við 29% ársvexti) í nóvember. Lántökugjaldið hélst sem lántökugjald fyrir afurðalánin. Tafla VIII gefur yfirlit yfir hreyfingar fjármuna vegna haustlána. Í 1. og 2. dálk eru færðar lántökur og endurgreiðslur á breytilegu verðlagi. Í 3. og 4. dálk eru sömu upplýsingar færðar á föstu verðlagi. Samkvæmt niðurstöðutölum töflunnar hefur verið greitt minna til baka en fengið var að láni sem nemur 4 431 kr. Hagur vinnslustöðvar af þessu láni er reyndar enn minni. Lántökugjaldið var ekki endurgreitt heldur flutt yfir á afurðalánin. (2 209 kr. á föstu verðlagi.) Þessi lán hafa nú verið aflögð.

TAFLA VI

Yfirlit yfir innheimtu og skil vinnslustöðvar á neytenda- og jöfnunargjaldi (miðað við 1.000 kg Dl) fyrir sept. 1980 - ág. 1981.

		1 Sala	2 Hlutur gjalda í verði	3 Hlutur gjaldą í tekjum	4 Skil til framl.r.	5 Skil á gjöldum fast verðl.
		kg	kr/kg	kr.	kr.	kr.
1980	sept.	110	62	6.820		
	okt.	100	"	6.200		
	nóv.	73	"	4.526		
	des.	77	70	5.390		
1981	jan.	68	"	4.760	17.546	15.161
	febr.	83	"	5.810		
	marz	76	75	5.700		
	apríl	69	"	5.175		
	maí	115	"	8.625		
	júní	74	83	6.142		
	júlí	68	"	5.644	35.460	25.148
	ág.	87	"	7.221		
	sept.					
	okt.					
	nóv.					
	des.					
1982	jan.				19.007	11.129
					Samt.	51.438
					Áætl.	-62.000
					Rýrnun	-10.562

TAFLA VII

Yfirlit yfir innheimtu og skil vinnslustöðvar á sjóðagjöldum af framleiðsluverðmæti (miðað við 1.000 kg Dl) fyrir árið sept. 1980 til ág. 1981.

		1 Sala	2 Hlutur gjalda í verði	3 Hlutur gjalda í tekjum	4 Greiðsla til framl.r.	5 Greiðsla til framl.r. fast verð.
		kg	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.	110	44	4.840		
	okt.	100	"	4.400		
	nóv.	73	"	3.212		
	des.	77	50	3.850		
1981	jan.	68	"	3.400		
	febr.	83	"	4.150		
	marz	76	54	4.104		
	apríl	69	"	3.726		
	maí	115	"	6.210		
	júní	74	62	4.588		
	júlí	68	"	4.216		
	ág.	87	"	5.394		
	sept.					
	okt.					
	nóv.		(52)	8.000	60.090	37.929
						37.929
		1.000			Áætlun:	-44.000
						-6.071

TAFLA VIII

Yfirlit yfir hreyfingar fjármuna vegna haustlána 1980 (miðað við 1.000 kg D1).

		1 Lán inn	2 Vextir	3 Endurgr. láns - lántökugj.	4 Endurgr. samt.	5 Lán inn fast verðlag	6 Endurgr. samt. fast verðl.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.	82.249				82.249	
	okt.	142.493				138.603	
	nóv.		7.494	224.742	232.236		216.421
						220.852	216.421
							-220.852
						Mismunur	-4.431

1.6. Afurðalán.

Vegna þeirra vaxtakjara, sem gilda um afurðalán, má segja að þau séu uppspretta fjármuna. Þau voru á 29% og 33% nafnvöxtum þegar verðbólga mældist um 50%. Allar framleiðslugreinar njóta þessara lána.

Afurðalán eru tvenns konar og á tvenns konar kjörum: 50,25% af skilavirði birgða (þ. e. birgðir í lok síðasta mán. × skilaverð (sbr. línu (3) í töflu II)) mega á hverjum tíma standa sem lán á 29% vöxtum. Við lántöku í nóvember er tekið 1% lántökugjald. Þetta lán er hér kallað A-lán. 21% af skilavirði birgða í lok næsta mánaðar á undan mega á hverjum tíma standa sem lán á víxilvaxtakjörum (þ. e. 33% á þeim sem hér um ræðir.) Gert er ráð fyrir 0,65% þjónustugjaldi af þeim síðar töldu lánum (sjá skýrslu starfsskilyrðanefndar, jan. 1982) sem hér eru kölluð B-lán. Skilaverð breytist á þriggja mánaða fresti. Til að fá mynd af hreyfingu fjármuna og lána eru í 2. dálk í töflu færðir 0,4975 (= 0,5025 × 0,99) hlutar skilavirðis birgða næstu mánaðamóta á undan sem gefur upplýsingar um höfuðstól A-láns á hverjum tíma og í 3. dálk eru færðir 0,2086 (×0,2100 × 0,9935) hlutar skilavirðis birgða næstu mánaðamót á undan sem gefa þá upplýsingar um höfuðstól B-láns á hverjum tíma. (Tekið hefur verið tillit til áhrifa lántökugjalda.)

Í 4. og 5. dálk eru færðar breytingar á 2. og 3. dálki milli mánaða (nema fyrsta breyting er milli nóvember og janúar). Þær tölur gefa til kynna hve stór hluti lánanna hefur gjaldfallið í viðkomandi mánuði. Í 7. og 8. dálk er færður hinn gjaldfallni hluti ásamt vöxtum (og tekið tillit til þess að endurgreiða þarf lántökukostnað).

Í töflu IX eru dregnar saman hreyfingar A- og B-lána á föstu verðlagi. Niðurstöðutölur í 2. og 4. dálki sýna að af A-láni er greitt 82 226 kr. minna til baka og af B-láni 28 025 kr. minna til baka en upphaflega fékkst að láni. Verðbólgan og vaxtakjör mala skuldurum gull.

1.7. Rekstrarlán til bænda (eða vinnslustöðva?!).

Umrædd lán eru í raun veitt vinnslustöðvum þótt tilgangurinn sé sá að fjármagna rekstur sauðfjárbúa. Hvernig lánsfé ratar til bænda er með mismunandi hætti. Sumar vinnslustöðvar skipta lánsupphæðinni á viðskiptareikninga bænda eftir magni afurða næsta haust á undan, aðrar ráðstafa fénu til þeirra bænda sem það árið þurfa sérstaklega á lánum að halda. Þessi endurlánastarfsemi hefur ekki verið „kortlögð“ og ekki hefur verið unnt að fá hreinar línur í lánamyndina.

Hér er gert ráð fyrir að vinnslustöð leggi rekstrarlán inn á viðskiptareikning bænda og öll viðskipti bænda við ráðstöfun þessa rekstrarfjár sé við eða gegnum vinnslustöð. Er þá nærtækt að ætla að meðhöndla megi lánið eins og það hafi verið veitt vinnslustöð beint. Í viðauka 1 er sérstaklega fjallað um þessi rekstrarlán og sett upp líkan sem virðist gefa vísbendingu um að þessi forsenda sé sæmilega traust.

Lánsupphæð á 1000 kg og dreifing útborgana á mánuði eru fundnar út frá upplýsingum Seðlabanka Íslands um heildarútlán á mánuði í þessu skyni vorið 1981 og heildarfallþunga haustið 1980.

Í 1. dálk í töflu XI eru færð hafin lán eftir mánuðum, í 2. dálk vaxtagreiðsla (nafnvextir 29%) og í 3. dálk endurgreiðsla. Í 4. og 5. dálk eru fengin lán og endurgreiðslur færð á föstu verðlagi. Í niðurstöðutölum í 5. dálki kemur fram að 16 585 kr. minna hefur verið greitt til baka en upphaflega fékkst að láni. Vegir verðbólgunnar eru e. t. v. órannsakanlegir en margar krónur rata þó leiðina í vasa þeirra sem fá ódýr lán.

1.8. Greiðslur til bænda.

Greiðslur til bænda fyrir sauðfjárafurðir eru með mismunandi hætti. Meginregla er að bændur fái 80% heildargreiðslunnar í nóvember og eru þá ekki reiknaðir vextir. 20% eiga þeir að fá í apríl og reiknast þá innlánsvextir á þá greiðslu frá nóvember að telja. (35% til

TAFLA IX

Yfirlit yfir hreyfingar fjármuna vegna afurðalána til vinnslustöðvar (sem vinnur 1.000 kg Dl) fyrir árið sept. 1980 - ág. 1981.

		1	2	3	4	5	6	7
		Skilav. birgða	Skuldar-réttur A-lán	Skuldar-réttur B-lán	Hreyf. milli mán. A-lán	Hreyf. milli mán. B-lán	Greitt með vöxt. A-lán	Greitt með vöxt. B-lán
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.							
	okt.	2.750.990						
	nóv.	2.441.890	1.214.840	509.378	1.214.840	509.378		
	des.	2.507.349						
1981	jan.	2.238.080	1.113.445	466.863	-101.395	-42.515	107.370	45.146
	febr.	2.000.284	995.141	417.259	-118.304	-49.604	128.163	54.047
	marz	1.880.205	935.402	392.211	-59.739	-25.048	66.176	27.985
	apríl	1.587.985	790.023	331.254	-145.379	-60.957	164.592	69.793
	maí	1.322.680	658.033	275.911	-131.990	-55.343	152.656	64.897
	júní	959.968	477.584	200.249	-180.449	-75.662	213.106	90.817
	júlí	649.760	323.256	135.540	-154.328	-64.709	186.025	79.461
	ág.	364.704	181.440	76.077	-141.816	-59.463	174.405	74.665
	sept.	0	0		-181.440	-76.077	227.564	97.633

TAFLA X

Hreyfingar afurðalána á föstu verðlagi (miðað við vinnslustöð, sem vinnur 1.000 kg Dl) fyrir árið sept. 1980 - ág. 1981.

		1 A-lán inn fast verðl.	2 A-lán út fast verðl.	3 B-lán inn fast verðl.	4 B-lán út fast verðl.
		kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.				
	okt.				
	nóv.	1.132.109		474.689	
	des.				
1981	jan.		92.778		39.011
	febr.		106.106		44.746
	marz		52.120		22.041
	apríl		126.275		53.545
	maí		113.698		48.335
	júní		154.822		65.979
	júlí		131.929		56.354
	ág.		119.869		51.317
	sept.		152.286		65.336
	okt.				
		1.132.109	1.049.883	474.689	446.664
			-1.132.109		-474.689
	Mismunur		-82.226		-28.025

TAFLA XI

Yfirlit yfir hreyfingar rekstrarlána til bænda (vinnslustöðva ?) (miðað við 1.000 kg D1) fyrir árið sept. 1980 - ág. 1981.

		1 Fengin lán	2 Vextir	3 Endurgr. ásamt vöxtum	4 Fengin lán fast verðlag	5 Endurgr. ásamt vöxt. fast verðl.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.					
	okt.					
	nóv.					
	des.					
1981	jan.					
	febr.					
	marz	153.943			121.246	
	apríl	66.632			51.120	
	maí	334.692			249.279	
	júní	35.231			25.595	
	júlí	48.251			34.220	
	ág.	48.251			33.163	
	sept.					
	okt.					
	nóv.		102.033	789.033		498.038
		687.000			514.623	498.038
						-514.623
						-16.585

aprílloka en 34% frá maí að telja.) Litið er svo á að bændur eigi afurðirnar og vinnslustöð sé einungis með þær í umboðssölu. Verð breytist á þriggja mánaða fresti. Þegar afurðirnar hafa verið seldar er reiknað meðalverð og bændum greiddur mismunur á meðalvirði og upphaflega áætluðu virði í nóvember (1981) og reiknast vextir af þeirri upphæð frá nóvember árinu áður (1980).

Gera má greinarmun á tveimur reglum um greiðslur til bænda.

1) Greiðslurnar eru einfaldlega inntar af hendi, bændur fá ávísun, peninga eða lagt er inn á bankareikninga bænda.

2) Greiðslan fer fram með þeim hætti að á viðskiptareikninga bænda eru færðar inneignir. Bændur taka síðan út vörur eða peninga jafnt og þétt eftir þörfum (og eign).

Fyrrnefndi hátturinn verður hér kallaður **regla 1** en hinn síðari **regla 2.** Regla 1 á sennilega við t. d. þar sem Sláturfélag Suðurlands á í hlut. Bændur hafa þar ekki viðskiptareikninga. Regla 2 á hins vegar sennilega oftast við þegar vinnslustöð er rekin í tengslum við kaupfélag og verslun. Hlutdeild Sláturfélags Suðurlands í markaði í þessu samhengi er einungis um 15% svo að reikna má með því að regla 2 sé meginregla.

Töflur XII og XIII eru yfirlit yfir greiðslur til bænda samkvæmt ofangreindum tveimur reglum. Í 1. dálki í töflunum er sýnt grundvallarverð á hverjum tíma og endanlegt grundvallarverð eða meðalverð í nóvember línu (sjá (1) línu í töflu II). Upphæðin, sem greiða á bændum, byggist á grundvallarverði í sept. 1980, en 1,85% eru dregin frá grundvallarverði, — svo kölluð sjóðagjöld (sjá kafla 1.4.b). — Í 2. dálk eru færðar greiðslur til bænda (tafla XII) eða úttektir frá mánuði til mánaðar (tafla XIII). Í 3. dálk eru færðar vaxtagreiðslur, í 4. dálk heildargreiðslur. Loks eru heildargreiðslur færðar á föstu verðlagi í 5. dálk.

Ef fylgt er reglu 1 kemur í ljós að bændur hafa borið meira úr býtum en áætlað var í sept. 1980, eða 187 809 kr. miðað við 1 000 kg D1 (sjá töflu XII). Myndin er allt önnur ef fylgt er reglu 2. Þá hefur dæmið snúist við, bændur mundu bera minna úr býtum sem næmi 14 556 kr. samkvæmt þeirri reglu.

Þessi tvö dæmi sýna hve afgerandi verðbólgan brenglar myndina. Tvær reglur um uppgjör við bændur leiða til alls ólíkra niðurstaðna fyrir bændur, þótt niðurstaðan yrði nánast sú sama eftir báðum reglum ef verðbólga væri engin eða nafnvextir innlána í samræmi við verðbólgustig. Verðbólgustig 1980—81 var sem næst 50%, innlánsvextir 35% til aprílloka, en 34% frá 1. maí eins og áður segir.

Að sjálfsögðu væri nóvember-leiðrétting óþörf ef verðbólgustig væri 0 eða skuld vinnslustöðvar við bændur verðtryggð.

1.9. Rekstrarkostnaður vinnslustöðva.

Í áætlun sexmannanefndar í sept. 1980 var gert ráð fyrir að slátur- og heildsölukostnaður væri 651 kr/kg. Eins og fram kemur í töflu III breytist þessi áætlun (miðað við fast verðlag) verulega á árinu og fer allt niður í 544 kr/kg í júlí 1981. Sú spurning vaknar því eðlilega hvort áætlun sexmannanefndar sé traust. Hér verða gerðar lauslegar athuganir á þessu:

1) Gerður er samanburður við vinnslu sauðfjárafurða á Nýja-Sjálandi.
2) Gerð er áætlun um rekstur sláturhúss þar sem gengið er út frá vinnumælingum sem gerðar voru af Búvörudeild SÍS o. fl. haustið 1974, svo og almennum upplýsingum um byggingarkostnað.
3) Loks er sérstök áætlun gerð um frysti- og geymslukostnað þar sem m. a. er höfð hliðsjón af upplýsingum um kostnað vegna byggingar og búnaðar nýlegs frystihúss Bæjarútgerðar Reykjavíkur.

TAFLA XII

Yfirlit yfir greiðslur til bænda fyrir sauðfjárafurðir samkvæmt reglu 1 (miðað við 1.000 kg D1) árið sept. 1980 til ág. 1981.

		1 Grundv.-verð	2 Greitt til bænda	3 Vextir gr. til bænda	4 Greiðsla samt.	5 Greiðsla samt. á föstu verðl.
		kr/kg	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.	2.378				
	okt	"				
	nóv.	"	1.867.206		1.867.206	1.740.049
	des.	2.707				
1981	jan.	"				
	febr.	"				
	marz	2.945				
	apríl	"	466.801	[2]68.075	534.876	410.357
	maí	"				
	júní	3.360				
	júlí	"				
	ág.	"				
	sept.					
	okt.					
	nóv.	[1](2.824)		[2]150.659	588.408	371.403
						2.521.809
						-2.334.000
					Umfram áætlun	187.809

1) Endanlegt eða meðalgrundvallarverð.
2) Gert hefur verið ráð fyrir, að vextir séu reiknaðir við greiðslu til bænda.

TAFLA XIII

Yfirlit yfir greiðslur til bænda fyrir sauðfjárafurðir samkvæmt reglu 2 (miðað við 1.000 kg Dl) árið sept. 1980 til ág. 1981.

		1 Grundv.-verð	2 Úttektir bænda	3 Vaxtagr.	4 Úttektir samt.	5 Úttektir samt. á föstu verðl.
		kr/kg	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.	2.378				
	okt.	"				
	nóv.	"	194.501		194.501	181.255
	des.	2.707	194.500		194.500	175.750
1981	jan.	"	194.501		194.501	168.068
	febr.	"	194.500		194.500	161.027
	marz	2.945	194.501		194.501	153.189
	apríl	"	194.500		194.500	149.220
	maí	"	194.501		194.501	144.864
	júní	3.360	194.500		194.500	141.304
	júlí	"	194.501		194.501	137.940
	ág.	"	194.500		194.500	133.680
	sept.		194.501		194.501	130.160
	okt.		194.501	2) 223.578	418.079	271.584
	nóv.	1) (2.824)	437.749	2) 150.659	588.408	371.403
						2.319.444
						-2.334.000
					Vantar á áætlun	-14.556

1) Endanlegt eða meðalgrundvallarverð.
2) Gert hefur verið ráð fyrir, að vextir séu reiknaðir við greiðslu til bænda eða í lok árs (nóv. - okt.).

1.9.a Sláturkostnaður á Nýja-Sjálandi.

Í „Árbók landbúnaðarins 1980“ er greinargerð, „Ferð til Nýja-Sjálands og Ástralíu vorið 1980“, þar sem fram koma ýmsar áhugaverðar upplýsingar. Ferðin var farin um mánaðamótin mars/apríl 1981. Þá var sláturkostnaður á Nýja-Sjálandi 8 NZ$/lamb. Meðalfallþungi þar er 16,7 kg/lamb. Þetta svarar til 230 kr/kg miðað við verðlag í september (1980) sem er u. þ. b. þriðjungur af sláturkostnaði eins og hann er áætlaður við verðákvarðanir í sept. 1980 (651 kr/kg). Rétt er að hafa í huga eftirfarandi:

1) Allur fjármagnskostnaður er fólginn í tölunni frá Nýja-Sjálandi, en verulegur hluti sláturhúsa hér er byggður með styrkjum úr framleiðnisjóði eða lánum sem hafa verið á neikvæðum raunvöxtum.
2) Kjötið virðist a. m. k. að hluta miklu meira unnið í sláturhúsum á Nýja-Sjálandi en hér tíðkast; rafmagnsmeyrnun, brytjun og pökkun verulegs hluta kjötsins er vinnsla sem á sér stað í flestum húsum þar syðra.
3) Í sláturkostnaði á Nýja-Sjálandi er einnig fólginn kostnaður sem á Íslandi fylgir gæru. Á Íslandi nemur sá kostnaður 20% til viðbótar 651 kr/kg.
4) Dreifingarkostnaður er sennilega ekki innifalinn í tölunum um sláturkostnað á Nýja-Sjálandi, en sölukostnaður hlýtur að vera innifalinn. Í kostnaðaráætlun sexmannanefndar er gert ráð fyrir dreifingar- og sölukostnaði á heildsölustigi.
5) Gert er ráð fyrir sjö vikna geymslukostnaði á frystu kjöti í kostnaðartölum fyrir Nýja-Sjáland. Hluti kjöts er þegar í stað sendur á heimamarkað ófrystur.
6) Einingar í útflutningssláturhúsum á Nýja-Sjálandi eru mun stærri en hér tíðkast. Þó ættu stærstu sláturhús hér að vera fyllilega sambærileg.
7) Nýtingartími húsanna er lengri á Nýja-Sjálandi.
8) Mjög hliðstæðri tækni og vinnubrögðum er beitt hér og á Nýja-Sjálandi við slátrun.

Þegar ofanskráð atriði eru höfð í huga er ekki auðvelt að sjá hvers vegna ástæða er talin vera til að áætla sláturkostnað svo miklu hærri en á Nýja-Sjálandi.

1.9.b. Lausleg áætlun um slátur- og heildsölukostnað.

Miðað er við hús sem getur slátrað 18 000 gripum á sjö vikum, þ. e. rúmlega 500 dilkum á dag. Meðalfallþungi er áætlaður 14 kg. Heildarkjötframleiðsla verður þá 252 000 kg.

1) Byggingarkostnaður (miðaður við fullfrágengið hús) er áætlaður 70 000 kr/m^3 og húsið 3 000 m^3. Vextir, afskriftir og viðhald húss 6% af byggingarkostnaði, þ. e. 210 m. kr. × 0,06 / 252 000 kg = 50 000 kr/kg.
2) Stofnkostnaður vegna búnaðar (annars en frystibúnaðar) er áætlaður 70 m. kr. Afborganir, vextir og viðhald búnaðar (svo og orka, vatn o. s. frv.) 15% af stofnkostnaði, þ. e. 70 m. kr. × 0,15 / 252 000 kg = 41,67 kr/kg. Fjármagnskostnaður (ásamt viðhaldi og afskriftum) er því áætlaður 91,67 kr/kg.
3) Samanlagður vinnutími við slátrun að frádreginni vinnu við gærur og frystingu er áætlaður 30 mín., meðalkaup starfsmanna við slátrun 2 540 kr/klst, launatengd gjöld 20%. Launakostnaður verður þá 2 540 kr/klst × 0,5 klst/grip × 1,2 / (14 kg/grip) = 108,85 kr/kg.
4) Þá er gert ráð fyrir skrifstofumanni í hálfu starfi, 9,6 m. kr. Rekstrarvörur og ýmis annar kostnaður, t. d. vegna skrifstofu, 8,4 m. kr., þ. e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður og rekstrarvörur 18 m. kr./252 000 kg = 71,43 kr/kg.
5) Dreifingarkostnaður er áætlaður 40 kr/kg, sem svarar til þess að kjötið sé að meðaltali flutt um 400 km veg.
6) Að lokum er gert ráð fyrir að annað og ófyrirséð undir hverjum tölulið geti numið sem svarar 20% af viðkomandi kostnaðarlið, þ. e. (91,67 + 108,85 + 71,43 + 40) × 0,20 = 62,39 kr/kg.

7) Kostnaður vegna frystingar og geymslu er lauslega áætlaður í 1.9.c 66,92 kr/kg.

Samanlagður kostnaður samkvæmt 1—7 er þá áætlaður 441,26 kr/kg, eða sem næst 440 kr/kg.

1.9.c. Lausleg áætlun frysti- og geymslukostnaðar.

1) Gert er ráð fyrir frysti, kæli og vélasal í einni og sömu byggingu, 200 + 6200 + 500 = 6900 m^3 og miðað við að húsið geti annað framleiðslu á 1000 tonnum af kjöti. Byggingarkostnaður á fullfrágengnu húsi og lóð 335 m. kr. Afskriftir, vextir og viðhald reiknast 6%, þ. e. 335 m. kr. × 0,06/1000 tonn = 20,10 kr/kg.
2) Vélar og búnaður í kæli er áætlaður kosta 95 m. kr. og vegna frystis 83 m. kr. til viðbótar. Í þessum tölum er áætlaður innifalinn stofnkostnaður vegna búnaðar svo sem lyftara, grinda og palla svo að tveir menn geti annað bæði vélgæslu, móttöku og afgreiðslu (meðan á frystingu stendur), en einn annars. Afskriftir, vextir, viðhald og rekstrarvörur vegna véla og búnaðar eru áætlaðar 10% af stofnkostnaði véla og búnaðar. (Tekið er tillit til þess að búnaður er ekki fullnýttur.) Þessi kostnaður reiknast því samanlagt 178 m. kr. × 0,10 / 1000 tonn = 17,80 kr/kg.
3) Heildarorkunotkun vegna frystingar er áætluð 130 MWh, vegna kælis 60 MWh. Mesta afl er áætlað 75 kW meðan frysting stendur yfir, en annars 16,5 kW. Aflgjald er áætlað 64 000 kr/kW á ári (25% hærra en í Reykjavík) eða 16 000 kr/kW á ársfjórðung. Heildaraflgjald verður þá (75 × 16 000 + 16,5 × 16 000 × 3) / 1000 tonn = 1,99 kr/kg. (Sömuleiðis 25% hærra en taxti í Reykjavík.) Orkugjald er áætlað 12,5 kr/kWh, heildarorkugjald verður þá (130 000 + 60 000) × 12,5 / 1000 tonn = 2,38 kr/kg. Samanlagður kostnaður af raforku er því áætlaður 4,37 kr/kg.
4) Eins og áður er minnst á er gert ráð fyrir að tveir menn geti annað móttöku og afgreiðslu meðan frysting stendur yfir en einn maður ella. Launakostnaður yrði þá 1 × 15 × 0,9 m. kr. / 1000 tonn = 13,50 kr/kg.
5) Þá er reiknað með að annað og ófyrirséð nemi 20% af ofanskráðu, þ. e. (20,10 + 17,80 + 4,37 + 13,5) × 0,20 = 11,15. Samanlagður kostnaður vegna frystingar og geymslu, þegar gert er ráð fyrir að fjárfesting og rekstur nýtist ekki í neitt annað, verður þá 66,92 kr/kg. Það lætur nærri að áætla megi hlut frystingar í þessari tölu nálægt 20 kr/kg en geymslu 45 kr/kg að meðaltali. Þessar tölur ættu að geta verið hámarkstölur því að auðvelt ætti að vera að nýta bæði frysti og kæli miklu betur. Frystir er einungis nýttur ¼ úr árinu samkvæmt ofanskráðum forsendum og kælirými einungis u. þ. b. 50% (þar er fullt í lok okt. en væntanlega tómt í lok ágúst).

1.9.d Endurskoðaður vinnslukostnaður.

Miðað við þær forsendur, sem raktar hafa verið í 1.9 a—c, er ljóst að slátur- og heildsölukostnaður, eins og hann er ákveðinn af sexmannanefndinni, er ríflegur. Meðaltalskostnaður fjögurra verðákvarðana sept. 1980 til júní 1981 er u. þ. b. 609 kr/kg (nær 3% lægri en ákvörðunin í sept. 1980) miðað við fast verð og lægst er ákvörðun sexmannanefndar í júní 1981 eða 544 kr/kg (eða nær 16,4% lægri en verðákvörðun í sept. 1980).

Hér er talin ástæða til að miða við 440 kr/kg (32,4% lægra en sexmannanefnd og ríkisstjórn ákvað í sept. 1980) enda má finna dæmi um þann vinnslukostnað.

1.10 Yfirlit yfir streymi fjármuna í vinnslustöð sauðfjárafurða.

Með hliðsjón af niðurstöðum úr köflum 1.2—9. má draga saman yfirlit yfir hreyfingar fjármuna á föstu verðlagi. Þetta er gert í töflu XIV miðað við reglu 1 um greiðslur til bænda og í töflu XV miðað við reglu 2 um greiðslur til bænda. Í töflunum kemur það eitt nýtt fram sem ekki hefur mátt lesa úr fyrri töflum að feikirúm lausafjárstaða verður til í vinnslustöð og þá sýnu meiri ef fylgt er reglu 2 um greiðslur til bænda. Sé fylgt reglu 1 er lausafé meira en

TAFLA XIV

Yfirlit yfir hreyfingar fjármuna á föstu verði. Greiðslur til bænda samkvæmt reglu 1. (Miðað við 1.000 kg D1 og árið sept. 1980 til ág. 1981.)

		1 Sala	2 Niðurgr. +vaxta- og geymslugj.	3 Lán inn	4 Samt. inn	5 Lán út	6 Til sjóða	7 Til bænda	8 Slátur- og heilds. kostn.	9 Samt. út	10 Hreyf. í mán. (hreinar)	11 Kassi uppsafn.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.			82.249	82.249				80.000	80.000	2.249	2.249
	okt.	232.397	98.330	138.603	469.330				160.000	160.000	309.330	311.579
	nóv.	202.409	154.359	1.606.798	1.963.566	216.421		1.740.049	20.000	1.976.470	-12.904	298.675
	des.	143.271	121.093		264.364				20.000	20.000	244.364	543.039
1981	jan.	171.529	120.513		292.042	131.789	15.161		20.000	166.950	125.092	668.131
	febr.	145.134	102.573		247.707	150.852			20.000	170.852	76.855	744.986
	marz	168.526	101.420	121.246	391.192	74.161			20.000	94.161	297.031	1.042.017
	apríl	164.834	90.729	51.120	306.683	179.820		410.357	20.000	610.177	-303.495	738.523
	maí	145.283	77.362	249.279	471.924	162.033			20.000	182.033	289.891	1.028.414
	júní	236.189	97.501	25.595	359.285	220.801			20.000	240.801	118.484	1.146.898
	júlí	166.574	66.726	34.220	267.520	188.283	25.148		20.000	233.431	34.089	1.180.987
	ág.	148.341	54.813	33.163	236.317	171.186			20.000	191.186	45.131	1.226.118
	sept.	184.792	59.268		244.060	217.622				217.622	26.438	1.252.556
	okt.											1.252.556
	nóv.					498.038	37.929	371.403		907.370	-907.370	345.186
	des.											345.186
1982	jan.						11.129			11.129	-11.129	334.057
		2.109.279	1.144.687	2.342.273	5.596.239	2.211.006	89.367	2.521.809	440.000	5.262.182	334.057	14.228.094
		1)-2.172.000	2)-919.000	3)-2.211.006			4)106.000	5)-2.334.000	6)-651.000			
		-62.721	225.687	131.267			-16.633	187.809	-211.000			

1) Áætlað heildsöluvirði.
2) Áætlaðar niðurgreiðslur.
3) Endurgreidd lán sbr. samtölu í 5. dálki.
4) Áætlað greitt til sjóða.
5) Áætlað greitt til bænda.
6) Áætlaður slátur- og heildsöluk. (af sexmannan.).

TAFLA XV

Yfirlit yfir hreyfingar fjármuna á föstu verði. Greiðslur til bænda samkvæmt reglu 2. (Miðað við 1.000 kg Dl og árið sept. 1980 til ág. 1981.)

		1 Sala	2 Niðurgr. +vaxta-og geymslugj.	3 Lán inn	4 Samt. inn	5 Lán út	6 Til sjóða	7 Til bænda	8 Slátur- og heilds. kostn.	9 Samt. út	10 Hreyf. í mán.	11 Kassi uppsafn.
		kr	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.			82.249	82.249				80.000	80.000	2.249	2.249
	okt.	232.397	98.330	138.603	469.330				160.000	160.000	309.330	311.579
	nóv.	202.409	154.359	1.606.798	1.963.566	216.421		181.255	20.000	417.676	1.545.890	1.857.469
	des.	143.271	121.093		264.364			175.750	20.000	195.750	68.614	1.926.083
1981	jan.	171.529	120.513		292.042	131.789	15.161	168.068	20.000	335.018	-42.976	1.883.107
	febr.	145.134	102.573		247.707	150.852		161.027	20.000	331.879	-84.172	1.798.935
	marz	168.526	101.420	121.246	391.192	74.161		153.189	20.000	247.350	143.842	1.942.777
	apríl	164.834	90.729	51.120	306.683	179.820		149.220	20.000	349.040	-42.357	1.900.420
	maí	145.283	77.362	249.279	471.924	162.033		144.864	20.000	326.897	145.027	2.045.447
	júní	236.189	97.501	25.595	359.285	220.801		141.304	20.000	382.105	-22.820	2.022.627
	júlí	166.574	66.726	34.220	267.520	188.283	25.148	137.940	20.000	371.371	-103.851	1.918.776
	ág.	148.341	54.813	33.163	236.317	171.186		133.680	20.000	324.866	-88.549	1.830.227
	sept.	184.792	59.268		244.060	217.622		130.160		347.782	-103.722	1.726.505
	okt.							271.584		271.584	-271.584	1.454.921
	nóv.					498.038	37.929	371.403		907.370	-907.370	547.551
	des.											547.551
1982	jan.						11.129			11.129	-11.129	536.422
		2.109.279	1.144.687	2.342.273	5.596.239	2.211.006	89.367	2.319.444	440.000	5.059.817	536.422	24.252.646
		1) -2.172.000	2) -919.000	3) -2.211.006			4) -106.000	5) -2.334.000	6) -651.000			
		-62.721	225.687	131.267			-16.633	-14.556	-211.000			

1) Áætlað heildsöluverðmæti.
2) Áætlaðar niðurgreiðslur.
3) Endurgreidd lán sbr. samtölu í 5. dálki.
4) Áætlað greitt til sjóða.
5) Áætlað greitt til bænda.
6) Áætlaður slátur- og heildsöluk. (af sexmannan.).

1 100 000 kr. (fyrir 1000 kg D1) að meðaltali allt árið. Sé fylgt reglu 2 er lausafé um 2 000 000 kr. að meðaltali allt árið. Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða. Flestir atvinnuvegir eru í fjársvelti en vinnslustöðvar sauðfjárafurða virðast hafa gnægtir lausafjár.

1.11. Hugsanleg ávöxtun lausafjár.

Sú spurning vaknar eðlilega: hvað gefur lausafjárstaðan í aðra hönd, eða gefur hún ekki neitt? Vel má hugsa sér að vinnslustöð geymi þessa fjármuni inni á innlánsreikningi í banka. Lausaféð heldur þá ekki verðgildi sínu frá mánuði til mánaðar. En í yfirlitunum í töflu XIV og XV er það forsenda að lausafé sé verðtryggt. Til að geta metið hugsanleg áhrif slíkrar ráðsmennsku er sett upp yfirlit í töflu XVI yfir hreyfingar (sbr. dálk 10 í töflu XIV) í einstökum mánuðum á verðlagi hvers mánaðar (1. dálkur). Í 2. dálk er færður útreikningur á vöxtum (34% nafnvextir á innlánsreikningi), í 3. dálk vaxtagreiðsla, sem gert er ráð fyrir að reiknuð sé í jan. 1982. Í 4. dálk er færð lausafjárstaða í jan. 1982. Í 5. dálk er færð endanleg lausafjárstaða á föstu verðlagi sem þá jafnframt er hagnaður. Hann reynist vera 87 864 kr. lægri en þegar lausafé reiknaðist verðtryggt (miðað við 1 000 kg D1). Þessi mismunur hefur fallið í skaut bankans miðað við gefnar forsendur. Tafla XVII gefur hliðstæða mynd fyrir reglu 2 um uppgjör við bændur. Hagnaður rýrnar miðað við verðtryggingu lausafjár um 208 001 kr. og bankinn malar gull að sama skapi (því reikna má með, að hann geti verðtryggt sína fjármuni).

Fleiri möguleikar eru á ávöxtun lausafjárins. Vinnslustöðvar eru í flestum tilvikum reknar í tengslum við verslun. Í vel rekinni verslun má reikna með að jaðar-veltufé (síðustu krónunnar sem fást í veltu) skili 1% raunvöxtum á mánuði. Miðað við lausafjárstöðu í dæminu, sem lýst er með töflu XIV, þ. e. miðað við uppgjör eftir reglu 1 við bændur, gæti vinnslustöð fengið 142 281 kr. út úr slíkri ávöxtun miðað við 1 000 kg D1. Hliðstæð upphæð miðað við reglu 2 (sbr. töflu XV) er 242 526 kr.

Hér kemur enn á ný í ljós hve gífurleg áhrif verðbólgan getur haft á afkomu fyrirtækja. Sé regla 2 höfð í huga getur munað 450 527 kr. (miðað við 1 000 kg D1) á afkomu vinnslustöðvar, allt eftir því hvort hún ávaxtar lausafé í vel rekinni verslun eða á innlánsreikningi í banka með lágum nafnvöxtum. Nú byggist lausafjárstaðan m. a. á því að ódýr lán fást frá Seðlabanka og viðskiptabanka. Sé lausafé ávaxtað í sama viðskiptabanka og lán voru hafin hjá má segja að einungis hafi verið um tilflutning fjármuna milli vasa í bankanum. En sé lausafé ávaxtað í öðrum banka en lánið var hafið hjá þá er einfaldlega verið að nota viðsjárverða löggjöf til að flytja fjármagn milli banka, fyrri bankinn skaðast en hinn síðari hagnast.

2.0. Niðurstöður og ályktanir.

Í kafla 1.1.—11. beindist athyglin að áhrifum verðbólgu á einstaka þætti í rekstri og þar með á afkomu vinnslustöðva sauðfjárafurða. Í töflu XVIII eru sett upp sex dæmi þar sem rakin eru frávik frá áætlun sexmannanefndar í september 1980 sem ýmist eru afleiðing verðbólgu eða stafa af því að ætla má að mat sexmannanefndar sé ekki raunhæft.

En hvert þessara dæma gefur raunhæfasta mynd? 5. og 6. dæmi má segja að séu alls óraunhæf. Þar er gert ráð fyrir að vinnslustöð ávaxti lausafé á innlánsreikningi í banka á vöxtum langt undir verðbólgustigi. Þá væri vinnslustöð einungis handlangari í stærra fjármáladæmi. Í 3.—6. dæmi er gert ráð fyrir að vinnslukostnaður sé sem næst meðaltali ákvarðana sexmannanefndar þegar litið er á allt árið eða 609 kr/kg. (Sbr. töflu III.) Í kafla 1.9. var bent á að vinnslukostnaðurinn ætti að geta verið mun minni. Líklegt virðist að gera megi ráð fyrir að kostir, sem lýst er með 1. og 2. dæmi, séu raunhæfari og líklegasta niðurstaða liggi einhvers staðar milli þeirra, þ. e. hagnaður sé 500—600 000 kr., 1 000 kg D1.

Mynd 2 sýnir streymi fjármuna gegnum vinnslustöð hliðstætt og gert var í mynd 1. Gengið er út frá töflu XV. Við samanburð myndanna sést hve afgerandi áhrif verðbólga og ríflegt mat á vinnslukostnaði hefur á afkomu vinnslustöðvar.

TAFLA XVI

Yfirlit yfir ávöxtun vinnslustöðvar á lausafé (miðað við 1.000 kg Dl) árið sept. 1980 til ág. 1981, ef ávaxtað á innlánsreikningi og fylgt reglu 1 um uppgjör við bændur.

		1 Hreyf. mán. kr.	2 Vaxtar. (34%) kr.	3 Vaxtagr. kr.	4 Kassast. kr.	5 Kassast. á föstu verðlagi kr.
1980	sept.	2.249	1.020			
	okt.	318.012	135.155			
	nóv.	-13.847	-5.493			
	des.	270.434	99.610			
1981	jan.	144.766	49.220			
	febr.	92.831	28.932			
	marz	377.134	106.855			
	apríl	-395.588	-100.875			
	maí	398.220	88.223			
	júní	163.089	32.346			
	júlí	48.067	8.171			
	ág.	65.664	9.302			
	sept.	39.507	4.477			
	okt.					
	nóv.	-1.437.532	-81.460			
	des.					
	jan.	-19.007	0	375.484	420.483	246.193
						246.193
					-Hagn. samkv. töflu XIV:	-334.057
					Rýrnun hagnaðar	-87.864

TAFLA XVII

Yfirlit yfir ávöxtun vinnslustöðvar á lausafé (miðað við 1.000 kg D1) árið sept. 1980 til ág. 1981, ef ávaxtað á innlánsreikningi og fylgt reglu 2 um uppgjör við bændur.

		1 Hreyf. í mán.	2 Vaxtar. (34%)	3 Vaxtagr.	4 Kassast.	5 Kassast. á föstu verðl.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	sept.	2.249	1.020			
	okt.	318.012	135.155			
	nóv.	1.658.858	658.014			
	des.	75.934	27.969			
1981	jan.	-49.735	-16.910			
	febr.	-101.669	-31.687			
	marz	182.633	51.746			
	apríl	-55.210	-14.079			
	maí	194.719	44.136			
	júní	-31.411	-6.230			
	júlí	-146.434	-24.894			
	ág.	-128.836	-18.252			
	sept.	-154.994	-17.566			
	okt.	-418.079	-35.537			
	nóv.	-1.437.532	-81.460			
	des.					
1982	jan.	-19.007	0	671.426	560.925	328.421


	328.421
-Hagn. sbr. töflu XV:	-536.422
Rýrnun hagnaðar	-208.001

TAFLA XVIII

Yfirlit yfir frávik frá áætlun sexmannanefndar í sept. 1980 (miðað við 1.000 kg D1) þegar árið sept. 1980 til ág. 1981 skoðað eftir á.

	1. dæmi	2. dæmi	3. dæmi	4. dæmi	5. dæmi	6. dæmi
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Sala (minni en áætlun)	-62.721					
Beinar niðurgreiðslur (minni en áætlað)	-159.142					
Niðurgreiðsla vaxta- og geymslukostn.	384.829					
Skil gjalda til sjóða (minni en áætl.)	16.633		Eins og í 1. dæmi.			
Endurgreitt haustlán (minna en lánað)	4.431					
Endurgreitt afurðalán (minna en lánað)	110.251					
Endurgreitt rekstrarlán (minna en lánað)	16.585					
Greiðslur til bænda (frávik frá áætl.)	-187.809	14.556	-187.809	14.556	-187.805	14.556
Slátur- og heildsölukostn. áætlun umfr. raunk.	211.000	211.000	42.000	42.000	42.000	42.000
	334.057	536.422	165.057	367.422	165.057	367.422
Ávöxtun veltufjár	142.281	242.526	76.371	176.616	-87.864	-208.001
	476.338	778.948	241.428	544.038	77.193	159.421

1. dæmi: Regla 1. um uppgjör við bændur. Slátur- og heildsöluk. sbr. áætl. í kafla 1.9., ávöxtun lausafjár í verzlun.
2. dæmi: " 2 " " " " " " " " " " " " " " " "
3. dæmi: " 1 " " " " " " eins og meðalt. sexm.n., " " " "
4. dæmi: " 2 " " " " " " " " " " " " " " " "
5. dæmi: " 1 " " " " " " " " " " " ávöxtun í banka.
6. dæmi: " 2 " " " " " " " " " " " " " " "



Streymi peninga í og gegnum vinnslustöð á föstu verðlagi þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa verðbólgu og lánakerfis. Hér er gengið út frá lægri raunverulegum slátur- og heildsölukostnaði en sexmannanefndin gerði.

MYND 2.

2.1. Helstu niðurstöður (miðað við töflu XIV-XV).

1) Niðurgreitt heildsöluverð hækkar ársfjórðungslega meira en nemur verðbólgu (mældri með lánskjaravísitölu). Sala afurða skilar vinnslustöð þó ekki tilætluðum tekjum á föstu verði því að sala dreifist nokkuð óhagstætt eftir mánuðum. Þegar upp er staðið vantar 63 kr/kg svo að upphafleg áætlun standist.
2) Kjör á afurða- og rekstrarlánum eru slík að vinnslustöð greiðir 131 kr/kg minna til baka en hún fékk lánað (miðað er við sept. '80 krónur). Niðurgreiðsla á vaxtakostnaði á því engan rétt á sér.
3) Kostnaður vegna frystingar í ákvörðun sexmannanefndar á slátur- og heildsölukostnaði er svo ríflegur að hann nægir til að mæta geymslukostnaði (allt árið) einnig. Sérstakt geymslugjald umfram þann kostnaðarlið á því engan rétt á sér.
4) Sé litið á vaxta- og geymslugjald sem uppbót á niðurgreiðslur þá er sú uppbót rífleg, — skilar vinnslustöð 226 kr/kg umfram upphaflega áætlaða niðurgreiðslu. Þar sem hlutur niðurgreiðslna átti að fara minnkandi er hér um hreina styrki eða gjafir að ræða.
5) Greiðslur til sjóða verða rýrari en til er ætlast, einkum vegna greiðslufresta, sem nemur 17 kr/kg (89 kr/kg í stað 106 kr/kg). Þetta er auðvitað tilfinnanleg rýrnun á tekjum sjóðanna þótt ekki skipti hún sköpum í myndinni af afkomu vinnslustöðvar.
6) Þar sem bændur fá fyrst 7 mánuðum eftir að grundvallarverð er ákveðið greidd síðustu 20% af verðinu að viðbættum lágum vöxtum miðað við verðbólguhraða (regla 1) mundu bændur bera skarðan hlut frá borði eða um 183 kr/kg minna en upphaflegt grundvallarverð gerir ráð fyrir (sem fyrr miðað við sept. '80 verðlag). Því er reiknað svokallað endanlegt grundvallarverð sem tekur mið af sölu eftir mánuðum og er bændum greiddur mismunur á upphaflegu og endanlegu grundvallarverði í nóvember ári seinna. Þessi leiðrétting gerir betur en bæta þeim muninn. Þeir fá, þegar upp er staðið, 187 kr/kg meira en upphaflega var áætlað. Þessi mynd breytist verulega sé gert ráð fyrir að inneign bænda sé færð á viðskiptareikning þeirra og bændur taki út vörur jafnt og þétt til októberloka næsta árs (regla 2). Þá bera þeir skarðan hlut frá borði sem nemur 15 kr/kg eftir að nóvemberleiðrétting hefur verið tekin inn í myndina.
7) Slátur- og heildsölukostnaður er áætlaður af sexmannanefnd þrefaldur sláturkostnaður á Nýja-Sjálandi. Sé tekið mið af þeirri staðreynd að samanlagður vinnutími við slátrun hverrar kindar er um 35 mín. (vinna við frystingu innifalin) verður erfitt að sjá hvernig svo há áætlun er réttlætt. Lauslegt mat bendir til að slátrunarlaun séu um 110 kr/kg, fjármagnskostnaður í meðalstóru sláturhúsi hámark 90 kr/kg, frysting og geymsla 65 kr/kg og dreifing 40 kr/kg. Þá virðist ríflegt að áætla í rekstrarvörur og skrifstofukostnað 70 kr/kg, annað og ófyrirséð 65 kr/kg. Hér hefur því verið gert ráð fyrir að raunverulegur slátur- og heildsölukostnaður sé varla meiri en 440 kr/kg, **enda má finna raunveruleg dæmi um slíkt.** Beinn hagnaður sláturhúsa vegna ríflegrar áætlunar á slátur- og heildsölukostnaði getur því auðveldlega verið allt að 211 kr/kg (miðað við 607 kr/kg).
8) Hjá vinnslustöð verður til staðar mikið lausafjármagn. Sé slíku fjármagni velt í verslun með veltuhraða nálægt þremur mánuðum skilar það ávöxtun upp á nær 1% raunvöxtun á mánuði. (Litið er á fjármagnið og ávöxtun sem jaðarfyrirbæri.) Þannig gæti rekstur verslunar við hlið vinnslustöðvar hæglega skilað allt að 142 kr/kg. Lausafé í vörslu vinnslustöðvar verður mun meira ef tekið er mið af reglu 2 sem svo var kölluð. Þá getur ávöxtun lausafjár gefið vinnslustöð 243 kr/kg.
9) Miðað við niðurstöður 1—8 er ljóst að hagnaður vinnslustöðvar getur legið á bilinu frá 334 kr/kg upp í 536 kr/kg (eftir því hvort miðað er við reglu 1 eða 2) og sé tekið tillit til hugsanlegrar ávöxtunar lausafjár frá 476 kr/kg upp í 779 kr/kg.

2.2. Heildarmynd.

Í kafla 2.1. var reynt að meta tilfærslur fjármuna sem hluta í eða samanborið við einingarverð. Fá má hugmynd um heildarveltu úr þessari atvinnugrein ef haft er í huga að 10 500 tonn af D1 fellur til á hverju hausti. Ef yfirlitið sem fram kemur í 2. dæmi í töflu XVIII er raunhæft nema tilfærslur fjármuna milli aðila hundruðum, jafnvel þúsund milljónum miðað við verðlag í sept. 1980.

1) Heildartekjur af sölu eru 660 milljónum minni en upphaflega var áætlað.
2) Niðurgreiðslur á svo kölluðum vaxta- og geymslukostnaði nema a. m. k. 2 230 milljónum króna sem við ríkjandi aðstæður er hrein gjöf.
3) Tekjur sjóða rýrna um meira en 175 milljónir króna.
4) Vinnslustöðvar greiða 1 380 milljónum minna til baka en fengið var að láni.
5) Bændur bera, þegar upp er staðið og allt landið haft í huga, 155 milljónum minna úr býtum en til var ætlast.
6) Ofmat sexmannanefndar á vinnslukostnaði sauðfjárafurða getur fært vinnslustöðvum (samanlagt) hagnað sem nemur allt að 2 215 milljónum króna.
7) Þegar 1—6 eru talin saman kemur í ljós að hagnaður vinnslustöðva getur numið allt að 5 632 milljónum króna.
8) Veltufé vinnslustöðva á landinu öllu getur numið yfir 22 050 milljónum króna að jafnaði og ávöxtun þess fjár gefið enn aukinn hagnað sem nemur um 2 550 milljónum króna. Samanlagt gæti því hagnaður orðið allt að 8 180 milljónir króna.

Hér hefur verið miðað við efri mörk, þ. e. 2. dæmi í töflu XVIII haft til hliðsjónar. En jafnvel þótt tekið væri mið af 1. dæmi (eða 4. dæmi) mætti reikna með hagnaði sem er meiri en 5 000 milljónir króna.

Ástæða er til að ítreka það sem sagt var í niðurlagi inngangs að því er ekki haldið fram að þessar niðurstöður sýni ástandið nákvæmlega eins og það er heldur hvernig það gæti verið miðað við gildandi leikreglur og verðbólgustig (árið 1980—81). Það ætti að vera hlutverk frekari umræðna og athugana að leiða í ljós í hve ríkum mæli þær forsendur gilda sem hér hefur þótt ástæða til að miða við.

2.3. Núverandi ástand.

Allar niðurstöður hér að framan hafa verið settar fram á föstu verðlagi miðað við sept. 1980 og lánskjaravísitölu 178, og miðað við árið sept. 1980 til ág. 1981. Það er eðlilegt að spyrja hvort þær niðurstöður eigi við enn. Svarið hlýtur að vera játandi. Engar verulegar breytingar hafa orðið á magni framleiðslu, neysla frekar aukist á sauðfjárafurðum, slátur- og heildsölukostnaður er nánast óbreyttur miðað við fast verðlag, en annað verð hefur hækkað, nema niðurgreiðslur hafa lækkað. Verðbólgan er nú meiri en áður og mismunur á vöxtum afurðalána og verðbólgustigi í hundraðshlutum hagstæðari fyrir vinnslustöð. Það ætti því að gefa nokkra hugmynd um ástand og horfur í afkomu vinnslustöðvar um þessar mundir að færa fyrri niðurstöður til núverandi verðlags. Samkvæmt því á að margfalda allar tölur í kafla 2.2. með stuðli k_v:

$$k_v = \frac{\text{lánskjaravísitala mars 1983}}{\text{lánskjaravísitala sept. 1980}} \times \frac{1}{100} = \frac{537}{178} \times \frac{1}{100} \simeq 0.03$$

1) Hagnaður vinnslustöðva gæti því numið allt að 169 milljónum nýkr.
2) Lausafjárstaða vinnslustöðva á landinu öllu gæti numið 661.5 milljón nýkr. að jafnaði.
3) Og skynsamleg ávöxtun veltufjár gæti aukið hagnað um 76.5 milljónir nýkr., þ. e. heildarhagnaður orðið allt að 245.5 milljónir nýkr.

Viðauki

Það er forvitnilegt dæmi að skoða hreyfingar á viðskiptareikningi bænda vegna rekstrarlána til bænda og t. d. vegna kaupa á áburði. Rekstrarlán eru það rífleg að þau gera betur en mæta áburðarkaupum, enda ætlast til þess.

1) Gert er ráð fyrir að tekið sé lán að upphæð 1 050 kr. í júní 1981 sem er lagt inn á viðskiptareikning í vinnslustöð.
2) Þá er gert ráð fyrir að áburður sé keyptur í júní fyrir 1 000 kr. og viðskiptareikningur gjaldfærður fyrir kaupunum (verði og 5% álagningu), þ. e. 1 050 kr.
3) Tekið er tillit til greiðslukjara sem vinnslustöðvar njóta í viðskiptum við Áburðarverksmiðju ríkisins.
4) Reiknað er út hvað vinnslustöð bar úr býtum miðað við 5% álagningu og greiðslukjör og borið saman við afkomu er gert ráð fyrir að vinnslustöð fái lánið beint.

Í töflu XIX er settur upp reikningur sem sýnir hreyfingar í sjóði vinnslustöðvar. (Eins og áður er gert ráð fyrir að vinnslustöð geti verðtryggt sjóðinn.) Niðurstöður eru svipaðar úr 1. dæmi og 2. dæmi. Svipuð niðurstaða fæst sem sagt með því að reikna með álagningu vinnslustöðvar og greiðslukjörum eins og þau eru í reynd og með því að gera ráð fyrir að vinnslustöð fái lánið beint á 29% vöxtum (og 1% ávöxtun lausafjár á mán.). Niðurstöðurnar yrðu reyndar sem næst nákvæmlega hinar sömu ef reiknað væri með 4.1% álagningu í stað 5%.

TAFLA XIX

Hreyfingar í sjóði vinnslustöðvar vegna rekstrarlána til bænda og áburðarkaupa.

		1. dæmi					2. dæmi				
		Inn	Út	Inn á föstu verðl.	Út á föstu verðl.	Kassi á föstu verðl.	Inn	Út	Inn	Út	Kassi
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1980	júní	[1] 1.050	[2] 200,0	762,8	145,3	617,5	1.050		762,8		762,8
	júlí		[3] 120,0		85,1	532,4					762,8
	ág.		[4] 123,2		84,7	447,7					762,8
	sept.		[5] 63,2		42,3	405,4					762,8
	okt.					405,4					762,9
	nóv.		[6] 580,0		366,1	39,3		1.176,9		742,9	19,9
				762,8	723,5	2447,7			762,8	742,9	3.833,9
					39,3 + 24,5 = 63,8				19,9 + 38,3 = 58,2		

I 1. dæmi er stuðst við upplýsingar um greiðslukjör í viðskiptum við Ávurðarverksm. ríkisins og gert ráð fyrir 5% álagningu vinnslustöðvar.

I 2. dæmi er reiknað með að vinnslustöð fái lánið á 29% vöxtum. I báðum dæmum er reiknað með 1% ávöxtun lausafjár á mánuði.

1) Lán tekið fyrir áburðarverði og álagningu vinnslustöðvar.
2) Greidd 20% við afhendingu.
3) Greidd 12%.
4) Greidd 12% og vextir.
5) Greidd 6% og vextir.
6) Greidd 50% og vextir.

Ed. 366. Frumvarp til laga [204. mál]

um Ljósmæðraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkið rekur skóla er hefur það hlutverk að veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ljósmóðurstörfum á Íslandi. Hann skal rekinn í sambandi við Kvennadeild Landspítalans.

2. gr.

Skólinn heitir Ljósmæðraskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu: stjórnarnefndar ríkisspítalanna, Ljósmæðrafélags Íslands, Félags fæðingarlækna og nemenda skólans.

Skipunartími skólanefndar skal vera fjögur ár, nema fulltrúa nemenda, sem skal skipa til eins árs í senn.

Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um stjórn og rekstur skólans.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og skal hann vera fæðingarlæknir eða ljósmóðir, sem einnig hefur lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði.

5. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru að umsækjandi skal hafa lokið prófi í hjúkrunarfræði og hlotið hjúkrunarleyfi frá heilbrigðisráðuneytinu.

6. gr.

Námtími skólans er tvö skólaár. Að loknu námi skal nemandinn hljóta prófskírteini frá skólanum og starfsheitið ljósmóðir með þeim réttindum og skyldum er því fylgir lögum samkvæmt.

7. gr.

Í reglugerð skulu vera ákvæði um menntun kennara og skólastjóra, fjölda nemenda, námsefni og kennslutilhögun, próf og vitnisburði og réttindi og skyldur nemenda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Ljósmæðraskóla Íslands nr. 35 frá 20. maí 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 21. október 1980 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða lög um Ljósmæðraskóla Íslands nr. 35 frá 20. maí 1964.

Í nefndinni áttu sæti:

Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri, formaður,
Sigurður S. Magnússon, prófessor, skólastjóri Ljósmæðraskóla Íslands,
Kristín Tómasdóttir, yfirljósmóðir,
Eva Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir og
Vilborg Einarsdóttir, ljósmóðir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands.

Nefndin lauk störfum og skilaði tillögum sínum 19. janúar 1981.

Tillögur nefndarinnar voru sendar menntamálaráðuneytinu til athugunar, sem gerði á þeim lítilsháttar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ljósmæðraskóli Íslands hefur starfað undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og verður áfram rekinn í tengslum við Kvennadeild Landspítalans.

Um 3. gr.

Sérstök skólanefnd skipuð af ráðherra skv. tillögum frá ákveðnum aðilum fer með stjórn skólans. Áður hafði stjórnarnefnd ríkisspítalanna séð um reksturinn.

Um 4. gr.

Skólastjóri skal vera fæðingarlæknir eða ljósmóðir sem einnig hefur lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði, en samkvæmt eldri lögum var yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans skólastjóri.

Um 5. gr.

Gert er að inntökuskilyrði í skólann að umsækjandi hafi lokið prófi í hjúkrunarfræði. Með þessu ákvæði verður grundvallarbreyting á námi og skipulagi Ljósmæðraskóla Íslands.

Um 6. gr.

Þótt inntökuskilyrði í skólann séu þyngd er gert ráð fyrir að skólinn sé tvö skólaár og að loknu prófi hljóti nemendur starfsheitið ljósmóðir.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 367. Frumvarp til laga [205. mál]

um beinar niðurgreiðslur til neytenda.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Guðmundur Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Á árinu 1984 skal ríkisstjórnin framkvæma lið „12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði“ í 4. gr. fjárlaga sem hér segir:

I. 500 milljónum króna ráðstafar ríkisstjórnin með beinum greiðslum til landsmanna til frjálsrar lækkunar á heimilisútgjöldum.

II. 445 milljónum króna ráðstafar ríkisstjórnin til niðurgreiðslu á verði íslenskra afurða samkvæmt reglum sem ríkisstjórnin setur þannig að þær komi lágtekjufólki og barnmörgum fjölskyldum mest að gagni.

Sérstök nefnd, skipuð fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Stéttarsambands bænda, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, ásamt fulltrúa viðskiptaráðherra, skal gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

2. gr.

Niðurgreiðslur skv. I. lið 1. gr. skulu koma til útborgunar eigi síðar en 1. maí 1984. Greiðslur þessar eru ekki framtalsskyldar og af þeim skal ekki greiða tekjuskatt, tekjuútsvar

né önnur opinber gjöld. Eigi er heldur heimilt að skerða umræddar greiðslur svo sem vegna kröfu um greiðslur opinberra gjalda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda fyrir árið 1984.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi er því ætlað að vera fyrsti áfangi á leiðinni út úr þeim vítahring sem langvarandi niðurgreiðslur á sömu framleiðsluafurðum eru orðnar en margra ára saga óslitins niðurgreiðslubákns hefur ruglað alla eðlilega verðþróun neysluvöru á innanlandsmarkaði, skekkt allt verðmyndunarkerfi landbúnaðarafurða, torveldað æskilegar breytingar á framleiðsluháttum og kostað þjóðina óhemjumikla fjármuni sem illa hefur verið varið. Í öðru lagi er megintilgangur frumvarpsins að neytendur fái aukið val um til hvaða vörutegunda niðurgreiðslunum er varið, en með núverandi fyrirkomulagi njóta neytendur einskis góðs af þeim miklu fjármunum sem varið er til niðurgreiðslu úr ríkissjóði nema þeir kaupi tilteknar vörur, sem auk þess að vera tiltölulega fáar eru í flestum tilvikum dýrari en svo, þrátt fyrir niðurgreiðslurnar, að þær geti lengur talist til daglegrar fæðu láglaunafólks, e. t. v. að mjólkinni einni undantekinni. Kindakjöt, smjör og ostar, svo nefnd séu dæmi um niðurgreiddar vörur, eru meðal dýrustu fæðutegunda í landinu og ekki á færi allra að hafa svo dýrar fæðutegundir á borðum sínum daglega enda hafa aðrar og ódýrari neysluvörur komið í æ ríkara mæli í stað þeirra sem daglegar fæðuvörur alþýðuheimila í landinu. Það er því orðið algert öfugmæli að niðurgreiðslurnar séu sérstaklega til hagsbóta fyrir láglaunafólkið. Það gefur auga leið að ætli menn að hafa sem mest hagræði af niðurgreiðslunum ættu menn að vera með niðurgreiddar vörur á borðum sínum daglega, og það gera aðrir en láglaunafólkið. Að undanteknum nokkrum afurðum eins og mjólk lætur nærri að niðurgreiðslur á kampavíni og ráðherrabílum kæmu láglaunafólki að jafnmiklu „gagni" og núverandi fyrirkomulag á niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Fyrst ríkissjóður er á annað borð að verja sameiginlegum fjármunum landsmanna til þess að greiða niður vöruverð ættu menn í fyrsta lagi að velja þær vörutegundir, sem eru dagleg neysluvara lágtekjufólks og barnmargra fjölskyldna og koma þeim sem mest að gagni að fá lækkað verð á, og í öðru lagi að gefa fólkinu sjálfu færi á að ráða því eftir aðstæðum og neysluvenjum hvers og eins hvaða vörutegundir það velur sér til niðurgreiðslu. Hvaða vit er t. d. í því að öll þessi mikla niðurgreiðsla úr ríkissjóði fari fram hjá þeim heimilum þar sem af einhverjum ástæðum, t. d. læknisfræðilegum, er ekki talið æskilegt að neyta mikillar dýrafitu?

Sambærilegar tillögur og í frv. þessu eru fluttar um breytingu á ráðstöfun niðurgreiðslna hafa oft verið orðaðar, nú síðast af Magnúsi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, en hann lagði til að einmitt sams konar leið yrði farin sem liður í efnahagsaðgerðum. Launþegasamtök hafa einnig orðað svipaðar hugmyndir við ríkisstjórnir í sambandi við kjarasamninga. Málinu hefur einnig áður verið hreyft á Alþingi en aldrei í frumvarpi til laga eins og nú.

Íslenskar landbúnaðarvörur hafa verið greiddar niður á innlendum markaði í áratugi. Upphaflega var farið inn á þessa braut til þess að koma í veg fyrir verðhækkun á landbúnaðarafurðum og þau áhrif sem það mundi hafa á vísitölu framfærslukostnaðar. Á þeim árum voru innlendar landbúnaðarafurðir stærri þáttur í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar en síðar varð og nú á sér stað svo að vísitalan var mjög viðkvæm fyrir breytingum á verði landbúnaðarafurða, eins og hún er raunar enn þótt ekki sé í jafnríkum mæli. Í fyrstu voru þessar niðurgreiðslur ekki verulegar. En þær fóru smám saman vaxandi og hafa aukist stórlega. Á árinu 1970 námu niðurgreiðslurnar tæplega 572 millj. kr. Á þessu ári er áætlað að þær muni nema 945 millj. nýkróna miðað við þær niðurgreiðslur sem nú eru í gildi, en það er a. m. k. tvöfalt hærri fjárhæð á föstu verðlagi en 1970.

Aukning niðurgreiðslnanna hefur jafnan verið rökstudd með sama hætti og þegar þær voru fyrst teknar upp. Niðurgreiðslurnar hafa verið hagstjórnartæki stjórnvalda í baráttu við vaxandi dýrtíð. Þeim hefur verið ætlað að koma í veg fyrir hækkun vísitölu framfærslukostnaðar með sérstöku tilliti til þess að kaupgjald hefur lengst af verið tengt breytingum á framfærsluvísitölu, með nokkrum takmörkunum þó að því er snertir þátt kaupgjalds bænda í afurðaverði. Það eru því að sjálfsögðu fyrst og fremst neytendur sem hafa notið þess í lægra verði á innlendum landbúnaðarafurðum að ríkisvaldið hefur varið miklu af fé skattgreiðenda til niðurgreiðslna. Á hinn bóginn hafa framleiðendur landbúnaðarafurða notið þess á óbeinan hátt að vörur þeirra hafa verið til sölu á miklu lægra verði en ella ef engar eða minni niðurgreiðslur hefðu átt sér stað. Innlendar landbúnaðarvörur hafa með þessum hætti orðið samkeppnishæfari en ella við erlendar matvörur og aðrar innlendar neysluvörur sem ekki eru niðurgreiddar.

Niðurgreiðslur á innlendum landbúnaðarafurðum tíðkast víða um lönd. Sums staðar er ástæðan hliðstæð þeirri sem hér hefur ráðið stefnunni. Verið er að halda niðri verði á neysluvörum almennings. Annars staðar er verið að vernda innlenda landbúnaðarframleiðslu gegn samkeppni af hálfu erlends landbúnaðar. Slíku er ekki til að dreifa hér þar eð bannaður er innflutningur allrar landbúnaðarvöru sem framleidd er í landinu sjálfu. Hér er hlutverk niðurgreiðslnanna fyrst og fremst að halda niðri innlendu verðlagi, að koma í veg fyrir hækkun á framfærslukostnaði sem ella mundi eiga sér stað.

Þegar niðurgreiðslur eru hvorki verulegur hluti af framleiðsluverði afurðanna né heldur af tekjum þeirra neytenda sem þær kaupa má segja að þær hafi ekki teljandi efnahagsáhrif umfram það sem þeim er ætlað, þ. e. að hafa áhrif til verðlagslækkunar frá því sem ella ætti sér stað. En þegar niðurgreiðslur eru orðnar mjög miklar fara þær að hafa alls konar aukaáhrif sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi né ætlast til. Niðurgreiðslur á íslenskum landbúnaðarvörum eru nú orðnar hlutfallslega meiri en tíðkast í nokkru nálægu landi og á það við hvort sem miðað er við framleiðslukostnað þeirra innanlands eða tekjur neytenda. Má sjá þetta með einföldum samanburði. Til dæmis að nefna hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila hækkað frá 1970–1982 um 97.5% en niðurgreiðslur úr ríkissjóði á sama tíma um 225% á föstu verðlagi, en 1982 er síðasta árið sem niðurgreiðsluuppgjör liggur fyrir samkvæmt ríkisreikningi. Má af þessum samanburði sjá hve gífurlega hafa vaxið þær byrðar sem lagðar eru á heimilin í landinu til þess að standa straum af fjáröflun til niðurgreiðslna, enda hefur skattheimta til niðurgreiðslna komist á tímabilinu talsvert upp fyrir 5% af tekjum heimilanna.

Áhrif niðurgreiðslna á einstakar vörutegundir sjást best ef athugað er hvað helstu landbúnaðarafurðir ættu að kosta ef ekki kæmi til niðurgreiðslna úr ríkissjóði. Einn mjólkurlítri ætti að kosta 21.61 kr. en kostar 17.10 kr. 20% verðsins er niðurgreitt úr ríkissjóði. 1 kg af smjöri ætti að kosta 312.86 kr. en kostar kr. 240.00. 27% verðsins er niðurgreitt úr ríkissjóði. 1 kg af súpukjöti ætti að kosta 147.16 kr. en kostar 122.10 kr. 17% verðsins er niðurgreitt úr ríkissjóði. Ýmsar aðrar kjöttegundir eru hins vegar ekki greiddar niður en framleiðsla þeirra jafnvel skattlögð í þágu hinnar niðurgreiddu framleiðslu þannig að um tvöfalt óhagræði er að ræða. Þann reikning greiðir neytandinn.

Þegar niðurgreiðslur eru orðnar svo miklar sem hér um ræðir hljóta ýmsar spurningar að vakna, t. d. hvort svo miklar niðurgreiðslur torveldi ekki neytandanum að hagnýta tekjur sínar á þann hátt að hann hafi af þeim sem mest notagildi. Til þess að njóta þess hagræðis, sem ríkisvaldið vill veita honum með því að verja jafnmiklum fjárhæðum og raun ber vitni til niðurgreiðslna, verður hann að kaupa hinar niðurgreiddu vörur. Hann nýtur hagræðisins t. d. ef hann kaupir súpukjöt en hann nýtur einskis hagræðis ef hann kaupir kjúkling, svo að ekki sé talað um einhverja aðra vöru svo sem innlenda iðnaðarvöru, fatnað, hreinlætisvöru eða húsgögn, sem hann kann fremur að kjósa en matvöru. Mjög miklar niðurgreiðslur knýja

neytendur m. ö. o. til neysluvals sem verið getur að þeir kæri sig ekki um og telji í raun og veru rýra raungildi tekna sinna. Þá hlýtur sú spurning einnig að vakna hvort ástæða sé til þess að veita tekjuháu fólki jafnmikið fé með niðurgreiðslum og á sér stað þegar þær hafa náð þeim gífurlegu upphæðum sem nú er varið í þessu skyni. Tiltölulega litlar niðurgreiðslur á matvælum hafa ekki teljandi áhrif á raunverulega tekjuráðstöfun og tekjuskiptingu. Neysla þeirra, sem háar tekjur hafa, er auðvitað meiri en hinna sem lægri hafa tekjur, einnig neysla þeirra af matvælum þótt eflaust sé meiri munur á annarri neyslu. Af þessu leiðir að sjálfsögðu að þeim mun meiri sem niðurgreiðslur eru þeim mun meira fá hinir tekjuhærri í sinn hlut af þeirri heildarfúlgu sem ríkisvaldið ver til niðurgreiðslna en hinir tekjulægri hlutfallslega minna.

Að því er framleiðendur landbúnaðarafurða snertir vakna tvær spurningar í sambandi við hinar miklu niðurgreiðslur. Þær eru mjög misjafnar á einstakar landbúnaðarafurðir og skapa því framleiðendum mjög misjöfn söluskilyrði. Samkeppnisaðstaða einstakra greina innan landbúnaðarins hefur verið gerð mjög ójöfn. Hin spurningin er sú hvort óeðlilega lágt söluverð á vissum landbúnaðarafurðum miðað við framleiðslukostnað hvetji bændur ekki til fjárfestingar og framleiðslu sem eigi síðar meir eftir að reynast óarðbær þar eð afurðirnar reynist ekki seljanlegar ef dregið yrði úr niðurgreiðslum, en svo miklar niðurgreiðslur, sem hér eiga sér nú stað, geta ekki staðið til frambúðar. Hefur þá bænda verið freistað til framkvæmda og framleiðsluhátta sem skaða þá fjárhagslega síðar. Hafa langvarandi niðurgreiðslur fárra afurða sannanlega leitt til slíks.

Ýmis rök hníga að því að neytendur teldu það auka raungildi tekna sinna að geta ráðið því sjálfir hvernig þeir ráðstafa þeim tekjum sem ríkisvaldið ætlar þeim til þess að vega upp á móti vaxandi dýrtíð, í stað þess að þurfa að verja þeim til kaupa á fáum tilteknum vörum til þess að verða aðnjótandi þeirra fríðinda sem þeir eru taldir eiga rétt á. Augljóst er að það er ekki kostnaðarauki fyrir ríkissjóð að greiða neytendum niðurgreiðsluna beint í peningum í stað þess að verja sömu upphæð til lækkunar vöruverðs. Ef greiðslurnar væru látnar fara um hendur Tryggingastofnunar ríkisins er ekki víst að kostnaður við framkvæmdina yrði meiri en hann er nú við framkvæmd niðurgreiðslnanna. Ef greiðslurnar yrðu hafðar jafnháar til einstaklinga án tillits til tekna, eins og sjálfsagt virðist vera, leiddi slík ráðstöfun tvímælalaust til kjarajöfnunar miðað við núgildandi niðurgreiðslukerfi. Þá er þess síðast en ekki síst að geta í sambandi við slíka breytingu á niðurgreiðslunum að afnumið yrði misrétti það sem nú ríkir milli einstakra framleiðenda landbúnaðarafurða. Allir stæðu þeir þá eins að vígi á markaðnum. Neytandinn fengi þá vöru sem hann helst kýs miðað við kostnaðarverð og framleiðsla landbúnaðarins beindist smám saman inn á þær brautir sem neytendur óska.

Ýmsir liðir koma að sjálfsögðu til greina við framkvæmd á beinum niðurgreiðslum til neytenda. Nefna má sem dæmi að greiða hverjum íslenskum ríkisborgara, sem búsettur er á landinu, fasta fjárhæð, t. d. tiltekna fjárhæð til hvers og eins 16 ára og eldri og helming þeirrar fjárhæðar vegna barna og unglinga yngri en 16 ára. Með því móti mætti greiða hverri fjögurra manna fjölskyldu rösklega 15 þúsund krónur sem hún síðan ráðstafaði að vild til lækkunar á neysluvöruútgjöldum ef öll áætluð fjárhæð niðurgreiðslna úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum 1984 væri greidd beint út. Ef sambærilegri fjárhæð væri varið í þessu skyni á árinu 1984 og notuð var í niðurgreiðslur árið 1982 samkvæmt ríkisreikningi og hún greidd beint til neytenda samsvaraði það því að sérhver fjögurra manna fjölskylda í landinu fengi 20–22 þúsund krónur til frjálsrar ráðstöfunar með þessum hætti á árinu 1984.

Niðurgreiðslur úr ríkissjóði 1970–1982 á föstu verðlagi.

Ár	Fjárhæð	Vísitala[1])	Fast verð; 1970=100
1970	571 460	100,0	571 460
1971	1 640 056	107,3	1 528 477
1972	1 681 052	122,8	1 368 935
1973	2 142 048	153,2	1 398 223
1974	3 740 377	217,7	1 718 134
1975	5 586 005	327,1	1 707 736
1976	5 156 773	436,9	1 180 310
1977	5 769 993	570,0	1 012 280
1978	11 785 481	822,2	1 433 408
1979	22 493 419	1 198,2	1 877 268
1980	27 047 182	1 904,7	1 420 023
1981	388 500[2])	2 867,6	1 354 792
1982	805 406[2])	4 333,8	1 858,429

1) Vísitala vöru og þjónustu (A-liður framfærsluvísitölu).
2) Nýkrónur.

Sþ. 368. Nefndarálit [194. mál]

um till. til þál. um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og ráðgast um hana við embættismenn utanríkisþjónustunnar. Eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Áheyrnarfulltrúi á fundi nefndarinnar var Guðmundur Einarsson og er hann samþykkur afgreiðslu nefndarinnar.

Alþingi, 20. febrúar 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 369. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lausaskuldum launafólks í löng lán.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands skal gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa samkvæmt ákvörðun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum launafólks vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, svo sem íbúðabygginga, íbúðakaupa, endurbóta og breytinga á árunum 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna heimilisstofnunar, innbúskaupa og kaupa á búnaði, verkfærum og tækjum sem launafólk hefur þarfnast vegna vinnu sinnar á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum eru:

1. Veðskuldabréf þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veðum í fasteignum.

Ákvörðun um lánakjör skal tekin af Veðdeild Landsbanka Íslands ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka sem eiga skal sæti í stjórn lífeyrissjóðs á vegum samtakanna og þau tilnefna: Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Sambands bankamanna. Leitað skal samþykkis félagsmálaráðherra áður en ákvörðunin öðlast gildi.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa launafólki í leiguhúsnæði á vegum ríkisins og stofnana þess að veðsetja leiguhúsnæði sitt til tryggingar á lánum skv. lögum þessum enda sýni leigutakar fram á að þeir eigi í lausafjármunum, s. s. innbúi, bifreið o. þ. h., eignir er svari a. m. k. lánsfjárhæðinni og fallist á að veita ríkinu eða hlutaðeigandi ríkisstofnun veð í þeim eignum eða aðra tryggingu fyrir skilvísri greiðslu lánsins.

4. gr.

Lán skv. lögum þessum, að viðbættum þeim sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum með sama hætti og tíðkast hefur við veitingu lána gegn fasteignaveði hjá Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna svo og um frekari skilyrði ef þurfa þykir. Skal hann leita umsagnar stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins svo og Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands bankamanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán (196. mál neðri deildar). Í frumvarpi því er ráðgert að breyta öllum lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra, jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa frá og með árinu 1979 til og með árinu 1983 í föst lán.

Í gildi eru önnur lög um sama efni frá 16. maí 1979. Í þeim lögum var lausaskuldum bænda frá 1970—1979, að báðum árum meðtöldum, með sama hætti breytt í föst lán. Verði frumvarp ríkisstjórnarinnar samþykkt á Alþingi hefur öllum lausaskuldum bænda s.l. fjórtán ár þar með verið breytt í föst lán.

Nú skal ekki draga í efa nauðsyn þess að breyta öllum lausaskuldum einnar atvinnustéttar í landinu frá samfellt fjórtán árum í föst lán. Spurningin er aðeins: Hvað hugsa stjórnvöld um alla hina? Fjölmargir stunda framleiðslustörf og safna lausaskuldum þótt þeir starfi ekki í landbúnaði. Hvað um framleiðendur í iðnaði, eins og til dæmis þá sem framleiða vörur til útflutnings úr afurðum landbúnaðarins? Og hvað um aðrar atvinnugreinar, t. d. þjónustu og verslun? Hafa menn ekki einnig safnað lausaskuldum þar?

Og hvað um aðra landsmenn? Hvað um launamenn? Þeim er nú hlaðinn bálköstur uppboðskrafna og uppboðsauglýsinga. Til sannindamerkis er fólki bent á Lögbirtingablaðið sem gefið er út af ríkinu og er á góðri leið með að verða ein umfangsmesta útgáfa á þessu landi. Ef menn þurfa frekari vitna við er þeim bent á Morgunblaðið og DV sem gefin eru út af félögum sjálfstæðismanna en bæði þessi blöð eru undirlögð af auglýsingum um nauðungaruppboð á eigum launafólks. Hvað hugsa stjórnvöld um neyð þessa fólks í sömu andrá og þau leggja til að lausaskuldum framleiðenda í landbúnaði frá samfelldu 14 ára tímabili verði breytt í löng lán með lögum? Eru ekki allir landsmenn jafnir fyrir lögunum? Eða eru sumir jafnari en aðrir af því ártalið er orðið 1984?

Flm. þessa frumvarps bera það fram í trausti þess að á Alþingi sé vilji fyrir því að launafólki sé veittur sami réttur með lögum og veita á framleiðendum í landbúnaði.

Margt í þessu frumvarpi kemur mönnum efalaust undarlega fyrir sjónir við fyrstu sýn og skal það fúslega viðurkennt. Svo er t. d. um ákvæði 2. gr., að lántakendur sjálfir, eða fulltrúar þeirra, skuli eiga hlut að því að ákveða lánskjörin. Sama má einnig segja um ákvæði 3. gr., að leigjendur í húsnæði ríkisins og stofnana þess öðlist heimild til þess að veðsetja eignir ríkisins fyrir lausaskuldum sínum. Hvorugt telst vera almenn regla og stingur án efa í augu við fyrsta yfirlestur. Því er þá til að svara að hér er aðeins stuðst nákvæmlega við fyrirmyndir úr frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Þar er lagt til að lántakendur sjálfir, eða fulltrúar þeirra, hlutist til um lánskjörin (2. gr.) og enn fremur að leiguliðum á ríkisjörðum verði heimilað að veðsetja ríkiseignir fyrir lausaskuldum sínum (3. gr.).

Þá er það einnig sameiginlegt með báðum frumvörpunum að menn renna nokkuð blint í sjóinn með hve mikilla fjármuna er þörf til þess að breyta lausaskuldunum í lengri lán og er því í báðum tilvikunum lagt til að Alþingi afgreiði málið án takmarkana. Þó er sá munurinn á að Stofnlánadeild landbúnaðarins auglýsti í nóvembermánuði s. l. eftir umsóknum um lánabreytingar frá bændum í trausti þess að Alþingi afgreiddi frumvarp þess efnis, — án þess að það hefði verið samið þegar umsóknanna var óskað og bárust þá 605 umsóknir að fjárhæð 150 m. kr., og er talið að þeim eigi eftir að fjölga og þær að hækka. Enginn forsjáraðili launafólks hefur með líkum hætti leitað eftir áhuga þess á málinu áður en frv. þetta var samið þannig að sem sakir standa hafa menn ekki fleiri haldgóðar heimildir og upplýsingar við að styðjast en Lögbirtingablaðið, sem gefið er út af ríkinu, og Morgunblaðið og DV sem gefin eru út af félögum sjálfstæðismanna.

Frumvarpið um breytingu á lausaskuldum bænda 1979—1983 og lögin um breytingu á lausaskuldum bænda 1970—1979 eru birt sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Lög

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970 til 1979 að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því, og skal þá matsverð ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 (ef þau falla úr gildi þá laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands) um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 1979.

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing). 237

Fylgiskjal II.

1983-84 (106. löggjafarþing) — 196. mál.

Nd. 196. Frumvarp til laga

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir 106. löggjafarþing 1983—84.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til tryggginganna, skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum.

Ákvörðun um lánakjör skal tekin af stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðna tvo áratugi hefur fjórum sinnum verið heimilað með lögum að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, með því að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Í öllum tilvikum hefur vel til tekist og vandi þorra þeirra bænda, sem í fjárhagsvanda voru, verið leystur.

Undanfarin ár hafa verið mörgum bændum erfið. Á það einkum við þá, sem staðið hafa í fjármagnsfrekum framkvæmdum. Framleiðslutakmarkanir vegna markaðserfiðleika og árferðisáföll hafa einnig raskað hag margra.

Í desembermánuði 1982 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að huga að afkomu bænda, m.a. með hliðsjón af árferðisáföllum og mismunandi tekjum eftir búgreinum. Formaður nefndarinnar var Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur, og aðrir nefndarmenn Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, bóndi, Eystra-Geldingaholti, Sigurður Líndal, bóndi, Lækjamóti og Sigurður Sigurðsson, bóndi, Brúnastöðum.

Nefndin skilaði tillögum sínum í september s.l. Þar segir nefndin m.a. „að breyting lausaskulda bænda í löng lán sé svo aðkallandi og eigi eðlilega samleið með þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera til lengingar á lánum annarra þjóðfélagshópa og atvinnuvega, að hefjast þurfi handa um framkvæmd þeirra aðgerða hið allra fyrsta".

Athuganir nefndarinnar benda til að 200—300 bændur hafi þörf á því að breyta lausaskuldum í föst lán, að fengnu samþykki kröfuhafa, sem eru fyrst og fremst kaupfélög og lánastofnanir.

Stofnlánadeild landbúnaðarins auglýsti í nóv. s.l. eftir umsóknum þeirra bænda, sem óskuðu eftir að breyta lausaskuldum í föst lán. 605 umsóknir bárust vegna skulda að fjárhæð um 150 m.kr. Sú fjárhæð mun væntanlega hækka, þegar gögn berast um skuldastöðu umsækjenda árið 1983.

Nokkuð vantar á að fullnægjandi gögn hafi fylgt öllum umsóknum og hefur umsækjendum verið bent á að bæta úr því.

Umsóknir skiptast þannig eftir kjördæmum:

Vesturland	122
Vestfirðir	20
Norðurland vestra	127
Norðurland eystra	101
Austurland	73
Suðurland	162
Alls	605

Ástæður umsækjenda verða kannaðar nánar, þegar umbeðnar upplýsingar hafa borist og þá settar reglur í samræmi við það, sem áður hefur verið gert í hliðstæðum tilvikum, byggðar á því að skuldbreyting komi að því gagni, sem að er stefnt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um heimild til handa Veðdeild Búnaðarbanka Íslands til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Skulu bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, enda hafi umsækjendur ekki átt kost á úrlausn fjárhagsvandans eftir öðrum leiðum. Skuldbreyting vegna ársins 1979 nær aðeins til þeirra, sem ekki fengu breytt

lausaskuldum sínum skv. lögum nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Vikið er frá ákvæðum 4. gr. 1. nr. 34 29. maí 1979 um tryggingu vaxtabréfa, sem gefin verða út á vegum deildarinnar, verði frumvarp þetta að lögum.

Í stað ábyrgðar ríkissjóðs næst á eftir varasjóði Veðdeildar Búnaðarbankans kemur nú ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29 19. maí 1976 ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands. Þannig nær ábyrgð ríkissjóðs til bréfa þessara eins og áður við útgáfu slíkra bankavaxtabréfa.

Um 2. gr.

Fyrri málsgrein er í samræmi við það sem áður hefur verið, að lán eru aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum þeirra.

Síðari málsgrein gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra þurfi að samþykkja þau lánakjör, sem ákveðin verða, og að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, auk fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, geri tillögur um þau lánakjör.

Um 3.—7. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.

Sþ. 370. Fyrirspurnir. [207. mál]

I. Til heilbrigðisráðherra um sjúklingaskrár.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hvaða reglur gilda um varðveislu upplýsinga um sjúklinga á opinberum heilbrigðisstofnunum?
2. Hverjir hafa aðgang að þeim upplýsingum í daglegu starfi stofnananna?
3. Hvernig er háttað eftirliti með því að reglur séu haldnar?
4. Eru uppi áform um tölvuskráningu á upplýsingum um sjúklinga?
5. Ef svo er, hvaða reglur munu gilda um meðferð upplýsinganna?

II. Til félagsmálaráðherra um fjármögnun húsnæðismála.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Telur ráðherra að fjármögnun húsnæðislánakerfisins sé tryggð á viðunandi hátt á fjárlögum og með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir 1984?

III. Til fjármálaráðherra um endurgreiðslu söluskatts af kostnaði við snjómokstur.

Frá Páli Péturssyni.

Hvenær hyggst fjármálaráðherra neyta heimildar í lögum nr. 24 frá 16. mars 1983, um breytingu á lögum um söluskatt, og endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur?

Sþ. 371. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um kynningu á starfsmannasjóðum.

Flm.: Kristjana Milla Thorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga á hvern hátt megi kynna í starfsmannafélögum og meðal atvinnurekenda, hvernig stofna megi starfsmannasjóði og að hvaða gagni þeir geta komið í atvinnulífinu.

Greinargerð.

Greinilegt er að undirstöðuatvinnuvegir Íslendinga, landbúnaður og sjávarútvegur, geta ekki tekið við fleira fólki á næstunni. Mikil þörf er því fyrir fleiri störf í öðrum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að hugvit og framtak einstaklingsins fái að njóta sín við slíka atvinnusköpun.

Aukin þátttaka starfsmanna í uppbyggingu atvinnulífsins, t. d. með stofnun starfsmannasjóða gæti orðið hvati til framtaks. Slíkir sjóðir hafa lítið verið kynntir hér á landi, hvorki hjá starfsmannafélögum eða hjá stjórnum fyrirtækja, og virðist því brýnt að bæta úr því.

Sþ. 372. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um þróunarstofur landshlutanna.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristófer Már Kristinsson, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegunar.
4. Þróunarstofur starfi í nánum tengslum við Byggða- og áætlanadeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
5. Þróunarstofur skuli m. a.
   a) sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir;
   b) vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
   c) varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
   d) starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er hluti af stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna á sviði byggðastefnu og **valddreifingar.** Á þskj. 4 (tillaga til þál. um gerð frv. um framkvæmd byggðastefnu) birtist fyrsti hluti þessarar stefnu þar sem m. a. voru settar fram tillögur um ýmsar breytingar á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Að þessu sinni er gerð grein fyrir tillögum um skipulag þessara mála á heimaslóð og lagt til að settar verði á fót **þróunarstofur í landshlutum.**

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Um einstaka liði í þingsályktunartillögunni má segja eftirfarandi:

Í 1. lið er lögð áhersla á það tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofunum.

Í 2. lið er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa, enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um almennar kosningar fylkisstjórnvalda sem myndu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Í 3. lið þingsályktunarinnar er lögð áhersla á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Í 4. lið er lagt til að þróunarstofur starfi í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Í 5. lið er lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Þar er einnig rætt um að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, s. s. Vegagerðar, Pósts og síma og Rarik, svo dæmi séu nefnd.

Ed. 373. Frumvarp til laga [210. mál]

um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Kauplagsnefnd skipa þrír menn. Einn skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. Nefndin starfar í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölugrundvelli byggðum á niðurstöðum neyslukönnunar árin 1978 og 1979, sem Kauplagsnefnd og Hagstofan hafa gert. Grunntala þessarar vísitölu (=100) skal miðuð við verðlag í febrúarbyrjun 1984, og skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar ríkisstjórnin, Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í byrjun annars mánaðar en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Kauplagsnefnd skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því, hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Telji allir nefndarmenn, að lokinni slíkri athugun, að endurskoðunar sé þörf, getur nefndin ákveðið, að gerð skuli neyslukönnun til endurnýjunar á grundvelli vísitölunnar. Að fengnum niðurstöðum er nefndinni — sé hún sammála — heimilt að ákveða framfærsluvísitölunni nýjan grundvöll án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Kauplagsnefnd skal gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.

4. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 10/1981 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirtalin ákvæði laga:

1) 1. og 2. málsgrein 4. greinar laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

2) 4. grein laga nr. 10 13. apríl 1981 um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tildrög og framkvæmd neyslukönnunar. Með bréfi forsætisráðherra 19. október 1978 til Hagstofu Íslands var henni og Kauplagsnefnd falið að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar, og skyldi því verki hraðað eins og kostur væri á. Var tekið fram í bréfinu, að nefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvaldsins, er ætti að gera tillögur um endurskoðun viðmiðunar launa við vísitölu, hefði mælst til þess við ríkisstjórnina, að fyrr nefndum aðilum yrði falið að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar.

Forsenda slíkrar endurskoðunar er, að fram fari neyslukönnun, og af þeim sökum hófu Kauplagsnefnd og Hagstofan þegar undirbúning að nýrri könnun á neyslu launþega, hinni fjórðu í röðinni hér á landi. Hin fyrsta var ákveðin í lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Fór hún fram á tímabilinu júlí 1939 til júní 1940, og tóku þátt í henni um 40 fjölskyldur í Reykjavík. Framfærsluvísitala með grunntíma janúar til mars 1939 var byggð á þessari könnun. Gilti hún í meginatriðum fram að mars 1959. Þá tók við vísitölugrunnur, er byggðist á könnun á neyslu launþega í Reykjavík, sem fór aðallega fram á árunum 1953 og 1954. Þátt í henni tóku 80 fjölskyldur. Niðurstöður lágu fyrir á árinu 1956, en tilheyrandi nýr vísitölugrundvöllur kom ekki til framkvæmda fyrr en í mars 1959, í sambandi við niðurfærslu verðlags og launa, er ákveðin var í lögum nr. 1 30. janúar 1959. Í þeim var og kveðið á um gildistöku nýrrar framfærsluvísitölu með grunntíma 1. mars 1959. Þriðja neyslukönnunin fór fram á árunum 1964 og 1965, og voru þátttakendur í henni 100 fjölskyldur í Reykjavík. Niðurstöður lágu fyrir á árinu 1966, en nýr vísitölugrundvöllur byggður á þeim var ekki lögfestur fyrr en með setningu laga nr. 70 29. nóvember 1967, um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Þar var meðal annars ákveðin ný framfærsluvísitala með grunntíma í janúarbyrjun 1968. Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 87 31. desember 1980, um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, fékk þessi vísitala nýja grunntölu 100 hinn 1. janúar 1981, en grundvöllur hennar hélst hinn sami og ákveðinn var í lögum nr. 70/1967.

Hverju sinni sem könnun á neyslu hefur verið gerð til endurskoðunar á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, hafa verið komnar til miklar breytingar á neysluvenjum frá síðustu neyslukönnun, þannig að raunveruleg skipting framfærsluútgjalda fólks var orðin mjög frábrugðin skiptingu útgjalda í gildandi vísitölu. Í þessu þurfti ekki að felast það, að hún sýndi minni verðhækkanir en „rétt“ vísitala hefði sýnt. Hér gat hið gagnstæða eins átt sér stað, og raunar gat útkoman hvað þetta snertir verið mismunandi á ýmsum tímum. En hvað sem þessu liði hlaut áorðin stórfelld breyting á neysluvenjum hverju sinni að leiða til þess, að endurskoðun færi fram á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar. Þegar ákveðið var á hausti 1978 að gera nýja neyslukönnun, lá það óumdeilanlega fyrir, að mjög miklar breytingar hefðu orðið á neyslusamsetningu launþegaheimila síðan 1964/65, er neyslukönnun var síðast gerð.

Þrjár fyrstu neyslukannanirnar áttu það sammerkt að vera bundnar við Reykjavík eina, en neyslukönnun 1978/79 tók til launþega á öllu Höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt voru gerðar umfangsminni kannanir á 5 stöðum utan þess. Í tveimur fyrstu könnunum var ýmsum neysluútgjöldum sleppt, annað hvort vegna ófullkominna upplýsinga eða vegna örðugleika á að finna staðgönguvörur fyrir viðkomandi útgjöld í vísitölunni. Þannig voru t. d. ekki tekin í vísitölu útgjöld til kaupa á húsgögnum og ýmsum öðrum húsbúnaði, útgjöld vegna eigin bifreiðar o. fl. Við uppsetningu vísitölugrundvallar frá janúar 1968 og nýs grundvallar, er nú liggur fyrir, hafa hins vegar öll neysluútgjöld verið tekin með. — Fram að því að nýr grundvöllur tók gildi í janúar 1968, var vísitalan reiknuð mánaðarlega, en síðan þá hefur hún verið reiknuð á 3ja mánaða fresti, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. En óski Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því, að framfærsluvísitalan sé reiknuð aukalega í byrjun annarra mánaða en skylt er að reikna hana,

skal Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk. Þessi heimild hefur verið lítið notuð. Að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin látið reikna vísitöluna eins oft og henni þykir henta í upplýsingarskyni. Þannig hefur hún verið reiknuð í hverjum mánuði síðan í september 1983 eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og verður svo áfram þar til annað kann að verða ákveðið.

Eins og áður segir hófst undirbúningur nýrrar neyslukönnunar á hausti 1978 þegar eftir móttöku áður nefnds bréfs forsætisráðherra til Hagstofunnar. Við skipulagningu hennar var stuðst við tilhögun hliðstæðra kannana á Norðurlöndum, einkum þó við könnun dönsku hagstofunnar 1976. Að því er varðar flokkun og greiningu vörutegunda og þjónustu í vísitölugrundvellinum var, þegar að henni kom, notuð fyrirmynd frá norsku hagstofunni.

Um sama leyti og undirbúningur að neyslukönnun hófst, ákvað Manneldisráð að gera könnun á matarvenjum landsmanna, til þess að bæta úr mjög tilfinnanlegri vöntun upplýsinga á þessu sviði. Samdist svo um, að þessar tvær kannanir hefðu samflot, þ. e. að þátttakendur í könnun Manneldisráðs yrðu hinir sömu og í neyslukönnun Kauplagsnefndar og Hagstofu. Þetta samstarf leiddi til sparnaðar og hagræðis fyrir báða aðila og varð í alla staði árangursríkt.

Nýja neyslukönnunin tók eins og áður segir til alls Höfuðborgarsvæðisins, þ. e. til Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellshrepps, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps, auk Reykjavíkur. Til neyslukönnunar utan Höfuðborgarsvæðis völdust þessir staðir: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar og Hvolsvöllur.

Sem fyrr var ákveðið, að fyrirhuguð neyslukönnun skyldi taka til launþega einna, með þessari hefðbundnu flokkun: Verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, opinberir starfsmenn, verslunar- og skrifstofufólk í þjónustu einkaaðila. Iðnaðarmenn, er væru jafnframt vinnuveitendur, voru ekki hafðir með. Þátttaka var bundin við hjón með eða án barna 17 ára eða yngri á árinu 1978. Heimilisfaðir mátti ekki vera eldri en 66 ára á árinu 1978, en hins vegar voru engin aldursmörk við neðri enda aldursstigans. Aldur eiginmanns réð þannig þátttöku — eiginkona mátti vera eldri en 66 ára 1978. Skal í þessu sambandi upplýst, að hlutur heimilisföður í öflun tekna utan frá var í öllum tilvikum nema fjórum meiri en hlutur heimilismóður.

Á Höfuðborgarsvæði fengust þátttakendur í neyslukönnunina með úrtaki úr þjóðskrá 1. desember 1978 (fyrir staðina fimm úti á landi var gert úrtak úr skattskrám 1978). Þjóðskrárúrtakið var samrennt með skattskrám 1978 til þess að fá þaðan upplýsingar um starfsstétt hvers aðila, um tekjur hans samkvæmt framtali o. fl. Úr stóru heildarúrtaki var síðan með sérstökum hætti unnið úrtak 330 fjölskyldna á Höfuðborgarsvæði. Úr þeim hópi voru felldar fjölskyldur, sem ekki fullnægðu fyrr greindum almennum skilyrðum til þátttöku, svo og fjölskyldur, sem af öðrum ástæðum varð að sleppa (brottfluttir frá könnunarsvæði, launþegi orðinn atvinnurekandi eða hann ranglega merktur launþegi á skattskrá, utan að komandi fólk í heimili, fjölskylda neitaði þátttöku eða baðst eindregið undan henni (fátítt), o. fl.). Niðurstaðan varð sú, að þátttakendur í könnuninni urðu rúmlega 180, en frá nokkrum fengust ekki nothæfar ársútgjaldaskýrslur, og þátttakendur í könnuninni urðu endanlega 176 að tölu. Hér fer á eftir yfirlit um starfsstéttarskiptingu þátttakenda í neyslukönnun 1978/79, og skiptingin 1964/65 sýnd til samanburðar:

	Tala þátt-takenda nú	Skipting nú, %	Skipting 1964, %
Verkamenn	34	19,3	26,0
Sjómenn	9	5,1	3,0
Iðnaðarmenn	32	18,2	23,0
Opinberir starfsmenn	60	34,1	30,0
Verslunar- og skrifstofufólk í þjónustu einkaaðila	41	23,3	18,0
Alls	176	100,0	100,0

Starfsstéttarskipting þátttakenda í neyslukönnun 1978/79 kemur vel heim við skiptingu á Höfuðborgarsvæði í heild miðað við tekjuárið 1978, sbr. töflur um tekjur starfsstétta birtar í októberblaði Hagtíðinda 1979. Yfirlit þetta sýnir, að hlutdeild opinberra starfsmanna og fólks við vörudreifingu og þjónustustörf hefur vaxið verulega síðan 1964/65, en hlutdeild verkamanna og iðnaðarmanna minnkað. Þessi þróun er alþekkt, og þurfti hún að koma fram hér svo vel væri.

Meðalstærð fjölskyldu reyndist vera 3,66 einstaklingar, þ. e. 1,66 börn, auk foreldra. Kemur þetta vel heim við fjölskyldustærð samkvæmt þjóðskrá. Í „vísitölufjölskyldu" gildandi grundvallar eru 1,98 börn, auk foreldra. — Meðalaldur heimilisföður er 36 ár og heimilismóður 34 ár, og er það heldur lægri aldur en aldur foreldra í gildandi vísitölugrundvelli.

Öflun upplýsinga frá þátttakendum í neyslukönnuninni var aðallega með tvennum hætti. Annars vegar voru þeir í viðtölum beðnir að láta í té allnákvæmar upplýsingar um heimilishagi, og þá fyrst og fremst um útgjöld sín á árinu 1978. Var hér um að ræða húsnæðiskostnað og öll önnur neysluútgjöld, nema útgjöld til kaupa á matvörum, óáfengum drykkjarvörum og hreinlætisvörum. Til þess að eiga þessar viðræður við þátttakendur voru fengnir um 20 stúdentar við nám í viðskiptafræði og matvælafræði, auk 4ra annarra, þar af voru 2 hagstofustarfsmenn. Færðu þeir allar upplýsingar jafnóðum á sérstakt 18 blaðsíðna form undir upplýsingar um ársútgjöld og heimilishagi. — Hins vegar færðu þátttakendur búreikninga um 4ra vikna skeið. Til þeirra nota fengu þeir reikningshefti með leiðbeiningum um, hvernig reikningshaldinu skyldi hagað, en auk þess var haft náið samband við hvern þátttakenda í síma, til þess að tryggja sem besta framkvæmd reikningshaldsins. Færa skyldi á búreikninga **öll** útgjöld á 4ra vikna reikningstímabilinu, en tilgangur þessa reikningshalds var annars aðallega sá að afla vitneskju um kaup á matvörum, óáfengum drykkjarvörum og hreinlætisvörum, sem ekki voru tekin á ársútgjaldaskýrslu. Full ástæða er til að ætla, að upplýsingar ársútgjaldaskýrslna og búreikninga hafi verið tæmandi og raunhæfar eftir því sem orðið getur, enda voru „spyrjendur" vel búnir til að gegna þessu hlutverki og reyndust þeir allir vel í starfi. — Það skal tekið fram, að þessi tilhögun á öflun upplýsinga var í aðalatriðum hin sama og viðhöfð var í neyslukönnun 1964/65.

Efniviður ársútgjaldaskýrslna var unninn á hefðbundinn hátt, en búreikningarnir voru tölvuskráðir. Var það mikið verk, því að merkja þurfti með tákntölu hverja einustu útgjaldafjárhæð í búreikningum, auk ýmissa annarra upplýsinga í þeim, er skyldu tölvuskráðar. Þá þurfti og að leiðrétta og laga margt í búreikningunum, svo að þeir yrðu tækir til skráningar. Tölvuskráðar færslur urðu um 68 þús. að tölu.

Í framfærsluvísitölu þeirri, er tók gildi í janúar 1968, voru opinber gjöld (almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald og námsbókagjald), er síðar voru felld niður, og hurfu þar með úr gildandi vísitölu. Einn tekjuliður, fjölskyldubætur, var í 1968-vísitölu, og kom fjárhæð þeirra til frádráttar heildarútgjöldum vísitölunnar, er hún var reiknuð hverju sinni. Fjölskyldubætur í hefðbundnu formi voru lagðar niður frá 1. júlí 1975 og hurfu þær þar með úr vísitölunni. — Beinir skattar (tekjuskattur, útsvar, kirkjugarðsgjald) voru á árinu 1960 felldir inn í þágildandi vísitölugrundvöll, en þeir komu ekki í 1968-grundvöll, og eru ekki heldur í þeim grundvelli, sem nú er lagt til, að verði lögfestur.

Sérstök vandamál voru í sambandi við ákvörðun húsnæðisliðsins, sem að mestu leyti telst vera kostnaður við eigin húsnæði, enda voru 85% þátttakenda á Höfuðborgarsvæði í eigin íbúð. Með hliðsjón af skýrslu, sem Hagstofan lagði fyrir Kauplagsnefnd um þetta ákvörðunarefni, og eftir ýtarlega umfjöllun í henni, urðu nefndarmenn sammála um, að fjárhæð húsnæðisliðs í nýjum grundvelli skyldi vera 65 000 kr. Svarar það til 11% af heildarútgjöldum hans. Í gildandi vísitölu á grunntíma 1968 var hlutdeild húsnæðisliðsins 15,6% af heildarútgjöldum að frá dregnum fjölskyldubótum. Þessi lækkun hlutdeildar

húsnæðiskostnaðar stafar meðal annars af því, að fjölskyldur í eigin húsnæði eru orðnar hlutfallslega fleiri en þær voru samkvæmt neyslukönnun 1964/65, sem vísitölugrunnur 1968 er byggður á.

Kostnaður við neyslukönnun 1978/79, á Höfuðborgarsvæði og utan þess, varð samtals 1 510 þús. kr., miðað við launastig og verðlag í ársbyrjun 1984.

Neyslukönnun utan Höfuðborgarsvæðis. Eins og fyrr segir fengust þátttakendur á hinum 5 stöðum utan Höfuðborgarsvæðis með úrtaki úr skattskrám 1978. Á Ísafirði voru þeir 15, 20 á Akureyri, 15 á Neskaupstað, 15 í Vestmannaeyjum og 10 á Hvolsvelli. Ársútgjaldaskýrslur tóku til ársins 1979. Búreikningar voru — eins og á Höfuðborgarsvæði — færðir í 28 daga, en færslu þeirra var ekki dreift yfir árið eins og þar, heldur hófst hún í fyrri hluta maí 1980 og henni lauk í júní. Sérstök áhersla var lögð á að tryggja fullnægjandi framkvæmd neyslukönnunar á þessum stöðum, enda ekki vanþörf á því. Hagstofustjóri eða hlutaðeigandi deildarstjóri átti ýtarlegt símaviðtal við hvern þátttakenda í byrjun. Ríkisstarfsmaður á staðnum (annað hvort starfsmaður verðlagsstjóra á staðnum eða annar opinber starfsmaður, sérstaklega valinn) tók að sér að gera ársútgjaldaskýrslur og koma færslu búreikninga af stað. Starfsmenn Manneldisráðs við könnun þessa urðu að fara heim til hvers þátttakanda og voru þær heimsóknir látnar eiga sér stað meðan á færslu búreikninga stóð á hverjum stað. Tóku þeir að sér að leiðbeina búreikningshöldurum, þar á meðal að yfirfara það, sem búið væri að færa og láta laga færslugalla. Sæmilega tókst til um gerð ársútgjaldaskýrslu og færslu búreikninga, en rétt er að geta þess, að örðugleikar og annmarkar á öflun upplýsinga var ólíkt meiri á þessum stöðum en á Höfuðborgarsvæði. Á 3 af 5 stöðum hafnaði stór hluti þeirra, sem kom í úrtakið og fullnægði þátttökukröfum, að taka þátt í könnuninni, og á öllum stöðum bar mikið á tregðu þátttakenda til að láta í té upplýsingar. Bera niðurstöður af könnuninni á hinum 5 stöðum þess nokkur merki.

Aðaltilgangur neyslukönnunar utan Höfuðborgarsvæðis var að afla nokkurrar vitneskju um neyslusamsetningu launþega þar og bera hana saman við niðurstöður á Höfuðborgarsvæði. Til þess að fá upplýsingar um neyslu launþega á hinum 5 stöðum, er væru sambærilegar við niðurstöður könnunar á Höfuðborgarsvæði, hefðu þátttakendur þurft að vera miklu fleiri á hverjum stað, auk annars, sem hér hefði þurft að koma til. Við samanburð — sem hefur nokkurt gildi — á samanteknum niðurstöðum könnunar á hinum 5 stöðum við niðurstöður á Höfuðborgarsvæði kom í ljós, að samsetning neyslu launþega á þessum stöðum er svipuð því, sem er á aðalsvæði könnunar. Hér er þó um að ræða viss frávik og gætir þar mest meira vægis útgjalda til húshitunar og rafmagns á stöðum úti á landi.

Stefnt var að því frá upphafi, að væntanlegur nýr vísitölugrundvöllur yrði byggður á niðurstöðum neyslukönnunar á Höfuðborgarsvæði, en jafnframt var gert ráð fyrir að taka visst tillit til niðurstaðna af könnun utan Reykjavíkur. Var það gert að því er varðar liði húshitunar og rafmagnsnotkunar. Talið var frágangssök að ganga lengra í þessu efni, vegna örðugleika á öflun upplýsinga og stórfellds kostnaðar við að koma á fót og starfrækja kerfi, er tæki til staða utan Höfuðborgarsvæðis. Í þessu sambandi verður og að hafa hugfast, að það eru hlutfallslegar breytingar á framfærsluvísitölu í heild, og einstakra þátta hennar og liða, sem skipta máli, en ekki fjárhæðir útgjaldaliða í vísitölunni, svo og að ekki er ástæða til að ætla, að hlutfallslegar breytingar vísitölu, sem tekur einvörðungu til Höfuðborgarsvæðis, séu verulega aðrar en breytingar vísitölu, sem að hluta fylgir verðbreytingum utan þess.

Útgjaldaskipting samkvæmt neyslukönnun 1978/79 og samkvæmt gildandi vísitölugrundvelli borin saman. Hér með fylgir yfirlit um skiptingu útgjalda í væntanlegum nýjum vísitölugrundvelli, miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Til samanburðar eru í yfirlitinu útgjaldafjárhæðir gildandi vísitölu á sama tíma. Hér hafa allmargir liðir í henni verið færðir milli flokka til þess að gera þá sambærilega við neyslukönnun 1978/79 að því er varðar greiningu vöru og þjónustu á flokka. Þetta yfirlit segir margt um áorðnar breytingar á neysluvenjum launþega á tímabilinu frá 1964/65 til 1978/79, er neyslukönnun var gerð á ný. En þess er að gæta, að samanburður á vægi útgjalda samkvæmt yfirlitinu leiðir oft til villandi

Skipting útgjalda í væntanlegum nýjum vísitölugrundvelli og í núgildandi vísitölu, hvort tveggja miðað við verðlag 1. febrúar 1984.

	Útgjaldaupphæðir, kr.		Hlutfallsleg skipting	
	Nýr grunnur	Núgild. grunnur	Nýr grunnur	Núgild. grunnur
Matvörur	125 634	113 399	21,4	32,2
Mjöl, grjón, bakaðar vörur	15 931	13 756	2,7	3,9
Kjöt, kjötvörur	26 952	28 268	4,6	8,0
Fiskur, fiskvörur	5 486	11 212	0,9	3,2
Mjólk, rjómi, ostar, egg	24 547	24 662	4,2	7,0
Feitmeti, olíur	6 605	7 157	1,1	2,0
Grænmeti, ávextir, ber o. fl.	16 225	15 198	2,8	4,3
Kartöflur, vörur úr þeim	2 221	3 232	0,4	0,9
Sykur	1 159	2 059	0,2	0,6
Kaffi, te, kakaó, súkkulaði	3 811	4 035	0,6	1,2
Aðrar matvörur	22 697	3 820	3,9	1,1
Drykkjarvörur, tóbak	26 481	17 969	4,5	5,1
Gosdrykkir og öl	7 294	3 012	1,3	0,9
Áfengi	6 756	5 821	1,1	1,6
Tóbak	12 431	9 136	2,1	2,6
Föt, skófatnaður	50 265	40 936	8,5	11,6
Föt	35 732	28 749	6,1	8,1
Vefnaðarvörur, garn, fataviðgerðir o. fl.	4 723	3 445	0,8	1,0
Skófatnaður	9 810	8 742	1,6	2,5
Húsnæði, rafmagn, hiti	97 112	45 137	16,5	12,8
Húsnæðiskostnaður	65 000	26 350	11,0	7,5
Rafmagns- og hitunarkostnaður	32 112	18 787	5,5	5,3
Húsgögn, heimilisbúnaður	51 917	24 055	8,8	6,9
Húsgögn, gólfteppi o. fl.	18 363	6 484	3,1	1,9
Vefnaðarmunir til heimilishalds	9 672	4 307	1,6	1,2
Kæliskápar, önnur rafmagnsbúsáhöld	5 171	3 274	0,9	0,9
Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld o. fl.	4 407	2 979	0,8	0,9
Ýmsar vörur og þjónusta til heimilishalds	8 243	5 499	1,4	1,6
Barnaheimilisgjöld, húshjálp o. fl.	6 061	1 512	1,0	0,4
Heilsuvernd	9 963	6 524	1,7	1,9
Flutningstæki, ferðir, póstur og sími	110 870	53 189	18,8	15,1
Eigin flutningstæki	94 515	39 135	16,1	11,1
Notkun almennra flutningstækja	9 553	9 101	1,6	2,6
Póstur og sími	6 802	4 953	1,1	1,4
Tómstundaiðkun og menntun	59 604	27 610	10,1	7,9
Tækjabúnaður	20 337	5 709	3,5	1,6
Opinberar sýningar, þjónusta o. fl.	20 654	8 935	3,5	2,6
Bækur, blöð, tímarit o. fl.	15 914	11 210	2,7	3,2
Skólaganga	2 699	1 756	0,4	0,5
Aðrar vörur og þjónusta	52 941	19 963	9,0	5,7
Snyrtivörur, snyrting	11 353	6 858	1,9	1,9
Ferðavörur, úr, skartgripir o. fl.	6 614	4 165	1,1	1,2
Veitingahúsa- og hótelþjónusta, orlof	31 622	8 601	5,4	2,5
Tryggingar o. fl.	2 074	339	0,4	0,1
Þjónusta ót.a.	1 278	—	0,2	—
Félagsgjöld	4 002	2 937	0,7	0,8
Alls	588 789	351 719	100,0	100,0

niðurstöðu vegna mismikilla verðhækkana á umræddu tímabili. Hér á eftir er því, að því er varðar sum útgjöld, annars vegar gerður samanburður á vægi þeirra í 1968-grundvelli á grunntíma hans, og hins vegar á vægi þeirra í væntanlegum nýjum grundvelli miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984.

Ef litið er á matvöruflokkinn í heild er vægi hans samkvæmt niðurstöðum 1978/79-könnunar 21,4%, en hlutdeild matvöru í núgildandi vísitölu á grunntíma hennar 1968 var 27,9%. Sú tiltölulega mikla hlutdeild er 1. febrúar 1984 komin upp í 32,2%, vegna verulega meiri verðhækkunar matvöru en orðið hefur á öðrum vísitöluliðum.

Vægi útgjalda til búvörukaupa í 1968-vísitölu var á grunntíma hennar 13,7%, og 15,5% í febrúarbyrjun 1984, en í væntanlegum nýjum grunni er vægi þeirra um 8% miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Mjög veruleg minnkun hefur orðið á neyslumagni eftirtalinna matvörutegunda frá því, sem er í gildandi vísitölugrunni: Nýmjólk úr 940 lítrum í 598 lítra, kartöflur úr 250 kg í 98 kg, strásykur úr 79 kg í 49 kg. Hér verður að hafa í huga, að nýja „vísitölufjölskyldan" er minni, eða 3,66 einstaklingar á móti 3,98 í gildandi vísitölu. Enn fremur verður að taka tillit til þess, að hér er um að ræða bein heimilisútgjöld til kaupa á þessum vörutegundum — neysla á þessum vörum í mötuneytum og á veitingahúsum, sem hefur aukist stórlega, er utan við þessar neyslumagnstölur og hún liggur ekki fyrir sundurgreind. Þrátt fyrir þetta er um að ræða verulega raunverulega minnkun á neyslu þessara vörutegunda. Geta má þess, að neyslumagn gosdrykkja og sælgætis hefur samkvæmt neyslukönnun 1978/79 stóraukist frá því, sem það var 1964/65. Mjög veruleg aukning hefur og orðið á neyslu nautakjöts, svínakjöts og fuglakjöts.

Útgjöld vegna eigin bifreiðar námu 11,1% af heildarútgjöldum á grunntíma 1968-vísitölu, en í væntanlegum nýjum grundvelli nema þau 16,1%. 55% af fjölskyldum núgildandi vísitölu eru með eigin bifreið, en í nýja grundvellinum eru allar fjölskyldurnar með eigin bifreið.

Veruleg aukning hefur orðið á vægi útgjalda til tómstundaiðkunar og þess háttar. Má þar nefna útgjöld til kaupa á sjónvarpstækjum, hljómtækjum, myndavélum og alls kyns íþróttabúnaði, svo og útgjöld vegna tækja, sem hafa komið til á seinni árum (videotæki, kassettur, vasatölvur). Þá má nefna stóraukið vægi útgjalda vegna hestamennsku, viðleguútbúnaðar, skrúðgarðsræktunar, sundiðkunar, lax- og silungsveiða, dansnámskeiða, nudds og gufubaða, sólarlampa, o. m. fl.

Liðurinn orlofsferðir til útlanda, sem er með útgjöldum til veitingahúsa- og hótelþjónustu neðarlega í yfirlitinu, er ekki til í gildandi vísitölu, en vægi hans í væntanlegum nýjum grundvelli er 3,3%.

Þá má að lokum nefna stóraukið vægi útgjalda til barnagæslu, á dagvistarheimilum, í leikskólum og hjá svo nefndum dagmömmum.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þessi grein er sama efnis og 1. og 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, sem eiga að falla úr gildi samkvæmt tölulið 1 í 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Fyrri málsgreinin er sama efnis og fyrri málsgr. 4. gr. í lögum nr. 10/1981, sem á að falla úr gildi samkvæmt tölulið 2 í 5. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti vísast hér til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Síðari málsgreinin er sama efnis og síðari málsgr. 4. gr. í lögum nr. 10/1981, að öðru leyti en því, að bætt er inn í ákvæði um, að einnig ríkisstjórnin geti látið reikna framfærsluvísitöluna aukalega, þ. e. í öðrum mánuðum en skylt er að reikna hana samkvæmt ákvæðum í fyrri málsgr. 2. gr. frumvarpsins. — Síðari málsgr. 4. gr. í lögum nr. 10/1981 á einnig að falla úr gildi samkvæmt tölulið 2 í 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Til samræmis við ákvæði í 5. gr. laga nr. 18/1983 um vísitölu byggingarkostnaðar er hér lagt til, að Kauplagsnefnd skuli eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því, hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Þó skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Þá er og lagt til í þessari gr., að Kauplagsnefnd geti — ef hún er sammála — ákveðið að slíkri athugun lokinni, að ný neyslukönnun skuli fara fram, svo og — einnig ef hún er sammála — látið nýja framfærsluvísitölu koma til framkvæmda án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Um 4. gr.

Í þessari gr. er kveðið svo á, að núgildandi vísitala framfærslukostnaðar skuli reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Þetta ákvæði hindrar ekki, að hún sé reiknuð áfram mánaðarlega einhvern tíma til upplýsingar.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa umfram það, sem fyrr greinir.

Ed. 374. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um gleraugnafræðinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til umfjöllunar um nokkurt skeið. Umsögn um frv. barst frá Optikerafélagi Íslands og í henni voru gerðar tillögur um breytingar á frv. Nefndin hefur að nokkru leyti tekið til greina þær athugasemdir. Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu kom á fund nefndarinnar og veitti upplýsingar.

Nefndin telur mjög brýnt að réttindi og skyldur þeirra, sem annast vinnslu og sölu sjónhjálpartækja, lúti lagareglum. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. febr. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Árni Johnsen.	Karl St. Guðnason.	Lárus Jónsson.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Ed. 375. Breytingartillögur [63. mál]

um frv. til l. um gleraugnafræðinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins gleraugnafræðingur í greininni og í öðrum greinum frv. komi: sjóntækjafræðingur.
2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „ótakmarkað starfsleyfi“ komi: að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um sjóntækjafræðinga.

Sþ. 376. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um átak í nýiðnaði.

Flm.: Kristófer Már Kristinsson, Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aðgerðum til eflingar nýiðnaði sem feli í sér eftirfarandi:

1. Þáttur áhættulána til atvinnuvega verði aukinn með tilliti til athugana á nýiðnaðarmöguleikum, vöruþróun, markaðssetningu og fleiri þáttum er leitt geti til nýsköpunar, s. s. upplýsingaöflun, leyfisframleiðslumiðlun og mati á hugmyndum uppfinningamanna.
2. Iðnþróunarsjóðir landshluta fái annaðhvort afmarkaðan tekjustofn frá ríki, t. d. hluta af söluskattsinnheimtu landshlutans, eða beint framlag úr Byggðasjóði. Framlag Byggðasjóðs verði aldrei minna en framlag sveitarfélaganna sem að sjóðnum standa.
3. Kannað verði hvar hagkvæmt er að koma á fót fríiðnaðarsvæðum með tilliti til betri nýtingar, t. d. á hafnaraðstöðu og orkuveitum.
4. Stofnað verði alhliða tæknibókasafn er sniðið verði að þörfum atvinnuveganna.
5. Iðnaðarráðuneytinu verði falið að láta gera fræðslu- og áróðursefni fyrir útvarp og sjónvarp til dreifingar meðal almennings um möguleika einstaklinga og samtaka þeirra í nýiðnaði.
6. Leitað verði færra leiða til að tryggja iðnaðarfyrirtækjum orku á samkeppnishæfu verði.

Greinargerð.

Í stefnuskrá Landssambands iðnaðarmanna segir m. a.: „Nýiðnaðarstarfsemi verður til á tvennan hátt. Annars vegar með því að byggja á grunni starfandi iðnaðar, en hins vegar með stofnun nýrra fyrirtækja, vegna nýrra og áður óreyndra framleiðslumöguleika. Iðnþróun getur ekki orðið hér á landi, nema lögð sé áhersla á báða þessa þætti.“ (Stefnuskrá Landssambands iðnaðarmanna, okt. 1983.)

Á komandi árum er von stærstu árganga Íslandssögunnar út á vinnumarkaðinn. Þetta krefst nýrra og arðbærra starfa. Ljóst er að hvorki sjávarútvegur né landbúnaður getur tekið við þessari aukningu og fátt bendir til þess að iðnaðinum sé það kleift við óbreyttar aðstæður. Þrátt fyrir margítrekaðan vilja ráðamanna til nýsköpunar í iðnaði bólar ekkert á aðgerðum sem duga.

Á undanförnum árum hefur lítil sem engin fjölgun átt sér stað í iðnaði og sennilegt er að ný tækni leiði frekar til fækkunar starfa en fjölgunar, a. m. k. í vissum greinum. Mikið skortir á að iðnaðurinn njóti jafnréttis við sjávarútveg og landbúnað í samskiptum við ríkisvaldið. Neikvæð afstaða og tortryggni gagnvart atvinnurekstri, stórum og smáum, er ekki líkleg til að skapa þau atvinnutækifæri sem þjóðin þarfnast. Ríkisvaldið verður að draga að sér loppuna og gefa þeim sem vilja og geta tækifæri til að hafa frumkvæði sjálfum sér og öðrum til bjargar.

Þessi tillaga til þingsályktunar er þáttur í stefnu Bandalags jafnaðarmanna í atvinnu- og byggðamálum. Viðurkennt er að orð eru til allra hluta fyrst, en þau duga skammt ein sér, krefjast verður athafna sem duga.

Ef takast á að koma á fót öflugum framleiðsluiðnaði hérlendis verður að gera fyrirtækjum mögulegt að leggja fjármagn í vöruþróun og markaðssetningu.

Iðnþróunarsjóðir eru líklegir til að auka mikilvægi iðnaðar í þróun byggðar og verða í höndum heimamanna öflugt vopn gegn byggðaröskun.

Fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um fríiðnaðarsvæði (189. mál). Skynsamlegt er að kanna þennan kost í víðara samhengi, t. d. í tengslum við stóriðju, svo sem á Grundartanga og í Straumsvík, til þess að nýta betur en ella mannvirki í eigu þjóðarinnar (þ. e. orkuveitur og hafnarmannvirki).

Aðgengilegt tæknibókasafn fyrir atvinnuvegina er ekki til í landinu. Mjög brýnt er að á þessu verði ráðin bót og sett á stofn alhliða safn er færi sér í nyt ýtrustu tækni á þessu sviði.

Mikilsvert er að möguleikar einstaklinga og samtaka þeirra til að sjá sér farborða séu rækilega kynntir. Þess vegna er lagt til að átak verði gert í fjölmiðlum til upplýsingar og hvatningar. Auk efnis fyrir útvarp og sjónvarp má benda á þá möguleika sem myndbönd og snældur bjóða upp á.

Umtalsverð umframorka er til í landinu við margvíslegar aðstæður, t. d. hjá rafmagns- og hitaveitum. Nauðsynlegt er að framleiðslufyrirtækjum verði gefinn kostur á þessari orku, t. d. með skilyrtum samningum af ýmsu tagi.

Ed. 377. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

20. gr. laganna falli niður.

2. gr.

23. gr. (verður 22. gr.) orðist svo:

Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á jörðum sínum og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingarkostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst 1 hektari;
2. að fyrir liggi yfirlýsing skógræktarstjóra um, að landið sé vel fallið til skógræktar.

3. gr.

Á eftir III. kafla komi nýr kafli, sem verði IV. kafli, með fyrirsögninni: Um ræktun nytjaskóga á bújörðum og orðist svo:

a. (24. gr.)

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.

b. (25. gr.)

Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a) Skógrækt ríkisins hafi gert athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd, er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun, skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
b) Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð, áður en styrkur er greiddur.

c. (26. gr.)

Girðingar um nytjaskóga skulu gerðar samkvæmt ákvæðum 16. gr. laganna. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað, má taka hann lögtaki.

d. (27. gr.)

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi, sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi, að ræktun nytjaskógar hafi mistekist, getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist, er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. byggingarvísitölu í hlutfalli við þær umbætur, sem orðið hafa á landinu við framkvæmdir vegna skógræktarinnar. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um verðmæti umbótanna og endurkröfuna, er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

e. (28. gr.)

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins, er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a) að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.
b) að leysa til sín skógræktarlandið í heild eða að hluta að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki ráðherra, enda teljist slíkt nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri, sem þegar hefur náðst við ræktun nytjaskógar á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi, skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla greidd innan 3ja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bæturnar frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

f. (29. gr.)

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt, þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 26. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns, skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum

styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

g. (30. gr.)

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði, sem skógræktaráætlunin tekur til, skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

h. (31. gr.)

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

4. gr.

IV. kafli laganna (Um Skógræktarfélag Íslands) verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli.

Töluröð greina í lögunum breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um sama efni var lagt fram á síðasta Alþingi, en kom ekki til meðferðar.

Höfuðmarkmið skógræktar á Íslandi eru tvö:

— Gróður- og jarðvegsvernd.

— Framleiðsla á viði til ýmiss konar nytja.

Skógur sem ræktaður er með bæði þessi markmið í huga getur svo þjónað öðrum tilgangi eins og að vera:

— Útivistarsvæði við þéttbýli.

— Skjólgjafi fyrir næsta nágrenni sitt.

Ef vikið er nánar að fyrra aðalmarkmiðinu með skógrækt, gróður- og jarðvegsvernd, þá eru augljósustu áhrif skógarins í umhverfinu:

— Hann bindur jarðveg betur en allar aðrar plöntur.

— Hann er helsti vatnsmiðlari á jörðinni.

— Hann veitir skjól og raka öðrum gróðri, sem dafnar þar betur en á skóglausu landi.

— Hann skapar skilyrði fyrir fjölbreyttara dýralífi en skóglaust land, í jörðu og á.

Skógur til viðarframleiðslu getur gefið af sér þessar afurðir helstar hérlendis:
— Staura til ýmiss konar nota.
— Eldivið (sem nú færist stórlega í vöxt að nota í nágrannalöndum í kjölfar orkukreppunnar).
— Spónaplötur.
— Borðvið ýmiss konar.
Ótalinn er þó sá þáttur skógræktar sem mestan arð gefur:
— Jólatré og skrautgreinar.
Hér er að vísu um takmarkað magn að ræða fyrir íslenskan markað eða 25—30 þús. tré.

Öll skógrækt, hvaða sérstöku markmiði sem hún stefnir að, á það sameiginlegt að með henni er verið að leggja í sjóð framtíðarinnar, sem skilar þar verðmætum, beinum og óbeinum:

1. Lífmassa sem beinlínis er grundvöllur að tilveru meiri hluta fólks á jörðinni.
2. Sterkara lífríki og fjölbreyttara heldur en þar sem enginn skógur er, og þar með eftirsóknarverðara umhverfi.

Í eftirfarandi yfirliti er sýnt, á hvaða aldursskeiði skógarins má vænta þess, að ofantaldar afurðir fari að falla til hérlendis, miðað þá reynslu sem fyrir liggur um trjávöxt:


	Jólatré tegundir			Staurar, spírur tegundir			Borðviður tegundir			Eldiviður og spónapl.
Aldur ár	Greni	Fura	Þinur	Greni	Fura	Lerki	Greni	Fura	Lerki	Allar tegundir
15—20	X	X	X	—	—	X	—	—	—	—
20—30	X	X	X	X	X	X	—	—	—	X
30—40	X	—	X	X	X	X	—	—	X	X
40—50	—	—	—	X	X	X	—	—	X	X
50—80	—	—	—	X	(X)	(X)	X	X	X	X
80—100	—	—	—	(X)	(X)	(X)	X	X	X	X

(X) = einungis toppur (Skógrækt ríkisins 1983)

Mikill og vaxandi áhugi er nú fyrir því meðal bænda og forvígismanna skógræktarmála, að hafist verði handa um enn frekari skógrækt, í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja þannig grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Er fyrirhugað að unnið verði að slíkri ræktun með skipulegum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga. Með ræktun nytjaskóga er verið að leggja í sjóð fyrir framtíðina. Slík fjárfesting fer oftast ekki að skila tekjum fyrr en eftir 25 til 30 ár og er því talið nauðsynlegt og eðlilegt, að hið opinbera stuðli að því að þessi nýja búgrein geti orðið að raunveruleika hér á landi. Því er þetta frumvarp flutt.

Skilyrði til skógræktar á Íslandi eru mjög misjöfn eftir landshlutum, svo og svæðum innan landshluta. Sá þáttur veðurfars, sem talinn er skipta mestu máli í þessu sambandi, er hitafar á vaxtartíma trjánna. Trjálundir víða um land gefa mikilsverða vitneskju um möguleika á ræktun ýmissa trjátegunda. Með hliðsjón af fenginni reynslu og athugun á hitafari, má í stórum dráttum afmarka þau svæði á landinu, sem telja verður vænlegust til skógræktar, sem hefur viðarframleiðslu að markmiði. Þessi svæði, sem eru afmörkuð á meðfylgjandi Íslandskorti, eru:

1. Fljótsdalshérað innan Egilsstaða.
2. Eyjafjörður frá Hörgá og inn í Saurbæjarhrepp.
3. Suðurdalir Borgarfjarðar og innanverður Hvalfjörður.
4. Uppsveitir Árnessýslu, efri hluti Landssveitar og Rangárvalla, Fljótshlíð og Þórsmörk.
5. Innsti hluti Köldukinnar meðfram Skjálfandafljóti, efsti hluti Aðaldals og Reykjadalur.


24°
22°
20°
18°
16°
14°
66°
65°
64°
Í Suður-
Þingeyjarsýslu
Innanverður
Eyjafjörður
Innanvert
Fljótsdals-
hérað
Suðurdalir
Borgarfjarðar
Innanverður
Hvalfjörður
Uppsveitir Árnes-
og
Rangárvalla-
sýslna
Fljótshlíð og
Þórsmörk
0
50 km
G.Ó.I. '83
Svæði sem
vænlegust eru
til viðarframleiðslu

Hin fyrsta áætlun um skógrækt á bújörðum var sett fram árið 1965 fyrir Fljótsdal í Norður-Múlasýslu og byggðist á þeim árangri, sem þá var sýnilegur af ræktun lerkis á Hallormsstað. Alþingi veitti fyrst fé til hennar á fjárlögum ársins 1969, kr. 500 þús. Með þessari fjárveitingu var brotið blað í sögu skógræktar á Íslandi. Síðan hefur fjárveiting þessi haldist á fjárlagalið Skógræktar ríkisins og nefnist „til framkvæmda í Fljótsdal".

Í Fljótsdal hafa girðingar verið settar upp á 12 jörðum og girt er um 450 ha. Nær eingöngu hefur verið gróðursett lerki, með góðum árangri. Fyrst var gróðursett vorið 1970. Lerkið þar hefur náð 5 m hæð og þar verður hægt að fella fyrsta stauraviðinn áður en 20 ár eru liðin frá gróðursetningu. Þetta er vissulega sá hámarksvöxtur, sem búast má við á lerki hérlendis.

Hin velheppnaða ræktun í Fljótsdal hefur orðið hvati þess að hefjast handa í öðrum héruðum sem til greina koma. Bændur á þessum svæðum hafa nú veitt athygli þessum nýju ræktunarmöguleikum í þeim mæli, að samtök þeirra og skógræktarmanna knýja á um að hefja þar skógrækt sem nýja búgrein. Vísast þar m. a. til áskorunar aðalfundar Stéttarsambands bænda 1981.

Með landgræðsluáætlun 1981—85, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, var veitt nokkru fé til skógræktaráætlana og hefur það m. a. verið notað til undirbúningsstarfs og til að vinna að gerð skógræktaráætlunar á nokkrum svæðum á landinu.

Búnaðarsamband Eyjafjarðar og Skógræktarfélag Eyfirðinga lögðu fram áætlun um nytjaskógrækt á bújörðum í Eyjafirði árið 1982. Sú áætlun byggðist á því, að 40 bændur lýstu sig reiðubúna til þess að hefja skógrækt á 900 ha lands.

Búnaðarsamband Suðurlands og Skógræktarfélag Árnesinga hafa í samráði við Skógrækt ríkisins valið nokkrar jarðir í Árnessýslu til að hefja á skógrækt af þessu tagi, ef Alþingi samþykkir að veita fé til þess. En þar hafa alls 15 bændur lýst áhuga sínum á því að gerast þátttakendur í slíkri ræktun, þar sem ekki minna en 20 ha yrði tekið til skógræktar á býli.

Könnun hefur verið gerð á hluta af Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að afmarka þar svæði til skógræktar á bújörðum og slík könnun er einnig hafin í Borgarfirði. Þar standa búnaðarsambönd og skógræktarfélög saman um málið og Skógrækt ríkisins veitir faglega hjálp.

Í nágrannalöndum, eins og Noregi og Svíþjóð, eru áætlanir gerðar um nýskógrækt í skóglitlum eða skóglausum norðurhéruðum. Hófst þetta í Noregi með svonefndri Östra-áætlun um 1950.

Í Noregi er ríkisframlagi til nýskógræktar svo háttað:

Í skóglitlum fylkjum Norður-Noregs er ríkisstyrkur 75% af stofnkostnaði og auk þess 15% frá sveitarfélögum. Skógareigandi fær þannig 90% styrk til nýskógræktar.

Í Norður-Svíþjóð er ríkisframlag til nýskógræktar allt að 90% af stofnkostnaði.

Nefna má Austurríki, þar sem skógrækt á jaðarsvæðum til fjalla er styrkt á tilsvarandi hátt.

Skotland var orðið nær skóglaust land eins og Ísland. Þar er nú veitt stórum fjárhæðum til nýskógræktar af opinberri hálfu, og hefur kannski ekki í neinu nágrannalandi okkar verið gert annað eins stórátak til endurgræðslu skóga.

Ljóst er, að þær kynslóðir, sem ríða á vaðið og leggja grunn að skógum fyrir framtíðina, „alheimta ei daglaun að kvöldum". Þrátt fyrir þetta er mikill áhugi á því, að hafist verði handa í stærri stíl en áður. Virðist því ekki ástæða til að bíða lengur þegar möguleikarnir blasa við.

Á það hefur einnig verið bent, að þegar svo háttar að við höfum þurft að draga úr kvikfjárrækt, gerist þörfin enn brýnni fyrir ný verkefni í sveitum. Af sömu ástæðum þykir eðlilegra nú en áður að taka hluta af beitilandi jarða til annarra nota og liggur þá friðun skógræktar beinast við, þar sem hennar er kostur. Frjósemi lands, sem nú yrði friðað, mundi á allan hátt aukast og um leið verðgildi þess. Í því fælist varanleg endurheimt tapaðra gæða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í 20. gr. er nú heimild til að styrkja ræktun barrskóga á jörðum og jarðarskikum. Með þessu frv. er lagt til að inn í skógræktarlögin komi nýr kafli um ræktun nytjaskóga á bújörðum og svipar þeirri ræktun í ýmsu til skógræktar á grundvelli 20. gr., þó tilgangur þeirrar ræktunar hafi ekki eingöngu verið beinar fjárhagslegar nytjar. Er því eðlilegt að fella niður heimildina í 20. gr., enda er hún bundin við ræktun barrskóga, en reynslan sýnir að eðlilegt er að nota fleiri tegundir við þessa ræktun.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða núverandi 23. gr. l. nr. 3/1955 nema hvað greinin er í frv. orðuð sem heimild og hún takmörkuð við það fé sem veitt er til þessa verkefnis á fjárlögum hverju sinni.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að inn í skógræktarlög nr. 3 frá 6. mars 1955 komi nýr kafli um ræktun nytjaskóga á bújörðum og er kaflinn alls átta greinar.

Um a. (24. gr.)

Hér kemur fram tilgangur þessa frumvarps, sem er að ríkissjóður hvetji til og styrki ræktun nytjaskóga á bújörðum, en þó aðeins þar sem skilyrði til skógræktar eru vænleg. Forsenda fyrir slíkum stuðningi er að skógræktin verði liður í búskap á viðkomandi bújörð. Í öðrum greinum frv. koma fram ýmis skilyrði, sem uppfylla þarf áður en styrkur verður veittur.

Um b. (25. gr.)

Styrkur ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga á bújörðum getur í hverju tilviki mest orðið 80% af stofnkostnaði við ræktun en viðkomandi bóndi eða jarðareigandi ber 20%. Á fylgiskjali I er yfirlit yfir stofnkostnað miðað við verðlag sumarið 1983.

Í 1. mgr. er stofnkostnaður ekki skilgreindur tæmandi, en slíkur kostnaður getur verið mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað og trjátegundum. Sá rammi er þó settur um stofnkostnað að til hans telst aðeins kostnaður við undirbúning skógræktarlandsins, kaup og flutningur á plöntum, vinna og kostnaður við gróðursetningu. Varðandi undirbúning landsins er kostnaður við girðingar og vegagerð tekinn sem dæmi, en kostnaðarþættir við undirbúning skógræktarlandsins eru breytilegir eftir aðstæðum. Þannig getur í sumum tilvikum þurft að grisja skóg sem fyrir er og framkvæma jarðvinnslu með vinnuvélum.

Heildarstofnkostnaður skiptist í áðurnefndum hlutföllum og kann bóndinn að greiða sinn hlut með eigin vinnu eða öðrum framlögum til verksins. En gert er ráð fyrir að bændur vinni við ræktunina eins og þeir hafa frekast tök á. Fagmenn á vegum Skógræktar ríkisins eða skógræktarfélaga annist verkstjórn við girðingar, segi fyrir um plöntuval, plöntun og hirðingu. Ræktun nytjaskóga yrði því verulegur atvinnugjafi í sveitum, en að svo miklu leyti sem bændur ynnu störfin ekki sjálfir, yrði það kjörin sumarvinna ungs fólks.

Mikilvægt er að vanda allan undirbúning vegna ræktunar nytjaskóga og tryggja sem best fyrirfram með rannsóknum að ekki verði ráðist í slíka ræktun nema á þeim stöðum þar sem árangur er talinn nokkuð öruggur. Skógræktaráætlun skv. a-lið 2. mgr. á að byggjast á könnun á skógræktarskilyrðum á viðkomandi svæði og landi þeirra jarða er til greina koma. Vegna aðildar stjórnvalda og samtaka að gerð og samþykkt skógræktaráætlunar er hver sýsla lögð til grundvallar sem stjórnsýsluumdæmi. Með skógræktaráætlun er lagður grundvöllur að því, að landi bújarða sé varanlega ráðstafað til ræktunar nytjaskóga og á það

lagðar ýmsar kvaðir samkvæmt þessum kafla skógræktarlaganna. Er því í samræmi við skipulagslög nr. 19/1964 og jarðalög nr. 65/1976 lagt til að jarðanefnd, sveitarstjórn og Skipulag ríkisins þurfi að samþykkja ráðstöfun lands til nytjaskóga skv. skógræktaráætlun, áður en hún er staðfest. Með ráðstöfun á landi til nytjaskógar telst það áfram vera í landbúnaðarnotum skv. 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Vilji leiguliði rækta nytjaskóg á ábúðarjörð sinni, þarf landeigandi að samþykkja samning skv. b-lið 2. mgr. Rétt er að í samningi skv. b-lið 2. mgr. séu auk þeirra atriða sem nefnd eru í greininni tekin upp ákvæði kaflans um forkaupsrétt og innlausnarrétt Skógræktar ríkisins.

Um c. (26. gr.)

Eftir að skógræktarlandið hefur verið girt og í það plantað, verða bændur að sinna og bera kostnað af viðhaldi, hirðingu og umsjón með nytjaskógum, eins og nánar þarf að taka fram í samningi um nytjaskóga.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar skv. þessum samningi, m. a. um framangreind atriði, er nauðsynlegt að Skógrækt ríkisins geti gripið inn í og tryggt að þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið og árangur af þeim, spillist ekki. Lögtaksheimildin er í samræmi við 5. tl. 1. gr. l. nr. 29/1885 um lögtak o. fl.

Um d. (27. gr.)

Með 1. mgr. er sett sú regla, að umráðamanni nytjaskóga sé óheimilt að leigja eða heimila öðrum afnot af slíku landi, nema að fengnu samþykki Skógræktar ríkisins. Undantekning er þó þegar viðkomandi jörð er leigð til ábúðar skv. reglum ábúðarlaga.

Þó fyrirfram sé með rannsóknum reynt að tryggja að ekki verði aðrir staðir valdir til ræktunar nytjaskóga en þar sem árangur er nokkuð tryggur, er hugsanlegt að slík ræktun kunni í einstökum tilvikum að mistakast eða árangur verður ófullnægjandi. Í slíkum tilvikum þarf að vera heimild til að fella samning um ræktunina úr gildi. Eðlilegt er að landeigandi endurgreiði þá hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum í samræmi við þær umbætur, sem orðið hafa á landinu við framkvæmdirnar. Þannig ættu girðingar og vegagerð að nýtast áfram og skógur, sem ekki nær að verða til beinna nytja, getur haft áhrif á verðmæti lands t. d. sem sumarbústaðalands. Verðmæti umbótanna er þá skipt í hlutföllum 80:20, en endurgreiðslan getur þó aldrei orðið hærri en sem nemur hinum upphaflega styrk, að viðbættum verðbótum skv. breytingu á byggingarvísitölu frá greiðsludegi styrksins og þar til endurgreiðslan fer fram.

Um e. (28. gr.)

Samkvæmt þessu frv. er mestur hluti stofnkostnaðar við ræktun nytjaskóga lagður fram af opinberu fé og er því eðlilegt, að Skógrækt ríkisins hafi víðtækar lagaheimildir til að grípa inn í og gera ráðstafanir, til að hið upphaflega fjárframlag nýtist til þeirrar ræktunar sem að er stefnt. Í 2. mgr. er Skógræktinni heimilað að bæta úr vanefndum umráðamanns landsins á kostnað landeiganda, en sé um að ræða ítrekaðar vanefndir eða brot á ákvæðum laganna um meðferð skógræktarlandsins, kann sú heimild að reynast ófullnægjandi. Hér er lagt til að í slíkum tilvikum geti Skógrækt ríkisins valið á milli þess að endurkrefja hinn upphaflega styrk eða fá eignarhald á landinu, enda séu þá uppfyllt ýmis skilyrði. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni og þá ekki síst ástandi ræktunarinnar, hvora leiðina Skógræktin kann að velja. Nái krafa Skógræktarinnar um að leysa til sín skógræktarlandið ekki fram að ganga, getur hún jafnan endurkrafið landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum. Innlausnarheimildin í b-lið 28. gr. fellur ekki undir eignarnám, þar sem landeigandi undirgengst innlausnarkvöðina í upphafi með samningi.

Um f. (29. gr.)

Skv. 21. gr. l. 65/1976 eiga sveitarstjórn og leiguliði, að uppfylltum ýmsum skilyrðum, forkaupsrétt að þeim fasteignaréttindum, sem l. 65/1976 taka til sbr. 3. gr. Hér er lagt til að Skógrækt ríkisins eigi forkaupsrétt að landi nytjaskóga næst á eftir þessum lögboðnu aðilum, en réttur Skógræktarinnar er þó bundinn við land, sem með samningi hefur verið ráðstafað til ræktunar nytjaskógar, en nær ekki til viðkomandi jarðar í heild. Einnig getur Skógræktin notað forkaupsrétt sinn til að eignast hluta af skógræktarlandinu. Í 2. mgr. er sett sérregla um kaupverð skv. forkaupsrétti og miðast hún við, að landeigandi fái sama verð fyrir landið, þ. e. grunninn, og telja má verð á sambærilegu landi án skógræktarinnar auk verðmætisauka vegna skógræktarinnar. Slíkur verðmætisauki stafar bæði af þeim beinu nytjum, sem hafa ná af skógum og þeim almennu áhrifum sem skógur hefur á verðmæti lands t. d. til útivistar. Samkvæmt tillögugreinunum skal þá aðeins draga frá verðmætisaukanum hinn upphaflega styrk, að viðbættum verðbótum. Hinir dómkvöddu matsmenn eru við mat sitt bundnir af þeirri sérreglu, sem fram kemur í 2. mgr.

Um g. (30. gr.)

Greinin skýrir sig sjálf.

Um h. (31. gr.)

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Kostnaður við girðingu og gróðursetningu sumarið 1983.

(6.12. 1982 — B. Þ.)

1. **Girðing,** 1 km:	Kr.
Efni	52.000
Vinna	32.000
Umsjón, akstur	9.000
Alls kr.	93.000

2. **Gróðursetning,** 1 ha:	Kr.
Plöntur 4.500 stk. á kr. 6,00	27.000
Vinna, 4.500 plöntur á kr. 3,00	13.000
Umsj., grisj., 4.500 pl. á kr. 1,00	4.500
Alls kr.	45.000

Auk ofangreinds kostnaðar við gróðursetningu þurfa plönturnar umhirðu fyrstu 2—3 árin eftir gróðursetningu, bæði hreinsun og áburð.

Girðingakostnaður að meðaltali á ha lækkar mikið eftir því sem girðing er stærri. Kostnaður og kostnaðarhlutföll eru sýnd í töflum I og II.

Tafla I. Kostnaður við 25, 49 og 100 ha girðingar og hlutfall kostnaðar eftir stærð girðingar.

Girðing		Girðingakostnaður		
Ha	M	Kr. alls	Kr. pr. ha	Hlutfall
25	2.000	186.000	7.440	1,00
49	2.800	260.000	5.314	0,71
100	4.000	372.000	3.720	0,51

Tafla II. Kostnaður á hvern ha girðingar og gróðursetningar. Hlutfall kostnaðarliða við mismunandi stærð girðingar.

	25 ha kr/ha	%	49 ha kr/ha	%	100 ha kr/ha	%
Girðing efni og vinna	7.440	14	5.314	10	3.700	8
Gróðursetning:						
plöntur	27.000	51	27.000	54	27.000	55
vinna	13.500	26	13.500	27	13.500	28
umsjón o. fl.	4.500	9	4.500	9	4.500	9
Alls	52.440	100	50.314	100	48.700	100

Sundurliðaður girðingakostnaður ág.-sept. 1983 pr. km.

1. **Efni**

Aflstaurar 5 stk. á kr. 212	kr.	1.060
Járnstaurar 100 stk. á kr. 161	—	16.000
Reglur 200 stk. á kr. 30	—	6.000
Net 1.000 m á kr. 16,65	—	16.650
Gaddavír 3.000 m á kr. 3,67	—	11.010
Sléttur vír og lykkjur	—	860
Alls kr.		51.680

2. **Vinnulaun**

Dagvinna 250 klst. á kr. 71,00	kr.	17.750
Eftirvinna 50 klst. á kr. 99,40	—	4.970
Orlof, fæðisfé, starfsálag 40%	—	9.088
Alls kr.		31.808

3. **Akstur**


Áætl. 800 km á kr. 11,40

Alls kr. 9.120

Lengd girðinga, flatarmál og m/ha við mismunandi flatarmál og lengd.

Tafla III.

Land ha	Girðing m	Lengd m/ha
1	400	400
25	2.000	80
49	2.800	57
100	4.000	40



Ed. 378. Frumvarp til laga [213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Flm.: Árni Johnsen, Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason, Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stefáni Jónssyni, nnr. 8350-8663, jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Við sölu á jörðinni skulu námuréttindi og réttur til efnistöku undanskilin, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal mat dómkvaddra manna ráða. Sé áformuð sala á jörðinni Þjóðólfshaga I eða hluta hennar skal ríkissjóður eiga forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á, að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina og eignum ábúanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Jörðin Þjóðólfshagi I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, er þjóðjörð og upphaflega ein af jörðum Þykkvabæjarklausturs. Stefán Jónsson fékk ábúð á jörðinni á árinu 1981 og tók við af föður sínum sem bjó þar um áratugi. Keypti Stefán nýtt íbúðarhús af föður sínum og önnur nothæf hús jarðarinnar. Hann hyggst reisa ný útihús og m.a. þess vegna hefur hann áhuga á að fá jörðina keypta.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. eru hliðstæð ákvæðum 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er gilda almennt við sölu ríkisjarða til ábúenda.

Hreppsnefnd Holtahrepps mælir með sölu á jörðinni til Stefáns Jónssonar og fylgja þau meðmæli hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Hreppsnefnd Holtahrepps mælir með því að Stefán Jónsson, nnr. 8350-8663, fái keypta ábúðarjörð sína, Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, en hún er ríkiseign. Stefán rekur búskap á jörðinni og hefur þar fasta búsetu.

F.h. hreppsnefndar,
Hermann Sigurjónsson
oddviti.

Sþ. 379. Þingsályktun [194. mál]

um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 350.

Sþ. 380. Beiðni um skýrslu

frá félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Frá: Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Ingvari Gíslasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Kristjönu Millu Thorsteinsson, Salome Þorkelsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd 2. gr. laganna sem felur í sér að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Í skýrslunni komi m. a. fram:

1. Hvernig ríkisvaldið hefur framfylgt þessari grein laganna varðandi opinbera starfsmenn með tilliti til:
   mats á sambærilegum störfum kynjanna,
   flokkaröðunar,
   starfsaldurshækkana,
   stöðutilfærslna,
   bílastyrkja,
   ómældrar yfirvinnu,
   annarra greiðslna sem ekki koma fram í launatöxtum.
2. Hvað ríkisvaldið hefur gert til að sjá til þess að 2. gr. laganna sé ekki brotin á almenna vinnumarkaðinum, með hliðsjón af þeim efnisatriðum sem upp eru talin í 1. lið.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 22. febr. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.	Ingvar Gíslason.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.
Kristjana Milla Thorsteinsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis.

Greinargerð.

Á undanförnum mánuðum hafa orðið miklar umræður í þjóðfélaginu um stöðuna í launamálum kvenna, einkum með hliðsjón af launajafnrétti kynjanna. Í því sambandi má benda á að víðtæk samstaða hefur tekist með konum í stéttarfélögum, heildarsamtökum launafólks, svo og stjórnmálaflokkum og kvennasamtökum, um að leita leiða til úrbóta.

Það sem einkum hefur verið staðnæmst við er niðurstaða þeirra kannana sem gerðar hafa verið á undanförnum mánuðum og árum, og nú síðast niðurstaða framkvæmdanefndar um launamál kvenna, sem unnið hefur að samantekt um stöðuna í launamálum kvenna, og kannanir sem gerðar hafa verið af ýmsum aðilum í þjóðfélaginu.

Þeir þingmenn, sem að beiðni þessari standa, hafa einnig rætt þessa stöðu á nokkrum fundum og telja hana með öllu óviðunandi og brýna nauðsyn bera til að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd laganna um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976. Raunhæfra leiða til úrbóta verður að leita nú þegar.

Á undanförnum tveim áratugum hefur Alþingi reynt að stuðla að því með setningu löggjafar um launajöfnuð kynjanna að þessi mannréttindi, sem launajafnrétti kynjanna er, væri virt í samfélaginu. Í því sambandi má benda á lög um launajöfnuð kvenna og karla frá 1961, lög um jafnlaunaráð frá 1973, fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf, lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 og nú síðast samþykkt þingsályktunartillögu í apríl 1980 um úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu og samþykktir gefa allar kannanir ótvíræða vísbendingu um að langt sé í land að launajafnrétti kynjanna sé virt í reynd.

Hlutverk Alþingis á ekki einungis að vera löggjafarstarf, — heldur einnig að fylgjast með framkvæmd laga og að lögum sé framfylgt í þjóðfélaginu.

Þegar svo er komið að lög um launajafnrétti kynjanna eru þverbrotin í þjóðfélaginu og a. m. k. 23 ár eru liðin síðan Alþingi kvað upp úr um að fullum launajöfnuði kynjanna skyldi náð á árinu 1967, þá ber Alþingi skylda til að grípa í taumana, endurmeta stöðuna og

leita raunhæfra leiða til að fá þessi lög virt í samfélaginu. Hér eru ekki einungis í húfi mannréttindi kvenna í samfélaginu, heldur virðing Alþingis sem ekki getur setið hlutlaust hjá þegar lög og aðrar samþykktir, sem Alþingi hefur gert í þessum málum, hafa verið brotin í áratugi.

Þeir þingmenn, sem að beiðni þessari standa um skýrslu frá félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, telja að þessi mál þurfi að kryfja til mergjar. Fyrsta skrefið er að félagsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um framvindu þessara mála á undanförnum árum, — og í því tilefni er beiðni um skýrslu þessa borin fram.

Sþ. 381. Fyrirspurnir. [214. mál]

I. Til menntamálaráðherra um starfs- og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Telur menntamálaráðherra að menntakerfið sé í stakk búið til að mæta tæknibreytingum í atvinnulífinu með tilliti til

a) starfsmenntunar almennt vegna nýrrar tækni;
b) nauðsynlegrar starfs- og endurmenntunar þeirra sem eiga á hættu að missa störf vegna tæknibreytinga í atvinnulífinu;
c) hefðbundinna kvennastarfa, þannig að konum jafnt sem körlum gefist kostur á að tileinka sér nýja tækni;

eða þarf að gera sérstakar ráðstafanir í því skyni?

II. Til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Verður frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu lagt fram á yfirstandandi þingi? Ef svo er, hver verða helstu efnisatriði þess?

III. Til forsætisráðherra um samanburðarkannanir á launakjörum kvenna og karla.

Frá: Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Salome Þorkelsdóttur, Kristjönu Millu Thorsteinsson og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Er forsætisráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir verði gerðar á launakjörum kvenna og karla í öllum starfsstéttum, jafnt á launatöxtum sem öðrum kjaraþáttum, og að niðurstöður liggi fyrir í lok samningstímabils á vinnumarkaðinum?

Ed. 382. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 383. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. febr.)

Samhljóða þskj. 161 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 384. Fyrirspurn [215. mál]

til dómsmálaráðherra um kafara á skipum Landhelgisgæslunnar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hafa kafarar starfað á skipum Landhelgisgæslunnar á liðnum árum:
   a) ráðnir sem kafarar;
   b) ráðnir til annarra starfa samhliða?
2. Eru kafarar nú að störfum á skipum Landhelgisgæslunnar?
3. Ef svo er ekki, af hverju?

Sþ. 385. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um byggingu tónlistarhúss.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Ragnar Arnalds, Ólafur Jóhannesson, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Benediktsson, Pétur Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir, Davíð Aðalsteinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig best verði fyrir komið hugsanlegri aðild að og fyrirgreiðslu ríkisins við nýstofnuð samtök um byggingu tónlistarhúss í Reykjavík.

Greinargerð.

Það er alkunn staðreynd að þótt tónlist hafi verið flutt í kvikmyndahúsum, íþróttahúsum, kirkjum og félagsheimilum alls konar, til ómældrar ánægju fyrir þjóðina, hefur ekkert hús verið byggt til tónlistarflutnings á Íslandi. Tónlistin hefur þó verið sú listgrein sem verið hefur í hvað mestum vexti á Íslandi a. m. k. síðasta áratuginn. Um 6000 Íslendingar stunda nú nám í sérhæfðum tónlistarskólum. Árangur þess starfs er rétt að koma í ljós en birtist þó ekki að fullu fyrr en með næstu kynslóð.

Fjölmörg félagsheimili víðs vegar um land hafa gegnt og munu gegna veigamiklu hlutverki til flutnings góðrar tónlistar. Sama máli gegnir um kirkjur landsins, ekki síst í Reykjavík. Þrátt fyrir þessa staðreynd er að áliti tónlistarmanna brýn þörf á sérstöku tónleikahúsi sem gegni svipuðu hlutverki fyrir tónlistina og Þjóðleikhúsið fyrir leiklist í landinu, en nú eru senn liðin 35 ár síðan Þjóðleikhúsið var vígt. Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika í efnahagsmálum verður ekki lengur við það unað að ekkert tónleikahús sé til staðar í landinu. Í þessu húsi fengi Sinfóníuhljómsveit Íslands fastan samastað og æfingaaðstöðu auk þess sem allur flutningur lifandi tónlistar ætti þar athvarf.

Miklu varðar að undirbúningur að byggingu tónleikahúss verði vandaður sem mest og eigi töluverðan aðdraganda. Bæði þarf að nýta sér þá þekkingu sem fyrir hendi er í landinu og reynslu annarra þjóða og laga hana að íslenskum aðstæðum. Í þessu skyni hafa samtökin um byggingu tónlistarhúss kynnt sér ítarlega tónleikahald hérlendis undanfarin ár og reynt að spá um þróunina á næstu áratugum. Skoðuð hafa verið tónleikahús víða erlendis og samband verið haft við fjölmarga aðila sem sérstaklega vinna að þessum málum. Samtök áhugamanna um byggingu tónleikahúss hafa nú um 2000 félagsmenn, en samtökin eru einkum fjáröflunarsamtök.

Gert er ráð fyrir að húsið verði sjálfseignarstofnun og verði byggt að tilstuðlan einstaklinga, ríkisins og sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Rekstrargrundvöllur tónleikahúss virðist góður, en þar varðar þó nokkru hvaða opinber gjöld verða lögð á þessa menningarstarfsemi. Áætlaður kostnaður við bygginguna nemur um 200 milljónum króna á núverandi verðlagi og er ljóst að stuðningur hins opinbera þarf að koma til ef unnt á að vera að hrinda þessum áformum í framkvæmd.

Ljóst er að bygging þessa mannvirkis tekur nokkurn tíma, en óhjákvæmilegt er að Alþingi marki stefnu í þessu máli þegar á þessum vetri þótt ekki verði um að ræða beinan fjárhagslegan stuðning að svo stöddu. Ýmsir möguleikar koma til greina varðandi stuðning ríkisins, svo sem bein fjárframlög eða sérstök skattfríðindi til handa þeim einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum sem leggja fé til byggingarinnar.

Það er einnig ljóst að bíða þarf lags í þjóðfélaginu til þess að unnt sé að veita opinbert fé til þessarar framkvæmdar en undirbúningur hennar krefst talsvert langs tíma (a. m. k. 1—2 ár) og því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 386. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]

um uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson, Valdimar Indriðason, Skúli Alexandersson, Jón Sveinsson, Eiður Guðnason, Kristófer Már Kristinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar undirbúa framkvæmdir við uppbyggingu og heildarskipulag Reykholtsstaðar í Borgarfirði í samræmi við megintillögur Reykholtsnefndar er starfaði frá 18. ágúst 1980 til 20. júní 1983.

Greinargerð.

Reykholt er tvímælalaust í röð merkustu sögustaða á Íslandi. Það er kirkjustaður og prestssetur frá fornu fari. Þar hafa margir merkir menn lifað og starfað fyrr og síðar. Þar bjó Snorri Sturluson á árunum 1206—1241 og gerði garðinn frægan með þeim hætti sem allir Íslendingar þekkja. Snorri er nafnkunnastur allra höfunda, skálda og fræðimanna sem Ísland hefur alið. Í hugum margra er Reykholt helgur staður. Mun svo verða meðan aldir renna og nokkur Íslendingur les og leggur rækt við sögu lands og þjóðar, tungu og menningu.

Reykholt er einnig þekkt menntasetur. Héraðsskóli hefur starfað þar frá 1931. Hefur hann ævinlega verið vel sóttur og notið álits og trausts. Þangað hafa sótt nemendur víðs vegar að af landinu. Hin mikla aðsókn að skólanum frá fyrstu tíð til þessa dags er besta einkunn sem slík menntastofnun getur fengið.

Alkunna er að frægð Reykholtsstaðar, tengd minningu Snorra, nær langt út fyrir landsteinana. Einkum eru það Norðmenn sem láta sér annt um staðinn. Þeir gáfu sem kunnugt er styttu af Snorra Sturlusyni, gerða af frægasta myndhöggvara Norðmanna, Gustav Vigeland. Var hún afhjúpuð og afhent 1947 af Ólafi krónprins, núverandi Noregskonungi.

Af framansögðu má ráða að marga gesti og ferðamenn, innlenda og erlenda, fýsir að heimsækja og skoða staðinn í Reykholti. Þangað liggur þungur straumur ferðamanna að sumarlagi, ekki síst útlendinga.

Ljóst er að Reykholtsstað verður að sýna fullan sóma. Gera þarf heildarskipulag af staðnum, byggja nauðsynlegt skólahúsnæði, prýða umhverfið, varðveita fornar minjar, bæta aðstöðu fyrir ferðamenn o. fl. o. fl. Allt þetta kostar mikið fé, en fjárveitingar hafa verið af skornum skammti á undanförnum árum. Hefur því dregist úr hófi fram að halda mannvirkjum vel við og reisa ný í tæka tíð, svo og að sýna staðnum þá umhirðu og umhyggju sem vera ber.

Ekki hefur þó skort góð áform. Nefna má sem dæmi að árið 1971 voru fjörutíu ár liðin frá stofnun skólans. Af því tilefni var gefið fyrirheit um uppbyggingu á staðnum af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Fyrstu árin gekk allt vel en síðan sótti allt í sama horfið. Ýmsu hefur þó miðað í rétta átt. Nú eru áform um að láta til skarar skríða og fastmælum bundið að láta ekki sitja við orðin tóm.

Sumarið 1980 tók til starfa stjórnskipuð nefnd sem falið var það hlutverk að taka öll helstu málefni Reykholtsstaðar til rækilegrar athugunar og gera tillögur um lausn þeirra, umbætur og framkvæmdir. Nefndin skilaði ítarlegu áliti vorið 1983. Urðu nefndarmenn sammála um flest meginatriði. Til nánari skýringa er fyrsti kafli þessa nefndarálits prentaður hér með sem fylgiskjal, en álitið er of langt til þess að hægt sé að birta það hér í heilu lagi. En til þess er vísað að öðru leyti.

Fylgiskjal.

Reykholtsnefnd:

Nefndarálit um málefni Reykholtsstaðar (I. kafli).
(Júní 1983.)

Hinn 18. ágúst 1980 skipaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, nefnd til þess að gera tillögu um hvernig haga skuli framkvæmd þeirra mála á Reykholtsstað sem varða fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem skólp-, vatns- og hitaveitumál, skipulag staðarins, leyfi til bygginga, atvinnurekstrar o. fl. Einnig var nefndin beðin að semja yfirlit um hvaða umbætur hún teldi þurfa að gera á staðnum og í hvaða röð ætti að framkvæma.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Rúnar Guðjónsson sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, formaður, skipaður án tilnefningar, Þorleifur Pálsson deildarstjóri og sr. Geir Waage sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Haukur Jörundarson skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðuneytisins, Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti, sr. Jón Einarsson sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu Reykholtsnefndar og Ólafur Þ. Þórðarson alþingismaður, skipaður skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti, skipaður án tilnefningar.

Nefndin hóf störf fljótlega eftir að hún var skipuð og var Þorleifur Pálsson skipaður ritari hennar. Tók hún í fyrstunni við öflun ýmissa gagna sem talið var nauðsynlegt að lægju fyrir við úrlausn verkefnisins, svo sem allra þinglýstra eignar- og afnotaheimilda að jörðinni, ljósrita úr úttektarbókum prófastsdæmisins, fundargerða skólanefndar Reykholtsskóla o. fl.

Framan af var miklum tíma á fundum nefndarinnar varið til umræðna um það hver eða hverjir skyldu í framtíðinni hafa forræði á Reykholtsstað sem í dag er prestssetur, kirkjustaður og menntasetur, auk þess sem þar er stundaður búskapur. Nefndarmenn töldu að forræðismálin hefðu grundvallarþýðingu fyrir áframhaldandi störf hennar enda var henni ljóst að óglögg skil í þeim efnum hefðu mjög háð þróun staðarins hvað varðar framkvæmdir og umhirðu svo og að engum tilteknum ábyrgum aðila hefur verið falið að hafa á hendi heildarstjórn og eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á staðnum. Með hliðsjón af þessu svo og því, að leigusamningar þeir um jarðarafnot, sem gerðir voru á árinu 1931, annars vegar við skólann og hins vegar við Þóri heitinn Steinþórsson, giltu til 50 ára og runnu því út á árinu 1981, ritaði formaður nefndarinnar dóms- og kirkjumálaráðherra bréf dags. 10. des. 1980 og óskaði eftir því að ráðuneytið tjáði nefndinni hugmyndir sínar og áform varðandi hugsanlega endurnýjun leigusamninga. Þá áttu formaður og ritari nefndarinnar viðræður um þessi mál við dóms- og kirkjumálaráðherra og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis.

Sömu nefndarmenn, ýmist annar eða báðir, áttu einnig viðræður við fleiri aðila varðandi málefni Reykholts, t. d. skipulagsstjóra ríkisins, forstöðumann framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps. Leiddu þessar viðræður ásamt fleiru m. a. til þess að skipulagsstjóri ríkisins lét gera tillögu að skipulagi fyrir Reykholt að beiðni menntamálaráðuneytisins en áður höfðu verið gerðir tillöguuppdrættir að skipulagi sem ekki hafa hlotið staðfestingu. Þeir starfsmenn skipulagsstjóra, sem fengu það verkefni að vinna að umræddum skipulagstillögum, sátu fund með nefndinni í Reykholti og var þar skipst á skoðunum eftir vettvangsgöngu. Töldu nefndarmenn að við skipulag staðarins þyrfti m. a. að hafa í huga nýja heimreið, svæði fyrir nýja kirkju og kirkjugarð, lóðir fyrir Snorrastofu og/eða safn e. t. v. í tengslum við kirkjubyggingu og viðbótarskólamannvirki. Einnig þyrfti að huga að alhliða fegrun staðarins sem mjög er nú ábótavant og nægir þar að nefna sem dæmi svonefndan Snorragarð sem er í niðurníðslu og þarf mikilla lagfæringa við.

Þegar u. þ. b. ár var liðið frá því að nefndin hóf störf, þótti nefndarmönnum eðlilegt og sjálfsagt að semja og leggja fram áfangaskýrslu um störf sín enda þótt engin svör hefðu þá borist frá forráðaaðilum staðarins við fyrirspurnum nefndarinnar. Áfangaskýrslan er dagsett 23. október 1981 og var hún send menntamálaráðherra með bréfi dags. 4. nóv. 1981 með beiðni um að nefndinni yrði látið í té álit á niðurstöðum skýrslunnar svo hún gæti lokið störfum. Um áfangaskýrsluna vísast til fylgiskjala með nefndarálitinu.

Meðan beðið var svara og viðbragða ráðherra eða ráðuneyta, sem vitað var að stóðu í samningaviðræðum um forræðismálin, lágu nefndarstörf niðri að öðru leyti en því að formaður nefndarinnar fékk, í samráði við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, verkfræðifirmað Fjarhitun hf. í Reykjavík til þess að kanna ástand hitaveitunnar í Reykholti og lýsa því og gera lauslega áætlun um úrbætur. Í skýrslu Fjarhitunar hf., dags. 14. júní 1982, sem barst formanni með bréfi firmans, dags. 9. júlí 1982, var mælt með því að gerð yrði áætlun um endurbyggingu veitunnar ásamt kostnaðaráætlun á grundvelli tilhögunar á sérstökum uppdrætti sem fylgdi skýrslunni. Með bréfi menntamálaráðuneytisins til formanns nefndarinnar, dags. 12. ágúst 1982, var fallist á að umrædd framkvæmda- og kostnaðaráætlun yrði unnin og kom formaður slíkri beiðni þegar í stað til framkvæmdastjóra Fjarhitunar hf.

Þá er rétt að greina næst frá því að með bréfi til menntamálaráðherra, dags. 7. júlí 1982, ítrekaði formaður óskir nefndarinnar um svör við niðurstöðum áfangaskýrslunnar og ábendingar um framhaldið með því að nefndin legði á það þunga áherslu að geta lokið störfum hið allra fyrsta. Svarbréf barst frá menntamálaráðuneytinu, dags. 23. júlí 1982.

Að svo komnu máli hóf nefndin störf að nýju og hélt fund hinn 24. ágúst 1982. Á þeim fundi voru lögð fram þau gögn sem aflað hafði verið frá því að áfangaskýrslu var skilað. Á þessum fundi var samþykkt að senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu formlega áfangaskýrslu nefndarinnar og leita eftir áliti þeirra á henni. Einnig var á þessum sama fundi samþykkt áskorun til menntamálaráðherra og fjárveitingavalds að á fjárlögum ársins 1983 yrði fé veitt til byggingar svonefndrar A-álmu skólahúsnæðis Héraðsskólans í Reykholti sem nægði til þess að steypa húsið.

Að beiðni nefndarinnar gerði Þór Magnússon þjóðminjavörður grein fyrir hugmyndum sínum um staðinn í bréfi til formanns, dags. 19. okt. 1982. Í áliti þjóðminjavarðar kemur m. a. fram að „Snorralaug með tilheyrandi vatnsveitustokk og lokræsum“ sé hið eina í Reykholti sem er friðlýst samkvæmt þjóðminjalögum. Þótt ekki sé fleira beinlínis friðlýst sem fornminjar sé staðurinn með merkustu sögustöðum Íslands og verði að taka fullt tillit til söguhelgi hans þegar skipulagðar eru nýbyggingar þar eða aðrar framkvæmdir fyrirhugaðar en segja yrði að slíkt hefði ekki verið gert hingað til. Ýmislegt athyglisvert kemur fram í skýrslu þjóðminjavarðar sem fylgir nefndarálitinu.

Hitaveitumálin hafa allmikið verið rædd í nefndinni. Einn nefndarmanna, sr. Geir Waage, tók saman yfirlit um leigu á hitavatnsréttindum í Reykholti á árabilinu milli 1930 og 1980 að beiðni formanns nefndarinnar og annar nefndarmanna, sr. Jón Einarsson, lagði fram skriflegar tillögur um hitaveitumálin.

Með bréfi, dags. 1.2.1983, sendi Fjarhitun hf. nefndinni skýrslu sína um endurbætur á hitaveitunni ásamt kostnaðaráætlun. Skýrslan er yfirgripsmikil og fylgir nefndarálitinu, sbr. kafla X. Stofnkostnaður við endurbætur er áætlaður 1,8 millj. króna og miðast við verðlag í byrjun nóvember 1982, vísitölu byggingarkostnaðar 1331 stig, og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 411 000 kr. Miðað við áætlaðan árlegan rekstrarkostnað, 411 000 kr. og árlega orkuþörf í Reykholti, nú áætl. 3,03 GWh, og eftir stækkun heimavistar 3,49 GWh, yrði orkuverð frá hitaveitunni tæpir 14 aurar á kílówattstund miðað við núverandi byggð og eftir stækkun heimavistar um 12 aurar. Ef hins vegar rekstrarkostnaði væri skipt milli gróðurhúsa og annarra húsa miðað við hlutdeild hvors um sig í kostnaðinum yrði orkuverð til gróðurhúsa 0,06 kr/KWh og til annarra húsa 0,19 kr/KWh, en eftir stækkun heimavistar 0,15

kr/KWh. Til samanburðar er þess getið að orkuverð frá Hitaveitu Reykjavíkur var í des. 1982 12 aurar á kílówattstund en það er eitt lægsta orkuverð sem þekkist á landinu. Varðandi rekstrarfyrirkomulag er lögð á það áhersla að til að tryggja góðan rekstur hitaveitunnar, reglubundið viðhald og góða umgengni um mannvirki og umhverfi sé nauðsynlegt að einn aðili hafi reksturinn með höndum og beri ábyrgð á honum. Sem hugsanlegir rekstraraðilar eru nefndir: a) skólinn, b) hitaveitufélag, sem gæti verið í eigu allra þeirra sem hagsmuna hafa að gæta. Önnur rekstrarform sem nefnd hafa verið eru: a) samstarfsnefnd, b) sjálfseignarstofnun, c) hreppsfélagið og ríki sameiginlega, d) hreppsfélagið.

Rétt er og að hér komi fram að á fundi, sem nefndin hélt nýlega með hreppsnefnd Reyholtsdalshrepps, kom fram vilji hreppsnefndarmanna til að standa að rekstri hitaveitunnar án þess að gerð væri nánari grein fyrir því hvernig slíkri rekstraraðild yrði fyrir komið. Jafnframt kom fram vilji til þess að nokkrir nágrannabæir Reykholts gætu notið hitaveitunnar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í skýrslu Fjarhitunar hf. segir að flest bendi til þess að úr borholunni fáist mun meira vatn en byggðin í Reykholti þarfnist. Sé því nægilegt vatn til að tengja nálæga sveitabæi hitaveitunni. Þá er í skýrslunni vitnað í áætlun Orkustofnunar frá fyrra ári um hitaveitu á þessa sömu bæi og var niðurstaða þeirrar áætlunar sú að hitaveita á sveitabæina væri óhagkvæm og orkuverð reiknað á sama verði og hér að framan segir 1,41 kr/KWh. Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps taldi einnig eðlilegt að sveitarfélagið sæi um vatnsveitu og skolplagnakerfi Reykholts.

Formanni nefndarinnar barst bréf dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 15. febrúar s. l., sem svar við bréfi nefndarinnar frá 6. september 1982 þar sem leitað var álits ráðuneytisins á niðurstöðu áfangaskýrslu og bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 23. júlí s. l. Þar segir að náðst hafi samkomulag við menntamálaráðuneytið um eftirfarandi atriði:

„1. Að fengnum tillögum Reykholtsnefndar er gert ráð fyrir að gengið verði frá samningi milli ráðuneytanna um framtíðarskipan mála í Reykholti, nema lagasetning komi til. Í væntanlegum samningi er gert ráð fyrir að komið verði á fót samstarfsnefnd er hafi stjórn tiltekinna málefna í Reykholti undir yfirstjórn umræddra ráðuneyta. Æskilegt væri að nefndin mótaði nánar tillögur í þessa átt.

2. Héraðsskólinn fái án endurgjalds til afnota allt það land er hann þarfnast til alhliða skólastarfs og hótelreksturs eftir nánara samkomulagi og að fengnum tillögum Reykholtsnefndar.

3. Jörðin Reykholt með hlunnindum og jarðhitaréttindum heyri undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

4. Fallist hefur verið á það sjónarmið menntamálaráðuneytisins að stefnt verði að því að búfjárhald á staðnum verði takmarkað."

Þá er í niðurlagi bréfs ráðherra lögð á það áhersla að uppbyggingu Reykholtsstaðar verði hraðað og því heitið að ráðuneytið muni beita sér fyrir því að nauðsynlegt fjármagn fáist til þessa verkefnis.

Nefndin hefur haldið alls 17 bókaða fundi auk margra óformlegra og óbókaðra funda sem einstakir nefndarmenn hafa átt við ýmsa aðila málinu tengda. Sumir þeirra hafa áður verið nefndir fyrr í þessum inngangi, en þó eru þeir ekki tæmandi taldir. Nefndarmenn hafa kappkostað að leysa verkefni sitt svo vel af hendi sem þeim er unnt en ýmislegt hefur tafið nefndarstörfin eins og fyrr er getið. Hér er um viðamikið og margbrotið verkefni að ræða sem líklega verður seint eða aldrei leyst svo öllum líki. Þó er ljóst að einhvers staðar verður að láta staðar numið og mikilvægast af öllu er það, að byrjað verði á framkvæmdum og nauðsynlegustu úrbótum þegar í stað eða að orðum fylgi athafnir.

Skýrt skal fram tekið að í tillögum sínum hefur nefndin fyrst og fremst haft framtíð Reykholtsstaðar fyrir augum. Nefndin hefur að sjálfsögðu ekki litið á sig sem úrskurðaraðila á nokkru sviði og ekki heldur tekið afstöðu til þess hvort einstakir staðarmenn eða stofnanir

á staðnum kynnu að geta beitt lagakrókum til þess að koma í veg fyrir æskilegt framtíðarfyrirkomulag á staðnum. Nefndarmenn treysta því að heill staðarins verði látin sitja í fyrirrúmi en auðvitað þarf að ganga til samninga við þá sem einhverju kunna að verða sviptir og bæta þeim skaðann með sanngjörnum hætti. Náist hins vegar ekki samkomulag um hlutina getur þurft að setja sérstaka löggjöf um staðinn.

Nd. 387. Frumvarp til útvarpslaga. [218. mál]

(Lagt fram á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi er í lögum þessum átt við hvers konar opinbera dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara, ef útsending nær aðeins til þröngs hóps manna, sem tengdir eru nánum vináttu- eða fjölskylduböndum, eða eingöngu er um að ræða sendingu upplýsinga og boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði 2. kafla laga þessara.

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkvæmt 3.—6. grein þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps til viðtöku almennings á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- eða desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf, þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar. Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðva skulu vera í samræmi við reglugerð, sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.
2. Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, mæli með veitingu leyfis.
3. Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsreksturs.
4. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og synjar þeim um að koma sjónarmiðun sínum á framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá eins fljótt og við verður komið fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.

5. Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni, sem ekki hefur verið aflað leyfis eða útsendingarréttar höfundarréttarhafa fyrir.
6. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
7. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá á böndum. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa, skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd, hver sé útvarpsstjóri, er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
8. Óheimilt er að aðrir aðilar, en félag það sem leyfi hefur til útvarpsreksturs, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar, þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.
9. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær, þar sem nánar er kveðið á um félagsform, reglur, tímalengd samnings og upphæð leyfisgjalds. Þar skal ennfremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni viðkomandi stöðvar.

4. gr.

Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga sbr. 3. grein, skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd gefur út reglur um auglýsingar, m. a. með hliðsjón af lengd dagskrár viðkomandi stöðva og samanburði við hlut auglýsinga og reglur um flutning í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsréttarnefnd ákveður auglýsingataxta með hliðsjón af tillögum viðkomandi útvarpsstöðva svo og gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra. Rísi ágreiningur í þessu efni milli útvarpsnefndar og Ríkisútvarpsins, skal vísa honum til úrskurðar Menntamálaráðuneytisins.

Sé þráðlausum útsendingum svo háttað, að einungis áskrifendur með sérstakan útbúnað ná þeim, er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

5. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirfarandi reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. grein.

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að viðkomandi sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpi útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar, en ekki öðrum skilyrðum 3. eða 5. greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarpsstöð, er leyfi fær til útsendingar um þráð, er óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá, en getur innheimt afnotagjöld.
4. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 2., 4., 7., 8. og 9. tölulið 3. greinar, sé móttaka bundin við 36 íbúðir eða færri. Sama gildir innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaðar.

5. Heimilt er að senda hvers konar upplýsingar um símakerfi landsins til almennrar móttöku.

6. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálstofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni, sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar sem fylgja dagskrá um gervihnött heimilar, brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

7. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 3.—6. greina.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps, séu reglur brotnar.

II. KAFLI

Ríkisútvarpið.

8. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

9. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða eina hljóðvarpsdagskrá, ekki styttri en 16 klst. á sólarhring, og eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess, samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila, sem fá leyfi til að stunda útvarpsstarfsemi, bæði til dagskrárgerðar og útsendinga.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að stofna til fræðsluútvarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

10. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu, sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

11. gr.

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því, að frumflutt hljóð- og myndritað dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar.

Ríkisútvarpinu er heimilt, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni, sem flutt hefur verið.

12. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

13. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

14. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 10. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkts dagskrárefnis, þyki sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

Annað hvert ár efnir útvarpsráð til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og býður til hennar fulltrúum helstu almannasamtaka.

15. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild.

Fjármáladeild fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

III. KAFLI

Fjármál ríkisútvarpsins.

16. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði, en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Útvarpsstjóri ákveður útvarpsgjald að höfðu samráði við Menntamálaráðuneytið.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

17. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

18. gr.

Eigandi sjónvarpsviðtækis, sem nota má til móttöku á útsendingu Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili.

19. gr.

Eigandi sjónvarpstækis, sbr. 18. gr., skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins mánaðarlega á sérstökum eyðublöðum, sem innheimtudeild lætur í té. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang beggja aðila svo og tegund viðtækis og framleiðslunúmer. Ennfremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

20. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki, sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem auðkennir hvert tæki.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda.
5. Dagsetningu bústaðaskipta eiganda, og hið nýja heimilisfang hans.
6. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulið. Einnig skal greina, hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.
7. Upplýsingar um lögtak, sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 23. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá, ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar, að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps.

21. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi sjónvarpstæki, sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur sjónvarpsviðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins, sem á hafa fallið, áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 19. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

22. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

23. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Þegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

24. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til móttöku, án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins.
2. Ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds.
3. Ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður um dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

25. gr.

Ríkisútvarpið, útvarpsréttarnefnd og Póst- og símamálastofnunin skulu hafa náið samstarf til að tryggja, að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnunina um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

26. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnunin um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir, að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja, sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva, er leyfi hafa til útsendinga sbr. 3. gr., er viðkomandi stöðvum

heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir, ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

27. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

V. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

28. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög, fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því, að það er flutt, og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni, sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal, sem ábyrgðarmaður 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók, hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

29. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann, sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 28. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður, ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 27. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu, ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 27. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 19. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð, að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög nr. 19/1971 svo og lög um breyting á þeim lögum nr. 8/1975 og nr. 49/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum 3. gr. má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt eins og útvarpslaganefnd gekk frá því, nema 18. gr. þess, sem breytt er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Að öðru leyti kann frv. að taka breytingum í meðförum Alþingis.

Nefndin, sem samdi útvarpslagafrumvarpið, lét svofellda greinargerð fylgja frv.:

Skipun útvarpslaganefndar og störf.

Hinn 23. september 1981 skipaði Menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða útvarpslög nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti:

Markús Á. Einarsson, veðurfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Andrés Björnsson, útvarpsstjóri.

Benedikt Gröndal, fyrrverandi forsætisráðherra.

Ellert B. Schram, ritstjóri.

Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri.

Ólafur R. Einarsson, menntaskólakennari.

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður útvarpsráðs.

Margrét Lúðvíksdóttir, fulltrúi hjá Ríkisútvarpinu starfaði sem ritari nefndarinnar til vors 1982, en þá lét hún af störfum vegna flutnings af landi brott. Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins tók síðan við ritarastörfum til starfsloka.

Útvarpslaganefnd átti góð samskipti við póst- og símamálastjóra og var hjá honum leitað umsagnar um atriði, er snerta stofnun hans og samskipti hennar við Ríkisútvarpið.

Prófessor Gaukur Jörundsson gaf nefndinni umsögn um nokkur atriði núgildandi útvarpslaga svo og nokkrar af tillögum nefndarinnar.

Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri vann að gerð kaflans um fjármál Ríkisútvarpsins.

Stefán Jón Hafstein fréttamaður skrifaði snemma á starfstímanum greinargerð að beiðni útvarpslaganefndar.

Fylkir Þórisson tæknifræðingur hjá sjónvarpinu ritaði um stöðu og hugsanlega framvindu í hljóðvarps- og sjónvarpstækni (fylgiskjal 3) og Markús Á. Einarsson, formaður nefndarinnar, ritaði lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum (fylgiskjal 4).

Útvarpslaganefnd hélt sinn fyrsta fund 9. október 1981 og lauk störfum 1. október 1982. Urðu fundir nefndarinnar samtals 29. Tillaga sú að frumvarpi til nýrra útvarpslaga sem hér birtist ásamt greinargerðum og fylgiskjölum er árangur af störfum útvarpslaganefndar.

Meginstefnumörkun við gerð tillögu að frumvarpi.

Útvarpslaganefnd var skipuð til þess **að endurskoða útvarpslög nr. 19/1971.** Leit nefndin svo á að henni bæri að fjalla um málefni útvarps hérlendis frá sem víðustu sjónarhorni. Varð hún fljótlega sammála um að taka mið af þrem meginforsendum í starfi sínu að gerð frumvarps til nýrra útvarpslaga:

1. Að leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá landsmönnum öllum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo geti orðið.
2. Að leggja til að fleirum en Ríkisúvarpinu verði veittur réttur til útvarps (hljóðvarps og sjónvarps) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
3. Að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu.

Helstu breytingar frá gildandi útvarpslögum.

Núgildandi útvarpslög nr. 19/1971 fjalla eingöngu um Ríkisútvarpið, enda segir svo í upphafi 2. gr.: „Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi". Hér á eftir verða dregnar saman í stuttu máli þær meginbreytingar sem útvarpslaganefnd leggur til að gerðar verði frá gildandi lögum, en ítarleg grein er gerð fyrir einstökum atriðum í næsta kafla, þar sem eru skýringar við einstakar greinar.

Það er **grundvallarbreyting,** að í frumvarpi þessu er lagt til að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veitt leyfi til útvarps, en með **útvarpi** er í frumvarpinu átt við hljóðvarp og sjónvarp. Fjallar **1. kafli** ítarlega um það, með hvaða skilyrðum slík leyfi verði veitt. Er lagt til að **útvarpsréttarnefnd,** er skipuð verði 7 mönnum kjörnum af Alþingi, sjái um leyfisveitingar og alla framkvæmd þessa 1. kafla.

Í 3. gr. frumvarpsins er lýst þeim almennu skilyrðum sem uppfylla þarf til að fá leyfi til útvarps, en slík leyfi má veita sveitarfélögum og félögum sem beinlínis eru stofnuð til útvarpsreksturs. Af mikilvægum atriðum má nefna:

Kveðið er á um að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgju, en það þýðir að sendingar ná yfir takmörkuð svæði, sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum. Póst- og símamálastofnuninni er ætlað að sjá um úthlutun á senditíðnum og að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt.

Ætlast er til að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfa til útvarpssendinga, hver á sínu svæði.

Erlendir aðilar fá ekki leyfi til útvarpsreksturs.

Óheimilt er að senda út efni sem ekki hefur verið aflað leyfis eða útsendingarréttar fyrir, auk þess sem fara ber að gildandi lögum um eftirlit með dagskrárefni.

Oft er útvarp um þráð bundið við móttöku mjög fárra, t. d. innan einnar og sömu byggingar. Þykir þá ekki ástæða til að setja um það öll þau almennu skilyrði sem 3. gr. fjallar um. Er lagt til að um útvarp um þráð með móttöku í 36 íbúðum eða færri, eða innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaðar, gildi einfaldari skilyrði en um stærri stöðvar.

Lagt er til í 4. gr. að útvarpsstöðvar (hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar) sem leyfi fá til þráðlausra útsendinga geti aflað sér tekna með auglýsingum, og verði hlutur auglýsinga í dagskrá slíkra stöðva svipaður og hjá Ríkisútvarpinu. Er þetta í raun gert til að auðvelda stöðvunum að vanda til dagskrárefnis.

Stöðvar sem senda um þráð, þ. e. kapalstöðvar, fá ekki leyfi til að birta auglýsingar. Þykir ekki ástæða til að stöðvar, sem innheimt geta afnotagjöld með auðveldum hætti, gangi á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaðinum.

Í lok 1. kafla, þ. e. í 6. gr., eru tekin upp almenn ákvæði, er tryggi að sendingar um

gervihnetti fari að alþjóðasamþykktum sem Póst- og símamálastofnunin er aðili að, enda þótt enn sé að ýmsu leyti erfitt að ráða í tilhögun slíkra sendinga til frambúðar.

Í 2. kafla er fjallað um Ríkisútvarpið. Þar eru í upphafi hlutverki þess gerð skil með ákveðnari hætti en gert er í núgildandi lögum. Einnig er veitt heimild til að auka starfsemina, verði í framtíðinni veitt til þess nauðsynlegt fjármagn. Kæmi þar til greina dagskrá 2, landshluta- eða héraðsútvarp, auk þess sem vakin er sérstök athygli á fræðsluútvarpi.

Bent skal á, að Ríkisútvarpið skal samkvæmt 9. gr. senda út eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Sumarleyfi sjónvarps, sem orsakað hefur lokun þess í júlímánuði, fellur þá niður, enda liggja þegar fyrir tillögur stofnunarinnar um að svo verði framvegis. Ekki er talið að orðalag greinarinnar komi í veg fyrir fimmtudagslokun sjónvarps um sinn, enda þótt lokamarkmiðið sé, að sjónvarpað sé alla daga.

Ríkisútvarpinu er nú heimilað, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið. Engu skal um það spáð hvernig gengur að ná slíkum samningum, en heimildin er í samræmi við þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum, sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982 (fylgiskjal 1).

Loks má nefna að hlutverki útvarpsráðs er breytt í þá átt, að ráðið móti fyrst og fremst dagskrárstefnuna í höfuðdráttum, en þurfi ekki að leggja blessun sína yfir einstaka dagskrárliði áður en þeir komi til framkvæmda.

Fjármál Ríkisútvarpsins.

Í 3. kafla er fjallað um fjármál Ríkisútvarpsins. Er þar sú meginbreyting gerð, að afnotagjald, sem hér er nefnt **útvarpsgjald,** verði innheimt með sjónvarpsviðtæki sem stofn gjaldtöku. Lagt er til að útvarpsstjóri ákveði gjaldið hverju sinni að höfðu samráði við Menntamálaráðuneytið, en ákvörðun afnotagjalda hefur hingað til verið í höndum ráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Oft hefur verið um það rætt, hvort ekki mætti leggja niður innheimtudeild Ríkisútvarpsins í sparnaðarskyni. Hér er hins vegar lagt til að innheimtudeildin starfi áfram. Mun nýbreytni í stofni útvarpsgjalds einfalda starfsemina, störfum mun fækka og annar kostnaður lækkar við þessa breytingu. Einnig ræður það miklu um þessa tillögu, hversu mjög árangur við innheimtu hefur batnað á undanförnum árum svo sem 1. tafla sýnir. Er innheimtuárangur Ríkisútvarpsins orðinn sambærilegur við það sem best gerist hjá opinberum stofnunum.

1. tafla.

Eftirstöðvar afnotagjalda gjaldaárs 31. des., árin 1978—1981.

1978:	16,7%	1980:	12,1%
1979:	15,4%	1981:	10,9%

Loks skal bent á að lagt er til að Tryggingastofnun ríkisins greiði Ríkisútvarpinu útvarpsgjald fyrir þá sem njóta uppbótar á lífeyri sinn, fremur en að Ríkisútvarpinu sé ætlað að standa straum af þessum kostnaði, eins og nú er. Mun það ákvæði nú gilda um 3.500 afnotagjöld, og nemur það um 4,7 milljónum króna árið 1982.

Þáttur auglýsinga í tekjuöflun Ríkisútvarpsins.

Með afnotagjöldum hefur Ríkisútvarpið aðeins aflað hluta af tekjum sínum. Tekjur af auglýsingum er annar megintekjustofn stofnunarinnar og er áætlað að svo verði áfram. Skipting tekna hljóðvarps og sjónvarps hefur verið eins og **2. tafla** sýnir.

2. tafla.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins 1961—1980. Skipting tekna í %.

Hljóðvarp	Afnota-gjöld	Auglýs-ingar	Aðrar tekjur
1961—65 (meðalt.)	54,2	42,3	3,5
1966—70 (meðalt.)	58,3	39,3	2,4
1971—75 (meðalt.)	55,5	43,4	1,1
1976	55,9	42,8	1,3
1977	54,6	44,3	1,1
1978	50,4	47,5	2,1
1979	49,8	47,5	2,7
1980	48,2	48,2	3,6

Sjónvarp	Afnota gjöld	Auglýs-ingar	Toll-tekjur	Aðrar tekjur
1967—70 (meðalt.)	54,1	7,5	37,6	0,8
1971—75 (meðalt.)	72,4	14,5	12,3	0,8
1976	74,2	15,0	10,1	0,7
1977	64,8	11,3	23,5	0,4
1978	58,9	12,2	27,9	1,0
1979	68,9	16,7	12,9	1,5
1980	73,9	23,5	1,2	1,4

Í hljóðvarpi er hlutur auglýsinga u. þ. b. jafnstór og sá hluti afnotagjalda sem kemur í hlut hljóðvarpsdeildar. Í sjónvarpi eru auglýsingatekjur innan við fjórðung heildartekna, en fer vaxandi.

Ekki fer á milli mála, hversu mikilvægar auglýsingatekjurnar eru Ríkisútvarpinu. Hlýtur það að vekja ýmsar spurningar varðandi framvindu auglýsinga í Ríkisútvarpinu, að í 1. kafla þessa frumvarps er lagt til, eins og fyrr var skýrt frá, að allar útvarpsstöðvar sem leyfi fá til þráðlausra útsendinga fái að afla sér tekna með auglýsingum. Verður þáttur auglýsinga hjá slíkum stöðvum ákveðinn af útvarpsréttarnefnd með samanburði við hlut auglýsinga í dagskrá Ríkisútvarpsins (sjá 3. töflu). Allar útvarpsstöðvar, Ríkisútvarpið þar með talið, eiga sem sé í aðalatriðum að sitja við sama borð að þessu leyti.

3. tafla.

Hlutur auglýsinga í dagskrá í % af heildartíma.

Hljóðvarp:			
1971	6,0%	1976	7,6%
1972	6,3%	1977	7,9%
1973	7,2%	1978	8,4%
1974	9,1%	1979	7,8%
1975	7,7%	1980	8,7%
Sjónvarp:			
1971	3,2%	1976	3,2%
1972	2,9%	1977	2,8%
1973	3,2%	1978	3,6%
1974	4,3%	1979	4,4%
1975	4,8%	1980	5,4%

Talsverður hluti auglýsinga Ríkisútvarpsins höfðar til þjóðarinnar allrar, og er líklegt að auglýsendur beini þeim að miklu leyti áfram þangað, þar eð aðrar stöðvar eru bundnar við afmörkuð svæði. Vegna þess eðlismunar sem er á auglýsingum annars vegar í hljóðvarpi og hins vegar í sjónvarpi, mætti ætla, að sjónvarpið haldi miklum hluta sinna auglýsinga, en hljóðvarpið tapi talsverðum hluta þeirra auglýsinga er höfða til viðskipta og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem líklegast er að nýjar stöðvar taki til starfa. Úr þessu mun reynslan skera, og við því þarf að bregðast með viðeigandi hætti.

Útvarpslaganefnd lítur svo á, að Ríkisútvarpið hljóti að mega hækka útvarpsgjald sitt sem nemur tapi auglýsingatekna, og þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að Ríkisútvarpinu eru lagðar skyldur á herðar umfram aðrar útvarpsstöðvar sem standa ber við, óháð aðstæðum að þessu leyti.

Tolltekjur af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Í 2. töflu hér að framan má sjá að tolltekjur voru á tímabili verulegur huti tekna sjónvarps. Fékk Ríkisútvarpið tolltekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til uppbyggingar dreifikerfis og tækjakaupa í sjónvarpsstöð frá upphafi. Breyting á lögum um tollskrá 11. febrúar 1970, veikti þennan tekjustofn, þar sem fjármálaráðuneyti var þá aðeins heimilað „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps". Heimildarákvæði þetta var fellt brott við endurskoðun, sem gerð var á tollalögum árið 1976 og fór þá að síga á ógæfuhliðina svo sem taflan sýnir.

Í III. kafla þessa frumvarps, 2. mgr. 16. gr., er fjallað um megintekjustofna Ríkisútvarpsins. Meðal þeirra eru: „aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau". Gert er ráð fyrir því, að tekjur þessar renni í framkvæmdasjóð.

Fjárfestingarverkefni Ríkisútvarpsins hafa löngum verið mikil. Undanfarin ár hefur FM-kerfi hljóðvarps verið byggt upp, auk þess sem tækjabúnaður að Skúlagötu 4 hefur verið bættur og endurnýjaður. Dreifikerfi sjónvarps er jafnan fjárfrekt, — senda þarf að endurnýja á 10—12 ára fresti, auk þess sem stöðugt er unnið að útfærslu (víkkun) kerfisins. Útvarpshús er í smíðum og unnið er að uppbyggingu aðstöðu á Akureyri.

Að lokum skal minnst á aðkallandi verkefni, sem er bygging nýrrar langbylgjustöðvar. Möstrin á Vatnsendahæð eru orðin 53 ára gömul og sérstök könnun á ástandi þeirra árið 1978 leiddi í ljós, að þörf á endurnýjun er afar brýn. Enginn vill í rauninni bera ábyrgð á því að landið verði án úvarps á langbylgju, ef loftnetsmöstrin brotna niður. Lausleg áætlun sýnir, að endurnýjun er feikna kostnaðarsöm, eða yfir 100 milljónir króna. Engin senditíðni á FM eða AM bandi kemur í stað langbylgjusendinga.

Fleira mætti nefna af sérstökum, kostnaðarsömum þjónustuskyldum Ríkisútvarpsins. Þar sem sumar þessar skyldur tengjast öryggismálum þjóðarinnar allrar, er full þörf talin á að styrkja Ríkisútvarpið sérstaklega til þess að sinna slíkum verkefnum.

Lokaorð.

Útvarpslaganefnd hefur í starfi sínu haft ríkt í huga þá þróun sem orðið hefur í útvarpsfjölmiðlun, svo og þá umræðu sem fram hefur farið um þessi mál í fjölmiðlum og á Alþingi (fylgiskjal 2) undanfarin ár.

Mikil samstaða hefur orðið í nefndinni um meginstefnumörkun, þótt skoðanir hafi eðlilega verið skiptar um einstök framkvæmdaatriði svo sem fram kemur í athugasemdum einstakra nefndarmanna í viðauka.

Rétt þykir að fram komi, að nefndin hefur í raun ekki haft mikið gagn af útvarpslögum nágrannaþjóða. Mikið umrót er á sviði útvarpsfjölmiðlunar um þessar mundir víða um heim vegna tækniþróunar og ýmiss konar tilraunastarfsemi. Löggjöf stendur hins vegar ennþá nær óhögguð, þótt miklar breytingar séu áformaðar víðast hvar. Um stöðu og hugsanlega fram-

vindu í hljóðvarps- og sjónvarpstækni svo og skipan útvarpsmála í nálægum löndum vísast til fylgiskjala 3 og 4.

Útvarpslaganefnd hefur samkvæmt framansögðu fyrst og fremst reynt að meta stöðu og þróun mála miðað við aðstæður hér á landi, og er í niðurstöðum nefndarinnar að finna mikilvæg nýmæli, sem vonandi fá vandaða og málefnalega umfjöllun, er leiði til farsællar ákvörðunar.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

Um 1. gr.

Í núgildandi útvarpslögum nr. 19/1971 segir svo í upphafi 2. gr.: „Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi". Fjalla þau lög því eingöngu um Ríkisútvarpið. Í 1. kafla þessarar tillögu að frumvarpi til nýrra útvarpslaga er lögð til sú **grundvallarbreyting,** að öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Fjallar kaflinn um með hverjum hætti það má verða.

Úr 1. gr. má lesa þá meginforsendu, að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu. Utan ramma laganna falli einungis útsendingar innan fjölskyldu eða jafn þröngs hóps tengdum vináttuböndum, svo og sending upplýsinga eða boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á skilgreiningu, sem er að finna í upphafi 1. mgr., en þar er út frá því gengið, að hugtakið **útvarp** sé í lögum þessum samheiti fyrir **hljóðvarp** og **sjónvarp.** Svo er einnig í núgildandi útvarpslögum, þótt beina skilgreiningu vanti þar.

Um 2. gr.

Í framhaldi af skilgreiningu 1. gr. á gildissviði laga þessara, er því hér slegið föstu, að öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu má veita leyfi til útvarps. Er lagt til að sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, skipuð 7 mönnum, veiti slík leyfi í samræmi við efni 1. kafla sem á eftir fer. Varð sú tilhögun ofan á í útvarpslaganefndinni, enda verður að telja óeðlilegt að dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins (útvarpsráð) veiti leyfi til annarra stöðva og verði um leið dagskrárstjórn þeirra. Útvarpsréttarnefnd skal kjörin hlutfallskosningu af Alþingi ásamt varamönnum eftir hverjar alþingiskosningar, eða með sama hætti og útvarpsráð (sjá 13. gr.).

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um almenn skilyrði þess að fá leyfi til útvarps, og er því lýst í 1. mgr., hverjir sótt geta um slíkt leyfi.

Í **1. tölulið** er kveðið á um að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgjum. Það þýðir, að sendingar nái yfir takmörkuð svæði, sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum. Póst- og símamálastofnunin sér um að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt. Er orðalag þessa liðar frá þeirri stofnun komið.

Svo sem marka má af **2. tölulið** þykir rétt að sveitarstjórnir hafi hönd í bagga, og er því sett sem skilyrði að þær mæli með veitingu leyfis til útvarpssendinga, hver á sínu svæði.

Það er skoðun útvarpslaganefndar sem fram kemur í **3. tölulið,** að útvarp á íslenskri grund eigi einungis að vera í höndum íslenskra félaga.

Efni í **4. tölulið** er að mestu í anda 3. gr., 3. mgr. núgildandi útvarpslaga og þar með einnig 10. gr., 3. mgr. þessa frumvarps. Hér eru þó ekki gerðar jafnstrangar kröfur og til Ríkisútvarpsins um að: „gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum", þótt vitaskuld beri útvarpsstöðvum sem leyfi hafa að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og virða tjáningarfrelsi. Einmitt vegna þeirra sjálfsögðu kvaða er einstaklingum, félögum eða stofnunum gert

kleift að leita réttar síns hjá útvarpsréttarnefnd, telji þeir hafa orðið á þessu misbrest, sbr. 3. mgr.

Í **5. tölulið** er ótvírætt gert að skilyrði að einungis megi senda út efni sem leyfis hefur verið aflað fyrir. Ákveðið mun að taka gildandi höfundalög nr. 73/1972 til endurskoðunar, enda er þar ekki að fullu tekið tillit til nýjunga, svo sem myndbanda. Útvarpslaganefnd lítur svo á að fara beri að gildandi lögum í þessu efni á hverjum tíma.

Í **6. tölulið** er vísað til laga um vernd barna og ungmenna (nú nr. 53/1966) þar sem m. a. er fjallað um skoðun kvikmynda, svo og til almennra hegningarlaga hvað varðar útsendingu ósæmilegs efnis. Hljóta útvarpsstöðvar að bera ábyrgð í samræmi við gildandi lög um þessi efni.

Ákvæði í **7. tölulið** eru sett til þess að auðvelda útvarpsréttarnefnd störf að eftirliti með því, að farið sé að settum skilyrðum í hvívetna, auk þess sem tilkynna skal útvarpsstjóra, sem beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla frumvarpsins (sjá um 28. og 29. gr.).

Með **8. tölulið** vill útvarpslaganefnd fyrst og fremst koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki, stofnanir eða stjórnmálasamtök geti í auglýsingaskyni mótað og kostað almenna dagskrá félags er leyfi hefur fengið til útvarpsreksturs.

Svo sem marka má af **9. tölulið** er talið nauðsynlegt að útvarpsréttarnefnd fái nokkuð frjálsar hendur við að móta sér starfsreglur í smáatriðum við samningagerð við útvarpsstöðvar í samræmi við lagaákvæði þessa kafla.

Um 4. gr.

Í almennri greinargerð hér að framan er gerð grein fyrir þætti auglýsinga í tekjuöflun Ríkisútvarpsins og hugsanlegum þörfum nýrra útvarpsstöðva fyrir auglýsingar. Hér er lagt til að hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa fengið til þráðlausra útsendinga, megi afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum. Slíkar stöðvar geta ekki með góðu móti innheimt afnotagjöld, þótt bjóða megi áskrift að efni stöðvanna. Það hlýtur að vera markmið í sjálfu sér að gera útvarpsstöðvunum kleift að vanda til dagskrárefnis. Bann við auglýsingum stöðva af þessu tagi gæti leitt til lélegrar dagskrár. Á hinn bóginn skal það skýrt tekið fram að útvarpslaganefnd er andvíg því að stofna til hreinræktaðs viðskiptaútvarps („Commercial radio/tv").

Réttmætt þykir, að hlutur auglýsinga í dagskrá svo og reglur um flutning auglýsinga verði í aðalatriðum með sama sniði hjá öllum útvarpsstöðvum, Ríkisútvarpið þar með talið.

Í síðustu mgr. er hafður sá fyrirvari, að sá tími kunni að koma að þráðlausar útsendingar verði að einhverju leyti með þeim hætti, að sérstakan útbúnað þurfi til að ná þeim. Fyrir slíkar sendingar er þá auðvelt að innheimta afnotagjöld og auglýsingar því óheimilar, eins og um sendingar um þráð væri að ræða (sjá 5. gr., 3. tölulið). Nú þegar er rætt um „lyklaðar" („kodet" — „scrambled") útsendingar frá gervihnöttum, sem verði lokaðar öðrum en þeim sem greiða afnotagjöld.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um sérstakar reglur vegna útvarps um þráð, þ. e. kapal, er gildi auk hinna almennu skilyrða í 3. gr. Þó eru nokkur skilyrði þeirrar greinar felld niður við ákveðnar aðstæður (sjá 4. tölulið).

Algengt er að lögð séu sameiginleg loftnetskerfi fyrir fjölbýlishús og færst hefur í vöxt að lögð séu kapalkerfi fyrir heil íbúðahverfi til að dreifa dagskrá Ríkisútvarpsins viðstöðulaust. Ljóst er, að verði slík kerfi eingöngu notuð til dreifingar dagskrár Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva sem leyfi hafa, er með öllu ástæðulaust að um þau gildi skilyrði 3. gr. og 5. gr., önnur en þau sem um getur í 5. gr., 1. og 2. tölulið, þ. e. að sveitarstjórnir leyfi lagningu þráðar og að notkun slíks kerfis sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar til að tryggja viðunandi notagildi.

Flest þau kapalkerfi sem nú eru lögð hafa hins vegar margar rásir. Séu einhverjar þeirra teknar í notkun til útsendingar sjálfstæðrar dagskrár gilda skilyrði 3. og 5. gr., og þarf þá að stofna félag er leitar leyfis til slíkrar útsendingar.

Í 3. tölulið er lagt til að auglýsingar verði ekki heimilaðar sem tekjuöflunarleið í útvarpi um þráð, þótt svo sé gert sé um þráðlausar sendingar að ræða (sjá 4. gr.). Svo háttar til að útvarpi um þráð er unnt að stýra með þeim hætti að innheimta afnotagjöld hjá hverjum notanda, en hætta sendingum sé ekki staðið í skilum. Þetta er hins vegar útilokað í þráðlausu útvarpi, nema um sé að ræða svonefndar „lyklaðar („kodet" — „scrambled") sendingar. Sanngjarnt þykir að útvarpsstöðvar sem hafa svo einfalda og örugga leið til tekjuöflunar gangi ekki á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaðinum.

Nú er það svo að útvarp um þráð er oft bundið við móttöku mjög fárra, t. d. innan einnar og sömu byggingar. Svo smátt í sniðum getur kapalkerfi verið, að ástæðulaust sé að setja um það öll þau almennu skilyrði sem um getur í 3. gr. Hér er því lagt til í 4. tölulið að útvarp um þráð með móttöku í 36 íbúðum eða færri sé **ekki** bundið þeim skilyrðum:

a. að sveitarstjórn mæli með veitingu leyfis (3. gr., 2. töluliður), nema leita þurfi heimildar um lagningu þráðar (sjá 5. gr., 1. töluliður).
b. að dagskrárgerð sé bundin almennum reglum, svo sem lýðræðislegum grundvallarreglum o. fl. (3. gr., 4. töluliður).
c. að þurfa að gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir dagskrárstefnu (3. gr., 7. töluliður.).
d. um það hverjir kosti dagskrá (3. gr., 8. töluliður).
e. að gera þurfi sérstakan samning við útvarpsréttarnefnd (3. gr., 9. töluliður).

Hins vegar þurfa slíkar stöðvar, þótt smáar séu, að uppfylla skilyrði:

a. um tæknibúnað (3. gr., 1. töluliður).
b. um aðild erlendra aðila (3. gr., 3. töluliður).
c. um að aðeins sé sent út efni sem aflað hefur verið leyfis fyrir (3. gr. 5. töluliður).
d. um að dagskrárefni fari að gildandi lögum að öðru leyti (3. gr., 6. töluliður).

Í 5. tölulið er skýrt tekið fram, að þessi grein fjallar ekki um notkun hins almenna símakerfis til að dreifa upplýsingum (t. d. símaklukkan) eða til að tengjast tölvum.

Um 6. gr.

Ný viðhorf blasa nú við varðandi móttöku og sendingu útvarpsefnis, einkum sjónvarpsefnis um gervihnetti (sjá fylgiskjal 3). Er erfitt að ráða í, hver tilhögun þeirra mála verður til frambúðar. Nauðsyn er á, að taka með í útvarpslög ákvæði, er tryggi að farið sé að alþjóðasamþykktum, sem Póst- og símamálastofnunin á aðild að. Er 6. gr. samin í samráði við þá stofnun. Fjallað er um þrenns konar sendingar um gervihnött:

a. móttöku eða sendingu milli fastra stöðva samkvæmt samningi þeirra á milli. Má sem dæmi nefna móttöku Ríkisútvarps-sjónvarps á daglegum „fréttapökkum".
b. móttöku dagskrár, sem gagngert er dreift um gervihnött til móttöku almennings, svo sem yrði um NORDSAT, svo dæmi sé nefnt.
c. móttöku efnis í þar til gerðum móttökustöðvum og skilyrði dreifingar þaðan til almennings. Litið er svo á að stöð sem starfrækt er til dreifingar á efni, sem borist hefur um gervihnött, falli innan ramma þessara laga og sé háð skilyrðum þeirra.

Sérstaklega er tekið fram, að auglýsingar sem fylgja dagskrá erlendis frá séu heimilar, brjóti þær ekki í bága við íslensk lög, svo sem lög um vernd barna og ungmenna og hegningarlög sem áður hafa verið nefnd. Ljóst er, að slíkar auglýsingar yrði ákaflega erfitt að hefta, hvernig sem á málið er litið.

Um 7. gr.

Það dylst væntanlega engum, að 1. kafli frumvarpsins er mikið nýmæli. Vart verður hjá því komist að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd. Þau ákvæði munu svo áreiðanlega mótast og breytast með þeirri reynslu sem fæst af framkvæmd laganna fyrstu árin.

Af ákvæðum fyrri greina má ljóst vera, að útvarpsréttarnefnd er falið viðamikið verkefni, þar sem eru leyfisveitingar, samningsgerð og eftirlit. Telja verður að einmitt útvarpsréttarnefnd sé því rétti aðilinn til að afturkalla leyfi, ef þörf krefur.

II. KAFLI

Ríkisútvarpið.

Um 8. gr.

Með þessari grein hefst kafli um Ríkisútvarpið og er greinin samhljóða 1. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk Ríkisútvarpsins með mun ákveðnari hætti en gert er í núgildandi lögum. Ein hljóðvarpsdagskrá skal skv. 1. mgr. ná til alls landsins og næstu miða. Telur útvarpslaganefnd það öryggisatriði að sú dagskrá standi aldrei skemur en í 16 klst. á sólarhring, þótt lengd dagskrár sé að öðru leyti ákveðin í reglugerð, þyki ástæða til.

Í sömu mgr. segir að til alls landsins og næstu miða skuli senda eina sjónvarpsdagskrá **árið um kring.** Hingað til hefur sjónvarp verið lokað í júlímánuði ár hvert vegna sumarleyfa, en nú eru fram komnar tillögur stofnunarinnar um að frá þessari sumarlokun verði fallið frá og með sumrinu 1983.

Hvað varðar fimmtudagslokun sjónvarps sem e. t. v. á eftir að standa eitthvað lengur, má túlka orðalagið **„sjónvarpsdagskrá árið um kring“** með þeim hætti, að ekki sé með því kveðið á um nákvæma tilhögun svo sem fjölda útsendingardaga í viku hverri. Markmiðið hlýtur hins vegar að vera, að sjónvarpað sé á hverju kvöldi.

2. mgr. heimilar Ríkisútvarpinu ótvírætt að taka upp dagskrá 2 í hljóðvarpi og sjónvarpi, eða taka upp landshluta- eða héraðsútvarp, „samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs“. Ber að líta svo á að þær ákvarðanir þýði, að fjár hafi hverju sinni verið aflað til aukningar útsendinga, enda ber útvarpsstjóri hina fjárhagslegu ábyrgð stofnunarinnar.

Vert er að vekja athygli á 5. mgr., þar sem Ríkisútvarpinu er heimilað að hafa samvinnu um dagskrárgerð og útsendingar við aðrar útvarpsstöðvar sem leyfi hafa fengið til útsendinga. Má í fyrsta lagi við því búast að efni staðbundinna stöðva geti átt erindi til þjóðarinnar allrar um Ríkisútvarpið, eða þá að útvarpsstöðvar óski á hinn bóginn eftir efni frá Ríkisútvarpinu. Í öðru lagi er engan veginn útilokað að Ríkisútvarpið geti í framtíðinni leigt staðbundnum stöðvum tækniútbúnað sinn til útsendinga á örbylgjum. Útvarpslaganefnd álítur að samvinna af þessu tagi geti orðið mjög æskileg.

Í lok greinarinnar er vakin sérstök athygli á mikilvægi þess að nýta útvarp í vaxandi mæli í fræðsluskyni. Fyrir liggur álit útvarps- og sjónvarpsfræðslunefndar til Menntamálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1979.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða þeirri grein núgildandi útvarpslaga, sem hvað oftast er vitnað til, þ. e. 3. gr., með einni undantekningu þó. Á eftir orðunum: .... „og veita fræðslu í einstökum greinum“, kemur í núgildandi lögum: .... „þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum“. Útvarpslaganefnd leggur til að þessi orð falli nú út. Yrði slík upptalning tekin inn í lagagreinina má öllum vera ljóst að hún yrði mun víðtækari en þarna er, við þær aðstæður sem þjóðin býr nú. Umferðar- og slysavarnarmál eru dæmi um fjölmarga mikilvæga málaflokka sem Ríkisútvarpið hlýtur að veita fræðslu um, og er ekki heppilegt að vera með langa upptalningu í sjálfum lögunum. Slíkt ætti þá betur heima í reglugerð. Lögin eru ótvíræð um nauðsyn fræðslu sem þessarar og nægir að vekja athygli á eftirfarandi setningu síðar í greininni: „Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.“

Um 11. gr.

Í fyrri mgr. þessarar gr. segir að Ríkisútvarpinu beri að stuðla að varðveislu frumflutts hljóð- og myndritaðs dagskrárefnis. Hér er hins vegar ekki tekin til þess afstaða með hverjum hætti þetta verði. Vel getur verið að rétt sé að Ríkisútvarpið annist sjálft geymslu þess efnis, sem líklegt er að verði endurflutt, en Landsbókasafn eða Þjóðskjalasafn að öðru leyti.

Í seinni mgr. er opnaður möguleiki þess, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa dagskrárefni til útlána eða sölu. Er hugsun þessarar mgr. í fullu samræmi við þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982 (fylgiskjal 1).

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 13. gr.

Í lögum nr. 8/1975 um breytingu á útvarpslögum nr. 19/1971 var gerð sú breyting að kjósa útvarpsráð **eftir hverjar alþingiskosningar,** í stað þess að kjósa það til fjögurra ára. 1. mgr. þessarar gr. er í samræmi við þessa breytingu.

2. mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru nokkrar mikilvægar breytingar frá 6. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er ákveðið að útvarpsráð taki ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum svo sem verið hefur, en því nú bætt við, að þær ákvarðanir séu **innan marka fjárhagsáætlunar.**

Það ákvæði núgildandi laga, að útvarpsráð leggi fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda er hins vegar fellt út. Skipulagning dagskrár er orðin viðamikið starf margra manna og vart á færi útvarpsráðsmanna að kynna sér dagskrána ætíð til hlítar fyrirfram, enda ástæðulaust að útvarpsráð eyði miklu af tíma sínum til umfjöllunar um einstaka dagskrárliði, og þá oft smávægileg atriði. Þykir útvarpslaganefnd það meginatriði að útvarpsráð móti fyrst og fremst dagskrárstefnuna. Þessi breyting eykur hlut og þar með ábyrgð dagskrárstjóranna.

Síðasta setning 2. mgr. er ný og varðar í raun þær skyldur útvarpsstjóra að sjá til þess að dagskrá sé innan ramma fjárhagsáætlunar sbr. 1. mgr.

Síðasta mgr. er einnig nýmæli þar sem útvarpsráði er gert að skapa tengsl við notendur með ráðstefnu um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins annað hvert ár.

Um 15. gr.

Þessari grein svipar að flestu leyti til 7. gr. núgildandi laga. Þó er hlutverki hinna þriggja deilda nú lýst heldur nánar og lagt er til að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi tvo fulltrúa á fundum framkvæmdastjórnar, annan frá hljóðvarpi, en hinn frá sjónvarpi. Varð þetta niðurstaðan, þótt einnig bæri á góma, hvort rétt væri að kveða á um starfrækslu sérstaks starfsmannaráðs.

III. KAFLI

Fjármál Ríkisútvarpsins.

Um 16. gr.

Ríkisútvarpið fékk frá upphafi starfsemi sjónvarps tollatekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til tækjakaupa og uppbyggingar dreifikerfis í byrjun og seinna til litvæðingar.

Tekjustofn þessi átti sér stoð í lögum um tollskrá. Breyting á þeim lögum 11. febr. 1970 (3. gr. 39. tl.) veikti þessa stoð með því að gera ákvæðið að heimild til fjármálaráðuneytis.

Heimildarákvæðinu var síðan fargað við endurskoðun tollalaga árið 1976. Þáverandi menntamála- og fjármálaráðherrar náðu þó samkomulagi um skil á umræddum tolltekjum til Ríkisútvarpsins meðan báðir voru ráðherrar.

Á árunum 1976—1979 voru tekjur þessar skertar nokkuð og féllu að fullu niður árið 1980.

Í ljósi framanskráðs er í 2. mgr. lagt til að bætt verði við megintekjustofna Ríkisútvarpsins aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

Fyrirsjáanlegar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir á næstu árum og er Ríkisútvarpinu því nauðsynlegt að endurheimta umræddan tekjustofn.

Í 4. mgr. er lagt til að útvarpsstjóri ákveði útvarpsgjald sbr. 1. mgr., en nú ákveður menntamálaráðherra afnotagjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Ákvörðun afnotagjalda hefur stundum verið seint á ferðinni og valdið með því erfiðleikum og afnotagjöld hafa ekki fylgt almennri verðlagsþróun svo fé hefur skort til dagskrárgerðar og nauðsynlegs viðhalds.

Breytingin í 5. mgr. byggir á sömu ástæðum og greint er frá í 4. mgr. Í ljósi tækniþróunar í fjölmiðlum er brýnna en áður að Ríkisútvarpið geti brugðist skjótt við aukinni samkeppni á auglýsingamarkaði með sveigjanlegri verðstefnu. Sérþekking á verðmyndun þeirrar þjónustu sem Ríkisútvarpið selur er traustust innan stofnunarinnar sjálfrar.

Að öðru leyti en hér hefur verið nefnt er efni þessarar greinar tekið úr 13. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. núgildandi útvarpslaga, eins og hún er eftir breytingu með lögum nr. 49/1979, svo langt sem sú grein nær. Hér er því hins vegar bætt við, að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau sbr. 16. gr. renni í sjóðinn. Í síðustu mgr. er svo dreifikerfum bætt við hlutverk framkvæmdasjóðsins, og er þar ekki síst höfð í huga brýn þörf á byggingu langbylgjustöðvar í stað Vatnsendastöðvar.

Um 18. gr.

Þessi grein er rituð í anda 1. mgr. 16. gr. Með reglugerðarbreytingu nr. 431/1980 frá 15. ágúst 1980 var nýtt heimild í 15. gr. gildandi útvarpslaga um innheimtu sameiginlegs afnotagjalds hljóðvarps og sjónvarps. Þá var með reglugerðarbreytingu nr. 728/1983 frá 13. október 1983 gerð sú undantekning frá aðalreglunni um greiðslu afnotagjalds af hverju sjónvarpstæki, að aðeins er innheimt gjald af einu tæki á hverju heimili.

Stofn sá sem hér er lagt til að valinn verði byggir á endurgjaldskenningunni og hann treystir best sjálfstæði Ríkisútvarpsins (sbr. 1. gr.).

Skv. greinargerð frá Evrópubandalagi útvarpsstöðva (EBU) árið 1981, er sjónvarpstækjaeign lögð til grundvallar á öllum Norðurlöndunum og gildir hið sama um flest lönd Evrópu. Nýleg tilraun Hollendinga með annan gjaldstofn tengdan sköttum mistókst og hafa þeir aftur tekið upp sjónvarpstækjaeign sem tekjustofn.

Skráningar- og innheimtukostnaður var 5,8% 1980 og 5,5% 1981. Til samanburðar má geta að gjaldheimtan tekur 6% þóknun fyrir innheimtu á kirkjugjaldi sem reiknast af útvarpsstofni.

Gjaldtaka skv. sjónvarpstækjaeign eingöngu einfaldar starfsemi innheimtudeildar og mun störfum þar fækka og annar kostnaður lækka við þessa breytingu.

Niðurfelling afnotagjalda hjá þeim sem njóta uppbótar á lífeyri sinn skv. 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. janúar 1972 nemur verulegum fjárhæðum, nú um 3.500 afnotagjöld og fer fjölgandi. Óeðlilegt má telja að ein opinber stofnun geti með þessu móti ávísað á reikning annarrar. Því er lagt til að horfið verði frá núgildandi fyrirkomulagi og Tryggingastofnun ríkisins greiði ríkisútvarpinu umrædd útvarpsgjöld.

Um 19. gr.

Felld eru brott þau atriði í 16. gr. núgildandi laga er lúta að skráningu hljóðvarpstækja sbr. 18. gr.

Um 20. gr.

Efnislega er þessi grein samhljóða 17. gr. núgildandi laga.

Skráningarnúmer er lykill að gjaldstofni sem er nafnnúmer eiganda að viðbættri tveggja stafa raðtölu.

Um 21. gr.

Orðalag í 18. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

Um 22. gr.

19. gr. núgildandi laga er hér breytt í anda 6. mgr. 15. gr. þessa frumvarps.

Um 23. gr.

Orðalag í 20. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

Um 24. gr.

Orðalag í 21. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

IV. KAFLI
Dreifing og réttindi.

Um 25. gr.

Orðalag þessarar greinar er eins og í 8. gr. núgildandi laga með þeirri undantekningu að útvarpsréttarnefnd er skotið inn í upphafi greinarinnar, auk þess sem Landssími Íslands heitir nú Póst- og símamálastofnunin. Er þetta atriði einnig leiðrétt í næstu grein.

Um 26. gr.

Greinin er svipuð 9. gr. núgildandi laga. Með hliðsjón af breytingum í 1. kafla þessa frumvarps er þó, auk truflana á starfsemi Ríkisútvarpsins, einnig fjallað um hugsanlegar truflanir á sendingum annarra útvarpsstöðva sem leyfi hafa. Heimilt er útvarpsstöðvum þá, á kostnað eiganda fyrirtækis sem truflun veldur, að gera eða fyrirskipa nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra truflanir. Þá er átt við fyrirtæki sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, svo og fyrirtæki, sem þar eru fyrir, og sem breyta búnaði þannig að truflun veldur. Hins vegar er ekki unnt að ætlast til, að gróið fyrirtæki beri af því kostnað, þótt vélabúnaður þess trufli nýja útvarpsstöð, sem valinn hefur verið staður í nágrenni fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum hlýtur að teljast eðlilegt að ný útvarpsstöð láti fara fram könnun á truflunarvöldum áður en staður er endanlega ákveðinn fyrir stöðina.

Um 27. gr.

Hér er 12. gr. núgildandi laga tekin upp orðrétt.

V. KAFLI
Ábyrgð á útvarpsefni.

Um 28. og 29. gr.

Prófessor Gaukur Jörundsson hefur látið í ljós það álit, að sömu meginsjónarmið varðandi ábyrgð á útvarpsefni og eru í núgildandi útvarpslögum séu enn í fullu gildi. Í þessu frumvarpi er hins vegar um fleiri útvarpsstöðvar að ræða en Ríkisútvarpið eitt, og þarf því að breyta ákvæðum 22. og 23. gr. núgildandi laga þannig, að þau nái einnig til annarra útvarpsstöðva. Er það gert hér.

Jafnframt verður þá að vera ótvírætt, að ákveðinn maður beri ábyrgð á útvarpi útvarpsstöðvar með hliðstæðum hætti og útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins. Er það tryggt í 3. gr., 7. tölulið.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 30. gr.

Efni í þessa grein er sótt í 24. gr. núgildandi laga.

Um 31. gr.

Hér er 25. gr. núgildandi laga tekin upp orðrétt.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VIÐAUKI
Sérálit einstakra nefndarmanna.

Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson:

Við undirritaðir, Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, teljum að mjög orki tvímælis hversu langt skuli ganga að rýmka rétt manna til útvarpsreksturs hér á landi. Við höfum þó tekið þátt í gerð þessa frumvarps og skoðum það sem viðleitni að beina þróun á þessu sviði inn á heppilegri brautir en verða mundi án nýrrar löggjafar.

Varðandi veitingu réttar til útvarps og eftirlits með útvarpsrekstri setjum við fram þessar hugmyndir:

1. Menntamálaráðherra veiti leyfin íslenskum lögaðilum, sveitarfélögum og skráðum hlutafélögum eða samvinnufélögum, sem stofnuð yrðu til þess að reka útvarpsstöðvar, að fengnum rökstuddum umsögnum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Hann geti á sama hátt afturkallað leyfi ef ekki er fullnægt lögmætum skilyrðum.
2. Eftirlit með framkvæmd dagskrár hjá öllum útvarpsstöðvum verði á einni hendi, þ. e. hjá þingkjörnu útvarpsráði.

Við teljum miklu varða að réttur félaga til útvarpsreksturs sé í fyrstu veittur til skamms tíma í tilraunaskyni og að slík leyfi verði ætíð tímabundin. Þá virðist okkur eðlilegt að veiting leyfa sé í höndum æðsta yfirmanns menntamála. Um tilhögun verði sett nánari ákvæði í reglugerð.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu skyldur allra útvarpsstöðva varðandi dagskrárgerð þær sömu að vissu marki. Því virðist eðlilegt að sama úrskurðarvald fjalli um mál þeirra allra að þessu leyti.

Af sjálfu leiðir, ef þessi háttur yrði á hafður, að breyta þyrfti nokkrum ákvæðum í frumvarpinu til samræmis við það. Að okkar dómi þyrfti einnig að skoða nokkru nánar fleiri þætti þessara viðkvæmu og vandasömu mála, meðal annars landshlutaútvarp á vegum Ríkisútvarpsins og fjármögnun nýrra útvarpsstöðva.

Benedikt Gröndal:

Ég hef haft fyrirvara á undirskrift minni undir álit útvarpslaganefndar, og er það aðeins almennur fyrirvari vegna brottfarar minnar áður en lokaþáttur starfsins hófst haustið 1982.

Ellert B. Schram:

Í áliti nefndarinnar og frumvarpsdrögunum eru stórmerk nýmæli. Mikilvægast er að einkaréttur ríkisins er afnuminn og gert ráð fyrir, að fleiri aðilar geti stofnað og starfrækt útvarpsstöðvar í framtíðinni. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessara breytinga, sem marka tímamót á Íslandi. Ég hef hinsvegar verið andvígur ýmsum skilyrðum og skorðum, sem slíkum stöðvum eru settar, einkum og sér í lagi 2. mgr. 4. gr. og 3. tölulið 5. gr., sem báðar fjalla um takmörkun á auglýsingum í þargreindum stöðvum. Ég óttast að þessar takmarkanir muni hefta getu stöðvanna, til að bjóða upp á frambærilegt efni. Ég tel þá reglu farsælasta, að láta stöðvunum sjálfum eftir, að ákveða magn og umfang auglýsinga, um leið og það er ósanngjarnt að banna auglýsingar alfarið í tilteknum stöðvum.

Ég geri mér grein fyrir því, að varfærni er nauðsynleg, þegar svo róttækar breytingar verða í útvarpsrekstri, og vænti þess, að mörg þeirra skilyrða, sem meirihluti nefndarinnar leggur til að felist í frumvarpinu, verði felld niður, þegar mönnum er ljóst, að þau eru óþörf. Meginatriðið er, að nefndin hefur orðið sammála um að afnema einkarétt ríkisins og breyta útvarpslögunum til betri vegar að mörgu leyti, og þar af leiðandi skrifa ég undir nefndarálitið.

Kristján J. Gunnarsson:

Í útvarpslaganefnd hefur verið samstaða um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins í íslensku þjóðlífi eins og það er skilgreint í 10. gr. frv.

Sama máli gegnir um þær skyldur sem á Ríkisútvarpið eru lagðar skv. 9. gr. frv. og er þá m. a. haft í huga, hvern þátt útvarpið verður að skipa í almannavarnakerfi ríkisins.

Ljóst er að þessum markmiðum verður ekki náð, nema tryggt sé að til þess hafi Ríkisútvarpið fjárhagslega getu.

Ríkisútvarpið hefur á undanförnum árum aflað 48% tekna af hljóðvarpi og um 24% tekna af sjónvarpi með auglýsingum. Hefur Ríkisútvarpið að margra dómi neyðst til að ganga lengra í því efni en hóf er að.

Um langt árabil hefur gætt þeirrar tilhneigingar hjá stjórnvöldum að halda afnotagjöldum útvarpsnotenda sem lægstum. Hafa þau því stundum ekki fylgt verðlagsþróun. Vafalítið má rekja þá stefnu stjórnvalda til áhrifa afnotagjalda á framfærsluvísitölu.

Ógerlegt er að sjá fyrir hver áhrif samkeppni af hálfu útvarpsstöðva, sem leyfi fá til útvarps skv. 3. gr. frv., kann að hafa á auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins. Ég tel það því algera forsendu fyrir þeim breytingum til rýmkunar á rétti til útvarps, sem í frv. felast, að fjárhagur Ríkisútvarpsins verði tryggður. Sú trygging þarf að fela í sér, að Ríkisútvarpið verði á hverjum tíma þess megnugt að uppfylla lagaskyldur sem á það eru lagðar án tillits til þess hvernig fara kann tekjuöflun þess af auglýsingum í samkeppni við aðrar útvarpsstöðvar, verði frv. þetta að lögum.

Í 16. og 17. gr. frv., svo og skv. ákvæðum í 4. gr. þess, tel ég felast viðunandi tryggingu fyrir tekjuöflun Ríkisútvarpinu til handa.

Með vísun til þessarar forsendu um tekjuöflun Ríkisútvarpsins, er ég fylgjandi ákvæðum frv. um rýmkun útvarpsréttar. Afstaða mín til málsins í heild mótast af því sjónarmiði, að saman verði að fara rýmkun útvarpsréttar annars vegar og hins vegar fullkomin trygging fyrir því að Ríkisútvarpið hafi fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla þær skyldur sem á það eru lagðar skv. ákvæðum þessa frv.

Ólafur R. Einarsson:

Ég er í grundvallaratriðum fylgjandi þeim róttæku breytingum sem þetta nefndarálit (frumvarp) gerir á núgildandi útvarpslögum. Þróun á sviði útvarpsfjölmiðlunar á undanförnum árum krefst gagngerrar nýskipunar útvarpsmála.

Hin öra tækniþróun veldur því, að sjálfsagt er að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir glundroða í útvarpsmálum og því eðlilegt að koma á fót útvarpsréttarnefnd, er stýri þróuninni inn á heillavænlegar brautir. Þegar fleiri aðilar en Ríkisútvarpið fá rétt til að reka útvarpsstöðvar, er nauðsyn að tryggja Ríkisútvarpinu aðstöðu og fjárhagslegt sjálfstæði. Það á áfram að vera sá fjölmiðill, er nær til alls þorra landsmanna og vera þannig sameiningartákn í íslenskri fjölmiðlamenningu.

Í útvarpslaganefnd gerði ég að tillögu minni að útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð skyldu kosin til 4 ára í senn. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga í nefndinni. Þá hreyfði ég þeirri hugmynd að ákvæði um starfsmannaráð við Ríkisútvarpið yrðu tekin inn í 2. kafla laganna. Það var ekki talið tímabært.

Varðandi auglýsingar tjáði ég nefndarmönnum það grundvallarsjónarmið, að ekki mætti ofurselja fjölmiðla verslunarauglýsingum og því rétt að einangra auglýsingar við þjónustuauglýsingar. Miðað við ríkjandi ástand varð niðurstaðan í auglýsingamálum að takmarka þær einungis í útvarpi um þráð.

Þá lagði ég til í 2. kafla 12. gr. að skipan útvarpsstjóra væri aðeins til 4 ára í senn. Í 15. gr. lagði ég til að framkvæmdastjórar væru aðeins skipaðir til 4 ára í senn. Hvorug þessara tillagna fékk tilskilinn stuðning í útvarpslaganefnd.

Fylgiskjal I.

ÞINGSÁLYKTUN
um íslenskt efni á myndsnældum.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundaréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu—sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum.

Samþykkt á Alþingi 3. maí 1982.

Fylgiskjal 2

Helstu þingskjöl sem tengjast störfum útvarpslaganefndar.

1. 1969 (90. löggjafarþing) — 86. mál.
   Tillaga til þingsályktunar um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónv.
   Flm. Jón Kjartansson.
   Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing). 244

2. 1969 (90. löggjafarþing) — 87. mál.
   Tillaga til þingsályktunar um skólasjónvarp.
   Flm. Jónas Árnason.
3. 1973 (94. löggjafarþing) — 131. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
   Flm. Ellert B. Schram og Lárus Jónsson.
4. 1977 (99. löggjafarþing) — 28. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
   Flm. Guðmundur H. Garðarsson.
5. 1978 (100. löggjafarþing) — 86. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
   Flm. Ellert B. Schram.
6. 1978—79 (100. löggjafarþing) — 284. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 120, 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.
   Flm. Vilhjálmur Hjálmarsson.
7. 1980 (103. löggjafarþing) — 156. mál.
   Breytingartillaga við frv. til laga um breyting á lögum nr. 107, 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33, 29. maí 1980, um breyting á þeim lögum.
   Flm. Benedikt Gröndal.
8. 1980—81 (103. löggjafarþing) — 245. mál.
   Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 19, 5. apríl 1971.
   Flm. Ólafur Þ. Þórðarson o. fl.
9. 1980—81 (103. löggjafarþing).
   Skýrsla menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið (samkv. beiðni á þskj. 388).
10. Janúar 1980.
    Skýrsla menntamálaráðherra til Alþingis um könnun möguleika á notkun gervihnatta við dreifingu sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um Norðurlönd. (NORDSAT).
11. 1981 (104. löggjafarþing) — 7. mál.
    Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum, nr. 19, 5. apríl 1971.
    Flm. Eiður Guðnason.
12. 1981 (104. löggjafarþing) — 10. mál.
    Frumvarp til laga um héraðsútvarp.
    Flm. Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson.
13. 1981—82 (104. löggjafarþing) — 185. mál.
    Tillaga til þingsályktunar um íslenskt efni á myndsnældum.
    Flm. Eiður Guðnason o. fl.
14. 1981—82 (104. löggjafarþing) — 271. mál.
    Frumvarp til laga um útvarpsrekstur.
    Flm. Friðrik Sophusson o. fl.

Fylgiskjal 3

Fylkir Þórisson.

Staða og hugsanleg framvinda í hljóðvarps- og sjónvarpstækni.

Fram til þessa hefur Ríkisútvarpið haldið einkarétti sínum á hljóðvarpi og sjónvarpi að mestu óskertum, ef frá er talið hljóðvarp og sjónvarp á Keflavíkurflugvelli. Ekki var það vegna þess að Ríkisútvarpið gengi svo hart fram í að vernda þennan rétt sinn, heldur

aðallega vegna þess að búnaður til sendinga var ekki auðfenginn og efni til flutnings sömuleiðis ekki aðgengilegt, þó það gildi ekki um hljóðvarp í jafn ríkum mæli og um sjónvarp.

En með tilkomu nýrrar tækni er nú svo komið að næstum hver og einn getur komið sér upp búnaði sem nota má til útsendinga á hljóði og (eða) mynd í smáum stíl. — Hér við bætist að efni til flutnings er auðfengið.

Í framtíðinni er því líklegt, að við hlið núverandi miðlunarleiða hljóðvarps og sjónvarps komi aðrar svæðisbundnar leiðir eða rásir, þar sem dagskrá er sniðin við smærri hópa notenda t. d. landshlutahljóðvarp og sjónvarp eða í minni einingum, allt niður í bæjarhverfi. Þetta er mögulegt hér á Íslandi hvort heldur sem þráðlaust eða í gegnum kapal, eftir aðstæðum, því hér er ekki til að dreifa þeim skorti á bylgjulengdum sem hrjáir ýmsar aðrar þjóðir.

Ég mun nú reyna að lýsa nánar þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í dag og næstu framtíð og hugsanlegri notkun þeirra hér.

Kapal-sjónvarp.

Ef byrjað er á því sem stendur okkur næst og segja má að þegar sé komið í framkvæmd hér á frumstæðan og raunar nær einstæðan hátt, þar á ég við kapal-sjónvarp, þá er ekki hægt að tala um nýja tækni þar, heldur er hér um að ræða þróun þeirrar tækni, sem notuð hefur verið í sjónvarpsstöðvum síðan 1956, það er að segja upptaka og útsending af myndsegulböndum. Myndsegulbandstæki, sem í upphafi voru óheyrilega dýr, og eru raunar enn í þeim gæðaflokki sem notaður er í sjónvarpsstöðvum, eru nú orðin almenningseign.

Kapal-sjónvarp hófst í raun 1949, þegar ameríska sjónvarpstækjasali sem bjó í bæ umkringdum fjöllum, sem hindruðu móttöku, setti upp loftnet á góðum stað og dreifði síðan merkinu á kapli í hús fyrir vægt gjald, til þess að geta selt fleiri tæki.

Slík loftnetskerfi höfum við lengi haft í fjölbýlishúsum og með tilkomu ódýrra kassettumyndsegulbandstækja var einfalt að bæta viðbótarrás inn á kerfin, þó ekki samræmdist það útvarpslögum.

En skoðum nánar hvaða möguleika kapalkerfi hafa uppá að bjóða.

Inn á slík kapalkerfi má setja allar þær sendingar sem til næst bæði frá hljóðvarpi og sjónvarpi, hvort heldur þær koma frá vanalegum sendum eða gervihnöttum og hægt er að leggja í mun meiri kostnað við loftnetauppsetningu og fá betri móttöku þar sem greiðendur eru fleiri.

Þó þetta sé sú notkun, sem algengust er í Evrópu í dag, þá er þetta bara hluti af þeim möguleikum, sem kapalkerfin hafa. Einföld kapalkerfi, eins og þau sem eru í fjölbýlishúsum hér í borg, geta borið 10—15 sjónvarpsrásir og betur útfærð kerfi geta borið allt að 50 rásir á einum kapli.

Af þessu sést að nóg er plássið og það má nota á ýmsan hátt. Kassettuböndin og notkun þeirra hér þekkjum við, og ekki verður þess langt að bíða að myndplötuspilarar komi á markað hér. Á þessum tveim tækjum er svipaður munur að sínu leyti og á hljóðkassettum og hljóðplötuspilara. Myndgæðin af plötunni eru betri en það er ekki hægt að taka upp á hana. Ekki er til þess ætlast hvorki af þeim sem framleiða tækin né þeim sem framleiða efni fyrir þau, að þetta sé notað eins og hér er gert heldur eingöngu til heimilisnota og kennslu.

Í Ameríku, þar sem kapalkerfi eru mörg, og rekstur þeirra eins og um venjulega sjónvarpsstöð væri að ræða, efnið er keypt á svipuðum kjörum og aðrar stöðvar kaupa það eða framleitt á staðnum, og síðan sent út á kapal. Kosturinn við að nota kapal í Ameríku er sá að bylgjulengdarvandamálið hverfur þegar sent er út í lokað kerfi og móttaka verður betri. Auk þess er með sérstökum búnaði hægt að loka fyrir sendingar til þeirra sem ekki greiða afnotagjöld og stöðin því ekki eins háð auglýsingum. Þjónustuna má auka með viðbótarrásum sem flytja fréttaágrip, veðurfregnir, tímamerki, verðbréfastöðu og aðrar slíkar upplýsingar, sem hægt er að ganga að hvenær sem er með því einu að skipta um rás. Einnig má senda músik á mörgum rásum fyrir hljóðvarpstækið, ein sjónvarpsrás getur borið 100 stereo-

músikrásir í háum gæðaflokki og ef um er að ræða talað mál sem aðeins notar um 6 kílóriða bandbreidd, þá er hægt að koma fyrir 600 slíkum á einni sjónvarpsrás. Mögulegt er einnig með viðbótarbúnaði að senda gegnum slíkt kapalkerfi bæði myndir og lesmál, sem kæmi fram í prentuðu formi hjá notanda t. d. dagblað. Einnig má tengja kerfið tölvubanka og gera það tvívirkt þannig að notandinn geti kallað fram þær upplýsingar sem hann óskar á skerminn hjá sér.

Efni er flutt til kapalkerfa og milli þeirra með örbylgjusendum og um gervihnetti. Með því móti er hægt að tengja fjölda kerfa í eina heild. Því stærra sem kapalkerfi er, því betri og fjölbreyttari þjónustu er hægt að bjóða upp á.

Hér á landi verða slík kerfi aldrei mjög stór, en á móti kemur, að fólk virðist vera tilbúið að greiða mikið fyrir slíka þjónustu.

Tæki til framleiðslu efnis verða stöðugt ódýrari og fyrirferðarminni og gerir það öðrum aðilum en sjónvarpinu kleift að framleiða efni. Fljótlega koma á markað sjónvarpstökuvélar með innbyggðu myndsegulbandstæki, sem gerir efnisöflun mjög auðvelda. Spurning er hvort sjónvarpið ætti ekki að nýta þá möguleika sem það hefur á þessu sviði og setja upp kapalkerfi.

Viðbótarupplýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi.

Þar sem stöðvar eru margar og þéttar er oft erfitt að greina á milli stöðva og finna það sem leitað er að. Nú er talað um að hver sendir sendi jafnframt dagskrá upplýsingar um heiti og staðsetningu sendis, svo og þess efnis sem flutt er hverju sinni. Þetta væri svo hægt að nýta í móttakara á margvíslegan hátt, getur til dæmis komið fram á litlum skermi á tækinu líkt og nú er á vasatölvum eða líka að hægt er að láta tækið sjálft leita uppi ákveðna tegund efnis eða ákveðinn sendi, t. d. næsta fréttatíma óháð tíma eða sendi, tækið myndi þá leita stöðugt á þeim sendum sem til næst þar til kemur að fréttum, þá kviknaði sjálfkrafa á tækinu og fréttirnar byrjuðu. Þetta gildir bæði um hljóðvarp og sjónvarp og allar tegundir efnis.

Með prentaðri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps mætti prenta jafnhliða strikakóda líkt og maður sér á pakkningum erlendra matvæla. Þennan „kóda" væri síðan hægt að lesa inn í móttakara, myndsegulbandstæki og hljóðsegulbandstæki með ljósgriffli og með því móti velja sér dagskrá vikunnar, hvort heldur það sem taka ætti upp eða horfa og hlusta á þegar það fer fram.

Video-texti — Sjónvarpstexti.

Video-texti er sendur út í mörgum löndum nú þegar og þar eins og víðar eru í gangi fleiri en eitt kerfi.

Textinn er sendur út jafnhliða öðru dagskrárefni eða stillimynd og eru notaðar til þess lausar línur í sjónvarpsmerkinu. Til þess að ná textanum út úr sjónvarpsmerkinu aftur og á skerm móttakarans þarf viðbótarbúnað í móttökutækið. Textanum er skipt upp í svokallaðar blaðsíður sem samsvara einni skermfylli hver og hægt er að velja í milli blaðsíðna.

Notkunin getur verið margvísleg og svo tekið sé dæmi þá nota Svíar sjónvarpstexta á þrjá vegu:

1. Til textunar á sænskum prógrömmum fyrir heyrnardaufa. Í sept. 1981 höfðu verið textuð 250 prógrömm með þessu móti. Hægt er að velja hvort maður hefur textann með eða ekki og fer textun fram á líkan hátt og við þekkjum hér nema hvað notaðir eru litir til að aðgreina persónur og einnig er skýrt frá hljóðum t. d. braki í stiga o. fl.
2. Margskonar upplýsingar á 100 síðum með áherslu á fréttir, veður og íþróttir.
3. Textaðar útskýringar með beinum útsendingum, aðallega íþróttum, einnig fyrir heyrnardaufa.

Komið hefur í ljós, að þó textinn sé ætlaður heyrnardaufum, eru líka mjög margir

heyrandi sem nýta sér hann, t. d. með gömlum filmum með lélegu hljóði eða óperum og óperettum. Einnig hjálpar textinn þeim sem eru að læra málið.

Hi-Fi TV.

Nokkuð hefur verið rætt og skrifað um svokallað Hi-Fi TV eða breytingar á núverandi sjónvarpskerfum til aukinna myndgæða. Líklegt er að sjónvarpsskermurinn stækki í framtíðinni og er talað um 1 m^2 sem heppilega stærð fyrir heimahús (26″ = 1/5 m^2). Einnig er talin þörf á að breyta lögun skermsins og gera breiddina meiri í hlutfalli við hæð, ca. 1,4 × 0,7 m. Stærri skermur kallar á þéttari mynd, sem aftur þýðir fleiri línur. Í núverandi PAL sjónvarpskerfi sem við notum eru 625 línur, en talið er að fara þurfi upp í 1200 línur. Einnig er talað um að breytinga sé þörf í hljóðhliðinni, stereo, stærri hátalarar og magnarar.

Allt kallar þetta á ný tæki bæði í sendingu og upptöku og líka í móttökunni, og er sennilega nokkuð langt í það.

Stereo-hljóð í sjónvarpi.

Nú þegar er farið að senda út stereo-hljóð með sjónvarpi í Japan og Vestur-Þýskalandi. Þetta gefur, auk betri hljómgæða, möguleika á að hafa t. d. „original-hljóð" í erlendum myndum á annarri rásinni en innlenda hljóðið á hinni, sem gefur valmöguleika. Fleiri hljóðkanalar eru hugsanlegir (NORDSAT).

Beint sjónvarp frá gervihnöttum.

Til móttöku frá gervihnöttum, sem ætlaðir eru til beinna sendinga, þarf sérstakan útbúnað með disklaga loftneti og móttakara sem breytir hinni háu tíðni sem hnettirnir senda á (12—13 gigarið) í þá tíðni sem venjulegur móttakari getur tekið við. Þessi búnaður er nokkuð dýr og því liggur beint við að samnýta hann með kapalkerfum.

Enn sem komið er er lítið um slíka hnetti í okkar heimshluta og þeir sem komnir eru á loft eru aðeins tilraunahnettir. Frakkar og Þjóðverjar hafa uppi áform um að senda slíka hnetti á loft innan 2—3 ára og hafa þegar hafið undirbúning, sama er að segja um Luxemburg, Ítalíu, Sviss og England, en þeirra áætlanir eru ekki eins vel á veg komnar. Hér á Íslandi er lítil von til að ná slíkum sendingum fyrr en ef enskur hnöttur færi á loft og þá með stórum loftnetum, eða ef NORDSAT yrði að veruleika.

Vinnslutækni.

Eins og ég nefndi fyrr eru tæki til vinnslu á sjónvarpsefni og upptöku á því alltaf að verða fyrirferðarminni og ódýrari, og nú þegar er kominn vísir að efnisvinnslu hér á landi utan sjónvarps.

Þróunin virðist vera í þá átt, að upp rísi einkafyrirtæki sem geti framleitt sjónvarpsefni í smáum stíl líkt og nú er með hljómplötuútgáfu.

Digitaltækni í sjónvarpi.

Þess verður ekki langt að bíða, að digitaltækni ryðji sér til rúms í sjónvarpi, ekki í útsendingunni sjálfri heldur í vinnslunni innanhúss og síðan í móttakaranum.

Digitaltæknin býður upp á marga möguleika í sjónvarpi, sérstaklega í upptökum á myndsegulband. Myndsegulband, sem tekið er upp á með digitaltækni, er hægt að kópera nær endalaust án þess að vart verði rýrnandi myndgæða svo dæmi sé nefnt. Með þeirri tækni sem nú er notuð er varla hægt að kópera oftar en 5—6 sinnum.

Digitaltækni í hljóðvarpi.

Nú þegar er farið að taka upp hljóð með digitaltækni í plötuútgáfu, en það eru skiptar skoðanir á því hvort það borgi sig að nota þá tækni í hljóðvarpi þar eð hljóðtökutæknin er nú þegar komin á það stig, að það er frekar sendi- og móttökuhliðin sem takmarkar gæðin.

Fylgiskjal 4

Markús Á. Einarsson.

Lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum.

Vegna starfa útvarpslaganefndar mun ég hér á eftir freista þess að gefa lauslegt yfirlit um stöðu útvarpsmála í nágrannalöndum okkar. Þegar hugað er að breytingum laga hérlendis er oft spurt, hvernig lögum á sama sviði sé háttað í nágrannalöndum, og þá einkum á hinum Norðurlöndunum. Eru slíkar spurningar eðlilegar, því að oft má hafa mikið gagn af reynslu annarra þjóða.

Við störf að endurskoðun útvarpslaga um þessar mundir verður hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd, að lítið er að sækja til útlanda í því efni. Stafar það fyrst og fremst af því umróti vegna tækniframfara sem nú á sér stað á sviði útvarpsmála, bæði hljóðvarps- og sjónvarpsmála. Útsendingar hljóðvarps eru orðnar mjög einfaldar og ódýrar og tala má um byltingu á sviði sjónvarps þar sem er þróun myndbandakerfa og dreifing sjónvarpsefnis um kapalkerfi. Loks ryður nú dreifing sjónvarpsefnis um gervihnetti sér rúms.

Sums staðar fer um þessar mundir fram ýmiss konar tilraunastarfsemi varðandi skipan útvarpsmála, einkum í löndum þar sem ríkið hefur hingað til haft einkarétt á útvarpi. Mál eru hins vegar í deiglunni og lög enn með gamla laginu. Endurskoðun útvarpslaga hér á landi hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á mati á aðstæðum heima fyrir. Við getum ekki að ráði sótt fyrirmyndir í lög nágrannaþjóða. Engu að síður er nauðsynlegt að hafa nokkurt yfirlit um stöðu mála erlendis og er það sem hér fer á eftir tilraun í þá átt. Fyrst verður vikið að hinum Norðurlöndunum, og þá ítarlegast fjallað um Svíþjóð, þar sem tilraunir um breytta skipan hafa verið í gangi um nokkurra ára skeið. Byggt er á útvarpslögum og reglugerðum Norðurlandanna svo og greinargerðum og fréttum sem ég hef haft undir höndum.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð hefur „Sveriges Radio" einkarétt á útvarpi. Skiptist stofnunin í fjóra hluta, þar sem eru hljóðvarp, sjónvarp, landshluta- eða héraðsútvarp og loks fræðsluútvarp. Skipan mála er svipuð á hinum Norðurlöndunum. Af atriðum sem eru frábrugðin tilhögun hérlendis má nefna, að hér er hvorki landshluta- né fræðsluútvarp, auglýsingar eru bannaðar hjá sænska útvarpinu og útvarpsráð hefur þar einungis afskipti af dagskrá eftir á.

Í maí 1978 voru í Svíþjóð samþykkt lög um „närradio" („lag om försöksverksamhet med närradio"). Í lögunum var gert ráð fyrir tilraunum með „närradio", þ. e. staðbundnar útvarpssendingar, er standa skyldu til 30. júní 1981. Hljóðvarpssendingar voru leyfðar jafnt þráðlausar sem um þráð, en sjónvarpssendingar einungis um þráð eða kapal. Aðilar sem þess óskuðu skyldu leita leyfis hjá stjórnvöldum til útvarpssendinga, og reyndist vera um að ræða félög eða samtök hugsjónalegs, stjórnmálalegs eða trúarlegs eðlis eða þá verkalýðsfélög og félög innflytjenda. Hafa m. a. Íslendingafélög í Svíþjóð tekið þátt í „närradio".

Af þessu má ráða að þarna er ekki um að ræða útvarpsstöðvar með almennri dagskrá allan daginn, heldur stöðvar, er þjóna ákveðnum hópum, e. t. v. aðeins 1—2 klst. á dag, og eru þær ekki bundnar skilyrðum um hlutleysi eða málefnalega umfjöllun. Auglýsingar eru ekki leyfðar í „närradio".

Ég hygg að óhætt sé að fullyrða að hugmyndin með „närradio" sé nokkuð fjarri almennum óskum um fjölbreyttari útvarpsrekstur hér á landi og allt annars eðlis en t. d. landshluta- eða héraðsútvarp.

En hvernig hafa nú Svíar tekið þessari tilraun? Ég læt hér flakka með nokkrar tölur teknar úr tímaritinu „Uke omkring NRK", nr. 35/1981, þar sem segir frá skýrslu eins af

framkvæmdastjórum „Sveriges Radio“ um þetta efni. Eru tölurnar miðaðar við 30. nóv. 1980.

Í „närradio“ tóku þá þátt 341 félag á 15 stöðum í landinu. Um 26% þessara félaga voru trúarlegs eðlis, 19% stjórnmálasamtök, 7% innflytjendur og 4% íþróttafélög. Hvað varðar senditíma reyndust 45% hans notuð fyrir trúarlegt efni.

Óhætt er að fullyrða að Svíar hafa ekki tekið þessu formi útvarps vel. Um 70% hlustenda höfðu alls ekki hlustað á „närradio“, 14% höfðu hlustað einu sinni í viku, en aðeins 3% 5—7 daga í viku.

Um þessar mundir fara fram umræður í Svíþjóð um framtíð þessa útvarpsforms. Ríkisstjórnin hefur haft í hyggju að leggja fram frumvarp þess efnis að það verði til frambúðar. Mörgum finnst reynslan hins vegar ekki nógu góð og vilja breytt form. Verður fróðlegt að fylgjast með þróun málsins.

Það þarf vart að taka fram að í Svíþjóð, svo sem í mörgum öðrum Evrópulöndum, fer einnig fram umræða um not sjónvarps um gervihnetti. Um þróun sendinga um gervihnetti er fjallað í annarri greinargerð vegna endurskoðunar útvarpslaga og skal ekki farið inn á það svið hér. Ég vil einungis vekja athygli á greinargóðri skýrslu frá „Sveriges Radio“ um þau mál frá febrúar 1982. Nefnist hún: „Mottagning och vidareutsändning via kabel av satellitdistribuerade tv-program“.

Noregur.

Í upphafi 1. greinar norsku útvarpslaganna er kveðið á um einkarétt „Norsk Rikskringkasting“ til útvarps, hvort sem er hljóðvarp, sjónvarp eða landshlutahljóðvarp. Síðar í sömu grein segir, að konungur geti við sérstakar aðstæður („i særlige tilfelle“) gefið öðrum leyfi til takmarkaðrar útvarpsstarfsemi.

Í Noregi hafa um langt skeið farið fram miklar umræður um afnám einkaréttar. Engin breyting hefur verið gerð á útvarpslögunum, en veruleg hreyfing komst þó á málið, er ríkisstjórn Kåre Willoch settist að völdum. Ákvað hún í desember 1981 að notfæra sér framangreinda heimild til frávika frá einkarétti og veita fleiri aðilum leyfi til útvarpsreksturs til reynslu. Leyfi til hljóðvarpssendinga í stíl við „närradio“ í Svíþjóð fengu 32 aðilar í Osló, Stavangri, Bergen, Þrándheimi og fáeinum smærri stöðum. Stavangur skar sig úr með 15 leyfi og ber þar langmest á trúarlegum samtökum. Þó má einnig nefna Amnesty International og samtök hreyfihamlaðra. Í Osló má nefna blaðamannaháskólann, í Bergen stúdentasamtök og jassklúbb og í Þrándheimi hægri sinnað stúdentafélag og rautt kosningabandalag.

Þrír umsækjendur fengu leyfi til að sjónvarpa um kapalkerfi og loks fengu sex umsækjendur leyfi til að taka við sendingum frá evrópska gervihnettinum OTS og dreifa til notenda.

Þær stöðvar sem þannig hafa fengið leyfi til útsendinga um skeið mega ekki nota auglýsingar sem tekjulind.

Of snemmt er að draga ályktanir af þeirri reynslu sem fengist hefur af þessum útsendingum. Stjórnvöld hafa nú sett á laggirnar tvær nefndir. Á önnur að fjalla um framtíð „närradio“-sendinga, en hin um kapal-sjónvarp. Enn heyrist hins vegar ekkert um lagabreytingar.

Danmörk.

„Danmarks Radio“ hefur einkarétt á útvarpi í Danmörku og er skipan mála þar því með svipuðu sniði og í Svíþjóð og Noregi. Minna hefur borið þar á tilhneigingum til breytinga en víða annars staðar, ef marka má þau gögn sem ég hef séð. Tilraunir nágrannaþjóðanna hljóta þó að hafa vakið nokkra athygli.

En nú eru tilraunir einnig nýhafnar í Danmörku. Hefur menningarmálaráðherrann veitt 75 aðilum leyfi til útvarpsreksturs og er skiptingin þannig, að 53 hafa óskað eftir að hljóðvarpa, en 22 vilja sjónvarpa. Sé þessi tilraunastarfsemi, sem standa á í þrjú ár, borin

saman við það sem við höfum frá Svíþjóð og Noregi vekur tvennt einkum athygli. Í Danmörku veitir Menningarmálaráðuneytið talsverða styrki til þessara útsendinga, eða samtals 5 milljónir d. kr. Einnig er það skilyrði sett fyrir leyfum, að danska útvarpsráðið veiti hverri stöð viðurkenningu áður en útsendingar hefjast. Meðal stöðva sem leyfi hafa fengið kennir margra grasa eins og í Noregi og Svíþjóð, og má segja að „närradio" sé í raun útvarp margbreytilegra félaga, en hver stöð njóti hins vegar lítillar hlustunar.

Finnland.

Í Finnlandi mun skipan útvarpsmála svipa nokkuð til þess sem gerist á öðrum Norðurlöndum með frávikum þó. Ein stofnun „Oy Yleisradio Ab" mun að mestu hafa á hendi rétt til útvarps þar í landi samkvæmt samningi við stjórnvöld sem endurnýjaður er á nokkurra ára fresti. Þó hefur þessi stofnun rétt til að semja við fyrirtækið „Oy Mainos TV-Reklam Ab" um samvinnu við gerð dagskrár og auglýsinga í sjónvarpi, en auglýsingar eru aðeins leyfðar í sjónvarpi.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt starfar í Helsinki einkafyrirtækið „Helsinki-TV", sem sér um útsendingar sjónvarpsefnis um kapalkerfi þar í borg. Þetta fyrirtæki hafði leyfi stjórnvalda til tilrauna með móttöku á bresku sjónvarpsefni um OTS-gervihnöttinn nú í vor. Hins vegar óskaði Samgönguráðuneytið finnska eftir því að tilraunir yrðu stöðvaðar, þar eð ekki væri eðlilegt að hafa þær í gangi meðan verið væri að undirbúa lög um kapal-sjónvarp. Hér er enn eitt dæmi um að hreyfing sé á þessum málum, án þess þó að endanleg niðurstaða um frambúðarlausn sé fundin.

Bretland.

Að beiðni útvarpslaganefndar samdi Stefán Jón Hafstein fréttamaður skýrslu: „Um útvarp og sjónvarp á Bretlandi", nefndarmönnum til fróðleiks. Hér eru ekki tök á að rekja efni þessarar ágætu skýrslu að neinu gagni, og læt ég nægja að fá að birta orðrétta upphafsmálsgrein hennar, þar sem Stefán Jón einmitt dregur í fáum orðum saman, hvernig uppbyggingu útvarps á Bretlandi er varið:

„Grundvallaratriði í uppbyggingu sjónvarps og útvarps á Bretlandi er tvíveldi. Annars vegar er British Broadcasting Corporation (BBC), en hins vegar Independent Broadcasting Authority (IBA). BBC er svonefnd opinber sjálfseignarstofnun, IBA er opinbert yfirvald einkastöðva sem gefið er leyfi til að útvarpa og sjónvarpa á ákveðnum svæðum Bretlands. Báðum kerfum er í raun miðstýrt. BBC rekur sínar stöðvar og setur þeim starfsreglur, IBA leigir út dreifikerfi til einkaaðila sem eru háðir leyfum og reglum sem IBA setur. Ráðuneyti skipa æðstu „stjórnendur" BBC og IBA, sem bæði eru háð lögum og leyfum sem þing setur. Bæði kerfin eru því undir miðstýrðu eftirliti. Þau keppa beint um sjónvarpsáhorfendur: bæði sjónvarpa á landsvísu. Þau keppa óbeinlínis um útvarpshlustendur, BBC útvarpar aðallega á landsvísu, einkastöðvar eru allar staðbundnar. Kerfin keppa ekki beinlínis um fjármagn. BBC er háð ákvörðun yfirvalda um afnotagjöld, IBA stöðvar fá tekjur af auglýsingum."

Við þessi orð má bæta, að á Bretlandseyjum fer nú fram umræða um kapalvæðingu landsins. Mun ríkisstjórn Margrétar Thatchers hafa á prjónunum áform um að allar borgir á Bretlandi fái kapla með a. m. k. 30 rásum hver. Þar með fjölgar kapalstöðvum og dreifing efnis frá gervihnöttum eykst. Sennilegt er að eftirlit með slíkum stöðvum hljóti að verða mun minna en eftirlit með BBC og IBA stöðvum er nú. Nú munu kapalstöðvar þjóna um 1,5 milljónum heimila á Bretlandi með 4-6 rása köplum, og eru stöðvarnar skyldar að dreifa sjónvarpsefni BBC og IBA. Af þessu sést að einnig á Bretlandi er nokkurra breytinga að vænta.

Frakkland.

Í Frakklandi munu undanfarin ár hafa verið miklar deilur um skipan útvarpsmála og ekki síður um dagskrárefnið. Ríkisstjórn Mitterrands mun frá upphafi hafa ætlað sér að breyta heildarskipan þessara mála.

Útvarpi í Frakklandi hefur í raun verið þannig háttað að „Téle Diffusion de France" hefur einkarétt á útsendingum, en fjögur fyrirtæki hafa einkarétt á dagskrárgerð. Frávik frá þessu hafa að nokkru verið leyfð eftir 1978, einkum fyrir kapalstöðvar, en lög hafa mjög takmarkað slíkar leyfisveitingar. Þótt ný heildarlöggjöf um útvarp hefði þá ekki enn litið dagsins ljós, var með lögum í nóvember 1981 ákveðið að leyfa einkaaðilum útvarp á FM-bylgjum gegn ákveðnum skilyrðum. Eingöngu var um að ræða hljóðvarpsstöðvar sem næðu yfir 30 km eða minna, og mátti ekki vera um útvarp í gróðaskyni að ræða, enda auglýsingar bannaðar. Ætlunin var að þessi lög féllu síðan inn í nýja heildarlöggjöf. Svo fór að ný lög um hljóðvarp og sjónvarp voru samþykkt í lok júlí 1982. Er þar gert ráð fyrir að losa um tengsl framkvæmdavalds og ríkisfjölmiðla. Verður æðsta vald í útvarpsmálum í höndum 9 manna nefndar. Einnig er gert ráð fyrir veitingu leyfa til landshluta- eða héraðsútvarps. Auglýsingaútvarp er þó enn bannað á vegum einkaaðila.

Öllum mun ljóst að langt mál mætti rita um skipan útvarpsmála í þeim löndum sem þegar hafa verið nefnd, og enn mætti nefna mun fleiri lönd. Hér læt ég þó staðar numið og undirstrika að markmið mitt var það eitt að draga saman og vekja athygli á nokkrum forvitnilegum meginatriðum, hvað varðar stöðu mála í þeim löndum sem hér hafa verið nefnd.

Hafnarfirði, í ágúst 1982.

Ed. 388. Frumvarp til laga [219. mál]

um bókasafnsfræðinga.

(Lagt fram á 106. löggjafarþingi 1983—84).

1. gr.

Rétt til að kalla sig bókasafnsfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. þeim, sem lokið hafa B.A. prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein (það er a. m. k. 60 einingar skv. núgildandi reglugerð Háskóla Íslands nr. 78/1979, eða 3 stig skv. eldri reglugerð).
2. þeim, sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a. m. k. 60 einingar í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands.
3. þeim, sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands, þar sem námið er stundað.
4. þeim, sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafnsfræði til viðbótar.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 3. og 4. lið skal leita umsagnar Félags bókasafnsfræðinga og fastra kennara í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Bókasafnsfræðingi ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn, sem í gildi eru á hverjum tíma.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samið í menntamálaráðuneytinu að tilhlutan Félags bókasafnsfræðinga.

Bókasafnsfræði hefur verið kennd við Háskóla Íslands í rúman aldarfjórðung og er fullgild námsbraut innan félagsvísindadeildar skólans. Starfsheitið bókasafnsfræðingur hefur fengið opinbera viðurkenningu, þar sem þess er getið í lögum og reglugerðum sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og 5. gr. reglugerðar nr. 138/1978 um almenningsbókasöfn.

Með aukinni sérhæfingu í þjóðfélaginu hefur lögverndun starfsheita færst í vöxt. Á undanförnum árum hafa m. a. meinatæknar, viðskipta- og hagfræðingar, þroskaþjálfar og iðnfræðingar fengið starfsheiti sín lögvernduð.

Með því að skilgreina starfsheitið bókasafnsfræðingur í lögum þessum, geta þeir sem leita eftir þjónustu bókasafnsfræðinga verið vissir um, að sá sem hefur leyfi til að kalla sig bókasafnsfræðing uppfyllir ákveðnar kröfur um menntun og hæfni í starfi. Einnig kemur það í veg fyrir hugsanlegan ágreining á milli ráðningaraðila og umsækjenda um störf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru talin þau skilyrði, sem uppfylla þarf til þess að veita megi leyfi skv. 1. gr.

Skilyrði leyfisveitingar skv. 1. tölulið er að hafa lokið B.A. prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein, en það hefur verið hægt frá árinu 1964. Á árunum 1964—1976 var aðalgrein skilgreind sem 3 stig (af 6) skv. þágildandi reglugerð háskólans. Samkvæmt núgildandi reglugerð fyrir H.Í. nr. 78/1979, er aðalgrein til B.A. prófs a. m. k. 60 einingar (af 90).

Í 2. tölulið er átt við þá, sem leggja stund á bókasafnsfræði við Háskóla Íslands og taka a. m. k. 60 einingar í greininni eftir að hafa áður tekið lokapróf frá háskóla í einhverri annarri grein.

Samkvæmt 3. tölulið ber einnig að veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis. Víða erlendis t. d. á Norðurlöndum er bókasafnsfræði kennd við sérstaka skóla, sem hafa sömu eða svipuð inntökuskilyrði og Háskóli Íslands. Þar sem vafamál getur verið hvaða nám telst vera hliðstætt námi samkvæmt 1. og 2. tölulið, þykir rétt að leita beri umsagnar þeirra tveggja aðila, sem nefndir eru í lokamálsgrein 2. gr. frumvarpsins.

Í 4. tölulið er átt við þá, sem taka fullgild framhaldspróf í bókasafnsfræðum t. d. meistarapróf eða diplomagráðu. Slík framhaldspróf er einungis unnt að taka erlendis og þykir því rétt að leita beri umsagnar áðurnefndra aðila.

Um 3.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 389. Frumvarp til laga [220. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur býli, sem hlotið hafa samþykki landbúnaðarráðuneytisins sem ný býli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til breytinga á jarðalögum nr. 65/1976. Í því frumvarpi er lagt til, að landnámsstjórn verði lögð niður og að reglum um viðurkenningu á nýjum býlum verði breytt, þannig að samþykki landbúnaðarráðuneytisins þurfi til að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, enda séu uppfyllt ýmis skilyrði sem fram koma í frv. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 64/1976 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í framangreindu frumvarpi til breytinga á jarðalögum.

Ed. 390. Frumvarp til laga [221. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

5. tl. 5. gr. falli niður.

2. gr.

Niður falli orðin: „og Landnáms ríkisins“ í 3. mgr. 6. gr.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi, sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skal afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. áður en bygging sumarbústaða hefst.

Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum), sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging, sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði þessarar greinar um sumarbústaði eiga einnig við um sæluhús, veiðihús, skíðaskála og hliðstæðar byggingar.

Það telst vera sumarbústaðahverfi, þegar tveir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

4. gr.

Í stað orðanna: „og Landnáms ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. komi: og umsagnar Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Land, sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn, og fyrir liggi umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal þinglýst.

Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

Til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta, þarf samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til landskipta skv. lögum nr. 46 27. júní 1941.

Stofnun nýrra býla eða fleirbýlis á jörð er háð samþykki viðkomandi jarðanefndar, sveitarstjórnar og landbúnaðarráðuneytisins skv. III. kafla laganna.

6. gr.

Í stað orðsins: „landnámsstjórnar“ í 13 gr. komi: stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Niður falli úr sömu grein: „Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar.“

7. gr.

Í stað orðsins: „landnámsstjórn“ í 14. gr. komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Í stað orðsins: „landnámsstjórn“ í 15. gr. komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.

9. gr.

Á eftir 20. gr. komi ný grein, 21. gr., er orðist svo:

Þar sem samþykki eða meðmæli jarðanefndar er áskilið í lögum þessum, nægir samþykki bæjarstjórnar, þegar um er að ræða land eða réttindi skv. 3. gr. sem lögin taka til innan lögsagnarumdæma kaupstaða.

10. gr.

Á eftir II. kafla komi nýr kafli, sem verði III. kafli með fyrirsögninni: Um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbúum og jarðaskrá, er orðist svo:

a. (22. gr.)

Til þess að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, þar með talið til ylræktar, garðræktar, fiskræktar og loðdýraræktar eða til smáiðnaðar og þjónustu, sem tengd er landbúnaði, þarf heimild landbúnaðarráðuneytisins, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun býlisins.

Umsókn um stofnun nýs býlis skal senda landbúnaðarráðuneytinu ásamt upplýsingum um, hvers konar búskap fyrirhugað er að stunda á býlinu. Þá skulu fylgja umsókn gögn, er sýni að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu.

Ráðuneytið leitar umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins á hverri umsókn. Búnaðarfélagið lætur gera úttekt á búrekstrarskilyrðum býlisins.

b. (23. gr.)

Ef um er að ræða býli, þar sem stofna skal til sauðfjárræktar, nautgriparæktar og/eða hrossaræktar, skal að jafnaði miða við að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 ha. Þó er heimilt að víkja frá þeirri landstærð, ef í staðinn koma t. d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.

Um landstærð og önnur skilyrði við stofnun nýrra býla af öðru tagi, sbr. 22. gr., skal fara eftir ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðherra setur.

Við stofnun nýs býlis skal þess gætt, að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða.

c. (24. gr.)

Jörð, sem ekki hefur verið nytjuð með fastri búsetu þess sem á lögheimili á jörðinni, í tvö ár eða lengur, telst eyðijörð nema sveitarstjórn hafi veitt samþykki sitt samkvæmt 21. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976.

Samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sveitarstjórnar og jarðanefndar þarf til þess að endurbyggja eyðijörð. Umsókn um það skal senda ráðuneytinu, sem fer með hana eins og um stofnun nýs býlis væri að ræða, sbr. 22. og 23. gr.

d. (25. gr.)

Heimild landbúnaðarráðuneytisins þarf til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun félagsbúsins. Fara skal eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. um umsókn og meðferð hennar.

Það teljast vera félagsbú, þegar tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning skv. 27. gr. um að standa sameiginlega að búrekstri á einni eða fleiri jörðum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu allir búsettir á viðkomandi býli (býlum). Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki stofnað til félagsbús.

Um stærð á landi félagsbús skal fara eftir 23. gr. þannig að landið sé ekki minna en hver aðili félagsbúsins hefði stofnað nýtt býli.

e. (26. gr.)

Séu aðilar félagsbús ekki allir eigendur að jörð sem félagsbúið er stofnað á, skal gera sérstakt byggingarbréf skv. ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976 milli aðila félagsbúsins og jarðareiganda og skal því þinglýst. Í slíku byggingarbréfi er heimilt að víkja frá ákvæðum 11.—16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976.

f. (27. gr.)

Aðilar félagsbús skulu gera með sér skriflegan félagsbússamning, þar sem getið sé stofnframlaga aðilanna til búsins, eignarhluta hvers þeirra, hvernig háttað sé ábyrgð á skuldum búsins, skiptingu tekna þess, ákvarðanatöku um málefni búsins og hvernig slitum félagsbúsins skuli háttað.

Heimild til stofnunar félagsbús öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðuneytið hefur áritað félagsbússamning um samþykki sitt.

Landbúnaðarráðuneytið skal við hver áramót birta í Lögbirtingablaðinu skrá yfir samþykkt félagsbú á árinu.

g. (28. gr.)

Samþykkt á félagsbúi veitir hverjum aðila félagsbús sama rétt og ábúanda nýs býlis nema annað sé ákveðið í lögum.

Félagsbú, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu fyrir 1. janúar 1985 senda landbúnaðarráðuneytinu til samþykktar félagsbússamning skv. 27. gr. Eftir 1. janúar 1985 skulu þau bú ein njóta réttinda sem félagsbú, sem landbúnaðarráðuneytið hefur samþykkt félagsbússamning fyrir. Ráðherra getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt aðilum félagsbús, sem stofnað hefur verð fyrir gildistöku þessara laga, frest í tiltekinn tíma til að samræma félagsbússamning sinn ákvæðum 27. gr. og fá hann samþykktan.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um stofnun félagsbúa.

h. (29. gr.)

Landbúnaðarráðuneytið lætur árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið. Í jarðaskrá skulu tilgreindar allar jarðir eða lögbýli skv. skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 ásamt eigendum og ábúendum og öðrum þeim upplýsingum, sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Eigendum og ábúendum jarða skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, hreppstjórum, sveitarstjórnum, jarðanefndum, bæjarfógetum og sýslumönnum er skylt að láta í té upplýsingar um ábúð, eignarhald og annað er jarðir varðar vegna jarðaskrárinnar. Haft skal samráð við Fasteignamat ríkisins um öflun upplýsinga og gerð jarðaskrár.

Ráðherra úrskurðar um ágreining, sem rísa kann um skráningu á jörð í jarðaskrá, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um gerð og útgáfu jarðaskrár, öflun gagna til hennar og varðveislu. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að fela öðrum aðila að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins.

Upplýsingar úr jarðaskrá skulu látnar í té gegn gjaldi, sem ráðherra ákveður árlega.

11. gr.

III. kafli laganna (Forkaupsréttur) verður IV. kafli, IV. kafli verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli. Töluröð greina í III. kafla (verður IV. kafli) — VI. kafla (verður VII. kafli) breytist í samræmi við framantaldar breytingar svo og tilvitnanir í þær greinar.

12. gr.

Við 28. gr. (sem verður 37. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að veita ábúanda jarðar í ríkiseign, sem byggð er skv. ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976, leyfi til að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

13. gr.

Við lögin bætist ný grein, sem verður 74. gr. og orðast svo:

Landbúnaðarráðuneytið skal við gildistöku þessara laga taka við verkefnum Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar, nema annað sé ákveðið með lögum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

a) Konungsbréf um sölu kirkjueigna frá 30. júní 1786.
b) 8.—11. gr. laga nr. 46 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.
c) Lög nr. 30 20. okt. 1913 um umboð þjóðjarða.
d) IX.—XI. kafli laga nr. 102 21. des. 1962 um ættaróðul o. fl.
e) 25.—54. gr., 61.—62. gr., e. og g. liðir, 67. gr., 71. gr. og 75. gr. ásamt tilheyrandi kaflafyrirsögnum laga nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þá skal töluröð greina og kafla í lögum nr. 45/1971, sbr. breytingar með lögum 68/1973 og lögum 60/1978, breytast í samræmi við framantaldar breytingar og skulu lögin gefin út á ný undir heitinu: Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingastofnun landbúnaðarins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á jarðalögum nr. 65/1976, sem lagðar eru til í þessu frumvarpi, miða að því að Landnám ríkisins verði lagt niður og að verkefni þess verði falin öðrum stofnunum.

Landnám ríkisins starfar skv. lögum nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl. Verkefni Landnámsins eru m. a.:

a) Skipulagning byggðar í sveitum landsins.
b) Að halda jarðaskrá yfir allar jarðir.
c) Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum.
d) Að annast eða fylgjast með:
   1. Ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða.
   2. Félagsræktun.
   3. Stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða.
   4. Stofnun grænfóðurverksmiðja.
   5. Úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkvæmt l. 45/1971.

Auk þess er Landnámi ríkisins ætlað að hafa umsjón með gerð uppdrátta af sveitum landsins og uppsetningu landamerkja, og ennfremur að annast umsýslu þeirra býla, sem Landnámið hefur komið á fót frá stofnun þess, en þau eru um 60.

Stjórn Landnáms ríkisins er í höndum landnámsstjórnar, 5 manna stjórnar, sem kosin er hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4ra ára í senn. Landnámsstjóri er starfsmaður landnámsstjórnar og annast hann framkvæmdir og daglega stjórn Landnáms ríkisins.

Sakir breyttra aðstæðna í landbúnaði hafa verkefni Landnámsins breyst mjög mikið undanfarið. Ýmsar athuganir, þ. á m. athugun sérstakrar nefndar, sem landbúnaðarráðherra skipaði til þess á árinu 1979, bentu til þess að skipta mætti verkefnum Landnáms ríkisins niður á aðrar stofnanir.

Ríkisendurskoðun hefur gert ítarlega grein fyrir umræðum og hugmyndum um að leggja niður rekstur Landnáms ríkisins í núverandi formi og birt þær í riti sínu nr. 82-1-9, útg. í maí 1982, sem ber heitið **Skýrsla um Landnám ríkisins.** Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er birt hér á eftir:

„Landnám ríkisins (LR) var stofnað 1947. Undanfari þess var Nýbýlastjórn, sem komið var á fót 1936. Markmiðið með stofnun landnámsins var að stuðla að stofnun fleiri býla í landbúnaði, stuðla að skiptingu jarða, fjölgun þeirra landsmanna, sem í sveitum búa, og aukningu landbúnaðarframleiðslu. Segja má að þessi stefna hafi verið orðin úrelt um eða fyrir 1960, en lögum um landnám var þó ekki breytt fyrr en 1971.

Eftir 1971 voru aðalverkefni LR annars vegar tengd skipulagsmálum strjálbýlisins, ábúð, eign og réttarstöðu jarða svo og úthlutun framlaga til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Hins vegar var stofnun og rekstur grasköggla verksmiðja stórt verkefni.

Að því er skipulagsmál strjálbýlisins varðar má segja að hlutverki LR því viðvíkjandi hafi lokið við setningu jarðalaga 1976, byggingarlaga 1978 og við breytingu á skipulagslögum, sem gildi tók 1. janúar 1979. Hvað réttarstöðu jarða og skyld málefni snertir, breyttist staða LR við setningu jarðalaga 1976 úr ákvörðunaraðild í umsagnaraðild í flestum tilvikum. Úthlutun styrkja til íbúðarhúsabygginga er orðinn veigalítill þáttur, enda styrkupphæðin aðeins kr. 1 200,00. Hún hefur verið óbreytt að krónutölu frá 1971 (g.kr. 120 000,00).

Stjórnsýsla vegna rekstrar grasköggla verksmiðja virðist vera eina viðfangsefnið, sem ekki skarar hlutverk og verksvið annarra stofnana ríkisins og/eða landbúnaðarins. Þó er einkennilegt, að LR rekur einungis 3 af 4 grasköggla verksmiðjum ríkisins. 1 verksmiðja er rekin af sérstökum starfsmanni, sem engin tengsl hefur við LR önnur en þau að hafa aðsetur undir sama þaki.

Af framansögðu hlýtur að mega ráða að fyllsta ástæða sé til að meta tilverurétt Landnáms ríkisins og skipan þeirrar þjónustu sem þar er innt af hendi. Það er niðurstaða ríkisendurskoðunar að leggja beri landnámið niður og fela öðrum stjórneiningum umsýslu verkefna þess eftir eðli máls. Þar koma landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands helst til greina. Stjórnsýsla allra grasköggla verksmiðja ríkisins verði sameinuð í sérstakri rekstrardeild. Ein stjórn verði yfir öllum verksmiðjunum fjórum.

Á s. l. áratug voru oftsinnis uppi hugmyndir og áform um að leggja LR niður, og nokkrar umræður voru um hlutverk og stöðu stofnunarinnar á Alþingi, aðallega á þinginu 1973—1974. Ekkert varð þó úr þessum áformum. Til þess lágu ýmsar ástæður, sem ekki verða raktar frekar hér. Ein þeirra var þó sú, að aldrei voru gerðir og fram lagðir neinir útreikningar um það, hvað ríkissjóður myndi spara ef LR yrði lagt niður og verkefni þess flutt annað.

Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta þann ávinning, sem ríkissjóður myndi hafa af þessari skipulagsbreytingu. Miðað við verðlag 1. janúar 1982 er talið að árlegur sparnaður nemi u. þ. b. **kr. 576 000,00.** Ef LR hefði verið lagt niður við setningu jarðalaga 1976, er talið að ávinningur ríkissjóðs væri orðinn u. þ. b. **kr. 3 030 000,00.** Fyllsta ástæða virðist því vera til að gefa þessu máli gaum enn á ný."

Tilgangurinn með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði, er tvíþættur:

1. Að einfalda stjórnkerfi landbúnaðarins og koma í veg fyrir óþarfa skörun á hlutverkum stofnana ríkisins og/eða landbúnaðarins.
2. Að draga úr kostnaði við opinbera stjórnsýslu.

Í meginatriðum er gert ráð fyrir að verkefni varðandi stofnun býla, félagsbúa, endurbyggingu jarða, jarðaskrá og umsjón jarða Landnáms ríkisins flytjist til landbúnaðarráðuneytisins, og að þeim verði búinn lagagrundvöllur í jarðalögum. Að því miðar frumvarp það til breytinga á jarðalögum nr. 65/1976, sem hér er lagt fram.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að sett verði sérstök lög um stofnun og rekstur grænfóðurverksmiðja. Frumvarp til laga um það efni verður lagt fram á yfirstandandi þingi.

Samhliða breytingum á jarðalögum vegna Landnáms ríkisins eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á lögunum í ljósi þeirrar reynslu, sem af þeim er fengin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Verði frumvarp þetta samþykkt, falla niður verkefni Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar og er því 5. tl. 5. gr. óþarfur.

Um 2. gr.

Lagt er til að Landnám ríkisins falli niður sem umsagnaraðili og stuðst við umsögn Búnaðarfélags Íslands, þegar um ágreining er að ræða milli sveitarstjórnar og jarðanefndar. Í samræmi við almennar reglur mun ráðuneytið gefa viðkomandi sveitarstjórn, jarðanefnd og hlutaðeigandi aðilum kost á að tjá sig um málið, áður en það fellir úrskurð sinn.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 31/1978 var gerð sú breyting á 4. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, að öll sveitarfélög voru gerð skipulagsskyld. Þar með hefur 10. gr. laga 65/1976 ekki lengur þýðingu að lögum. Það sama á einnig við um ákvæði 21. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Eftir gildistöku laga 31/1978 hefur bygging sumarbústaða farið eftir sömu reglum og bygging annarra mannvirkja, sem skipulagslög nr. 19/1964 og byggingarlög nr. 54/1978 taka til. Um sumarbústaði er sérstaklega fjallað í byggingarreglugerð nr. 292/1979 sbr. 3.4.8. og 6.10.4.

Þó 10. gr. laga 65/1976 hafi ekki lengur þýðingu, getur reynt á önnur ákvæði jarðalaga nr. 65/1976 varðandi land undir sumarbústaði og aðilaskipti að réttindum eftir sumarbústöðum. Samkvæmt 6. gr. þarf að afla samþykkis jarðanefnda og sveitarstjórna, þegar land er keypt, leigt eða lánað undir sumarbústað. Einnig verður að gæta reglna 6. laganna, þegar sumarbústaður er seldur og þó hann sé innan skipulags sumarbústaðahverfis, því slíkt hverfi

er ekki skipulagt þéttbýlissvæði í merkingu 1. mgr. 3. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Þá kann jarðanefnd að fjalla um væntanlega byggingu sumarbústaða á grundvelli 2. tl. 5. gr., sbr. breytingu með lögum 77/1982, 11. gr. og 1. og 2. mgr. 12. gr., sbr. breytingu á 2. mgr. með lögum 77/1982. Þegar land er tekið undir sumarbústað, telst það tekið úr landbúnaðarnotum og þarf því að afla leyfis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. laga 65/1976. Breytir þar engu, þótt það sé landeigandi, sem hyggur á byggingu bústaðar. Ákvæði 1. og 2. mgr. 12. gr. laga 65/1976 hafa verið skýrð þannig að ekki þurfi að afla leyfis skv. greininni, ef sumarbústaður er byggður skv. staðfestu skipulagi, sbr. fyrirvara í greininni: „nema heimild sé til slíks í lögum." Með staðfestu skipulagi er átt við staðfestingu samkvæmt 10. kafla laga 19/1964, en ekki er talið að leyfi samkv. 2. mgr. 5. gr. laga 19/1964 skv. breytingu með lögum 31/1978, þegar skipulagsuppdráttur er ekki fyrir hendi, heimili að ganga fram hjá 1. og 2. mgr. 12. gr. laga 65/1976 á sama hátt og staðfest skipulag.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er á framkvæmd framangreindra lagaákvæða, er lagt til að í 10. gr. verði settar einfaldari og skýrari reglur um afskipti jarðanefnda af byggingu sumarbústaða og aðilaskipti að réttindum yfir þeim. Í greininni er fylgt þeim tilgangi jarðalaganna að tiltekin stjórnvöld skuli fylgjast með og samþykkja breytingar á nýtingu þess lands sem notað hefur verið til landbúnaðar. Ekki er hins vegar talin ástæða til að jarðanefnd og sveitarstjórn þurfi að samþykkja, samkv. 6. gr. jarðalaganna, aðilaskipti að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum og sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum samkv. 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna. Varðandi sumarbústaðahverfi eru sett skýr ákvæði um að land undir þau skuli jafnan tekið úr landbúnaðarnotum samkv. 1. og 2. mgr., en um sumarbústaði utan hverfa er lagt til að sú meginregla gildi, að jarðanefnd þurfi að samþykkja ráðstöfun á landi undir þá og aðilaskipti að réttindum yfir þeim skv. 6. gr. Hins vegar geti sá, sem byggir eða á sumarbústað einan sér utan sumarbústaðahverfis, farið þá leið að fá lóðina (landið) tekið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna, og fáist slíkt leyfi þarf ekki eftirleiðis að afla samþykkis skv. 6. gr. laganna.

Með sumarbústað utan sumarbústaðahverfis er átt við einn bústað, sem reistur er með eða án útmældrar lóðar, sem ekki er samtengd annarri sumarbústaðalóð. Samkvæmt þessu teljast því sumarbústaðir, sem byggðir eru á landi úr sömu jörð, án þess að lóðir þeirra séu samtengdar, sumarbústaðir utan hverfa.

Undanþágan í 3. mgr. til að víkja frá ákvæðum 6. gr. tekur jafnt til bústaða í þeim sumarbústaðahverfum, sem reist hafa verið fyrir gildistöku laganna, þó land þeirra hafi ekki verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og þeirra hverfa, sem síðar verða reist. Þá er undanþágan ekki bundin við að sumarbústaðahverfið sé skipulagt í samræmi við ákvæði skipulagslaga, heldur verður það að uppfylla skilgreiningu 5. mgr. Um einstaka bústaði gildir undanþáguheimildin aðeins, hafi viðkomandi lóð eða land verið tekið út landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., hvort sem það er fyrir eða eftir gildistöku þessara laga.

Við skilgreiningu á hugtakinu sumarbústaður í 4. mgr. er stuðst við sambærilegar skilgreiningar í núverandi 10. gr. laga 65/1976, 4. mgr. 21. gr. laga 47/1971 og 6.10.4.1. í byggingareglugerð nr. 292/1979. Rísi ágreiningur um hvort tiltekin bygging teljist sumarbústaður, verður m. a. að líta til ytri og innri gerðar byggingarinnar, raunverulegrar nýtingar og þess, á hvaða grundvelli skipulags- og byggingaryfirvöld hafa heimilað bygginguna. Rétt þykir að láta ákvæði greinarinnar einnig taka til sæluhúsa, veiðihúsa og skíðaskála og hliðstæðra bygginga, enda svipar þessum byggingum um margt til sumarbústaða.

Ekki er talið fært að gera kröfur til þess að sumarbústaðahverfi í merkingu greinarinnar séu skipulögð þar sem skilgreiningunni er einnig ætlað að ná til eldri sumarbústaðahverfa, sem mörg hver voru reist, án þess að þau væru fyrirfram skipulögð. Sumarbústaðahverfi eru

nú hins vegar byggð í samræmi við skipulag, sem samþykkt er af sveitarstjórn og Skipulagi ríkisins samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi í merkingu greinarinnar, þó sumarbústaðirnir hafi verið byggðir á mismunandi tíma og lóðir þeirra séu misstórar, en skilyrði er jafnan að lóðirnar séu samtengdar, þ. e. þær liggi saman.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í stað þess að sýslunefnd afli samþykkis Landnáms ríkisins, leiti hún umsagnar Búnaðarfélags Íslands. Ekki er talin þörf á að gera hér kröfu um samþykki fleiri aðila, því afla þarf leyfis skv. 1. mgr. 12. gr., ef umrætt land er jafnframt tekið úr landbúnaðarnotum.

Um 5. gr.

Ekki eru gerðar breytingar á efni 12. gr. laganna umfram það sem leiðir af öðrum ákvæðum frv. og aðildar nýrra stjórnvalda og annarra að þeim ákvörðunum, sem þar er fjallað um. Rétt þótti hins vegar að orða greinina á ný.

Í 1. mgr. verður sú breyting, að í stað þess að fyrir þurfi að liggja samþykki jarðanefndar og Landnáms ríkisins, til að ráðherra geti samþykkt að leysa land úr landbúnaðarnotum, þarf samþykki viðkomandi jarðanefndar og sveitarstjórnar og umsögn frá Skipulagi ríkisins og Búnaðarfélagi Íslands. Aðild sveitarstjórnar er hér í samræmi við önnur ákvæði laganna og núgildandi skipulagslög. Með tilliti til þess að öll sveitarfélög landsins eru nú skipulagsskyld og þess, að ákvörðun samkv. 1. mgr. 12. gr. jarðalaganna kann að tengjast ráðstöfun lands með skipulagi, er lagt til að Skipulag ríkisins verði umsagnaraðili um beiðnir samkv. þessari málsgrein. Þá er lagt til að Búnaðarfélag Íslands verði umsagnaraðili, með tilliti til þess að með leyfi samkv. málsgreininni kunna búrekstrarskilyrði á viðkomandi jörð að breytast. Með tilliti til þeirra réttaráhrifa, sem bundin eru við leyfi skv. þessari málsgrein, þykir rétt að því sé þinglýst á viðkomandi fasteign. Er þetta breyting frá núgildandi ákvæði.

Orðalag 2. mgr. er óbreytt eins og það var samþykkt með l. 77/1982, en þá var málsgreininni skotið inn í texta 12. gr. og við þessa breytingu færðust 2. og 3. mgr. 12. gr. l. 65/1976 aftur.

Við setningu jarðalaganna 1976 var ætlunin að regla 3. mgr. 12. gr. tæki til hvers konar skipta á landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, hvort sem því væri skipt samkv. landskiptalögum nr. 46/1941 eða með öðrum hætti. Í framkvæmd hefur hins vegar borið á því að menn teldu heimilt að skipta landi samkv. lögum 46/1941 án þess að afla samþykkis samkv. 3. mgr. 12. gr. Til að taka af allan vafa í þessu efni, þótti því rétt að taka sérstaklega fram í greininni, að hún tæki einnig til skipta samkv. lögum 46/1941. Rétt er að leyfis samkv. 3. mgr. 12. gr. sé aflað áður en skipti fara fram.

Ákvæði 4. mgr. er ætlað að taka af allan vafa um að ný býli verði ekki stofnuð nema fylgt sé reglum þeim, sem lagt er til að settar verði í III. kafla laganna, sbr. 10. gr. þessa frumvarps. Ástæða þess að fleirbýlis er sérstaklega getið í greininni er sú, að nokkuð hefur tíðkast, að landnámsstjórn hafi samþykkt stofnun tvíbýlis eða fleirbýlis á jörð, án þess að landi jarðarinnar hafi verið skipt eða skilyrði um stofnun nýbýlis uppfyllt. Í raun hefur þarna verið stofnað til nýbýla án þess að jörðinni hafi formlega verið skipt í tvær eða fleiri fasteignir. Lög nr. 45/1971 heimila landnámsstjórn hins vegar aðeins að samþykkja fjölgun býla í formi nýbýla, félagsbúa eða endurbyggingar eyðijarða. Í þessu frumvarpi er lagt til að áfram verði fylgt þessari stefnu. Það getur hins vegar farið eftir aðstæðum hversu langt er gengið við skiptingu á jörð við stofnun nýs býlis. Stundum hentar að skipta öllu landi, en í öðrum tilvikum aðeins ræktunarlandi. Meginatriði er að hvert býli geti verið sjálfstæð fasteign, komi til breyttar aðstæður og vilji manna síðar. En þessar reglur eiga ekki að hindra að menn stofni til samstarfs um búskap.

Um 6. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands er hér ætlað að koma í stað landnámsstjórnar, þegar fjallað er um beiðni samkv. 13. gr. Vanda ber alla málsmeðferð, þegar fjallað er um slíkar beiðnir og er rétt að auk aðila í viðkomandi héraði leggi einn aðili, sem tekur til landsins alls, mat á slíkar beiðnir áður en til ákvörðunar ráðherra kemur. Mikilvægt er að þeir aðilar, sem lögum samkvæmt fjalla um slíkar innlausnarbeiðnir, gefi öllum þeim, sem hagsmuna eiga að gæta við slíka innlausn, kost á að tjá sig um málið, áður en þessir aðilar taka sínar ákvarðanir. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er skipuð þremur mönnum, sem kosnir eru af Búnaðarþingi.

Um 7. gr.

Um athugasemdir við greinina má vísa til athugasemda við 6. gr. hér að framan.

Um 8. gr.

Um athugasemdir við greinina má vísa til athugasemda við 6. gr. hér að framan.

Um 9. gr.

Í 4. gr. laganna er ákveðið að jarðanefnd skuli starfa í hverri sýslu. Samkv. 3. gr. taka jarðalögin ekki einungis til lands og landsréttinda í sýslum, heldur taka lögin einnig til lands innan lögsagnarumdæma kaupstaða, sem fellur utan þéttbýlissvæða, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað. Ekki er talin ástæða til að jarðanefndir starfi í kaupstöðum, en taka þarf afstöðu til þess hver fari með vald og lögboðin verkefni jarðanefnda innan marka kaupstaða. Er lagt til að bæjarstjórn sinni þessu verkefni og þurfi því samþykki hennar, þar sem jarðalögin áskilja samþykki jarðanefndar og sveitarstjórnar eða jarðanefndar einnar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að inn í jarðalögin komi nýr kafli um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbúum og færslu jarðaskrár, er leysi af hólmi hliðstæð ákvæði í lögum 45/1971.

Lög 45/1971 og fyrri lög um sama efni fjalla fyrst og fremst um hvaða skilyrði ný býli og félagsbú þurfi að uppfylla til að njóta fjárstuðnings og lánafyrirgreiðslu samkv. lögunum. Viðurkenning samkvæmt þeim lögum hefur hins vegar verið lögð til grundvallar í ýmsum öðrum tilvikum, svo sem við greiðslu heimtaugagjalda fyrir rafmagn í sveitum, síma- og vegalagningu og ákvarðanir um framleiðslustjórnun í landbúnaði. Fram að gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 var hægt að stofna til nýrra býla í sveit, þó að býlin fengju ekki viðurkenningu landnámsstjórnar, en þá naut býlið ekki þeirra réttinda, sem slíkri viðurkenningu fylgja. Með setningu lokamálsgreinar 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976 var hins vegar ákveðið að stofnun nýrra býla væri háð samþykki jarðanefnda og staðfestingu Landnáms ríkisins. Í athugasemdum með greininni í frv. til jarðalaga var tekið fram að rétt þætti að meiri gát væri höfð á við stofnun nýrra býla. Þetta frv. miðar að því að setja í jarðalög almenn ákvæði um skilyrði og viðurkenningu á nýjum býlum og félagsbúum, en um réttindin fari eftir lögum og reglum um viðkomandi málefni.

Samkvæmt gildandi lögum er stofnun nýbýla háð samþykki jarðanefnda samkv. 4. mgr. 12. gr. laga 65/1976, sbr. lög 77/1982 og landnámsstjórnar samkv. 39. gr. laga 45/1971, en um skilyrði til stofnunar nýbýla er fjallað í 38., 39. og 41. gr. laga 45/1971. Samkvæmt 39. gr. laga 45/1971 skulu fylgja umsókn meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar (áður landnámsnefndar), sbr. breytingu með 8. gr. laga 69/1978. Um félagsbú gildir hins vegar sú regla að landnámsstjórn þarf ein samkv. 49. gr. laga 45/1971 að samþykkja slík bú og

viðurkenna félagssamning, en í framkvæmd hefur landnámsstjórn leitað umsagnar jarðanefndar og sveitarstjórnar áður en ákvörðun um stofnun félagsbús er tekin.

Meginbreytingar og nýmæli sem felast í kaflanum eru:

1. Landbúnaðarráðuneytið tekur við verkefnum Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar á þessu sviði.
2. Sveitarstjórn þarf að samþykkja stofnun nýs býlis, félagsbús og endurbyggingu eyðijarða.
3. Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins verða umsagnaraðilar við stofnun nýrra býla, félagsbúa og endurbyggingu eyðijarða.
4. Í stað hugtaksins „nýbýli“ er nú notað orðalagið nýtt býli.
5. Sett eru ítarlegri ákvæði um stofnun félagsbúa.

Um a. (22. gr.):

Greinin kemur í stað 38. gr. og að hluta 39. gr. l. 45/1971 og er í samræmi við þær meginbreytingar, sem lýst var hér fyrr.

Eins og áður var getið er í frv. lagt til að í stað hugtaksins „nýbýli“ verði notað orðalagið nýtt býli. Hugtakið nýbýli hefur í daglegu máli mjög víðtæka merkingu og er gjarnan látið ná yfir býli, sem stofnuð hafa verið svo langt aftur sem minni manna nær. Ekki er hins vegar í lögum gerður greinarmunur á býlum, eftir að þau hafa verið viðurkennd.

Í stað þess að tala um býli til „almennrar búvöruframleiðslu, ylræktar, garðræktar eða fiskræktar“ er í tillögugreininni talað um nýtt býli til búvöruframleiðslu. Jafnframt eru tekin nokkur dæmi um framleiðslu, sem fellur þar undir, frekar til að taka af öll tvímæli um að í þessum tilvikum sé um búvöruframleiðslu að ræða en að þetta sé tæmandi upptalning. Með búvöruframleiðslu er átt við atvinnustarfsemi, sem nýtir gróður og uppskeru af tilteknu landi, hlunnindi tengd landinu eða afurðir dýra, sem sérstaklega eru til þess alin.

Þá er heimilt að viðurkenna býli til smáiðnaðar og þjónustu, sem tengd eru landbúnaði. Er hér fylgt efni og orðalagi 38. gr. l. 45/1971. Heimild þessi á fyrst og fremst við, þegar um er að ræða sérhæfða starfsemi í tengslum við landbúnað t. d. búvélaverkstæði. Á slíku býli þarf að vera nægileg aðstaða til að reka viðkomandi atvinnustarfsemi. Í framkvæmd hefur mjög borið á því að sótt sé um viðurkenningu á smá- og þjónustubýlum, þar sem í raun hefur aðeins verið um að ræða íbúðarhús á lóð í sveit, án þess að aðstaða væri fyrir atvinnustarfsemi á býlinu. Hefur þetta ekki síst verið gert vegna þess mikla munar, sem verið hefur á upphæð heimtaugagjalda vegna rafmagns í sveitum, eftir því hvort um hefur verið að ræða býli eða sjálfstæð íbúðarhús, sem ekki eru tengd búrekstri, iðnaði eða þjónustu. Samkvæmt reglum um álagningu heimtaugagjalda í sveitum, er heimtaugagjald vegna býlis reiknað sem grunngjald að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði, en mismunur á kostnaði og heimtaugagjaldi greiðist af Orkusjóði. Heimtaugagjald vegna íbúðarhúss í sveit, sem ekki er tengt búrekstri, iðnaði eða þjónustu, er reiknað sem kostnaðarverð við uppsetningu á háspennulínu, spennistöð, heimlínu og heimtaug. Er sjálfstæðum íbúðarhúsum í þessu sambandi skipað á bekk með sumarbústöðum og veiðihúsum. Telja verður óeðlilegt að mismuna fólki sem vill setjast að og byggja yfir sig í sveit með þessum hætti. Þessum reglum þarf því að breyta í stað þess að stofnað sé til nýrra býla við ófullnægjandi aðstæður.

Í 2. mgr. er fjallað um upplýsingar, sem þurfa að fylgja umsókn um stofnun nýs býlis. Gögn um að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu, geta verið mismunandi eftir því, hvort umsækjandi er sjálfur eigandi viðkomandi lands eða ekki. Nauðsynlegt er í öllum tilvikum að fyrir liggi veðbókarvottorð, er veiti upplýsingar um landeiganda. Sé umsækjandi um stofnun nýs býlis ekki eigandi að landi hins fyrirhugaða býlis í heild eða að hluta, verður að leggja fram yfirlýsingu landeiganda um að hann samþykki býlisstofnun á landinu og rétt er að umsókn fylgi samþykkt drög að byggingarbréfi og samningum um önnur réttindi, svo sem jarðhitaréttindi, vatnsréttindi og annað, eftir því sem við kann að eiga.

Í 3. mgr. felst það nýmæli að leita skuli umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins á hverri umsókn. Lög 45/1971 miða við að hjá Landnámi ríkisins starfi búnaðarmenntaður maður, sem leggi sérfræðilegt mat á búrekstrarskilyrði hins fyrirhugaða býlis. Hér er lagt til að Búnaðarfélagið og Framleiðsluráð taki við þessu verkefni sem umsagnaraðili. Hjá Búnaðarfélaginu eru starfandi búnaðarráðunautar á hinum ýmsu sviðum landbúnaðarins og greiðir ríkissjóður kostnað af störfum þeirra, en Framleiðsluráði er lögum skv. ætlað að hafa umsjón með framleiðslu og sölu landbúnaðarvara. Er því eðlilegt, að Framleiðsluráð láti í té umsögn um framleiðslu- og markaðsmöguleika afurða hins fyrirhugaða býlis.

Auk umsagnar er Búnaðarfélaginu ætlað að gera sjálfstæða úttekt á búrekstrarskilyrðum hins fyrirhugaða býlis. Í slíkri úttekt yrði safnað saman upplýsingum um land og aðra aðstöðu til búrekstrar á býlinu og lagt sérfræðilegt mat á búrekstrarskilyrði þar. Úttektinni er ætlað að vera ráðuneytinu og öðrum aðilum, sem fjalla um stofnun nýs býlis, til upplýsinga.

Um b. (23. gr.):

Greinin kemur að hluta í stað 39. gr. l. 45/1971 og er óbreytt að efni, nema hvað í stað „venjulegrar búvöruframleiðslu“, er nú talað um sauðfjárrækt, nautgriparækt og/eða hrossarækt, þegar fjallað er um hver skuli vera lágmarks landstærð nýs býlis. Í stað þess að landnámsstjórn setji reglur um landstærð nýrra býla af öðru tagi en til sauðfjár-, nautgripa- og hrossaræktar, skal það nú gert með reglugerð sem ráðherra setur.

Um c. (24. gr.):

Greinin kemur í stað 43. og 44. gr. l. 45/1971.

Hugtakið eyðijörð er skilgreint hér nánar en í 43. gr. l. 45/1971. Meginreglan er þó áfram sú að til þess að jörð teljist ekki eyðijörð, þurfi að fara saman að jörðin sé nytjuð og sá sem það gerir, hafi fasta búsetu á jörðinni. Varðandi fasta búsetu er hér valin sú leið að miða við lögheimili sbr. l. 35/1960 um lögheimili, enda er þá miðað við að búseta viðkomandi á jörðinni uppfylli í raun skilyrði l. 35/1960 um hvað teljist lögheimili. Það skilyrði greinarinnar, að jörð hafi ekki verið nytjuð í 2 ár eða lengur, ber að skýra á þann veg, að með nytjum sé átt við að sá sem býr á jörðinni, nýti til búrekstrar land, hlunnindi eða aðra aðstöðu þar.

Um d. (25. gr.):

Í 49. gr. l. 45/1971 eru ákvæði um stofnun félagsbús og er þessari grein og þeim þremur næstu ætlað að koma í stað hennar. Eru í þessum greinum settar ítarlegri reglur um stofnun félagsbúa og er það gert í samræmi við þá reynslu, sem fengist hefur af framkvæmd gildandi reglna um þessi mál. Í frumvarpinu er áfram fylgt þeirri stefnu að setja ekki í lög ákvæði um innri málefni félagsbúa eða ákvarða félagsbúum tiltekið félagsform, heldur er það verkefni aðila félagsbúsins að semja um slík atriði í félagsbússamningi, sem skal að lágmarki innihalda ákvæði um tiltekin málefni.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skal við samþykkt og meðferð umsóknar um stofnun félagsbús farið eftir sömu reglum og við stofnun nýs býlis.

Í 2. mgr. er skilgreining á því hvað telst vera félagsbú í merkingu laganna. Skilyrðið um að aðilar félagsbúsins hafi meirihluta tekna sinna af landbúnaði, verður að skýra með hliðsjón af því að umsækjendur ætli að stunda búskap sem aðalatvinnu og afla sér þannig meirihluta atvinnutekna sinna af starfsemi félagsbúsins eftir að það hefur verið stofnað. Með búsetu á býlinu er átt við að viðkomandi hafi þar lögheimili skv. l. 35/1960 eða ætli að hafa þar lögheimili eftir að félagsbúið hefur verið stofnað.

Regla 3. mgr. er sett með tilliti til þeirra réttinda, sem samþykkt á félagsbúi veitir og þess, að síðar kunna aðilar félagsbúsins að vilja slíta félagsbúinu og hefja sjálfstæðan búskap. Er þá mikilvægt að unnt sé að skipta landi búsins, ef hlutaðeigandi stjórnvöld samþykkja, í aðskildar rekstrareiningar og þær uppfylli skilyrði um stofnun nýs býlis.

Um e. (26. gr.):

Ef aðilar félagsbúsins eiga jörð þá, sem félagsbúið er stofnað á, sem sérstaka sameign, fer eftir samkomulagi þeirra um nýtingu jarðarinnar og uppbyggingu, en þegar þeim sleppir, koma til almennar, ólögfestar reglur um sérstaka sameign.

Séu aðilar félagsbúsins ekki allir eigendur að jörð þeirri, sem félagsbúið er stofnað á eða þeir eiga jörðina í úrskiptum jarðarhlutum, þarf að gera leigusamning (byggingarbréf) milli aðila búsins og landeiganda í samræmi við ákvæði ábúðarlaga nr. 64/1976. Slík byggingarbréf hafa um margt sérstöðu miðað við reglur ábúðarlaga og þá sérstaklega að þar kunna fleiri en einn aðili að bera sameiginlega réttindi og skyldur leiguliða. Í ljósi þessarar sérstöðu og þess að flest ákvæði ábúðarlaga nr. 64/1976 heimila ekki að vikið sé frá þeim í samningum leiguliða og landeiganda, er lagt til að í byggingarbréfum aðila félagsbúa sé heimilt að víkja frá þeim reglum, sem fram koma í tilteknum ákvæðum ábúðarlaga nr. 64/1976. Eru það ákvæði 11.—16. gr. um mannvirkjagerð og ræktun. Meginregla ábúðarlaganna er sú, að hver jörð sé byggð einum ábúanda og hann öðlist tiltekin réttindi til uppbyggingar á jörðinni. Þegar um félagsbú er að ræða, eru ábúendur jarðarinnar orðnir fleiri, og þeir ættu þá hver um sig, að óbreyttum lögum, rétt til að byggja á jörðinni mannvirki eins og þeir væru einyrkjar.

Í mörgum tilvikum er stofnun félagsbús liður í ættliðaskiptum á jörð, þar sem frá upphafi er við það miðað, að barn eða börn taki við búi af foreldrum sínum. Er þá oft ekki þörf á að byggja upp mannvirki á jörðinni umfram það sem hæfir búrekstri einstaklings eða aðeins er þörf á tilteknum viðbótarframkvæmdum. Dæmi um slíka viðbótarframkvæmd er bygging á öðru íbúðarhúsi á jörð vegna félagsbús, sem oft er síðar ætlað að koma í stað eldra íbúðarhúss. Í þessum tilvikum er eðlilegra að aðilar félagsbúsins og landeigandi geti samið um tiltekin frávik frá reglum ábúðarlaga nr. 65/1976 um mannvirkjagerð og kaupskyldu landeiganda, í stað þess að ágreiningur um þessi atriði hindri stofnun félagsbús.

Sé ekki samið um einhver tiltekin frávik frá reglum 11.—16. gr. l. 64/1976, gilda þær reglur um réttindi og skyldur aðila félagsbús og landeiganda.

Samkvæmt 2. tl. 31. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 eru afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningar um ábúð jarða ekki háðir þinglýsingu. Vegna sérstöðu byggingarbréfa aðila félagsbús og þess að í þeim kunna að felast frávik frá reglum ábúðarlaga, þykir rétt að slíkum byggingarbréfum sé þinglýst.

Um f. (27. gr.):

Hér eru tiltekin nokkur efnisatriði, sem verða að koma fram í félagsbússamningi. Eru þetta lágmarksskilyrði, en vitanlega geta aðilar í slíkum samningi samið um fleiri atriði. Rétt er að semja félagsbússamning sérstaklega fyrir hvert félagsbú í stað þess að nota stöðluð samningsform til innfærslu, þó slík form geti verið til leiðbeiningar.

Í framkvæmd kann heimild til stofnunar félagsbús að verða veitt áður en félagsbússamningur liggur fyrir og er því tekið fram í 2. mgr. að heimildin öðlist ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðuneytið hefur áritað félagsbússamning um samþykki sitt. Ráðuneytinu er einnig ætlað að fylgjast með að ákvæði samninganna séu í samræmi við reglur laganna.

Þar sem mismunandi reglur kunna að gilda um skráningarskyldu þeirra félagsforma, sem aðilar félagsbús velja sér, t. d. skv. l. 47/1903, er lagt til að landbúnaðarráðuneytið haldi skrá yfir félagsbú og birti við hver áramót skrá yfir félagsbú, sem samþykkt hafa verið á árinu.

Um g. (28. gr.):

Í 1. mgr. er fylgt sömu meginreglu og fram kemur í 49. gr. l. 45/1971. Frávik frá þessari meginreglu kunna þó að vera í einstökum lögum.

Vitað er að félagsbú þau, sem nú þegar hafa verið stofnuð, starfa á grundvelli mjög mismunandi samninga og í mörgum tilvikum hafa aldrei verið gerðir formlegir félagsbússamningar. Brýn nauðsyn er vegna þeirra réttinda, sem samþykkt á félagsbúi veitir og þá ekki síður vegna framleiðslustjórnunar í landbúnaði, að fyrir hendi sé skrá yfir samþykkt félagsbú og samningar um þau kveði á um tiltekin lámarksatriði, sbr. 27. gr. Hér er því lagt til, að félagsbú sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laganna, verði að senda ráðuneytinu fyrir 1. janúar 1985 félagsbússamning, er fjalli að lágmarki um þau atriði, sem tekin eru fram í 27. gr. Ráðuneytið sannreynir þá hvort viðkomandi félagsbú hafi verið samþykkt skv. 49. gr. l. 45/1971 og hvort samningur aðila búsins sé í samræmi við 25.—28. gr. Hafi félagsbúið ekki formlega verið samþykkt, geta aðilar þess sótt um viðurkenningu á því og gilda þá reglur 25.—28. gr. um umsóknina.

Höfð hefur verið hliðsjón af 160. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög við samningu á þessari grein.

Um h. (29. gr.):

Greinin kemur í stað 42. gr. l. 45/1971. Landbúnaðarráðuneytinu er skv. greininni falið það verkefni að láta árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið, en skv. 4. mgr. er ráðuneytinu heimilt með reglugerð að fela öðrum aðila að annast gerð jarðaskrárinnar í umboði ráðuneytisins.

Sambærilegra upplýsinga og birtar eru í jarðaskrá, er nú aflað af nokkrum aðilum og má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Í samræmi við þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, skipaði landbúnaðarráðuneytið nefnd, sem vinnur að samræmingu á upplýsingaöflun og tölvuvinnslu upplýsinga í landbúnaði. Þar sem tillögur nefndarinnar liggja ekki fyrir er lagt til, að ráðuneytið hafi með höndum gerð jarðaskrár. Sérstaklega er þó tekið fram í greininni, að hafa skuli samráð við Fasteignamat ríkisins um öflun upplýsinga og gerð jarðaskrár, en Fasteignamatinu er skv. lögum ætlað að fylgjast með eigendaskiptum að fasteignum og er eðlilegt að samræma og samnýta upplýsingaöflun opinberra aðila, þegar þess er kostur.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hvaða upplýsingar skuli birta í jarðaskrá. Þannig er unnt að draga saman ýmsar upplýsingar um bújarðir, s. s. landstærð, ræktun, heyfeng, bústofn, framleiðsluheimildir og framleiðslu.

Jarðaskrá er ætlað að veita upplýsingar um hvaða býli falli undir skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 á hugtakinu jörð eða lögbýli. Ágreiningur kann að rísa um hvort tiltekið býli falli undir lögbýlishugtak ábúðarlaga og er í 3. mgr. sett regla um hvernig eigi að skera úr slíkum ágreiningi.

Um 11. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 12. gr.

Samkvæmt 40. gr. Stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 er óheimilt að taka lán með veði í eigum ríkisins nema fyrir hendi sé lagaheimild. Í 45. gr. l. 102/1962 er heimild til að veita ábúendum þeirra jarða í opinberri eigu, sem hafa erfðaábúð, leyfi til að taka lán með veði í ábúðarjörðun sínum til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni. Heimild þessi er bundin við þá ábúendur, sem hafa erfðaábúð, en með setningu ábúðarlaga nr. 64/1976 var horfið frá þeirri stefnu að byggja jarðir í opinberri eigu á erfðaleigu og eru þær nú leigðar með lífstíðarábúð leigutaka eða til tiltekins árafjölda skv. 5. gr. l. 64/1976.

Af hálfu ríkisins er lögð á það áhersla að ábúendur á ríkisjörðum kosti sjálfir uppbyggingu húsa og annarra mannvirkja á jörðunum, en með 16. gr. l. 64/1976 er þeim tryggður sá réttur, að landeiganda ber við ábúðarlok að kaupa hús og aðrar umbætur, sem leiguliði hefur gert á ábúðarjörðinni og talið er til frambúðar haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna. Ábúendum ríkisjarða er hins vegar nauðsynlegt að geta tekið lán hjá viðurkenndum lánastofnunum til framkvæmda á jörðunum með veði í þeim. Við veitingu veðleyfa af hálfu jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins er hins vegar jafnan við það miðað, að eignir ábúenda í húsum og öðrum mannvirkjum nægi til endurgreiðslu á lánum, komi til mats skv. 16. gr. l. 64/1976. Athuga ber líka að hér er aðeins um heimild að ræða og það stjórnvald sem veðleyfið veitir getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga og sett frekari skilyrði fyrir veitingu veðleyfisins.

Sú breyting, sem tillögugreinin felur í sér, er aðeins samræming miðað við breytta stefnu varðandi ábúðarform á ríkisjörðum en ekki nýmæli. Þá er rétt að minna á þann rétt, sem ábúendum leigujarða er tryggður skv. 15. gr. l. 64/1976 til að veðsetja ábúðarjarðir sínar.

Um 13. gr.

Greininni er ætlað að taka af öll tvímæli um að þar sem Landnámi ríkisins og landnámsstjórn eru lögum skv. ætluð tiltekin verkefni eða þessir aðilar hafa með samningi tekið á sig einkaréttarlegar skyldur, skuli landbúnaðarráðuneytið koma í stað þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum. Í samræmi við þetta, tekur jarðadeid landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 27. gr. l. 65/1976, við forræði á þeim 60 jörðum og löndum, sem Landnám ríkisins hefur farið með. Eru þetta jarðir í byggðahverfum skv. V. kafla l. 45/1971 og einstök nýbýli og lönd.

Um 14. gr.

Rétt þykir að miða gildistöku laganna við tiltekinn dag, þar sem lögin hafa í för með sér nýjar og breyttar reglur um tiltekna málaflokka.

Við samþykkt jarðalaga og ábúðarlaga 1976 voru fjölmörg eldri lagaákvæði um jarðir og ábúð felld niður. Er hér lagt til, að auk hinna tilgreindu greina úr lögum 45/1971, falli úr gildi ýmis lagaákvæði, sem stangast á við yngri lög um sama efni eða eru í raun fallin úr gildi fyrir notkunarleysi (desvetudo). Þannig er lagt til að fella niður þá kafla, sem eftir standa af l. 102/1962 en í 12. gr. þessa frumvarps er tekið upp í jarðalögin það eina ákvæði þessara kafla, sem gildi hefur. Þá er lagt til að l. 30/1913 um umboð þjóðjarða og 8.—11. gr. l. 46/1907 um laun sóknarpresta falli úr gildi, en í báðum þessum lögum er hreppstjórum falin umsjón og byggingarráð þjóð- og kirkjujarða. Um langt árabil hefur jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins farið með forræði þjóð- og kirkjujarða og er það í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 og 27. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Hafa hreppstjórar um langt skeið ekki haft önnur afskipti af þjóð- og kirkjujörðum en annast sums staðar innheimtu á jarðarafgjöldum í umboði sýslumanna sem innheimtumanna ríkissjóðs. Í Lagasafni 1973 er birtur hluti af konungsbréfi um sölu kirkjueigna frá 30. júní 1786, en bréf þetta hefur ekki lengur þýðingu að lögum og er rétt að taka af öll tvímæli um gildi þess með því að fella það úr gildi.

Með þeim breytingum, sem leiðir af þessu frumvarpi og öðru frumvarpi, sem flutt er samhliða þessu um fóðurverksmiðjur, hefur lögum 45/1971, sbr. breytingar með l. 68/1973 og 60/1978, verið breytt svo mjög, að talið er rétt að endurútgefa lögin undir nýju heiti.

Ed. 391. Frumvarp til laga [222. mál]

um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Á árinu 1984 skal þó í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur, sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en af skiptaverðmæti við landanir erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, og koma þær ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjársjóð, eftir því sem við getur átt.

II

Á árinu 1984 skal framlag ríkissjóðs skv. ákvæðum 2. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laganna renna til áhafnadeildar sjóðsins til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjávarútvegsráðuneytið mun setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs og vegna hins alvarlega þorskaflabrests á þessu ári, svo og nýrra reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu, er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi og er frumvarp þetta annað af tveimur, sem flutt eru í þessu skyni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að bætur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs verði með sérstökum hætti árið 1984, þannig að vegna hins almenna og alvarlega aflabrests, sem fyrirsjáanlegur er 1984, verði greiddar sérstakar bætur af tekjum og eignum deildarinnar, sem svarar 4% af öllu aflaverðmæti miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins af löndun innanlands en skiptaverð af löndun erlendis. Bætur þessar verði greiddar inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4/1976. Bætur

þessar komi í stað allra bótagreiðslna almennu deildar sjóðsins 1984 og komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Í þessari ráðstöfun felst m. a., að dregið er úr þeim millifærslum, sem starfsemi Aflatryggingasjóðs hefur valdið. Áætlað er, að eignir almennu deildarinnar í ársbyrjun 1984 hafi numið um 200 m. kr., en tekjur hennar af útflutningsgjaldi eru áætlaðar um 120 m. kr. á árinu 1984. Bótagreiðslur skv. þeirri reglu, sem hér er lögð til, má ætla að muni nema um 210 til 220 milljónum króna.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að áhafnadeild Aflatryggingasjóðs fái til ráðstöfunar á árinu 1984 ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs, 18,6 m. kr., auk síns venjulega tekjustofns af útflutningsgjaldi, sem ætla má að gefi um 160 m. kr. á þessu ári. Þetta er gert til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga til sjómanna, og einnig til þess að hún geti greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjávarútvegsráðuneytið mun setja um þetta nánari reglur í samráði við hagsmunasamtök og stjórn Aflatryggingasjóðs.

Fylgiskjal.

Frá Þjóðhagsstofnun

Skýringar við rekstraryfirlit botnfiskveiða í febrúarbyrjun 1984 eftir fiskverðsákvörðun.

Reikningar ársins 1982.

Reikningarnir (tafla 1) eru byggðir á reikningsefni Fiskifélags Íslands. Tekjur og gjöld eru endurmetin eftir upplýsingum frá Fiskifélagi og fleiri aðilum á líkan hátt og áður í áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Fjármagnsliðir eru endurmetnir sérstaklega eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Á árinu 1982 bættust 7 minni togarar í flotann við þá 77 sem fyrir voru. Úthald þessara 7 togara hefur verið áætlað miðað við veiðitíma á árinu. Þannig er gert ráð fyrir að 80 togarar af minni gerð hafi verið í fullu úthaldi árið 1982, auk frystitogarans Örvars, sem ekki er talinn með í rekstraráætluninni.

Framreikningur til febrúar 1984.

(Töflur 2 og 3)

Tekjur og gjöld án fjármagnsliða.

Tekjuhliðin er byggð á þeim forsendum um aflamark fyrir 1984 sem settar hafa verið fram. Aflanum er skipt niður á skipsgerðir miðað við meðalafla síðustu þriggja ára. Niðurstöðurnar eru sýndar í eftirfarandi töflu um skiptingu aflamarksins milli skipsgerða á árinu 1984 (Þús. tonn miðað við afla upp úr sjó).

Skipting aflamarks eftir skipsgerðum

	Aflamark 1984	Bátar	Togarar
Þorskur	220	113	107
Ýsa	60	29	31
Ufsi	70	33	37
Karfi	110	6	104
Skarkoli	17	9	8
Grálúða	30	2	28
Steinbítur	15	9	6
Samtals	522	201	321

Í rekstraráætlun minni togara í febrúar 1984 er miðað við rekstur 83 skipa. Rekstur frystitogaranna (Örvars og Hólmadrangs) er ekki tekinn með í framreikningi og áætlað aflamagn þeirra dregið frá heildaraflamagni minni togara. Meðalafli á skip 1984 (m.v. slægðan fisk) verður þá 2773 tonn. Árið 1982 var aflinn hins vegar 3335 tonn að meðaltali á skip og dregst því saman um tæplega 17% frá því ári. Miðað við um 7% samdrátt í afla minni togara 1983 yrði meðalafli á skip líklega rúmlega 2900 tonn og breytingin að meðaltali á skip því tæplega 4,5% frá árinu 1983. Áætluð lækkun meðalverðs í framreikningi frá 1982 vegna lakari samsetningar er tæplega 6% hjá minni togurunum vegna minni hlutar þorsks í afla og meiri hlutar ódýrari tegunda (karfa og ufsa).

Í rekstraráætlunum fyrir stærri togara er miðað við þau 14 skip sem voru í rekstri 1983. Meðalafli á skip 1984 er áætlaður 3750 tonn en árið 1982 var aflinn 4163 tonn að meðaltali hjá sömu skipum og hefur því dregist saman um tæplega 10% frá 1982, en um 3,0% frá 1983. Lækkun á meðalverði afla stærri togara er áætluð um 3,0% en hlutur karfa í afla þeirra hefur verið nokkru meiri en hjá minni togurunum, og þar með áhrif samsetningarbreytingar minni.

Áætlað er að botnfiskafli bátanna minnki um rúmlega 23% í tonnum frá 1982 til 1984 og samsetningarbreyting er talin lækka meðalverð á botnfiskafla þeirra um 6% frá árinu 1982. Gert er ráð fyrir að annar afli en botnfiskur aukist um 10,5% og heildarafli báta minnki því um 15,4%. Í áætluninni er gert ráð fyrir 7% sóknarminnkun hjá minni togurunum, en þá helst meðalafli minni togara óbreyttur á úthaldsdag frá árinu 1983. Sóknarforsendur eru eftirfarandi:

Forsendur um sóknarbreytingar frá árinu 1983 í %.

	%
Minni togarar	−7,0
Stærri togarar	−2,4
Bátar	
Botnfiskveiðar	−15,0
Aðrar veiðar	5,0
Samtals bátar	−10,0

Gert er ráð fyrir, að olíur, veiðarfæri, ís og löndunarkostnaður fylgi sóknarbreytingum að fullu, en viðhald breytist að hálfu með sókn, en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á föstum kostnaði.

Í áætluninni eru tekin inn áhrif af ákvörðun um 4% hækkun fiskverðs og breytt verðhlutföll frá 1. febrúar 1984. Áætlunin er að öðru leyti miðuð við kauplag í febrúarbyrjun 1984.

Áhrifin af breytingu á verðhlutföllum á óslægðum fiski og breytingar á verðfellingu á lakari fiski hafa verið metin þannig, að áætlað er að meðalverð hjá bátum lækki við þessar aðgerðir um 0,8% en verð togaraafla hækki að meðaltali um 0,2—0,3%. Þá er reiknað með 12% verðuppbót úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs á karfa og ufsa, en 2% á annan botnfisk. Þetta veldur nokkrum tilfærslum milli útgerðargreina, eftir því hvernig aflasamsetning þeirra er.

Tekið er tillit til ýmissa atriða, sem áformað er að breyta í kjölfar verðákvörðunar. Þannig er reiknað með 4% sérstöku framlagi úr Aflatryggingasjóði og að kostnaðarhlutdeild til skipta verði 2% hjá togurum en 6% hjá bátum undir 240 brl.

Vátryggingarverðmæti bátaflotans hefur verið endurmetið vegna ábendinga frá LÍÚ, sem leiðir til nokkurrar hækkunar á því, en í þeim lið var aðallega um vanmat að ræða á verðbreytingum vátrygginga bátanna frá árinu 1982. Er í því sambandi tekið tillit til fjölda báta og stærðarskiptingar í samræmi við yfirlit ráðgjafarnefndar um fjölda báta í stærðarflokknum 21—200 brl.

Áætlun og framreikningur fjármagnsliða

Breytingar hafa verið gerðar á uppgjöri fjármagnskostnaðar í þessari rekstraráætlun frá því sem áður hefur verið. Hag útgerðar má meta með ýmsum hætti. Ein aðferðin er að líta á verga hlutdeild fjármagns. Önnur er sú að líta á hreinan hagnað. Mismunur þessara tveggja hugtaka er fjármagnskostnaðurinn, þ.e. afskriftir og vextir. Um langt árabil hafa afskriftir verið reiknuð stærð við afkomumat Þjóðhagsstofnunar og hefur þá verið miðað við ákveðin hlutföll af vátryggingarverðmæti flotans. Öðru máli hefur gegnt um vexti. Lengst af hefur verið miðað við þá vexti, sem gjaldfalla á hverju ári. Á þessari aðferð eru þó veigamiklir annmarkar. Í fyrsta lagi má nefna, að af stofnkostnaði eldri skipa, sem að mestu hafa greitt upp stofnlán sín, eru aðeins gjaldfærðir þeir stofnlánavextir, sem falla til greiðslu á árinu í stað þess að gjaldfæra reiknaða vexti af öllu því stofnfé, sem bundið er í rekstrinum. Í öðru lagi, og skiptir það meira máli, er sú staðreynd, að með hækkandi nafnvöxtum og aukinni gengis- og verðtryggingu hafa skilin milli afborgana og vaxta orðið afar óljós. Talsverður hluti þess vaxtakostnaðar, sem áður var reiknaður inn í rekstrarafkomuna, var því afborganir af lánum. Í raun hafa því allar markalínur milli raunverulegrar rekstrarafkomu og bágrar greiðslustöðu vegna rekstrarerfiðleika fyrri ára að mestu þurrkast út.

Til þess að fá fram skýrari mynd af rekstrarskilyrðum veiðanna er nauðsynlegt að gera greinarmun á rekstrarafkomu og greiðsluafkomu og er þá gengið útfrá þeirri fjárhæð sem reksturinn skilar upp í allan fjármagnskostnað, þ.e. vexti og afskriftir. Þessa fjárhæð má síðan nota til þess að fá mat ýmist á rekstrarafkomu eða greiðsluafkomu.

Við mat á rekstrarafkomunni er reynt að meta hver sé ávöxtun þess fjármagns, sem bundið er í flotanum, miðað við einhverja „hæfilega“ ávöxtunar- og endurnýjunarkröfu. Í því sambandi er vátryggingarverðmæti líklega sá grunnur sem réttast er að miða við, enda er það í samræmi við fyrri aðferðir í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar, þar sem það var undirstaða við mat á afskriftum flotans. Niðurstaða um rekstrarafkomuna er hér fengin með því að færa til gjalda þá fjárhæð (árgreiðslu) sem þetta fjármagn þarf að skila af sér til að standa undir endurnýjun og hæfilegum raunvöxtum, sem settir eru 3% í þessum áætlunum. Vitaskuld er hvort tveggja álitamál, endurnýjunarþörf og raunvextir.

Skiptir þá mestu máli hver áætlaður endurnýjunartími flotans er og hve mikið fjármagn er bundið í honum. Við mat á endingartímanum hefur verið leitast við að taka m.a. tillit til aldurssamsetningar flotans. Fjármagnsmatið byggist á vátryggingarverðmætinu en í því sambandi þarf að taka tillit til þess að það hefur verið afskrifað. Tvær aðferðir koma til greina til að finna fjármagnsstofninn, að bæta afskriftum við vátryggingarverðið, eða halda honum óbreyttum og stytta endingartíma fjármunanna. Hefur síðari leiðin verið farin af hagkvæmnisástæðum, og er reiknað með 12 ára endingartíma á þeim stofni.

Við vátryggingarverðmætið er bætt 10% fyrir öðrum stofnkostnaði og rekstrarfé. Loks er miðað við 10% hrakvirði fjárfestingarinnar að 12 árum liðnum.

Greiðsluafkoman fæst aftur á móti með því að draga frá vergu hlutdeildinni alla stofnlánavexti, sem falla til greiðslu, svo og afborganir af stofnlánum, en á móti er afskriftum sleppt í því dæmi. Jafnframt þessu eru vanskilaskuldir við stofnlánasjóði og sá hluti viðskiptaskulda sem talinn er vera í vanskilum, tekinn með þegar metinn er greiðsluhallinn eða fjárvöntunin. Tengist það því uppgjöri á heildarskuldum og vanskilum útgerðarinnar sem sýnt er í töflu 4.

Grunngögnin, sem stuðst er við, eru upplýsingar frá Fiskveiðasjóði o. fl. aðilum um vaxtagreiðslur, afborganir o. fl. eftir skipsgerðum árið 1982. Einnig er fjármagnskostnaði minni togara skipt eftir því hvenær þeir hafa verið teknir í notkun, til að varpa enn skýrara ljósi en áður á þann mikla mun, sem er á rekstrar- og greiðsluafkomu þeirra. Skiptingin er miðuð við skip sem komu í rekstur á árinu 1977 og fyrr, en eftir það taka lánskjör mjög að þyngjast. Með eldri skipum eru taldir 6 litlir breskir togarar, keyptir á árinu 1982. Áætlanir um vaxtakostnað og afborganir stærri togara byggja í aðalatriðum á upplýsingum frá Fiskveiðasjóði og Ríkisábyrgðasjóði. Áætlunin um vexti og afborganir báta er að mestu leyti reist á upplýsingum frá Fiskveiðasjóði og ágiskun um skuldir við aðra lánadrottna.

Dreifingin á vanskilaskuldunum hjá minni togurunum við stofnlánasjóðina er mjög mikil og nokkur hluti þeirra er í fullum skilum. Af 85 minni togurum eru líklega 10 utan við sjóðakerfið. Af þeim 75 sem eftir eru, eru 47 í vanskilum og 26 í fullum skilum við Fiskveiða- og Byggðasjóð eða um það bil þriðjungur. Samandregið sést þetta í eftirfarandi töflu:

	Fjöldi minni togara	Skipting %
Í skilum	27	32
Í vanskilum	48	56
Utan við stofnlánasjóði	10	12
Alls	85	100

Sé vanskilum minni togara við stofnlánasjóðina raðað eftir fjárhæðum kemur í ljós að stærstur hluti þeirra er hjá tiltölulega fáum skipum. Þetta sést skýrt í töflunni um uppsöfnuð vanskil, 47 minni togara, í stofnlánasjóðum í árslok 1983. Í efstu línu töflunnar eru samanlögð vanskil 4 togara sem í mestum vanskilum eru, í næstu línu samanlögð vanskil 8 togara sem í mestum vanskilum eru og þannig koll af kolli. (Hér er eingöngu um vanskilaskuldir við stofnlánasjóði að ræða.)

Uppsafnaður fjöldi togara	Fjárhæð uppsafnaðra vanskila millj. kr.	Uppsöfnuð vanskil hlutföll í %
4	145,8	29,6
8	253,9	51,6
12	317,1	64,5
16	369,1	75,0
20	412,1	83,8
24	444,4	90,3
28	465,9	94,7
32	479,8	97,5
36	487,2	99,0
47	492,0	100,0

Þannig eru t.d. þeir 8 togarar, sem í mestum vanskilum eru, eða um 9% af öllum minni togurunum, með rúmlega helming vanskilanna og 16, eða um 19% af öllum togurunum, með 75% vanskilanna. Einnig eru t.d. 10 togarar með vanskil minni en 1 millj. kr. Væri þeim bætt við þann hluta togaranna, sem stendur í skilum, væru rúmlega 40% af minni togurum í nær fullum skilum við stofnlánasjóðina. Þannig sést glöggt, að vanskilin eru bundin við tiltölulega fáa togara.

Í greiðsluyfirlitinu er gert ráð fyrir því að stofnlán fiskiskipaflotans verði lengd um 1 til 7 ár eftir hlutfalli skulda við vátryggingarverðmæti. Í því sambandi er gert ráð fyrir, að stofnlánaskuldir báta og stærri togara breytist hlutfallslega eins og áætlað er að gerist hjá minni togurunum og að vanskilum vegna viðskiptaskulda verði að vissu marki breytt í lán til 10 ára. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir, að á útvegslánum verði 4% vextir og þau verði á árgreiðsluformi (annuitets lán). Í eftirfarandi töflu er sýnt hlutfall skulda við stofnlánasjóði af vátryggingarverðmæti fyrir 93 minni togara:

Fjöldi togara á bili	Hlutfall skulda við stofnlánasjóði af vátryggingarverðmæti (bæði í skilum og vanskilum)
3	0 til 10%
11	10 til 20%
11	20 til 30%
7	30 til 40%
10	40 til 50%
7	50 til 60%
12	60 til 70%
8	70 til 80%
2	80 til 90%
3	90 til 100%
9	yfir 100%
Samtals 83	

Í sambandi við greiðslu- og rekstrarafkomuna í heild skal þess getið, að sé greiðsluhalli þeirra 9 togara, sem á hvíla hærri stofnlánaskuldir en nemur vátryggingarverðmæti þeirra, tekinn út úr dæminu, batnar greiðslustaðan í heild um 96 m.kr. eða sem nemur um 1,6% af tekjum veiðigreinanna. Þá má benda á, að sé reiknað með, að nýrri fiskveiðistefnu fylgi sóknarminnkun umfram aflasamdrátt, um t.d. 7%, batnar afkoma flotans í heild um rúmlega 1,5% af tekjum flotans, eða um 91 m.kr.

Tafla 1.

Rekstraryfirlit botnfiskveiða árið 1982.
Millj. kr.

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		**80**	**16**	
1. Tekjur alls (1—3)	**1 203,6**	**1 461,5**	**334,3**	**2 999,4**
1. Seldur afli hérlendis	1 088,5	1 219,6	228,7	2 536,8
(þ.a. olíugjald)	(64,5)	(69,5)	(12,6)	(146,6)
2. Seldur afli erlendis	65,2	140,5	88,1	293,8
3. Aðrar tekjur	49,9	101,4	17,5	168,8
Gjöld (1—6)	**1 210,3**	**1 332,1**	**309,7**	**2 852,1**
1. Aflahlutir	416,3	436,1	63,6	916,0
2. Laun og tengd gjöld	136,5	74,4	48,6	259,5
3. Olíur	166,4	346,2	76,0	588,6
4. Veiðarfæri	142,7	104,5	17,6	264,8
5. Viðhald	160,3	156,6	38,6	355,5
6. Annar kostnaður	188,1	214,3	65,3	467,6
7. Verg hlutdeild fjármagns	**−6,7**	**129,4**	**24,6**	**147,3**
Verg hlutdeild fjármagns % af tekjum	**−0,6**	**8,9**	**7,4**	**4,9**
Rekstrarafkoma				
8. Árgreiðsla (reiknuð fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m.v. 12 ára endingartíma)	171,1	280,4	59,6	511,1
9. Hreinn hagnaður (9=7−8)	−177,8	−151,0	−35,0	−363,8
Hreinn hagnaður, % af tekjum	**−14,8**	**−10,3**	**−10,5**	**−12,1**
Meðalverð aflans, kr. á kg.				
Landað heima, heildarverð		4,81	4,25	
Landað erlendis, brúttóverð		10,53	11,48	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m.h.)		**3 335**	**3 844**	
Landað heima		3 168	3 364	
Landað erlendis		167	480	
Heildarafli togara (sl.m.h.) þús. tonn		**266,7**	**61,5**	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	**(1 720,0)**	**35,2**	**37,4**	

Athugasemd: Vátryggingarverðmætið er notað sem grundvöllur árgreiðslu (8) og er þá miðað við 12 ára endingartíma fjárfestingar, 3% vexti og 10% hrakvirði. Varðandi aðrar forsendur, sjá skýringar. Byggt er á reikningsefni frá Fiskifélagi Íslands.

Tafla 2.

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í febrúar 1984 eftir fiskverðshækkun og fylgiaðgerðir.
Millj. kr.
Aflaforsendur: Aflamark ársins 1984.

Dæmi 1.	Bátar án loðnu 21–200 brl.	Minni togarar: Eldri skráðir fyrir 1977	Minni togarar: Yngri skráðir 1977 og síðar	Alls	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		46	37	83	14	
Breyting 1983, úthald og sóknartengdur kostnaður, %	**−10,0**	**−7,0**	**−7,0**	**−7,0**	**−2,4**	
Tekjur alls (1–4)	**2 489,3**	**1 582,6**	**1 273,0**	**2 855,6**	**639,3**	**5 984,2**
1. Seldur afli hérlendis	2 189,1			2 417,0	440,2	5 046,3
2. Seldur afli erlendis	121,9			245,6	173,6	541,1
3. Bætur úr Aflatryggingasjóði	62,1			67,1	12,1	141,3
4. Aðrar tekjur	116,2			125,9	13,4	255,5
Gjöld (1–6)	**2 256,4**			**2 514,5**	**581,4**	**5 352,3**
1. Aflahlutir	758,0			750,3	107,8	1 616,1
2. Laun og tengd gjöld	229,5			121,1	78,5	429,1
3. Olíur	322,6			764,9	179,0	1 266,5
4. Veiðarfæri	266,4			200,8	33,9	501,1
5. Viðhald	292,3	293,3	72,4	658,0		
6. Annar kostnaður	387,6			384,1	109,8	881,5
7. Verg hlutdeild fjármagns	**232,9**	**189,0**	**152,1**	**341,1**	**57,9**	**631,9**
Verg hlutdeild fjármagns, % af tekjum	**9,4**	**11,9**	**11,9**	**11,9**	**9,1**	**10,6**
Rekstrarafkoma						
8. Árgreiðsla (reiknuð fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m.v. 12 ára endingartíma)	325,0	258,4	341,4	599,8	93,6	1 018,4
9. Hreinn hagnaður (9=7−8)	**−92,1**	**−69,4**	**−189,3**	**−258,7**	**−39,7**	**−386,5**
Hreinn hagnaður, % af tekjum	**−3,7**	**−4,4**	**−14,9**	**−9,1**	**−5,5**	**−6,5**
Greiðsluafkoma						
10. Verg hlutdeild fjármagns	232,9	189,0	152,1	341,1	57,9	631,9
11. Árgreiðsla stofnlána (eftir skuldabreytingu)	(153,0)	119,3	208,0	327,3	68,1	548,4
12. Árgreiðsla vanskila (eftir skuldabreytingu og greiðsla af lánum sem ekki eru lengd)	18,0	9,4	89,6	99,0	6,4	123,4
13. Greiðsluhalli (13=10−11−12)	**61,9**	**60,3**	**−145,5**	**−85,2**	**−16,6**	**−39,9**
Greiðsluhalli, % af tekjum	**2,5**	**3,8**	**−11,4**	**−3,0**	**−2,6**	**−0,7**
Meðalverð aflans, kr. á kg.						
Landað heima, heildarverð				11,02	9,83	
Landað erlendis, brúttóverð				22,76	22,56	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m.h.)						
Landað heima				2 643	3 200	
Landað erlendis				130	550	
Samtals				**2 773**	**3 750**	
Heildarafli togara (sl. m.h.) þús. tonn				**230,2**	**52,5**	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	**(3 267,5)**	**53,6**	**92,9**	**71,1**	**67,2**	

Athugasemd: Vátryggingarverðmætið er notað sem grundvöllur árgreiðslu (8) og er þá miðað við 12 ára endingartíma.

Tafla 3.

Hagur botnfiskveiða 1977—1984.

Tölur sýna hlutföll af heildartekjum sé annars ekki getið.

	1977 %	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %	1982 %	Framreikningur til febrúar 1984 Aflamark 1984[5]) Dæmi 1 %
Minni togarar							
Verg hlutdeild fjármagns[1])	21,1	20,0	18,7	14,0	11,1	8,9	11,9
Hreinn hagnaður[2])	−0,8	−4,9	−4,8	−9,1	−11,7		
Samkvæmt nýjum skattalögum[3])			13,0	−2,1	8,6	−38,8	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS[4])							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við vátr.-verðm. flotans	12,8	11,5	12,8	9,2	7,5	4,6	5,8
Hreinn hagnaður[6])	4,6	2,8	4,2	−1,1	−3,7	−10,3	−9,1
Stærri togarar							
Verg hlutdeild fjármagns	11,7	14,0	16,9	10,1	4,1	7,4	9,1
Hreinn hagnaður	−9,9	−4,1	2,8	−4,9	−13,7		
Samkvæmt nýjum skattalögum			9,2	4,1	1,3	−44,5	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við vátr.-verðm. flotans	6,9	10,2	15,8	8,2	2,6	4,1	6,2
Hreinn hagnaður	−5,1	0,4	6,3	−2,1	−11,6	−10,5	−5,5
Bátar án loðnu							
Verg hlutdeild fjármagns	7,2	11,6	12,0	3,0	1,8	−0,6	9,4
Hreinn hagnaður	−10,3	−8,4	−3,8	−12,1	−14,0		
Samkvæmt nýjum skattalögum			4,8	−4,4	−6,8	−17,5	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við vátr.-verðm. flotans	5,0	8,1	10,6	2,9	1,6	−0,4	7,1
Hreinn hagnaður	−7,1	−2,7	0,8	−7,2	−8,9	−14,8	−3,7
Botnfiskveiðar samtals							
Verg hlutdeild fjármagns	13,2	15,6	15,7	9,0	6,5	4,9	10,6
Hreinn hagnaður	−6,6	−6,3	−3,4	−9,8	−12,9		
Samkvæmt nýjum skattalögum			9,1	−2,2	1,3	−30,9	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við vátr.-verðm. flotans	8,5	10,0	12,4	7,0	4,9	2,9	6,3
Hreinn hagnaður	−2,3	0,1	3,1	−3,7	−6,7	−12,1	−6,5

[1]) Rekstrarafgangur án fjármagnskostnaðar (vaxta og afskrifta).

[2]) Vextir eru hér reiknaðir sem áfallnir vextir á árinu að meðtöldum gjaldföllnum verðbótum og gengistryggingu. Hér er því ekki reiknað ógjaldfallið gengistap af stofnlánum á sama hátt og gert er samkvæmt skattalögum en verðbreytingafærsla er heldur ekki tekin með. Afskriftir eru hér reiknaðar sem ákveðið hlutfall af vátryggingarverðmæti flotans. Þetta uppgjör fjármagnskostnaðar er gert á sama hátt fyrir öll árin.

[3]) Afskriftir eru þó reiknaðar eins og í fyrra tilvikinu en ekki samkvæmt skattalögum.

[4]) Í nýrri aðferð Þjóðhagsstofnunar felst, að reiknaður er sá afrakstur sem það fjármagn, sem bundið er í flotanum (vátryggingarverðmæti), þarf að skila m.v. 3% vexti, 12 ára endingartíma fjárfestingar og 10% hrakvirði. Munurinn á þeirri niðurstöðu (árgreiðslu) og vergri hlutdeild fjármagns er hreinn hagnaður eða tap eftir 3% ávöxtun stofnfjár. Einnig er sýnt hvað verg hlutdeild fjármagns skilar á hverju ári upp í vátryggingarverðmætið.

[5]) Í tekjuhlið er forsendum aflamarks 1984 skipt á skipsgerðir. Í gjaldahlið er sóknartengdum gjöldum breytt í sömu hlutföllum og áætlað er að sóknin dragist saman. Eftirfarandi forsendur um sóknarbreytingu eru í dæmunum:

	Dæmi 1
Minni togarar, %	−7,0
Stærri togarar, %	−2,4
Bátar, %	−10,0

[6]) Þessar tölur, tímabilið 1977—1981, eru settar fram miðað við sama endingartíma fjárfestingar, þrátt fyrir mismunandi aldurssamsetningu flotans.

Tafla 4.

Skuldir útgerðar í árslok 1983.

Áhvílandi lán í árslok 1983 m. kr., (uppgreiðsluverð).

	Bátar			Togarar			
	21–200 brl.	>200 brl.	Loðnubátar	Minni	Stærri	Samtals	Alls
Fiskveiðasjóður	976,9	351,9	933,6	3 053,4	85,3	3 138,7	5 401,1
Byggðasjóður	(65,3)	(24,0)	(62,0)	316,0	10,3	326,3	477,6
Ríkisábyrgðasjóður	—	—	—	(254,7)	437,9	692,6	692,6
Aðrir (ágiskun)	(446,7)	(68,0)	(174,0)	185,0	25,0	210,0	898,7
Samtals	**1 488,9**	**433,9**	**1 169,6**	**3 809,1**	**558,5**	**4 367,6**	**7 470,0**
Áætluð fjárhæð vaxta og afborgana 1984 af stofnlánum í skilum	(251,3)	(75,8)	(112,4)	(585,7)	(135,2)	(720,9)	(1 160,4)
Vanskilaskuldir m. kr. í árslok 1983 vegna stofnlána.							
Fiskveiðasjóður	91,1	(48,0)	(196,0)	410,1	16,9	427,0	762,1
Byggðasjóður	(10,0)	(5,3)	(20,0)	69,3	2,1	71,4	106,7
Ríkisábyrgðasjóður	—	—	—	32,8	54,8	87,6	87,6
Aðrir (ágiskun)	(43,3)	(9,5)	(38,0)	(24,0)	(4,0)	(28,0)	(118,8)
Samtals	**144,4**	**62,8**	**254,0**	**536,2**	**77,8**	**614,0**	**1 075,2**
Áætlaðar heildarviðskiptaskuldir hjá einkaaðilum m. kr. í árslok 1983.							
Olíufélög	(110)	(40)	(30)	(260)	(60)	(320)	500
Aðrir	(134)	(40)	(30)	(120)	(26)	(146)	350
Einkaaðilar alls	**244**	**80**	**60**	**380**	**86**	**466**	**850**
Þ. a. áætlaðar viðskiptaskuldir í skilum. (Í samræmi við mat rekstrarvaxta í áætlun PHS)	(98)	(32)	(24)	(152)	(34)	(186)	(340)
Þ. a áætlaðar viðskiptaskuldir í vanskilum	(146)	(48)	(36)	(228)	(52)	(280)	(510)
Samtals vanskilaskuldir (af stofnlánum og viðskiptaskuldum)	(290,4)	(110,8)	(290,0)	(764,2)	(129,8)	(894,0)	(1 585,2)

Athugasemd:

Með uppgreiðsluverði er átt við þá fjárhæð sem borga þyrfti vegna stofnlána og vanskila væru þau greidd upp. Reist á upplýsingum frá Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði, Ríkisábyrgðasjóði og Seðlabanka. Upplýsingarnar frá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði eru miðaðar við nóvemberlok 1983. Upplýsingar frá Ríkisábyrgðasjóði eru frá október 1983. Ágiskun um hlutdeild annarra byggist á þeim forsendum um hlut stofnlánasjóða sem stuðst er við í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar. Hér er um afar lauslega ágiskun að ræða. Lánum Byggðasjóðs til báta er skipt í sömu hlutföllum og lánum Fiskveiðasjóðs. Tölurnar í svigum eru áætlaðar. Í áætlun um afborganir og vexti 1984 er vaxtaendurgreiðsla Fiskveiðasjóðs dregin frá. Upplýsingar um viðskiptaskuldir og vanskil einkaaðila byggjast á upplýsingum frá Seðlabanka. Þeim er skipt milli veiðigreina í sömu hlutföllum og viðkomandi kostnaðarliðir í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar. Mjög erfitt er að draga mörk á milli eðlilegra viðskiptaskulda og vanskila og í mörgum tilvikum um álitamál að ræða í því sambandi. Heildarfjárhæð viðskiptaskuldanna gæti numið um fimmtungi af rekstrargjöldum veiðanna (án fjármagnskostnaðar og aflahluta). Þar af nema skuldir við olíufélög um þriðjungi af olíukostnaði í rekstraráætlun og virðist það nokkru lægri fjárhæð hlutfallslega en verið hefur undanfarin ár. Viðskiptaskuldunum er skipt milli skulda í skilum og vanskilum eftir þeim forsendum um rekstrarvexti sem notaðir eru í áætlunum Þjóðhagsstofnunar, en þar er gert ráð fyrir að vextirnir svari til eins mánaðar rekstrargjalda. Viðskiptaskuldir umfram það, eru sýndar sem vanskil. Þessar heildartölur eru settar fram með fyrirvara um breytingar.

Nd. 392. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs og vegna hins alvarlega þorskaflabrests á þessu ári, svo og vegna nýrra reglna um stjórn botnfiskveiða, er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi og er frumvarp þetta annað af tveimur, sem flutt eru í þessu skyni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að útflutningsgjald af saltfiski verði ákveðið 4% á árinu 1984 til þess að jafna þann mikla mun, sem er á afkomu söltunar og frystingar og draga úr taprekstri saltfiskverkunar. Á undanförnum árum hefur saltfiskverkun sætt því, að frá henni væri fært fé til annarra greina. Nú á þessi grein við sérstök — vonandi tímabundin — vandamál að stríða. Vegna þessa er frumvarp þetta flutt í því skyni að lækka útflutningsgjöld af saltfiski um 1,5% af framleiðslu ársins 1984. Áætlað er, að þessi breyting lækki tekjur af útflutningsgjaldi um 38 m. kr. á árinu 1984 en auki tekjur vinnslunnar að sama skapi. Eftir sem áður eru horfur á hallarekstri í saltfiskverkun á þessu ári eins og fram kemur í fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Frá Þjóðhagsstofnun

Skýringar við rekstraráætlanir fiskvinnslu 1982
og framreikning til febrúar 1984

Reikningar (tafla 1) 1982.

Rekstraryfirlitið er byggt á reikningum 56 frystihúsafyrirtækja og 53 saltfisk- og skreiðarhúsa, eða samtals 109 fyrirtækja. Úrtakið er fært upp í heildarstærðir að mestu samkvæmt upplýsingum frá sölusamtökum. Sýnd er niðurstaðan af fjármagnskostnaðaruppgjöri samkvæmt skattalögum, en jafnframt er gerð nokkur breyting á uppgjöri á fjármagnskostnaði (afskriftum og vöxtum). Fjallað verður nánar um það síðar í greinargerðinni. Gert er ráð fyrir að birgðir af skreið í árslok 1982 lækki í verði um 25%, sem þýðir um 17,7% verðlækkun að meðaltali í heild árið 1982 og er sú niðurstaða notuð í uppgjöri á tekjum skreiðarvinnslu í reikningum ársins 1982. Jafnframt er bætt við tekjurnar áætlaðri verðjöfnunarsjóðsgreiðslu sem nemur 104,5 millj. kr.

Framreikningur til febrúar (tafla 2) 1984.

Í því dæmi, sem hér er sýnt, er gert ráð fyrir, að innbyrðis hlutföll í framleiðslu söltunar og frystingar haldist svipuð og var á árinu 1983, en í því felst, að framleiðslan í frystingu dragist saman um rúmlega 3% en framleiðsla söltunar um 28% frá grunnárinu 1982.

Hækkun á fiskverði í febrúar 1984 var að meðaltali 4%, þ. a. hækkaði ýsa um 8%, steinbítur um 6% en aðrar tegundir um 3,4%. Jafnframt þessu voru gerðar breytingar á hlutfalli verðs milli slægðs og óslægðs fisks. Einnig voru gerðar breytingar á verðfellingu í 2. og 3. gæðaflokki. Er gert ráð fyrir, að þessar breytingar hafi í heild þýtt um 0,2% hækkun á hráefniskostnaði frystingar en lækkað hráefniskostnað söltunar um rúmlega 0,5%.

Meðal annars á grundvelli skýrslna Kjararannsóknarnefndar hefur launaskrið frá árinu 1982 verið áætlað um 4% og tekið tillit til þess í rekstraráætluninni, en hún er miðuð við kauplag í febrúarbyrjun 1984.

Tekið er tillit til fyrirhugaðrar lækkunar á útflutningsgjaldi til söltunar úr 5,5% í 4%, og er reiknað með því að það leiði til 1,4% hækkunar á útflutningstekjum söltunar, eða um 38 milljónir króna.

Markaðsverð er reist á upplýsingum frá sölusamtökum. Tekið hefur verið tillit til nýlegrar verðlækkunar á flökum í Bandaríkjunum og breytinga á gengishlutföllum dollars og annarra mynta. Gert er ráð fyrir að lækkun á markaðsverði freðfisks frá 1982 til janúar 1984 nemi um 1,5—2,0% í dollurum. Bætt samsetning þýðir aftur á móti hækkun á meðalverði um 1,5—2,0%, þannig að heildarlækkun markaðsverðs frá árinu 1982 gæti verið um allt að 0,5%. Ekki er í þessari áætlun tekið tillit til lækkunar á þorskblokk úr 116 centum í 112 cent og lækkun á karfablokk úr 80 centum í 75 cent, sem fram kom um miðjan febrúar 1984, en sú lækkun þýðir líklega um 0,5% af tekjum, þannig að afkoman er lakari í frystingunni en hér er sýnt sem nemur þeim mun. Í söltun er gengið út frá upplýsingum um markaðsverð frá SÍF. Áætlað er að meðalverð á óverkuðum þorski hafi lækkað um 17% frá árinu 1982. Áætluð samsetningarbreyting vegna minni gæða og breyttrar stærðarsamsetningar framleiðslunnar nemur um 2,8%. Í reikningi söltunar er gengið út frá verðjöfnun miðað við gildandi viðmiðunarverð og greiðsluhlutföll. Áætlað er að greiddar verði úr sjóðnum rúmlega 116 milljónir króna. Innistæða í saltfiskdeild sjóðsins nemur í dag líklega 70 milljónum króna. Þannig vantar 40—50 milljónir til þess að sjóðurinn geti staðið undir slíkum skuldbindingum miðað við þær framleiðsluforsendur sem liggja að baki áætluninni. Í töflu 2 er einnig sýnd rekstrarafkoman ef um enga verðjöfnun væri að ræða. Á gjaldahlið hafa umbúðir í söltun verið endurmetnar og hækkaðar frá grunni með hliðsjón af upplýsingum frá SÍF um umbúðakostnað. Nemur hækkun á gjöldum í grunni vegna þessa rúmlega 1% af tekjum. Einnig hafa áhrif af auknum tilkostnaði vegna ormahreinsunar verið metin eftir upplýsingum frá SÍF. Er þar um gjaldahækkun að ræða frá grunni sem nemur um 1—1,5% af tekjum. Gengi á dollar í áætluninni er 29,50, en óvissa ríkir í gengismálum á gjaldeyrismörkuðum um þessar mundir, sem gæti haft áhrif á gengi dollarans. Markaðsverð íslenskra fiskafurða er einnig óvisst, ekki síst vegna harðnandi samkeppni frá ríkisstyrktum sjávarútvegi Noregs og Kanada.

Áætlun og framreikningur fjármagnsliða.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á uppgjöri fjármagnskostnaðar. Nánari lýsingu á þessari breytingu er að finna í greinargerð, sem fylgir reikningi fiskveiðanna (sbr. grg. með frumvarpi til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð). Í meginatriðum eru breytingarnar helst fólgnar í því, að greint er á milli rekstrar- og greiðsluafkomu. Við mat á því fjármagni, sem í vinnslunni er bundið, er byggt á skattalegum afskriftum í reikningum fiskvinnslufyrirtækjanna og þeir færðir upp í heildarstærðir miðað við áætlaða samsetningu fjármuna í fiskvinnslunni. Við mat á endingartíma fjármunanna er gert ráð fyrir, að fasteignir hafi 50 ára endingartíma og vélar og tæki 8 ár og er árgreiðslan ákveðin út frá þessum forsendum. Gert er ráð fyrir, að 60% af fjármagni sé bundið í fasteignum og 40% í

vélum og tækjum. Jafnframt er reikuð 3% ávöxtun af því fjármagni, sem er bundið í birgðum, miðað við áætlaðan birgðahaldstíma, sem var áætlaður 3 mánuðir í söltun og frystingu 1982 og um 9 mánuðir í herslu. Í ársreikningi 1982 er jafnframt leiðrétt fyrir áhrifum verðlags á birgðir og er þá gengið út frá skattamati á verðbreytingarfærslu. Í framreikningi byggir árgreiðslan á afskriftastofninum 1982 á verðlagi í janúarbyrjun 1984. Birgðir eru metnar út frá birgðahaldstíma, sem er talinn vera 4 mánuðir í frystingu og 4,5 mánuðir í söltun, og reiknað 3% ávöxtun á það fjármagn. Auk þess er færður til gjalda með árgreiðslunni sá mismunur, sem er á 3% vöxtunum og þeim afurðalánavöxtum sem í gildi eru í dag. Þá er reiknað með að afurðalánin, bæði endurkaup og viðbótarlán, nemi 2,9% af tekjum í frystingu og 3,25% í söltun. Ekki hefur unnist tími til að gera upp greiðsluafkomudæmi fiskvinnslunnar, en í því sambandi þarf að meta áætlaðar afborganir og vexti 1984 og jafnframt vanskilaskuldir fiskvinnslunnar. Slíkar áætlanir eru vandkvæðum bundnar vegna þess, hve lán til vinnslunnar dreifast á marga aðila. Hins vegar er sýnd til samanburðar sú niðurstaða, sem eldri uppgjörsaðferð Þjóðhagsstofnunar hefði gefið, en hún er að líkindum nær greiðsluafkomumati en rekstraruppgjörið, sem hér er sýnt.

Tafla 1.

Rekstraryfirlit frystingar, söltunar og herslu 1982.

Millj. kr.

	Frysting	Söltun	Hersla	Samtals
Tekjur alls:	**3 687,5**	**1 671,6**	**853,4**	**6 212,5**
1. Útflutningstekjur	3 566,8	1 625,1	848,5	6 040,4
2. Selt af hráefni	32,6	17,6	1,1	51,3
3. Aðrar tekjur	88,1	28,9	3,8	120,8
Gjöld alls: (1.—8.)	**3 468,1**	**1 602,0**	**944,6**	**6 014,7**
1. Laun og tengd gjöld	872,2	286,6	153,7	1 312,5
2. Hráefni	1 631,8	868,8	431,1	2 931,7
3. Umbúðir	112,7	12,1	7,4	132,2
4. Flutningskostnaður	80,7	40,7	35,0	156,4
5. Orka	89,1	20,6	10,3	120,0
6. Viðhald	124,9	48,3	23,9	197,1
7. Annar kostnaður	187,9	151,1	46,9	385,9
8. Verðbreytingarfærsla v/birgða	368,8	173,8	236,3	778,9
9. Verg hlutdeild fjármagns	219,4	69,6	−91,2	197,8
Verg hlutdeild fjármagns % af tekjum	5,9	4,2	−10,7	3,2
Rekstrarafkoma				
10. Reiknuð ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár, 50 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	191,4	67,5	50,4	309,3
11. Hreinn hagnaður (11. = 9.—10.)	28,0	2,1	−141,6	−111,5
Hreinn hagnaður, % af tekjum	0,8	0,1	−16,6	−1,8
Uppgjör fjármagnskostnaðar skv. skattalögum:				
12. Verg hlutdeild fjármagns (án leiðréttingar á verðbreytingarfærslu v/birgða (12. = 9. + 8.))	588,2	243,4	145,1	976,7
Verg hlutdeild fjármagns, % af tekjum	16,0	14,6	17,0	15,7
13. Afskriftir	146,8	49,3	30,0	226,1
14. Gjaldfærðir vextir og gengismunur	539,9	178,2	150,6	868,7
15. Tekjufærsla v/verðbreytinga	−216,3	−89,6	−2,9	−308,8
16. Hreinn hagnaður eftir verðbreytingafærslur (16. = 12.—13.—14.—15.)	117,8	105,5	−32,6	190,7
Hreinn hagnaður eftir verðbreytingarfærslur, % af tekjum	3,2	6,3	−3,8	3,1
Greitt í Verðjöfnunarsjóð	—	—	1,3	1,3
Greitt úr Verðjöfnunarsjóði	—	4,5	104,5	4,5

Tafla 2.

Áætlað rekstraryfirlit frystingar og söltunar í febrúar 1984 eftir fiskverðsákvörðun. Magnforsendur: Aflamark ársins 1984. 3,2% samdráttur framleiðslu í frystingu og 28% samdráttur í söltun frá árinu 1982.

Millj. kr. Gengi $ = 29.50

	Frysting	Febrúar 1984 Söltun	Samtals	Samtals ef ekki er tekið tillit til áætlaðrar verðjöfnunar í söltun
Tekjur alls:	**7 666,1**	**2 490,9**	**10 157,0**	**10 040,7**
1. Útflutningstekjur	7 393,9	2 398,8	9 792,7	9 676,4
2. Selt af hráefni	74,5	36,6	111,1	111,1
3. Aðrar tekjur	197,7	55,5	253,2	253,2
Gjöld alls: (1.—7.)	**6 396,0**	**2 489,7**	**8 885,7**	**8 885,7**
1. Laun og tengd gjöld	1 432,1	406,1	1 838,2	
2. Hráefni	3 720,1	1 582,6	5 302,7	
3. Umbúðir	238,9	45,0	283,9	
4. Flutningskostnaður	170,0	63,8	233,8	
5. Orka	230,1	48,2	278,3	
6. Viðhald	237,2	88,3	325,5	
7. Annar kostnaður	367,6	255,7	623,3	
8. Verg hlutdeild fjármagns	1 270,1	1,2	1 271,3	1 155,0
Verg hlutdeild fjármagns, % af tekjum	16,6	0,0	12,5	11,5
Rekstrarafkoma				
9. Reiknuð árgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár, 50 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	356,0	123,0	479,0	
10. Reiknuð árgreiðsla m.v. 3% ávöxtun rekstrarfjár	76,7	28,6	105,3	
11. Viðbót vegna raunvaxta umfram 3% v/birgða	145,6	45,1	190,7	
12. Árgreiðsla samtals (12. = 9. + 10. + 11.)	578,3	196,6	774,9	774,9
Hreinn hagnaður	691,8	−195,4	496,4	380,1
Hreinn hagnaður, % af tekjum	9,0	−7,8	4,9	3,8
Uppgjör skv. eldri aðferð:				
Verg hlutdeild fjármagns	1 270,1	1,2	1 271,3	1 155,0
Afskriftir	332,0	115,0	447,0	447,0
Vextir af afurðalánum				
Endurkaup	126,5	46,0	172,5	
Viðbótarlán	95,8	34,9	130,7	
Samtals	222,3	80,9	303,2	
Stofnlánavextir (lausl. áætl.)	191,6	24,8	216,4	
Vextir alls	413,9	105,7	519,6	513,7
Hreinn hagnaður	524,2	−219,5	304,7	194,3
Hreinn hagnaður, % af tekjum	6,8	−8,8	3,0	1,9
Greitt úr Verðjöfnunarsjóði	—	116,3	116,3	—

Nd. 393. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Kristinn Gunnarsson deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri komu á fund hjá nefndinni og gáfu ýmsar upplýsingar um málið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Nd. 394. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Kristinn Gunnarsson deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri komu á fund hjá nefndinni og gáfu ýmsar upplýsingar um málið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundarskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Sþ. 395. Fyrirspurnir. [224. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun gengismunar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve mikið hefur innheimst af gengismun skv. 3. gr. brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi, nr. 55 27. maí 1983?
2. Hvað er áætlað að mikið fé eigi eftir að koma í gengismunasjóð?
3. Hvaða aðilar hafa fengið greitt úr sjóðnum og hve mikið hefur farið til hvers?
4. Hvernig verður því fé skipt sem nú er óráðstafað?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kvörtunarnefnd skv. l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hefur verið skipuð nefnd til að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt 5. tl. 3. gr. l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu? Ef svo er, hverjir skipa nefndina?
2. Hefur ráðherra sett nefndinni starfsreglur?
3. Hve mörg mál hafa nefndinni borist til þessa?
4. Hve mörg mál hefur nefndin afgreitt?

III. Til samgönguráðherra um samgöngumál í Ísafjarðarsýslu.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvað líður athugunum og undirbúningi varðandi hugsanlega jarðgangagerð til samgöngubóta í Ísafjarðarsýslu?
2. Hvað líður athugunum til undirbúnings brúargerð yfir Dýrafjörð?

IV. Til landbúnaðarráðherra um tilraunastöðina á Reykhólum.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Mun landbúnaðarráðherra beita sér fyrir því að sauðfjárræktartilraunum verði haldið áfram við tilraunastöðina á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu?
2. Hefur fjármagn verið tryggt í þessu skyni?

Sþ. 396. Fyrirspurn [225. mál]

til sjávarútvegsráðherra um leyfilegt aflamagn fiskiskipa.

Frá Geir Gunnarssyni og Skúla Alexanderssyni.

Hvert er leyfilegt aflamagn, sem sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað hverju einstöku fiskiskipi á árinu 1984, eftir fisktegundum?

Óskað er skriflegs svars.

Ed. 397. Frumvarp til laga [63. mál]

um sjóntækjafræðinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fengnum meðmælum sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfellt, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

5. gr.

Sjóntækjafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Sjóntækjafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Sjóntækjafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Sjóntækjafræðingi er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Um sjóntækjafræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga, nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 398. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943, sbr. l. nr. 22/1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, auglýsingar og samþykktir sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, úrslit alþingiskosninga, árlegar skrár um veitingu embætta og lausn frá þeim, veitingu starfsréttinda, heiðursmerkja svo og annað efni sem mælt er fyrir í öðrum lögum að sæta skuli birtingu í B-deildinni.

Birtingu gjaldskráa fyrir einstaka staði eða svæði sem ráðherra gefur út eða staðfestir telst fullnægt með auglýsingu um hvenær gjaldskrá hefur verið gefin út eða staðfest, hvenær hún öðlast gildi og hvar hún liggi frammi.

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dómsmálaráðuneytisins. Tilgangur þess er að breyta birtingarháttum staðbundinna gjaldskráa sem ráðherrar staðfesta.

Gjaldskrár þær sem ráðherrar staðfesta lögum samkvæmt þarf að birta í Stjórnartíðindum til að þær öðlist gildi. Gjaldskrár þessar eru margs konar en fyrirferðarmestar eru gjaldskrár rafveitna, hafna og hitaveitna. Þessar gjaldskrár eru allar staðbundnar. Samkvæmt athugun á efni B-deildar Stjórnartíðinda árið 1981 reyndust 517 síður af 1509 síðum árgangsins, eða um 34%, vera vegna þessara þriggja flokka gjaldskráa.

Svo sem kunnugt er hefur verðlagsþróun undanfarinna ára valdið því að gjaldskrár hefur þurft að lagfæra allt að fjórum sinnum á ári hverju.

Með þessu frv. er lagt til að nægjanlegt teljist að birta í stjórnartíðindaauglýsingu að þessar gjaldskrár hafi verið gefnar út og hvar þær séu aðgengilegar.

Gjaldskrár sem ekki eru staðbundnar, svo sem gjaldskrár fyrir síma- og póstþjónustu, verða samkvæmt þessu birtar áfram í heild í B-deildinni.

Auk framangreindrar breytingar eru gerðar nokkrar breytingar á upptalningu í greininni á því efni sem birta á. Er upptalning greinarinnar stytt en sagt að birt skuli það efni sem fyrir er mælt sérstaklega í lögum að birt skuli í Stjórnartíðindum.

Sþ. 399. Fyrirspurnir. [227. mál]

I. Til samgönguráðherra um rannsókn á stjórn og starfsháttum Hafnamálastofnunar.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Er þess að vænta, með hliðsjón af endurskoðun hafnalaga, að samgönguráðherra birti Alþingi skýrslu um stjórn og starfshætti Hafnamálastofnunar ríkisins sem unnin hefur verið af sérfræðingum Ríkisendurskoðunar og Hagsýslustofnunar?

II. Til félagsmálaráðherra um breytingar á byggingarreglugerð.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Er þess að vænta að núgildandi byggingarreglugerð verði breytt á þann veg að auknar verði kröfur um einangrun húsa?

III. Til iðnaðarráðherra um jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi og í Dalasýslu.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hvaða niðurstöður liggja fyrir um jarðhitarannsóknir við Grafarlaug í Dalasýslu sem framkvæmdar voru s. l. haust? Verður rannsóknum haldið áfram þar á þessu ári?
2. Hver er áætlun Orkustofnunar um jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi?

IV. Til iðnaðarráðherra um aðgerðir til orkusparnaðar.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst iðnaðarráðherra gera svo að húseigendur geti lagt í fjárfestingu við endurbætur og einangrun húsa samkvæmt þeim tillögum sem ráðgjafar um orkusparnað hafa unnið á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi?

Nd. 400. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum nr. 52 frá 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Svavar Gestsson, Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

C-liður 3. gr. laganna orðist svo:
c. að veita öryrkjum, unglingum og eldra fólki aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta lýtur að því að sú einfalda breyting verði gerð á lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun, að meðal hlutverka vinnumiðlunar verði að útvega eldra fólki, sem er starfs vant og hefur starfsheilsu, aðstoð til þess að afla sér atvinnu við hæfi. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að vinnumiðlun, sem starfrækja ber í hverjum kaupstað eða kauptúni með 300 íbúa eða fleiri, hafi slíkum skyldum að gegna gagnvart öllum öðrum, þ. á m. gagnvart unglingum og öryrkjum. Eini hópurinn, sem af einhverjum ástæðum hefur orðið útundan, er eldra fólkið. Þó er atvinnuvandi þess oft einna mestur, t. d. fólks sem látið hefur af störfum sökum langs starfsaldurs en heldur enn starfsþreki og vill fá að halda áfram að vinna sér og öðrum til gagns. Það er ekki aðeins til hagsbóta fyrir heildina að starfskraftar þessa fólks, sem aflað hefur sér mikillar reynsluþekkingar, fái að njóta sín heldur er það einnig heilsufræðilegt atriði að fólk, sem vill vinna, fái að vinna. Fátt er meira niðurdrepandi fyrir andlega og líkamlega heilbrigði karls eða konu, sem vanist hefur vinnu og skilað miklu ævistarfi, en að uppgötva einn góðan veðurdag að ekkert viðfangsefni sé lengur fyrir hendi þótt hvorki vinnuvilja né starfsheilsu bresti. Skapar þetta oft mikinn og sáran vanda sem iðulega er mætavel unnt að leysa ef einhver vill veita sitt lið. Margt eldra fólk, sem vanist hefur því um ævina að líta á sjálft sig sem fullgilt til verka, veigrar sér við og forðast að ganga bónarveg milli vinnustaða í atvinnuleit eftir að hafa skilað fullgildu ævistarfi. Öðru máli gegndi ef það gæti leitað milligöngu vinnumiðlunar á vegum sveitarfélagsins sem með lögum hefði verið falið að veita eldri þjóðfélagsþegnum sömu fyrirgreiðslu og þjónustu og öllum öðrum. Með sama hætti er það algengt að fólk, sem látið hefur af störfum vegna starfsaldurs, flytjist í nýtt umhverfi þar sem það þekkir lítið til. Segir það sig sjálft hversu miklu auðveldara væri fyrir það fólk að geta eins og allir aðrir þegnar þjóðfélagsins snúið sér til vinnumiðlunar í viðkomandi sveitarfélagi með fyrirspurnir um vinnumál en að leita á náðir ókunnugs fólks í framandi umhverfi.

Þetta eldra fólk, sem öðlast hefur mikla reynslu og þekkingu á langri vegferð, er oft á tíðum vinnukraftur sem nýtist ekki síður, jafnvel betur, en þeir sem meiri starfsorku hafa. Sé vinnan þessu fólki ekki um megn er trúrri, samviskusamari og dyggari vinnukraft vart hægt að fá. Ýmsir atvinnurekendur myndu því án efa hafa hag af því og jafnvel leita eftir því að vinnumiðlanir í sveitarfélögum hefðu milligöngu um starfsútvegun fyrir eldra fólkið.

Ekki verður í fljótu bragði séð nein haldbær ástæða fyrir því að eldra fólk skuli sérstaklega undanþegið þeirri þjónustu sem vinnumiðlanir veita, — einu þjóðfélagsþegnarnir sem það eru að börnunum undanteknum. Verður því að líta svo á að hér sé frekar um vangá að ræða en meðvitaðan ásetning löggjafans. Er þá fyllilega orðið tímabært að úr þeirri vangá sé bætt.

Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um þróunarverkefni á Vestfjörðum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að semja álitsgerð um framkvæmd þróunarverkefna í atvinnumálum á Vestfjörðum í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, efla vöxt byggðarkjarna og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Í álitsgerðinni skulu koma fram, auk ábendinga um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þ. á m. um hvaða sértækum aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkisins til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu.

Greinargerð.

Öflugir og vaxandi þéttbýliskjarnar eru án efa einn snarasti þáttur í því að byggð verði traust á Vestfjörðum. Þeim mun meiri þjónustu sem hægt er að sækja í heimabyggð eða næsta nágrenni þeim mun traustari verður búsetan í byggðinni allri og þeim mun betur nýtast einnig byggðinni sjálfri þau verðmæti sem t. d. skapast í frumframleiðslugreinum.

Á undanförnum árum hefur atvinnuástand yfirleitt verið gott á flestum þéttbýlissvæðum á Vestfjörðum og atvinnutekjur verið góðar, víða talsvert yfir landsmeðaltali. Samfara þessari þróun dró mjög úr fólksflótta frá landsvæðinu sem heild og á mörgum stöðum, einkum þar sem atvinna var næg og atvinnutekjur miklar, fjölgaði fólki talsvert. Fólksflutningar voru enn talsverðir úr mesta dreifbýlinu enda má færa rök fyrir því að með aukinni framleiðni í landbúnaði sé undir flestum kringumstæðum líklegt að fólki fækki hlutfallslega eitthvað í sveitum nema önnur atvinnustarfsemi en landbúnaður bætist þar við. Á móti þessari fækkun vann hins vegar fólksfjölgun á þéttbýlisstöðunum enda auðsjáanlegt að svo verður að vera ef halda á jafnvægi í byggð landsins milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Búsetuhreyfingar innanlands verður aldrei hægt að stöðva enda er slíkt ekki æskilegt og allar líkur benda til að með aukinni tæknivæðingu og framförum í landbúnaði muni fólki enn halda áfram að fækka við þau störf. Spurningin er því sú hvort unnt er að svara þeirri þróun með eflingu þéttbýliskjarnanna á landsbyggðinni til mótvægis og ef það tekst þá er jafnvægi varðveitt í byggð landsins því að æskilegra hlýtur að vera út frá því sjónarmiði að fólk flytji búferlum frekar um skamma leið en langa.

Enginn vafi er á hvar leita eigi skýringarinnar á því að stórlega dró úr fólksflutningum frá Vestfjörðum á áttunda áratugnum og þéttbýli efldist þar. Þær breytingar héldust í hendur við mikil umskipti í tekjumöguleikum fólks á Vestfjörðum miðað við landsmeðaltal. Í upphafi áttunda áratugarins, þegar enn var mikill fólksflótti frá Vestfjörðum, voru meðalbrúttótekjur framteljenda þar nokkuð undir landsmeðaltali. Við lok þess áratugar, þegar fólksflóttinn hafði stöðvast, höfðu meðaltekjur á Vestfjörðum vaxið meira hlutfallslega en í nokkrum öðrum landshluta og voru komnar talsvert yfir landsmeðaltal. Það er engin tilviljun að samsvörun er þarna á milli.

Ástæðan fyrir því að atvinnutekjur uxu svo mjög á Vestfjörðum á þessum áratug er vafalaust mikil uppbygging í fiskvinnslu, en á áttunda áratugnum var fiskvinnslan næst mesta vaxtargreinin í íslensku atvinnulífi, næst á eftir þjónustu, og jafnframt sú grein þar sem tekjuþróun var hvað hagstæðust. Skuttogarabyltingin, sem með öðrum orðum má lýsa sem bættri aðstöðu Vestfirðinga til þess að nýta sér nábýlið við auðugustu fiskimið landsins, lagði hér grundvöllinn. Með henni sköpuðust möguleikar til uppbyggingar í mikilli vaxtargrein, fiskvinnslu, sem skilaði fólki í landshlutanum miklum tekjum. Þegar hugað er að hinni feikimiklu uppbyggingu í fiskiðnaði á Vestfjörðum á áttunda áratugnum með mikilli aukningu á atvinnutækifærum er sú niðurstaða þó ekki einhlít. Þegar betur er að gáð mátti lesa úr atvinnuþróuninni mjög alvarlegar aðvaranir sem menn veittu þó ekki athygli sem skyldi, sem sé þær að þrátt fyrir rífandi uppbyggingu í fiskiðnaði á svæðinu skorti talsvert á að kjördæmið hlyti þann atvinnulega vöxt sem það þurfti að hljóta til þess að ná landsmeðaltali í aukningu ársverka í heild. Þrátt fyrir hina miklu grósku í fiskiðnaði á Vestfjörðum hefði atvinnulífið á svæðinu þurft að skila næstum 50% meiri aukningu ársverka en það gerði til þess að ná vexti landsmeðaltals. Þrátt fyrir atvinnugreinasamsetningu, sem var Vestfirðingum hagstæð frá sjónarmiði vaxtar (hátt hlutfall fiskvinnslu sem var önnur mesta vaxtargreinin 1972—1982), þá skorti verulega á þá heildarfjölgun ársverka sem vera átti. Þetta sagði til um eitt: Hin hagstæða þróun áttunda áratugarins hvað varðar atvinnutekjur Vestfirðinga og hvað varðar hlutfallið milli aðfluttra og brottfluttra var byggð á grunni einnar atvinnugreinar, sjávarútvegs og fiskvinnslu. Önnur atvinnustarfsemi á svæðinu átti í vök að verjast, vöxtur var þar takmarkaður og vaxtarmöguleikar litlir. Enn betur sést þetta þó ef hugað er að skiptingu launa milli eiginnotaframleiðslu og skiptiframleiðslu. Þar kemur í ljós að í stærsta þéttbýlinu í landshlutanum, Ísafirði, skapast aðeins rösklega hálft starf (0,6564) í þjónustu fyrir hvert eitt sem skapast í frumframleiðslu en þetta hlutfall er til muna lægra en í mörgum öðrum þéttbýlissvæðum úti á landsbyggðinni. M. ö. o. þau umsvif í þjónustu, sem hvert starf til viðbótar á sjó eða við fiskvinnslu skapar, koma fram annars staðar en á Ísafirði sjálfum í meira mæli en víða annars staðar á landsbyggðinni. Þjónustuumsvifin skapast ekki í heimabyggðinni heldur í fjarlægum byggðarlögum, t. d. á höfuðborgarsvæðinu. Hin mikla uppbygging í fiskiðnaði með stórauknum atvinnutekjum hefur m. ö. o. ekki orðið Vestfirðingum nema að takmörkuðu liði í annarri atvinnuuppbyggingu. Hin óbeinu áhrif hafa komið fram annars staðar, orðið öðrum að gagni.

Um og eftir 1980 fer svo að verulegu marki að gæta afleiðinga af aukinni fiskveiðistjórn og auknum takmörkunum á þorskveiðum. Þá fer t. d. bæði magnhlutdeild og verðmætishlutdeild Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystiiðnaðarins að hraka. Árið 1978 nam hlutur Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystihúsa 22,8% (hlutdeild þeirra hafði vaxið úr 17,4% 1972), en árið 1982 er þetta hlutfall komið niður í 19,5%. Ef með hliðstæðum hætti er litið á framleiðsluverðmæti hraðfrystihúsanna þá vex hlutur Vestfirðinga úr 18,4% 1972 í 24,4% 1977 og 1978 en er 1982 fallinn niður í 21,4%. Allan þennan samdrátt má án efa rekja beint til aukinna veiðitakmarkana sem fylgt hafa í kjölfarið á stækkandi fiskveiðiflota. Auðvitað hefur þetta haft sín áhrif á atvinnutekjur þeirra sem fiskvinnslu stunda. Það kemur sjálfsagt ýmsum á óvart að í kaupstöðunum tveimur á Vestfjörðum, Bolungarvík og Ísafirði, reynast meðaltekjur á ársverk í fiskiðnaði 1982 vera aðeins rétt fyrir ofan landsmeðaltal (í Bolungarvík 1% fyrir ofan landsmeðaltal og á Ísafirði 4% fyrir ofan landsmeðaltal), en meðaltekjur á ársverk í fiskiðnaði í Vestmannaeyjum eru hins vegar 16% fyrir ofan landsmeðaltal. Það er hins vegar í fiskveiðunum sem vestfirsku kaupstaðirnir skera sig úr en 1982 eru meðaltekjur á ársverk í fiskveiðum í Bolungarvík 12% yfir landsmeðaltali og á Ísafirði 32% yfir landsmeðaltali, en meðaltekjur á ársverk í fiskveiðum í Vestmannaeyjum eru hins vegar 2% yfir landsmeðaltali. Gefur þetta vísbendingu um að þótt mikil tekjuvon sé enn í fiskveiðum á Vestfjörðum, a. m. k. þar sem best gerist, þá er tekjuvonin í fiskvinnslunni ekki lengur sú hin sama og hún var þegar mest og blómlegust var þar

uppbyggingin enda dregst nú saman hlutdeild Vestfirðinga í magni og verðmæti freðfiskframleiðslunnar eins og áður segir.

Og þá er ekki að sökum að spyrja. Afleiðingarnar koma strax fram í brottflutningstölunum. Afkoma Vestfirðinga hafði fyrst og fremst byggst á fiskvinnslu og veiðum og hagræðis þaðan hafði lítið gætt í öðrum atvinnugreinum. Þegar framsóknin í fiskvinnslunni stöðvaðist var ekkert sem komið gat í staðinn og brottflutningur fólks umfram aðflutning fór aftur vaxandi.

Það fer vart á milli mála að hagstætt er fyrir þjóðarheildina að nýttar verði þær auðlindir sem Vestfirðir hafa yfir að búa. Þar á meðal má nefna nábýlið við miðin og þá sérþekkingu og hæfni sem vestfirskir sjómenn og fiskiðnaðarmenn hafa tileinkað sér í útgerð skipa og vinnslu afla. En það kemur fleira til. Jarðhiti er víða á Vestfjörðum og liggur sums staðar mjög vel við. Fiskræktarmöguleikar eru miklir í hinum djúpu fjörðum. Í Ísafjarðardjúpi, í Þorskafirði og aðliggjandi fjörðum eru möguleikar til stærri og meiri framkvæmda við fiskrækt en dæmi eru til á Íslandi. Bent hefur verið á aðrar lítið kannaðar náttúruauðlindir, svo sem miklar surtarbrandsnámur, og í Önundarfirði og víðar er að finna málmgrýti sem einu sinni var rætt um að nýta en litlar athuganir hafa farið fram á lengi. Þá hafa Vestfirðingar einnig náð mjög langt í iðnaði í tengslum við sjávarútveg svo sem á sviði rafeindaiðnaðar og veiðarfæraiðnaðar. Allt eru þetta möguleikar sem lítið hefur verið hugað að vegna þess hve einhæf atvinnuþróunin hefur verið en á þessa möguleika verður nú að leggja aukna áherslu því að þeir eru forsenda þess að um áframhaldandi eflingu byggðarkjarna og þéttbýlisstaða geti orðið að ræða á Vestfjörðum.

Afskipti Framkvæmdastofnunar ríkisins af málefnum landshlutanna hafa til þessa einkum og sér í lagi verið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi hefur stofnunin með almennri áætlunargerð vísað veginn um alhliða byggðaþróun og Byggðasjóður veitt lán og styrki til almennrar atvinnuuppbyggingar að fengnum umsóknum og umsögn hlutaðeigandi lánastofnana. Í öðru lagi hefur Framkvæmdastofnunin haft sérstök afskipti af afmörkuðum byggðarlögum sem átt hafa við sérstök vandamál að stríða, svo sem rekstrarstöðvun atvinnutækja, fólksflótta, o. s. frv. Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru að gerast á atvinnuháttum landsmanna með stórfelldum veiðitakmörkunum og miðstýringu í sjávarútvegi verður hins vegar að leita nýrra leiða. Aukna áherslu verður að leggja á sérstök þróunarverkefni jafnt í atvinnulífinu með eflingu nýrra atvinnugreina og í málefnum einstakra byggðarlaga með þróunaraðgerðum sem miðast við afmarkað svæði, eitt eða fleiri. Slík þróunarverkefni geta verið með ýmsum hætti, bæði að frumkvæði Framkvæmdastofnunar og með stuðningi hennar en að frumkvæði annarra.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til að stofnuninni verði falið að semja álitsgerð um framkvæmd slíkra þróunarverkefna fyrir Vestfirði með skírskotun til þeirra sérstöðu í atvinnulífi landshlutans sem hér hefur verið lýst þar sem líkur eru til að fyrirsjáanlegar stórbreytingar í atvinnuháttum kunni, ef ekkert verður að gert, að leiða til stórfelldrar byggðaröskunar Vestfjörðum í óhag og þjóðarheildinni til tjóns. Slík þróunarverkefni eiga í fæstum tilvikum að vera frumkvæðisverkefni opinberra aðila né á sviði opinbers rekstrar, en sjálfsagt er að hið opinbera veiti t. d. einkaaðilum tiltekinn stuðning til þess að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd og getur sá stuðningur verið með margvíslegum hætti. Ekki á það aðeins við um ríkið og stofnanir þess heldur ekki síður við sveitarfélög sem veitt gætu aðstoð t. d. með tímabundinni eftirgjöf á opinberum gjöldum til atvinnulegrar uppbyggingar slíkra þróunarverkefna. Væri mikill fengur að fá slíkum hugmyndum lýst í álitsgerð sem gæti orðið grundvöllur að aðgerðum síðar meir eins og hér er gerð tillaga um hvað varðar Vestfirði sérstaklega.

Fylgiskjal I.

Innanlandsflutningar 1971—1982.

Vestfirðir.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	740	1016	−276
1972	506	624	−118
1973	535	636	−101
1974	441	567	−126
1975	472	500	−28
1976	492	627	−135
1977	633	636	−3
1978	477	544	−67
1979	590	583	7
1980	535	588	−53
1981	498	561	−63
1982	602	805	−203
Alls	6521	7687	−1166

Fylgiskjal II.

Fólksflutningar til og frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum 1971—1982.

Hólmavík.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	5	30	−25
1972	31	12	19
1973	7	15	−8
1974	41	25	16
1975	26	24	2
1976	23	21	2
1977	27	16	11
1978	24	36	−12
1979	29	17	12
1980	17	23	−6
1981	23	13	10
1982	22	33	−11
Alls	275	265	10

Súðavík.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	6	16	−10
1972	20	9	11
1973	21	24	−3
1974	4	8	−4
1975	16	14	2
1976	3	15	−12
1977	14	12	2
1978	7	15	−8
1979	9	9	0
1980	14	8	6
1981	14	11	3
1982	23	23	0
Alls	151	164	−13

Bolungarvík.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	27	63	−36
1972	61	54	7
1973	46	62	−16
1974	49	51	−2
1975	61	50	11
1976	85	39	46
1977	104	51	53
1978	64	66	−2
1979	64	60	4
1980	73	93	−20
1981	67	69	−2
1982	66	61	5
Alls	767	719	48

Ísafjörður.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	497	567	−70
1972	109	135	−26
1973	193	187	6
1974	101	180	−79
1975	146	132	14
1976	158	175	−17
1977	219	171	48
1978	131	133	−2
1979	169	142	27
1980	161	154	7
1981	175	167	8
1982	189	239	−50
Alls	2248	2382	−134

Suðureyri.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	59	49	10
1972	38	49	−11
1973	25	68	−43
1974	35	41	−6
1975	28	50	−22
1976	25	42	−17
1977	25	37	−12
1978	51	20	31
1979	33	52	−19
1980	27	39	−12
1981	19	37	−18
1982	28	67	−39
Alls	393	551	−158

Flateyri.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	12	31	−19
1972	26	46	−20
1973	31	30	1
1974	16	32	−16
1975	8	14	−6
1976	32	28	4
1977	26	26	0
1978	42	24	18
1979	30	32	−2
1980	37	37	0
1981	30	21	9
1982	24	27	−3
Alls	314	348	−34

Þingeyri.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	12	34	−22
1972	13	26	−13
1973	23	14	9
1974	23	29	−6
1975	9	21	−12
1976	18	34	−16
1977	16	16	0
1978	20	32	−12
1979	25	24	1
1980	49	27	22
1981	23	23	0
1982	15	41	−26
Alls	246	321	−75

Bíldudalur.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	13	36	−23
1972	37	35	2
1973	24	29	−5
1974	18	28	−10
1975	18	11	7
1976	13	48	−35
1977	26	25	1
1978	18	6	12
1979	30	23	7
1980	15	25	−10
1981	18	22	−4
1982	34	18	16
Alls	264	306	−42

Tálknafjörður.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	11	14	−3
1972	22	5	17
1973	13	17	−4
1974	16	6	10
1975	8	11	−3
1976	12	11	1
1977	23	13	10
1978	21	15	6
1979	34	22	12
1980	26	17	9
1981	23	27	−4
1982	23	25	−2
Alls	232	183	49

Patreksfjörður.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	34	59	−25
1972	55	53	2
1973	56	55	1
1974	39	43	−4
1975	47	60	−13
1976	42	46	−4
1977	50	67	−17
1978	26	69	−43
1979	57	62	−5
1980	62	49	13
1981	51	63	−12
1982	76	85	−9
Alls	595	711	−116

Fylgiskjal III.

Breytingar á brottflutningstíðni frá 1965—1970 til 1972—1982.

	Nettó brottflutningstíðni í % 1965—1970	Nettó brottflutningstíðni í % 1972—1982
	(1)	(2)
Reykjavík	−0,40	5,48
Reykjanes	−11,96	−14,83
Vesturland	5,99	1,83
Vestfirðir	12,08	8,78
Norðurland vestra	9,91	4,81
Norðurland eystra	3,48	−1,42
Austurland	4,24	0,59
Suðurland	0,87	5,60

Sé litið á skemmra tímabil, t. d. árin 1965—1970 samanborið við 1977—1982, sést enn betur hve dregið hefur úr fólksflutningum frá Vestfjörðum. Þó skal tekið fram að frá og með 1982 hefjast á ný miklir flutningar fólks frá Vestfjörðum.

Breytingar á brottflutningstíðni 1965—1970 og 1977—1982.

	Nettó brottflutningstíðni 1965—1970, %	Nettó brottflutningstíðni 1977—1982, %	Breyting frá 1965—1970 til 1977—1982, %
	(1)	(2)	(3)=(2)−(1)
Reykjavík	−0,40	2,35	−2,75
Reykjanes	−11,96	−6,77	−5,19
Vesturland	5,99	1,38	+4,61
Vestfirðir	12,08	3,75	+8,33
Norðurland vestra	9,91	2,47	+7,44
Norðurland eystra	3,48	−0,07	+3,55
Austurland	4,24	1,51	+2,73
Suðurland	0,87	2,39	−1,52

Fylgiskjal IV.

Aukning ársverka í atvinnugreinum eftir landshlutum 1972—1980.

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Alls	%
Fiskveiðar	−47	+144	+169	−66	+122	+197	+53	+31	+603	(+12,1)
Landbúnaður	−25	−178	−210	−426	−166	−451	−282	−398	−2 136	(−23,8)
Fiskiðnaður	+361	+363	+224	+632	+250	+496	+780	−45	+3 331	(+49,1)
Annar iðnaður	+230	+969	+261	+41	+320	+364	+139	+130	+2 454	(+15,6)
Byggingariðnaður	−761	+737	+74	+136	+171	+190	+178	+260	+985	(+10,1)
Veitur	+180	−14	+21	+58	+6	+19	+46	+29	+345	(+42,7)
Samgöngur	−382	+113	+40	+26	+24	+83	−20	+91	−25	(−0,3)
Verslun og viðskipti	+1 257	+741	+112	+49	+74	+311	+213	+93	+2 850	(+21,5)
Þjónusta	+4 043	+3 002	+445	+200	+280	+854	+388	+628	+9 840	(+51,3)
Heild	+5 126	+5 877	+1 136	+650	+1 081	+2 063	+1 495	+819	+18 247	
Í %	(+12,7)	(+46,2)	(+21,6)	(+14,6)	(+30,8)	(+23,3)	(+34,5)	(+10,7)	(+20,9)	

Fylgiskjal V.

Aukning ársverka í einstökum landshlutum 1972—1982 umfram eða undir landsmeðaltali.

	Aukning ársverka 1972—1980	%	Aukning sé miðað við jafnan vöxt	%	Mismunur á aukningu og meðaltali	%
	(1)		(2)		(3)=(1)−(2)	
Reykjavík	+5 126	(+12,7)	+8 452	(+20,9)	−3 326	(−8,2)
Reykjanes	+5 877	(+46,2)	+2 662	(+20,9)	+3 225	(+25,3)
Vesturland	+1 136	(+21,6)	+1 103	(+20,9)	+33	(+0,7)
Vestfirðir	+650	(+14,6)	+935	(+20,9)	−285	(−6,3)
Norðurl. vestra .	+1 081	(+30,8)	+736	(+20,9)	+345	(+9,9)
Norðurl. eystra .	+2 063	(+23,3)	+1 853	(+20,9)	+210	(+2,4)
Austurland	+1 495	(+34,5)	+906	(+20,9)	+589	(+13,6)
Suðurland	+819	(+10,7)	+1 600	(+20,9)	−781	(−10,2)
Heild	+18 247	(+20,9)	+18 247	(+20,9)		

Af þessari töflu má m. a. sjá að þrátt fyrir mikinn vöxt fiskvinnslu á Vestfjörðum skortir 285 ársverk til þess að vöxtur atvinnulífs í kjördæminu nái landsmeðaltali. Þetta gerist þrátt fyrir hagstæða atvinnuskiptingu á Vestfjörðum með tilliti til vaxtar. M. ö. o. vaxtarþáttur atvinnulífsins á svæðinu er lítill þrátt fyrir hagstæðar aðstæður að sumu leyti.

Fylgiskjal VI.

Atvinna við fiskveiðar.

	Meðalfjöldi ársverka í fiskveiðum á ári		Breyting í % frá 1969—1971 til 1978—1980
	1969—1971	1978—1980	
	(1)	(2)	(3)
Reykjavík	806	501	−37,8
Reykjanes	934	1 270	+36,0
Vesturland	535	680	+27,1
Vestfirðir	759	665	−12,4
Norðurl. vestra	181	261	+44,2
Norðurl. eystra	693	787	+13,6
Austurland	587	585	−0,3
Suðurland	537	659	+22,7

Fylgiskjal VII.

Atvinna við fiskiðnað.

	Meðalfjöldi ársverka í fiskiðnaði á ári		Breyting í % frá 1969—1971 til
	1969—1971	1978—1980	1978—1980
	(1)	(2)	(3)
Reykjavík	764	1 053	+37,8
Reykjanes	1 505	1 646	+9,4
Vesturland	690	897	+30,0
Vestfirðir	913	1 431	+56,7
Norðurl. vestra	371	623	+67,9
Norðurl. eystra	771	1 235	+60,2
Austurland	678	1 230	+81,4
Suðurland	938	1 131	+20,6

Fylgiskjal VIII.

Meðalbrúttótekjur framteljenda eftir skattumdæmum.

	1972	1981	Breyting
	(1)	(2)	(3)=(2)−(1)
Reykjavík	103	97	−6
Reykjanes	110	110	0
Vesturland	95	99	+4
Vestfirðir	97	108	+11
Norðurland vestra	82	88	+6
Norðurland eystra	95	98	+3
Austurland	88	95	+7
Suðurland	96	100	+4

Sþ. 402. Tillaga til þingsályktunar [230. mál]

um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna í samráði við ríkisstjórnir annarra Norðurlanda að yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Leitast skal við að tryggja slíka yfirlýsingu með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti og viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum.

Greinargerð.

Barátta fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum hefur lengi verið á dagskrá norrænna friðarsinna. Framan af voru hugmyndir manna um stærð svæðisins og þær reglur, sem þar skyldu gilda, allmismunandi. Sumir vildu t. d. að aðeins skandinavísku löndin yrðu innan svæðisins en aðrir vildu að það yrðu Norðurlönd öll.

Árið 1982 tóku friðarhreyfingar á Norðurlöndunum að samræma hugmyndir sínar í þessu efni og héldu í því skyni nokkra samráðsfundi. Samtök herstöðvaandstæðinga sendu fulltrúa á þessa fundi fyrir Íslands hönd. Síðasti samráðsfundurinn var haldinn í Norræna húsinu í Reykjavík 23.—24. apríl 1983 og þá voru endanlega samþykktar samræmdar hugmyndir norrænna friðarhreyfinga um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Samþykkt þessi er tímamótaviðburður sem vafalítið á eftir að hafa áhrif á alla friðarbaráttu í þessum heimshluta. Ef vel tekst til verður þetta fyrsta skref Norðurlandanna til myndunar friðarbandalags sem verða mun fordæmi um heim allan í baráttu mannkynsins gegn örvita vígbúnaðaræði og kjarnorkuvopnakapphlaupi.

Samþykkt friðarhreyfinga á Norðurlöndunum um Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, sem undirrituð var á fundi þeirra í Norræna húsinu í Reykjavík 23.—24. apríl árið 1983, er prentuð sem fylgiskjal með þessari tillögu. Þar er að finna meginatriði tillögunnar ásamt greinargerð þar sem m. a. er skilgreint hvað er átt við með „kjarnorkuvopnum“ og „kjarnorkuvopnalausum svæðum“.

Fylgiskjal I.

Samþykkt samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.—24. apríl 1983:

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.
I. Inngangur: Ný lausn í öryggismálum.

Tvenns konar meginsjónarmið eru uppi í þeirri viðleitni að hindra að stríð brjótist út. Annars vegar er hugmyndin um ógnarjafnvægi lögð til grundvallar; uppbygging nægilega mikils vígbúnaðar á að hindra andstæðinginn í að reyna árás. Hins vegar er gert ráð fyrir samkomulagi: með alþjóðlegum samningum og nýjum samstarfsformum má skipa svo málum að ríki leysi ágreiningsmál sín án þess að beita vopnavaldi.

Frá lokum seinni heimsstyrjaldar hefur hugmyndin um ógnarjafnvægi verið höfð að leiðarljósi. Þetta hefur haft í för með sér síaukinn vígbúnað, miklar efnahagslegar fórnir fyrir allan heim. Nú er svo komið að sjálf tilvist vopnanna ógnar öryggi okkar. Þess vegna gerast þær raddir nú æ háværari sem krefjast nýrrar stefnu í öryggismálum.

Sú stefna í þeim málum sem nú er framkvæmd bæði af þjóðríkjum og valdablokkum leiðir sjálfkrafa til aukins vígbúnaðar. Það er því nauðsynlegt að nýjar lausnir í öryggismálum eigi sér alþjóðlegan grundvöll. Það eru hagsmunir alls mannkyns að unnt verði að hefja afvopnun sem nái til heimsins alls. Þar geta bæði lítil ríki og stór átt hlut að máli með því að koma á fót friðarsvæðum þar sem samskipti ríkjanna innbyrðis og milli ríkjanna innan og utan slíkra svæða byggja á gagnkvæmu trausti og samvinnu.

Sex óháðar friðarhreyfingar í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa í sameiningu unnið upp þessar tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum sem lið í þeirri stefnu sem fyrr var talað um. Við höfum lagt áherslu á að meta á raunsæjan hátt þær aðstæður og þá möguleika sem fyrir hendi eru og við teljum að í höfuðdráttum hafi tillögur okkar víðtækan stuðning á bak við sig.

Við skorum á stjórnmálamenn á Norðurlöndum að vinna að því í fullri alvöru að koma á fót kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum á grundvelli þessara tillagna.

Það er sagt að baráttuna fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum verði að skoða í víðu samhengi, evrópsku eða alþjóðlegu. Við erum einnig þessarar skoðunar. Ef stofnun slíks svæðis verður ekki annað en einangrað frumkvæði landa okkar í heimi þar sem vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram óhindrað mun það brátt missa gildi sitt. En það er einnig skoðun okkar að víðtæk afvopnun verði aðeins að veruleika með stöðugri þróun þar sem enginn setur fram skilyrði eða bíður eftir fyrsta útspili frá öðrum, heldur leggi hver fram sinn skerf og hvetji aðra til hins sama. Sjálfstætt frumkvæði verður að koma til. Ef við samþykkjum öryggismálastefnu sem byggir á tilvist kjarnorkuvopna og hugsanlegri notkun þeirra höfum við um leið gefið samþykki okkar fyrir vitfirringu kjarnorkuvopnakapphlaupsins.

Það kemur fram í þeim kafla tillagna okkar, sem ber yfirskriftina „Markmið", að við lítum á „varnir með kjarnorkuvopnum" sem ögrun við okkar eigin tilveru og siðlausa aðferð í baráttu gegn óvini. Stofnun svæðisins er þess vegna hugsuð sem sjálfstætt frumkvæði Norðurlandanna. Hún á að útrýma hugsanlegum ástæðum fyrir beitingu kjarnorkuvopna gegn löndunum sem svæðið mynda og standa sem fyrsta varðan á leið til frekari afvopnunar og slökunar. Stofnun svæðisins á einnig að geta komið af stað auknum umræðum um kjarnorkuvígbúnaðinn og valdbeitingarpólitík stórveldanna.

Það er í þágu alls mannkyns að einhver taki fyrsta skrefið á leiðinni til nýrrar alþjóðlegrar öryggismálastefnu sem byggist á samstarfi milli allra þjóða heims. En vegna hefðbundinna viðhorfa í þessum málum krefst slíkt frumkvæði þess að við höfum hugrekki til að fara nýjar leiðir sem enginn getur vitað fyrir hvert liggja. Margir hafna hugmyndum okkar af þessum sökum. Þeir viðurkenna þær hættur sem okkur stafar af kjarnorkuvígbúnaði og kjarnorkuvörnum en eru engu síður óttaslegnir við tilhugsunina um að gefa upp á bátinn þau sjónarmið sem þeir hafa vanist að taka góð og gild því að hið venjubundna veitir í sjálfu sér ákveðna öryggiskennd. Í heimi nútímans veldur þetta kreppu sem verður að taka alvarlega. Stjórnmálamenn verða að taka á sig þá ábyrgð að rísa gegn þessum skilningi á öryggishugtakinu.

Andstæðan við hernaðarlegar lausnir eru friðsamlegar lausnir. Andstæðan við hernaðarbandalög eru friðarbandalög sem leiðir til slíkrar sambúðar þjóðanna að öryggið situr í fyrirrúmi og valdbeiting til lausnar deilumála kemur ekki til greina. Flest deilumál í heiminum eru nú þegar leidd til lykta á friðsamlegan hátt. Að öðrum kosti byggjum við alls staðar við stöðugt stríðsástand. Og friðsamlegar lausnir deilumála undanfarin ár er naumast

hægt að rekja til þess að við höfum hættuna af kjarnorkuvopnum hangandi yfir höfðum okkar.

Norðurlöndin hafa lengi leyst innbyrðis deilumál sín friðsamlega. Dæmi um þetta eru m. a. þegar sambandið milli Noregs og Svíþjóðar var leyst upp 1905, lausn deilumála Íslands og Danmerkur 1918, þegar Ísland öðlaðist fullveldi, lausnin á deilunum um Álandseyjar milli Svíþjóðar og Finnlands í kringum 1920 og lausn deilnanna um Grænland milli Noregs og Danmerkur í byrjun fjórða áratugarins. Í samhengi við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum ætti það því að vera mögulegt að koma á fót norrænum og alþjóðlegum stofnunum sem hafi þau verkefni að efla innbyrðis samskipti milli aðildarlanda svæðisins svo og milli aðildarlandanna og umheimsins, þ. á m. stórveldanna, í þeim tilgangi að vinna að lausn þeirra vandamála sem kunna að koma upp og bæta skipulag svæðisins og útvíkka það.

Þetta felur í sér að við byggjum upp net samskiptaleiða til að efla samstarfið. Þær geta verið til hjálpar við lausn ágreiningsmála sem kunna að koma upp; í stað þess að þau vaxi og verði óleysanleg verða þau leidd til lykta strax í opnum samningum. Ef við skipuleggjum svæðisstofnunina á þennan hátt getum við hindrað að þar verði aðeins um einangrað frumkvæði okkar að ræða.

Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis með þessum hætti mun vekja athygli og áhuga langt út fyrir Norðurlönd. Hún felur í sér nýja lausn í öryggismálum, byggða á samstarfi um sameiginlega öryggishagsmuni. Kenningin um ógnarjafnvægið yrði leyst af hólmi með þeirri grundvallarreglu að enginn á að hafa ástæðu til ótta. Það traust milli þjóða, sem ríkir í okkar heimshluta, verður að nýta til að hrinda af stað þróun í jákvæða átt sem með tíð og tíma gæti leitt til breytinga um heim allan. Sameiginlegt markmið okkar er samfélag manna sem lifir við varanlegan frið, samfélag án hættu á gjöreyðingu af völdum kjarnorkustríðs.

II. Meginatriði tillögunnar.

1. Kjarnorkuvopnalaust svæði er afmarkað svæði sem er yfirlýst kjarnorkuvopnalaust með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti og viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum.

2. Markmið með kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum er að auka öryggi með því að koma í veg fyrir kjarnorkuvígbúnað á yfirráðasvæði Norðurlanda í framtíðinni. Ákvörðun um slíkt svæði er fyrst og fremst sjálfstæð aðgerð í þágu slökunar og afvopnunar. Henni er ætlað að vera fordæmi um nýja skipan öryggismála sem markaði stefnuna til kjarnorkuvopnalausrar Evrópu. Markmiðið er heimur án kjarnorkuvopna.

3. Umfang svæðisins. Fyrirhugað er að í upphafi nái svæðið til Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og að auki til þeirra svæða í lofti og á legi sem þessi ríki hafa lögsögu yfir samkvæmt alþjóðareglum. Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þarf að skipuleggja þannig að það geti náð til Grænlands þegar og ef grænlenska þjóðin óskar þess.

4. Skilgreining kjarnorkuvopna takmarkast við sérhverja kjarnorkusprengihleðslu án tillits til annarra eiginleika og áætlaðrar notkunar.

5. Skuldbingingar landanna, sem kjarnorkuvopnalausa svæðið nær til, fela í sér:

a) að þau skuli ekki þróa, gera tilraunir með eða framleiða kjarnorkuvopn,
b) að þau skulu ekki verða sér úti um, taka á móti eða hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða,
c) að þau skulu ekki leyfa öðrum ríkjum að flytja inn, koma fyrir eða geyma kjarnorkuvopn innan svæðisins.

Að auki skulu þau skuldbinda sig til að taka ekki þátt í þróun, flutningi, æfingum eða notkun kjarnorkuvopna utan svæðisins. Allur flutningur kjarnorkuvopna um svæðið er bannaður, nema þegar slíkt er heimilt í bindandi alþjóðasamningum.

6. Skuldbindingar kjarnorkuveldanna. Kjarnorkuveldin skuldbinda sig:

a) til að virða hið kjarnorkuvopnalausa svæði,

b) til að nota ekki kjarnorkuvopn gegn löndum innan svæðisins eða ógna löndum innan svæðisins með kjarnorkuvopnum.

Þetta felur sérstaklega í sér að þau skulu hvorki flytja kjarnorkuvopn til svæðisins né brjóta landhelgi eða lofthelgi þess með neins konar farartækjum sem bera kjarnorkuvopn.

7. Viðbótarsamningar. Svæðisríkin geta gert viðbótarsamninga innbyrðis eða við kjarnorkuveldin og jafnvel önnur ríki um málefni sem ekki falla innan skilgreiningarákvæða svæðisins. Mikilvæg atriði viðbótarsamninga næðu til „ytri takmarkana“, þ. e. a. s. takmörkunar á tilteknum kjarnorkuvopnakerfum utan svæðisins sem álitið er að ógni ríkjum svæðisins sérstaklega. Slíkir viðbótarsamningar gætu náðst samtímis stofnun svæðisins en einnig mætti ná þeim síðar.

8. Fyrirkomulag eftirlits þarf að ákvarða til að tryggja að aðilar standi við skuldbindingar sínar. Öll Norðurlöndin hafa undirritað samninginn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna frá 1968 og eru því undir eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vín (IAEA). Þetta eftirlit nær til framleiðslu eigin kjarnorkuvopna.

Með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum verður einnig nauðsynlegt að fylgjast með að staðið sé við bann við útvegun kjarnorkuvopna og bann við að öðrum ríkjum sé leyft að koma kjarnorkuvopnum fyrir innan svæðisins. Þetta eftirlit tekur til landsvæða sem lúta lögsögu Norðurlanda og verður í grundvallaratriðum að vera á ábyrgð svæðisríkjanna sem þau taka á sig sameiginlega. Raunhæft gæti verið að stofna sérstaka norræna fastanefnd til eftirlits og yrði hún tengd Sameinuðu þjóðunum.

Viðbótarsamningar um takmarkanir utan svæðisins horfa nokkuð öðruvísi við þar eð þeir taka til umsvifa kjarnorkuveldanna á svæðum utan lögsögu svæðisríkjanna. Eftirlit með slíkum samningum krefst þátttöku kjarnorkuveldanna.

9. Stofnun svæðisins er sjálfstætt norrænt frumkvæði. Kjarnorkuvopnalaust svæði telst stofnað þegar tryggt hefur verið með samningi milli svæðisríkjanna að þau séu algerlega laus við kjarnorkuvopn og þessi samningur ásamt hugsanlegum viðbótarsamningum hefur verið kynntur allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

10. Frekari útvíkkun svæðisins verður tryggð með því að svæðisríkin skuldbindi sig til þess að vinna ötullega að því að stækka svæðið, þróa ákvæði samninganna og auka öryggi á því. Til þessa verði komið á fót nauðsynlegum stofnunum.

III. Greinargerð með tillögunni.

1. Kjarnorkuvopnalaust svæði.

Kjarnorkuvopnalaust svæði er afmarkað landsvæði sem lýst er kjarnorkuvopnalaust með bindandi samningum samkvæmt þjóðarétti og viðurkennt af S.þ.

Þetta er nánar útfært í lokakafla ályktunar frá fyrstu afvopnunarráðstefnu S.þ. árið 1978. Þar er lýst yfir að stofnun kjarnorkuvopnalausra svæða sé mikilvægt skref í átt að afvopnun (60). Þau ríki, sem myndi slík svæði, skuldbindi sig til að tryggja að svæðið sé að fullu og öllu án kjarnorkuvopna meðan kjarnorkuveldin eru að sínu leyti hvött til að gefa út bindandi yfirlýsingar um að þau viðurkenni stöðu þess og til að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum móti aðildarlöndum svæðisins.

Það má skýra þjóðréttarlega stöku kjarnorkuvopnalauss svæðis á marga vegu. Einn möguleiki er að gera sameiginlegan samning allra aðildarlandanna. Annar möguleiki er einhliða yfirlýsingar (loforð). Loks má hugsa sér lausn sem fæli í sér báða þessa möguleika. Sem dæmi um það má nefna Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaus svæði í S-Ameríku. Þar er annars vegar um að ræða samning milli svæðislandanna og hins vegar yfirlýsingar kjarnorkuveldanna hvors um sig.

Það má færa rök að báðum fyrrnefndum möguleikum. Eftir að hafa borið vandlega saman bækur okkar höfum við komist að þeirri niðurstöðu að við myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum þurfi löndin að gera samning sín á milli en skuldbindingar kjarnorkuveldanna kæmu fram í viðbótarsamningi. Til grundvallar þessari niðurstöðu er sú áhersla sem við leggjum á að kjarnorkuvopnalaust svæði verði byggt upp með sameinuðu og sjálfstæðu frumkvæði Norðurlandanna sjálfra í eins miklum mæli og mögulegt er.

Í sambandi við myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis geta komið til viðbótarsamningar af ýmsu tagi. Þeir geta náð til ríkja utan svæðisins og í þeim kann að verða fjallað um fleira en bann við kjarnorkuvopnum innan sjálfs svæðisins. Sérstakar viðræður milli þeirra landa, sem málið varðar, verða að koma til um hvern slíkan samning. Hvað varðar hið fyrirhugaða kjarnorkuvopnalausa svæði hér á Norðurlöndum lítum við svo á að það sé mikilvægt að slíkir samningar séu fyrir hendi þegar við stofnun svæðisins, en þeir geta einnig orðið til smám saman eftir að svæðið hefur öðlast viðurkenningu. Þetta verður tekið til nánari umfjöllunar í 7. grein.

2. Markmið.

Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum hefur það að markmiði að hindra uppbyggingu kjarnorkuvopna þar og verður aðeins að veruleika fyrir frumkvæði Norðurlandanna sem framlag þeirra til slökunar og afvopnunar. Henni er ætlað að sýna fram á möguleika á nýjum lausnum í öryggismálum með kjarnorkuvopnalausa Evrópu að framtíðarmarkmiði. Takmarkið er heimur án kjarnorkuvopna.

Vaxandi spenna milli austurs og vesturs hefur haft sín áhrif á aðstæður á Norðurlöndum. Vígbúnaður risaveldanna og markvissari stríðsundirbúningur þeirra, ekki hvað síst í Norðurhöfum, draga Norðurlönd inn í átök þeirra á nýjan hátt. Kjarnorkuvopnalaust svæði, sem bannar kjarnorkuveldunum að koma kjarnorkuvopnum sínum fyrir á Norðurlöndunum, getur unnið gegn þessu. Slíkt svæði mundi takmarka ítök kjarnorkuveldanna á Norðurlöndum sem þar með fengju meira svigrúm og meiri möguleika til að standa vörð um hagsmuni sína.

Tafarlausra aðgerða er þörf ef Norðurlönd eiga að að geta varðveitt stöðu sína í heiminum sem svæði þar sem slökunarástand ríkir. Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum er svar við þeirri mögnun spennu sem nú er ráðandi.

Áætlanirnar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum eru fullkomlega samræmanlegar stöðu bæði hinna hlutlausu Norðurlanda og hinna sem starfa innan NATO. Þær samrýmast sjálfkrafa hlutleysi Finnlands og Svíþjóðar. Norrænu NATO-löndin verða að nýta sér meðákvörðunarrétt sinn innan bandalagsins til að fá fram breytingar á hernaðaráætlunum þess svo að þær feli ekki lengur í sér notkun kjarnorkuvopna á norrænu landi. Það væri ábyrgðarlaust í því spennuástandi, sem nú ríkir, að eftirláta kjarnorkuveldunum allt frumkvæði í afvopnunarmálum. Ekkert bendir til að þau geti komið sér saman um nokkurt raunverulegt samkomulag um afvopnun. Þetta leggur öðrum löndum þá skyldu á herðar að taka málin í eigin hendur — meðan enn er tími til. Einkum á þetta við um Evrópuríki, hvort sem þau tilheyra hernaðarbandalagi eða eru hlutlaus. Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum er einmitt aðgerð sem getur hindrað stríðsundirbúninginn í Evrópu, og getur orðið fyrsta skrefið í átt til frekari afvopnunar.

Slíkt svæði yrði til stuðnings fjöldahreyfingum sem berjast fyrir breyttri öryggismálastefnu í eigin löndum og hvatning öðrum ríkjum álfunnar til að hefja öfluga baráttu gegn kjarnorkuógninni. Krafan um nýja öryggismálastefnu er nú borin fram af sterkum fjöldahreyfingum og breiðist land úr landi. Það yrði stór áfangi í þeirri baráttu ef norrænu friðarhreyfingarnar fengju framgengt kröfu sinni um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Hugmyndin um kjarnorkuvopnalaust svæði felur í sér að „vörnum með kjarnorkuvopnum“ er algerlega hafnað. Þessi vopn eru gjöreyðingarvopn og með þeim verða engin verðmæti varin. Notkun slíkra vopna felur í sér jafna hættu fyrir þann sem beitir þeim og fyrir óvininn. Þessar staðreyndir gera það ósamþykkjanlegt siðferðilega að beita kjarnorkuvopnum í stríði. Stærsta siðferðilega spurning sem nútímamaðurinn glímir við er hvort hægt sé að samþykkja „öryggismálastefnu“ sem byggist á **undirbúningi** undir svo óumræðilegan glæp gegn mannkyninu. Skoðun okkar er sú að Norðurlöndin, sem eiga sér langa hefð í að leysa deilumál friðsamlega og hafa lagt áherslu á að alþjóðaréttur sé virtur, verði að vera í fararbroddi um mótun nýrrar stefnu: við höfnum kjarnorkuvígvæðingu sem lið í öryggismálastefnu.

3. Landfræðileg afmörkun.

Kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum ber í byrjun að ná til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar ásamt land- og lofthelgi þessara landa samkvæmt gildandi alþjóðalögum (sjá nánar síðar).

Færeyjar og Ísland hafa ekki verið inni í myndinni í fyrri tillögum um þetta efni, en þessi lönd eru sögulegur, pólitískur og menningarlegur hluti Norðurlanda. Auk þess vegur þungt að sterkar óskir hafa komið fram frá báðum löndunum um að standa ekki utan kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndunum. Við viðurkennum að Norðurlöndin ganga inn í þetta samstarf af mismunandi ástæðum en við fáum ekki séð að þátttaka neins þeirra valdi vanda sem ekki er hægt að leysa.

Fram til þessa hafa ekki komið fram óskir frá Grænlendi um aðild að norræna svæðinu. Hins vegar hafa komið fram tillögur um friðað svæði sem nái til heimskautalandanna, þ. e. þeirra svæða sem byggð eru af inuitum (eskimóum).

Komi fram tillaga af Grænlands hálfu um aðild að norræna svæðinu sem skref í átt að áðurnefndu friðuðu svæði ætti hins vegar að vera auðvelt að verða við henni. Skipulag kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum verður að vera þannig í byrjun að Grænland geti orðið hluti af svæðinu ef Grænlendingar sjálfir óska þess.

Norræna svæðið nær til þeirra hafsvæða sem falla undir lögsögu hvers lands fyrir sig samkvæmt alþjóðareglum á hverjum tíma. Landfræðilega séð er því svæðið hlutað sundur af stórum alþjóðlegum hafsvæðum. En það verður framtíðarverkefni okkar að berjast fyrir því að öll þessi hafsvæði verði hluti kjarnorkuvopnalauss svæðis og að kjarnorkuvopnum verði útrýmt af öllu N-Atlantshafinu. Lofthelgi svæðisins verður að ákveða með tilvísun til þeirrar skilgreiningar sem virðist njóta mests stuðnings í þjóðarétti, en hún kveður svo á að lofthelgi lands nái svo hátt sem nútíma flugvél kemst. (Varsjárráðstefnan 1929). Samkvæmt því brjóta eldflaugar á braut utan andrúmslofts ekki lofthelgi svæðisins. Hins vegar er augljóst að stýriflaugar sem fljúga lágt yfir yfirborðinu brytu lofthelgi þeirra landa sem þær flygju yfir.

Gert verður ráð fyrir að alltaf sé unnt að færa út hið kjarnorkuvopnalausa svæði á Norðurlöndum.

4. Skilgreining á kjarnvorkuvopnum.

„Kjarnorkuvopn“ eru jafnan skilgreind sem sprengjuvirkar kjarnorkuhleðslur. Þannig eru þau til dæmis skilgreind í Tlatelolco-samningnum frá 1967 um kjarnorkuvopnalaust svæði í S-Ameríku og í samningnum um bann við útbreiðslu kjarnvorkuvopna frá 1968. Í ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1976 er skilgreiningin þannig: „Kjarnorkuvopn telst allur sá útbúnaður sem getur losað kjarnorku stjórnlaust, án tillits til annarra eiginleika eða áætlaðra nota.“

Samkvæmt þessu nær bannið á hinu kjarnorkuvopnalausa svæði til sprengjuvirkra hleðslna og einskis annars. Eigi að síður kann að reynast full ástæða til að láta bannið ná til

fleiri þátta kjarnorkuvígbúnaðar. Mikilvægar stöðvar og útbúnaður, sem geta verið hjálpartæki í kjarnorkuárás, verða skilgreindar sem ögrun í spennuástandi eða stríði. Þar sem ekki er unnt að eyða þeim með hefðbundnum vopnum geta þær orðið skotmörk fyrir kjarnorkusprengjur, — hvað sem öllum skuldbindingum líður. Slíkur útbúnaður, — í þeim mæli sem hann er að finna á svæðinu, — grefur undan trúverðugleika þess. Rökrétt afstaða til vígbúnaðar væri að Norðurlöndin stæðu utan við allan stríðsundirbúning með kjarnorkuvopnum. Þannig fæli „kjarnorkuvopnalaust svæði“ í sér stærra inntak en einungis bann við sprengjuvirkum hleðslum. Það er hins vegar afar örðugt að finna skilgreiningu á kjarnorkuvopnum sem nær skýrt til allra þátta og hægt er að beita lagalega. Þetta verður enn örðugra ef haft er í huga að stöðvar og útbúnað er oft hægt að nota í margs konar skyni og oft getur leikið vafi á um þýðingu þeirra í kjarnorkustríði. Það er mikilvægt að Norðurlönd hefjist handa um að gera yfirlit um þann búnað (og skilgreini e. t. v. um leið hernaðarþýðingu hans) sem þegar er til innan þeirra og getur staðið í sambandi við stríðsrekstur með kjarnorkuvopnum.

Í núverandi stöðu höfum við lagt áherslu á einfaldar skilgreiningar til að komast hjá ólíkum túlkunum og missætti um það hvort löndin uppfylli skyldur sínar. Við teljum því að það beri að halda sig við þá skilgreiningu að undir hugtakið kjarnorkuvopn falli einungis sprengjuvirkar hleðslur. Þyki æskilegt að banna annan útbúnað en sprengjuhleðslurnar gerist það með viðbótarsamningum hvers lands fyrir sig. Þá verður umfram allt að gera nákvæma grein fyrir því til hvers slíkt bann nær.

5. Skuldbindingar svæðislandanna.

Öll Norðurlöndin hafa undirritað og haldið samninginn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Samkvæmt honum eru þau skuldbundin til að þróa ekki, framleiða né gera tilraunir með kjarnorkuvopn. Þau eru einnig skuldbundin til að útvega ekki slík vopn, taka ekki við þeim og geyma þau ekki.

Við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis mundu bætast við nýjar skuldbindingar, þ. e. að leyfa ekki öðrum ríkjum að koma fyrir eða geyma eigin kjarnorkuvopn á því landi sem svæðið nær til. Þannig skuldbinda svæðisríkin sig til að biðja ekki um hernaðarlega aðstoð í formi kjarnorkuvopna og þau svipta kjarnorkuveldin þeim möguleika að koma fyrir kjarnorkuvopnum á svæðinu. Svæðislöndin skuldbinda sig því til að:

a) **þróa ekki, gera ekki tilraunir með eða framleiða kjarnorkuvopn**
b) **afla sér ekki kjarnorkuvopna, taka ekki við þeim né ráða yfir þeim.**
c) **leyfa ekki öðrum ríkjum að flytja inn, koma fyrir eða geyma eigin kjarnorkuvopn á svæðinu.**

Þessi atriði þarfnast nánari umfjöllunar.

Liðir a og b innihalda bann við kjarnorkuvopnum undir stjórn svæðislandanna. Liður c færir bannið yfir á kjarnorkuvopn í eigu annarra ríkja.

Liðir a og b fela einnig í sér að svæðislöndin skuldbinda sig til að taka ekki þátt í þróun, flutningum með, æfingum eða notum á kjarnorkuvopnum utan sjálfs svæðisins.

Orðalagið í lið c að löndin leyfi ekki öðrum ríkjum að koma fyrir kjarnorkuvopnum inni á svæðinu, merkir einnig að þau banna allan flutning á slíkum vopnum um landsvæði sín, landhelgi og lofthelgi, nema slíkur flutningur sé heimill samkvæmt gildandi þjóðréttarlegum samningum. Það er vert að leggja sérstaka áherslu á að bannið við flutningi kjarnorkuvopna næði til flugs með kjarnorkuvopn yfir hið kjarnorkuvopnalausa svæði. Mjög mikilvægt er að bannað yrði að rjúfa lofthelgi svæðisins með stýriflaugum eða flugvélum sem flytja kjarnavopn að skotmarki (í 7. grein munum við fjalla nánar um hvernig framkvæma má slíkt bann). Eins og við drápum á upphaflega verður skipulag svæðisins að vera tryggt með bindandi þjóðréttarlegum samningum, viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum. Þær

skuldbindingar, sem aðildarríki svæðisins taka á sig t. d. gagnvart hernaðarbandalagi, vega léttar en skuldbindingar sem leiða af aðildinni að hinu kjarnorkulausa svæði.

6. Skuldbindingar kjarnorkuveldanna.

Eins og við nefndum í 1. grein er þess krafist af kjarnorkuveldunum að þau skuldbindi sig með yfirlýsingu:

a) til að viðurkenna stöðu hins kjarnorkulausa svæðis,
b) til að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum gegn svæðislöndunum.

Þetta krefst nánari umfjöllunar.

Að viðurkenna stöðu svæðisins felur í sér að kjarnorkuveldin reyna ekki að flytja kjarnorkuvopn á svæðið og brjóta ekki land- eða lofthelgi svæðislandanna með skipum, kafbátum eða flugvélum með kjarnorkuvopn innanborðs, með stýriflaugum, eða á annan hátt. Við teljum að kjarnorkuveldin verði að koma til móts við svæðislöndin m. a. með þeim breytingum á skipan vígbúnaðar síns sem geri skuldbindingar þeirra trúverðugar.

Með samningnum um bann við dreifingu kjarnorkuvopna hafa kjarnorkuveldin þegar gefið bindandi yfirlýsingar um að þau muni ekki beita eða hóta að beita kjarnorkuvopnum gegn löndum sem ekki ráða yfir slíkum vopnum. Þess er því að vænta að þau séu reiðubúin til að gefa hliðstæðar yfirlýsingar við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum.

Allar þessar skuldbingingar verða að vera skýrar og án undantekninga eða skilyrða. Spennuástand eða stríð leysir ekki kjarnorkuveldin frá skuldbindingum sínum gagnvart svæðislöndunum.

Menn kunna að spyrja hvort á stríðstímum verði staðið við skuldbindingar um að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum. Slíkar vangaveltur ættu þó ekki að hindra aðilana í að ganga til þeirra samninga sem þeir óska. Í öllum alþjóðasamskiptum gildir sú regla að samningum megi segja upp séu þeir brotnir. Brot á samningum er pólitísk áhætta ekki síst á spennutímum þegar hætta er á að upp úr sjóði.

Það er rétt að minna á í þessu samhengi að tilgangurinn með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum er ekki að tryggja Norðurlöndum framtíð sem friðaðri eyju í geislavirkum rústum eftir kjarnorkustríð, heldur er ætlunin að hrinda af stað þróun sem gæti komið í veg fyrir sjálft stríðið. Í því samhengi geta skuldbindingar kjarnorkuveldanna haft þýðingu, einkum ef þeim er fylgt eftir með aðgerðum sem auka áreiðanleika þeirra. Þetta verður nánar rætt í 7. og 10. grein.

7. Viðbótarsamningar.

Við höfum þegar nefnt í 1. grein. að í samhengi við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis geta komið til viðbótarsamningar sem fjalla um atriði utan við sjálfa skilgreiningu svæðisins. Slíkir samningar geta náð bæði til kjarnorkuveldanna og svæðislandanna og einnig til annarra ríkja, t. d. þeirra sem næst liggja svæðinu.

Í 4. grein nefndum við möguleika á að gera viðbótarsamninga um stöðvar og útbúnað innan svæðislandanna sem hafa ekki að geyma sprengjuvirkar hleðslur. Fyrst og fremst er þar um að ræða útbúnað sem hefur þann einhliða tilgang að geyma eða standa á annan hátt í tengslum við sprengjuvirkar hleðslur. Þýðing slíks útbúnaðar verður að engu í sjálfu sér ef sprengjuvirkar hleðslur verða bannaðar.

Vandamálið verður flóknara þegar um er að ræða útbúnað sem hægt er að nýta á ýmsa vegu og deilur geta staðið um hverja þýðingu hafi í kjarnorkustríði. Hér þarf að grípa til sérstakra samninga og fara með gætni. Minnt skal á að sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að hvert ríki geti losað sig við umdeildan útbúnað með eigin ákvörðun.

Sérstaklega er mikilvægt að gerðir verði viðbótarsamningar um vissar gerðir kjarnorkuvopnakerfa sem komið er fyrir utan svæðisins en geta ógnað svæðislöndunum. Fyrst og

fremst á þetta við um kjarnorkuvopn sem talið er að beinist einhliða að svæðislöndunum vegna staðsetningar, drægni eða annarra eiginleika. Hlutverk þeirra yrði þegar horfið vegna skuldbindinga um að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum gegn svæðislöndunum. Það verður þó að liggja ljóst fyrir að varla finnst mikið af kjarnorkuvopnum í heiminum sem er einhliða beint að Norðurlöndunum. Það getur einnig orðið erfitt að ná einingu um hvaða vopnum er svo fyrir komið.

Í öllu falli mun það sýna sig að umræður um slíkt hafa ekki mikla þýðingu. Höfuðatriðið varðandi hinar svokölluðu ytri takmarkanir er þýðing þeirra fyrir gagnkvæmt traust ríkjanna. Þau vopn, sem til eru í nágrenni svæðisins og skoðast sem ögrun við svæðislöndin, eru mikilvæg í þessu samhengi, þótt Norðurlönd séu aðeins meðal margra skotmarka sem til greina koma.

Í ljósi þessa er rétt að nefna nokkur af þeim vopnakerfum sem hér hafa sérstaka þýðingu. En hér er aðeins um dæmi að ræða, önnur sem ekki eru nefnd geta verið jafnmikilvæg.

— Sovéskir kafbátar í Eystrasalti sem flytja kjarnorkuvopn (einkum tegundin Golf) eru veruleg ögrun. Það hefði mikil áhrif til gagnkvæms trausts ef samningar næðust um að þeir yrðu fjarlægðir.

— Sovéskar eldflaugar, stutt- og meðaldrægar á Kólaskaga og á syðri hluta Leningradsvæðisins (t. d. Frog, Scud. SS-12 og SS-5) eru mikil ögrun, einkum fyrir þá hluta Norðurlanda sem liggja innan skotsvæðis þeirra. Það mundi auka gagnkvæmt traust ef þessi vopnakerfi yrðu takmörkuð og helst lögð niður (þetta á einkum við um langdrægustu eldflaugarnar, s. s. SS-5 og SS-12)

— Bandarísku Lance eldflaugarnar og 155 millimetra kjarnorkuvirkið í Schleswig-Holstein eru sérstakt vandamál því að á stríðstímum heyra þessi tæki undir NATO-stöðina í Karup á Jótlandi (COMBALT AP) sem einnig er stjórnstöð fyrir danska herinn. Þessi samþætting danska heraflans og stærri einingar, sem ræður yfir kjarnorkuvopnum og getur að öllum líkindum beitt þeim án tillits til landamæra Danmerkur og Þýskalands, gerir það að verkum að erfitt er að líta á Danmörku sem land án kjarnorkuvopna. Því væri mikilvægt að þessi vopn yrðu fjarlægð. Það mætti einnig líta á það sem lið í áætlun Palme-nefndarinnar um kjarnorkuvopnalaust belti gegnum Evrópu, milli hernaðarblokkanna tveggja.

— Bandarísku stýriflaugunum, sem komið verður fyrir í sjó og í lofti og verða samkvæmt áætlun settar upp á næstunni, væntanlega í Noregshafi meðfram norðvesturhluta Sovétríkjanna, munu ætlaðar brautir yfir norskt, sænskt og finnskt land. Ekkert öflugt eftirlitskerfi er til varðandi stýriflaugarnar og nærvera þeirra skapar hættu á skyndilegum og ófyrirséðum loftárásum. Þetta er sérstaklega mikið vandamál fyrir Svíþjóð og Finnland sem byggja hlutleysi sitt á traustum yfirráðum innan eigin lögsögu. Þar í er falinn vilji og hæfni til að hindra að lofthelgin verði notuð sem árásarleið til þriðja aðila. Flugvélar og skip, sem bera stýriflaugar í Noregshafi, eru því til þess fallin að auka á óstöðugleika í N-Evrópu. Slík staðsetning mundi einnig grafa undan trausti á norræna svæðinu þar sem sýnt þætti að tryggingin gegn flugi með eldflaugar yfir því væri ekki fullnægjandi. Það hefði því mikla þýðingu ef þessi búnaður fengist fjarlægður. Samningur um, að flugvélar eða skip með stýriflaugar innanborðs séu ekki í nánar ákveðinni fjarlægð frá mörkum svæðisins, gæti komið hér að gagni.

Síðasta dæmið um stýriflaugarnar er nokkuð annars eðlis en hin fyrri þar eð þar er ekki um að ræða að draga úr vígbúnaði sem þegar er fyrir hendi, heldur koma í veg fyrir uppsetningu nýs vígbúnaðar. Það er þó ekki síður mikilvægt. Viðleitni sem beinist gegn endurnýjun vígbúnaðar er ekki síður mikilvæg en einangrun vopnakerfa sem þegar eru fyrir hendi.

Ákvarðanir sem varða ytri mörk geta fengist fram með samningum. En í mörgum tilfellum þarf að vera rými fyrir einhliða aðgerðir, t. d. þegar um er að ræða að leggja niður

eldri vopnakerfi sem ekki hafa lengur tilgang án uppsetningar nýrra kerfa í staðinn. Þetta kæmi í kjölfar sjálfstæðra ályktana sem ætíð þurfa að koma til, bæði í pólitískum efnum sem hernaðarlegum.

Viðbótarsamningarnir geta orðið að veruleika smám saman. Þá má ekki skoða sem nauðsynleg skilyrði þess að norræna kjarnorkuvopnalausa svæðið geti orðið að veruleika enda þótt það gæti skapað meiri einingu um hugmyndina og gert pólitískt auðveldara að hrinda henni í framkvæmd ef þegar í byrjun næðust slíkir samningar um aðgerðir er ykju trúnað milli ríkja.

8. Reglur um eftirlit.

Samhliða samningi um kjarnorkuvopnalaust svæði er nauðsynlegt að reglur séu til um eftirlit til að tryggja að aðildarlöndin standi við skuldbindingar sínar. Skuldbindingar þeirra eru reifaðar í 5. grein. Hin fyrsta þessara skuldbindinga (bann við eigin framleiðslu kjarnorkuvopna) er raunar liður í samningnum um bann við dreifingu kjarnorkuvopna og er háð eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA). Önnur skuldbindingin (bann við útvegun kjarnorkuvopna) er einnig liður í sama samningi en er í framkvæmd ekki háð eftirliti á sama hátt og hin fyrri. Þriðja skuldbindingin (bann við því að leyfa öðrum ríkjum að koma kjarnorkuvopnum sínum fyrir á landi aðildarríkjanna) er ekki fyrir hendi í samningnum um bann við dreifingu kjarnorkuvopna. Þar er um að ræða nýja skuldbindingu sem aðildarlöndin taka á sig að eigin frumkvæði og hún nær yfir öll svæði sem heyra undir lögsögu viðkomandi ríkja. Eftirlitið hlýtur að verða á ábyrgð aðildarlandanna sjálfra í sameiningu.

Það ber að koma á fót norrænum eftirlitsstofnunum til að annast eftirlit með því að framfylgt sé skuldbindingum um að afla ekki kjarnorkuvopna né leyfa staðsetningu þeirra í aðildarlöndunum. Ein slík stofnun gæti verið nefnd sem starfar samfellt að því að kanna skýrslur og taka ákvarðanir um rannsóknir. Nefnd af slíku tagi ætti að starfa í tengslum við stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Skuldbindingar kjarnorkuveldanna eru skýrðar í 6. grein. Þau skulu ábyrgjast stöðu svæðisins og að ekki sé beitt þar kjarnorkuvopnum. Hin fyrrnefnda nær yfir sömu svið og fjallað er um hér að framan og krefst vart sérstakrar eftirlitsstofnunar. Sama gildir einnig um þá síðarnefndu. Erfiðustu vandamálin munu hins vegar koma til sögunnar í sambandi við hugsanlega viðbótarsamninga um ytri takmarkanir svæðanna (sjá 7. grein). Hér er um að ræða eftirlit með aðgerðum kjarnorkuveldanna utan lögsögu aðildarlanda svæðisins. Þar munu möguleikar aðildarlandanna til eftirlits verða takmarkaðir, bæði af tæknilegum og pólitískum ástæðum. En ef kjarnorkuveldin eru fús til samstarfs um stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis með ákveðnum ytri mörkum munu þau án efa fylgjast með aðgerðum hvers annars með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Því mun eftirlitið að þessu leyti verða að hvíla á kjarnorkuveldunum sjálfum í samræmi við nánari samninga þar um (sbr. Salt-samningana milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna frá 1972 og 1979 sem fela aðilunum eftirlit hvorum með öðrum með þeirri tækni sem þeir ráða yfir og í samræmi við alþjóðarétt). Eigi að síður kann að vera mikilvægt að koma á fót samráðsstofnun með fulltrúum aðildarlanda svæðisins og kjarnorkuveldanna til viðræðna um framkvæmd skipulagningar svæðisins til að tryggja að gagnkvæmt traust ríki. Þetta verður reifað nánar í 10. grein.

9. Stofnun svæðisins.

Skipulagning kjarnorkuvopnalausra svæða er liður í þróun sem hefur kjarnorkuvopnalausa Evrópu sem takmark. Þetta þýðir að líta verður á hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd í víðara evrópsku samhengi. En áætlunin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd

má ekki verða háð því að menn geri ráð fyrir því að áður, eða samhliða, verði stórvægilegar breytingar á skipan vígbúnaðarmála í Evrópu allri. Lausn vandamála Mið-Evrópu hlýtur að taka langan tíma vegna þess gífurlega fjölda kjarnorkuvopna sem þar eru. Því er mikilvægt að Norðurlönd hafi sjálfstætt frumkvæði og hrindi þróuninni af stað. Góður árangur á Norðurlöndum getur hvatt og stutt þau öfl sem vinna af alvöru að lausn vandamála Mið-Evrópu.

Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum mun krefjast skoðanaskipta og samninga margra ólíkra aðila á mislöngum tíma. Fyrsta skrefið yrði að Norðurlöndin gefi út, hvert í sínu lagi eða sameiginlega, viljayfirlýsingu um að þau muni innan ákveðins tíma lýsa yfirráðasvæði sín kjarnorkuvopnalaus. Næsta skref mundi verða að löndin næðu samkomulagi á embættismanna- eða utanríkisráðherrastigi um sameiginlegan grundvöll að samningi. Eftir það geta þau, hvert í sínu lagi eða sameiginlega, tekið upp viðræður og hafið aðgerðir í samráði við bandalagsþjóðir sínar eða önnur ríki á þessum grundvelli.

Frekari aðgerðir verða háðar árangri þessara viðræðna og það er of snemmt á þessu stigi að leggja upp áætlanir í smáatriðum fyrir það starf sem þarf að inna af höndum áður en endanlegur samningur verður lagður fyrir allsherjarþing S.þ.

Við höfum áður rætt um að gera viðbótarsamninga, einkum að því er varðar ytri mörk svæðisins. Þar þurfa kjarnorkuveldin að koma til með gagnkvæma samninga og á þeim veltur hvort slíkir samningar nást fram. Norðurlönd munu hins vegar í auknum mæli þurfa að hafa frumkvæði og milligöngu þar um. Jafnframt viljum við endurtaka það sem við höfum áður sagt að slíkar samningaumleitanir geta tekið langan tíma. Enda þótt það sé æskilegt að viðbótarsamningar liggi fyrir þegar lýst er yfir stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis má ekki leggja svo mikla áherslu á þennan þátt að það hindri stofnun svæðisins. Það getur orðið léttara að koma umdeildum hugmyndum í framkvæmd þegar svæðissamningurinn hefur verið í gildi nokkra hríð og spennuna í heimshluta okkar hefur lægt.

10. Frekari útvíkkun svæðisins.

Eins og við tókum fram í innganginum er takmarkið með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum að leggja lóð á vogarskál alþjóðlegrar afvopnunar. Eftir að hinu kjarnorkuvopnalausa svæði hefur verið lýst yfir skuldbinda aðildarríkin sig til að vinna að því að útvíkka svæðið landfræðilega og til að vinna fylgi stefnunni að baki stofnun þess. Þetta má gera með viðbótarsamningum og einnig á annan hátt.

Í umræðunum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum hefur komið fram hugmynd um að komið verði á fót svokölluðum „grisjunarsvæðum“ í kringum sjálft bannsvæðið. Það hafa komið fram ólíkar hugmyndir um það hver sé merking þessa hugtaks og óheppilegar túlkanir á því hafa leitt til þess að það hefur vakið andúð, einkum í Danmörku og Noregi. En samkvæmt þeirri skilgreiningu sem Johan Tunberger gefur í bók sinni, „Norden — en kjärnvapenfri zon“ er grisjunarsvæði „landsvæði er liggja að hinu eiginlega kjarnorkuvopnalausa svæði og þar sem ákveðin kjarnorkuvopn, sem beina má að skotmörkum innan kjarnorkuvopnalausa svæðisins, eru bönnuð“. Þessi skilgreining er, eins og sjá má, mjög nálægt því að merkja hið sama og við höfum kallað „ytri takmarkanir“ og við vísum til 7. greinar þar sem við ræðum um viðbótarsamninga um slík mörk. Við minnum á að slíkir samningar eru af ólíkum toga, þeir taka til sérhæfðra vopnakerfa og landsvæða eftir aðstæðum í hverju einstöku tilfelli. Slíka samninga má gera fyrr eða síðar, suma við stofnun svæðisins, aðra síðar (sbr. 9. grein).

Þegar rætt er um landfræðilega útvíkkun svæðisins er nærtækast að líta til Grænlands sbr. 3. grein. Grænland er tengt Norðurlöndum nánum böndum og er hernaðarlega mikilvægur hluti af Norður-Atlantshafssvæðinu. Í gegnum Grænland er hugsanlegt að ná til

heimsskautssvæðanna á vesturhvelinu og til Kanada þar sem ríkir sterkt almenningsálit á móti kjarnorkuvígbúnaði.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum yrði hlutað sundur af mörgum alþjóðlegum hafsvæðum. Það er mikilvægt að ná samningum um takmörkun flutninga á ákveðnum vopnategundum á þessum hafsvæðum eins og við höfum áður drepið á. Frá sumum þeirra ætti að vera hægt að útiloka öll kjarnorkuvopn. Besta dæmið um það er Helsingjabotn þar sem alþjóðleg siglingaleið er þröng og svæðið varla mikilvægt fyrir kjarnorkuveldin. Það verður erfiðara en um leið mikilvægara að útiloka alla umferð með kjarnorkuvopn um Eystrasaltið. Tækist það væri það stórviðburður í öryggismálum Norðurlanda. Skref í áttina væri að banna alla umferð kjarnorkuvopna um þetta hafsvæði nema um ákveðnar siglingaleiðir milli sovéskra flotahafna í Eystrasalti og í Kirjálabotni og danska hafsvæðisins. Á þessari leið giltu ákveðnar reglur, t. d. sú að allir kafbátar yrðu að fara þar um ofansjávar (þær reglur eru raunar þegar í gildi um umferð um danskt hafsvæði).

Norðursjórinn og Norður-Atlantshafið eru önnur mikilvæg hafsvæði. Þar stöndum við frammi fyrir miklum vanda því að þessi svæði yrðu raunveruleg átakasvæði ef til vopnaviðskipta kæmi milli stórveldanna. En þar af leiðir einnig að það hefði geysimikla þýðingu að stöðva vígbúnaðinn á þessum slóðum. Hér verður að stefna að því að útfæra samninga smátt og smátt og ná þannig fram frekari takmörkunum. Takmarkið er að öll kjarnorkuvopn verði bönnuð á Norður-Atlantshafinu.

Hvert og eitt hinna kjarnorkuvopnalausu svæða þarf ekki aðeins að vera vakandi fyrir öllum möguleikum til stækkunar heldur einnig fyrir samstarfi við önnur sams konar svæði. Stjórnvöld í Grikklandi, Rúmeníu, Búlgaríu og Júgóslavíu hafa haft frumkvæði að því að þróa umræður um stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Balkanskaga. Fari svo að hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og á Balkanskaga verði að veruleika er sá möguleiki fyrir hendi að þessir tveir hlutar Evrópu verði að lokum endapunktar kjarnorkuvopnalauss svæðis sem nái í gegnum alla Mið-Evrópu. Fyrsta skrefið í átt að þessu markmiði yrði að kjarnorkuveldin drægju öll kjarnorkuvopn til baka frá markalínum þeim sem skilja þau að eins og lagt er til af Palme-nefndinni. Það mundi þýða að kjarnorkuvopn yrðu flutt af stórum landsvæðum bæði Varsjárbandalagsins og NATO-ríkjanna.

Fleiri hugmyndir mætti nefna. Kjarnorkuvopnalaust svæði í Benelúxlöndunum er ofarlega á óskalistanum og þar er sterkt almenningsálit gegn kjarnorkuvopnum. Og hið stóra takmark er: Evrópa án kjarnorkuvopna.

Við notuðum nákvæmar skilgreiningar til að skýra hvað felst í hugtakinu kjarnorkuvopnalaust svæði til að forðast hártoganir (sjá 4. grein). Við höfum hins vegar bent á að til þess að strangar skilgreiningar verði ekki fjötur um fót er ráðið að ná fram viðbótarsamningum sem taka til fleiri þátta en sprengihleðslnanna (sbr. 7. grein). En þar sem málið snýst einnig um vopnabúnað innan lögsögu svæðislandanna eru fyrir hendi möguleikar á frumkvæði þeirra sem ekki krefst sérstakra samninga við önnur ríki. Hvert um sig eða í samvinnu geta löndin gengið lengra í takmörkunum vígbúnaðar en sjálfur samningurinn segir til um. Það verður að vera á ábyrgð hvers lands um sig að sjá til þess að ekki sé á yfirráðasvæðum þeirra neinn sá búnaður sem nota má sem hjálparmeðul í kjarnorkustríði. Í þessu skyni þarf að stofna til norrænna eða alþjóðlegra samtaka.

Í 8. grein komum við inn á þörfina fyrir norræna eftirlitsnefnd. Til viðbótar þarf að koma á fót breiðari norrænum samtökum með fulltrúum frá t. d. ríkisstjórnum, flokkum, herjum landanna, friðarhreyfingum og friðarrannsóknarstofnunum til að starfa með eftirlitsnefndinni, taka afstöðu til aðsteðjandi mála, halda vakandi umræðum um mál er varða svæðið, auk þess að fjalla um öryggismál almennt, einkum þau varnarform sem ekki byggjast á valdbeitingu. Samtökin ættu einnig að beita sér fyrir nánari samskiptum við kjarnorkuveldin og aðgerðum í því skyni að auka traust milli þjóða. Loks ynnu þau að því að

víkka út hið kjarnorkuvopnalausa svæði og önnuðust samstarf við þá alþjóðastofnun sem nefnd var í lok 8. greinar.

Sú alþjóðastofnun þarf að hafa fulltrúa frá aðildarlöndum svæðisins, kjarnorkuveldunum og hugsanlega öðrum löndum í tengslum við svæðið, svo og frá Sameinuðu þjóðunum. Auk þess að vera farvegur fyrir umræður um aðgerðir til að skapa trúnað þjóða í milli þarf þessi stofnun að marka um það stefnu hvernig bæta megi fyrirkomulag svæðisins og hvernig megi víkka það út. Hún hefði einnig það verkefni að efla samráð með öðrum kjarnorkuvopnalausum og friðuðum svæðum og starfa á sama hátt og aðrar stofnanir, sem við höfum nefnt, í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar.

Það skal tekið fram að það sem sagt er hér um stofnanir sem þarf að koma á legg í tengslum við hið kjarnorkuvopnalausa svæði eru aðeins lauslegar tillögur. Aðildarlöndin munu síðan verða að semja sín í milli um endanlegt skipulag þeirra.

Frá öryggispólitísku sjónarmiði er eitt markmiðanna með því að stofna kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum að vekja umræður um hugmyndafræðina að baki kjarnorkuvígbúnaðinum. Aðildarlönd svæðisins hafna þeim skilningi að öryggi byggist á ógnarjafnvægi. En til að hindra það að tilkoma hins kjarnorkuvopnalausa svæðis verði aðeins upphaf að nýrri uppbyggingu hefðbundins vopnabúnaðar verða aðildarlöndin að vinna fylgi nýjum viðhorfum í öryggismálum, viðhorfum sem byggist á aðgerðum í þá átt að skapa traust þjóða í milli og eyða tortryggni eins og mögulegt er. Raunverulegt og varanlegt öryggi er fólgið í gagnkvæmu trausti og þrotlausri baráttu fyrir friði.

Fylgiskjal II.

Foreslag til folketingsbeslutning om at gøre Norden til atomvåbenfri zone.

(Lagt fram í danska þinginu 8. febrúar 1984. Fylgiskjali sleppt).

Fremsat den 8. februar 1984 af Albrechtsen (VS), Anne Grete Holmsgård (VS), Lenger (VS), Elisabeth Bruun Olesen (VS), Tinning (VS), Pelle Voigt (SF), Margrete Auken (SF), Lilli Gyldenkilde (SF), Hanne Jacobsen (SF) og Thoft (SF)

Forslag til folketingsbeslutning

om at gøre Norden til atomvåbenfri zone

Folketinget opfordrer regeringen til at arbejde for oprettelse af en atomvåbenfri zone i Norden med udgangspunkt i det forslag, der er udarbejdet af en række nordiske fredsorganisationer.

Bemærkninger til forslaget

Som bekendt er der ikke oplagret eller opstillet atomvåben i nogen af de nordiske lande under de nuværende omstændigheder. Men for nogle af landene gælder det, at der i en ikke nærmere defineret »krisesituation« kan blive tilført atomvåben med henblik på affyring fra disse landes territorium. Danmark er et af disse lande.

Forslagsstillerne mener, at hele Norden bør gøres til et atomvåbenfrit område gennem folkeretlig bindende aftaler anerkendt af FN. Dette vil indebære, at der heller ikke i en spændings- eller kriseperiode kan opstilles atomvåben i Norden. En traktat med et lignende indhold og sigte er Tlatelolco-traktaten for Latinamerika. I Europa er der bestræbelser på at oprette en tilsvarende zone på Balkan, ligesom Palme-kommissionen har foreslået en atomvåbenfri zone i Centraleuropa. Efter forslagsstillernes opfattelse vil oprettelsen af en atomvåbenfri zone i Norden bidrage til afspænding i Europa og være med til at sikre, at Norden forbliver et lavspændingsområde.

Etablering af en atomvåbenfri zone er selvsagt en sag, som skal forhandles med de øvrige nordiske landes regeringer. Det som bilag vedhæftede forslag, udarbejdet af en række nordiske fredsorganisationer, er et udmærket udgangspunkt for sådanne forhandlinger. En tilslutning til dette beslutningsforslag indebærer ikke tilslutning til alle detaljer i forslaget, kun til de brede retningslinjer, det angiver.

Det bemærkes, at beslutningsforslaget er en genfremsættelse af et i folketingsåret 1983–84, 1. samling, fremsat forslag (se Folketingstidende 1983–84, 1. samling, forhandlingerne sp. 2029 og tillæg A sp. 1433).

Nd. 403. Lög [126. mál]

um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Afgreidd frá Nd. 29. febr.)

Samhljóða þskj. 383 (sbr. 161).

Nd. 404. Lög [31. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 29. febr.)

Samhljóða þskj. 31.

Sþ. 405. Fyrirspurnir. [231. mál]

I. Til samgönguráðherra um könnun á öryggisbúnaði fiski- og farskipahafna.

Frá Jóni Sveinssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 27. apríl 1982 um skipun og störf nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna?

II. Til félagsmálaráðherra um snjóflóðavarnir.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ástæður voru til þess að nefnd, sem hafa átti forystu um að efla varnir gegn snjóflóðum í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. apríl 1981, var lögð niður 4. júlí sl.?
2. Hvað var gert varðandi snjóflóðavarnir á vegum félagsmálaráðuneytisins á tímabilinu frá 4. júlí 1983 til 22. febrúar 1984 þegar snjóflóð féllu á Ólafsvík?
3. Hvað er fyrirhugað af stjórnvöldum um framhald þessara mála?

III. Til iðnaðarráðherra um undirbúningsframkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun.

Frá Sveini Jónssyni.

1. Hversu miklu fé er fyrirhugað að verja á árinu 1984 til áframhaldandi undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar:
   a) heildarfjárveiting,
   b) til einstakra þátta,
   c) vegna endurbyggingar þjóðvegar inn Fell og Fljótsdal að virkjunarsvæði?
2. Hvenær er talið að framkvæmdir þurfi að hefjast við virkjunina samkvæmt útboði?
3. Hvenær er ráðgert að virkjunin taki til starfa og við hvaða markaðsþróun er miðað í því sambandi?

Sþ. 406. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Sverrir Sveinsson, Jón Sveinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að haldin verið alþjóðleg ráðstefna hér á landi um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Tilgangur ráðstefnunnar verði að kynna viðhorf Íslendinga til hins geigvænlega kjarnorkuvígbúnaðar sem nú fer fram í hafinu í kringum Ísland og þá afstöðu Íslendinga að þeir telja tilveru þjóðar sinnar ógnað með þeirri stefnu sem þessi mál hafa verið og eru að taka.

Á ráðstefnunni verði ítarlega kynnt þau sjónarmið Íslendinga að þeir geti með engu móti unað þeirri þróun mála að kjarnorkuveldin freisti þess að tryggja eigin hag með því að fjölga kafbátum búnum kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Til ráðstefnunnar verði boðaðir fulltrúar þeirra þjóða sem ráða yfir kjarnorkuvopnum og þeirra ríkja sem liggja að Norður-Atlantshafi.

Greinargerð.

Á 104. löggjafarþingi fluttu Guðmundur G. Þórarinsson og nokkrir aðrir þingmenn Framsóknarflokksins tillögu til þingsályktunar samhljóða þeirri tillögu sem hér er flutt um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á N-Atlantshafi.

Mælt var fyrir tillögunni og henni vísað til nefndar en fullnaðarafgreiðslu varð ekki lokið á því þingi og þykir flutningsmönnum því rétt að endurflytja tillöguna nú.

Þótt þrjú ár séu nú liðin frá því tillagan var fyrst lögð fram hefur ekkert það gerst á sviði afvopnunar í heiminum er dregur úr tilefni þess að halda ráðstefnu svo sem tillagan gerir ráð fyrir, heldur þvert á móti. Vígbúnaðarkapphlaupið er í fullum gangi, framleiðsla kjarnorkuvopna heldur áfram og er þeim komið fyrir á nýjum og nýjum stöðum þrátt fyrir ötula baráttu þeirra afla í heiminum sem af alhug og heilindum vilja frið og berjast fyrir afvopnun og banni við vopnaframleiðslu.

Aukin andstaða gegn framleiðslu og uppsetningu nýrra kjarnorkuvopna hefur jafnvel leitt til þess að leiðtogar stórveldanna, sem ráða yfir slíkum vopnum, hafa látið að því liggja að kjarnorkuvígbúnaðurinn í hafinu hljóti að aukast af þessum orsökum. Eru það alvarleg tíðindi, ekki síst fyrir okkur Íslendinga.

Með tillögunni fylgdi á sínum tíma greinargerð með rökstuðningi sem enn er í fullu gildi og er hún því endurprentuð hér óbreytt.

„Vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna virðist vera að taka nýja stefnu. Risavaxnar áætlanir um aukningu kjarnorkuvopna og ný kjarnorkuvopnakerfi eru bæði til umræðu og á ákvarðanastigi. Þar er meðal annars um að ræða ný eldflaugakerfi búin kjarnaoddum í Evrópu báðum megin járntjalds, smíði nifteindasprengju og nýjar eldflaugar, búnar kjarnaoddum sem fljúga heimsálfa á milli og hitta mark sitt með ótrúlegri nákvæmni. Umræður snúast einnig um hugsanlega hernaðarlega notkun geimsins.

Þessi þróun mála hefur vakið fólk um allan heim til umhugsunar um þá hættu sem mannkyninu stafar af helvopnum kjarnorkunnar.

Víða um lönd hafa verið settar á stofn friðarhreyfingar og á Norðurlöndum snýst umræðan um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í Bandaríkjunum hafa sum ríkin snúist öndverð gegn uppsetningu nýrra kjarnorkuvopna á sínu landi. Ástæðan er ekki hvað síst sú að vopnin eru sjálf skotmörk í kjarnorkustríði.

Í Bandaríkjunum virðast þær raddir verða æ sterkari að styrkja verði varnir ríkisins með því að fjölga kafbátum búnum kjarnorkuvopnum. Með því móti einu sé unnt að loka þeim „glugga“ sem opinn sé fyrir kjarnorkuárás frá Sovétríkjunum.

Ákvörðun í þessa átt mun leiða til fjölgunar kafbáta búinna kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Talið er að í hafinu við Ísland sé gífurlegur fjöldi sovéskra kafbáta sem búnir eru kjarnorkuvopnum.

Strand sovéska kafbátsins við Svíþjóð, þar sem kjarnorkuvopn voru um borð í 30 ára gömlum kafbát, hefur vakið menn til umhugsunar um að sennilega erum við umkringd kjarnorkuvopnum í miklu ríkara mæli en menn óraði fyrir.

Sumir talsmenn kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum benda á að vel megi gera þetta svæði kjarnorkuvopnalaust, en auka þá varnir með kjarnorkuvopnuðum kafbátum í Atlantshafi, væntanlega við Ísland.

Ýmsir áhrifamenn í Evrópu reyna nú að koma í veg fyrir að sett verði upp ný eldflaugakerfi í Evrópulöndum, en benda á þann möguleika að auka þess í stað varnir með kjarnorkuvopnuðum kafbátum í Atlantshafi, væntanlega við Ísland.

Öll þessi þróun mála bendir til að á næstu árum muni kjarnorkuvígbúnaðurinn aukast í hafinu við Ísland, og hugsanlegt er að meginþunginn verði lagður einmitt á svæðið í Norður-Atlantshafi.

Orsök þessa er ekki hvað síst sú að löndin vilja ekki staðsetja þessi vopn hjá sér.

Íslendingar hljóta að mótmæla þessari þróun mála.

Staðsetning kjarnorkuvopna í hafinu við Ísland ógnar tilvist þjóðarinnar, að ekki sé talað um að meginþungi kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupsins færist yfir í hafið hér við land.

Fyrir nokkrum árum vakti Þórarinn Þórarinsson ritstjóri Tímans máls á því að Íslendingar ættu að boða til ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi. Þörfin fyrir umræðu um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins verður æ brýnni. Hafi Íslendingar ekki frumkvæði í því efni munu tæpast aðrir gera það eins og málum er háttað.

Íslendingar eiga að leita samvinnu við þau ríki, sem land eiga að Norður-Atlantshafi, um slíka ráðstefnu.

Þeir, sem að þessari þingsályktunartillögu standa, eru ekki þeirrar skoðunar að ráðstefna um þessi mál muni leiða til neins skjótfengins árangurs. Í því sambandi má líta til annarra afvopnunarviðræðna.

Hins vegar er kjarnorkuvígbúnaðurinn orðinn slíkur að hann er ekkert einkamál risaveldanna. Hann er mál alls mannkynsins. Smáþjóðirnar verða að taka höndum saman og knýja risaveldin til afvopnunar.

Tilveru Íslendinga er stefnt í voða með þeirri stefnu sem þessi mál eru að taka. Árás á kjarnorkuvopnaðan kafbát við Ísland gæti valdið geislun sem mundi skaða fiskimiðin við landið, og hvernig væri unnt að lifa hér ef ekki væri unnt að selja fiskinn?

Íslendingar verða því á málþingi þjóðanna að hefja máls á afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Þótt ekki sé von um skjótfenginn árangur er fyrsta atriðið að kynna viðhorf okkar til þessa máls og fá þau viðurkennd. Síðan holar dropinn steininn.

Íslendingar hafa unnið frelsi sitt úr höndum mun stærri þjóðar með röksemdum, ræðuhöldum, fundarhöldum og samningum. Þeir hafa einnig unnið rétt sinn yfir aukinni fiskveiðilögsögu á sama hátt.

Sporin eiga því ekki að hræða. Íslendingar áttu aldrei neinn Kossuth eða Garibaldi sem geystust fram með sverð sitt og vopnaða liðsmenn í frelsisbaráttunni. Þeir áttu sinn Jón Sigurðsson og aðra slíka málafylgjumenn sem með elju, þekkingu og festu börðust fyrir málstað þjóðarinnar áratugum saman og unnu að lokum fullan sigur.

Nú stendur fyrir dyrum ný barátta, ný landhelgisbarátta. Tilveru Íslendinga er ógnað með gífurlegum kjarnorkuvígbúnaði í hafinu við landið.

Á málþingi þjóðanna verða Íslendingar enn á ný að kveðja sér hljóðs og krefjast öryggis fyrir þjóð sína.

Enn á ný verður að beita rökum, ræðuhöldum, fundarhöldum og samningum.

Málstaðurinn, málstaður lífsins, hlýtur að sigra.

Frumkvæði Íslendinga í þessu máli mun vekja athygli um allan heim og með því leggja þeir sitt lóð á vogarskálina í átt að afvopnun.

Hér er þeirri framtíðarsýn varpað fram að á Norður-Atlantshafi fari fram alþjóðlegt eftirlit. Slíkt eftirlit væri í höndum alþjóðastofnunar er veitti öllum, er eftir óskuðu, upplýsingar um ferðir kafbáta, herskipa og annarra flutningatækja kjarnorkuvopna.

Eftirlitsstöðvar gætu hæglega verið á Íslandi og eðlilegt að Íslendingar tækju verulegan þátt í eftirlitinu, enda eiga þeir mest í húfi.

Kostnaður við eftirlitið yrði að greiðast af alþjóðastofnun.

Flest bendir til að eftirlit í Norður-Atlantshafi verði mun auðveldara á næstu árum en verið hefur. Með auknum geimferðum verður komið upp gervihnattakerfi sem getur kortlagt allar auðlindir jarðar. Með innrauðri myndun má finna kafbáta í hafinu og senda boð um ferðir þeirra til eftirlitsstöðvar.

Ekki er ástæða til að fara ítarlegar í þessari greinargerð út í stöðu vígbúnaðar á Norður-Atlantshafi.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að Íslendingar hafi frumkvæði að umræðu um þá alvarlegu framtíðarsýn sem blasir við með stóraukningu helvopna kjarnorkunnar í hafinu við landið.

Flutningsmenn hugsa sér markmið ráðstefnunnar að opna umræðuna um friðlýsingu Norður-Atlantshafs í áföngum. Áfangarnir gætu verið:

1) Þegar í stað verði stöðvuð frekari aukning kjarnorkuvopna í Norður-Atlantshafi.
2) Dregið verði úr kjarnorkuvígbúnaði á Norður-Atlantshafi með áveðnum tímasettum áföngum.
3) Norður-Atlantshaf verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.
4) Alþjóðastofnun annist eftirlit með kafbátum og öðrum flutningatækjum sem gætu borið kjarnorkuvopn. Eftirlitsstöðvar gætu verið á Íslandi og Íslendingar annast eftirlit í talsverðum mæli, enda eiga þeir mest í húfi.

   Kostnaður við eftirlit verði greiddur af alþjóðastofnun og niðurstöður eftirlitsstöðva tilkynntar reglulega alþjóðastofnun sem veiti öllum er óska upplýsingar varðandi eftirlitið.“

Sþ.

407. Skýrsla

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1983 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1983.

(Lögð fyrir Alþingi hinn 28. febrúar 1984.)

EFNISYFIRLIT

1. **Afkoma ríkissjóðs, yfirlit**
2. **Ríkisfjármálin 1983**
   - 2.1 **Aðgerðir í efnahagsmálum**
   - 2.2 **Verðlagsforsendur fjárlaga**
   - 2.3 **Tekjuhlið ríkissjóðs**
   - 2.4 **Gjaldahlið ríkissjóðs**
3. **Lántökur hins opinbera 1983**
   - 3.1 **Lánsfjáröflun**
   - 3.2 **Lánsfjárráðstöfun**
4. **Töfluviðauki**

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Hlutverk þessarar skýrslu er að gera grein fyrir þróun helstu þátta ríkisfjármálanna á árinu 1983. Árið einkenndist af miklum umskiptum í efnahagsmálum með aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar sem tók við völdum í lok maí. Núverandi ríkisstjórn greip til róttækra aðgerða, m. a. á sviði launamála og opinberra fjármála. Mikilvægur hlekkur í þeim aðgerðum fólst í endurskoðun fjárlaga ársins 1983, en þau voru byggð á forsendum um mun minni launa- og verðlagsbreytingu en raunin leiddi í ljós. Sýnt var því að það stefndi í verulegan rekstrar- og greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu 1983. Hér verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar frá bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds á raunverulegri afkomu ríkissjóðs 1983. Niðurstöður endanlegs ríkisreiknings víkja eitthvað frá þeim tölum sem birtast hér, aðallega vegna óinntra uppgjöra sem tilheyra árinu 1983. Í sérstökum kafla er gerður samanburður á lánsfjárlögum 1983, sem voru afgreidd frá Alþingi 28. mars 1983, og raunverulegri afgreiðslu lánsfjár til opinberra aðila. Í töflum í viðauka eru ýmis yfirlit sem sýna mikilsverða þætti ríkisfjármálanna.

Þær niðurstöður sem hér eru birtar um afkomu ríkissjóðs árið 1983 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds nú í febrúarmánuði og er þar um uppgjör að ræða sem byggir í megindráttum á greiðslugrunni. Niðurstöður, sem hér koma fram, eru því frábrugðnar því sem endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1983 mun sýna, þar sem hann er gerður upp samkvæmt rekstrargrunni. Fjárlög hverju sinni eru á greiðslugrunni og því gefur samanburður við bráðabirgðaniðurstöður á sama grunni raunhæfa viðmiðun. Að auki þykja niðurstöður sem byggjast á greiðslugrunni gefa réttari mynd af raunverulegum áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið.

Yfirlit I hér að neðan sýnir afkomu ríkissjóðs 1983 miðað við fjárlög, endurskoðaða áætlun frá í maí og bráðabirgðatölur ríkisbókhalds (allar fjárhæðir í m. kr.)

Yfirlit I

	(1) Fjárlög 1983	(2) Endurskoðuð áætlun maí, 1983	(3) Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds 31.12.1983	(4) Bráðabirgðatölur, greiðslugrunnur 31.12.1983
1. Tekjur	13 007	15 000	15 100	15 100
2. Gjöld	12 973	15 632	16 598	16 263
3. Tekjur umfram gjöld	**34**	**–632**	**–1 498**	**–1 163**
4. Lánahreyfingar, Seðlabanki meðtalinn (nettó)	–2	–213	911	576
5. Viðskiptareikningar	–15	–15	–160	–160
6. Greiðsluafgangur	**17**	**–860**	**–747**	**–747**

Þess ber að geta sérstaklega að í yfirlitinu eru sýndar annars vegar bráðabirgðaniðurstöður ríkisbókhalds og hins vegar, eins og það er nefnt hér: bráðabirgðatölur, greiðslugrunnur. Mismunurinn skýrist af því að í tölum ríkisbókhaldsins er uppgjör við tvo aðila á árinu 1983 sem leiddu ekki til greiðslustrauma. Hér er um að ræða uppgjör við Landsvirkjun, 280,5 m. kr., og við Vestmannaeyjakaupstað, 55,1 m. kr. Þar sem markmið þessarar skýrslu er að fjalla um ríkisfjármálin á greiðslugrunni þótti rétt að einangra þessa þætti og láta þá ekki hafa áhrif á afkomuna. Við það verður miðað hér á eftir. Gjaldatalan lækkar því um 335 m. kr. og á móti kemur lækkun í lánahreyfingum sem nemur sömu fjárhæð.

Eins og yfirlitið ber með sér eru veruleg frávik á milli fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar annars vegar, og fjárlaga og bráðabirgðaniðurstöðutalna hins vegar. Orsakir þessara frávika eru einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi reyndist raunveruleg launa- og verðlagsþróun á árinu 1983 verulega frábrugðin því sem forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi varð samdráttur efnahagsstarfseminnar í landinu mun meiri og hraðari en séð var fyrir við gerð fjárlaga 1983, og kemur það hart niður á teknahlið ríkissjóðs.

Frávik á gjöldum milli endurskoðaðrar áætlunar frá í maí og bráðabirgðaniðurstöðutalna er til komin m. a. vegna þess að lækkun útgjalda um 300 m. kr., sem heimiluð var við setningu bráðabirgðalaga í lok maí, náði ekki fram að ganga. Að teknu tilliti til þessa nemur greiðsluhallinn samkvæmt endurskoðuðu áætluninni tæpum 1 200 m. kr.

Við þær aðstæður sem ríktu á árinu 1983 koma berlega í ljós grundvallareinkenni ríkisfjármálanna sem lýsir sér í því hve mjög afkoma (teknahlið) ríkissjóðs er komin undir hagsveiflunni. Óbeinir skattar nema 80% af tekjum ríkissjóðs og beinir skattar, sem grundvallast á tekjum næstliðins árs, aðeins 20%. Tekjur ríkissjóðs eru því að verulegu leyti háðar ástandi efnahagsmála hverju sinni og dragast sjálfkrafa saman þegar veltusamdráttur á sér stað í þjóðfélaginu. Á hinn bóginn er útgjaldahlið ríkissjóðs að miklu leyti bundin af ákvæðum gildandi laga og útgjaldaáformum sem erfitt er að breyta innan fjárlagaársins.

Af framangreindum orsökum varð óhjákvæmilega verulegur rekstrar- og greiðsluhalli hjá ríkissjóði á árinu 1983 og var hann fjármagnaður með miklum yfirdrætti á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu er sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Yfirlit II

	(1) Fjárlög 1983	(2) Endurskoðuð áætlun maí, 1983	(3) Bráðabirgðatölur 31.12.1983
6. Greiðsluafgangur (sjá Yfirlit I)	17	-860	-747
7. Seðlabanki: Nýjar lántökur	—	—	-623
Afborganir af lánum	60	60	110
8. Greiðsluafkoma ríkissjóðs	**77**	**-800**	**-1 260**

Yfirlitið sýnir að samtala rekstrarafgangs, lánahreyfinga utan Seðlabankans og viðskiptareikninga myndar neikvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 1 260 m. kr. Þessi fjárþörf ríkissjóðs hefur verið fjármögnuð innan ársins með yfirdrætti á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, en um það mun fjallað nánar síðar.

2. Ríkisfjármálin 1983

Framkvæmd fjárlaga 1983 varð að ýmsu leyti með öðrum hætti en að var stefnt við afgreiðslu þeirra í desember 1982. Þróun verðlags, launa og gengis reyndist nokkuð frábrugðin því sem reiknað var með í forsendum fjárlaga. Auk þess gripu stjórnvöld til efnahagsaðgerða sem höfðu umtalsverð áhrif á fjármál ríkissjóðs.

2.1 Aðgerðir í efnahagsmálum

Á tímabilinu janúar til apríl 1983 beitti þáverandi ríkisstjórn og Seðlabankinn sér fyrir ýmsum efnahagsaðgerðum sem sumar hverjar skiptu verulegu máli fyrir fjárhag ríkissjóðs. Gengi íslensku krónunnar var breytt 5. janúar 1983 og var þá meðalgengi krónunnar 9% lægra en það var skráð 31. desember 1982. Gengisbreytingin leiddi af sér 9,9% meðalhækkun á verði erlends gjaldeyris. Með lögum nr. 2/1983 um efnahagsaðgerðir voru staðfest bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því í ágúst 1982. Öll meginatriði þeirra laga hvað varðar áhrif á fjármál ríkissjóðs voru metin í fjárlögum ársins 1983.

Ríkisstjórnin, sem mynduð var 26. maí 1983, ákvað þegar í stað víðtækar efnahagsráðstafanir. Gengi íslensku krónunnar var lækkað og gefin voru út bráðabirgðalög um launamál, ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frestun greiðslna á hluta af verðtryggðum íbúðarlánum og um verðlagsmál. Gengi krónunnar var lækkað um 14,6% gagnvart dollar, en það fól í sér 17,1% hækkun á meðalgengi erlends gjaldeyris. Meðalverð erlends gjaldeyris 1983 var þannig um 89% hærra en að meðaltali 1982. Þau ákvæði bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar sem höfðu mest áhrif á fjármál ríkissjóðs voru fyrst og fremst ákvæðin um niðurfellingu vísitölubindingar launa í lögum og kjarasamningum. Gildir sú tilhögun um tveggja ára skeið frá 1. júní 1983. Jafnframt var ákveðið í lögunum að laun hækkuðu um 8% 1. júní og um 4% 1. október, en samkvæmt þeim lögum sem áður giltu hefðu laun hækkað um 22% 1. júní. Lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt kjarasamningum ASÍ og BSRB skyldu þó hækka um 10% 1. júní. Að auki var í lögunum ákveðið að allar launahækkanir, umsamdar eða óumsamdar, væru óheimilar fram til 31. janúar 1984. Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum tóku m. a. til lækkunar á greiðslu opinberra gjalda einstaklinga með hækkun persónuafsláttar og barnabóta vegna barna undir sjö ára aldri. Þá voru greiðslur til jöfnunar húshitunarkostnaðar auknar og til kom sérstök hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar elli- og örorkulífeyrisþega. Heildarkostnaður vegna þessara ráðstafana var talinn nema rösklega 400 m. kr. en á móti auknum útgjöldum var ríkissjóði heimiluð lækkun útgjalda samkvæmt fjárlögum um 300 m. kr. Auk þessara ráðstafana ákvað ríkisstjórnin nokkrum vikum síðar að lækka tolla á ýmsum nauðsynjavörum og innflutningsgjald af bifreiðum og fella niður 10% gjald af sölu ferðagjaldeyris. Þessar ráðstafanir voru taldar lækka tekjur ríkissjóðs um 100 m. kr. á árinu 1983.

2.2 Verðlagsforsendur fjárlaga

Í reikniforsendum fjárlaga fyrir árið 1983 var gert ráð fyrir tilteknum verðlags-, launa- og gengisbreytingum á árinu 1983. Í yfirliti III hér á eftir er sýnd framvinda launa-, verðlags- og gengisbreytinga og gerður samanburður á þeim við forsendur fjárlaganna miðað við hækkun frá meðaltali 1982 til meðaltals 1983.

Yfirlit III

	(1) Framvinda 1983 %	(2) Fjárlög 1983 %
1. Launabreytingar	52	42
2. Meðalgengi	89	39
3. Framfærsluvísitala	84	42
Byggingarvísitala	70	42
Lánskjaravísitala	79	42

Hér á eftir er gerð grein fyrir þróun launa, gengis og verðlags á árinu 1983.

Laun: Launaforsendur fjárlaga 1983 voru þær að vegin meðalhækkun launa næmi 14,5% á árinu 1983, þar af 10,5% vegna verðbóta á laun og 4% vegna grunnkaupshækkunar og áhrifa sérkjarasamninga hjá opinberum starfsmönnum. Til að mæta þessum launabreytingum var áætlað að þyrfti alls 482 m. kr. á árinu 1983. Hins vegar þróuðust laun í raun þannig: 1) Grunnlaun hækkuðu 1. janúar 1983 um 2,1%; 2) áhrif sérkjarasamninga við fjölmenna hópa ríkisstarfsmanna frá 1982 eru metin til 7—10% hækkunar grunnlauna; 3) verðbætur á laun námu 14,74% 1. mars; 4) samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1983 hækkuðu laun um 8% 1. júní og um 4% 1. október, en sömu lög afnámu verðbætur á laun eins og áður segir. Vegin meðalhækkun launa er því um 32% á árinu 1983 í stað 14,5%

Gengi: Gengisforsendur fjárlaga ársins 1983 gerðu ráð fyrir 39% hækkun meðalgengis frá 1982 til 1983. Hins vegar reyndist raunveruleg hækkun meðalgengis mun meiri, eða nálægt 89%. Hækkun meðalgengis einstakra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni reyndist nokkuð breytileg og má í því sambandi nefna að bandaríkjadollar hækkaði um 99,6%, sterlingspund um 74,5%, þýskt mark um 89,7%, yen um 110,6% og SDR um 94,0%. Áhrifa gengislækkana gætir einna mest í auknum útgreiðslum hjá ríkissjóði vegna afborgana og vaxta af ríkissjóðslánum. Á móti koma gengislækkanir hins vegar fram í auknum tekjum hjá ríkissjóði í kjölfar hærra innflutningsverðs sem síðan er lagt til grundvallar við tollútreikning.

Innlent verðlag: Almennt gerðu forsendur fjárlaga 1983 ráð fyrir 42% hækkun innlends verðlags frá meðalverðlagi 1982 til meðalverðlags 1983. Taflan hér að framan sýnir að framvindan var nokkuð önnur og verulega hærri, en þó misjafnlega eftir því hvaða verðmælingu er beitt. Þannig hækkaði byggingarvísitala þessa tímabils um 70% og framfærsluvísitalan um 84%. Sá mismunur sem kemur fram á hækkun vísitalnanna tveggja skýrist einkum af því að laun vega mun þyngra í byggingarvísitölunni. Hins vegar gætti mikilla sveiflna í verðbólguhraðanum innan ársins. Var hann um mitt árið kominn yfir 100% miðað við heilt ár, en var í lok ársins kominn niður í 10—20%. Þannig var verðlag stöðugra síðustu mánuði ársins en verðlagsspár, sem tóku mið af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í maí, höfðu áætlað.

Lánskjaravísitalan hækkaði um 79% milli meðalverðlags áranna 1982 til 1983. Hún er samsett að ⅔ hlutum úr framfærsluvísitölu og ⅓ hluta úr byggingarvísitölu, en þær hafa verið birtar fjórum sinnum á ári hvor um sig. Í kjölfar ört minnkandi verðbólguhraða á árinu 1983 kom upp mikil gagnrýni á lánskjaravísitöluna sem mælikvarða, þar sem hún byggðist að jafnaði á 50 daga gömlum verðmælingum. Þessi gagnrýni leiddi til þess að ríkisstjórnin beitti sér fyrir breyttri aðferð við útreikning á lánskjaravísitölunni. Byggir sú aðferð á mánaðarlegum útreikningum grunnvísitalnanna og tók hún gildi 1. október 1983. Með þessum hætti styttist töfin frá verðmælingu til gildistöku nýrrar lánskjaravísitölu úr 50 dögum í u. þ. b. 30 daga.

2.3 Teknahlið ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs námu alls 15 100 þús. kr. á árinu 1983, sem er 2 093 m. kr. eða 16,1% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1983, en tekjur jukust um 58% milli ára. Meginskýring tekna umfram fjárlagaáætlun er, eins og fram er komið, önnur þróun verðlags en fjárlög voru reist á. Auk þessa leiddu efnahagsaðgerðir og ákvarðanir um skattabreytingar til nokkurra breytinga á tekjuhlið.

Tekjur af beinum sköttum, þ. e. í meginatriðum tekju- og eignarskattur auk sjúkratryggingargjalds, reyndust alls 2 412 m. kr. eða sem næst sú fjárhæð sem að var stefnt í fjárlögum. Svo sem fram kemur í töflu 1 í viðauka var innheimta beinna skatta um 62% hærri fjárhæð en 1982. Til samanburðar er þess að geta að tekjubreyting milli áranna 1981 og 1982 varð um 56%.

Innheimtir óbeinir skattar námu alls 12 196 m. kr. en það er 1 840 m. kr. eða 17,8% hærri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir. Veigamestu liðir óbeinna skatta eru gjöld af innflutningi, sölu- og orkujöfnunargjald, vörugjald og hagnaður af starfsemi ÁTVR.

Aðflutningsgjöld auk innflutningsgjalda af bifreiðum og bensíni urðu alls 2 555 m. kr. og er það 18,3% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1983. Til samanburðar nam innheimta 1982 alls 1 755 m. kr. Hækkun tekna ríkissjóðs af þessum veigamikla tekjulið varð því aðeins 45,6% milli ára. Aðalskýring þess að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hækkuðu ekki meira en raun ber vitni er almennur eftirspurnarsamdráttur í þjóðfélaginu. Til dæmis nam fjöldi innfluttra bifreiða 1983 einungis um helmingi þess sem var 1982. Innheimt sölu- og orkujöfnunargjald varð alls 5 601 m. kr. eða 21,5% umfram fjárlagaáætlun. Hins vegar námu tekjur af þessum stofni 65,3% hærri fjárhæð en 1982. Vörugjald nam 1 145 m. kr., en var í fjárlögum 1983 áætlað um 963 m. kr. Hækkun frá árinu 1982 nam 367 m. kr. eða 47,2%. Hagnaður af sölu ÁTVR var metinn í fjárlögum 830 m. kr. en varð í reynd 724 m. kr. Sé hagnaður 1982 skoðaður til hliðsjónar þá var hann 581 m. kr. Hækkun milli ára varð því einungis 25%.

Tekjur af öðrum óbeinum sköttum 1983 námu alls 3 316 m. kr. sem er 559 m. kr. umfram áætlun fjárlaga. Hliðstæðir tekjuliðir námu alls 2 161 m. kr. 1982 og hækkun milli ára er því alls 1 155 m. kr. eða 53,4%.

2.4 Gjaldahlið ríkissjóðs

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð alls 12 973 m. kr. í fjárlögum 1983. Endurskoðuð áætlun frá því í maí gerði ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs yrðu alls 15 632 m. kr. og var þar tekið tillit til efnahagsaðstæðna og efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt bráðabirgðatölum á greiðslugrunni námu gjöld ríkissjóðs alls 16 263 m. kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en endurskoðaða áætlunin gerði ráð fyrir.

Í töflu 2 í viðauka er gefið yfirlit um skiptingu greiddra gjalda eftir málaflokkum. Þar kemur fram að gjöld alls jukust um 6 939 m. kr. eða um 74% milli ára, samanborið við aðeins 58% hækkun tekna ríkissjóðs. Hins vegar reyndust útgjöld 3 290 m. k. eða 25,4% umfram áætlun fjárlaga og verður gerð frekari grein fyrir því hér á eftir. Hækkun framlaga milli ára til einstakra málaflokka reyndist mjög mismikil og vega þá þyngst hækkanir til heilbrigðisþjónustu 117%, iðnaðar- og orkumála 133% og utanríkisþjónustu 103%. Í töflu 3 er sýnd þróun útgjalda eftir málaflokkum í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu á tímabilinu 1979–1983. Í flestum tilvikum er ekki veruleg sveifla í hlutdeild einstakra málaflokka en þó sýna niðurgreiðslur einna mest frávik. Heildargjöld ríkissjóðs nema 30,7% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er hækkun miðað við fyrra ár, og skýrist hún af samdrætti í þjóðarframleiðslunni milli áranna.

Greiðsluheimildir umfram fjárlög: Vegna þess hve útgjöld ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlun fjárlaga urðu umframfjárveitingar mjög háar á árinu 1983. Alls nema umframfjárveitingar 3 304 m. kr. á árinu 1983 og eru þær að verulegu leyti til komnar vegna örari verðlagshækkunar en áætlað var, eins og frá hefur verið greint. Samtala fjárlaga og

aukafjárveitinga nemur alls 16 277 m. kr. og er það samanlögð greiðsluheimild á árinu 1983. Þessi niðurstaða er ekki nauðsynlega samhljóða niðurstöðu heildargjalda ríkisreiknings. Ávallt er nokkur fjárveiting í fjárlögum óhafin um hver áramót, sem þar af leiðandi veldur því að gjöld kunna að vera lægri en samanlagðar greiðsluheimildir.

Aukafjárveitingar samkvæmt bráðabirgðayfirliti og fjárlög 1983 skiptust þannig eftir gjaldategundum (í m. kr.):

Yfirlit IV

	(1) Fjárlög 1983	(2) Aukafjárveitingar 1983	(3) Alls
Laun	3 752	} 1 105	} 5 800
Rekstrargjöld	943		
Viðhald	361	12	373
Vextir	365	170	535
Stofnkostnaður	846	340	1 186
Yfirfærslur	6 962	1 677	8 639
Gjöld alls	13 229	3 304	16 533
Sértekjur	256	—	256
Greiðsluheimild	**12 973**	**3 304**	**16 277**

Aukafjárveitingar til samneyslunnar, þ. e. launa, rekstrargjalda, viðhalds og vaxta, nema alls 1 287 m. kr. og er það 23,7% hækkun frá fjárlögum. Framlög til stofnkostnaðar nema alls 1 186 m. kr. sem er 340 m. kr. hækkun frá fjárlagaáætlun og er það aðallega vegna framlaga til vegagerðar, eða 215 m. kr. Þá má geta þess að yfirfærslur, þ. e. almannatryggingar, niðurgreiðslur o. fl., námu alls 8 639 m. kr. eða 24,1% hærri fjárhæð en ráðgert var í fjárlögum.

Aukafjárveitingar skiptast þannig á stærstu útgjaldaliði (í m.kr.):

Almannatryggingar	791	Vextir	170
Niðurgreiðslur	194	Vegagerð	253
Niðurgreiðslur vegna rafhitunar	100	Verðjöfnunargjald raforku	80
Lánasjóður ísl. námsmanna	135	Ríkisspítalar	185
Sýslumenn og bæjarfógetar	136	Lögreglustjórinn í Reykjavík	35
Landhelgisgæslan	36	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	28
Háskóli Íslands	26	Aðrar aukafjárveitingar	1 102
Bygging grunnskóla	33		
		Aukafjárveitingar samtals	3 304

Útgjöld almannatrygginga reyndust um 791 m. kr. hærri en reiknað var með í fjárlögum. Er þetta að verulegu leyti vegna breyttra verðlagsforsendna, en að hluta einnig vegna útgjalda umfram áætlun. Meðal annars var rekstrarhalli sjúkrahúsa 1982 bættur á árinu 1983 og tekinn inn rekstur nýrra daggjaldastofnana.

Vextir af lánum ríkissjóðs urðu alls 535 m.kr. og er það um 170 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Í fjárlögum var talið að yfirdráttarvextir ríkissjóðs í Seðlabanka gætu numið 85 m.kr. en í reynd nam þessi greiðsla 302 m.kr.

Niðurgreiðslur hækkuðu í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og námu aukaframlög vegna þeirra 194 m.kr.

Framlög til vegagerðar ríkisins 1983 námu alls 1 091 m.kr. Í fjárlögum er kveðið á um 838 m.kr. framlag. Hækkun nemur því 253 m.kr. Veitt var aukaframlag í samræmi við ákvörðun um skil markaðra tekna til vegagerðar. Þar af nam aukafjárveiting vegna snjómoksturs 22 m.kr. og vegna greiðslu afborgana og vaxta 14 m.kr.

Niðurgreiðslur á rafhitun voru auknar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá því í maí 1983. Alls um 100 m.kr.

Verðjöfnunargjald raforku, sem rennur til Rafmagnsveitna ríkisins (80%) og til Orkubús Vestfjarða (20%), hækkaði í gjaldahlið fjárlaga um 80 m.kr. vegna hækkunar markaðra tekna í tekjuhlið fjárlaganna. Lánasjóður íslenskra námsmanna átti í fjárhagserfiðleikum síðari hluta árs 1983. Að hluta var þetta vegna gengis- og verðlagsþróunar og að hluta vegna fleiri umsókna um lán en búist hafði verið við. Alls lagði ríkissjóður því fram viðbótarfjármagn að upphæð 135 m.kr. Af öðrum veigamiklum aukafjárveitingum má nefna 185 m.kr. til ríkisspítalanna sem er að verulegu leyti vegna breyttrar verðlagsþróunar. Umframútgjöld sýslumanna og bæjarfógetaembættanna námu alls 136 m.kr. og hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík 35 m.kr. Veitt var aukafjárveiting til Landhelgisgæslunnar alls að fjárhæð 36 m.kr., þar af eru 13 m.kr. vegna fjármagnskostnaðar landhelgissjóðs, en að öðru leyti er um að ræða hækkun rekstrarútgjalda stofnunarinnar. Þá voru veittar 28 m.kr. til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna smíði og til útgerðar á skipi því sem gefið er til Grænhöfðaeyja og er liður í þróunaraðstoð Íslendinga. Aukafjárveiting til Háskóla Íslands nam alls 26 m.kr. og er að mestu leyti vegna verðlagsbreytinga og útgjalda við kennslu. Þá voru veittar 33 m.kr. í aukafjárveitingu til byggingar grunnskóla og var það að hluta vegna skuldauppgjörs 1983, 20 m.kr., og að hluta vegna skuldbindinga um framkvæmdir á árinu 1983.

Aðrar aukafjárveitingar en þegar hefur verið getið nema alls 1 102 m.kr. Þær eiga að miklu leyti rætur að rekja til nauðsynlegrar hækkunar á launalið fjárlaga vegna verðbóta á laun og umsaminna launabreytinga, sem ekki var séð fyrir við gerð fjárlaga. Sömuleiðis reyndist nauðsynlegt að auka almennt rekstrarfé margra ríkisstofnana vegna gjörbreyttra forsendna um verðlag innanlands milli áranna 1982 og 1983.

2.5 Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðsluafkoma ríkissjóðs árið 1983 reyndist verulega frábrugðin því sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Þannig var greiðsluafkoman áætluð jákvæð um 17 m.kr. í fjárlögum 1983, en í árslok reyndist hún óhagstæð um 747 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárþörf og greiðsluafkomu ríkissjóðs á árinu 1983, annars vegar samkvæmt fjárlögum og hins vegar í samræmi við framvindu ársins (í m.kr.).

Yfirlit V

	(1) Fjárlög 1983	(2) Bráðabirgða-tölur 1983	(3) Mismunur
I Tekjur umfram gjöld	**34**	**−1 163**	**−1 197**
II Lánahreyfingar, útstreymi	**527**	**589**	**+62**
Lánveitingar, nettó	33	5	−28
Hlutafé, stofnfjárframlög	105	96	−9
Afborganir af lánum:			
Seðlabanki Íslands	60	110	+50
Annað	329	378	+49
III Viðskiptareikningar, nettóútstreymi	**15**	**160**	**+145**
IV Fjárþörf (III+II−I)	**508**	**1 912**	**+1 404**
V Lánahreyfingar, innstreymi	**525**	**1 165**	**+640**
Lántökur ríkissjóðs:			
Seðlabanki Íslands	—	623	+623
Annað	525	543	+17
Greiðsluafkoma (V−IV)	**17**	**−747**	**−764**

Augljóst er af yfirlitinu að óhagstæð rekstrarafkoma ríkissjóðs er helsta skýringin á fráviki greiðsluafkomunnar frá áætlun. Fjárlög ársins 1983 gerðu ráð fyrir 34 m.kr. rekstrarafgangi, en í reynd varð rekstrarhalli um 1 163 m.kr., eða sem nemur 1 197 m.kr. í heildarfrávik. Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um tekna- og gjaldahlið ríkissjóðs en þegar hefur verið gert hér að framan. Útstreymi á lánahreyfingum var áætlað um 527 m.kr. í fjárlögum 1983, en það reyndist um 589 m.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum. Mismunurinn liggur aðallega í hærri afborgunum af áhvílandi lánum en fjárlög gerðu ráð fyrir. Útstreymi á viðskiptareikningum varð mun meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða sem nemur 145 m.kr., og skýrist það frávik einkum af 120 m.kr. fjárútvegun ríkissjóðs til húsbyggingarsjóðanna til að gera þeim kleift að standa undir 50% hækkun lánveitinga áranna 1982 og 1983 samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt framansögðu jókst fjárþörf ríkissjóðs um 1 404 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Í fjárlögum og lánsfjárlögum 1983 var fjáröflun til A-hluta ríkissjóðs áformuð alls 525 m.kr. og námu sambærilegar lántökur alls 543 m.kr. Hins vegar nam viðbótarfjárþörf ríkissjóðs 1 404 m.kr. og var hún fjármögnuð innan ársins með yfirdrætti í Seðlabankanum. Í desembermánuði sl. tók ríkissjóður um 620 m.kr. erlent lán til að fjármagna hluta yfirdráttarskuldarinnar, en gert er ráð fyrir að tekið verði viðbótarlán á fyrri hluta ársins 1984 til að fjármagna afganginn. Nauðsynleg lántaka ríkissjóðs til að jafna neikvæða greiðsluafkomu nemur því 747 m.kr.

3. Lántökur hins opinbera 1983

Lánsfjárlög 1983 byggðust á sömu forsendum um breytingar á verðlagi og gengi og fjárlög ársins. Tafla 8 í viðauka sýnir lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga á árinu 1983. Í mörgum tilvikum eru veruleg frávik á gildandi lántökuheimildum annars vegar og raunverulegri afgreiðslu lánsfjár hins vegar. Slík frávik skýrast oft af örari verðlags- og gengisbreytingum en forsendur lánsfjárlaga gerðu ráð fyrir.

3.1 Lánsfjáröflun

Heildarfjáröflun A- og B-hluta ríkissjóðs var áformuð alls 1 723 m. kr. í lánsfjárlögum 1983. Innlend fjáröflun ríkissjóðs var áætluð alls 821 m. kr., þar af var gert ráð fyrir að afla 388 m. kr. á innlendum lánsfjármarkaði með sölu spariskírteina og skuldabréfa. Þar til viðbótar var ráðgert að afla ríkissjóði alls 902 m. kr. með erlendum lántökum. Þá voru fyrirhugaðar erlendar lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkisjóðs að fjárhæð alls 1 004 m. kr. og sveitarfélaga alls 336 m. kr. Að lokum námu áætlaðar innlendar lántökur húsnæðislánasjóðanna 597 m. kr.

Hér á eftir verður farið nokkrum orðum annars vegar um innlenda lánsfjáröflun og hins vegar um erlendar lántökur þessara aðila á árinu 1983.

Innlend lánsfjáröflun: Eins og fram hefur komið voru innlendar lántökur ríkissjóðs áformaðar 388 m. kr. og hjá húsnæðislánakerfinu 597 m. kr. Sala skuldabréfa framan af árinu 1983 gaf til kynna að erfitt yrði að afla þess lánsfjár innanlands sem að var stefnt í lánsfjárlögum. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar kemur fram að leita beri leiða til að efla innlendan sparnað, m. a. með því bjóða upp á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning. Í þessu skyni voru afgreidd frá Alþingi lög nr. 79/1983 sem heimila ríkissjóði útgáfu fjölbreyttari skuldarviðurkenninga.

Nokkur brestur varð á að áætlun um innlenda lánsfjáröflun stæðist og tókst aðeins að afla ríkissjóði 207 m. kr. og húsbyggingarsjóðunum 420 m. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á innlendri lánsfjáröflun miðað við lánsfjárlög 1983 og bráðabirgðaniðurstöðutölur ársins (í m. kr.):

Yfirlit VI

	(1) Lánsfjárlög 1983	(2) Bráðabirgðatölur 1983
Spariskírteini ríkissjóðs	200	101
Ný verðbréfaútgáfa	—	43
Ríkissjóður	—	—
Húsbyggingarsjóðir	—	43
Verðbréfakaup bankakerfisins af ríkissjóði	103	19
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	564	472
Af ríkissjóði	85	87
Af húsbyggingarsjóðunum	479	385
Verðbréfakaup atvinnuleysistryggingasjóðs af Byggingarsjóði ríkisins	76	0
Skyldusparnaður, nettó, til Byggingarsjóðs ríkisins	42	–8
Samtals	985	627

Sala hefðbundinna spariskírteina ríkissjóðs gekk erfiðlega og tókst aðeins að afla helmings þess fjár sem upphaflega stóð til að afla. Einnig var greiðslustaða húsbyggingarsjóðanna erfið á árinu sökum þess hve mjög skorti á að fjáröflun væri í samræmi við áætlanir. Vegna erfiðrar lausafjárstöðu reyndist Atvinnuleysistryggingasjóði ókleift að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, þrátt fyrir áform um 76 m. kr. kaup. Endurgreiðslur á skyldusparnaði ungmenna voru 8 m. kr. hærri en innstreymi, en gert var ráð fyrir 42 m. kr. jákvæðu innstreymi. Að lokum voru verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af byggingarsjóðunum 94 m. kr. lægri en áætlað hafði verið.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar í október sl. um að hækka lánveitingar Húsnæðisstofnunar á árunum 1982 og 1983 um 50% leiddi til 280—290 m. kr. aukinnar fjárþarfar. Þar af komu um 160 m. kr. til útgreiðslu á árinu 1983 og var það fjármagnað með 43 m. kr. skuldabréfasölu og 120 m. kr. fjárútvegun ríkissjóðs.

Erlendar lántökur: Heildarlántökur opinberra aðila erlendis voru áætlaðar alls 2 242 m. kr., þar af námu heimildir í lánsfjárlögum 2 112 m. kr. og heimildir í sérlögum alls 130 m. kr. Erlendar lántökur 1983 reyndust alls 2 915 m. kr. Skýrist þessi hækkun bæði af því að innlenda lánsfjáröflunin reyndist minni en áætlað hafði verið, auk þess sem verðlags- og gengisbreyting varð önnur en lánsfjárlög gerðu ráð fyrir.

3.2 Lánsfjárráðstöfun

Tafla 8 í viðaukanum sýnir lántökur einstakra opinberra aðila á árinu 1983. Þar er einnig greint frá þeim heimildum sem liggja til grundvallar fyrir lántökum hverju sinni. Heildarráðstöfun lánsfjár opinberra aðila á árinu 1983 nam 2 915 m. kr. Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um lántökur ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga. Ráðstöfun lánsfjár til A-hluta ríkissjóðs nam alls 543 m. kr., þar af voru teknar 481 m. kr. um endurlánareikning ríkissjóðs og um 62 m. kr. hjá öðrum aðilum. Tímabundin fjárþörf ríkissjóðs á árinu 1983 var fjármögnuð með yfirdrætti í Seðlabankanum, sem hefur að hluta verið breytt í langtímalán, en ráðgert er að endanlegt uppgjör fari fram síðar, eins og greint hefur verið frá.

Lánsfjárráðstöfun B-hluta ríkissjóðs reyndist 1 536 m. kr, þ. e. 307 m. kr. umfram fyrirliggjandi lántökuheimildir. Þó svo að viðbótarfjárþörfin myndist að hluta til af gengisbreytingum er talið rétt varðandi ríkisfyrirtæki í B-hluta að leita viðbótarlántökuheimilda og er það gert í lánsfjárlögum fyrir 1984. Þar sem gengisþróun á árinu 1983 reyndist mjög frábrugðin forsendum lánsfjárlaga urðu fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar og byggðalína verulega hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Auk þess þarf að afla viðbótarheimilda vegna nokkurra aðila, eins og fram kemur í töflu 8 og er ekki ástæða til að telja upp.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs voru 1 197 m. kr. á árinu 1983, en lántökur voru áætlaðar alls 1 029 m. kr. Frávik eru aðallega hjá Landsvirkjun og skýrist eingöngu af gengisbreytingu. Lánsfjárlög gerðu ráð fyrir 336 m. kr. lántökum sveitarfélaga á árinu 1983, en að auki er leitað 10 m. kr. viðbótarheimildar í lánsfjárlögum 1984 vegna nýrra eða viðbótarframkvæmda.

4. Töfluviðauki


Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1982 og 1983. Greiðslugrunnur.
Tafla 2. Útgjöld ríkissjóðs A-hluti, 1982 og 1983. Greiðslugrunnur.
Tafla 3. Ríkisútgjöld 1979—1983, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs 1971—1983, A-hluti.
Tafla 5. Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1971—1983.
Tafla 6. Skuld ríkissjóðs 1977—1983 samkvæmt ríkisreikningi.
Tafla 7. Skuld ríkissjóðs 1977—1983. Stöðutölur á verðlagi í árslok 1982.
Tafla 8. Lánsfjárlög 1983 og afgreiðsla lánsfjár 1983. Bráðabirgðatölur.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1982 og 1983. Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

	Innheimt 1982	Innheimt 1983	Hækkun %	Fjárlög 1983
Beinir skattar	**1 493**	**2 412**	**62**	**2 423**
Tekju- og eignarskattar	1 406	2 275	62	2 293
Sjúkratryggingargjald	47	74	57	80
Erfðafjárskattur	28	37	32	22
Framkvæmdasjóður aldraðra	12	26	117	28
Óbeinir skattar	**7 884**	**12 196**	**55**	**10 356**
Aðflutningsgjöld	1 376	1 999	45	1 641
Innflutningsgjald af bifreiðum	106	81	−23	110
Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald	273	475	74	408
Bifreiðaskattur	113	199	76	160
Sölu- og orkujöfnunargjald	3 387	5 601	65	4 610
Launaskattur	484	677	40	590
Tryggingagjöld	207	326	57	333
Hagnaður ÁTVR	581	724	25	830
Stimpilgjöld o. fl.	210	337	60	283
Vörugjald	778	1 145	47	963
Verðjöfnunargjald raforku	112	261	133	120
Aðrir óbeinir skattar	257	371	44	308
Arðgreiðslur, vextir o. fl.	**185**	**492**	**166**	**228**
Tekjur samtals	**9 562**	**15 100**	**58**	**13 007**

Hlutfallsleg skipting gjalda og tekna 1983 eftir málaflokkum
(% af heildargjöldum)



Tafla 2

Útgjöld ríkissjóðs A-hluti 1982 og 1983, eftir málefnaflokkum. Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

		Útgjöld 1982	Útgjöld 1983	Hækkun %	Fjárlög 1983
1	**Almenn mál**	**977**	**1 698**	**74**	**975**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	877	1 495	70	862
12	Utanríkisþjónusta	100	203	103	113
2	**Félagsmál**	**5 319**	**9 483**	**78**	**7 401**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	1 532	2 653	73	1 880
22	Heilbrigðismál	821	1 783	117	1 319
23	Velferðarmál	2 966	5 047	70	4 202
3	**Atvinnumál**	**2 559**	**4 163**	**63**	**3 246**
31	Niðurgreiðslur	804	1 035	29	839
32	Landbúnaður	376	625	66	569
33	Sjávarútvegur	136	257	89	175
34	Iðnaðar- og orkumál	316	736	133	455
35	Samgöngur	927	1 510	63	1 208
4	**Ýmis mál**	**469**	**919**	**96**	**1 351**
5	**Gjöld samtals**	**9 324**	**16 263**	**74**	**12 973**

Tafla 3

Ríkisútgjöld 1979—1983, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu

		1979	1980	1981	1982	1983
1	**Almenn mál**	**2,9**	**2,9**	**2,9**	**3,1**	**3,2**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	2,6	2,6	2,6	2,8	2,8
12	Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4
2	**Félagsmál**	**15,5**	**15,7**	**17,0**	**17,1**	**17,9**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,5	4,6	4,7	4,9	5,0
22	Heilbrigðismál	2,2	2,3	2,5	2,6	3,4
23	Velferðarmál	8,8	8,8	9,8	9,6	9,5
3	**Atvinnumál**	**8,4**	**7,9**	**7,9**	**8,3**	**7,9**
31	Niðurgreiðslur	2,7	2,0	1,8	2,6	1,9
32	Landbúnaður	1,4	1,3	1,4	1,2	1,2
33	Sjávarútvegur	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
34	Iðnaðar- og orkumál	1,3	1,2	1,3	1,0	1,4
35	Samgöngur	2,5	2,9	2,9	3,0	2,9
4	**Ýmis mál**	**1,8**	**1,3**	**1,5**	**1,5**	**1,7**
5	**Gjöld samtals**	**28,6**	**27,8**	**29,3**	**30,0**	**30,7**

Tafla 4

Afkoma ríkissjóðs 1971—1983, A-hluti
Í milljónum króna

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983[1])
I Greiðsluafkoma:													
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka													
Gjöld	−132	−182	−248	−403	−576	−698	−1011	−1611	−2467	−3766	−5911	−9324	−16263
Tekjur	130	178	240	358	493	683	956	1543	2378	3681	5997	9562	15100
Samtals	−2	−4	−8	−45	−83	−15	−55	−68	−89	−85	+86	+238	−1163
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	+3	+6	+7	+8	+17	+14	+34	+29	+30	+75	+86	−91	−97
Samtals	+1	+2	−1	−37	−66	−1	−21	−39	−59	−10	+172	+147	−1260
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka													
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	−2	+1	−4	−35	−55	−9	−21	−45	+22	+45	+158	+126	−1260
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	+1	0	+1	+1	0	+4	+4	+8	+1	+17	−.1	0	−3
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	−1	+1	−3	−34	−55	−5	−17	−37	+23	+62	+157	+126	−1263
Ýmsir viðskiptamenn	+2	+1	+2	−3	−11	+4	−4	−2	−82	−72	+15	+21	+3
Samtals	+1	+2	−1	−37	−66	−1	−21	−39	−59	−10	+172	+147	−1260
II Rekstrarafkoma:													
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	−3	+1	−3	−35	−75	+8	−25	−16	−11	+139	+175	+850	...

1) Skv. bráðabirgðauppgjöri.

Tafla 5

Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1971—1983
Útgjöld skv. A-hluta ríkisreiknings. Rekstrargrunnur.

	Heildarútgjöld %	Þar af framlög til almannatrygginga og niðurgreiðslna %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatrygginga og niðurgreiðslna %
1971	24,6	9,3	15,3
1972	26,9	10,8	16,1
1973	26,0	10,6	15,4
1974	29,1	10,8	18,3
1975	30,4	11,4	19,0
1976	26,5	9,4	17,1
1977	27,0	7,6	19,4
1978	28,6	9,5	19,1
1979	29,5	10,5	19,0
1980	28,2	9,8	18,4
1981	29,9	10,6	19,3
1982	30,5	11,3	19,2
1983[1])	30,7	10,3	20,4

1) Skv. bráðabirgðatölum á greiðslugrunni og miðað við 53 065 m. kr. áætlaða verga þjóðarframleiðslu 1983. Athygli er vakin á að VÞF dróst saman um 2,0% 1975, 2,3% 1982 og 3,9% 1983, sem skýrir að hluta háar hlutfallstölur þessi ár.

Tafla 6

Skuld ríkissjóðs 1977—1983 samkvæmt ríkisreikningi

Ár	Við Seðlabanka					Við aðra innlenda og erlenda aðila				Heildarskuld	
	Yfirdr. A	Stutt lán B	Löng lán C	Bankainnist. D	Staða A+B+C−D	Yfirdr. A	Stutt lán B	Löng lán C	Staða A+B+C	Verðlag hvers árs	Fast verðlag í árslok 1983
Stöðutölur í árslok í milljónum króna											
1977	26,3	—	128,4	3,0	151,7	0,3	12,3	193,0	205,6	357,3	4 973,0
1978	109,2	—	169,7	6,3	272,6	2,7	37,6	322,1	362,4	635,0	5 855,0
1979	9,1	85,0	261,6	59,8	295,9	2,9	43,6	501,2	547,7	843,6	5 259,0
1980	32,7	40,0	305,5	47,7	330,5	5,8	72,3	845,4	923,5	1 254,0	5 149,0
1981	26,7	40,0	288,7	105,3	250,1	9,4	109,7	1 396,7	1 515,8	1 765,9	4 819,0
1982	74,4	49,0	198,5	117,3	204,6	20,3	168,4	3 264,6	3 453,3	3 657,9	6 082,0
1983[1])	—	49,0	790,0	−704,1[2])	1 543,1	...	...	...	...	...	...
Hreyfing milli ára											
1977/1978	+82,9	—	+41,3	+3,3	+120,9	+2,4	+25,3	+129,1	+156,8	+277,7	+882,0
1978/1979	−100,1	+85,0	+91,9	+53,5	+23,3	+0,2	+6,0	+179,1	+185,3	+208,6	−596,0
1979/1980	+23,6	−45,0	+43,9	−12,1	+34,6	+2,9	+28,7	+344,2	+375,8	+410,4	−110,0
1980/1981	+6,0	0	−16,8	+57,6	−80,4	+3,6	+37,4	+551,3	+592,3	+511,9	−330,0
1981/1982	+47,7	+9,0	−90,2	+12,0	−45,5	+10,9	+58,7	+1867,9	+1937,5	+1892,2	+1263,0
1982/1983	—	0	+591,5	−747,0	+1338,5	...	...	...	...	...	...

1) Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.

2) Hér er um nettóstöðu bankareikninga í Seðlabanka að ræða, þ. e. bankainnistæður að frádregnum yfirdrætti.

Tafla 7

Skuld ríkissjóðs 1977—1983
Stöðutölur á verðlagi í árslok 1983 í m. kr.

	Seðlabanki Íslands		Við aðra erl. og innl. aðila		Heildarskuld	
Ár	Staða	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða	Staða, verðlag í árslok 1983
1977	151,7	2 111,0	205,6	2 862,0	357,3	4 973,0
1978	272,6	2 514,0	362,4	3 342,0	635,0	5 856,0
1979	295,9	1 845,0	547,7	3 414,0	843,6	5 259,0
1980	330,5	1 357,0	923,5	3 792,0	1 254,0	5 149,0
1981	250,1	682,0	1 515,8	4 136,0	1 765,9	4 818,0
1982	204,6	340,0	3 453,3	5 742,0	3 657,9	6 082,0
1983	1 543,1	1 543,1	...	...	...	...

Tafla 8

Lántökuheimildir 1983 og afgreiðsla lánsfjár 1983 samkvæmt bráðabirgðatölum
allar fjárhæðir í þús. kr.

	Láns-fjárlög 1983	Aðrar heimildir 1983	Heimildir alls	Afgreitt 1983	Mismunur
1. Ríkissjóður					
1.1 A-hluti:	**525 000**	**18 465[1]**	**543 465**	**543 465[2]**	**0**
Þjóðarbókhlaða	10 000	—	—	5 800	
Vegagerð	249 000	—	—	220 000	
Landshafnir	5 500	—	—	5 500	
Hlutafjár- og eiginfjárframlög	105 000	—	—	30 900	
Aðstoð við Flugleiðir hf.	34 400	—	—	34 400	
Styrking dreifikerfis í sveitum	27 000	—	—	27 000	
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar	20 400	—	—	20 400	
Jarðhitaleit	4 000	—	—	4 000	
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	4 500	—	—	4 500	
RARIK, fjármagnskostnaður	12 200	—	—	12 200	
Annað	53 000	—	—	178 765	

Tafla 8 frh.

	Láns-fjárlög 1983	Aðrar heimildir 1983	Heimildir alls	Afgreitt 1983	Mismunur
1.2 B-hluti	**1 148 130**	**377 226**	**1 525 356**	**1 536 189**	**−10 833**
Byggðasjóður	100 000	0	100 000	136 600	−36 600[3])
Byggingarsjóður ríkisins	—	43 000[4])	43 000	43 000	0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1 000	0	1 000	0	+1 000[5])
Byggingarsj. rannsóknast. atvinnuv.	10 000	0	10 000	10 000	0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins		2 000[6])	2 000	2 000	0
Jarðasjóður	5 000	0	5 000	1 500	+3 500[5])
Lánasjóður ísl. námsmanna	138 000	0	138 000	138 000	0
Lagmetisiðjan Siglósíld	4 000	6 000[6])	10 000	10 000	0
Skipaútgerð ríkisins	9 800	0	9 800	9 400	+400[5])
RARIK, alm. framkvæmdir	138 630	9 844[6])	148 474	148 474	0
Krófluvirkjum, framkvæmdir	60 000	844[6])	60 844	60 844	0
Krófluvirkjun, fjármagnsútgjöld	219 400	174 408[6])	393 808	393 808	0
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	25 000	−25 000[8])	0	0	0
Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld	21 800	0	21 800	21 800	0
Orkusjóður, byggðalínur, fjárm.útgj.	224 500	76 576[6])	301 076	301 076	0
Orkusjóður, hitaveitulán	7 500	0	7 500	1 050	+6 450[5])
Orkusjóður, jarðhitaleit	10 000	0	10 000	10 000	0
Orkusjóður, sveitarafvæðing	13 000	0	13 000	13 000	0
Iðnaðarrannsóknir	3 000	0	3 000	0	+3 000[5])
Síldarverksmiðjur ríkisins	36 000	12 507[6])	48 507	48 507	0
Sementsverksmiðja ríkisins	28 000	15 087[6])	43 087	43 087	0
Landssmiðjan	12 000	0	12 000	3 000	+9 000[5])
Áburðarverksmiðjan	43 400	12 360[7])	55 760	55 760	0
Póstur og sími: Vörukaupalán o. fl.	4 900	0	4 900	4 900	0
Póstur og sími: Lagning sjálfvirks síma	0	49 600[9])	49 600	53 983	−4 383[9])
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	26 400	0	26 400	26 400	0
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	6 800	0	6 800	0	+6 800[5])

1) Heimild er í 6. gr. fjárlaga 1983.
2) Hér er um að ræða lántöku utan Seðlabanka. Jafnframt þessu námu lántökur ríkissjóðs í Seðlabankanum um 1 370 m. kr. á árinu 1983, þar af hafði 623 m. kr. verið breytt í langtímalán í árslok. Afborganir ríkissjóðs af lánum í Seðlabankanum námu 110 m. kr.
3) Mismunur orsakast af gengismun.
4) Heimild samkvæmt lögum nr. 79/1983 um innlenda lánsfjáröflun og er leitað staðfestingar Alþingis fyrir fjárhæðinni í lánsfjárlögum 1984.
5) Heimild ekki nýtt á árinu 1983 og fellur niður.

Tafla 8. frh.

	Láns-fjárlög 1982	Aðrar heimildir 1982	Heimildir alls	Afgreitt 1982	Mismunur
1. Ríkissjóður A- og B-hluti	**1 673 130**	**395 691**	**2 068 821**	**2 079 654**	**−10 833**
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**924 000**	**105 000**	**1 029 000**	**1 197 228**	**−168 228**
Landsvirkjun	500 000	25 000[8])	525 000	694 000	−169 000[10])
Landsvirkjun, byggðalínur	160 000	0	160 000	200 000	−40 000[10])
Landsvirkjun, Blönduvirkjun	200 000	0	200 000	168 700	+31 300[10])
Orkubú Vestfj. raforkuframkv.	26 000	0	26 000	26 000	0
Orkubú Vestfjarða, hitaveita	5 000	0	5 000	5 000	0
Sjóefnavinnsla, steinullarverksmiðja, stálfélag	0	80 000[11])	80 000	79 659	+341[11])
Kísiliðjan	3 000	0	3 000	869	+2 131[5])
Grænfóðurverksmiðjur	5 000	0	5 000	4 000	+1 000[5])
Annað	25 000	0	25 000	19 000	+6 000[5])
3. Sveitarfélög	**335 900**	**9 939**	**345 839**	**339 039**	**6 800**
Hitaveita Suðurnesja	180 100	0	180 100	180 100	0
Hitaveita Borgarfj. og Akraness	95 800	0	95 800	48 600	47 200[5])
Hitaveita Akureyrar	40 000	0	40 000	80 400	−40 400
Ýmislegt	20 000	9 939[6])	29 939	29 939	0
4. Ráðstöfun (1 + 2 + 3) = fjáröflun (5 + 6)	**2 933 030**	**510 630**	**3 443 660**	**3 615 921**	**−172 261**
5. Innlend fjáröflun	**821 000**	**43 000**	**864 000**	**700 902**	**163 098**
Spariskírteini	200 000	0	200 000	101 200	98 800
Innheimt umfram innlausn	360 000	0	360 000	359 999	1
Verðbréfak. banka og viðlagatr.	103 000	0	103 000	18 803	84 197
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	85 000	0	85 000	87 000	−2 000
Sérstök fjáröflun til húsnæðism.	0	43 000[4])	43 000	43 000	0
Önnur fjáröflun	73 000	0	73 000	90 900	−17 900
6. Erlend lán	**2 112 030**	**467 630**	**2 579 660**	**2 915 019**	**−335 359**
Ríkissjóður A- og B-hluti	852 130	352 691	1 204 821	1 378 752	−173 931
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	924 000	105 000	1 029 000	1 197 228	−168 228
Sveitarfélög	335 900	9 939	345 839	339 039	6 800

6) Heimildar til lántöku leitað í lánsfjárlögum 1984.
7) Ónýtt lántökuheimild flutt frá fyrra ári.
8) Með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. frá í ágúst 1982 tók Landsvirkjun að sér rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir við virkjanir sem fram til þess tíma voru í höndum RARIK og Orkustofnunar. Lántökuheimild vegna virkjanarannsókna 1983 (25 m. kr.) var því flutt yfir til Landsvirkjunar.
9) Heimild til lántöku er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.
10) Heimildir Landsvirkjunar til lántöku námu alls 885 m. kr., en þær reyndust alls 1 063 m. kr. Mismunurinn orsakast af gengismun.
11) Heimildir til lántöku eru í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og í lögum nr. 59/1981 um stálbræðslu.

Sþ. 408. Tillaga til þingsályktunar [233. mál]

um könnun á auknum útflutningi íslenskra iðnaðarvara.

Flm.: Bragi Michaelsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna með hvaða hætti megi auka útflutning á íslenskum iðnaðarvörum sem nú eru að litlu leyti fluttar á erlenda markaði, svo sem húsgögnum, innréttingum, sælgæti og öðrum er ætla má að eigi nokkra möguleika í útflutningi.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að kanna leiðir til að auka útflutning á iðnaðarvörum. Margar orsakir liggja til þess að brýn nauðsyn er nú á því að auka slíkan útflutning og renna þannig fleiri stoðum undir gjaldeyrisöflun okkar. Á allra næstu árum mun fólki á vinnumarkaði hér á landi fjölga allmikið. Eins og málum er komið hér innanlands eru líkur á aukinni sölu iðnaðarvara umfram fólksfjölgun hverfandi en ætla má að verulegir möguleikar séu fyrir hendi á útflutningi.

Allt frá þeim tíma er Íslendingar gerðu samninga um fríverslun hefur íslenskur iðnaður verið að þróa framleiðslu sína og gera hana samkeppnishæfa. Nú eru hér komnar á markað vörur sem eru vel samkeppnishæfar, bæði á markað hérlendis og til útflutnings. Framleiðendur í iðnaði hafa gert tilraunir með útflutning, en með misjöfnum árangri. Framleiðsla húsgagna hér á landi hefur á síðari árum tekið miklum framförum og eru framleiðendur nú að hefja útflutning til Bandaríkjanna. Ullarvörur hafa um alllangt skeið verið fluttar út með góðum árangri og verið eftirsóttar og fleiri dæmi mætti nefna er benda til þess að við Íslendingar ættum að geta komið framleiðsluvörum okkar í auknum mæli á erlenda markaði og bætt hér lífskjör sem rýrnað hafa með minnkandi sjávarafla.

Hlutverk stjórnvalda í þessu máli á að vera að afla t. d. hvers konar upplýsinga um vörumerkingareglur í innflutningslöndum, annast kynningu á íslenskum iðnaðarvörum á vegum sendiráða okkar erlendis og annast kynningu meðal framleiðenda hér innanlands á möguleikum til útflutnings.

Í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar var efnt til kynningar á íslenskum iðnaðarvörum innanlands en vel kæmi til greina að stjórnvöld efndu til slíkra kynninga á íslenskum iðnaðarvörum á erlendum mörkuðum í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Félag íslenskra iðnrekenda. Það fer vart á milli mála að öll viðleitni til að efla íslenskan iðnað og auka markaðshlutdeild íslenskra iðnaðarvara er hagstætt fyrir þjóðarheildina og bætir lífskjör hér á landi.

Fylgiskjal. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Útflutningur húsgagna 1978—1983.

Útflutningur húsgagna
(Magn í tonnum og verð í þús. bandaríkjadala).

	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Magn	1.9	3.3	2.3	4.5	6.4	9
Verð	12.9	21.0	24.7	36.3	74.7	283.9

Útflutningur á húsgögnum hefur verið mjög lítill þau s. l. sex ár sem miðað er við í þessari töflu. Mest hefur verið selt til Norðurlanda og Bretlands en hin síðari ár hefur útflutningur aukist til ýmissa annarra landa. T. d. voru árið 1982 flutt út húsgögn til Hollands, Luxemborgar og Sviss, en hér er einungis um prufusendingar að ræða.

Á vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn í maí árið 1983 tókst íslensku fyrirtæki að gera samning um sölu á húsgögnum til Bandaríkjanna. Er það í fyrsta skipti sem það tekst síðan farið var að selja húsgögn skipulega á erlendum sölusýningum. Áætlað er að salan geti numið allt að 2 millj. bandaríkjadala hjá þessu eina fyrirtæki. Nú er unnið að miklu markaðs- og söluátaki á erlendum vettvangi hjá öðru stóru húsgagnafyrirtæki og vonandi verður einhver árangur af húsgagnasýningunni í Bella Center í maí. Iðnrekstrarsjóður hefur stutt þátttöku í sýningum þessum samkvæmt reglum sínum.

Árið 1980 var hrundið í framkvæmd miklu markaðsátaki í húsgagnaiðnaði, að undangenginni könnun árið 1979, og lauk því á árinu 1983. Hér var um að ræða bæði markaðs- og tækniátak og tóku um 18 íslensk fyrirtæki þátt í því. Segja má að meðalframleiðniaukning í þessum fyrirtækjum hafi verið allt að 50%, en talsvert ríkari áhersla var lögð á tæknilegu hliðina en þá markaðslegu. Þrátt fyrir það hafa þessi fyrirtæki, er tóku virkan þátt í verkefninu, treyst stöðu sína hér innanlands frá því að verkefnið var tekið upp hvað hina markaðslegu hlið snertir. Auk þess má segja að árangur Víðis í útflutningi megi m. a. rekja beint til þessa verkefnis. Markaðsátakinu hefur verið stjórnað þannig að iðnaðarráðuneytið hefur greitt beinan stjórnarkostnað verkefnisins og Iðnrekstrarsjóður tekið að sér að greiða helming ráðgjafarkostnaðar. Auk þess hefur margvíslegur kostnaður við stjórn og markaðsaðgerðir verið greiddur af sjóðnum.

Ed. 409. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febr. 1945.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Eiður Guðnason.

Ed. 410. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og mælir með því að frv. sé samþykkt.
Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Eiður Guðnason.

Ed. 411. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.
Eyjólfur Konráð Jónsson var eigi á fundi er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Eiður Guðnason.

Sþ. 412. Nefndarálit [118. mál]

um till. til þál. um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með því að hún verði samþykkt.

Alþingi, 6. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Ólafur G. Einarsson.	Svavar Gestsson.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um niðurfellingu söluskatts af raforku til dælingar á hitaveituvatni.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Jón Sveinsson, Ingvar Gíslason, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til dælingar á hitaveituvatni.

Greinargerð.

Mikill hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna er fólginn í kaupum á raforku til dælingar á vatni. Söluskattur hefur verið innheimtur af raforku til dælingar þrátt fyrir þá almennu stefnu, sem mörkuð er í reglugerð um söluskatt, nr. 486/1982, að dregið sé úr húshitunarkostnaði, sbr. 19. og 20. tölul. 13. gr. og 12., 13. og 22. tölul. 14. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. og 7. gr. l. nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, og 1. gr. reglugerðar nr. 317/1974.

Samband íslenskra hitaveitna og orkusparnaðarnefnd hafa fengið því framgengt að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til varmadæla, en slík tæki er verið að setja upp

um þessar mundir og gert ráð fyrir að þau verði tekin til enn frekari nota á næstu árum. Tilgangur þeirra er að vinna hita úr volgu vatni, t. d. lághitavatni og bakrennslisvatni hitaveitna, með raforku. Án niðurfellingar söluskatts af raforku til þessara nota væri þessi tækni óarðbær.

Sú er skoðun flutningsmanna, og það er einnig álit Sambands íslenskra hitaveitna, að raforka til dælingar á hitaveituvatni skuli með sömu rökum og ráðuneytið féllst á gagnvart varmadælum undanþegin söluskatti. Í bréfi til Sambands ísl. hitaveitna 6. des. 1983 lýsti fjármálaráðuneytið þeirri skoðun sinni að flutningur orku verði ekki lagður að jöfnu við framleiðslu hennar. Þessi skýring ráðuneytisins telur Samband ísl. hitaveitna að byggist á misskilningi þar sem í báðum tilvikum er um öflun orku („framleiðslu") að ræða. Í öðru tilvikinu er framleitt nothæft hitaveituvatn úr afrennslisvatni með raforku. Í hinu tilvikinu er öflun orkunnar („framleiðsla") fólgin í því að dæla laugarvatni upp úr borholum og koma til notenda með raforku. Í báðum tilvikum er raforka, á viðunandi verði, forsenda orkuöflunar eða „framleiðslu" á nothæfu hitaveituvatni á samkeppnisfæru verði.

Fylgiskjal.

Hr. fjármálaráðherra Albert Guðmundsson
Fjármálaráðuneyti
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

12. janúar 1984.

Í framhaldi af samtali okkar í gær sendist hjálagður listi yfir greiddan söluskatt hitaveitna árið 1982 ásamt áætlun fyrir árið 1983 (áætlunin er miðuð við verðbólguforsendur ágúst/sept. s. l.).

Með bestu kveðju.
Samband ísl. hitaveitna.
Eggert Ásgeirsson.

Hitaveita	Söluskattur 1982	1983 áætl.
Akraness og Borgarfjarðar	228 370,00	537 527,00
Akureyrar	606 000,00	1 796 000,00
Bessastaðahrepps	0	0
Egilsstaða og Fella	176 964,00	371 052,00
Eyra	0	0
Flúða og nágrennis	18 347,00	44 254,00
Hafnarhrepps	0	0
Hvammstanga	46 200,00	80 600,00
Hveragerðis	22 314,00	40 000,00
Laugaráss	0	0
Mosfellshrepps	0	0
Reykjahlíðar	0	0
Reykjavíkur	4 900 000,00	11 700 000,00
Sauðárkróks	87 200,00	152 100,00
Selfoss	309 328,00	507 775,00
Seyðisfjarðar	0	0
Siglufjarðar	94 213,00	255 887,00
Suðurnesja (munnl.)	0	0
Svalbarðsstrandarhrepps	0	0
Vestmannaeyja	126 661,00	319 000,00
Þorlákshafnar	10 835,01	18 719,50
	6 626 432,01	15 822 914,50

Innkomin svör 6. desember 1983.

Sþ. 414. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingamál.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Eiður Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingamál til almennings og aðila í byggingariðnaði með eftirtöldum hætti:

1. Útgáfu handbóka.
2. Námskeiðahaldi.
3. Uppbyggingu tölvutækra gagna.
4. Öðrum aðferðum við söfnun og miðlun upplýsinga sem hentugar þykja.

Nefndarmenn verði tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

1. Upplýsingaþjónusta Rannsóknaráðs.
2. Byggingarþjónustunni.
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands.
5. Iðntæknistofnun.
6. Húsnæðisstofnun Íslands.
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Verkefnið njóti stuðnings ríkissjóðs í þrjú ár.

Greinargerð.

Eitt af einkennum nútímans er það gífurlega magn upplýsinga sem til er á flestum sviðum. Tæknilegar framfarir hafa valdið því að möguleikar til öflunar, geymslu og dreifingar upplýsinga margfaldast næstum á hverju ári.

Ein meginforsenda þess að þjóðir haldi lífskjörum sínum á næstu árum er að þær nýti þær upplýsingar sem tiltækar eru í atvinnumálum, félagsmálum og á fleiri sviðum. Aldrei hefur verið dýrara að standa í stað. Það mun hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks þjóðfélags og þeirra gæða, sem það mun geta boðið þegnum sínum, að hér verði sem fyrst mörkuð sú almenna upplýsingastefna sem þegar er farið að fylgja víða erlendis.

Húsbyggingar og húsnæðiskostnaður eru einn dýrasti liðurinn í útgjöldum yngri heimilanna í dag og mun verða svo um langa framtíð. Á undanförnum árum, og raunar enn, hefur athyglin einkum beinst að öflun lánsfjár til húsbygginga. Minni áhersla hefur verið lögð á að lækka byggingarkostnað sem að miklu leyti hefur dulist í verðbólgubáli og óverðtryggðum lánum. Hann verður hins vegar greinilegri þegar sífellt fleiri búa í húsnæði sem eingöngu er reist fyrir verðtryggt lánsfé. Gildir þar einu hver eignaraðild íbúanna er.

Á hérlendum markaði er fjölbreytt framboð á tækni, efni og þjónustu til húsbygginga og umfangsmiklar rannsóknir fara fram hjá ýmsum aðilum. Erlendis skýtur á hverju ári upp kollinum fjöldi nýjunga í þessum efnum. Ýmsar stofnanir hérlendis búa yfir mikilli reynslu og eiga upplýsingar sem mættu koma að meira gagni en þær gera í dag. Mikið skortir á að þessari vitneskju sé á virkan hátt komið áleiðis til íslenskra húseigenda og aðila í byggingariðnaði.

Það er enginn vafi á því að nú þegar eru til aðferðir sem myndu lækka rekstrar- og byggingarkostnað húsa stórkostlega. Nægir þar að benda á leiðir til orkusparnaðar. Það hefur aldrei verið brýnna að safna tiltækri þekkingu saman, gera hana aðgengilega og dreifa henni. Þótt einstaklingar verji miklum tíma til að afla sér upplýsinga þá eru takmörk fyrir því hverju þeir geta áorkað í þeim efnum á eigin spýtur. Það liggur því beint við að gert verði átak í því að safna þessari þekkingu saman á einn stað og koma henni á framfæri við húsbyggjendur og húseigendur.

Verkefnistillaga þessi miðar að því að þeir aðilar, sem málið er skyldast, bindist samtökum um að skilgreina og hrinda í framkvæmd þeirri gagnasöfnun og útgáfustarfsemi sem nauðsynleg er í þessu skyni. Meðal annars er lagt til að vinna skólanemenda verði nýtt við vissa þætti þessara verkefna eftir því sem þeir eru færir um og það samrýmist námi þeirra. Í þessu skyni verði leitað eftir samvinnu við ýmsa skóla sem kenna greinar sem að gagni mættu koma. Með því að hagnýta vinnu nemendanna með þessum hætti vinnst það m. a. að þeir fá bein kynni af þessum viðfangsefnum og námsvinna þeirra nýtist við uppbyggingu gagnasafnana. Fyrirkomulag af þessari gerð myndi styrkja samband skóla og atvinnulífs, báðum þessum aðilum til góðs. Gert er ráð fyrir að allt skráð efni yrði ýmist þegar í byrjun sett á tölvutækt form eða auðvelt yrði að koma því á slíkt form síðar. Þannig mætti gera heildarverkefnið mun ódýrara og aðgengilegra en ella.

Lagt er til að verkefnið verði skipulagt sem samvinnuverkefni eftirtalinna aðila sem allir búa nú þegar yfir mikilli þekkingu á þessu sviði. Lögð er áhersla á að sú aðstaða, sem þegar er til í gögnum, vélbúnaði og hugbúnaði, verði styrkt, en ekki verði sett á fót ný stofnun. Má t. d. í þessu sambandi benda á starfsemi Byggingaþjónustunnar, sem þegar hefur talsverða reynslu á þessu sviði. Hjá Rannsóknaráði ríkisins hafa þegar verið uppi tillögur á þessu sviði.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi sjö manna nefnd sem skipuð verði einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

1. Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs.
2. Byggingaþjónustunni.
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands.
5. Iðntæknistofnun.
6. Húsnæðisstofnun ríkisins.
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Reiknað er með að verkefnið verði fjármagnað og rekið með:

1. einhverju vinnuframlagi fyrrgreindra aðila,
2. vinnuframlagi nemenda, og jafnvel kennara, í greinum sem varða húsbyggingar (nemendur og kennarar Háskóla Íslands, Tækniskóla og iðnskóla),
3. sölu handbóka og námskeiðagjöldum,
4. gjöldum fyrir aðgang að gagnasöfnum,
5. þriggja ára framlagi á fjárlögum.

Við skipulagningu þessarar þjónustu verði lögð megináhersla á að stofnanir, sem mest afskipti hafa af húsbyggingamálum, séu í beinu sambandi við gagnasöfnun. Sama gildi um sveitarstjórnir, byggingafulltrúa, iðnráðgjafa, byggingavöruverslanir, byggingaverktaka, arkitektastofur og verkfræðistofur, svo dæmi séu nefnd.

Með beinu tölvusambandi þessara aðila mætti tryggja sem mesta nýtingu, áreiðanleika og gagnsemi þessara upplýsinga fyrir íslenskan húsnæðisiðnað.

Sþ. 415. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Jón Sveinsson, Ingvar Gíslason,
Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna.

Greinargerð.

Á síðustu tíu árum hefur verið gert stórátak í nýtingu jarðvarma til upphitunar húsa hér á landi og á þeim tíma hefur hlutur jarðvarma í húshitun aukist úr 50% í tæp 80%. Er nú svo komið að um 77% þjóðarinnar búa við upphitun með jarðvarma. Á sama tíma hefur hlutur olíunotkunar minnkað úr 45% í 6%.

Á landinu eru starfandi 28 hitaveitur en kostnaður við upphitun frá þessum hitaveitum er allt frá því að vera innan við 10% og upp í 70% af kostnaði við upphitun með olíu. Orkustofnun vinnur að athugunum á aukinni nýtingu jarðvarma til upphitunar og iðnaðarnota. Á s. l. ári komu tvær skýrslur frá Orkustofnun um þetta efni, „Húshitunaráætlun, I. og II. hluti". Þar eru kynntar hugmyndir um aukna nýtingu jarðvarma og frumáætlanir um 28 nýjar hitaveitur. Gerðar hafa verið kostnaðaráætlanir um jarðhitarannsóknir, boranir, lagningu aðveituæða og dreifikerfa og orkuverð fundið út frá áætluðum rekstrarkostnaði.

Á síðasta löggjafarþingi var samþykkt breyting á orkulögum, nr. 58/1967. Við 53. gr. var bætt svohljóðandi ákvæði:

„Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðhita."

Ljóst er að þetta hefur lækkað verulega kostnað við nýtingu jarðvarma til upphitunar þar sem stór hluti kostnaðarins er við virkjun jarðvarmans.

Flutningsmenn þessarar þáltill. benda á að ef tækist að lækka flutnings- og dreifingarkostnað heita vatnsins með því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna kynni að skapast grundvöllur fyrir sumar þær hitaveitur sem þegar hafa verið gerðar frumáætlanir um.

Á það skal einnig bent að fjármögnun nýrra hitaveitna hefur að langmestu leyti verið með erlendum lánum og teljum við í fyllsta máta óeðlilegt að taka erlend lán til greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts sem rennur svo til óskiptur í ríkissjóð.

Sþ. 416. Fyrirspurn [237. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um sullaveiki.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hvað hyggst ráðherra gera til varnar gegn útbreiðslu á sullaveiki?
2. Hyggst ráðherra láta gera úttekt á framkvæmd gildandi laga um hundahreinsun?

Ed. 417. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 7. mars 1984.

Valdimar Indriðason, form.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.	Egill Jónsson.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 418. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um framhald hvalveiða við Ísland.

Flm.: Jón Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sækja nú þegar um undanþágu frá samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem gildi á að taka árið 1986, með það fyrir augum að hvalveiðar haldi áfram við Ísland undir vísindalegu eftirliti og með skynsamlegri stjórn.

Greinargerð.

Með ályktun Alþingis 2. febrúar 1983 var samþykkt að mótmæla ekki af Íslands hálfu samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða sem kunngerð hafði verið með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. september 1982 og taka skal gildi frá og með árinu 1986.

Um hvalveiðar hafa á seinni árum verið mjög skiptar skoðanir manna á meðal. Hafa náttúruverndarmenn haft sig mjög í frammi um vernd hvalastofna og algjöra stöðvun veiða. Hefur barátta þeirra í þessum efnum borið greinilegan árangur sem m. a. kemur fram í samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Á öðrum sviðum hefur barátta þeirra og borið árangur svo sem við verndun og takmörkun veiða á selum. Hafa afleiðingar þessa bitnað á þjóðum sem að mismiklum hluta hafa átt afkomu sína undir þessum veiðum. Að mati flutningsmanns hafa sjónarmið náttúruverndarmanna þó oft fremur mótast af tilfinningum en markvissum rökum og vísindalegum athugunum.

Rannsóknir á hvölum hér við land hafa átt sér stað um langt skeið. Rannsóknir hafa á undanförnum áratugum verið að miklu leyti í höndum samstarfsaðila Hafrannsóknastofnunar, en á síðari árum nær algerlega færst í hendur Íslendinga sjálfra. Gefa vísindalegar athuganir ekki tilefni til að ætla að hvalastofnar við Ísland séu í hættu vegna ofveiði. Benda vísindalegar rannsóknir fremur til að veiðarnar hafi á seinni árum verið stundaðar af fyrirhyggju og skynsemi. Haldi veiðar áfram ætti því ekki að vera hætta á að breyting verði hér á.

Á Alþingi hefur yfirleitt verið reynt að stuðla að því að atvinnustarfsemi, sem fyrir er, eflist og styrkist en ekki að úr henni sé dregið og hún jafnvel aflögð. Er samþykkt Alþingis frá 2. febrúar 1983 sérstök að þessu leyti því að komi til algjörs hvalveiðibanns leggst niður starfsemi fyrirtækis sem rekið hefur verið með ágætum frá 1948. Fyrirtækið hefur veitt fjölda manns atvinnu, síðast liðið sumar um það bil 200 manns, en þá voru gerðir út þrír hvalbátar í stað fjögurra árið áður. Störfuðu 45 manns á hvalbátum en um 155 manns í hvalstöðinni í

Hvalfirði og fyrirtæki Hvals hf. í Hafnarfirði. Til viðbótar starfsemi Hvals hf. eru stundaðar hrefnuveiðar hér við land á nokkrum stöðum sem veita atvinnu og skapa tekjur.

Loks er þess að geta að hlutur hvalafurða árið 1983 er talinn nema tæpu 1,6% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Það er illt að verða af slíkum tekjum við minnkandi sjósókn og aflamagn í sjávarútvegi.

Þar sem takmörkun eða bann Alþjóðahvalveiðiráðsins á að taka gildi árið 1986 sem ekki er svo langt undan og ljóst er að allar undanþágur þarf að sækja með viðræðum og fundahöldum sem óhjákvæmilega taka sinn tíma er þessi tillaga flutt nú. Er með henni vænst að tekið verði á þessum málum nú þegar enda miklir hagsmunir í húfi, ekki aðeins fyrir þá einstaklinga, sem eiga atvinnu sína undir þessum veiðum, heldur einnig sveitarfélög þau, sem hlut eiga að máli, og síðast en ekki síst ríkissjóð vegna útflutningstekna.

Sþ. 419. Fyrirspurnir. [239. mál]

I. Til menntamálaráðherra um ný þjóðminjalög.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hefur stjórnskipuð nefnd skilað tillögum um endurskoðun þjóðminjalaga? Má vænta þess að frumvarp til nýrra þjóðminjalaga verði flutt á yfirstandandi þingi?

II. Til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta þeim halla sem fyrirsjáanlegur er á Lánasjóði íslenskra námsmanna á þessu ári?
2. Hefur menntamálaráðherra í hyggju breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna?
3. Hafa verið mótaðar einhverjar tillögur til breytinga á úthlutunarreglum Lánasjóðsins?
4. Ef svo er, hverjar eru þær og hverjir unnu þær tillögur?

Ed. 420. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um frumvarpið. Leitaði nefndin umsagnar Reykjavíkurborgar og Landsvirkjunar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 8. mars 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Egill Jónsson. Lárus Jónsson.

Stefán Benediktsson. Jón Sveinsson.

Ed. 421. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um frumvarpið. Leitaði nefndin umsagnar iðnaðarráðuneytisins, stjórnar lagmetisiðjunnar, verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði og bæjarstjórnar Siglufjarðar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Egill Jónsson. Lárus Jónsson.

Jón Sveinsson.

Nd. 422. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Málið fékk ítarlega umfjöllun á mörgum fundum og fjöldi embættismanna kom á nefndarfundi til að gefa upplýsingar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 8. mars 1984.

Friðrik Sophusson, varaform., frsm. Sverrir Sveinsson. Þorsteinn Pálsson.

Geir Hallgrímsson.

Nd. 423. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, SvS, ÞP, GeirH).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Lánsfénu skal varið með eftirtöldum hætti:
   1. Blönduvirkjun ..... 200 000 þús. kr.
   2. Kvíslaveitur og Þórisvatn ..... 350 000 þús. kr.
   3. Suðurlína ..... 180 000 þús. kr.
   4. Annað ..... 170 000 þús. kr.

Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

2. Við 24. gr. Í stað „2 500“ komi: 3 600.
3. Á eftir 32. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar er hljóði svo:
   a. (33. gr.) Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs. Heimildin gildir fyrir tímabilið 1. október 1983 til 31. desember 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánari framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð í samráði við fjárveitinganefnd.
   b. (34. gr.) Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar kartöflubændum vegna uppskerubrests á árinu 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

Ed. 424. Frumvarp til laga [240. mál]

um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum er hann metur gildar, að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 1,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Arnarflug hf. hefur farið fram á að ríkissjóður ábyrgist lántöku að fjárhæð allt að 1,5 milljónir Bandaríkjadala sem ætluð er til að styrkja rekstrarfjárstöðu þess.

Tvö undanfarin ár hefur rekstur Arnarflugs hf. gengið erfiðlega, einkum vegna verulegs halla á rekstri innanlandsflugs félagsins svo og millilandaflugi þess. Halli á millilandaflugi á rætur sínar að rekja að stórum hluta til tæringar sem fannst í Boeing 720 millilandavél félagsins á miðju ári 1982. Í stað þess að geta nýtt eigin vélakost þurfti félagið að leigja flugvélar sem reyndist óhagkvæmt. Halli innanlandsflugsins á aftur á móti rætur sínar að rekja til fækkunar farþega án þess að náðst hafi samsvarandi lækkun kostnaðar.

Á þessum árum voru leiguflugsverkefni félagsins við vöruflutninga erlendis ekki sá bakhjarl sem þau höfðu verið áður. Áfram hyggst félagið stunda að einhverju marki leiguflug erlendis, en sá markaður er mjög sveiflukenndur og oft áhættusamur.

Áætlanir Arnarflugs hf. fyrir árið 1984 og 1985 benda til að taprekstri félagsins í innanlandsflugi og millilandaflugi verði snúið til jafnaðar og að þessir tveir rekstrarþættir geti orðið sú kjölfesta í rekstri Arnarflugs hf. sem að hefur verið stefnt. Á s. l. mánuðum mun rekstur félagsins einnig hafa gengið mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ed. 425. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en ekki orðið sammála. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, enda er þá gert ráð fyrir að staðið verði við yfirlýsingu þingflokka stjórnmálaflokkanna sem er að finna á fylgiskjali sem er prentað með þessu nefndaráliti.

Alþingi, 12. mars 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Tómas Árnason.
Eiður Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal.

Úr greinargerð með frumvarpi um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 (105. löggjafarþing, 206. mál).

Þingflokkar Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem að frumvarpi þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frumvarpi þessu, sem sérprentað fylgiskjal, „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.
2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.

Sþ. 426. Fyrirspurnir. [241. mál]

I. Til menntamálaráðherra um rekstur grunnskóla.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað er kostnaður ríkissjóðs talinn vera mikill við rekstur allra grunnskóla landsins í einn mánuð á þessu skólaári og hve mikill hluti þess kostnaðar er vegna fastra launa þeirra starfsmanna sem taka árslaun?
2. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla á sama tíma?
3. Hefur þátttaka grunnskólanema í atvinnulífinu á skólaári verið metin til jafns við verklegt nám, skv. 42. gr. grunnskólalaga, og ef svo er, í hve ríkum mæli?
4. Hver var kostnaður ríkissjóðs við rekstur forskóla, samkv. 74. gr. grunnskólalaga, árið 1983 og hvað er áætlað að hann verði mikill á þessu ári?

II. Til fjármálaráðherra um innheimtu tekjuskatts.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverju nam innheimtur tekjuskattur á árinu 1983 og hvernig skiptist hann á eftirtalda aðila:
   a) einstaklinga,
   b) einstaklinga með atvinnurekstur,
   c) hlutafélög,
   d) samvinnufélög,
   e) sameignarfélög?
2. Hve margir greiddu tekjuskatt á árinu 1983 samkvæmt sömu sundurliðun og í 1. lið og hver var fjöldi skattskyldra aðila, sundurgreint á sama hátt?

Nd. 427. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:
   Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu sérstaklega miða að því að leysa fjárhagsvanda þeirra bænda sem hafa nýlega hafið búskap, staðið í gagngerri uppbyggingu eða endurbótum á bújörð sinni eða búa við sérstaklega erfiðan fjárhag vegna fjölskylduaðstæðna.
2. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) komi ný gr. er verði 6. gr. og orðist svo:
   Innlánsstofnunum er skylt að taka við bankavaxtabréfum er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Seðlabankinn endurkaupir þessi bréf.

Nd. 428. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 frá 29. maí 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ef um lánsfé er að ræða skulu útlánakjör vaxta- og verðtryggingar eigi vera lægri en á aðfengnu lánsfé, að viðbættri 0,25% þóknun til veðdeildar.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum skv. lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingahæfum eignum.

3. gr.

8. gr. (sbr. 7. gr. laganna) orðist svo:

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 75% virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 75% virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er flutt í framhaldi af umræðum í landbúnaðarnefnd um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán 1984.

Minni hl. landbúnaðarnefndar komst að þeirri niðurstöðu að sérstök lög, er heimili breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, væru óþörf þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands veiti veðdeildinni þegar ótvíræðar lagaheimildir til útgáfu banka-vaxtabréfa og veitingu lána gegn veði í fasteignum. Til fyrirhugaðrar skuldbreytingar skortir því ekki lagaheimildir, heldur fjármagn. Hvort af skuldbreytingunni getur orðið ræðst því fyrst og fremst af tvennu:

1) Samþykkt Alþingis fyrir útvegun nýs fjármagns, með nýjum erlendum lántökum eða á annan hátt, til þess að hreinsa upp vanskil við viðskiptaaðila, stofnlánadeild og veðdeild, svo að umsækjendur verði lánshæfir.

2) Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna" um semst milli lánardrottna og lántakenda, þannig að báðir aðilar sjái sér hag í lengingu lánanna. (Sjá nefndarálit minni hl. landbúnaðarnefndar á þskj. 429).

Skv. tillögum og greinargerð nefndar um könnun á fjárhagsvanda bænda 1984 þykir eftir sem áður æskilegt að gera minni háttar breytingar á gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða fyrir framkvæmd skuldbreytingar, ef tilskilið fjármagn fæst og um semst milli aðila um lánskjör.

Þessar tillögur eru fluttar með hliðsjón af áliti nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í bréfi „nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda" til landbúnaðarráðuneytis (dags. 2. mars 1984) er lagt til að „kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu, að viðbættu ½% álagi veðdeildarinnar". Í bréfi til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis frá Guðmundi Sigurðssyni, Áslandi, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, er lagt til að álag veðdeildar verði 0,25% og bent á, að fyrir nokkru var álag Framkvæmdasjóðs á endurlánað lánsfé endurskoðað og lækkað úr 1% í 0,25%. Flutningsmanni þykir rétt að lánskjörin verði með þessum hætti ákveðin á löggjafarstigi, fremur en að framselja það vald í hendur ráðherra.

Um 2. gr.

Samhljóða ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Hér með er lagt til að þetta ákvæði verði fært inn í lögin um veðdeild Búnaðarbankans fremur en að um það verði sett sérstök lög. Í bréfi formanns undirbúnings-nefndar, sem kannaði fjárhag bænda, til landbúnaðarráðherra (dags. 23. febr. 1984) segir um þetta umdeilda ákvæði:

„Veðleyfi eigna á ríkissjóðsjörðum eru nauðsynleg sökum ódeilanleika veðréttar í lögbýlum. Með þessu móti er gætt réttar leiguliða sem eiga annars nægar veðhæfar eignir og má telja hart ef þeim er ekki unnt félagslegs jafnræðis við jarðareigendur. Framkvæmd þessa ákvæðis styðst við venjur."

Um 3. gr.

Í tillögum nefndarinnar um almenna skuldbreytingu í þágu bænda (dags. 9. sept. 1983) segir um þetta efni á bls. 2:

„Þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbankans heimila ekki hærra veðsetningar-hlutfall en 60% er nauðsynlegt að setja lög um skuldbreytinguna er heimili 75% veðsetningu."

Nd. 429. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fjórum fundum. Nefndarmenn áttu ítarlegar viðræður við formann „nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda“, Bjarna Braga Jónsson aðstoðarbankastjóra Seðlabankans og Stefán Pálsson bankastjóra Búnaðarbanka Íslands. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. skilar sameiginlegu nefndaráliti og einstakir nefndarmenn flytja breytingartillögur á sérstökum þingskjölum. Minni hl. leggur til að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Rökin fyrir því eru þessi:

1. Skv. lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er hlutverk veðdeildarinnar útgáfa bankavaxtabréfa og veiting lána gegn veði í fasteignum. Veðdeildin hefur því lögum skv. ótvíræða heimild til útgáfu nýs flokks bankavaxtabréfa og þar með til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda ef næg veð eru fyrir og lánardrottnar sætta sig við lánstíma og greiðslukjör.

Sérstök lög er heimili breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán með fyrirhuguðum hætti eru þess vegna óþörf. Þess vegna er lagt til að frumvarpinu verði vísað frá.

2. Breytingar, sem til álita kemur að gera á lögum um veðdeild Búnaðarbankans til þess að greiða fyrir framkvæmd skuldbreytingar, varða tvö minni háttar atriði. **Í fyrsta lagi** að **hækka veðsetningarhlutfall** úr 60% í 75% af virðingarverði fasteignar. Í öðru lagi að heimila **ábúendum ríkisjarða** „að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum“. Hið síðar nefnda telur nefndin, sem undirbúið hefur málið, nauðsynlegt vegna „ódeilanleika veðréttar á lögbýlum“, enda eigi leiguliðar annars nægar veðhæfar eignir.

Fremur en að setja sérstök lög um slík framkvæmdaratriði liggur beint við að breyta lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til samræmis við þetta. Undirritaður boðar því frumvarp til laga um breytingu á lögum um veðdeild Búnaðarbankans, þar sem gert er ráð fyrir því að hvort tveggja þetta, sem og lágmark vaxta- og verðtryggingar ef skuldbreyting er fjármögnuð með nýjum lánum að einhverju leyti, verði sett í lögin, sbr. þskj. 428.

3. Athygli vekur að í umræddu frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán er **hvergi vikið að kjarna málsins sem er fjármögnun skuldbreytingarinnar.**

Í bréfi undirbúningsnefndarinnar til landbúnaðarráðherra (dags. 23. febr. 1984) segir að annað meginefni málsins sé „útvegun lánsfjár að nokkrum hluta, t. d. 30—40% breytingarinnar, til þess að greiða fyrir að á hana verði fallist og losa um vanskil sem standa í veginum“. Þessi lánsfjárþörf er áætluð á bilinu 40—50 milljónir króna að lágmarki.

Í greinargerð með tillögum nefndarinnar (dags. 9. sept. 1983) segir eftirfarandi um nauðsyn nýrrar fjárútvegunar: „Skuldbreyting er háð samþykki lánveitenda. Ljóst er að mörg kaupfélög eru þegar í vanda með mikla fjárbindingu í viðskiptaskuldum bænda og **geta varla haft mikinn áhuga á að lengja þau lán nema nokkur hluti þeirra sé greiddur upp** um leið. Auk þess þarf að **hreinsa upp vanskil við stofnlánadeild og veðdeild** svo að umsækjendur verði lánshæfir. Er af þessum sökum nauðsynlegt að hafa viðbúnað við allháu útgreiðsluhlutfalli, allt að 40%, og þar með öflun nýs fjármagns er gæti numið um 40 millj. kr.“

Enda þótt nefndin „til könnunar á fjárhagsvanda bænda“ hafi skilað tillögum og

greinargerð 9. sept. 1983 var frumvarpið ekki lagt fram á Alþingi af hálfu landbúnaðarráðherra, fyrr en **tæpu hálfu ári síðar.** Þrátt fyrir þennan langa meðgöngutíma snertir frumvarpið hvergi kjarna málsins sem er ný lánsfjárútvegun, auk þess sem nauðsynlegar upplýsingar eru allsendis ófullnægjandi til þess að unnt sé að taka endanlega afstöðu til þess. Þannig vantar endanlegar upplýsingar um eftirfarandi: 1) **Fjölda umsækjenda um skuldbreytingu.** 2) **Heildarupphæð fyrirhugaðrar skuldbreytingar.** 3) **Upphæð nýrrar lánsútvegunar til þess að standa undir 30—40% „útgreiðsluhlutfalli".** 4) **Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna" lánardrottnar** (innlánsdeildir kaupfélaga, sparisjóðir eða viðskiptabankar) **sætta sig við til að taka við bréfunum.**

4. Það sem fyrst og fremst kemur til kasta Alþingis er fjárútvegunin sjálf því að skv. gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbankans hefur deildin fullnægjandi lagaheimildir til útgáfu nýrra bankavaxtabréfa, en ráðherra ákveður vexti bréfanna og setur í reglugerð nánari ákvæð um framkvæmd laga. Það sem Alþingi þarf fyrst og fremst að taka afstöðu til er því fjárútvegunin sjálf en að því er hvergi vikið í frumvarpinu. Allar líkur benda til að fjárútvegunin verði í formi **nýrra erlendra lána** þar sem áætlanir ríkisstjórnarinnar um lánsfjáröflun á innlendum lánamarkaði hafa þegar brugðist.

5. Sem kunnugt er er veðdeildin ekki aflögufær. Á fundum nefndarinnar var upplýst að höfuðstóll veðdeildarinnar er neikvæður um ca. 20 milljónir króna. Ástæðurnar fyrir þessu fjárhagshruni veðdeildarinnar eru einkum þrjár að sögn forráðamanna hennar:

1) Á árunum 1972—77 var henni gert að taka erlend gengistryggð lán og verðtryggð innlend lán.

2) Útlán deildarinnar, m. a. til jarðakaupa, voru hins vegar **óverðtryggð** allan tímann.

3) Lögboðin framlög ríkissjóðs til deildarinnar voru skert.

Á fundum nefndarinnar var upplýst að **ríkisstjórnin hefði, að tillögu landbúnaðarráðherra, samþykkt að veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði útvegað lánsfé er nemi allt að 40% af skuldbreytingu á lausaskuldum bænda.**

Ekki liggur fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggst útvega þetta lánsfé enda þótt allar líkur bendi til að það hljóti að gerast með nýjum erlendum lánum, enda lánsfjárlög óafgreidd frá Alþingi.

6. Þess vegna sýnist ótímabært fyrir Alþingi að taka endanlega afstöðu til málsins fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir, en þær eru m. a. þessar:

1) Hver er áætluð heildarupphæð skuldbreytingarinnar?

2) Hvernig hyggst ríkisstjórnin útvega nýtt lánsfé til að standa undir áætluðu „útgreiðsluhlutfalli" og hver verður heildarupphæð þessara lána?

3) Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna" geta lánardrottnar sætt sig við til þess að taka við nýjum skuldabréfum í stað verðtryggðra vanskilalána með hæstu vöxtum?

Að lokinni umfjöllun í nefnd er niðurstaða minni hl. sú að leggja til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem veðdeild Búnaðarbanka Íslands er lögum skv. heimilt að gefa út bankavaxtabréf og veita lán gegn veði í fasteignum, þ. m. t. að breyta í föst lán lausaskuldum bænda ef næg veð eru fyrir og um semst um lánstíma og greiðslukjör milli lánardrottna og skuldunauta, og sérstakar lagaheimildir af þessu tilefni eru þar af leiðandi óþarfar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. mars 1984.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

1983-84 (106. löggjafarþing) — 242. mál.

Nd. 428. Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 34 frá 29. maí 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ef um lánsfé er að ræða skulu útlánakjör vaxta- og verðtryggingar eigi vera lægri en á aðfengnu lánsfé, að viðbættri 0,25% þóknun til veðdeildar.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum skv. lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingahæfum eignum.

3. gr.

8. gr. (sbr. 7. gr. laganna) orðist svo:

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 75% virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 75% virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er flutt í framhaldi af umræðum í landbúnaðarnefnd um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán 1984.

Minni hl. landbúnaðarnefndar komst að þeirri niðurstöðu að sérstök lög, er heimili breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, væru óþörf þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands veiti veðdeildinni þegar ótvíræðar lagaheimildir til útgáfu bankavaxtabréfa og veitingu lána gegn veði í fasteignum. Til fyrirhugaðrar skuldbreytingar skortir því ekki lagaheimildir, heldur fjármagn. Hvort af skuldbreytingunni getur orðið ræðst því fyrst og fremst af tvennu:

1) Samþykkt Alþingis fyrir útvegun nýs fjármagns, með nýjum erlendum lántökum eða á annan hátt, til þess að hreinsa upp vanskil við viðskiptaaðila, stofnlánadeild og veðdeild, svo að umsækjendur verði lánshæfir.

2) Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna“ um semst milli lánardrottna og lántakenda, þannig að báðir aðilar sjái sér hag í lengingu lánanna. (Sjá nefndarálit minni hl. landbúnaðarnefndar á þskj. 429).

Skv. tillögum og greinargerð nefndar um könnun á fjárhagsvanda bænda 1984 þykir eftir sem áður æskilegt að gera minni háttar breytingar á gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða fyrir framkvæmd skuldbreytingar, ef tilskilið fjármagn fæst og um semst milli aðila um lánskjör.

Þessar tillögur eru fluttar með hliðsjón af áliti nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í bréfi „nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda“ til landbúnaðarráðuneytis (dags. 2. mars 1984) er lagt til að „kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu, að viðbættu ½% álagi veðdeildarinnar“. Í bréfi til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis frá Guðmundi Sigurðssyni, Áslandi, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, er lagt til að álag veðdeildar verði 0,25% og bent á, að fyrir nokkru var álag Framkvæmdasjóðs á endurlánað lánsfé endurskoðað og lækkað úr 1% í 0,25%. Flutningsmanni þykir rétt að lánskjörin verði með þessum hætti ákveðin á löggjafarstigi, fremur en að framselja það vald í hendur ráðherra.

Um 2. gr.

Samhljóða ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Hér með er lagt til að þetta ákvæði verði fært inn í lögin um veðdeild Búnaðarbankans fremur en að um það verði sett sérstök lög. Í bréfi formanns undirbúningsnefndar, sem kannaði fjárhag bænda, til landbúnaðarráðherra (dags. 23. febr. 1984) segir um þetta umdeilda ákvæði:

„Veðleyfi eigna á ríkissjóðsjörðum eru nauðsynleg sökum ódeilanleika veðréttar í lögbýlum. Með þessu móti er gætt réttar leiguliða sem eiga annars nægar veðhæfar eignir og má telja hart ef þeim er ekki unnt félagslegs jafnræðis við jarðareigendur. Framkvæmd þessa ákvæðis styðst við venjur.“

Um 3. gr.

Í tillögum nefndarinnar um almenna skuldbreytingu í þágu bænda (dags. 9. sept. 1983) segir um þetta efni á bls. 2:

„Þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbankans heimila ekki hærra veðsetningarhlutfall en 60% er nauðsynlegt að setja lög um skuldbreytinguna er heimili 75% veðsetningu.“

Fylgiskjal II.

Lög

um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Í Búnaðarbanka Íslands skal starfa veðdeild. Hlutverk veðdeildarinnar er:

a) Útgáfa bankavaxtabréfa.
b) Að veita lán gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum til ársloka 1986.
2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1986.
3. Vaxtatekjur.

3. gr.

Veðdeildin gefur út bankavaxtabréf er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa bankavaxtabréfin.

Bréfin skulu gefin út í flokkum og ákveður ráðherra vexti bréfanna, gjalddaga þeirra og önnur lánskjör, hvar þau skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingu um greiðslu þeirra.

4. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

5. gr.

Hlutverk deildarinnar samkv. b-lið 1. gr. er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum eða lán tryggð með ábyrgð þeirra, enda séu lánin ætluð til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.

6. gr.

Hús og önnur mannvirki skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátryggð séu í vátryggingastofnun er bankinn tekur gilda.

7. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir $^3/_5$ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $^3/_5$ virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

8. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar má tiltaka í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar. Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir. Þegar fasteign, sem veðdeildin hefur veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiptin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má allt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er

rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin rýrni við það í verði.

10. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim er hann hefur undirgengist. En verði árgjöld hans eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

11. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og skal eigi greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

13. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

14. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins, á þann hátt að þau með því verði ógild.

15. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslum bankans.

16. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

17. gr.
Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi veðdeildarinnar.

18. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Samþykkt á Alþingi 15. maí 1979.

Fylgiskjal III.

Bréf nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda til landbúnaðarráðuneytisins, 2. mars 1984.

Nefndin kom saman þriðjudaginn 28. febrúar til fundar um stöðu skuldbreytingaráforma og til þess að gera ályktanir um þá ráðgjöf af hálfu nefndarinnar sem nauðsynleg er talin. Til fundar við nefndina komu Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri, Stefán Pálsson bankastjóri og Leifur Kr. Jóhannesson forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Upplýst var m. a. um samþykkt ríkisstjórnarinnar að morgni sama dags um útvegun lánsfjár allt að 40% af skuldbreytingunni.

Nefndin gerði eftirfarandi samþykkt til ráðgjafar um framkvæmd málsins:

1. Reynt verði að halda opnu að útvegað verði 40% af þeirri fjárhæð sem endanlega verður skuldbreytt.

2. Þar sem fóðurkaupa er getið í frumvarpi sem tilefnis skuldbreytingar sé átt við fóðurkaup af völdum harðinda eða árferðisáfalla sem séu umfram venju eða fáist ekki uppgerð sökum tekjubrests af þessa völdum.

3. Útvegað reiðufé gangi að jöfnu yfir alla og þurfi Stofnlánadeild þá að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fá forgang innan uppgjörs við hvern skuldara eða/og lengja lán sín þar sem greiðslu vanskila sleppir. Ástæður þessar eru m. a. þær að vanskil við Stofnlánadeild eru nú svo mikil að rýra mundi útgreiðsluhlutfall annarra úr hófi.

4. Kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu að viðbættu ½% álagi veðdeildarinnar.

5. Kjör veðdeildarbréfanna verði verðtrygging skv. lánskjaravísitölu og 2% vextir en ofan á þá ½% álag veðdeildar gagnvart skuldurum.

6. Slaka verður á fyrri óskum nefndarinnar um lengd lánanna. Þó verði reynt að fá þau til 12 ára, þar af fyrsta ár afborganalaust. Endanlega fari þetta þó eftir því við hvaða kjörum lánardrottnar fáist til að taka við bréfunum.

Um fjárhæðarmörk og hlutföll skuldbreytingarinnar að öðru leyti telur nefndin ekki tímabært að tjá sig fyrr en frekari upplýsingar liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
f. h. nefndarinnar
Bjarni B. Jónsson.

Fylgiskjal IV.

Tillaga til ríkisstjórnarinnar frá landbúnaðarráðherra.

Ríkisstjórnin fellst á þá tillögu nefndar, sem kannaði fjárhagsvanda bænda, að veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði útvegað lánsfé er nemi allt að 40% af skuldbreytingu á lausaskuldum bænda, enda verði svo séð um að röð ábyrgðaraðila á lánum þessum verði sú sama og í frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Til tryggingar lánunum verður þá:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

Viðskiptaráðherra er falið að kanna hvort lenging erlendra lána Framkvæmdasjóðs ásamt aðstoð Seðlabanka Íslands nægi til fjáröflunar í þessu skyni.

(Samþykkt á ríkisstjórnarfundi 28. febr. 1984.)

Fylgiskjal V.

Áslandi, Flúðum,
26. febrúar 1984.

Til landbúnaðarnefndar
neðri deildar Alþingis.

Ég undirritaður er einn af þeim 605 bændum sem sótt hafa um breytingu lausaskulda í föst lán skv. frv. þar að lútandi sem nú er til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd neðri deildar. Í því sambandi óska ég eftir að koma að athugasemdum um þetta frumvarp eins og það liggur nú fyrir.

Frumvarpið í heild segir í raun ekkert um hvernig skuldbreytingin eigi að vera framkvæmd. 1. — 5. gr. hafa eingöngu að geyma tæknileg ákvæði og sjálf framkvæmdin er öll geymd til 6. gr. þar sem hún er falin ráðherra við veðdeild Búnaðarbankans, fulltrúa Búnaðarfélagsins og Stéttarsambands bænda. Þótt ofangreindir aðilar séu alls trausts verðir er Alþingi í raun að fela framkvæmdavaldinu allt of mikið vald verði frumvarpið samþykkt svona.

Ég hef reynt að kynna mér eftir bestu getu hver framkvæmdin á þessari lausaskuldabreytingu á að verða. Þar er erfitt um vik því að embættismenn og aðrir aðilar að ákvarðanatöku í þessu efni bera því við að ekki sé búið að ákveða neitt þótt vel liggi í loftinu hvernig framkvæmd skuldbreytingarinnar skuli hagað enda liggja fyrir fordæmi frá fyrri breytingum.

Það er talið líklegt að a. m. k. fimmtungur skuldbreytingarinnar eigi sér þannig stað að lán veðdeildarinnar til bænda verði í peningum, hitt í verðtryggðum skuldabréfum til 10 ára. Ekki hefur enn verið ákveðið hvaða vextir verði á bréfunum en síðast voru þau vaxtalaus. Þessi bréf eiga svo bændur að selja sínum lánardrottnum til greiðslu á lausaskuldum sínum.

Þótt það hafi gengið við síðustu skuldbreytingu að hafa slík bréf vaxtalaus hafa ákvörðunarkröfur á fjármagnsmarkaðinum breyst á undanförnum árum á þann veg að erfitt verður fyrir bændur að sannfæra lánardrottna sína um að taka við vaxtalausum bréfum til margra ára upp í lausaskuldir. Skynsamlegra væri að hafa þá væga en sanngjarna vexti á

bréfunum, auk verðtryggingar, þannig að bændum skapist a. m. k. möguleiki til að losna við bréfin. Í því sambandi má nefna að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur þegar skrifað umsækjendum um skuldbreytingu hjálagt bréf þar sem þess er krafist fyrirfram að fyrir liggi yfirlýsing frá lánardrottnum um að þeir taki við skuldabréfunum. Ef ekki, verður hreinlega ekki um neina skuldbreytingu að ræða.

Nú hefur það verið svo í undanförnum skuldbreytingum að Seðlabankinn hefur tekið við veðdeildarbréfum frá innlánsdeildum kaupfélaga og smærri sparisjóðum upp í bindiskyldu þannig að stór hluti bréfanna hefur að lokum hafnað í Seðlabankanum. Hins vegar hefur Seðlabankinn ekki verið fáanlegur til að taka við þessum bréfum frá viðskiptabönkunum eða stærri sparisjóðunum.

Þessi háttur skapar þann vanda að þær lánastofnanir, sem ekki geta selt veðdeildarbréfin áfram, eru eðlilega tregar til að taka þau upp í lausaskuldir. Þetta kemur svo aftur niður á bændum sem frekar skulda viðskiptabönkunum og stærri sparisjóðunum.

Það er einmitt þetta atriði sem hefur fengið mig til að skipta mér af þessu frumvarpi því að aðallánardrottinn minn er Búnaðarbankinn sem þverneitar að taka við umræddum bréfum upp í skuldir því að hann geti ekki endurselt þau upp í bindiskyldu eins og sumar aðrar innlánsstofnanir.

Þetta atriði, sem greinilega verður mikið hagsmunamál fyrir bændur, þyrfti að leiðrétta strax á löggjafarstiginu en ekki geyma það fyrir framkvæmdavaldið, skv. 6. gr. frumvarpsins, eins og nú er ætlast til. Legg ég til að bætt verði við viðbótargrein á þann veg að innlánsstofnunum verði gert skylt að taka við veðdeildarbréfum upp í lausaskuldir, en þær eiga rétt til endursölu á bréfunum til Seðlabankans í sömu hlutföllum og nú gilda fyrir afurðalán. Þá mundi þetta þýða að fyrir hverjar 100 kr. í lausaskuldum mundi bóndinn geta greitt 75 kr. til innlánsstofnunar í bréfum og þar af geti stofnunin selt um 52 kr. til Seðlabankans. Þær 25 kr., sem á vantar, þyrfti því að fjármagna með peningum.

Enn fremur vil ég gera athugasemd við þann hátt að veðdeildin fái að leggja 1% vaxtaálag á ári (10% á 10 árum) ofan á skuldbreytinguna fyrir eigin kostnað, en þannig skilst mér að farið hafi verið að við síðustu breytingu. Þetta hlutfall er allt of hátt til að hægt sé að réttlæta það sem kostnað enda geyma 1. — 5. gr. ákvæði sem eiga að tryggja að umræddar skuldir bænda til veðdeildarinnar verði ávallt vel tryggðar með fasteignaveðum (sbr. 4. gr.). Bent skal á að fyrir nokkru var álag Framkvæmdasjóðs á endurlánað lánsfé endurskoðað og lækkað úr 1% í 0,25%. Þetta atriði væri einnig rétt að negla niður þegar á löggjafarstiginu því að þar er helst von að hlustað verði á bændur. Eftir að málið er komið í hendur embættismanna verður ekki við þetta atriði ráðið.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Sigurðsson
Áslandi, Hrunamannahreppi
Árnessýslu.

Ed. 430. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum, leitað umsagnar um það og m. a. fengið til fundar hagstofustjóra, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, forseta Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands. Tvær skriflegar umsagnir hafa borist og birtast þær með nefndaráliti þessu. Allir, sem leitað hefur verið álits hjá, virðast sammála um að nýi vísitölugrundvöllurinn sé réttari en hinn gamli.

Að vel athuguðu máli eru undirritaðir nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins og greiða fyrir skjótum framgangi þess, þannig að það geti orðið að lögum fyrir 20. þ. m. því að ella mundi lánskjaravísitala hækka nokkuð meira en vera mundi að frumvarpinu samþykktu.

Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 12. mars 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Tómas Árnason.
Valdimar Indriðason.
Lárus Jónsson.

Fylgiskjal I.

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Alþingi v/Austurvöll,
101 R.

Reykjavík, 7. mars 1984.

Framkvæmdastjórn Bandalags háskólamanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar. Framkvæmdastjórnin lýsir fullum stuðningi við að vísitölugrundvöllur byggður á neyslukönnun árin 1978 og 1979 verði tekinn upp. Það er skoðun framkvæmdastjórnarinnar að ekki megi dragast öllu lengur að taka upp vísitölugrundvöll sem er mun nær því að mæla neyslu eins og hún er um þessar mundir auk þess sem hinn nýi grundvöllur hefur þann kost að í honum er tekið tillit til neyslu á ýmsum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst,
Bandalag háskólamanna,
Sigmundur Stefánsson.

Fylgiskjal II.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
Eyjólfur K. Jónsson,
Alþingi v/Austurvöll,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 2. mars 1984.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur fengið til umsagnar frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar. Miðstjórn telur að sá vísitölugrundvöllur, sem byggður er á niðurstöðu neyslukönnunar 1978 og 1979, gefi ekki lengur rétta mynd af raunverulegri neyslu fólks þó færa megi rök fyrir því að hann sé í nánara samræmi við

neysluna en gildandi vísitölugrunnur. Miðstjórn hefði talið brýnna að gera nýja könnun en færa sig af einum gömlum grundvelli yfir á annan. Miðstjórn telur hins vegar ástæðulaust að amast við því að breytingin fari fram, ekki síst í ljósi þess að þær mikilvægustu greiðslur, sem í dag tengjast vísitölu framfærslukostnaðar, eru greiðslur af lánum sem fylgja lánskjaravísitölu og auðvelt er að reikna til samanburðar breytingar skv. eldri grunni séu uppi óskir þar um.

Miðstjórn taldi ekki ástæðu til frekari athugasemda vegna frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.

Nd. 431. Frumvarp til laga [243. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983–84.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI
Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með „jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“ er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með „kjörum“ í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi, og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf, þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

III. KAFLI

Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð, að kynjum sé ekki mismunað.

Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

13. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn, og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum, og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Á vegum Jafnréttisráð starfar 7 manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

15. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila, sem málið snertir.
9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

16. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—12. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

17. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í umboði hans. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

19. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir, hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því, eða hagnast á brotinu.

20. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum, sem málið varða.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

21. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

22. gr.

Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, samanber 2. tl. 15. gr.

23. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir 5 ár.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 78 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Lagafrumvarp það sem hér er lagt fram er að stofni til byggt á tillögum endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af fyrrverandi félagsmálaráðherra. Meginverkefni nefndarinnar var tillögugerð um breytingar á jafnréttislögunum, lögum nr. 78/1976, með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá setningu laganna. Tekið var fram að nefndin skyldi taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál. Ennfremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Í endurskoðunarnefndina voru skipaðar Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir sendiráðsritari, Bergþóra Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og formaður Jafnréttisráðs, Ingibjörg Hafstað kennari, María Pétursdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríður Thorlacíus ritstjóri, sem nefndin kaus ritara sinn, Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri og var hún skipuð formaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram, að meirihluti nefndarmanna hafði áður starfað saman í undirbúningsnefnd fyrir Kvennaáratugsráðstefnu S.Þ. í Kaupmannahöfn 1980 og í sendinefnd á ráðstefnunni og var starf nefndarinnar þannig að nokkru leyti framhald af fyrra starfi. Í undirbúningsnefnd kvennaráðstefnunnar voru á sínum tíma tilnefndir fulltrúar Jafnréttisráðs (Bergþóra Sigmundsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir), félagasamtaka sem störfuðu að jafnréttismálum, þ.e. KRFÍ (Berglind Ásgeirsdóttir), KÍ (María Pétursdóttir) og Rsh. (Ingibjörg Hafstað) og tryggði sú skipan enn frekar gott samstarf þessara aðila. Auk þess voru í undirbúningsnefndinni Guðrún Erlendsdóttir, Sigríður Thorlacíus og Vilborg Harðardóttir. Berglind Ásgeirsdóttir fluttist vegna starfa sinna til útlanda síðla árs 1981 og var þá Esther Guðmundsdóttir formaður KRFÍ skipuð í nefndina í hennar stað. Elín Pálsdóttir Flygenring núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, var ráðin starfsmaður nefndarinnar í janúar 1983.

Í greinargerð endurskoðunarnefndarinnar sem fylgdi tillögum hennar um breytingar á jafnréttislögunum kemur fram að hún hafi kynnt sér og rætt ítarlega framkvæmd jafnréttislaga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur farið yfir starfsáætlun Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál sem samþykkt var á ráðstefnu í Kaupmannahöfn 1980, einkum þann kafla sem fjallar um aðgerðir á þessu sviði í einstökum löndum. Ennfremur hefur nefndin fjallað um kannanir sem gerðar hafa verið um jafnréttismál á vegum ýmissa aðila og gerði úttekt á hlutdeild kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum. Jafnframt var aflað upplýsinga frá öllum starfandi stjórnmálaflokkum um skipan aðalstjórna þeirra, framkvæmdastjórna, miðstjórna og annarra trúnaðarstaða með tilliti til hlutdeildar kynjanna í þeim.

Álit endurskoðunarnefndarinnar er að enn sé alllangt í land að jafnrétti ríki á milli kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna frá 1976 og þar áður lög um Jafnlaunaráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs (Jafnlaunaráðs) frá sama tíma. Nefndin telur að lögin hafi komið að gagni og reynst betri en ekki, en að þau hafi ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafi verið. Ennfremur að þau hafi ekki reynst nógu vel í framkvæmd þannig að breytingar hafi ekki orðið afgerandi, hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Eins og áður sagði byggir lagafrumvarp það sem hér er lagt fram á tillögum áðurnefndrar endurskoðunarnefndar. Aðdragandi þeirra breytinga sem hafa orðið á tillögum nefndarinnar er sá að eftir ríkisstjórnarskiptin í maí 1983 ákvað félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, að leggja fram frumvarp að nýjum jafnréttislögum. Í framhaldi af því hefur frumvarp endurskoðunarnefndarinnar verið til athugunar í félagsmálaráðuneytinu. Niðurstaðan hefur orðið sú að gera nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar. Þær eru gerðar að höfðu samráði við stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Hér er bæði um að ræða formlegar og efnislegar breytingar.

Hvað áhrærir hið fyrrnefnda þykir rétt að ýmsar orðskýringar í tillögunum eigi betur heima í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Til dæmis skýringar á orðunum „mismunun“ í 3. gr. frumvarpsins og „laun“ í 4. gr.

Efnislegar breytingar eru af tvennum toga spunnar.

Annars vegar hafa verið felld brott ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar sem vafasamt er talið að samrýmist íslenskri réttarvenju. Sem dæmi má nefna ákvæði sem fjallaði um frávik frá þeirri meginreglu íslensks réttar, að sá sanni sök sem brotið er á.

Einnig hefur verið felld niður tillaga um sjálfstæðan málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs.

Hins vegar ákvæði sem varða sjálfstæði sveitarfélaga. Þannig hefur ekki verið talið rétt að skylda sveitarstjórnir til að skipa jafnréttisnefndir. Í 15. gr. 9. tl. er þó gert ráð fyrir að Jafnréttisráð hafi samband við slíkar nefndir séu þær starfandi.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á tillögum endurskoðunarnefndarinnar.

Í 1. gr. tillaganna hefur verið felld niður málsgrein um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum frumvarpsins. Ákvæði í 3. gr. var breytt til samræmis við þá breytingu. Ekki er talin ástæða til þess í jafnréttislögum að beinlínis taka fram að sérstaklega skuli bæta stöðu annars kynsins.

Þá hefur verið fellt niður ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar um skyldu ríkis og sveitarfélaga um að nefna karl og konu þegar óskað er tilnefningar í opinberar nefndir og ráð. Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli þessa lagafrumvarps frá núgildandi lögum er að finna í 1. gr. Þar segir að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í núgildandi lögum er kveðið á um að „stuðla að“ jafnrétti . . .

Mikilvæg breyting er gerð á skipan Jafnréttisráðs.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið. Þessi breyting ætti að stuðla að því að í ráðinu sitji fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að jafnréttismálum.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 10. gr. núgildandi jafnréttislaga sem efnislega er 15. gr. frumvarpsins. Mikilvægasta breytingin kemur fram í 2. tl. greinarinnar en samkvæmt henni skal Jafnréttisráð vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þessa áætlun skal leggja fyrir félagsmálaráðherra sem síðan skal undirbúa stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki, sbr. 22. gr.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins fjallar um sama efni og 8. gr. núgildandi laga. Hinsvegar eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar samkv. ákvæði frumvarpsins en nú er vegna brota á ákvæðum laga nr. 78/1976.

Að lokum má benda á að viðurlög vegna brota á ákvæðum frumvarpsins eru ákveðnari en áður auk þess er gert ráð fyrir endurskoðun laganna eftir fimm ár frá setningu nái frumvarpið fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Í 1. kafla laganna eru sett almenn ákvæði. Gildissvið laganna er þar markað og tilgangur þeirra rakinn.

Um 1. gr.

Hér er um sömu stefnuyfirlýsingu að ræða og í 1. gr. l. nr. 78/1976 um að tilgangur laganna sé að ná fram jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Hér er þó talað um að „koma á“ jafnrétti og jafnri stöðu, en í núgildandi lögum er talað um að „stuðla að“ jafnrétti. Þar með eru stjórnvöld skyld til að vinna að jafnrétti í raun og þetta orðalag leggur þar með aukna ábyrgð á stjórnvöld.

Einnig er nefnt í greininni sjálfri, að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti á öllum sviðum. Samkvæmt því er ekkert svið undanþegið lögunum.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. 1. nr. 78/1976 nema að því leyti, að bætt er hér inn í „með stjórnvaldsaðgerðum".

Það er eitt meginskilyrði fyrir jafnrétti kynjanna, að konur og karlar hafi sömu möguleika til atvinnu og menntunar.

Þótt konur og karlar hafi sömu möguleika að formi til, er því ekki fyrir að fara í raun. Þjóðfélagið gerir konum ekki jafn kleift og körlum að stunda hvaða atvinnu eða nám sem er. Kemur þar aðallega til hin venjubundna ábyrgð kvenna á heimilishaldi og börnum.

Nánar skal kveðið á um þessar stjórnvaldsaðgerðir í reglugerð skv. 21. gr. frumvarpsins og framkvæmdaáætlun skv. 22. gr.

Til þess að jafnrétti komist á er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi inn í með sérstökum aðgerðum.

Um 3. gr.

3. gr. er ný. Tekið er fram, að hvers kyns mismunum eftir kynferði sé óheimil, en það er meginregla þessa frumvarps. Með „mismunun" er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi, sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Almennt er talið, að ekki sé það mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna varðandi meðgöngu eða fæðingu. Þó þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um það til að forðast allan misskilning í þessum efnum.

II. KAFLI

Atvinna.

Hér er safnað saman ákvæðum, sem fjalla um atvinnumál. Í 4. gr. 1. mgr. er meginreglan um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

9. gr. er ný og fjallar um skyldu atvinnurekanda til að jafna stöðu kynjanna innan atvinnufyrirtækis síns eða stofnunar.

Um 4. gr.

Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, hefur lengi verið meginatriði í jafnréttisbaráttu. Þegar árið 1954 voru sett ákvæði um jöfn laun kvenna og karla í ríkisþjónustu og árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð í ákveðnum starfsgreinum. Árið 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð og árið 1976 lög um jafnrétti kvenna og karla með ákvæðum um jöfn laun. Með „launum" er í frumvarpinu átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu og vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu er enn gífurlegur munur á launum karla og kvenna. Nægir að benda á jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980—1982 og í Kópavogi 1982, og vinnumarkaðskönnun Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1981, þar sem í ljós kom, að laun kvenna voru 51.8% lægri en laun karla.

Hér er sú breyting gerð frá 2. gr. 2. ml. laga nr. 78/1976, að konur og karlar skulu einnig njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta ákvæði er til fyllingar ákvæðinu um jöfn laun.

Hér er ekki einungis átt við, að konum og körlum með sama starfsheiti séu greidd jöfn laun, heldur einnig að störf séu ekki metin til launa eftir því hvort þau eru að meginhluta unnin af konum eða körlum.

Með skilgreiningu á „kjörum" í 3. mgr. er verið að taka af öll tvímæli um hvað átt er við með því hugtaki í 1. mgr.

Um 5. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 3. gr. laga nr. 78/1976, en framsetning ákvæðisins er skýrari í frumvarpinu en lögunum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gerð sú breyting frá 4. gr. laga nr. 78/1976, að hér er talað um starf „sem laust er". Með þessu orðalagi verður ákvæðið víðtækara, því ekki eru öll laus störf auglýst.

Þá eru hér tekin af öll tvímæli um, að þeir sem birta auglýsingu eru ábyrgir ekki síður en auglýsandi og skiptir þá ekki máli á hvaða hátt hún er birt. Ástæður þessara breytinga eru þær, að ákvæði þetta í lögum 78/1976 er margbrotið daglega.

Í 3. mgr. er undantekningarregla í samræmi við 1. gr. frv., en sá fyrirvari er settur að koma verður fram í auglýsingunni, ef þessi mgr. á að gilda. Ætti það að koma í veg fyrir að þessi undantekningarregla verði misnotuð.

Um 7. gr.

7. gr. er samhljóða 5. gr. laga nr. 78/1976.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði er efnislega hið sama og 6. gr. núgildandi jafnréttislaga, en ekki er hér skilyrði, að um sama atvinnurekanda þurfi að vera að ræða. Það er óþarfa þrenging að miða við sama atvinnurekanda og gerir ákvæðið ómarkvissara.

Um 9. gr.

Sú tregða sem er á jafnréttisþróuninni á ekki síst rót sína að rekja til hefðbundinnar kynjaskiptingar á vinnumarkaðnum.

Erfitt hefur reynst að vinna gegn henni. Tilgangur ákvæðisins er að fá atvinnurekendur til að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Atvinnurekendum eru gefnar frjálsar hendur um á hvaða hátt þeir stuðla að þessu, eingöngu er sett skilyrði um að aðgerðirnar séu markvissar.

III. KAFLI

Menntun.

Hér er fjallað um menntun m. t. t. jafnrar stöðu kynjanna. Er þetta nokkuð ítarlegra ákvæði en verið hefur og skýrar kveðið á um ábyrgð.

Um 10. gr.

10. gr. 1. mgr. er nokkurn veginn samhljóða 7. gr. laga nr. 78/1976, en 2. mgr. er ný og þarfnast ekki skýringar.

Eðlilegast er að menntamálaráðuneytið sé framkvæmdaaðili varðandi námsgögn og fræðslu í skólum.

IV. KAFLI

Önnur svið.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði sem ekki heyra undir atvinnu- eða menntamál. Hér er safnað saman ákvæðum um bann við lítilsvirðandi auglýsingum; um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum. Hið síðarnefnda er nýmæli.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laga 78/1976 er ákvæði sem þetta, en þar kemur ekki skýrt fram hvern leiða má til ábyrgðar fyrir brot á því ákvæði, einungis er talað um auglýsanda. Í 11. gr. þessa frumvarps eru auglýsendur og þeir sem hanna og birta auglýsingu ábyrgir fyrir brotum á ákvæðinu. Er leitast við að gera ákvæðið virkara með þessu móti. Má þá jafnt ganga að einum sem öllum þessum aðilum.

Setningin „eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“, er ný og sett til að taka af öll tvímæli um að allar auglýsingar sem mismuna kynjunum séu óheimilar.

Um 12. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku þeirra í atvinnulífinu, sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. T. d. voru konur 6.8% þeirra, sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1981.

Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

Í þessum kafla er fjallað um, hvernig framkvæma skuli lögin og er það enn aðallega í höndum Jafnréttisráðs, en nokkrar breytingar eru lagðar til um skipan þess.

Nýmæli er að lögfesta ákvæði um ráðgjafarnefnd.

Verkefni Jafnréttisráðs eru þau sömu og verið hafa, en með nokkurri viðbót.

Um 13. gr.

Í þessari grein er sem áður gert ráð fyrir, að Jafnréttisráð annist framkvæmd laganna.

Hér er gert ráð fyrir, að Jafnréttisráð verði skipað 7 mönnum í stað 5 og bætast við fulltrúar frá KRFÍ og KÍ, en að öðru leyti er ráðið eins skipað.

Rétt þykir að tryggja áhugasamtökum, sem hafa að markmiði að vinna að jafnréttismálum, fulltrúa í ráðinu. Þau samtök sem hér er lagt til að tilnefni fulltrúa í ráðið, eru einu samtökin utan stjórnmálaflokka, sem nú hafa jafnrétti karla og kvenna sem eitt meginstefnumál sitt.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf formaður ráðsins að vera löglærður, en ekki þótti ástæða til þess að halda þessu skilyrði, þar sem 3. mgr. kveður á um að ráða skuli sérstakan lögfræðing til að annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf, sem hefur reynst stór hluti verkefna á skrifstofu ráðsins.

Það er einnig nýmæli, að aðili sem skipaður er af félagsmálaráðherra sé varaformaður, en nauðsynlegt er, að varaformaður eigi sæti í ráðinu sem aðalmaður.

Um 14. gr.

Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs hefur starfað síðan 1976 og sinnt veigamiklum jafnréttisverkefnum. Því er mikilvægt að tryggja að hún starfi áfram og að Jafnréttisráð ákveði hvernig hún skuli skipuð eftir aðstæðum á hverjum tíma.

Um 15. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 78/1976, en bætt er inn í verkefnum.

Annar töluliður er nýmæli. Hann fjallar um að Jafnréttisráð skuli vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Á þennan hátt eru skapaðar forsendur fyrir Jafnréttisráð að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Svipað fyrirkomulag þekkist í nágrannalöndunum og þykir hafa gefið góða raun.

Fjórði töluliðurinn, sem einnig er nýmæli, fjallar um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka, en hún hefur reynst vera eitt af meginverkefnum ráðsins.

Þriðja nýmælið í greininni er níundi töluliðurinn. Hann kveður á um það að Jafnréttisráð skuli hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Um 16. gr.

16. gr. er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 78/1976.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

Viðurlaga- og réttarfarsákvæði eru efnislega þau sömu og í l. nr. 78/1976, en refsiákvæðið ítarlegra.

Um 17. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 11. gr. 2. mgr. núgildandi laga, en þó er hér fyrirvari um að höfða megi mál til viðurkenningar á rétti aðila, þó ekki sé um skaðabótakröfu að ræða. Skaðabótakrafa felur jafnan í sér viðurkenningarkröfu, og þykir því rétt að veita skýra heimild til málshöfðunar, þótt eingöngu sé um viðurkenningarkröfu að ræða.

Um 18. gr.

18. gr. er samhljóða 12. gr. 1. mgr. laga nr. 78/1976.

Um 19. gr.

Ákvæði um refsiábyrgð eru ítarlegri hér en í núgildandi lögum. Brot varðar fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

2. mgr. kveður á um hlutlæga refsiábyrgð, en slíkt er ekki heimilað í lögum nr. 78/1976. Þetta þykir eðlileg regla í þessu tilviki, þótt undantekningarregla sé, þar sem brot gegn ákvæðum frv. mundu oft verða þess eðlis, að þau varði rekstur fyrirtækja eða stofnana á einhvern hátt, og því má ætlast til þess af stjórnendum, að þeir fylgist með starfsemi sinni, m. a. hvað þetta varðar.

Um 20. gr.

20. gr. er efnislega í samræmi við 13. gr. laga nr. 78/1976.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, t. d. um setningu reglugerðar, gildistöku o. fl.

Nýmæli er, að ríkisstjórninni er ætlað að gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og að lögin skuli endurskoða að fimm árum liðnum.

Um 21. gr.

21. gr. er samhljóða 14. gr. l. nr. 78/1976.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra leggi fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveða skal á um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Slík framkvæmdaáætlun ætti frekar að tryggja framkvæmd ákvæða laga þessara.

Um 23. og 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 432. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um lífeyrisréttindi húsmæðra.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um lífeyrissjóð fyrir þær húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði.

Greinargerð.

Eitt alvarlegasta misrétti í þjóðfélaginu er hve misjafn eftirlaunaréttur manna er. Allflestir landsmenn hafa þó öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóðum þótt kjörin séu mjög misjöfn, sumir verðtryggðir en aðrir ekki. Einn stærsti hópurinn sem enn þá stendur utan lífeyrissjóða og nýtur ekki annars lífeyris en ellilauna, sem engan veginn nægja til framfærslu, eru þær húsmæður sem hafa unnið á heimilum sínum og fjölskyldna sinna án þess að taka formleg laun úr hendi einhvers atvinnurekanda. Störf þessara húsmæðra hafa verið og eru síst minna virði fyrir þjóðfélagið en störf þeirra sem launaða vinnu hafa stundað.

Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og vinna við barnauppeldi og heimilisstörf eru mjög mikilvæg, ekki síður en hliðstæð störf sem innt eru af hendi utan heimilis gegn launagreiðslum. Telja verður réttmætt að allar þær húsfreyjur, sem þegar eru komnar á eftirlaunaaldur, fái strax rétt til greiðslna úr sjóðnum. Þess vegna er sennilega óhjákvæmilegt að ríkið leggi fram stofn að sjóðnum. Það er að vissu leyti eðlilegt þar sem þessar húsfreyjur hafa í mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum mjög verulegar fjárhæðir með því að gæta barna sinna sjálfar. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að heimavinnandi húsmæður greiði til sjóðsins framvegis og fái þær eldri einnig heimild til að kaupa sér aukinn rétt.

Flm. telur sjálfsagt að stefna að einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Því máli hefur nokkrum sinnum verið hreyft á Alþingi en ekki orðið úr framkvæmdum. Þessi lífeyrissjóður gæti síðar orðið stofn að sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Flm. telur að til þess að einum lífeyrissjóði verði komið á þurfi nokkurra ára aðlögunartíma, en leysa verður hinn bráða vanda þeirra sem eru réttlausir. Til greina kemur að dómi flm. að ákveða með lögum að allir lífeyrissjóðir skuli sameinaðir árið t. d. 1995. Undirbúningur gæti orðið þannig að frá ákveðnum degi greiddu allir landsmenn á starfsaldri tillag í lífeyrissjóð allra landsmanna og þeir, sem þess óskuðu, gætu fært réttindi sín úr sérlífeyrissjóði til þessa sjóðs um nokkurra ára skeið til baka. Eldri sjóðirnir störfuðu áfram til þess að greiða lífeyri til þeirra sem eiga þar réttindi meðan þeim endast fjármunir eða þar til samkomulag næðist um inngöngu sérsjóða í lífeyrissjóð allra landsmanna.

Réttleysi hinnar heimavinnandi húsmóður í lífeyrismálum má ekki láta viðgangast, því er þessi tillaga flutt.

Ed. 433. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á allmörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að sá vísitölugrunnur, sem nú er í gildi, gefur ekki rétta mynd af meðalneyslu landsmanna í dag og að sá vísitölugrunnur, sem frv.

kveður á um að tekinn verði upp, sé að öllum líkindum réttari að þessu leyti. Einnig er ljóst að mikilvægt er að leiðrétta núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar sökum áhrifa hennar á lánskjaravísitölu og þá einkum með tilliti til greiðsluerfiðleika vegna húsnæðiskostnaðar á tímum minnkandi kaupmáttar launa.

En þótt leiða megi líkum að því að „nýi" vísitölugrundvöllurinn sé nær því að mæla meðalneyslu landsmanna eins og hún er nú, þá er alls óvíst **hversu** réttur þessi grundvöllur er, enda er hann byggður á 6 ára gamalli neyslukönnun.

Minni hl. nefndarinnar telur því nauðsynlegt að hafist verði handa nú þegar við gerð nýrrar neyslukönnunar, sem lögð verði til grundvallar nýrri framfærsluvísitölu, eins fljótt og auðið er. Þótt ekki séu greiddar verðbætur á laun er vísitala framfærslukostnaðar mælikvarði á kaupmátt launa og skiptir það miklu fyrir launafólk í landinu að hún sé jafnan sem réttust. Í framhaldi af því leggur minni hl. nefndarinnar áherslu á að Kauplagsnefnd kanni það eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll framfærsluvísitölu, þannig að tryggt sé að sú vísitala, sem í gildi er hverju sinni, fái staðist. Jafnframt telur minni hl. nefndarinnar mjög mikilvægt að gerð neyslukannana sé hagað á þann veg að jafnan megi fá fram til upplýsinga hvernig neyslu þess fjórðungs fjölskyldna í landinu, sem minnst hefur úr að spila, er háttað. Hér er um að ræða að hafa úrtak neyslukannana nógu stórt til að sundurgreina megi auðveldlega og þannig að marktækt sé hvernig neyslu lágtekjuhópa er háttað hverju sinni, en um það er nú litlar upplýsingar að hafa.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., frsm. Ragnar Arnalds. Eiður Guðnason.

Ed. 434. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK, RA, EG).

1. Við 3. gr. Í stað „á 5 ára fresti" í 1. málsl. komi: á 3 ára fresti.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er verði 4. gr. og hljóði svo:
   Kauplagsnefnd skal haga gerð neyslukannana á þann veg að sundurgreina megi þannig að marktækt sé hvernig meðalneyslu þess fjórðungs landsmanna, sem lægstar tekjurnar hefur, er háttað hverju sinni.
   Kauplagsnefnd skal gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.
3. Á eftir 5. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða:

Kauplagsnefnd skal nú þegar hefja undirbúning að gerð neyslukönnunar sem lögð verði til grundvallar nýrri vísitölu framfærslukostnaðar.

Ed. 435. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, sbr. l. nr. 22/1962.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 436. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1981, um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Valdimar Indriðason.	Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 437. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1981, um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Frá allsherjarnefnd.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

Nd. 438. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og fengið til viðtals Bjarna Braga Jónsson aðstoðarbankastjóra í Seðlabankanum og Stefán Pálsson bankastjóra Búnaðarbanka Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þskj. Auk þess áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Jón Baldvin Hannibalsson mun skila séráliti.

Alþingi, 8. mars 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson.
Eggert Haukdal.	Pálmi Jónsson.	Halldór Blöndal.

Nd. 439. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (SV, SJS, ÞS, EH, PJ, HBl).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.
   Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:
   1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
   2. Varasjóður veðdeildarinnar.
   3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

   Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til tryggingarinnar skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.
2. Við 2. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við bankaráð Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er sæti eiga í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ed. 440. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaður telur þau áform, sem í frumvarpinu felast, bæði óþörf og óeðlileg og mælir með því að frumvarpið verði fellt. Meiri hl. vill samþykkja frumvarpið.

Á s.l. vori var ríkisfyrirtækið Siglósíld selt Þormóði ramma hf. á leigu, jafnframt því sem fyrirtækið hóf rækjuvinnslu af fullum krafti. Samvinna þessara tveggja fyrirtækja hefur gengið með ágætum, enda byggist rækjuvinnslan að nokkru leyti á aðstöðu og tækjakosti Þormóðs ramma hf. Nú vill ríkisstjórnin rjúfa þessa samvinnu og selja fyrirtækið einkaaðilum og er hálfur eignarhluti hins nýja fyrirtækis í höndum aðila utan Siglufjarðar.

Ljóst er að fyrirtækið er selt með óeðlilegum kjörum, á verði sem er bersýnilega undir raunvirði, útborgun er engin og veð ófullnægjandi.

Best sést hversu óeðlilegt er að sundra samstarfi Siglósíldar og Þormóðs ramma þegar haft er í huga að hinir nýju eigendur setja það að skilyrði fyrir kaupunum að fá áframhaldandi afnot af eignum og tækjum Þormóðs ramma.

Að öðru leyti skal vísað til greinargerðar sem Ragnar Arnalds alþm. og Hannes Baldvinsson stjórnarformaður Siglósíldar sendu iðnaðarráðherra í janúarmánuði s.l. og greinargerðin er birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. mars 1984.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 10. janúar 1984.

Hr. iðnaðarráðherra
Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðuneytinu
Reykjavík.

Hinn 19. desember s.l. var alþingismönnum á Norðurlandi vestra afhent frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði ásamt greinargerð og drögum að kaupsamningi milli ríkissjóðs og væntanlegs kaupanda, Sigló hf. Leitað var álits þingmanna kjördæmisins á þessum áformum. Hins vegar var ekki leitað álits stjórnar lagmetisiðjunnar, sem þó er skipuð lögum samkvæmt til að fara með málefni verksmiðjunnar og í eiga sæti m.a. fulltrúar bæjarstjórnar í Siglufirði og starfsmanna fyrirtækisins, og hefur stjórn þess verið algerlega sniðgengin við þessa málsmeðferð.

Við undirritaðir kjósum að senda iðnaðarráðuneytinu sameiginlega álitsgerð, annar sem þingmaður kjördæmisins og hinn sem formaður stjórnar fyrirtækisins, enda höfum við tveir átt náið samstarf til styrktar og stuðnings þessum mikilvæga atvinnurekstri í bænum, eftir því sem færi hefur gefist allt frá því gildandi lög um verksmiðjuna voru undirbúin og sett haustið 1971.

Við viljum strax taka það fram að við erum alls ekki andvígir breytingum á rekstri verksmiðjunnar eða lögum þeim sem um hana fjalla. Við höfum einmitt beitt okkur fyrir stórfelldum breytingum á rekstri verksmiðjunnar á liðnu ári þegar Þormóði ramma hf. var

leigð verksmiðjan og að því var stefnt í leigusamningi að fyrirtækin yrðu sameinuð með formlegum hætti á því ári sem nú er hafið. Þessi breyting virðist ætla að skila ágætum árangri og hefðu breytingar á lögum um fyrirtækið verið eðlilegt framhald af þeim skrefum sem þegar höfðu verið stigin til að endurskipuleggja rekstur og fjármál fyrirtækisins. Enginn vafi er á því að samvinna lagmetisiðjunnar og Þormóðs ramma reyndist mjög vel og var ekki síst til að styrkja rekstur Þormóðs ramma.

Við erum hins vegar algerlega andvígir þeim áformum sem nú eru uppi um að slíta í sundur þau tengsl sem sköpuð hafa verið milli Siglósíldar og Þormóðs ramma og eyðileggja þann árangur sem náðst hefur í samrekstri þessara fyrirtækja með því að selja Siglósíld nokkrum einkaaðilum.

Í fyrsta lagi teljum við þessa skipulagsbreytingu óþarfa þar sem ekkert knýr á um að Siglósíld verði rifin út úr samrekstri með Þormóði ramma sem um hafði verið samið og reynst hafði vel. Reyndar svo vel að væntanlegir kaupendur gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði í kaupsamningi að fá aðstöðu hjá Þormóði ramma og afnot af eignum hans.

Í öðru lagi teljum við nokkra áhættu felast í því fyrir Siglufjörð að fyrirtækið verði selt í hendur aðilum sem að hálfu leyti starfa utan bæjarins, nema ótvíræð trygging sé gefin fyrir því að rekstri fyrirtækisins verði haldið í fullum gangi á næstu árum, jafnvel þótt eitthvað fari úrskeiðis í áætlunum nýrra eigenda og hagnaðarvonir rætist ekki fyrst um sinn. Ekki er að sjá að nýir eigendur skuldbindi sig á viðhlítandi hátt til að halda uppi rekstri á komandi árum, ef það hentar þeim ekki, og eru ákvæði um þetta efni í kaupsamingi mjög ófullnægjandi.

Í þriðja lagi er ljóst að kaupverð fyrirtækisins er í engu samræmi við verðmæti eignanna. Menn, sem fjölluðu um verðmæti eigna fyrirtækisins í haust, töldu að lágmarksverð eigna væri a.m.k. 24 millj. kr. en umsamið verð er 18 millj. kr. Útborgun er engin þótt núverandi fjármálaráðherra hafi í haust sett það skilyrði að a.m.k. fimmti hluti kaupverðs yrði almennt greiddur út við sölu ríkisfyrirtækja. Kaupendur setja aðeins 25% tryggingu fyrir greiðslu en að öðru leyti er veð tekið í því sem þeir kaupa. Ljóst er því að kaupendur hætta litlu öðru en hlutafé. Hitt er vitað, eftir reynsluna frá því í sumar þegar rækjuvinnslan stóð sem hæst og fyrirtækið velti um 10 millj. kr. á hverjum mánuði, að Siglósíld getur skilað miklum hagnaði á skömmum tíma ef vel gengur. Fáum er þetta betur ljóst en einmitt framkvæmdastjóra Þormóðs ramma, Sæmundi Árelíussyni, eða vélstjóra Siglósíldar, Guðmundi Skarphéðinssyni, svo og sparisjóðsstjóranum, Birni Jónassyni, sem gjörþekkir fjármál Siglósíldar, en þessir þrír menn hafa lagt fram 40% hlutafjár. Okkur þykir það einkennileg meðferð á sameiginlegum fjármunum landsmanna að selja fyrirtæki, sem búið er að endurskipuleggja og gengur ágætlega, til manna sem ekki greiða raunvirði fyrir það sem þeir eignast og hvorki greiða hæfilega útborgun né veita venjulega tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs.

Í fjórða lagi verður ekki hjá því komist að átelja harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við meðferð þessa máls. Þegar ákveðið er að selja fyrirtækið öðrum en þeim, sem veittur hefur verið forkaupsréttur, er ekki svo mikið sem leitað ráða hjá löglega skipaðri stjórn fyrirtækisins eða hjá bæjarstjórn Siglufjarðar sem átt hefur fulltrúa í stjórn undanfarin 12 ár. Ekki er heldur gerð tilraun til að kalla þá til þátttöku sem hugsanlega hefðu viljað tryggja að heimamenn ættu meiri hluta hlutafjár í því fyrirtæki sem tekur við rekstrinum. Svo er að sjá að hinir nýju eigendur hafi fengið að ráða kaupverðinu sjálfir.

Þessar fjórar ástæður, sem við höfum hér nefnt, teljum við hverja og eina nægja röksemd fyrir því að hafna beri því frumvarpi um sölu lagmetisiðjunnar Siglósíld sem undirbúið hefur verið.

Ragnar Arnalds. Hannes Baldvinsson.

Sþ. 441. Fyrirspurn [245. mál]

til viðskiptaráðherra um útflutning dilkakjöts.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Hve mikið var flutt út af dilkakjöti á s.l. ári og hve mikið er áætlað að flytja út á þessu ári?
2. Hvaða verð fékkst fyrir kjötið pr. kg, sundurliðað eftir löndum sem flutt var til og um hvaða verð hefur verið samið á þessu ári og hvenær voru þeir samingar gerðir?
3. Hvað var greitt í útflutningsbætur með hverju kílói á s.l. ári?
4. Hverjir önnuðust þennan útflutning, sundurliðað eftir fyrirtækjum og magni?
5. Hvernig er háttað söluþóknun, þ. e. hversu mikil er hún og við hvaða verð er miðað?

Nd. 442. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórninni í yfirliti frá fjármálaráðuneytinu, dags. 3. þ. m., er nú gert ráð fyrir að einungis 400—500 milljónir króna fáist á innlendum lánsfjármarkaði í stað þeirra tæplega 800 milljóna sem lánsfjáráætlun og lánsfjárlög þessi byggjast á, sbr. fylgiskjal I.

Þau lánsfjárlög, sem hér eru til afgreiðslu, eru því gersamlega óraunhæf samkvæmt mati ríkisstjórnarinnar sjálfrar og allar forsendur lánsfjárlaganna í þessari mynd eru þannig brostnar. Það er því bæði rangt og háskalegt að afgreiða lagafrumvarpið óbreytt og eins og ekkert hafi í skorist. Það vekur falskar vonir, allar áætlanir einstakra stofnana og fyrirtækja verða á röngum forsendum og allur eftirleikur verður þeim mun erfiðari.

Þá hefur komið fram í nefndinni að ríkisstjórnin áformar nú þegar stórfelldar erlendar lántökur umfram lánsfjárlög. Hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim lántökum í tengslum við afgreiðslu þessa þingmáls. Hér má nefna lántöku vegna atvinnuveganna, lausaskulda landbúnaðarins og lánsfjár handa sjávarútveginum.

Eins og frumvarpið til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun liggja nú fyrir verður sú áætlun m. a. dregin að ætlunin sé að stórskerða öll húsnæðislán á þessu ári og við það verður alls ekki unað. Þess vegna birtir minni hl. hér á eftir sérstaka greinargerð um húsnæðismál sem dæmi um einn meginþátt lánsfjáráætlunar.

Það sem nú þarf að gera er að endurskoða áætlunina frá grunni á raunhæfum forsendum og endurmeta alla þætti. Með tilliti til þessa og þó einkanlega þess að þau áform, sem birtast í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984, eru gersamlega óraunhæf að mati ríkisstjórnarinnar sjálfrar er lagt til, eins og einsýnt verður að telja, að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar til endurvinnslu.

Guðrún Agnarsdóttur, þingmaður Samtaka um kvennalista, hefur fylgst með starfi nefndarinnar og stendur að áliti þessu.

Minni hl. leggur því til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. mars 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson, frsm.	Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I: Áætluð staða ríkisfjármála A-hluta 1984.
Fylgiskjal II: Húsnæðismál.
Fylgiskjal II.1: Athugasemdir vegna húsnæðismálakafla lánsfjáráætlunar.
Fylgiskjal II.2: Byggingarsjóður ríkisins. Drög II að áætlun fyrir árið 1984.
Fylgiskjal II.3: Byggingarsjóður verkamanna. Áætlun fyrir 1984.
Fylgiskjal II.4: Svar við bréfi um húsnæðismál.
Fylgiskjal II.5: Bréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins til Kjartans Jóhannssonar.
Fylgiskjal III: Tillaga frá fjármálaráðherra sem meiri hl. nefndarinnar vill ekki flytja.
Fylgiskjal IV: Bréf biskups Íslands.
Fylgiskjal V: Flugleiðir, lendingargjöld o. fl.
Fylgiskjal VI: Fiskveiðasjóður Íslands: Greiðsluáætlun 1984.
Fylgiskjal VII: Framlög til sjóða og samanburður við lög.
Fylgiskjal VIII: Bréf Seðlabanka Íslands.
Fylgiskjal IX: Bréf iðnaðarráðuneytis.

Fylgiskjal I.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
3. mars 1984.

Áætluð staða ríkisfjármála A-hluta á árinu 1984.

Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun á stöðu ríkissjóðs A-hluta á árinu 1984. Í þessari greinargerð er fjallað um:

a) áhrif kjarasamninga á ríkisfjármálin,
b) horfur um tekjur ríkissjóðs,
c) útgjaldahorfur ríkissjóðs og
d) innlenda og erlenda lántöku A-hluta ríkissjóðs.

a) Áhrif kjarasamninga ríkisins við BSRB og BHM eru ámóta og samningur VSÍ og ASÍ. Tekjur ríkissjóðs munu aukast um 200 mkr. á árinu 1984 vegna aukins kaupmáttar og meiri verðlagsbreytinga innanlands en forsendur fjárlaganna fólu í sér. Útgjöld ríkissjóðs vegna launa opinberra starfsmanna og hliðstæðrar hækkunar almannatryggingabóta eru aftur á móti metin alls 220 mkr.

b) Áætlun um ýmsa þætti ríkissjóðstekna á árinu 1984 hefur verið endurmetin. Heildartekjur ríkissjóðs gætu numið um 427 mkr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins gera ráð fyrir, þar af 200 mkr. vegna kjarasamninga eða samtals 18 322 mkr. Þjóðhagsstofnun vinnur nú að heildarendurskoðun tekjuáætlunar A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1984 og mun hún liggja fyrir fljótlega.

c) Endurskoðuð áætlun um útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1984 sýnir að heildarútgjöld nemi 20 299 mkr. sem er 2015 mkr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins 1984 áforma, þar af um 220 mkr. vegna áhrifa kjarasamninga.

Í fyrsta lagi eru útgjöld sem ekki hefur verið gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hér má nefna almannatryggingar, sýslumenn og bæjarfógeta, grunnskóla o.fl. Til þessa flokks má telja 500—600 mkr.

Í öðru lagi eru útgjöld sem ekki voru þekkt við afgreiðslu fjárlaga, alls 500—600 mkr. Hér má nefna lán vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs frá 1981 sem fellur á Ríkisábyrgðasjóð, útgjöld vegna Straumsvíkurhafnar, yfirdráttarvextir sem leiða af auknum hallarekstri ríkissjóðs o.fl.

Í þriðja lagi útgjöld ríkissjóðs sem áformað var við afgreiðslu fjárlaga að kæmu til lækkunar á árinu 1984. Það eru útgjöld almannatrygginga, alls um 300 mkr., og

Lánasjóður ísl. námsmanna 100 mkr. Þá ákvað ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslur á rafhitun um 80 mkr. og horfur eru á að útflutningsbætur af landbúnaðarafurðum reynist hærri en nemur fjárveitingu í fjárlögum. Alls eru þetta um 600 mkr.

d) Áætlað er að opinberir aðilar afli innanlands lánsfjár, alls tæpar 800 mkr., þ.e. til ríkissjóðs 358 mkr. og 437 mkr. til húsnæðislánakerfisins. Í þessari áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að 400—500 mkr. aflist á innlendum markaði í stað 800 mkr. og er innlend fjáröflun ríkissjóðs lækkuð um 200 mkr. vegna þessa.

Án aðgerða stefnir í umtalsverðan greiðsluhalla hjá ríkissjóði í árslok 1984. Sá halli gæti numið milli 1,5—2,0 milljörðum króna.

Fjárhæðir í mkr.:

	Fjárlög 1984	Breyting	Áætluð staða 31/12'84
Tekjur	17 895	427	18 322
Gjöld	18 284	2 015	20 299
Rekstrarafkoma	(389)	(1 588)	(1 977)
Lánajöfnuður	415	(183)	232
Viðskiptareikningur	(20)	(80)	(100)
Greiðsluafkoma	6	(1 851)	(1 845)

Fylgiskjal II, 1.

Athugasemdir vegna húsnæðismálakafla lánsfjáráætlunar.

I) **Um innstreymi í Byggingarsjóð ríkisins.**

Gert er ráð fyrir venjulegum tekjuliðum í lánsfjáráætlun, auk þess sem nýir liðir koma fram. Við meðferð nefndarinnar hefur fjöldi manna komið til viðtals vegna þessa, meðal annars félagsmálaráðherra. Við yfirferð yfir málin hefur eftirfarandi m. a. komið fram:

Skyldusparnaður. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir því að skyldusparnaður skili um 45 millj. kr. á árinu 1984. Húsnæðisstofnun telur þetta óvarlegt með tilliti til þeirrar öfugþróunar sem hefur átt sér stað í þessum efnum á liðnum árum þar sem skyldusparnaður hefur ekki skilað húsnæðiskerfinu því fjármagni sem gert hafði verið ráð fyrir. Þannig var staðan neikvæð á s. l. ári um 8 millj. kr. og í greinargerð Húsnæðisstofnunar segir að „fyrstu tölur benda til þess að hann sé neikvæður um rúmar 30 millj. kr. Það sem af er febrúar er hann neikvæður um rúmar 5 millj. kr.“ Þess vegna er eðlilegra að miða við áætlun Húsnæðisstofnunar, dags. 7. febrúar s. l. Þarna skakkar því **um 75 millj. kr.** frá lánsfjáráætlun.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Á undanförnum árum hefur Atvinnuleysistryggingasjóður lánað Byggingarsjóði ríkisins verulega fjármuni samkvæmt lögum. Á síðasta ári brást þessi þáttur í innstreymi í Byggingarsjóð ríkisins og upplýsingar embættismanna benda til þess að svo verði að öllum líkindum einnig í ár. Félagsmálaráðherra fullyrti á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar að ríkissjóður myndi tryggja þetta fjármagn ef Atvinnuleysistryggingasjóður gerði það ekki. Ekkert liggur fyrir um það frá fjármálaráðuneytinu að svo verði gert. Þannig er vert að gera ráð fyrir því að hér vanti í raun **115 millj. kr.** sem ekki koma frá Atvinnuleysistryggingasjóði og ekki er víst að komi frá ríkissjóði. Komi þessir fjármunir frá ríkissjóði eykst fjárvöntun ríkissjóðs sem því nemur.

Lífeyrissjóðirnir. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 525 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum. Hér er um að ræða hækkun frá s. l. ári um 97% á sama tíma og gert er ráð fyrir því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hækki um minna en 7% milli ára. Hér er augljóslega um að ræða fjarstæðu. Þá hefur borið á því að undanförnu að félagsmenn lífeyrissjóðanna hafa nýtt lánsrétt sinn í vaxandi mæli og er talið að það stafi af almennri lánsfjárkreppu þar sem fólk reynir með lífeyrissjóðslánum að lengja bankalán og önnur skammtímalán sem einstaklingar hafa fengið. Enn fremur hefur verið bent á að lífeyrissjóðirnir eiga nú margra annarra kosta völ en þeirra að kaupa verðtryggð skuldabréf byggingarsjóðanna. Á markaðnum eru sparnaðarbréf af öðrum toga sem skila betri ávöxtun til skemmri tíma, auk þess sem almennur bankasparnaður hefur jafnvel skilað betri ávöxtun að undanförnu en skuldabréf byggingarsjóðanna. Byggingarsjóðirnir eru því ekki lengur samkeppnisfærir um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Ef gert er ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir skili 400 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins í ár er þar með um að ræða um 50% hækkun á milli áranna 1983 og 1984. Mjög vafasamt er að gera ráð fyrir mun meiri skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna að ekki sé fastar að orði kveðið. Hér vantar því enn **125 millj. kr.** í áætlunina.

Sérstök fjáröflun. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 200 millj. kr. Í umræðum í nefndinni hafa engar upplýsingar komið fram um það hvernig á að afla þessa fjármagns en vísað er á hugmyndir um að afla lánsfjár innanlands með sérstökum hætti. Það mál verður rætt annars staðar í nefndaráliti þessu, en í þeim áætlunum var gert ráð fyrir 800 millj. kr. í lánsfjáröflun innanlands, þ. e. 358 millj. kr. til ríkissjóðs og 437 millj. kr. til húsnæðislánakerfisins. Nú er gert ráð fyrir að þessi innlenda lánsfjáröflun skili 400—500 millj. kr. þannig að um er að ræða lækkun upp á 300—400 millj. kr. Þessi lækkun kemur bersýnilega niður á húsnæðislánakerfinu, þannig að hér er um að ræða óvissuþátt í útlánagetu þess á árinu að upphæð **200 millj. kr.**

Afborganir, vextir og vísitala. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir því að afborganir, vextir og vísitala af lánum skili í ár um 442 millj. kr., en Húsnæðisstofnun gerir ráð fyrir 485 millj. kr. Ætla verður að tala húsnæðisstjórnar í þessu efni sé nær lagi en áætlunartölur ríkisstjórnarinnar þannig að hér fást **43 millj. kr.** upp í þann vanda sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Niðurstaða. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 1 166,6 millj.kr. lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins og að heildarvelta sjóðsins verði 1 543,9 millj. kr. Af þessari heildarveltu má segja að Byggingarsjóður ríkisins hafi örugglega samkvæmt framansögðu liðlega 871 millj. kr. eða um 56.4% af lánsfjáráætluninni. En þar með er ekki öll sagan sögð því að hér hefur aðeins verið rakin tekjuhliðin: Það er mat húsnæðismálastjórnar að í raun þurfi hér mun hærri upphæð eða 269 millj. kr. í viðbót sem færð er í áætlun stofnunarinnar sem „fjárvöntun", þannig að samtals er vandinn enn stærri.

17% samdráttur — 25% samdráttur. Í áætlunum Byggingarsjóðs ríkisins fyrir þetta ár um útlán var 7. febrúar gert ráð fyrir heildarútlánum að fjárhæð 1 386 millj. kr. Sú áætlun byggist meðal annars á því að frumlán verði 17% færri í ár en á s. l. ári, það er að um verði að ræða samdrátt frá því ástandi sem stjórnarflokkarnir báðir lofuðu hátíðlega að leysa úr með aðgerðum í húsnæðismálum. Það er því greinilegt að stefna þeirra hefur til þessa stuðlað að samdrætti í húsnæðisbyggingum enda eðlilegt þegar þess er gætt að menn eru nú tveimur árum lengur að vinna fyrir svonefndri staðalíbúð en á síðari hluta ársins 1982. Ef þessari lágmarksáætlun er fylgt telur Húsnæðisstofnun að vanti 269 millj. kr. þótt gert sé ráð fyrir því að tekjustofnarnir sem gerð var grein fyrir hér að framan skili sér allir að fullu —

100%. Þó að þessir tekjustofnar skili sér að fullu verður því enn að skera niður framkvæmdir og gera ráð fyrir að lánin verði ekki aðeins 17% færri en á s. l. ári heldur verði samdrátturinn mun meiri. Nú er rætt um 25% samdrátt í lánum í ár frá 1983. Má því gera ráð fyrir því að samdráttur íbúðabygginga verði verulegur, en að auki er ljóst að það mun ekki duga til. Þess vegna er nú gert ráð fyrir því að enn verði dregið úr útlánum húsnæðislánakerfisins á þessu ári og að reynt verði að draga útborganir lána fram yfir næstu áramót til þess að „teygja á“ áætlunum. Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hefur ekki fengið að fjalla um þessar áætlanir enn þá, en ljóst er að áætlanir húsnæðiskerfisins eru markleysa eins og hér hefur verið rakið.

Seðlabankinn stöðvar yfirdráttinn. Á undanförnum árum hefur Húsnæðisstofnunin haft yfirdrátt hjá Seðlabankanum sem hefur verið unnt að gera ráð fyrir þegar þröngt hefur verið í búi hjá Byggingarsjóðunum. Núverandi ríkisstjórn stóð þannig að verki að staða sjóðanna var neikvæð svo nam á þriðja hundrað milljónum króna um áramótin sem kemur enn **til viðbótar** þeim vanda sem áður var rakinn. Af þeim ástæðum hefur Seðlabankinn nú um skeið í raun lokað á frekari yfirdrátt byggingarsjóðanna. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar var Byggingasjóður ríkisins neikvæður um 180 millj. kr. um síðustu áramót og Byggingarsjóður verkamanna um 54 millj. kr. Af þessum yfirdrætti hafa sjóðirnir greitt 23% ársvexti frá áramótum.

Framkvæmdalánin. Félagsmálaráðherra lýsti því yfir að samkomulag hefði verið gert við lífeyrissjóðina um 40% skuldabréfakaup af byggingarsjóðunum og að slíkt samkomulag hefði verið „handsalað“. Fulltrúar lífeyrissjóðanna könnuðust ekki við að bindandi samkomulag lægi fyrir. Í nefndinni skýrði félagsmálaráðherra og frá því að bankarnir ætluðu á þessu ári að yfirtaka svokölluð framkvæmdalán Byggingarsjóðs ríkisins til byggingarsamvinnufélaga og byggingameistara sem eru áætluð alls um 125 millj. kr. Í viðtölum við Helga Bergs bankastjóra í fjárhags- og viðskiptanefnd kom fram að ekki hefur verið „gengið frá neinu samkomulagi við viðskiptabankana um framkvæmdalánin“.

Niðurskurður hjá Byggingarsjóði verkamanna. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður verkamanna hafi alls um 406 millj. kr. til lánveitinga á þessu ári. Þetta nægir engan veginn til að standa við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir við sveitarfélögin, auk þeirra verkefna sem fyrir liggja í endursöluíbúðum og leiguíbúðum, að ekki sé minnst á nýja samninga sem virðast útilokaðir. Sérfræðingar Húsnæðisstofnunar töldu 6. febrúar að 584 millj. kr. til útlána væri lágmark þannig að mismunurinn á lánsfjáráætlun og lágmarkstölu til að standa við skuldbindingar er um 178 millj. kr. Þá er ekki tekið tillit til þess að neikvæð sjóðsstaða var um áramót 38 millj. kr., þannig að samkvæmt lánsfjáráætlun hefur Byggingarsjóður verkamanna alls um 368 millj. kr. en á s. l. ári ráðstafaði sjóðurinn alls í útlán 409 millj. kr.

Í áætlunum lífeyrissjóðanna er gert ráð fyrir að þeir kaupi skuldabréf fyrir 165 millj. kr. af Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðirnir keyptu skuldabréf fyrir 117,6 millj. kr. á síðasta ári. Hér er um að ræða hækkun á milli áranna um 40%. Óvarlegt er að gera ráð fyrir svo mikilli hækkun en engu síður verður við það miðað hér að svo fari þar sem forráðamenn margra lífeyrissjóða munu vafalaust leggja áherslu á að halda verkamannabústaðakerfinu gangandi á þessu ári með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna fremur en að stuðla að enn frekari samdrætti Byggingarsjóðs verkamanna með því að lífeyrissjóðirnir dragi úr skuldabréfakaupum sínum. Nú liggja fyrir umsóknir frá 48 sveitarfélögum um byggingar 514 íbúða. Þar af hafa framkvæmdir við byggingu 168 íbúða, sem stjórn verkamannabústaða í Reykjavík byggir, verið samþykktar, en engin lán hafa verið veitt.

Nú mun ætlun félagsmálaráðuneytisins að fara bónarveg að sveitarstjórnum til þess að dregið verði úr hraða bygginga í verkamannabústöðum. Þá er ætlunin að draga verulega úr samningum um nýtt húsnæði og úr sölu gamalla íbúða í kerfinu. Það síðast nefnda verður til þess að draga úr því að eldri íbúðir seljist og þar með standi þær lengur auðar en þegar er orðið. Eins og kunnugt er hefur það mjög verið gagnrýnt að seint gangi að selja íbúðir í verkamannabústöðum og þær standi lengi ónotaðar. Með þessari lánsfjáráætlun er gengið enn lengra í þessu efni. Til þessa hefur endursala ekki tafist vegna fjárskorts heldur af öðrum ástæðum; nú bætist fjárskortur við sem ástæða fyrir töfum.

Af því sem að framan segir er ljóst að húsnæðislánakerfið er allt í uppnámi vegna fjárskorts, vegna loforða sem ráðherrar hafa gefið án þess að tryggja fjármögnun og vegna þess að fyrirsjáanlegt er að allt kerfið verður skorið enn frekar niður á þessu ári.

Einkum eru þó verkamannabústaðirnir í hættu. Þótt framkvæmdir haldi þar áfram á þessu ári er greinilegt að verulegur samdráttur mun koma fram í verkamannabústöðum og byggingu þeirra næstu misserin. Þar með er ríkisstjórnin að stofna í hættu fjármögnun húsnæðislánanna sem í vaxandi mæli byggjast á því að lífeyrissjóðirnir láni þangað fé. Forsendur þeirra lána voru ákveðnar í kjarasamningunum 1974. Þar var ákveðið að miða við að þriðjungur íbúða yrði reistur með lánsfé á félagslegum grundvelli. Á móti hét verkalýðshreyfingin því að tryggja skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Ríkisstjórnin er nú að brjóta þennan samning. Það eykur ekki á bjartsýni um að fjármagn lífeyrissjóðanna skili sér á þessu ári.

Fylgiskjal II,2.

Byggingarsjóður ríkisins.

Húsnæðisstofnun ríkisins
7. febrúar 1984.

Drög II að áætlun fyrir árið 1984.

Innstreymi:	
Ríkissjóður	200
Skyldusparnaður	−30
Atvinnuleysistryggingasjóður	115
Lífeyrissjóðir	525
Sérstök fjáröflun	200
Afborganir, vextir og verðbætur	485
Tekjur tæknideildar	17
Annað	4
	1 516
÷ sjóður 1. janúar 1984	13
	1 503
Útstreymi:	
Rekstrarkostnaður	44
Afborganir, vextir og verðbætur	360
Annað	2
Lán 1984	1 366
	1 772
Fjárvöntun	269

Lán 1984:

Nýbyggingar (1.+2.+3.hluti)	600
Eldri íbúðir	477
Leiguíbúðir fyrir aldraða og dagvistarstofnanir	65
Viðbyggingar og endurbætur	75
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði	5
Einstaklingar með sérþarfir	4
Orkusparandi breytingar	10
Tækninýjungar og rannsóknir	2
Ýmsir framkvæmdaaðilar	125
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	3
	1 366

Athugasemdir.

Almennt. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 gerir ráð fyrir 1166,6 m.kr. í lán. Skv. þessari áætlun eru aðeins 1097 m. kr. til ráðstöfunar en þyrftu að vera 1366 m.kr. Það er því fjárvöntun um 269 m.kr.

Í september 1983 tók ríkisstjórnin ákvörðun um 50% hækkun lána. Þessi hækkun náði til þeirra sem fengið höfðu lán frá 1. janúar 1982. Sækja þurfti sérstaklega um þessa hækkun vegna áranna 1982 og 1983 en hækkunin kemur sjálfkrafa vegna lána sem veitt eru frá 1. janúar 1984. Fjármagn vegna þessara viðbótarlána hefur komið jafnóðum frá ríkissjóði. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um skiptingu á þessu fjármagni í lánsfé og/eða framlag. Viðbótarlánin koma ekki fram í þessari áætlun (vegna áranna 1982 og 1983).

Í áætluninni er gert ráð fyrir rúmlega 20% verðbólgu.

Ríkissjóður. Skv. fjárlögum.

Skyldusparnaður. Hann var neikvæður um rúmar 8 m.kr. á árinu 1983. Endanlegt yfirlit fyrir janúar 1984 liggur ekki fyrir en fyrstu tölur benda til þess að hann sé neikvæður um rúmar 30 m.kr. Það sem af er febrúar er hann neikvæður um rúmar 5 m.kr. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að skyldusparnaðurinn skili 45 m.kr. (nettó).

Atvinnuleysistryggingasjóður. Skv. lánsfjáráætlun. Á árinu 1983 áttu að koma 76,3 m.kr. en komu ekki.

Lífeyrissjóðir. Á árinu 1983 keyptu þeir skuldabréf fyrir 267,7 m.kr. en eiga að kaupa á árinu 1984 skv. lánsfjáráætlun fyrir 525,4 m.kr., hækkun um 96,3%.

Sérstök fjáröflun. Skv. lánsfjáráætlun.

Afborganir, vextir og verðbætur (inn). Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 442,1 m.kr.

Sjóður 1. janúar 1984. Endanlegt uppgjör frá veðdeild L.Í. fyrir árið 1983 liggur ekki fyrir. Skv. bráðabirgðauppgjöri er sjóðurinn neikvæður um 13 m.kr.

Rekstrarkostnaður. Skv. bráðabirgðauppgjöri hefur hann orðið rúmar 30 m.kr. brúttó á árinu 1983.

Afborganir, vextir og verðbætur (út). Lífeyrissjóðirnir með 261 m.kr., Atvinnuleysistryggingasjóður með 18 m.kr., Seðlabanki Íslands 30 m.kr., Ríkissjóður Íslands með 5 m.kr. og 46 m.kr. í dráttarvexti, samtals 360 m.kr.

Nýbyggingar (1.+2.+3. hluti). Frumlán vegna 925 íbúða, 17% fækkun frá 1983. Þeir sem ekki hafa átt íbúð fyrir fá lánin í tveimur hlutum, fyrri hlutann mánuði eftir að íbúðin varð fokheld og seinni hlutann 6 mánuðum síðar. Aðrir fá miðað við óbreytt fyrirkomulag.

Eldri íbúðir. Gert er ráð fyrir að afgreiða sambærilegt tímabil og undanfarin ár, þ.e. umsóknir innkomnar frá 1. júlí 1983 til júníloka 1984, áætlað 2340 íbúðir á móti um 1950 íbúðum 1983, hækkun um 20%. Þeir sem kaupa sína fyrstu íbúð fá allt að helming af nýbyggingarláni, aðrir fá um 20% af nýbyggingarláni. Lánin verða útborguð í einu lagi.

Leiguíbúðir fyrir aldraða og dagvistarstofnanir. Skv. þegar gerðum samþykktum er búið að ráðstafa um 34 m.kr.

Viðbyggingar og endurbætur. Á árinu 1983 voru veitt lán að fjárhæð um 35 m.kr. vegna 257 íbúða.

Fylgiskjal II,3.

Byggingarsjóður verkamanna.

Húsnæðisstofnun ríkisins
Reykjavík, 6. febr. 1984.

Áætlun fyrir 1984.

	millj.kr.
Innstreymi.	
Ríkissjóður	200
Sveitarfélög	56
Kaupendur eldri íbúða	24
Afborgun, vextir, verðbætur	63
Lánsfjáráætlun	165
	508
Staða um áramót	÷38
	470
Útstreymi.	
Rekstrarkostnaður	14
Afborganir, vextir, verðbætur	40
Lánveitingar	584
	638
Fjárvöntun	**168**
Lán 1984.	
Þegar gerðir samningar	374
Nýir samningar	100
Endursöluíbúðir	110
	584

Í áætlun frá 7. nóv. 1983 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf fyrir 200,0 m.kr., í lánsfjáráætlun breytist fjárhæðin í 164,6 m.kr.

Við uppgjör í Byggingarsjóði verkamanna vegna ársins 1983 breyttust forsendur vegna eftirfarandi liða í áætlun ársins 1984:

1) Rekstrarkostnaður.
2) Afborgun til lífeyrissjóða vegna skuldabréfakaupa þeirra hjá sjóðnum.
3) Kostnaður vegna endursöluíbúða.

Í áætlun frá 6. febr. 1984 er eftirfarandi breytt frá áætlun 7. nóv. 1983:

1) Verðbólga er áætluð ca. 20% en var 30%.
2) Nýir samningar eru vegna 158 íbúða en voru 300 í fyrri áætlun.

Aðrar forsendur eru óbreyttar.

Nýir framkvæmdalánssamningar á árinu 1983 voru vegna 158 íbúða.

Byggingarsjóður verkamanna.
Áætlun til 1984.
Millj.kr.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Alls
1. Sjóður í upphafi mánaðar	−38	−37	−38	−46	−49	−54	−63	−77	−94	−138	−147	−161	
2. Innstreymi:													
Frá ríkissjóði	10	12	15	16	16	17	18	18	20	19	19	20	200
Frá lífeyrissjóðum	15	16	10	16	12	10	7	7	15	20	15	22	165
Framlag sveitarfélaga	3	4	4	4	4	5	5	5	5	5	6	6	56
Kaupendur eldri íbúða	2	2	2	2	1	2	1	3	2	3	2	2	24
Annað	3	4	4	4	6	6	6	6	6	6	6	6	63
Innstreymi alls:	33	38	35	42	39	40	37	39	48	53	48	56	508
Innstreymi + sjóður:	−5	+1	−3	−4	−10	−14	−26	−38	−46	−85	−99	−105	
3. Útstreymi:													
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	22	27	28	29	29	31	34	33	35	36	35	35	374
Nýjar framkvæmdir	—	—	3	6	7	8	9	10	12	14	15	16	100
Endursölur	8	10	10	8	6	8	7	12	10	11	10	10	110
Annað	2	2	2	2	2	2	1	1	35	1	2	2	54
Útstreymi alls:	32	39	43	45	44	49	51	56	92	62	62	63	638
Sjóður í mánaðarlok:	−37	−38	−46	−49	−54	−63	−77	−94	−138	−147	−161	−168	

Byggingarsjóður verkamanna.
1984.

	Áætlun 6.febr.1984	Áætlun miðuð við lánsfjáráætlun
Innstreymi:		
Ríkissjóður	200	200
Sveitarfélög	56	34
Kaupendur eldri íbúða	24	21
Afborgun, vextir, verðbætur	63	36
	165	165
	508	456
Staða um áramót	÷38	
	470	
Útstreymi:		
Rekstrarkostnaður	14	14
Afborganir, vextir, verðbætur	40	40
Lánveitingar	584	364
	638	418
		+38
Fjárvöntun	**168**	
Lán 1984.		
Þegar gerðir samningar	374	264
Nýir samningar	100	—
Endursöluíbúðir	110	100
	584	364

Byggingarsjóður verkamanna var í 38,0 m.kr. skuld við Seðlabanka Íslands um áramót 1983—84. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu.

Fylgiskjal II,4.

Svar við bréfi um húsnæðismál, dags. 1. febrúar 1984.

Húsnæðisstofnun ríkisins.
Reykjavík, 16. febrúar 1984.

Félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis
hr. Þorsteinn Pálsson formaður.

1. Fjöldi umsókna sem fyrir liggja.

a. Byggingarsjóður ríkisins um sl. áramót:

Nýbyggingar	1500 umsóknir
Eldri íbúðir	1400 umsóknir
Meiri háttar viðgerðir	330 umsóknir
Orkusparandi viðgerðir	150 umsóknir
	3380 umsóknir

Fyrir eindagann 1. febrúar s.l. komu 450 umsóknir frá einstaklingum um lán til nýbygginga. Einnig komu bráðabirgðaumsóknir frá byggingaraðilum vegna 1100 íbúða. Um framkvæmdalán sóttu þó nokkrir aðilar til byggingar íbúða til sölu á frjálsum markaði og til byggingar leigu- og söluíbúða fyrir aldraða.

b. Byggingarsjóður verkamanna:

Fyrir liggja umsóknir frá 48 sveitarfélögum vegna byggingar 514 íbúða. Þar af hafa framkvæmdir við byggingu 168 íbúða, sem stjórn verkamannabústaða í Reykjavík byggir, verið samþykktar en engin lán hafa verið veitt.

2. Fjárhagsstaða til að mæta umsóknum.

a. Byggingarsjóður ríkisins:

Skv. lánsfjáráætlun hefur sjóðurinn 1166,6 m.kr. til ráðstöfunar til lánveitinga á árinu 1984. Þar er m.a. gert ráð fyrir 45 m.kr. frá skyldusparendum (nettó) en þessi liður var neikvæður um rúmar 8 m.kr. á árinu 1983.

Frá Atvinnuleysistryggingasjóði eiga að koma 115 m.kr. en á árinu 1983 áttu að koma rúmar 76 m.kr. en komu ekki. Lífeyrissjóðirnir eiga að kaupa skuldabréf fyrir 525,4 m.kr. en keyptu fyrir 267,7 m.kr. á árinu 1983, aukning um 96,3%. Einnig er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að fjárhæð 200 m.kr. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda nýbygginga og á árinu 1983.

Um þessi mál eru stofnunin og félagsmálaráðuneytið að fjalla þessa dagana.

b. Byggingarsjóður verkamanna:

Skv. lánsfjáráætlun hefur sjóðurinn 405,6 m.kr. til ráðstöfunar til lánveitinga á árinu 1984. Þá er ekki tekið tillit til sjóðsstöðu um s.l. áramót sem var neikvæð um 38 m.kr. Ef ekki kemur meira fjármagn til sjóðsins þá er ljóst að um samdrátt verður að ræða á þessu ári.

3. Veitt lán (fjöldi íbúða) s.l. 3 ár.

a. Byggingarsjóður ríkisins:

Fjöldi íbúða	1981	1982	Bráðab. tölur 1983
Nýbyggingar (frumlán)	1072	1182	1044
Eldri íbúðir	2183	2132	1944
Leiguíbúðir fyrir aldraða (konverteringar)	6	4	24
Viðbyggingar og endurbætur	159	369	257
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði	33	30	34
Einstaklingar með sérþarfir	73	71	28
Orkusparandi breytingar	189	104	71
Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar)	60	193	165
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar)	138	130	48
Verkamannabústaðir (konverteringar)	36		
Samtals	3949	4215	3615

b. Byggingarsjóður verkamanna:

Fjöldi íbúða	1981	1982	Bráðab. tölur 1983
Nýbyggingar	205	304	158
Endursöluíbúðir	176	177	192
Samtals	381	481	350

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Hilmar Þórisson.

Fylgiskjal II,5.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til Kjartans Jóhannssonar.

Húsnæðisstofnun ríkisins.
Reykjavík, 5. mars 1984.

Hr. Kjartan Jóhannsson alþingismaður,
Alþingi.

Varðar húsnæðismál.

Skv. áætlun stofnunarinnar frá 7. febrúar s.l. eru 1097 m.kr. til ráðstöfunar í lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1984. Húsnæðismálastjórn hefur ekki skipt þessu fjármagni milli lánaflokka. Ljóst er að einhverjar frestanir á lánveitingum verða að eiga sér stað til ársins 1985. Húsnæðismálastjórn hefur ekki tekið á því máli. Það mætti hugsa sér að fresta 1.

hluta lána til þeirra sem gera fokhelt frá 1. júlí og ekki eiga íbúð fyrir. Skv. hefðum og venjum ættu þeir að fá 1. hlutann til greiðslu í nóvember/desember nk. Ef þessari lánveitingu yrði frestað myndi sjóðurinn afgreiða fyrri hluta 1. hluta vegna 700—800 íbúða á árinu 1984 miðað við áætlun frá 7. febrúar s.l.

Einnig mætti fresta lánveitingum til þeirra sem leggja inn umsóknir til kaupa á eldra húsnæði frá 1. apríl til júníloka nk. Þá mundi sjóðurinn afgreiða lán (G-lán) vegna 1850—1900 íbúða á árinu 1984 miðað við áætlun frá 7. febrúar s.l.

Vonandi er þetta fullnægjandi svar við fyrirspurn yðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Hilmar Þórisson.

Leiðrétting.

Húsnæðisstofnun ríkisins.

Hr. Kjartan Jóhannsson alþingismaður,
Alþingi.

Varðar húsnæðismál.

Í bréfi til yðar, dags. 8. mars s.l., um húsnæðismál er talað um að hugsanlegt væri að fresta lánum til þeirra sem gera fokhelt eftir 1. júlí n.k. og ekki eiga íbúð fyrir. Þetta er ekki rétt. Þarna átti að standa „sem gera fokhelt frá 1. júlí nk. til septemberloka og eiga íbúð fyrir". Skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar eiga þeir aðilar, sem enga íbúð eiga fyrir og hafa ekki átt, að fá lánin í tveimur hlutum, fyrri hlutann mánuði eftir að íbúðin varð fokheld og seinni hlutann 6 mánuðum síðar.

Beðið er afsökunar á þessum mistökum.

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Hilmar Þórisson.

Fylgiskjal III.

Tillaga frá fjármálaráðherra sem meiri hl. nefndarinnar vill ekki flytja.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Breytingartillaga við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Á eftir 27. gr. komi ný grein er verði 28. gr. í II. kafla frumvarpsins og hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 43/1979, um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79/1972, skal með jarðræktarframkvæmdum á árinu 1984 eigi unnt að efna til sjálfkrafa greiðsluskyldu ríkissjóðs á hluta framkvæmdakostnaðarins.

Ákvörðun um hvort ríkissjóður tekur einhvern þátt í kostnaði við jarðræktarframkvæmdir á árinu 1984 skal tekin við afgreiðslu fjárlaga ársins 1985.

Fylgiskjal IV.

Bréf biskups Íslands.

Biskup Íslands
Reykjavík, 13. febr. 1984.

Ég vil hér með fara þess á leit við hið háa Alþingi að lögbundin framlög ársins 1984 til Kristnisjóðs verði eigi skert.

Kristnisjóður var stofnaður með lögbundnum samningi milli ríkis og kirkju samkv. lögum 35/1970, lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð. Tekjur sjóðsins eru prestlaun þeirra prestakalla sem lögð voru niður með ofangreindum lögum og hálf prestlaun ósetinna prestakalla.

Kirkjuráð hefur jafnan í febrúar úthlutað öllum tekjum sjóðsins til hins frjálsa kristilega starfs í landinu. Af tekjum hans eru fréttafulltrúa kirkjunnar og greidd laun. Samkvæmt útreikningi embættis míns eiga tekjur Kristnisjóðs fyrir 1983 að vera kr. 3,8 milljónir en fjárlög 1984 gera ráð fyrir kr. 1,6 milljónum.

Þar sem tekjur sjóðsins eru einvörðungu laun, eins og áður er fram komið, tel ég að Kristnisjóður hafi sérstöðu sem m. a. kom fram í því að til sjóðsins náði ekki niðurskurður á framlögum til sjóða, um 5%, 1981.

Ef Kristnisjóður verður skertur um áðurgreinda upphæð tel ég að stoðum sé kippt undan þeirri starfsemi sem hann hefur borið uppi allt frá byrjun.

Pétur Sigurgeirsson.

Formaður fjárhags- og viðskiptanefndar
neðri deildar Alþingis,
Páll Pétursson.

Fylgiskjal V.

Flugleiðir, lendingargjöld o. fl.

Utanríkisráðuneytið
Hverfisgötu 115 — Reykjavík
2. mars 1984

Skv. beiðni fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis, sem þér komuð á framfæri 1. þ. m., sendast hjálagt eftirtalin gögn.

1. Bráðabirgðauppgjör frá Flugleiðum hf. um afkomu N-Atlantshafsflugs árið 1983.
2. Upplýsingar um lendingargjöld á Íslandi vegna N-Atlantshafsflugs 1983 og áætlunartala fyrir árið 1984. Skv. upplýsingum félagsins er gert ráð fyrir um 14% aukningu á lendingum á Keflavíkurflugvelli á árinu 1984 miðað við árið 1983.

Lendingargjöld á tímabilinu 1. október 1983 til ársloka 1984 eru skv. þessari áætlun sem hér segir:

1. Gjaldfallin lendingargjöld 1.10.—31.12.83:	$	135 372
2. Áætluð lendingargjöld 1984:	$	822 000
Samtals	$	957 372
eða ísl. kr.		27 763 788

3. Hjálagt er ljósrit bréfs samgönguráðherra Luxemborgar til Matthíasar Bjarnasonar samgönguráðherra, dags. 24. janúar s. l., þar sem hann staðfestir að hann muni veita Flugleiðum undanþágu frá greiðslu farþegaskatts og lendingargjalds árið 1984 ef íslensk stjórnvöld veiti Flugleiðum og Cargolux hliðstæða fyrirgreiðslu.

Að því er Cargolux varðar, ef að því skilyrði er gengið, er áætlað að aðeins verði um 50 lendingar að ræða á Keflavíkurflugvelli á þessu tímabili og nema áætluð lendingargjöld vegna þess um 1,1 til 1,3 millj. króna. Unnt er að leysa það mál án sérstakrar fjárheimildar þar eð hér er um nýtt flug að ræða sem ekki var fyrirséð við áætlun tekna vegna lendingargjalda á Keflavíkurflugvelli.

F. h. r.
Þorsteinn Ingólfsson.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun
b. t. **Gunnars Hall**
skrifstofustjóra.

Bráðabirgðauppgjör um afkomu N-Atlantshafsflugs 1983.

	Jan-des
Tekjur	US$.000
Farþegatekjur	51 774
Frakt	4 469
Póstur	1 207
Yfirvigt	166
Annað	960
Samtals	58 576
Kostnaður	
Flugrekstur	25 602
Viðhald	6 837
Farþegaþjónusta	4 663
Flugvélaafgr. + stöðvakostnaður	8 954
Markaðskostn. + auglýsingar	9 455
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2 856
Afskriftir	1 440
Samtals	59 807
Rekstrarafgangur (tap)	(1 231)
Vextir	(2 682)
Hagnaður (tap)	(3 913)

Vinsamlegast athugið að ofangreindar tölur eru bráðabirgðatölur unnar áður en endanlegt uppgjör hefur farið fram og munu væntanlega taka nokkrum breytingum þegar það liggur fyrir.

Endurgreidd gjöld á Íslandi, sem tilheyra árinu 1983, nema $950.000 og eru ekki meðtalin í þessu yfirliti.

Norður-Atlantshafsflug, lendingargjöld á Íslandi.

	$
1983	$ 720 000
1984 áætlun	$ 822 000

Lendingargjald er $778 á hverja lendingu. Á árinu 1983 var fjöldi lendinga 925 en hækkar í 1057 lendingar árið 1984 vegna aukningar í flugi.

Á tímabilinu október-desember 1983 voru lendingar 174 og lendingargjöld $135.372.

Bréf samgönguráðherra Lúxemborgar.

(Ensk þýðing.)

Luxembourg, January 24, 1984.

Grand Duchy of Luxembourg
GOVERNMENT
Ministry of Transport

Mr. Matthías Bjarnason
Minister of Transport
Laugavegur 108
Reykjavík
Iceland.

Dear Colleague:

During the last years, the Icelandic and Luxembourg Governments have granted substantial assistance to the company „Icelandair" in order to overcome its financial difficulties and thus guaranteeing the continuation of its operations.

However, since the situation of the company has been improved, at least during the Summer months, the Luxembourg Government has decided to no longer grant any direct assistance to Icelandair. However, I would be willing to exempt the company from the payment of passenger tax and landing charges for the year 1984 at Luxembourg Airport, if your Government would also follow this policy by exempting Icelandair and Cargolux from the payment of these taxes at the Airport of Reykjavík.

Awaiting your reply in the interest of the aeronautical relations between our two countries, I remain,

yours sincerely,
Josy Barthel
Minister of Transport.

Fylgiskjal VI.

Fiskveiðasjóður Íslands:
Greiðsluáætlun 1984.

Fiskveiðasjóður Íslands

Greiðsluáætlun Fiskveiðasjóðs 1984

I. **Samandregnar niðurstöður.**

Útborganir	1350
Innborganir	930
Greiðsluhalli	420
Útb. ný útlán	230
	650
Lántaka 1984	650
	0

II. **Skýringar:**

Innborganir:	
Sjóður ½ '84	150
Afb. og vextir af útlánum	640
Tekjur af útfl. gjaldi	140
	930
Útborganir:	
Afb. og vextir af lánum	632
Afb. og vextir af innist. lántakenda	688
Kostnaður	30
	1350

Fylgiskjal VII.

Framlög til sjóða og samanburður við lög.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun
1. mars 1984.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar.
Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

	Fjárlög 1984	Framlög skv. lögum.
Erfðafjársjóður	19 400	40 000
Lánasjóður sveitarfélaga	0	19 700
Félagsheimilasjóður	12 400	16 200
Fiskveiðasjóður	0	112 000
Aflatryggingasjóður	18 600	49 700
Byggðasjóður	83 800	178 000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	12 060	91 600
Iðnlánasjóður	0	500
Iðnrekstrarsjóður	15 000	44 400
Bjargráðasjóður	5 400	9 500
— harðærislán	16 400	
Ferðamálasjóður	0	400
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	0	250
Hafnabótasjóður	12 450	
Byggingarsjóður ríkisins	200 000	—
Byggingarsjóður verkamanna	200 000	—
Framkvæmdasjóður fatlaðra	40 000	—
Framkvæmdasjóður aldraðra	46 000 + 15 000	46 000
Kristnisjóður	1 600	

Fylgiskjal VIII.

Bréf Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands.
Hagfræðideild.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Reykjavík, 21. febrúar 1984.

Með vísun til fyrirspurna nefndarmanna á fundi hennar í gær, svo og aukalegrar fyrirspurnar Guðmundar Einarssonar alþm. símleiðis, sendist nefndinni hér með eftirgreint talnaefni:

1. Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir.

Talnaraðir þessar ná frá ársbyrjun 1980 til sl. janúarloka, bæði staða og hreyfingar hvors um sig ríkissjóðs (A-hluta) og ríkisstofnana (B-hluta) og beggja til samans. Inneign B-hluta stofnana apríl 1983 — jan. 1984 á sér þá skýringu að erlend lán voru tekin þegar hagstætt var talið og áður en féð kom til nota í framkvæmdum og lánagreiðslum.

Fullkomið uppgjör af þessu tagi er aðeins gert á mánaðamótum. Uppgjör stöðunnar 15. þ. m. fylgir því með á sérstöku blaði.

2. Aukning peningamagns.

Peningamyndunin má skoðast falla í tvo höfuðfarvegi:

A. Stuttar erlendar eignir bankakerfis (ásamt Seðlabanka) og

B. lán og aðra innlenda liði bankakerfis, en samtala beggja er

C. Peningamagn og sparifé M3.

Frá viðhorfi virkrar peningamyndunar eða þenslu er B lykilstærðin, en utan hennar eru öll erlend lán (einnig þau sem notuð eru til endurlána um bankakerfið), sem og lán af öðrum innlendum frumuppruna, svo sem lífeyrissjóða, en þau bera að jafnaði með sér tilsvarandi mótvægi. Notkun þessa lánsfjár (utan B-liðar) getur þó speglast óbeint í innlánum C og þannig orðið rót að lánaþenslu einnig í bankakerfinu. Benda má á að gerist lánaþensla (sjálfstæð aukning á B) geta áhrif hennar komið fram í aukningu peningamagns og minnkun erlendra eigna (gjaldeyrisstöðu), sbr tölur mars—maí 1983. Einnig er rétt að benda á að desemberhreyfingar eru mjög háar sökum vaxtafærslu ársins á veigamiklum liðum.

Um horfur á þróun peningamagns fram eftir árinu liggur að svo stöddu ekki annað fyrir en fram kemur í lánsfjáráætlun. Unnið er að því að hemja lánaþenslu nærri þeim mörkum sem þar koma fram, en ekki enn þá tímabært að spá að nýju um hvernig til muni takast.

3. Gjaldeyrisstaða bankanna.

Yfirlit um gjaldeyrisforðann brúttó og nettógjaldeyrisstöðu 1983 til 14. þ. m. er gefið á gengi ársloka, ásamt hreyfingum stærðanna.

4. Innlend fjáröflun 1983.

Yfirlit um fjáröflunina er gefið á tveim blöðum í almennu yfirliti og sérstöku um lífeyrissjóðina.

Frekari skýringar verða fúslega veittar, á fundi eða utan.

Virðingarfyllst, Seðlabanki Íslands.
Bjarni B. Jónsson.

Seðlabanki Íslands
Hagfræðideild.

20. febrúar 1984.

A = kröfur Seðlabankans á ríkissjóð, nettó (A-hluti).
Staða í mánaðarlok í milljónum króna.

Ár	jan.	febr.	mars	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	292,0	297,0	357,0	363,0	366,0	326,0	332,0	311,0	285,0	282,0	255,0	218,0	1980
1981	368,0	407,0	487,0	533,0	459,0	378,0	387,0	340,0	308,0	250,0	175,0	226,0	1981
1982	159,0	220,0	292,0	379,0	342,0	302,0	386,0	364,0	260,0	301,0	143,0	155,0	1982
1983	243,0	464,0	936,0	1006,0	1099,0	1319,0	1468,0	1393,0	1170,0	1285,0	1169,0	1470,0	1983
1984	1626,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í m. kr. (innstæðuaukning eða skuldalækkun = —)

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	2,9	5,0	60,0	6,0	3,0	-40,0	6,0	-24,0	-26,0	-3,0	-27,0	43,0	1980
1981	20,0	39,0	80,0	46,0	-74,0	-81,0	9,0	-47,0	-32,0	-58,0	-75,0	51,0	1981
1982	67,0	61,0	72,0	87,0	-37,0	-40,0	84,0	-22,0	-104,0	41,0	-158,0	32,0	1982
1983	88,0	221,0	472,0	70,0	93,0	220,0	149,0	-75,0	-223,0	115,0	-116,0	301,0	1983
1984	156,0												1984

B = kröfur Seðlabankans á ríkisstofnanir, nettó (b-hluti)
(Innstæður ríkisstofnana umfram skuldir = —)
Staða í mánaðarlok í milljónum króna.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	9,8	22,1	16,0	5,1	-20,9	40,5	17,3	22,8	28,2	29,1	18,9	17,0.	1980
1981	-1,0	73,0	41,0	16,0	2,0	-16,0	15,0	-1,0	3,0	-16,0	82,0	-30,0	1981
1982	16,0	132,0	122,0	154,0	27,0	108,0	189,0	103,0	135,0	47,0	195,0	-40,0	1982
1983	-61,0	107,0	123,0	-83,0	-523,0	-990,0	-1201,0	-954,0	-843,0	-892,0	-843,0	-657,0	1983
1984	-469,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í m. kr. (innstæðuaukning eða skuldalækkun = —)

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	15,9	12,3	-6,1	-10,9	-26,0	61,4	-23,2	5,5	5,4	0,9	-10,2	-1,9	1980
1981	-13,0	74,0	-32,0	-25,0	-14,0	-13,0	31,0	-16,0	4,0	-19,0	98,0	-112,0	1981
1982	46,0	116,0	-10,0	32,0	-127,0	81,0	81,0	-86,0	32,0	-88,0	148,0	-235,0	1982
1983	21,0	163,0	16,0	-206,0	-440,0	-467,0	-211,0	247,0	111,0	-49,0	49,0	136,0	1983
1984	188,0												1984

C (= A + B) = kröfur Seðlabanka á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó.
Staða í mánaðarlok í milljónum króna.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	301,8	319,1	373,0	368,1	345,1	366,5	349,3	333,8	313,2	311,1	273,9	315,0	1980
1981	367,0	480,0	528,0	549,0	461,0	362,0	402,0	339,0	311,0	234,0	257,0	196,0	1981
1982	175,0	352,0	414,0	533,0	369,0	410,0	575,0	467,0	395,0	348,0	338,0	115,0	1982
1983	182,0	571,0	1059,0	923,0	576,0	329,0	267,0	439,0	327,0	393,0	326,0	813,0	1983
1984	1157,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í m. kr. (skuldalækkun eða innstæðuaukning = —)

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	18,8	17,3	53,9	-4,9	-23,0	21,4	-17,2	-15,5	-20,6	-2,1	-37,2	41,1	1980
1981	52,0	113,0	48,0	21,0	-88,0	-99,0	40,0	-63,0	-28,0	-77,0	23,0	-61,0	1981
1982	-21,0	177,0	62,0	119,0	-164,0	41,0	165,0	-108,0	-72,0	-47,0	-10,0	-223,0	1982
1983	67,0	389,0	488,0	-136,0	-347,0	-247,0	-62,0	172,0	-112,0	66,0	-67,0	487,0	1983
1984	344,0												1984

Fjármálaráðuneytið
Ríkisbókhald
21. febr. 1984.

Staða ríkisins við Seðlabanka 15. febrúar 1984.

1. Skipta má ríkisaðilum í þrjá hópa:
   1. A-hluta ríkisins
   2. B-hluta: Endurlán
   3. B-hluta: Aðrir en endurlán
2. Staðan við Seðlabankann byggist á þremur þáttum:
   1. Viðskiptareikningum (innstæðu- og hlaupareikningar).
   2. Skuldabréfum ríkisins útgefnum til Seðlabanka.
   3. Skuldabréfum ríkisins útgefnum til annarra en Seðlabankinn hefur keypt af öðrum aðilum en ríkinu, t. d. viðskiptabönkum. Hér með eru talin spariskírteini og happdrættisskuldabréf ríkissjóðs sem bankinn hefur keypt af ríkinu (endurlánum) eða öðrum.
3. Hinn 15. febrúar var staða ríkisins eftirfarandi skv. gögnum Seðlabankans:

Í millj. kr.

	Viðskipta-reikn (hlr.)	Skuldabréf til Seðlab.	Ýmis skuldabréf	Alls
A-hluti	−1 675	−850		−2 525
Endurlán	+553	−41	−156	+356
Aðrir	+102	—	−161	−59
	−1 020	−891	−317	−2 228

Ath.: Innstæður Viðlagatryggingar og Pósts og síma m. a. vegna orlofsfjár eru ekki meðtaldar. Skuldabréf eru tilgreind skv. stöðu þeirra 31. janúar 1984.

Seðlabanki Íslands
Hagfræðideild.

20. febrúar 1984.

A = stuttar erlendar eignir bankakerfis, nettó.
Staða í milljónum króna.

Ár	jan.	febr.	mars	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	435,0	405,6	388,1	471,1	506,4	452,5	531,0	529,9	660,0	734,2	843,2	982,0	1980
1981	1118,0	1130,0	1106,0	1244,0	1190,0	1244,0	1441,0	1621,0	1608,0	1658,0	1778,0	1699,0	1981
1982	2034,0	1890,0	1783,0	1636,0	1667,0	1485,0	1322,0	1678,0	1624,0	1395,0	1562,0	1686,0	1982
1983	1747,0	1849,0	1626,0	1579,0	1546,0	1840,0	2067,0	2169,0	2047,0	2256,0	2647,0	2530,0	1983
1984	2014,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í m. kr.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	−12,0	−29,4	−17,5	83,0	35,3	−53,9	78,5	−1,1	130,1	74,2	109,5	138,3	1980
1981	136,0	12,0	−24,0	138,0	−54,0	54,0	197,0	180,0	−13,0	50,0	120,0	−78,0	1981
1982	335,0	144,0	−107,0	−147,0	31,0	−182,0	−163,0	356,0	−54,0	−229,0	167,0	124,0	1982
1983	61,0	102,0	−223,0	−47,0	−33,0	294,0	227,0	102,0	−122,0	209,0	391,0	−117,0	1983
1984	−516,0												1984

B = Lán og aðrir innlendir liðir bankakerfisins, nettó

Staða í mánaðarlok í milljónum króna.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	2093,0	2216,0	2329,0	2419,0	2453,0	2473,0	2481,0	2482,0	2422,0	2479,0	2497,0	3157,0	1980
1981	3199,0	3378,0	3526,0	3733,0	3987,0	4099,0	4193,0	4063,0	4096,0	4251,0	4392,0	5357,0	1981
1982	5223,0	5517,0	5873,0	6249,0	6432,0	6830,0	7216,0	7028,0	7288,0	7834,0	7926,0	9455,0	1982
1983	9652,0	9938,0	10989,0	11420,0	12389,0	13126,0	13606,0	14229,0	14670,0	15071,0	14909,0	17354,0	1983
1984	18166,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í m. kr.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	38,0	123,0	113,0	90,0	34,0	20,0	8,0	1,0	-60,0	57,0	18,0	660,0	1980
1981	42,0	177,0	150,0	207,0	254,0	112,0	94,0	-130,0	33,0	155,0	141,0	965,0	1981
1982	-134,0	294,0	356,0	376,0	183,0	398,0	386,0	-188,0	260,0	546,0	92,0	1540,0	1982
1983	186,0	386,0	1051,0	431,0	969,0	737,0	480,0	623,0	441,0	401,0	-162,0	2445,0	1983
1984	812,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í %.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	1,8	5,9	5,1	3,9	1,4	0,8	0,3	0,0	-2,4	2,4	0,7	26,4	1980
1981	1,3	5,5	4,4	5,9	6,8	2,8	2,3	-3,1	0,8	3,8	3,3	22,0	1981
1982	-2,5	5,6	6,5	6,4	2,9	6,2	5,7	-2,6	3,7	7,5	1,2	19,4	1982
1983	2,0	3,0	10,6	3,9	8,5	5,9	3,7	4,6	3,1	2,7	-1,1	16,4	1983
1984	4,7												1984

C (= A + B) = Peningamagn og sparifé.

Staða í mánaðarlok í milljónum króna.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	2528,0	2621,0	2717,0	2890,0	2961,0	2925,0	3012,0	3013,0	3032,0	3214,0	3341,0	4139,0	1980
1981	4317,0	4506,0	4632,0	4977,0	5177,0	5343,0	5634,0	5624,0	5704,0	5909,0	6170,0	7056,0	1981
1982	7257,0	7407,0	7656,0	7885,0	8099,0	8315,0	8538,0	8706,0	8912,0	9229,0	9488,0	11152,0	1982
1983	11399,0	11787,0	12615,0	12999,0	13935,0	14966,0	15673,0	16398,0	16717,0	17326,0	17557,0	19884,0	1983
1984	20180,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í m. kr.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	26,0	93,0	96,0	173,0	71,0	-36,0	87,0	2,0	68,0	132,0	127,0	798,0	1980
1981	178,0	189,0	126,0	345,0	200,0	166,0	291,0	50,0	20,0	205,0	261,0	886,0	1981
1982	201,0	150,0	249,0	229,0	214,0	216,0	223,0	168,0	206,0	317,0	259,0	1664,0	1982
1983	247,0	388,0	828,0	384,0	936,0	1031,0	707,0	725,0	319,0	609,0	231,0	2327,0	1983
1984	296,0												1984

Mánaðarlegar hreyfingar í %.

Ár	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Ár
1980	1,0	3,7	3,7	6,4	2,5	-1,2	3,0	0,1	2,3	4,3	4,0	23,9	1980
1981	4,3	4,4	2,8	7,4	4,0	3,2	5,4	0,9	0,4	3,6	4,4	14,4	1981
1982	2,8	2,1	3,4	3,0	2,7	2,7	2,7	2,0	2,4	3,6	2,8	17,5	1982
1983	2,2	3,4	7,0	3,0	7,2	7,4	4,7	4,6	1,9	3,6	1,3	13,3	1983
1984	1,5												1984

Seðlabanki Íslands,
Greiðslujafnaðardeild.

20. febrúar 1984.

Gjaldeyrisstaða bankanna.
Í millj. kr.[1])

	Staða		Hreyfingar	
	Gjaldeyrisforði Seðlabankans	Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	Gjaldeyris-forði	Gjaldeyris-staða, nettó
1983				
Janúar	4121	2553	31	-243
Febrúar	4148	2568	27	15
Mars	3666	2106	-482	-462
Apríl	3615	2018	-51	-88
Maí	3634	1547	19	-471
Júní	4178	1870	544	323
Júlí	3917	2109	-261	239
Ágúst	3938	2212	21	103
September	3970	2029	32	-183
Október	4299	2239	329	210
Nóvember	4271	2646	-28	407
Desember	4320	2458	49	-188
Nettóhreyfing janúar — desember 1983			230	-338
1984				
Janúar[2])	4417	1958	97	-500
Febrúar[3])	4160	1202	-257	-756

1) Á gengi í árslok 1983.
2) Bráðabirgðatölur.
3) Miðað við 14. febrúar.

Seðlabanki Íslands,
Hagfræðideild.

20. febrúar 1984.

Innlend lánsfjáröflun 1983.
M. kr.

	Lánsfjár-áætlun 1983[1])	Raunveruleg útkoma[2])
1. Markað opinberum framkvæmdum:		
1.1 Útgáfa spariskírteina	200	101,2
1.2 Innheimta umfram innlausn	360	360,0[3])
1.3 Verðbréfakaup bankakerfisins	103	18,8
1.4 Lánagreiðsla Landsvirkjunar[4])	73	73,0
1. Alls	736	553,0
2. Markað fjárfestingarlánasjóðum:		
2.1 Skyldusparnaður nettó	42	-8,4
2.2 Lán bankakerfisins til Framkvæmdasjóðs	100	139,6
2.3 Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingasjóðs ríkisins	76	0,0
2. Alls	218	131,2

	Lánsfjár-áætlun 1983[1])	Raunveruleg útkoma[2])
3. Verðbréfakaup lífeyrissjóðanna:		
3.1 Til opinberra framkvæmda	85	87,0
3.2 Til fjárfestingarlánasjóða	775	776,2
3. Alls	860	863,2
Innlend lánsfjáröflun, alls	1814	1547,4

1) Samkvæmt lánsfjárlögum og þeim spám er fjármálaráðuneytið lagði þeim til grundvallar.
2) Bráðabirgðauppgjör, en að mestu endanlegt.
3) Umfram þetta 58 m. kr. teknar frá til innlausnar fljótlega eftir áramót.
4) Kölluð „önnur fjáröflun" í frumgögnum.

Seðlabanki Íslands,
Hagfræðideild.

21. febrúar 1984.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða, skipt á seljendur.
Í m. kr.

	1981	1982	Spá v/ lánsfjár-laga 1983	1983
A. Innan lánsfjáráætlunar:				
Byggingarsjóður ríkisins	119,6	128,9	321,0	276,7
Byggingarsjóður verkamanna	13,2	66,6	158,0	116,4
Framkvæmdasjóður	70,2	90,3	230,0	145,8
Ríkissjóður	56,7	55,0	85,0	87,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	11,2	18,3	10,0	35,3
Samtals	270,9	359,1	804,0	652,2
B. Utan lánsfjáráætlunar:				
Veðdeild Iðnaðarbankans	31,0	50,0	...	89,0
Verslunarlánasjóður	22,7	33,5	...	64,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga	15,5	25,9	...	32,5
Veðdeild Alþýðubankans	...	...	...	25,5
Samtals	69,2	109,4	56,0	211,0
Alls	340,1	468,5	860,0	863,2

Fylgiskjal IX.

Bréf iðnaðarráðuneytisins.

Iðnaðarráðuneytið
12. mars 1984.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. Alþingis
c/o Páll Pétursson, alþm.
ALÞINGI
101 REYKJAVÍK

Svör við fyrirspurn frá Ólafi Ragnari Grímssyni og Páli Péturssyni á fundi nefndarinnar 23. febrúar sl.

1. Samanburður virkjanaframkvæmda s. l. 5 ár á sambærilegu verðlagi (byggingavísitala 166 (uppl. frá Landsvirkjun)):

1979 ... 816.140 þús. kr.
1980 ... 1.421.258 þús. kr.
1981 ... 1.561.300 þús. kr.
1982 ... 1.340.582 þús. kr.
1983 ... 1.286.020 þús. kr.
1984 ... 900.000 þús. kr. (áætlað)

2. Áform um virkjanir næstu 4 ár: Helstu framkvæmdir verða við Kvíslaveitur, Blönduvirkjun, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og undirbúning nýrra virkjana, en næst í röð virkjana er Fljótsdalsvirkjun, skv. ályktun Alþingis. Fjárfestingar án vaxta í þessa liði eru áætlaðar:

1985 ... 1.000 m.kr.
1986 ... 1.100 m.kr.
1987 ... 1.100 m.kr.
1988 ... 600 til 1.100 m.kr. (háð byrjun á næstu virkjun).

3. Peninganotkun við Blöndu 1983: 168,7 m.kr. Aðeins óverulegar upphæðir ógreiddar.

4. Áætlanir, sem gerðar hafa verið um kostnað við undirbúning á virkjunarstað og um ýmsan aukakostnað (uppgræðslu, heiðavegi o. fl.) hafa yfirleitt staðist vel. Enn hefur lítt reynt á áætlanir ráðgjafa um kostnað við sjálfar virkjunarframkvæmdirnar fyrr en nú fyrir skemmstu. Þá voru opnuð tilboð í jarðgöng og byggingarvinnu við stöðvarhús neðanjarðar og reyndust sex tilboð verulega undir kostnaðaráætlun ráðunauta.

F. h. r.
Páll Flygenring

Iðnaðarráðuneytið

21. febrúar 1984.

Eftirfarandi óskum og fyrirspurnum var beint til iðnaðarráðherra á fundi með fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. þriðjudaginn 21. febrúar sl.

Frá Ólafi R. Grímssyni:

1. Óskar eftir samanburði á virkjunarframkvæmdum, sem er að finna í 3. gr. frv. til lánsfjárlaga og virkjanaframkvæmda s. l. 5 ár á sambærilegu verðlagi.
2. Óskar eftir greinargerð um áform ráðuneytisins um virkjanir næstu 4 ár, 1985—88 incl., sundurliðuð eftir helstu framkvæmdum.

Frá Páli Péturssyni.

1. Hver var peninganotkun við Blöndu 1983 og hversu mikið er ógreitt?
2. Hvernig hafa staðist kostnaðaráætlanir framkvæmda við Blöndu?

Ed. 443. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21. 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr:
   a) Í stað „22,75%“ komi: 23%.
   b) Í stað „31,5%“ komi: 32%.
   c) Í stað „44%“ komi: 45%.
2. Við 3. gr. Í stað „29 350 kr.“ komi: 29 500 kr.
3. Við 5. gr. Í stað „50%“ komi: 51%.

Ed. 444. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þessu frumvarpi var breytt í neðri deild í samræmi við breyttar forsendur fjárlaga um 4% meðalhækkun launa á árinu 1984 í stað 6% áður, enda stefnt að því að skattbyrði tekjuskatts til ríkisins haldist óbreytt milli áranna 1983 og 1984.

Nú liggur fyrir að meðalhækkun launa verður 6,5—7% á yfirstandandi ári. Því er nú gert ráð fyrir 19,5% hækkun brúttótekna á mann milli áranna 1983 og 1984 í stað 16,5% skv. forsendum fjárlaga.

Í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að skattbyrði skuli haldast óbreytt milli áranna 1983 og 1984, eins og áður segir, flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. á sérstöku þskj. við frv. eins og það liggur nú fyrir á þskj. 364. Þær fela í sér þá breytingu eina frá frumvarpinu eins og það var fyrst lagt fram að afsláttur til tekjuskatts nemur nú 29 500 í stað 29 350 áður.

Á fskj. I og II eru birtar spár Þjóðhagsstofnunar um verðlag, tekjur og kaupmátt á árinu 1984 og útreikningar Reiknistofnunar Háskólans um heildarálagningu skatta 1984. Liður III sýnir álagninguna eins og hún er metin miðað við brtt. meiri hl. nefndarinnar. Á fskj. III eru sýnd samanburðardæmi við álagningu 1983.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar eru till. um á sérstöku þskj.

Alþingi, 14. mars 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form. Lárus Jónsson, frsm. Tómas Árnason.

Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

Verðlag, tekjur og kaupmáttur 1983—1984.

Breytingar á ári í prósentum.

		Spá 1984		
	Áætlun 1983 %	Þjóðhags-áætlun í október 1983 %	Spá í janúar 1984 m.v. forsendur fjárlaga[1]) %	Endurskoðuð spá í febrúar m.v. nýgerða kjarasamninga %
I. Meðalbreyting milli ára				
Kauptaxtar	49,4	15,0	13,0	16,5
Önnur tekjuáhrif[2])	4,5	4,3	2,7	2,7
Atvinnutekjur í heild	56,1	20,0	16,0	19,5
Aðrar tekjur	72,0	25,0	22,0	26,0
Brúttótekjur alls	59,2	21,0	17,5	20,5
Ráðstöfunartekjur í heild	59,8	19,0	16,0	20,0
Verðlag einkaneyslu	81,0	26–27	26–27	27–28
Framfærsluvísitalan	84,3	26–27	26–27	27–28
Kaupmáttur miðað við verðlag einkaneyslu				
Kauptaxtar	-17,5	-9	-10½	-8½
Ráðstöfunartekjur í heild	-11,7	-6	-8	-6
Ráðstöfunartekjur á mann	-12,6	-7	-9	-7
II. Breyting yfir árið[3])				
Kauptaxtar	32,7	9½[4])	6½[4])	11
Meðalgengi	60,9	3	5	5
Innflutningsverð í krónum	61,0	6	8	8
Framfærsluvísitalan	76,1	9–10	8–9	11
Þ.a. eldri tilefni til verðbreytinga, hitaveita o.fl.	—	1–2	1–2	1–2

Athugasemdir:

1) Sbr. Ágrip úr þjóðarbúskapnum nr. 1, janúar 1984.

2) Fjölgun á vinnumarkaði, breytingar á atvinnuþátttöku, vinnutími, áhrif ýmissa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga, tekjur sjóðanna, bænda, sjálfstæðra atvinnurekenda o.fl.

3) Hér eru sýndar tölur um breytingar frá upphafi til loka árs. Ársfjórðungslegar breytingar verðlags og gengis væru sem næst einum fjórða af þessum tölum, en dæmin eru ekki hugsuð sem nákvæmar skrár um breytingar innan ársins.

4) Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í forsendum þjóðhagsáætlunar var gert ráð fyrir að hækkun taxta frá árslokum 1983 til meðaltals 1984 yrði um 6%, en það svarar til 9—10% hækkunar á árinu öllu. Hins vegar var í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir að hækkun frá áramótum til meðaltals 1984 yrði 4% sem aftur svarar til 6—7% hækkunar á árinu öllu. Nýgerðir kjarasamningar fela í sér 6½—7% hækkun frá árslokum 1983 til meðaltals 1984 sem svarar til um 11% hækkunar frá upphafi til loka ársins 1984.

Fylgiskjal II.

Skattar 1984. Skýrsla 2: Um útreikning á heildarálagningu skv. frv. fyrir árið 1984.

Reiknistofnun Háskólans.
1. mars 1984.

Eftirfarandi töflur sýna áætlaða heildarálagningu skatta 1984 miðað við þrenns konar forsendur um meðalhækkun tekna milli áranna 1983 og 1984.

Meginforsendur eru þær að allir tekjustofnar hafi hækkað að meðaltali um 54% milli áranna 1982 og 1983 og að framteljendum fjölgi um 1% milli áranna 1983 og 1984. Í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar er tekið mið af álagningu 1983 og stefnt að óbreyttri skattbyrði 1984. Fyrsti dálkur sýnir því álagða skatta 1983, hækkaða um sama hlutfall og sem nemur hinni áætluðu tekjuhækkun. Þá er sýnd áætlun um álagningu samkvæmt þremur tillögum: upphaflegu stjórnarfrumvarpi (I), breytingartillögum stjórnarliða á þingi (II) og að lokum samkvæmt nýrri tillögu (III). Þessi nýja tillaga gerir þá einu breytingu á upphaflega frumvarpinu að afsláttur til tekjuskatts nemur 29 500 kr. í stað 29 350 kr. samkvæmt frumvarpinu. Upphæðir eru í millj. kr.

I. Tekjuhækkun 20,0%

	Skattar 1983 hækkaðir	Tillaga um skatt-kerfi 1984
Álagður tekjuskattur	3005	3142
–barnabætur	–695	–710
–nýttur afsláttur	–275	–399
Sjúkratryggingagjald	104	132
Samtals, nettó	2139	2165

II. Tekjuhækkun 16,5%

	Skattar 1983 hækkaðir	Tillaga um skatt-kerfi 1984
Álagður tekjuskattur	2917	3057
–barnabætur	–675	–710
–nýttur afsláttur	–267	–406
Sjúkratryggingagjald	101	132
Samtals, nettó	2076	2070

III. Tekjuhækkun 19,5%

	Skattar 1983 hækkaðir	Tillaga um skatt-kerfi 1984
Álagður tekjuskattur	2992	3126
–barnabætur	–692	–710
–nýttur afsláttur	–274	–403
Sjúkratryggingagjald	104	132
Samtals, nettó	2130	2145

Eins og fram kemur í töflunni virðist upphaflega frumvarpið skjóta yfir markið. Þetta á sér einkum þá skýringu að ekki var vitað um hver yrði almenn útsvarsprósenta. Var gengið út frá sömu prósentum og 1983. Ofangreindir reikningar miðast þó við lækkun útsvarsprósentu úr 11,88% í 11,00% og aðrar í sama hlutfalli. Þessi lækkun sparar ríkinu um 20 millj. kr.

Í tillögu II var á hinn bóginn tekið tillit til umræddrar lækkunar útsvarsprósentu og reyndar ríflega það. Sama gildir um tillögu III.

Fylgiskjal III.

Samanburður við álagningu 1983.

Fjármálaráðuneytið 2. Mars 1984

Samanburður á skattkerfum — Allar upphæðir í Þús. kr.

Tilr.kerfi: Upph.l. frv. m.v. 19,5% — Heildarskattar =
Viðm.kerfi: Álagning 1983 — Tekjuskattur - Afsláttur
Tilr. skrá: GLAE2 Viðm. skrá: V195 — - Barnabætur + Sjúkratr.sj.
Allir eru teknir með.

Tilraunakerfi (upphæðir í krónum) :

Tekjur:	Hækkun:	1983 - 1984		19.5%
Tekjuskattur:	Stigi:	0 - 170000		23.00%
		170000 - 340000		32.00%
		340000 -		45.00%
	Afsláttur annars hjóna:			29500
	vegna barna:			0
	Afsláttur einhleypings:			29500
	Afsláttur einst. for.:			29500
	vegna barna:			0
	Nýting ónýtts afsláttar:		SJK, UTS, EISK	
	Fastur frádráttur:			10.0%
	Lágm.frádr. hvors hjóna:			0
	Lágm.frádr. einhleypings:			28000
	Lágm.frádr. einst. for.:			49000
	Prósenta vaxtafrádráttar:			0
	Þak á vaxtafrádrætti:			127500
Barnabætur:			Hjón	Einst. for.
	1. Barn:		6000	12000
	Önnur börn:		9000	12000
	Viðbót v. yngri barna:		6000	6000
Sjúkratryggingagjald:	Stigi:	0 - 237000		0.0%
		237000 -		2.0%
Eignarskattur:	Skattfrjáls eign:			780000
	Skattprósenta:			0.95%
Útsvar:	Breyting útsvars:			-8.00%
	Afsláttur:			1800
	Afsláttur v.barna:			360
	Viðb.afsl.frá og með 4.barni:			360

Fjármálaráðuneytið 2. Mars 1984

Samanburður á skattkerfum

Allar upphæðir í Þús. kr.
Heildarskattar =
Tekjuskattur - Afsláttur
- Barnabætur + Sjúkratr.sj.

Tilr.kerfi: Upph.l. frv. m.v. 19,5%
Viðm.kerfi: Álagning 1983
Tilr. skrá: GLAE2 Viðm. skrá: V195

Hjón samtals (bls 2+3+4+5)

Versar tekjur 1983	Meðal- tekjur	Fjöldi framt.	Heildarsk. að viðm. kerfi	Heildarsk. að Tilr. kerfi	Breyting skatta frá viðmiðun	Breyting skatt- byrði	Fjöldadreifing -2.0%	-2.0% / -1.0%	-1.0% / -0.5%	-0.5% / 0.0%	0.0% / 0.5%	0.5% / 1.0%	1.0% / 2.0%	2.0% / 5.0%	5.0%
50	21.2	217	-8.7	-8.7	-0.1	-0.2	*	*	*	*	144		*		
100	83.7	268	-8.5	-8.8	-0.3	-0.2		*	*	*	103				
150	128.8	1188	-11.8	-13.1	-1.4	-0.9	144	*	351	237	361				
200	177.8	2915	-12.9	-15.2	-2.3	-1.1	630	475	434	723	651				
250	223.9	3215	-14.5	-20.1	-5.6	-2.1	2295	248	217	330	*		*	*	
300	276.9	4218	-6.3	-11.6	-5.3	-1.6	796	3277	*	*	*			*	*
350	325.4	4786	2.0	-1.6	-3.6	-0.9	113	2129	2171	299	*	*	*		*
400	375.4	6265	10.3	8.2	-2.1	-0.5	*	672	2202	3163	155			*	*
450	425.3	5862	22.2	21.9	-0.4	-0.1		144	589	2915	2171	*			*
500	474.8	6048	34.0	35.0	0.9	0.2		*	155	1147	4156	485		*	
600	543.1	7382	52.4	55.8	3.4	0.5			*	578	2688	3597	475	*	
700	642.6	3484	82.5	90.1	7.6	1.0			*	*	382	1292	1695	*	
800	742.0	1447	121.1	134.7	13.6	1.5					*	103	1168	155	
900	841.0	703	151.2	169.0	17.8	1.8					*	*	372	268	
1000	941.0	330	193.2	227.3	34.1	3.0							*	237	*
--->	1293.8	351	308.9	352.6	43.7	2.8					*		*	320	
Samt.	421.9	48686	29.0	29.7	0.7	-0.2	4021	7144	6317	9604	10969	5552	3877	1064	134

Einhleypir

Versar tekjur 1983	Meðal- tekjur	Fjöldi framt.	Heildarsk. að viðm. kerfi	Heildarsk. að Tilr. kerfi	Breyting skatta frá viðmiðun	Breyting skatt- byrði	Fjöldadreifing -2.0%	-2.0% / -1.0%	-1.0% / -0.5%	-0.5% / 0.0%	0.0% / 0.5%	0.5% / 1.0%	1.0% / 2.0%	2.0% / 5.0%	5.0%
50	25.1	8617	-0.8	-0.8	0.0	-0.1	*	*	506	951	6910	124	*	*	
100	76.7	14607	-3.5	-3.9	-0.4	-0.5	124	1075	5296	4975	3124			*	
150	123.9	14358	-4.3	-6.3	-2.1	-1.4	4696	3496	2741	1934	1365	*	*	*	*
200	174.5	10427	4.0	2.3	-1.7	-0.8	134	4489	5213	*	331		*	*	124
250	222.5	7696	15.0	14.7	-0.3	-0.1	*	155	1034	3900	2555				*
300	272.9	5017	27.6	29.6	2.0	0.6			*	486	1293	2875	289		*
350	321.7	2865	38.5	42.8	4.3	1.1				*	341	548	1893		*
400	372.2	1551	53.4	58.4	5.0	1.1					*	227	1282		
450	422.2	817	65.7	74.6	8.9	1.8						*	703		*
500	470.9	320	84.2	93.2	9.0	1.6						*	289	*	
600	537.4	237	108.3	120.7	12.4	1.9							103	134	
700	637.8	144	143.6	161.8	18.3	2.4							*	113	
800	736.2	31	188.9	214.6	25.7	2.9								*	
900	857.9	31	234.9	268.6	33.6	3.3								*	
1000	914.0	10	257.3	294.2	36.9	3.4								*	
--->	1647.1	31	544.6	629.0	84.3	3.9								*	
Samt.	154.9	66766	7.9	7.8	-0.1	-0.4	5038	9227	14845	12351	15962	3910	4665	527	237

Fjármálaráðuneytið 2. Mars 1984

Samanburður á skattkerfum

Allar upphæðir í Þús. kr.
Heildarskattar =
Tekjuskattur - Afsláttur
- Barnabætur + Sjúkratr.sj.

Tilr.kerfi: Upph.l. frv. m.v. 19,5%
Viðm.kerfi: Álagning 1983
Tilr. skrá: GLAE2 Viðm. skrá: V195

Einstæðir foreldrar samtals (bls 10+11)

Verðar tekjur 1983	Meðal- tekjur	Fjöldi framt.	Heildarsk. að meðaltali Viðm. kerfi	Tilr. kerfi	Breyting skatta frá viðmiðun	Breyting skatt- byrði	Fjöldadreifing -2.0%	-2.0% / -1.0%	-1.0% / -0.5%	-0.5% / 0.0%	0.0% / 0.5%	0.5% / 1.0%	1.0% / 2.0%	2.0% / 5.0%	5.0%
50	24.6	439	-19.7	-20.8	-1.1	-7.3	353	*							
100	76.2	685	-22.3	-23.9	-1.6	-1.7	139	493	*		*				
150	125.2	1018	-24.5	-28.1	-3.6	-2.4	610	375	*						
200	173.7	1232	-16.3	-20.1	-3.8	-1.9	514	707	*						
250	221.4	1061	-6.7	-8.9	-2.3	-0.9		257	675	128					
300	274.8	664	8.3	8.3	0.0	0.0			*	257	321	*			
350	321.4	364	22.3	24.7	2.4	0.6				*	*	225	*		
400	372.9	128	32.5	35.8	3.3	0.7				*	*	*	*		
450	423.8	75	46.2	50.7	4.5	0.9					*	*	*		
500	473.2	32	67.1	74.7	7.6	1.3						*	*		
600	512.7	10	62.6	68.4	5.8	0.9						*			
700	0.0	0	0.0	0.0	0.0	0.0									
800	0.0	0	0.0	0.0	0.0	0.0									
900	0.0	0	0.0	0.0	0.0	0.0									
1000	0.0	0	0.0	0.0	0.0	0.0									
--->	0.0	0	0.0	0.0	0.0	0.0									
Samt.	182.0	5712	-9.1	-10.9	-1.8	-1.7	1618	1918	825	428	439	364	117	0	0

Allir framteljendur (bls 7+8+9+12)

Verðar tekjur 1983	Meðal- tekjur	Fjöldi framt.	Heildarsk. að meðaltali Viðm. kerfi	Tilr. kerfi	Breyting skatta frá viðmiðun	Breyting skatt- byrði	Fjöldadreifing -2.0%	-2.0% / -1.0%	-1.0% / -0.5%	-0.5% / 0.0%	0.0% / 0.5%	0.5% / 1.0%	1.0% / 2.0%	2.0% / 5.0%	5.0%
50	20.8	23327	-6.1	-6.3	-0.2	-1.7	3510	1615	2629	2836	10944	880	476	434	
100	76.6	29291	-6.9	-7.8	-0.9	-0.9	3251	4856	9391	6170	5611			*	
150	123.9	29829	-6.1	-8.6	-2.5	-1.7	12704	8738	3271	2878	2039	*	*	*	*
200	174.4	22074	1.4	-0.8	-2.1	-1.0	2195	7786	10436	1014	362	*	*	103	155
250	223.7	18782	10.8	9.8	-1.1	-0.4	1346	1905	2609	6916	5736	144	*	*	*
300	274.3	14412	21.3	21.9	0.6	0.2	248	1718	931	1615	2785	6440	621		*
350	323.5	10902	30.5	33.0	2.5	0.6	*	424	1014	1387	1480	1677	4824	*	*
400	372.6	7661	42.5	45.7	3.1	0.7	*	*	352	1232	869	1107	3965	*	*
450	423.2	5011	56.9	61.6	4.8	0.9		*	*	631	890	693	2660		*
500	473.1	3054	72.2	78.3	6.1	1.1		*	*	289	414	724	1511	*	
600	544.7	2930	92.5	101.6	9.1	1.4				144	331	393	1159	911	
700	640.9	1490	126.2	140.8	14.6	1.9			*	*	*	144	528	745	
800	746.4	507	174.5	196.8	22.4	2.5						*	*	445	
900	851.2	207	196.5	236.9	40.4	3.9							*	165	*
1000	946.2	165	246.2	279.1	32.9	2.9								165	
--->	1387.6	207	405.4	466.4	61.0	3.6				*				196	
Samt.	188.0	169857	11.1	11.2	0.1	-0.7	23296	27158	30741	25149	31496	12259	15893	3447	414

Ed. 445. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá sex, þ. e. Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Verkalýðsfélaginu Einingu Akureyri og starfsmannafélagi Ísals. Í engri þessara umsagna var mælt með samþykkt frumvarpsins, heldur lagt til að það yrði fellt, síðast nefndi aðilinn taldi það þó ekki í verkahring sínum að láta í té umsögn um málið.

Allsherjarnefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Við, sem erum í meiri hl., leggjum til að það verði fellt, en minni hl. mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. mars 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Eiður Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.
Valdimar Indriðason.	Ey. Kon. Jónsson.	Sigr. Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Ed. 446. Lög [7. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 7.

Sþ. 447. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um könnun á þjóðhagslegu og félagslegu gildi veggangagerðar á Austfjörðum.

Flm.: Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á þjóðhagslegu gildi veggangagerðar á Austurlandi. Sérstaklega skal metið félagslegt og hagrænt gildi þess að vegalengdir milli byggðarlaga styttist og leiði til aukinna samskipta. Tekið skal tillit til þess sparnaðar sem þetta mundi leiða til í snjómokstri og viðhaldi vega auk minni eldsneytiseyðslu og slits á farartækjum. Í könnun þessari skal lagt mat á einstakar hugmyndir að jarðgöngum og þeim raðað í forgangsröð, jafnframt því að gildi þeirra í heild sé metið.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga hérlendis á veggangagerð til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur í því sambandi einkum verið litið til nágranna okkar, Færeyinga, sem á síðastliðnum 20 árum hafa gert sem svarar einum

Oddsskarðsgöngum á ári. Samtals hafa þar verið gerðir um 13 600 m af veggöngum á tímabilinu 1963—1983 samkvæmt frumskýrslum Orkustofnunar.

Fulltrúar Orkustofnunar hafa kynnt sér jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð í eyjunum og er skýrsla þeirra um það væntanleg á næstunni. Tæknilegir eiginleikar berglaga eru taldir mjög svipaðir og víða hérlendis. Raunhæfur samanburður á aðstæður fæst aðeins ef bornar eru saman annars vegar aðstæður í Færeyjum og hins vegar aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur á síðastliðnum árum verið gert átak í athugunum á möguleikum til jarðgangagerðar. Reynslan af gerð ganga í gegnum Stráka og Oddsskarð verður að teljast góð en erfiðleikar og ef til vill kunnáttuleysi áttu mikinn þátt í því að gerð þeirra varð dýrari en áformað var. Áform um frekari framkvæmdir af þessu tagi hafa því ekki hlotið hljómgrunn og tortryggni gætt í garð þeirra.

Varfærni á þessu sviði er sjálfsögð, en fullyrða má að möguleikar til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum eru í dag betri en áður og tækni við jarðgangagerð hefur fleygt fram. Það hlýtur því að vera íhugunarefni hvort ekki sé tímabært að kanna þjóðhagslegt, félagslegt og hagrænt gildi veggangagerðar á Íslandi. Með þessari þingsályktun er leitað eftir stuðningi Alþingis til að slík könnun verði gerð vegna hugmynda um veggangagerð á Austurlandi.

Hugmyndir um frekari veggangagerð á Austurlandi hafa verið að mótast á síðast liðnum árum. Á árunum 1982 og 1983 var á vegum VR unnið að athugun á bættu vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs. Hafa í því sambandi verið kannaðir fimm kostir með jarðgöngum allt frá 940 m til 6600 m löngum. Þá voru sumarið 1983 kannaðir möguleikar á jarðgöngum frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar og þaðan tvær leiðir til Norðfjarðar. Frá Fannardal í Norðfirði var athugaður möguleiki á göngum til Eskifjarðar sem væru í mun minni hæð yfir sjó en göngin í gegnum Oddsskarð. Enn fremur var athugað með göng frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar. Lausleg athugun var einnig gerð á göngum milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Einnig var athugaður möguleiki á göngum úr Reyðarfirði og suður í Breiðdal stystu leið. Enn fremur möguleiki á göngum milli Seyðisfjarðar og Héraðs og Mjóafjarðar og Héraðs.

Ljóst er að hér er um langtíma verkefni að ræða þegar af verður. Nauðsynlegt þykir að benda á mikilvægi þess að kannað sé félagslegt og hagrænt gildi framkvæmda af þessu tagi. Spurningin er ekki eingöngu um það hvort sé hagkvæmara að byggja upp veg með ströndum fram eða fara stystu leið í gegnum fjöllin milli fjarða. Markmiðið er ekki hvað síst að færa þéttbýliskjarnana nær hvern öðrum og gera að meiri heild. Samskipti milli staða munu verða auðveldari, atvinnulífi öllu til eflingar. Tilkostnaður við snjómokstur og viðhald vega mun minnka auk minni eldsneytiseyðslu og slits á farartækjum. Veggangagerðin mun einnig gera mögulegt að stofnlagnir rafmagns og síma verði felldar niður á erfiðum leiðum. Afhendingaröryggi mun því aukast og tilkostnaður við viðhald minnka.

Sjálfsagt þykir að leita eftir því með könnun af þessu tagi hvaða framkvæmdir séu hagkvæmastar og æskilegastar frá félagslegu sjónarmiði. Þeim verði því raðað í forgangsröð en það ætti að auðvelda allar ákvarðanir.

Sþ. 448. Fyrirspurnir. [247. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stöður skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu.

Frá Ragnari Arnalds og Ingvari Gíslasyni.

1. Hvernig samræmist það lögum um Stjórnarráð Íslands að auglýstar hafa verið tvær stöður skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu til viðbótar stöðu núverandi skrifstofustjóra?
2. Er ekki ljóst að samkvæmt 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands ber að skipa skrifstofustjóra úr röðum deildarstjóra ráðuneytisins?
3. Hefur fjölgun skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu verið samþykkt í ríkisstjórn?
4. Kemur til álita, ef aðstoðarmaður ráðherra sækir um stöðu skrifstofustjóra, að henni verði veitt önnur staðan?
5. Ef svo er, hefur hæstvirtur ráðherra þá í hyggju að ráða sér nýjan aðstoðarmann?

II. Til iðnaðarráðherra um endurnýjun bræðslukera.

Frá Svavari Gestssyni.

Mun iðnaðarráðherra beita sér fyrir því að endurnýjun bræðslukera álversins fari fram innanlands?

Ed. 449. Frumvarp til laga [248. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu, sbr. lög nr. 18/1971.

Flm.: Jón Sveinsson.

1. gr.

45. gr. laganna (7. gr. laga nr.18/1971) orðist svo:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, — greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967, eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla greiðist úr ríkissjóði námsvistargjald til þess skóla sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi annars vegar lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandi stundar iðnnám við, og hins vegar lögheimili nemandans sjálfs stundi hann nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara.

Á sama hátt greiðist úr ríkissjóði námsvistargjald ef nemendur úr sveitarfélagi verða að sækja skóla annars skólaumdæmis vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélags nemandans.

Námsvistargjald samkvæmt lögum þessum er fullt framlag sveitarfélags samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar svo og greiðsla miðuð við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkvæmt

44. gr. þessara laga. Iðnfræðsluráð ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum, svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði áður en honum er skipt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um iðnfræðslu, nr. 68 frá 11. maí 1966, 2. mgr. 45. gr., er gert ráð fyrir því að sveitarfélög sem ekki standa að iðnfræðsluskóla greiði námsvistargjald til þeirra skóla sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Þá ber sveitarfélagi og að greiða námsvistargjald ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Í lögum um fjölbrautaskóla er ekki að finna sams konar ákvæði en lögum um iðnfræðslu virðist hafa verið beitt með lögjöfnun fram til þessa þar sem sömu reglu hefur verið fylgt um verknám. Mörg sveitarfélög, sérstaklega hin smærri og fámennari, hafa hins vegar algerlega neitað greiðsluskyldu sinni, en viðurkenning greiðsluskyldu er skilyrði þess að uppgjör námsvistargjalds geti farið fram í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga svo sem ætlast er til skv. 5. mgr. 45. gr. iðnfræðslulaga. Telja ýmis stærri sveitarfélög sig því eiga inni nokkrar fjárhæðir hjá öðrum sveitarfélögum vegna þessa, en slíkar kröfur og millifærslur vegna þeirra, sem dæmi eru til um, hafa leitt til deilna milli sveitarfélaga, m. a. vegna óljósra lagaákvæða, sérstaklega þó hvað fjölbrautaskóla snertir.

Á þessum málum væri vissulega þörf að taka í lögum um skólakostnað. Meðan svo hefur hins vegar ekki verið gert, er ekki önnur leið fær en breyting á núgildandi lögum, eigi að taka af allan efa í þessu efni.

Segja má að miðað við núgildandi lög sé það sveitarfélögum, sem ekki hafa þeim skólum eða námsbrautum á að skipa sem hér um ræðir, viss byrði ef nemendur úr sveitarfélaginu leita sér menntunar í öðrum sveitarfélögum þar sem hún býðst því að þau verða að greiða námsvistargjald fyrir hvern og einn nema. Þar sem yfirlýst stefna stjórnvalda er að allir eigi að njóta sömu möguleika til mennta, án tillits til búsetu, er ekki óeðlilegt að ríkissjóður komi til sem greiðsluaðili þeirra sveitarfélaga sem ekki geta boðið upp á það verknám sem nemendur hyggjast stunda. Eiga öll sveitarfélög að hafa jafnan rétt til að senda nemendur sína til náms.

Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir þeirri breytingu á iðnfræðslulögum að námsvistargjald verði framvegis greitt úr ríkissjóði en ekki af sveitarfélögum nemanda í þeim tilvikum er sveitarfélag stendur ekki að iðnfræðsluskóla eða ef nemendur sveitarfélags verða að sækja skóla annars skólaumdæmis vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins. Utanbæjarnemendur frá sveitarfélögum, sem ekki hafa til þessa fengist til að greiða námsvistargjöld, verða því vonandi hér eftir ekki útilokaðir eða taldir óvelkomnir; sem betur fer eru þó ekki mörg dæmi um það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er engin breyting frá núgildandi 1. mgr. 45. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi 2. mgr. 45. gr. að ríkissjóður greiði námsvistargjald vegna nemenda úr sveitarfélagi sem ekki stendur að iðnfræðsluskóla.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá 3. mgr. 45. gr. að ríkissjóður greiði námsvistargjald vegna nemenda í sveitarfélagi sem verða að sækja skóla annars skólaumdæmis vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélags nemandans.

Í 4. mgr. er lagt til að iðnfræðsluráð ákveði árlega námsvistargjald í stað menntamálaráðuneytis nú.

Þá er lagt til að 5. mgr. 45. gr. núgildandi laga um iðnfræðslu falli brott enda millifærsluhlutverk Jöfnunarsjóðs óþarft er greiðslur námsvistargjalda koma úr ríkissjóði.

Í 5. mgr. er engin breyting frá núgildandi 6. mgr. 45. gr. iðnfræðslulaga.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 450. Fyrirspurn [249. mál]

til landbúnaðarráðherra um eyðijarðir.

Frá Kristófer Má Kristinssyni.

Hvaða lögbýli hafa farið úr ábúð hérlendis undanfarin 25 ár?

a) Hvernig skiptast þau á sveitarfélög landsins?
b) Hver þeirra hafa byggst aftur og hver ekki?
c) Hvernig eru þau nytjuð og af hverjum, þ. e. mönnum úr sama sveitarfélagi eða nágrenni eða annars staðar og þá hvar?
d) Hvernig er varið eignarhaldi þessara jarða nú, þ. e. eru þær í eigu sveitarfélaga, ríkisins, félagasamtaka eða einstaklinga?
e) Hver er fjarlægð hverrar um sig frá næsta þéttbýli með fleiri en 200 íbúa?
f) Hver er stærð hverrar um sig?
g) Hvert er fasteignamat þessara jarða (ræktað land og annað land)?
h) Hvert er fasteignamat hlunninda þessara jarða?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 451. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]

fyrir árð 1984.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 641 121 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. þar af 322 000 þús. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Lánsfénu skal varið með eftirtöldum hætti:

1. Blönduvirkjun ..... 200 000 þús. kr.
2. Kvíslaveitur og Þórisvatn ..... 350 000 þús. kr.
3. Suðurlína ..... 180 000 þús. kr.
4. Annað ..... 170 000 þús. kr.

Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1984, samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila, að fjárhæð allt að 54 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1984 að fjárhæð 22 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 88 800 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Kjalarness, lán á árinu 1984, að fjárhæð allt að 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1984 að fjárhæð 652 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 83 800 þús. kr. á árinu 1984. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 12 060 þús. kr. á árinu 1984.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1984.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga falla niður á árinu 1984.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 19 400 þús. kr. á árinu 1984. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1984 rennur í ríkissjóð.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 21 800 þús. kr. á árinu 1984.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1984.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 450 þús. kr. á árinu 1984.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 12 400 þús. kr. á árinu 1984.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1984 eigi fara samtals fram úr 6 500 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 15 000 þús. kr. á árinu 1984.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 50/1973, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1984.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð skal framlag ríkissjóðs til kristnisjóðs eigi fara fram úr 3 600 þús. kr. á árinu 1984.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1984.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 94 700 þús. kr. á árinu 1984.

27. gr.

Þrátt fyrir 1. lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna eigi hækka í 100% fyrr en 1. janúar 1985.

III KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstól skal leitað samþykkis eignaraðila.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983 er nemi allt að 400 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla fyrir 43 000 þús. kr. á árinu 1983 í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 79/1983.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 28 200 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur tekið til hitaveituframkvæmda á árinu 1983. Jafnframt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 11 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem eignaraðilar Hitaveitu Rangæinga hafa tekið í sama tilgangi.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fjórum fiskiskipum innanlands, sem þegar er hafin smíði á. Skip þessi mega vera allt að 39 m löng og með vélarafl allt að 1000 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Þótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Jafnframt falla úr gildi 27. gr. laga nr. 44/1983 og 34. gr. laga nr. 13/1982.

32. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem tekin eru til smíði skips sem Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf. hefur í smíðum. Skip þetta má vera allt að 26 m langt og með vélarafl allt að 600 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs skipsins samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi skal falla niður þegar smíði skipsins er lokið og skipasmíðastöðin afhendir það til kaupanda.

Þótt afhending skipsins hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vöurkaupalán sem tekin kunna að verða fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipsins. Þegar lokið er smíði skipsins mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði skipsins fullbúins. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipinu og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipsins fullbúins. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

33. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs. Heimildin gildir fyrir tímabilið 1. október 1983 til 31. desember 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánari framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð í samráði við fjárveitinganefnd.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar kartöflubændum vegna uppskerubrests á árinu 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 452. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942 um málflytjendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Framan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru þeir nefndir í lögum þessum, sem hafa leyfi dómsmálaráðherra til málflutnings fyrir héraðsdómi eða hæstarétti, sbr. 9. og 14. gr., og ekki hafa afhent eða verið gert að afhenda málflutningsleyfi sitt til varðveislu í dómsmálaráðuneytinu, sbr. 23. gr.

2. gr.

Við 23. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Málflytjanda, sem hefur málflutning að aðalstarfi í þágu opinbers aðila og afhent hefur leyfi sitt samkvæmt 1. málsgr., er heimilt að ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlög-

manna með fullum réttindum og skyldum. Telst málflytjandi þá lögmaður samkvæmt skilgreiningu 1. gr. Hæstaréttarlögmaður, er nýtir sér heimild þessa, er undanþeginn ákvæði 12. gr. um skrifstofuhald.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni, sem ekki stundar málflutning og ekki er skylt að afhenda málflutningsleyfi sitt samkvæmt 1. málsgr., er heimilt að afhenda dómsmálaráðuneytinu málflutningsleyfi sitt til varðveislu meðan svo háttar um starfshagi hans. Nýti lögmaður sér heimild þessa, á hann rétt á aukaaðild að félagi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna með réttarstöðu málflutningsmanna samkvæmt 20. gr.

Leyfishafa er óheimilt að stunda málflutning, sem fellur undir ákvæði 3. og 4. málsgr. 5. gr., meðan málflutningsleyfi hans er til varðveislu, sbr. þó ákvæði 21. gr. og 2. málsgr. greinar þessarar. Dómsmálaráðherra setur reglur um varðveislu málflutningsleyfa og skráningu þeirra að fengnum tillögum stjórnar félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við stjórn Lögmannafélags Íslands, og er tilgangur þess að taka af öll tvímæli um, hverjir njóti réttinda og beri skyldur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna samkvæmt lögum um málflytjendur, svo sem nánar greinir í 1. gr. frumvarpsins.

Málflytjanda, sem skylt er að afhenda dómsmálaráðuneytinu málflutningsleyfi sitt til varðveislu samkvæmt 23. gr. laganna, sbr. nú reglur nr. 32/1971 um málflytjendastörf manna í opinberu starfi, hefur ekki verið talið heimilt að ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna með fullum réttindum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri undantekningu, að málflytjanda í opinberu starfi, sem hefur málflutning að aðalstarfi fyrir opinberan vinnuveitanda sinn, verði heimiluð innganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, ef hann sjálfur óskar og þá með fullum réttindum og skyldum. Þessi heimild breytir engu um skyldu málflytjanda til að afhenda málflutningsleyfi sitt til varðveislu meðan hann gegnir opinberu starfi, sem ekki samrýmist málflutningsstarfi, enda stunda þessir málflytjendur málflutning á grundvelli sérstakra heimilda í reglunum frá 1971. Sú nýskipan, sem hér er lögð til, verður að teljast eðlileg, enda hafa þeir málflytjendur, sem þessa heimild gætu nýtt, oft með höndum umfangsmikil málflutningsstörf.

Starfshagir þeirra, sem fengið hafa málflutningsleyfi og hefur ekki verið gert að afhenda leyfi sitt til varðveislu, eru mismunandi. Flestir hafa málflutning að aðalstarfi, aðrir í hjáverkum og enn aðrir vinna við önnur störf og sinna ekki málflutningsstörfum. Samkvæmt núgildandi lögum hefur verið talið, að allir þessir menn ættu skylduaðild að félagi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, sbr. 7. gr. laganna. Er nú lagt til, að þeim, sem þess óskar og engin málflutningsstörf stundar, verði heimilað að afhenda málflutningsleyfi sitt til varðveislu meðan svo er ástatt um starfshagi hans. Jafnframt er lagt til, að þeim lögmönnum, sem þessa heimild nýta, verði heimiluð aukaaðild að félagi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna með réttarstöðu málflutningsmanna samkvæmt 20. gr.

Lagt er til að hin nýju ákvæði taki gildi 1. október nk., en nauðsynlegt er að breyta samþykktum Lögmannafélags Íslands, ef frumvarpið verður samþykkt, svo og að kynna breytingarnar þeim lögmönnum, sem hin nýju ákvæði varða.

Sþ. 453. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [2. mál]

í málinu: Till. til þál. um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Frá iðnaðarráðherra.

Þar sem ítarleg úttekt fer nú fram á öllum þáttum orkuverðs og orkuverðsmyndunar á vegum iðnaðarráðuneytisins og nefnda á vegum þess telur Alþingi ekki þörf á því að samþykkja tillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 454. Breytingartillaga [2. mál]

við brtt. á þskj. 336 [Könnun á orsökum hins háa raforkuverðs].

Frá Eiði Guðnasyni.

Á eftir 1. tl. bætist við ný mgr. er orðist svo:
Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 455. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÞP, GHG).

1. 12. gr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.
2. Á eftir 34. gr. komi ný gr. er verði 35. gr. og orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar bændum vegna ótíðar sumarið 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

Sþ. 456. Þingsályktun [118. mál]

um staðfestingu Flórens-sáttmála.

(Afgreidd frá Sþ. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 145.

Ed. 457. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfu.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Fyrirtæki og einstaklingar, sem um getur í 1. til og með 5. tl. 1. mgr. 5. gr. mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru upp í 2. tl. mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra eða séu hluti af birgðum eiturefna, sem flutt hafa verið inn í eigin þarfir fyrirtækjanna. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, sem inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla, er lúta að þessu og sett verða í reglugerð skv. 16. gr. Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er flutt skv. tillögu eiturefnanefndar, sem starfar skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og að höfðu samráði við landlækni. Um frumvarpið er þetta helst að segja:

Í gildandi lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 með síðari breytingum segir í 6. gr. 2. mgr. eftirfarandi: „Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Láta má úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni ef um er að ræða efni, sem talin eru á lista I en þrisvar sinnum ef um er að ræða efni, sem eru talin á lista II. Eiturbeiðnir gilda í eitt ár frá útgáfudegi."

Til skýringa skal þess getið að á lista I er að finna sterk eiturefni; sterkt eitur, en á lista II er að finna eitur, sbr. nánar reglugerð nr. 455/1978, um flokkun eiturefna og hættulegra efna. Að fenginni reynslu af framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni er ljóst að takmarka beri útgáfu eiturbeiðna svo sem frekar er kostur og að leggja beri áherslu á að fækka afgreiðslum skv. þeim, ekki síst sé um að ræða sterk eiturefni og önnur eiturefni. Breyting sú sem hér er lögð til á lögum um eiturefni og hættuleg efni er hliðstæð við þau fyrirmæli sem er að finna í lyfjalögum nr. 49/1978, þ.e.a.s. að láta lyfseðla einungis gilda eina afgreiðslu.

Í gildandi lögum er önnur setning 2. mgr. 7. gr. svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem talin eru í 2. tl. mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra". Reynslan hefur sýnt svo ekki verður um villst að nauðsyn gæti borið til að fyrirtæki er flytja inn eiturefni á lista II til eigin þarfa sé einnig heimilt að selja öðrum af birgðum sínum. Þessi breyting miðar því þannig að því að auðvelda

mönnum og fyrirtækjum, er lögmæta þörf hafa á eiturefnum og leyfi hafa til að kaupa þau og nota, að afla efnanna. Með hertu eftirliti með innflutningi eiturefna á lista II eftir útkomu reglugerðar nr. 59/1983, um breyting á reglugerð nr. 455/1975, um eftirlit með framkvæmd á ákvæðum laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, þykir nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögunum.

Ed. 458. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður telur ástæðu til að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við sölu á lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Í stað þess að gefa heimamönnum kost á að mynda almenningshlutafélag um kaupin er fyrirtækið selt tilteknum hópi manna sem flestir búa utan Siglufjarðar. Þá telja margir verð eignarinnar og greiðsluskilmála hagstæðari kaupendum en gengur og gerist. Ekki tel ég þó ástæðu til að vefengja þær upplýsingar, sem fram hafa komið í iðnaðarnefnd, að húsakostur og tæki fyrirtækisins hafi verið í verra ásigkomulagi en í fyrstu var ætlað og söluverð hafi því varla verið of lágt.

Alþýðuflokkurinn telur ríkis- og bæjarrekstur fyrirtækja vænlegan kost til að tryggja atvinnu og laða félagslegt framtak til uppbyggingar atvinnulífs. Það hefur hins vegar komið í ljós að ríkisvaldið hefur á undanförnum árum brugðist skyldum sínum gagnvart þessu tiltekna fyrirtæki. Það hefur aldrei fengið nægilega fjármuni til uppbyggingar, þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar heimamanna og stjórnenda fyrirtækisins um nauðsyn þess og því ekki verið sinnt sem skyldi. Þó skal þess getið að í einu tilviki var sæmilea gert en það var þegar komið var upp rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Sá þáttur rekstrarins mun reyndar hafa gengið skaplega. Það er vegna sinnuleysis stjórnvalda að fyrirtækið hefur staðið á brauðfótum, vanbúið rekstrar- og tæknilega, auk þess sem hráefni hefur skort, oft vegna ónógrar fyrirgreiðslu. Atvinnuástand á Siglufirði er erfitt og atvinnuöryggi verkafólks hætta búin.

Fyrirsjáanlegt er að núverandi valdhafar stuðla ekki að uppbyggingu þessa fyrirtækis frekar en fyrri ríkisstjórn. Það er því ekki vænlegur kostur að viðhalda óbreyttu rekstrarformi. Alþýðuflokkurinn telur atvinnuöryggið skipta meira máli en nokkuð annað. Þess vegna tel ég ástæðulaust, þrátt fyrir nokkrar efasemdir um vinnubrögð, að leggjast gegn sölu fyrirtækisins.

Ljóst er nú þegar að með yfirtöku nýrra eigenda hefur tekist að fá fjármagn til gagngerðra endurbóta og uppbyggingar á fyrirtækinu. Í trausti þess að hinir nýju eigendur reki fyrirtækið af þrótti og skapi verkafólki trausta atvinnu mæli ég með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. mars 1984.

Karl Steinar Guðnason.

Ed. 459. Frumvarp til laga [252. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: Það sem nefnd er „Télécommunication" í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Télécommunications, Nairobí 1982) og þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum.

Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og þvílíkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Notendabúnaður: Hvers konar tæki innan húsrýmis eða starfsstöðvar notenda, svo og tækjahlutir og leiðslur sem tengdar eru hinu opinbera fjarskiptakerfi.

Fjarskipti sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, þegar eingöngu er um að ræða boðmiðlun eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

II. KAFLI

Réttur til reksturs fjarskipta.

2. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti, svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptasvöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

3. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

Einkaréttur ríkisins skv. þessari grein nær þó ekki til notendabúnaðar.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar notendabúnað er tengja á við fjarskiptakerfi ríkisins, skal fyrirfram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund eða gerð tegundar notendabúnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur, sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Innflytjandi eða framleiðandi skal ætíð sjá til þess, að fyrir hendi séu varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað, sem hann flytur inn eða smíðar. Ennfremur skulu þeir, sem annast uppsetningu og tengingu notendabúnaðar, hafa til þess tilskilin réttindi, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnunin skal ætíð hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu á notendabúnaði og getur þá sá er synjun fær skotið henni til úrskurðar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu Póst- og símamálastofnunar, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og Póst- og símamálastofnuninni.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun eða hluta þeirra eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki rjúfa án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

III. KAFLI

Skylda til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum.

6. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum, sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

7. gr.

Póst- og símamálastofnunin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins til fjarskipta, nema lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Stofnunin hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum sé fylgt.

8. gr.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og endurbætur á fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast.

9. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunararinnar gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur.

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta óskerta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

10. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa Póst- og símamálastofnunni að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn mannvirkja um hvar leiðslur sem snerta eign þeirra séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Menn sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða híbýli vegna starfa sinna, skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

11. gr.

Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og þvílíkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samkomulag fengist við Póst- og símamálastofnunina um tilhögun framkvæmda. Þeir sem ákveða slíkar framkvæmdir eða þeir sem annast þær, bera allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa óvænt eða af gáleysi valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá er þeim hefur valdið, þegar í stað tilkynna það Póst- og símamálastofnuninni og jafnframt greiða allan kostnað, sem af því leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Hafi einhver umráð yfir einhvers konar mannvirkjum, tækjum, pípum, raflögnum, leiðslum og þvílíku, sem valdið geta truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, er Póst- og símamálastofnuninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir baga þann, sem af þessu hlýst eða getur hlotist á fjarskiptavirkjum.

12. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

Nú hefur dufli verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

13. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður dóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

14. gr.

Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins og samningum um kaup verður ekki við komið, má að fengnu samþykki ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar metnar skv. lögum (nú lögum nr. 11/1973).

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

15. gr.

Allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafa átt tal saman. Ekki má án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

16. gr.

Enginn starfsmaður fjarskiptavirkja ríkisins má ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða liðsinna öðrum í þess konar athæfi.

17. gr.

Í leyfisbréfum, er Póst- og símamálastofnunin gefur út samkvæmt 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

18. gr.

Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkum eða hlustar á fjarskiptasamtöl, má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI
Stöðvun fjarskipta.

19. gr.

Ríkisstjórnin getur stöðvað skeyti, símtöl eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða brjóta í bága við lög landsins og almennt velsæmi.

VIII. KAFLI
Fjarskiptavirki á hættutímum.

20. gr.

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ríkisstjórnin fyrirskipað að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá Póst- og símamálastofnuninni megi eiga eða hafa í vörslum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum.

21. gr.

Nú á maður eða hefur í vörslum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar samkvæmt 20. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnuninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því sem hún mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, greiðist það úr ríkissjóði skv. mati dómkvaddra manna.

IX. KAFLI
Milliríkjasamningar.

22. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir og Alþingi staðfestir, skulu ásamt þar að lútandi reglugerðum gilda sem lög.

X. KAFLI
Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

23. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo farið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá sem skemmdum eða truflun hefur valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefur hlotist, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 15. gr. (sbr. og 17. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerst, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. gr. getur sbr. 17. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ráðherra krefst þess. Hafi brot gegn 15. gr. (sbr. 17. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum.
4. Brot gegn 16. gr. (sbr. og 17. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerst, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum.

5. Brot gegn 18. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 20. og 21. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Brot gegn 22. gr. varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.
8. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.
9. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögunum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti með áorðnum breytingum sbr. lög nr. 24 frá 23. maí 1975.

Lög nr. 95 14. maí 1940 um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir til nýrra laga um fjarskipti er samið af nefnd, sem skipuð var af þáverandi samgönguráðherra, Steingrími Hermannssyni, með bréfi, dags. 20. nóvember 1981.

Nefndin fékk það verkefni að endurskoða gildandi lög um fjarskipti nr. 30 frá 27. júní 1941.

Í nefndinni áttu sæti Halldór E. Sigurðsson, fyrrverandi samgönguráðherra, formaður nefndarinnar, Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, Eiður Guðnason, alþingismaður, Guðjón Ingvi Stefánsson, framkvæmdastjóri, Helgi Seljan, alþingismaður, Jón A. Skúlason, póst- og símamálastjóri og Jón Sveinsson, lögfræðingur. Ritari nefndarinnar var Bragi Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

Ennfremur starfaði Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður, með nefndinni sem lögfræðilegur ráðunautur.

Nefndin lauk formlega störfum 12. janúar 1984 og sendi samgönguráðherra, Matthíasi Bjarnasyni, samhljóða tillögur sínar um breytingar á gildandi fjarskiptalögum, svo og drög að frumvarpi til nýrra laga ásamt athugasemdum við einstakar greinar þess, með bréfi dags. 16. janúar 1984.

Nefndin starfaði með hléum frá desember 1981. Mikill tími fór í gagnaöflun, einkum vegna þess ákvæðis í skipunarbréfi nefndarinnar „að nefndin kynni sér hliðstæð lög sem í gildi eru í nágrannalöndunum."

Fyrsta verkefni nefndarinnar var því að koma í framkvæmd þessu ákvæði í skipunarbréfi hennar og leita fanga hjá öðrum þjóðum um þeirra löggjöf varðandi fjarskiptamál.

Um þetta atriði segir í áliti nefndarinnar:

„Í ljós kom mjög fljótlega, að framkvæmd við öflun gagna um fjarskiptalög annarra þjóða yrði seinvirk og það svo, að ákvæði í skipunarbréfinu um starfstíma nefndarinnar stæðist ekki. Síðustu gögn bárust henni í nóvember 1983, þ. e. nefndarálit frá milliþinganefnd, sem verið hefur að störfum við endurskoðun fjarskiptalaga í Noregi. Álit þeirrar nefndar og íslensku fjarskiptanefndarinnar fer saman í veigamestu stefnumótandi atriðum og virðist mjög hliðstætt."

Þetta atriði svo og ýmis ófyrirséð atvik eins og fjarvera einstakra nefndarmanna vegna veikinda og annarra starfa varð þess valdandi að störf nefndarinnar lágu að mestu niðri frá apríl 1983 til október sama ár.

Núverandi samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, tók þá ákvörðun að gera ekki breytingar á skipan nefndarinnar, en óskaði eftir því að hún lyki störfum sem fyrst.

Eftir að nefndinni bárust upplýsingar um fjarskiptalög annarra þjóða, einkum frá Norðurlöndum, Bretlandi og Bandaríkjunum, bar hún þau að sjálfsögðu saman við gildandi íslensk fjarskiptalög. Ennfremur gerði hún sér eins nákvæma grein og auðið var fyrir nauðsynlegum breytingum á gildandi fjarskiptalögum með samanburði við erlend fjarskiptalög og þeim breytingum sem viðhorf til þessara mála hafi skapað. Á þessum athugunum byggði fjarskiptanefndin tillögur sínar að því lagafrumvarpi, er fylgdi nefndaráliti hennar.

Nefndin var sammála um að Póst- og símamálastofnunin fari með fyrir Íslands hönd yfirráð og vald gagnvart öðrum þjóðum, er fjarskipti varðar, svo sem verið hefur og nú er. Svo verði einnig um dreifingu og rekstur fjarskipta innanlands. Höfuðbreyting á frumvarpi fjarskiptanefndarinnar frá núgildandi löggjöf, er fólgin í því að fella niður einkarétt ríkisins, þ. e. Póst- og símamálastofnunarinnar, til að flytja inn og versla með notendabúnað vegna fjarskipta. Hann er samkvæmt þriðju grein í frumvarpi nefndarinnar afnuminn.

Póst- og símamálastofnunin má þó að sjálfsögðu flytja inn og versla með notendabúnað í samkeppni við þá aðila, sem vilja sinna þeim viðskiptum. Hins vegar verður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hver innflytjandi notendabúnaðar, sem tengja á við kerfi ríkisins að tryggja sér yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um, að hver og ein tegund notendabúnaðar eða hluti hans uppfylli þær kröfur, sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Til að tryggja viðskiptaaðila gagnvart jafnrétti um þetta ákvæði frumvarpsins, verður með reglugerð ákveðið að skipa dómnefnd er skeri úr ágreiningi, er upp kynni að koma um samskipti innflutningsaðila vegna úrskurðar Póst- og símamálastofnunarinnar um tæknibúnað. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist að jöfnu af deiluaðilum, enda tilnefna þeir hvor sinn mann í nefndina.

Ennfremur taldi nefndin nauðsyn bera til að innflytjendur hverjir sem þeir eru eða framleiðendur, sjái svo um að varahlutir og viðhaldsþjónusta sé ætíð fyrir hendi. Einnig ber nauðsyn til að hafa kunnáttumenn til starfa við uppsetningu fjarskiptatækja og ber að leggja áherslu á nám þeirra.

Þá lagði nefndin í áliti sínu höfuðáherslu á, að leynd og vernd fjarskipta gildi jafnt hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sem og á vegum ríkisins og Póst- og símamálastofnunarinnar. Sama ákvæði gildi þar um viðurlög. Ennfremur eru ákvæði um öryggi á ófriðartímum hert í þessu frumvarpi til fjarskiptalaga.

Framfarir á sviði allrar fjarskiptatækni eru undraðrar um þessar mundir. Símtækni breytist hratt og hefur því til dæmis verið spáð, að eftir 16 ár, eða árið 2000 verði um helmingur allra Evrópubúa með símtæki á sér. Tölvur og tölvunotkun færist í vaxandi mæli inn á heimilin. Líklegt er að á næstu árum þróist síminn, tölvan og sjónvarpið, sem nú eru þrjú aðskilin tæki, í það að vera eitt og sama tækið, sem til sé á sem næst öllum heimilum.

Þessar öru framfarir gera það að verkum að fjarskiptalög og reglur þar um, þurfa stöðugrar endurskoðunar við til aðlögunar breyttum aðstæðum.

Á fundum nefndarinnar var töluvert rætt um svokölluð „kapalkerfi“, sem nokkuð hafa rutt sér til rúms hér á landi utan marka laga og réttar að því er best verður séð. Nefndarmönnum er ljóst, að slík „kapalkerfi“ eða boðveitur munu koma að minnsta kosti í þéttbýli á næstu árum, — kerfi sem flutt geta upplýsingar og myndefni til og frá heimilum. Í nefndinni var rætt hvaða aðilar ættu að eiga og reka slík kerfi. Er þar um mikið mál að ræða, þar sem ekki hefur verið mörkuð nein stefna af hálfu stjórnvalda. Nefndin taldi slíka stefnumörkun ekki í sínum verkahring. Þar hljóti umfjöllun Alþingis og ríkisstjórnar að þurfa að koma til. Í áliti nefndarinnar er minnt á það, að á döfinni eru breytingar á útvarpslögum, sem hugsanlega kunna að leiða til breytinga á fjarskiptalögum.

Að lokum skal ítrekað það álit nefndarinnar, að sú endurskoðun fjarskiptalaga, sem hún vann að er ekki lokamark, heldur aðeins áfangi á lengri leið. Örar framfarir krefjast þess, að þessi mál séu í sífelldri endurskoðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um fjarskipti.

Frumvarpið skiptist í 10 kafla með sérstökum fyrirsögnum til betra yfirlits. Fara hér á eftir skýringar á hinum einstöku greinum þess:

Um 1. gr.

Í greininni eru orðaskýringar samsvarandi því sem var í 1. gr. fjarskiptalaganna frá 1941. Hér er svo bætt við nýju orði „notendabúnaður", en hann telst vera þau tæki og búnaður, sem notaður er og tengdur hinu opinbera fjarskiptakerfi frá „húskassa" húsrýmis eða starfsstöðvar notanda. Starfsstöð, svo sem stofnun, fyrirtæki, skólar o. s. frv., telst ein eða fleiri byggingar innan sömu lóðar. Þá er tekið fram í niðurlagi greinarinnar, að fjarskipti svo sem þau tíðkast innan heimila og starfsstöðva falla utan ákvæða laganna hvað varðar einkarétt ríkisins til reksturs fjarskipta.

Um 2. gr.

Þessi grein er tilsvarandi 1. og 3. tölulið í 2. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 3. gr.

Í þessari grein felst meginbreytingin á núgildandi fjarskiptalögum. Einkaréttur ríkisins til þess að flytja til landsins, selja og setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra nær ekki lengur til notendabúnaðar. Á þá er flytja inn eða smíða og selja notendabúnað er einungis lögð sú skylda, hvað snertir fjarskiptalögin, að fyrirfram sé aflað yfirlýsingar Póst- og símamálastofnunarinnar um að þær tegundir eða gerðir notendabúnaðar, sem fluttar eru til landsins og tengja á fjarskiptakerfi ríkisins, uppfylli þær tæknikröfur sem gilda á hverjum tíma um notendabúnað. Greinin gerir einnig ráð fyrir því að synjun Póst- og símamálastofnunar megi skjóta til sérstakrar nefndar til úrskurðar. Þá er og lögð sú kvöð á innflytjendur, að þeir sjái til þess að varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað sem þeir flytja inn og selja, verði fyrir hendi.

Um 4. gr.

Grein þessi er samsvarandi 5. grein í núgildandi fjarskiptalögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er samsvarandi 6. grein í núgildandi fjarskiptalögum.

Um 6. gr.

Grein þessi kemur í stað 9. greinar núgildandi fjarskiptalaga sem vegna tækniþróunar og ýmissa lagaákvæða og reglugerða, sem settar hafa verið í millitíðinni, eru orðin gjörsamlega úrelt.

Um 7. gr.

Grein þessi er hliðstæð 10. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Þó er gert ráð fyrir því, að Póst- og símamálastofnunin hafi eftirlit með fjarskiptum þeirra aðila, sem með sérstökum lögum annast fjarskipti á tilteknum sviðum.

Um 8. gr.

Þessi grein er tilsvarandi 1. málsgrein í 11. grein núgildandi fjarskiptalaga, en 11. grein þeirra laga hefur hins vegar verið felld niður að öðru leyti vegna breyttra aðstæðna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild ráðherra til þess að setja gjaldskrá fyrir þjónustu, sem Póst- og símamálastofnunin veitir. Þessi heimild var áður í 12. grein fjarskiptalaganna 1941. Að öðru leyti er tekið upp í grein þessa ákvæði um heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að fella niður afnotagjöld af símum elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar (nú 19. grein laga um almannatryggingar frá 1971).

Um 10. gr.

Þessi grein er tilsvarandi 13. grein núgildandi fjarskiptalaga. Orðalagi er þó breytt og greinin færð til samræmis við reynslu á framkvæmd hennar undanfarin ár.

Um 11. gr.

Þessi grein er samsvarandi 14. grein fjarskiptalaganna frá 1941 með smávægilegum orðalagsbreytingum. Sérstaklega er tekið fram að þeir, sem ákveða framkvæmdir er verða til þess að valda tjóni á fjarskiptavirkjum eða þeir, sem annast þær framkvæmdir, beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem af þeim hljótast.

Um 12. gr.

Þessi grein er samsvarandi 15. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 13. gr.

Þessi grein er samsvarandi 16. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 14. gr.

Þessi grein er samsvarandi 17. grein fjarskiptalaganna frá 1941 en aðferð við mat á bótum er færð til samræmis við gildandi lög um mat á eignarnámsbótum.

Um 15. gr.

Grein þessi er samsvarandi 19. grein fjarskiptalaganna frá 1941 með áorðnum breytingum.

Um 16. gr.

Grein þessi er samsvarandi 20. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 17. gr.

Grein þessi samsvarar 21. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Í þessari grein er auk þess tekið fram, að sömu viðurlög við brotum á þeim greinum sem tilteknar eru í 17. grein og lögð eru á starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins, skuli og leggja á þá aðila, sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. grein þessa lagafrumvarps.

Um 18. gr.

Þessi grein er hliðstæð 22. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Vegna breyttrar tækni er eigi unnt að banna óviðkomandi að taka við fjarskiptum eða hlusta á fjarskiptasamtöl en í þessari grein er lagt bann við að menn notfæri sér slíkt á nokkurn hátt.

Um 19. gr.

Grein þessi er samsvarandi 23. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Með þeim breytingum að í stað orðsins siðferði er notað orðtakið almennt velsæmi. Þá er og síðasta setningin felld niður.

Um 20. gr.

Grein þessi er hliðstæð 24. grein fjarskiptalaganna frá 1941 en örlítið stytt.

Um 21. gr.

Þessi grein er samsvarandi 25. grein fjarskiptalaganna frá 1941 nema hvað mat á endurgjaldi fyrir fjarskiptavirki eða tæki sem afhent eru Póst- og símamálastofnuninni, skuli metin af dómkvöddum mönnum í stað stofnunarinnar sjálfrar eins og áður var.

Um 22. gr.

Þessi grein er að öllu leyti samhljóða 26. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 23. gr.

Í grein þessari eru talin upp viðurlög við brotum á hinum ýmsu greinum lagafrumvarps þessa. Viðurlögin í þessari grein eru samsvarandi viðurlögum þeim sem í 27. grein fjarskiptalaganna frá 1941 voru lögð við brotum á þeim lögum.

Um 24. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um, að við gildistöku þessa lagafrumvarps falli úr gildi fjarskiptalögin nr. 30 frá 26. júní 1941 með áorðnum breytingum svo og lög nr. 95 frá 1940 sem löngu eru orðin óvirk.

Nd. 460. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

16. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1984, 07 971 Erfðafjársjóður, skulu allar tekjur af innheimtum erfðafjárskatti renna í Erfðafjársjóð, sbr. og 35. gr. l. nr. 41/1983.

Ed. 461. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp til laga til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 8. apríl 1983 gerir ráð fyrir að breytingar á gjaldskrám orkufyrirtækja skuli háðar samþykki ráðherra orkumála. Bætist ný grein við almenn ákvæði orkulaga, 81. grein, er taki af tvímæli og tryggi vald ráðherra í þessu efni. Í rökstuðningi fyrir setningu segir m. a. að vegna fyrirhugaðra stórfelldra hækkana á gjaldskrám orkufyrirtækja þann 1. maí 1983 og til að styrkja heildarstjórn á verðlagningu á raforku og heitu vatni til almenningsveitna beri nauðsyn til þessarar lagasetningar.

Við áramót 1981—1982 féllu úr gildi ákvæði laga sem gilt höfðu frá því árið 1970 og veittu stjórnvöldum lagastoð til að ákveða gjaldskrá Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja. Eftir það ákvað stjórn Landsvirkjunar gjaldskrá fyrirtækisins á grundvelli 11. greinar laga nr. 59/1965 og síðar laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Í krafti þessarar breyttu lagastöðu hækkaði stjórn Landsvirkjunar gjaldskrá fyrirtækisins til muna meira en ríkisstjórnin taldi rétt, t. d. um 29% þann 1. nóvember 1982 og aftur 29% 1. febrúar 1983. Hliðstæð hækkun var boðuð af fyrirtækinu 1. maí 1983.

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins til gjaldskrárnefndar 26. apríl 1983 kemur fram mat ráðuneytisins á þessari verðþróun og rök fyrir þeirri afstöðu að heimila þá ekki hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsveitna. Í bréfinu segir m. a.:

„Hækkanir á gjaldskrá Landsvirkjunar umfram almennar verðhækkanir hafa verið mjög verulegar undanfarin ár. Þannig hækkaði gjaldskrá fyrirtækisins um 119% á árinu 1982.

Stjórn Landsvirkjunar áformar enn verulegar hækkanir á þessu ári, sbr. áðurnefnt bréf fyrirtækisins, dags. 14. jan. 1983, þar sem áformuð er sama hækkun 1. maí n. k. og ákveðin var af stjórn Landsvirkjunar 1. febrúar s. l., eða 29% hækkun gjaldskrár.

Í apríl 1982 óskaði Landsvirkjun eftir 40% hækkun á gjaldskrá sinni til almenningsrafveitna skv. umsögn Þjóðhagsstofnunar. Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1982 var 11,7%. Hér var því um að ræða 25,3% raunhækkun gjaldskrár. Ríkisstjórnin beindi þá þeim tilmælum til Landsvirkjunar að hún dreifði þeim raunverðshækkunum, sem í þessari beiðni fólst, á nokkra næstu ársfjórðunga með það í huga að sama raunvirði tekjuaukningar næðist á árunum 1982—83. Jafnframt var að því unnið að ná fram leiðréttingu á raforkuverði til stóriðju sem miklu skiptir fyrir afkomu Landsvirkjunar.

Frá 1. maí 1982 hefur gjaldskrá Landsvirkjunar og hækkun byggingavísitölu verið sem hér segir:

	Raunveruleg hækkun	Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar mánuði áður hverju sinni
1982 01.05	22%	11,7%
01.08	22%	12,3%
01.11	29%	16,8%
1983 01.02	29%	11,3%
Hækkun alls	147,7%	63,1%

Eins og þessar tölur bera með sér hefur Landsvirkjun alls fengið nálægt 52% hækkun á gjaldskrá umfram hækkanir á vísitölu byggingarkostnaðar á umræddu tímabili. Sé jafnframt tekið tillit til 19,8% hækkunar á byggingarvísitölu þann 1. apríl s. l. hefur Landsvirkjun nú tæplega 27% hærri gjaldskrá að raungildi en fyrir 1. maí 1982. Er það nokkuð umfram þá raunverðshækkun sem Þjóðhagsstofnun mælti með í apríl 1982, en það var 25,3% sem fyrr segir.

Enn fremur er því við að bæta að rauntekjuaukning Landsvirkjunar á umræddu tímabili eru nú þegar orðin mjög svipuð og Þjóðhagsstofnun taldi nægilega.

Á þessum grundvelli virðist því ekki ástæða til að veita Landsvirkjun hækkun á gjaldskrá til almenningsveitna að þessu sinni, og líta ber á að almenningsveitur hafa verið látnar taka á sig óeðlilega mikinn hlut af framleiðslukostnaði raforku hjá Landsvirkjun að undanförnu.

Þess má að lokum geta að rekstrarvandi Landsvirkjunar stafar öðru fremur af því að tæplega 60% af orkusölu fyrirtækisins rennur til stóriðjuvera samkvæmt langtímasamningum, að yfirgnæfandi hluta til álversins í Straumsvík. Orkuverð samkvæmt rafmagnssamningi við Ísal hefur ekki hækkað lengi og er nú langt neðan við það sem eðlilegt getur talist. Reyna verður á leiðréttingu á þeim samningi eins og ráðuneytið hefur ítrekað lagt til áður en frekari hækkunum er velt fyrir á almenningsveitur.“

Undirritaður telur ekki aðeins að skýr rök hafi verið fyrir setningu umræddra bráðabirgðalaga, heldur beri nauðsyn til að stjórnvöld hafi hverju sinni fulla og óskoraða heimild til íhlutunar varðandi gjaldskrár opinberra fyrirtækja eins og orkufyrirtækja sem fengið hafa einokun til orkusölu á tilteknu svæði.

Það gildir um rafveitur og hitaveitur sveitarfélaga og í reynd um Landsvirkjun sem meginorkuframleiðslufyrirtæki í landinu. Á það enn frekar við eftir samþykkt nýrra laga um Landsvirkjun á Alþingi 23. mars 1983 (lög nr. 42/1983).

Varðandi verðþróun á raforku og ástæður fyrir hinu háa raforkuverði er rétt að vísa til nýlegrar umsagnar Rafmagnsveitna ríkisins frá 16. des. 1983 vegna tillögu til þingsályktunar um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi. Þar segir í niðurlagi greinargerðar til allsherjarnefndar sameinaðs þings:

„Þrátt fyrir mikil og dýr flutnings- og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins, sem teygja sig um land allt að undanskildum Vestfjörðum, er það orkuöflunarkostnaðurinn sem er ráðandi í kostnaði við öflun, flutning og dreifingu raforkunnar. Á þeim árum, þegar Rafmagnsveiturnar bjuggu við óhagkvæma orkuöflun með dísilvélum og smáum vatnsaflsvélum, var varla við öðru að búast. Á árinu 1982 voru aðeins framleiddar 3 GWh með olíurafstöðvum og er því orsakanna núna að leita annars staðar. Gífurlegar hækkanir á raforku frá Landsvirkjun á undanförnum missirum vega hér þungt.

Rafmagnsveitur ríkisins telja að þessar hækkanir Landsvirkjunar umfram verðbólgu séu tilkomnar vegna:

1. Rangrar verðlagsstefnu stjórnvalda á undanförnum áratug.
2. Of lágs verðs til stóriðjufyrirtækja.

Um fyrri þáttinn er fjallað í (2), en varðandi seinni þáttinn er rétt að draga fram eftirfarandi staðreyndir varðandi sölu Landsvirkjunar til stóriðju og almenningsveitna miðað við verðið eins og það var 8. nóv. 1983:

	Verð kr/kWh	Keypt magn 1982 GWh
Íslenska Álfélagið hf.	0,267	1315
Áburðarverksmiðja ríkisins	0,267	119
Íslenska járnblendifélagið hf.	0,203	402
Almenningsveitur	1,171[1])	1105

1) Hér er miðað við kaup á 132 kV málspennu og 5000 stunda nýtingartíma.

Til samanburðar skal þess getið að kostnaðarverð frá nýjum virkjunum er talið vera 0,40—0,50 kr/kWh samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun. Þrátt fyrir að bætt sé við kostnaði vegna 220 kV og 132 kV stofnlínukerfa Landsvirkjunar er ljóst að verð til almenningsveitna er nær tvöfalt miðað við kostnaðarverð raforkunnar. Á sama tíma greiðir stóriðjan einungis helming kostnaðarverðsins og varla það.

Vegna hins háa orkuöflunarverðs þykir Rafmagnsveitum ríkisins einsýnt að þær beri skarðan hlut frá borði við skiptingu tekna af raforkusölu eins og dæmið um rafhitunarsöluna hér að framan sýnir svo glögglega.

Rafmagnsveitur ríkisins styðja það því eindregið að skipuð verði nefnd óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi.“

Með tilvísun til ofangreindra atriða leggur undirritaður til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. mars 1984.

Skúli Alexandersson.

Ed. 462. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að skattprósentur verði hækkaðar frá því sem var þegar neðri deild afgreiddi frumvarpið. Minni hluti nefndarinnar er því andvígur.

Samkvæmt útreikningum Reiknistofnunar og ríkisskattstjóra verður verulegur fjöldi launafólks fyrir nokkurri eða verulegri skattaþyngingu samkvæmt tillögum meiri hl., jafnframt því sem gerð er tillaga af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um mikla skattalækkun á fyrirtækjum.

Minni hl. nefndarinnar gerir tillögu um að álagningarprósenta á félög skuli vera áfram hin sama og hæsta jaðarprósenta tekjuskatta á einstaklinga eins og verið hefur undanfarin ár, en jafnframt verði skattbyrði einstaklinga létt sem sömu fjárhæð nemur. Samkvæmt þessu yrðu prósentur á skattstiga einstaklinga 22.75%, 29.75% og 45%.

Jafnframt standa nefndarmenn að tveimur öðrum breytingartillögum. Eru þær annars vegar um að milda áhrif af tekjumissi vegna atvinnubrests eða sérstaks tekjubrests vegna t. d. aflasamdráttar. Hins vegar er tillaga sem tekur til þess að rétta hag hinna allra verst settu í þjóðfélaginu með útgreiðslu persónuafsláttar sem nýtist ekki til skattalækkunar eða greiðslu skatta og fellur því ónýttur við núverandi fyrirkomulag. Slík útgreiðsla næði þó að hámarki til hálfs persónuafsláttar og einungis til þeirra sem væru yfir tvítugt og störfuðu ekki við eigin atvinnurekstur skv. nánari skilgreiningu í lagagrein í breytingartillögunum. Áætlað er að sú fjárhæð, sem hér um ræðir, sé um 220 milljónir króna.

Alþingi, 19. mars 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Eiður Guðnason.

Ed. 463. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SDK, RA, EG).

1. Við 2. gr.
   Í stað „31.5%“ í 1. mgr. komi: 29.75%.
2. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:
   Á eftir 6. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 21/1983) bætist nýr töluliður sem orðist svo:
   7. Ef gjaldþol manns skerðist verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum.
3. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) bætist ný gr. er verði 6. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:
   Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að

þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og enn er óráðstafað, skal dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, þó ekki hærri fjárhæð en nemur helmingi af heildarupphæð persónuafsláttar; ekki skal þó koma til útborgunar á 200 kr. eða lægri fjárhæð. Ekki skal greiða persónuafslátt til manna sem eru 20 ára eða yngri á tekjuárinu, né til manna með samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. sem nema meira en 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr. Sá hlutur persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

4. Í stað „50%“ í 5. gr. komi: 59%.

Nd. 464. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „lögum þessum“ komi: 1. gr.
2. Við 6. gr. Í stað „laganna“ komi: 1.—5. gr.
3. Á eftir 6. gr. komi fjórar nýjar greinar er hljóði svo:
   a. (7. gr.) Veðdeild Landsbanka Íslands skal gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa samkvæmt ákvörðun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum launafólks vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, svo sem íbúðabygginga, íbúðakaupa, endurbóta og breytinga á árunum 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna heimilisstofnunar, innbúskaupa og kaupa á búnaði, verkfærum og tækjum sem launafólk hefur þarfnast vegna vinnu sinnar á sama tíma.

      Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum eru:
      1. Veðskuldabréf þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
      2. Ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins.
      3. Ábyrgð ríkissjóðs.

   b. (8. gr.) Lán samkvæmt 7. gr. skulu aðeins veitt gegn veðum í fasteignum.

      Ákvörðun um lánakjör skal tekin af Veðdeild Landsbanka Íslands ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka sem eiga skal sæti í stjórn lífeyrissjóðs á vegum samtakanna og þau tilnefna: Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Sambands bankamanna. Leitað skal samþykkis félagsmálaráðherra áður en ákvörðunin öðlast gildi.

   c. (9. gr.) Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa launafólki í leiguhúsnæði á vegum ríkisins og stofnana þess að veðsetja leiguhúsnæði sitt til tryggingar á lánum skv. lögum þessum enda sýni leigutakar fram á að þeir eigi í lausafjármunum, s. s. innbúi, bifreið o. þ. h., eignir er svari a. m. k. lánsfjárhæðinni og fallist á að veita ríkinu eða

hlutaðeigandi ríkisstofnun veð í þeim eignum eða aðra tryggingu fyrir skilvísri greiðslu lánsins.

d. (10. gr.) Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd 7.—10. gr., svo og um frekari skilyrði ef þurfa þykir. Skal hann leita umsagnar stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins svo og Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands bankamanna.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um breytingu á lausaskuldum bænda og launafólks í löng lán.

Ed. 465. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 364 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 23%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 500 kr.

5. gr. hljóðar svo:

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 51% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

Nd. 466. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. komi nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er viðkomandi öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn, en auk þeirra skulu tilnefndir þrír varamenn.

Þessir skipa fulltrúa í örorkumatsnefnd:

1) Samtök öryrkja tilnefna einn mann.
2) Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.
3) Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir einn mann.

Allir þessir aðilar tilnefna og varamenn auk aðalmanna.

Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta og tryggingayfirlæknir við úrskurð örorkumats. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 105. löggjafarþinginu var flutt stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatryggingalaga um örorkumat. Í frumvarpinu var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umræður um málið á Alþingi kom fram að þingmenn töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum, — eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frumvarp, sem hér er nú flutt, tekur tillit til þessara sjónarmiða.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingarinnar og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna.

Þegar málið var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi fylgdi stjórnarfrumvarpinu stutt greinargerð sem var á þessa leið:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m. a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þ. á m. flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. a. s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1) og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þ. á m. fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o. fl. o. fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. greinar laga nr. 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki), er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg eigi að reyna hér nýjar leiðir.“

Frumvarpsgreinin er ítarleg og skýrir sig sjálf, auk þess sem hún verður nánar skýrð í framsögu.

Sþ. 467. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands.

Flm.: Gunnar G. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla og hraða rannsóknum á landgrunni Íslands, innan jafnt sem utan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, með sérstöku tilliti til auðlinda sem þar kunna að finnast.

Greinargerð.

Rúmt ár er nú liðið frá því að hinn nýi hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður af Íslands hálfu og 117 öðrum þjóðum. Varð það þann 10. desember 1982.

Með sáttmála þessum er staðfestur yfirráðaréttur strandríkja sem Íslands til landgrunnsins og hafsbotnsins innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Þar að auki getur verið um að ræða réttindi ríkja utan við þau mörk allt út að 350 sjómílna mörkunum eða jafnvel enn lengra. Byggist það á jarðfræðilegu framhaldi landsins og öðrum jarðfræðilegum þáttum landgrunns og hafsbotns. Af þessum sökum er hin mesta nauðsyn á því að aflað sé sem gleggstrar vitneskju um landgrunnið og hafsbotninn umhverfis Ísland svo að unnt sé að styðja kröfur um landgrunnsréttindi utan 200 sjómílna markanna, en þar er m. a. um að ræða hafsbotnssvæðin í suðausturátt, svo sem áður hefur komið fram í ályktunum Alþingis. Hér er um grundvallarrannsóknir að ræða sem hverri þjóð er nauðsynlegt að framkvæma, og þá ekki síst Íslendingum sem eiga hér verulegra hagsmuna að gæta. Slíkar rannsóknir á íslenska landgrunninu hafa til þessa aðeins átt sér stað í takmörkuðum mæli. Nauðsyn er því á að gerð verði rannsóknaráætlun til nokkurra ára þar sem fjallað verði um öflun aukinnar almennrar grundvallarþekkingar á landgrunninu og hafsbotninum umhverfis landið og þá jafnt utan 200 sjómílna markanna sem innan þeirra. Er eðlilegt að leitað verði samvinnu við erlendar vísindastofnanir um slíkar rannsóknir en alþjóðasamvinna á þessum vettvangi hefur farið mjög vaxandi hin síðari ár. Er þetta hið fyrra markmið þessarar þingsályktunartillögu.

Í öðru lagi er hin mesta nauðsyn á því að efla og hraða rannsóknum á landgrunni Íslands svo að unnt verði að ganga úr skugga um það hvaða auðlindir kunna að finnast þar. Slíkar rannsóknir hafa fram til þessa verið af mjög skornum skammti og hefur þar fyrst og fremst hamlað skortur á fjármagni og tækjakosti. Einn helsti áfanginn er þó könnun sem bandaríska fyrirtækið Western Geophysical Co. of America gerði á setlögum fyrir norðan Ísland árið 1978. Um þessar rannsóknir og aðrar gaf iðnaðarráðherra Alþingi skýrslu 10. janúar 1980.

Niðurstöður rannsókna hins bandaríska fyrirtækis voru þær að um veruleg setlög væri að ræða fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, en tilvist setlaga er forsenda þess að um olíu eða jarðgas geti verið að ræða. Mælingar þessar voru hins vegar frummælingar og þarf að gera mun ítarlegri rannsóknir og tilraunaboranir til þess að unnt sé að segja fyrir um það með nokkurri vissu hvort horfur séu á að olía finnist á þessu svæði.

Tilraunaboranir fóru í framhaldi af þessu fram í Flatey á Skjálfanda árið 1982 á vegum Orkustofnunar. Staðfestu þær að allþykk setlög er að finna undir eynni en borholan var hins vegar langt frá því að vera nógu djúp til þess að unnt væri að ganga úr skugga um heildarþykkt setlaganna.

Um framkvæmd annarra hagnýtra hafsbotnsrannsókna við Ísland hefur vart verið að ræða á síðustu árum. Þó hefur nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, sem skipuð var 1980 af þáverandi iðnaðarráðherra, gert áætlanir um slíkar rannsóknir. Er frekar vikið að störfum hennar og öðrum þáttum þessa máls í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari. Nefndin hefur nú hætt störfum og önnur ekki enn verið skipuð.

Þessu til viðbótar skal þess getið að áform eru um rannsóknir á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen með tilliti til auðlinda sem þar kynnu að finnast. Munu rannsóknirnar fara fram á grundvelli samnings Íslands og Noregs um Jan Mayen sem í gildi gekk 1982. Norðmenn munu kosta slíkar forrannsóknir en Íslendingar munu þó bera einhvern kostnað vegna forvinnu og úrvinnslu rannsóknargagna.

Hér verður ekki getið nánar um forsögu landgrunns- og hafsbotnsrannsókna við Ísland. Flm. hefur óskað eftir greinargerð um þau efni sem Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytisins, hefur tekið saman og birt er sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Meginatriði þessa máls er það að hagnýtar auðlindarannsóknir á landgrunninu hafa til þessa verið af mjög skornum skammti. Mál er að á því verði breyting og þessum málum miklu meiri gaumur gefinn af stjórnvöldum. Hér á landi starfa allmargir vísindamenn sem menntun hafa til slíkra rannsókna, en þá hefur til þessa skort starfsaðstöðu, rannsóknartæki og fjármagn til starfa á þessu sviði. Þá er og sjálfsagt að hefja nýja og nánari samvinnu við erlenda rannsóknaraðila við auðlindaleit hér við land, auk Norðmanna. Mál þessi hafa áður komið til kasta Alþingis. Má þar nefna frumvarp til laga um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði sem flutt var í efri deild 1981 af þeim Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Það frumvarp náði ekki fram að ganga.

Þingsályktunartillaga sú sem hér liggur fyrir er flutt til þess að hvetja til skjótra aðgerða í þessum mikilvægu málum. Landgrunn Íslands innan 200 sjómílna markanna er sjö sinnum stærra en landið sjálft og full ástæða til þess að kanna sem fyrst hvaða auðlindir þar kunna að leynast. Eins og sakir standa er ekki um að ræða skipulagt starf á þessu sviði, né mótaðar rannsóknaráætlanir. Á þessu þarf að verða breyting og með tillögu þessari er einmitt hvatt til þess að svo megi verða.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Árna Þ. Árnasonar skrifstofustjóra iðnaðarráðuneytisins um rannsóknir setlaga og hugsanlegra auðlinda í landgrunninu.

1. Rannsóknir.

Á síðustu öld hafa farið fram nokkrar rannsóknir á jarðfræði Íslands og byggingu landsins. Á síðustu áratugum hafa berglög á Íslandi verið nokkuð könnuð og leitað ýmissa jarðefna sem verðmæt gætu verið til vinnslu. Þá hafa orkulindir á landi, s. s. vatnsafl og jarðvarmi, verið mikið kannaðar og nýttar að nokkru. Hagnýtar rannsóknir hafa á síðustu áratugum farið fram á vegum iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnunar, Rannsóknaráðs ríkisins o. fl.

Rannsóknir á hafsbotninum og jarðlögunum undir honum eru svo að segja nýhafnar hér á landi. Rannsóknir á jarðlögum sjávarbotnsins á íslensku yfirráðasvæði eru stutt á veg komnar. Ekkert verður um það sagt á þessu stigi hvort olíu eða önnur verðmæt jarðefni er að finna í þessum jarðlögum. Eigi er hægt að ganga endanlega úr skugga um hvort um olíu sé

að ræða nema með borunum. Hins vegar má með jarðeðlisfræðilegum könnunaraðferðum leiða að því líkur hvort jarðlagaskipan sé slík að hún sé líkleg til að mynda svo kallaðar olíugildrur. Með slíkum jarðeðlisfræðilegum könnunum er minnkuð sú áhætta að grípa í tómt sem jafnan er samfara borunum. Að þessu leyti er olíuleit um margt hliðstæð jarðhitaleit eins og hún hefur verið stunduð um árabil á Íslandi.

Þær jarðeðlisfræðilegu könnunaraðferðir, sem reynst hafa gagnlegastar við leit að olíu og gasi, eru jarðsveiflumælingar (seismik), segulmælingar og þyngdarmælingar. Af þessum aðferðum eru jarðsveiflumælingar langmest notaðar í olíuleit og gefa bestar upplýsingar um líklegar olíugildrur. Jarðsveiflumælingar fela í sér könnun á jarðlögum með hljóðbylgjum. Þessar mælingar eru jafnan gerðar frá skipi. Þyngdarmælingar gefa upplýsingar um gerð og byggingu berglaga með mismunandi eðlismassa. Þau hafa lítil en þó vel mælanleg áhrif á aðdráttarafl jarðar. Þyngdarmælingar á sjávarsvæðum eru venjulega framkvæmdar á skipi. Segulmælingar eru hins vegar ýmist framkvæmdar í flugvélum eða á skipum. Berglög með mismunandi seguleiginleika hafa áhrif á segulsvið jarðar við yfirborð. Því geta slíkar mælingar gefið vísbendingu um skipan jarðlaga á svipaðan hátt og hinar tvær fyrrtöldu aðferðir. Jarðeðlisfræðilegar mælingar eru yfirleitt gerðar samfellt eftir beinum línum og eru þær mismunandi þéttar eftir því hversu ítarleg könnunin á að vera, allt frá 20 km milli lína niður í 2 km.

2. Þrjú stig olíuleitar.

Gera má greinarmun á þrem stigum í olíu- og jarðgasleit:

1) Jarðeðlisfræðileg frumkönnun til leitar að setlögum.
2) Jarðeðlisfræðilegar setlagarannsóknir. Nákvæm skoðun á gerð setlaga og leit að setmyndunum þar sem hugsanlega gæti safnast olía eða jarðgas.
3) Boranir. Bein leit að olíu eða jarðgasi með borunum á líklegum stöðum.

Meðferð málsins á hverju þessara stiga krefst sérstakrar stefnumörkunar og verður sú stefna eigi mótuð án vitneskju um niðurstöður fyrri rannsókna.

3. Horft til Norðmanna.

Í sambandi við rannsóknir á landgrunni Íslands, olíuleit og umsóknir ýmissa aðilja um leyfi til rannsókna og leitar þar hefur lengi verið litið til Norðmanna um það hvernig þeir hafa staðið að undirbúningi viðræðna og samningagerð um olíuleit. Hefur áhugi verið fyrir því að fá vitneskju um þá reynslu sem af þessum málum hefur fengist í Noregi.

Á fundi norrænna iðnaðarráðherra í Stavanger í júní 1975 ræddi dr. Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnaðarráðherra, þessi mál við Ingvald Ulveseth, þáverandi iðnaðarráðherra Noregs, svo og O.C. Muller, ráðuneytisstjóra norska iðnaðarráðuneytisins. Tóku þeir því ákaflega vel að veita upplýsingar og buðu fram alla aðstoð og fyrirgreiðslu í því efni. Þegar Odvar Nordli forsætisráðherra, ásamt Eivind Bolle sjávarútvegsráðherra, komu til Íslands í opinbera heimsókn í ágústmánuði 1976 var þetta mál einnig tekið upp. Á norrænum ráðherrafundi í Helsingfors í desember 1976 komu þessi mál til umræðu milli Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra, Nordlis og Bjartmars Gerde iðnaðarráðherra Noregs, og kom þar fram að norska ríkisstjórnin vildi bjóða Íslendingum að kynna sér þessi mál.

4. Nefndarskipan, skýrslugerð, málið hjá ríkisstjórn.

Á ríkisstjórnarfundi hinn 1. febrúar 1977 var samþykkt tillaga iðnaðarráðherra, dr. Gunnars Thoroddsens, þess efnis að fela þrem mönnum að kynna sér og gera skýrslu um það með hverjum hætti norsk stjórnvöld undirbjuggu viðræður og samningagerð um olíuleit á landgrunni Noregs. Skipaði iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 7. febrúar 1977, eftirtalda þrjá menn til að annast framangreint verkefni: Árna Þ. Árnason skrifstofustjóra, formann,

Árna Tryggvason sendiherra og dr. Guðmund Pálmason, jarðeðlisfræðing. Kynntu nefndarmenn sér þessi mál í Noregi og lauk nefndin störfum og skilaði skýrslu til iðnaðarráðherra 18. mars 1977. Lagði ráðherra skýrsluna síðan fyrir ríkisstjórnina.

5. Starfshópur iðnaðarráðuneytisins.

Í framhaldi af þessu starfaði síðan, að boði iðnaðarráðherra, dr. Gunnars Thoroddsens, á vegum ráðuneytisins vinnuhópur að undirbúningi sambærilegra mála hérlendis. Umræddan starfshóp skipuðu frá byrjun Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, dr. Guðmundur Pálmason jarðeðlisfræðingur, Orkustofnun, Ólafur Egilsson deildarstjóri, Utanríkisráðuneyti, Þóroddur Th. Sigurðsson verkfræðingur og Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytisins, formaður. Síðar, er kom til viðræðna við áhugaaðila um frumkönnun á landgrunninu, bættust í hópinn Gunnar Bergsteinsson forstöðumaður Sjómælinga Íslands og Gísli Einarsson hrl., fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu. Annaðist starfshópurinn undirbúnings- og ráðgjafarstörf, tillögur og greinargerðir fyrir ráðherra, viðræðufundi við erlenda áhugaaðila og samningafundi.

Hafsbotnsrannsóknir þær, sem vinnuhópurinn fjallaði um, voru eingöngu gerðar með hagnýt viðskiptaleg sjónarmið fyrir augum.

6. Landgrunnsnefnd, Orkustofnun.

Rétt er að geta þess að hinn 8. maí 1972 var skipuð af menntamálaráðuneytinu svonefnd landgrunnsnefnd eða samstarfsnefnd um landgrunnsrannsóknir. Hlutverk nefndarinnar var m. a. að gera tillögur að skipulagningu og samræmingu vísindalegra rannsókna í landgrunni Íslands. Með bréfi, dags. 1. mars 1977, sendi umrædd samstarfsnefnd niðurstöður eða skýrslu landgrunnsnefndar, sem var dags. í nóvember 1976, um skipulag landgrunnsrannsókna. Í nefndinni áttu sæti dr. Vilhjálmur Lúðvíksson frá Rannsóknaráði ríkisins, dr. Guðmundur Pálmason frá Orkustofnun, Gunnar Bergsteinsson frá Sjómælingum Íslands, Gunnar Ólafsson frá Landhelgisgæslunni, Hlynur Sigtryggsson frá Veðurstofu Íslands, dr. Leó Kristjánsson frá Raunvísindastofnun Háskólans og dr. Svend Aage Malmberg frá Hafrannsóknastofnuninni.

Í skýrslu landgrunnsnefndar er m. a. greint frá því að nefndin hafi lagt til: „að hjá íslenskri stofnun, t. d. Orkustofnun, verði ráðið starfslið er fái aðstöðu til að sérhæfa sig í þeim málum sem þetta varðar og verði falið að hafa umsjón með hinum faglegu hliðum olíuleitar fyrir hönd Íslendinga. Hafi stofnunin jafnan yfirlit um stöðu þekkingar á landgrunni umhverfis Ísland frá sjónarmiði olíutilvistar eða annarra kolvetna og jarðefna í jarðlögum landgrunnsins. Yrði þetta eðlileg ráðstöfun þar sem Orkustofnun heyrir undir iðnaðar- og orkuráðuneytið og flestar ákvarðanir yrðu teknar á þeim vettvangi. Orkustofnun hefur auk þess á sínum snærum fræðilega þekkingu sem hagnýta mætti við túlkun mæliniðurstaðna. Olíuleitartækni yrði þannig auðvelt að byggja upp við hliðina á hlistæðri starfsemi sem nú er í gangi á Orkustofnun.“

7. Almenn skilyrði rannsóknaleyfa.

Hinn 31. janúar 1978 skilaði vinnuhópur sá er fjallaði um það á vegum iðnaðarráðuneytisins hvernig staðið skyldi að veitingum leyfa til setlagakönnunar tillögum til iðnaðarráðherra. Lagði dr. Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra greinargerðina síðan fyrir ríkisstjórnina.

8. Stefnumörkun, ríkisstjórnarályktun.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 30. maí 1978 var gerð eftirfarandi samþykkt varðandi rannsóknir orkulinda á íslensku yfirráðasvæði:

Ríkisstjórnin heimilar iðnaðarráðherra að veita leyfi til setlagarannsókna á landgrunni Íslands á grundvelli þeirra almennu skilyrða er fram komu í 2. kafla minnisblaðs frá 31. janúar 1978 sem lagt hefur verið fram í ríkisstjórninni. Umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins verði leitað hverju sinni."

9. Undirbúningur leyfisveitinga.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 30. maí 1978, fól iðnaðarráðherra formlega þeim mönnum, er starfað höfðu á vegum ráðuneytisins að þessum málum, að undirbúa leyfisveitingar til kannana á landgrunninu með tilliti til setlaga er kynnu að innihalda olíu, að annast samningaviðræður við fyrstu áhugaaðila og annað er nauðsynlegt kann að þykja í því sambandi, að gera tillögur um frekari skref eftir því, sem málin þróast. Skyldi vinnuhópurinn vinna að ætlunarverki sínu í samráði við þá aðila sem einstakir þættir málsins gæfu tilefni til.

10. Frumkönnun setlaga.

Fyrsti áfangi rannsóknar er, sem að framan segir, frumkönnun setlaga sem felur í sér mælingar gerðar frá skipi.

Á árinu 1971 heimilaði þáverandi iðnaðarráðherra, Jóhann Hafstein, Shell-olíufélaginu í Hollandi, mælingar á hafsbotninum við Ísland. Sérfræðileg viðskipti og umsjón væru þá falin Orkustofnun. Umfang mælinganna varð minna en efni stóðu til, um 300 km mælilína vestur af landinu.

Hinn 17. ágúst 1978 heimilaði iðnaðarráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical Co. að framkvæma slíkar rannsóknir. Hér var um að ræða bergmáls-, segul- og þyngdarmælingar frá skipi á fjórum línum norðan við landið, samtals 1100 km að lengd. Mælingarnar voru framkvæmdar í nóvember og desember 1978. Í umboði iðnaðarráðuneytisins var Orkustofnun falið að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum. Hafði hún um tíma eftirlitsmann, sérmenntaðan í jarðeðlisfræðum, um borð í skipinu og var það í samræmi við ákvæði leyfisins um að leyfishafa væri skylt að veita slíkum fulltrúa óhindraða aðstöðu til þess að fylgjast með öllum gangi rannsóknanna. Unnið var að mælingum í London á fyrri hluta árs 1979 og tók sérfræðingur Orkustofnunar þátt í allri úrvinnslu gagnanna. Í samræmi við skilmála leyfisveitingarinnar afhenti síðan rannsóknafyrirtækið iðnaðarráðuneytinu eintak af öllum gögnum og niðurstöðum könnunarinnar og var þeim öllum komið í vörslu Orkustofnunar.

11. Niðurstöður mælinganna 1978 um könnun á landgrunninu út af Norðurlandi.

Í könnuninni var mæld þykkt setlaga á sjávarbotninum norðan við landið á fjórum mælilínum að samanlagðri lengd 857 km. Þrjár af þessum línum lágu út frá ströndinni, en sú fjórða hornrétt þar á, nálægt brún landgrunnsins. Mælilínurnar voru lagðar í stórum dráttum samkvæmt tillögum frá Western Geophysical, en af íslenskri hálfu voru gerðar á þeim nokkrar breytingar með hliðsjón af upplýsingum sem aflað hafði verið með þyngdarmælingum á vegum Orkustofnunar á árunum 1972—1973, innan ramma rannsóknaráætlunar landgrunnnefndar.

Miðlínan út frá landinu (lína C) reyndist einna áhugaverðust með tilliti til setlaga. Þar kemur fram setlagalægð, um 200 km löng og með hámarksþykkt setlaga um 4000 metra. Sjávardýpi er þar hvergi meira en 400 metrar. Berggrunnurinn undir setlögunum er brotinn sundur sums staðar, og ná misgengi upp í setlögin stundum alveg upp í sjávarbotninn. Jarðlagaskipaninni á þessum stað svipar að sumu leyti til þess sem fundist hefur á öðrum stöðum í heiminum, þar sem kolvetni hafa safnast fyrir í setlögum.

Á hinum mælilínunum koma einnig fram setlög, en mjög misþykk, allt að 2000 metra þykk. Þessi rannsókn gefur þó aðeins mjög grófa hugmynd um dreifingu setlaga á landgrunninu norðan við landið.

12. Nefnd um hagnýtar setlagarannsóknir.

Með bréfi, dags. 4. september 1980, skipaði iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, nefnd til ráðgjafar um frekari undirbúning olíuleitar við Ísland og stefnumótun í því sambandi. Nefndin kom í stað áðurnefnds starfshóps er skipaður var með bréfi iðnaðarráðherra, Gunnars Thoroddsens, dags. 30. maí 1978. Í nefndina voru skipaðir: Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri, formaður, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri, varaformaður, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur, Guðmundur Magnússon verkfræðingur, dr. Guðmundur Pálmason forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, Jón Ólafsson haffræðingur og Þóroddur Th. Sigurðsson verkfræðingur. Ritari nefndarinnar var Karl Gunnarsson jarðeðlisfræðingur, Orkustofnun.

Verkefni nefndarinnar var að vinna að athugunum í sambandi við setlög og þá jafnframt könnun á vísindalegum möguleikum á kolvetnum á íslenska landgrunninu í samræmi við það sem sagði í stjórnarsáttmála um þetta efni:

„Haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda og í því sambandi gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða."

13. Frekari áform.

Rétt er að leggja á það áherslu að til þess að kolvetni finnist í berglögum þurfa bæði að vera fyrir hendi myndunarskilyrði, þ. e. lífrænar leifar, og geymsluskilyrði, þ. e. berg, sem geymt getur í sér kolvetnin í langan tíma. Af könnuninni 1978 og niðurstöðum hennar var ekki að vænta neinnar vísbendingar um það hvort hagstæð myndunarskilyrði fyrir kolvetni væru fyrir hendi. Ítarlegri jarðfræðilegar rannsóknir þarf að gera til að skera úr um þetta þar sem teknar væru með í myndina þær nýju upplýsingar sem þarna höfðu fengist.

Þótt ekki hafi fyrirfram verið vitað hvort um veruleg setlög væri að ræða á landgrunninu norðan við landið voru þó niðurstöðurnar ekki að öllu leyti óvæntar. Þyngdarmælingarnar, sem gerðar voru á árunum 1972—1973 á vegum Orkustofnunar, sýndu aflanga lægð í þyngdarsviðinu utan við mynni Eyjafjarðar og austur á Skjálfanda. Orsök hennar eru tiltölulega létt berglög. „Lína C" var lögð svo að suðurendinn næði yfir þyngdarlægðina og fékkst þannig staðfesting a því að setlög væru að öllum líkindum orsök hennar.

Setlagadalinn, sem kom fram í þyngdarmælingunum og kalla mætti Flateyjardal nyrðri því að Flatey situr á honum miðjum, var talið og er æskilegt að kanna betur með frekari rannsóknum.

Nefndin skilaði iðnaðarráðherra tillögu um umfangsmikla þriggja ára rannsóknaáætlun. Voru þær umfangsmestar á „Skjálfandadal" og frumrannsókn á suðurhluta Jan Mayenhryggjar og við landið. Það fór svo að ekki fékkst nema takmörkuð fjárveiting fyrir næsta ár samkv. fjárlögum þar eð veittar voru 20 millj. g. kr. til þessara mála. Eins og gefur að skilja nægði þessi fjárveiting ekki til þess að framkvæma nein meiri háttar áform.

14. Rannsóknir á Skjálfandasvæðinu 1981.

Þær athuganir, sem fé hrökk til, beindust að Skjálfandasvæðinu. Þannig voru sumarið 1980, að tilstuðlan nefndarinnar (NHH) þar sem Orkustofnun var framkvæmdaraðili, stundaðar jarðfræðirannsóknir í Flatey á Skjálfanda, Flateyjardal og við Húsavík. Athuganir þessar miðuðust við að auka vitneskju um syðri takmörk setlaga þeirra sem liggja undir hafsbotni undan Mið-Norðurlandi. Jarðfræðikönnun var gerð í Flatey og nærri Húsavík og athuguð mæligögn úr borholum við Húsavík. Þyngdarmælingar fóru fram í Flatey og Flateyjardal og umhverfis Húsavíkurkaupstað. Nokkrar segulmælingar voru einnig gerðar í Flatey.

Athuganir þessar bentu til þesss að líkur væru á að setlögin, sem einna þykkust eru úti fyrir mynni Eyjafjarðar, en ná austur á Skjálfandasvæðið, væru einnig undir Flatey. Þannig

gáfu þessar athuganir vísbendingu um að skynsamlegt væri að bora í Flatey til þess að kanna nánar undirstöðu eyjarinnar og þau setlög sem þar væri að finna.

15. Rannsóknaborun (grunnborun) í Flatey á Skjálfanda 1982.

Að tilstuðlan nefndarinnar (NHH) fól svo iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, Orkustofnun framkvæmd sérstakrar rannsóknaborunar í Flatey á Skjálfanda sumarið 1982 til þess að kanna hugsanleg setlög sem framangreindar mælingar bentu til að væri að finna undir eyjunni.

16. Niðurstöður. Staðfest tilvist setlaga.

Fyrstu niðurstöður kjarnaholuborunarinnar í Flatey árið 1982 lágu fyrir í ársbyrjun 1983. Borunin staðfesti þá tilgátu, sem sett hafði verið fram, að undir Flatey væri að finna allþykk setlög, en borholan var hins vegar langt frá því að vera nægilega djúp til þess að ganga úr skugga um heildarþykkt þeirra. Engar vísbendingar um kolvetni fundust í borkjörnum og setlögin virtust ekki sérlega líkleg til myndunar eða geymslu olíu, en þörf er talin á frekari rannsóknum svo fullyrða megi um það.

Sem stendur er unnið að áframhaldandi rannsóknum á borkjörnum í því skyni að varpa ljósi á myndunarsögu jarðlaganna og hverjar líkur kunni að vera á kolvetnamyndun á meira dýpi. Til að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögunum þar nyrðra þarf að bora niður fyrir 2000 metra dýpi. Samkvæmt fyrri vísbendingum gætu setlögin þarna verið um 4000 metra þykk. Rannsóknarholan var hins vegar 554 metra djúp og ekki voru tök á með þeim búnaði, sem fyrir var, að ná lengra niður.

17. Áform um rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum.

Í samningi Íslands og Noregs, sem undirritaður var 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen og gekk í gildi 2. júní 1982, er ákveðið að Ísland og Noregur skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til komi.

Í 2. og 3. gr. samningsins er nánar getið um framkvæmd fyrsta stigs kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar sem fram á að fara á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Norðmenn skulu kosta forrannsóknir á hafsbotninum en skipulag í höndum beggja aðila sameiginlega. Þótt Norðmenn komi til með að bera kostnað þurfa Íslendingar að gera ráð fyrir ýmsum atriðum og kostnaði, svo sem vegna forvinnu framkvæmdar og úrvinnslu rannsóknanna o. fl.

Í desembermánuði 1981 ræddi formaður NHH við forsvarsmann norsku olíustofnunarinnar í Stavanger um þessi mál og í janúar 1982 kom aðstoðarforstjóri stofnunarinnar hingað til Reykjavíkur á viðræðufund NHH um þessi mál.

Í apríl 1983 fól iðnaðarráðherra sérstaklega tveim forsvarsmönnum NHH að eiga viðræður í Stavanger við forsvarsmenn norsku olíustofnunarinnar um fyrsta stig kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar þeirrar á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen sem getið er í 2. og 3. grein framangreinds samnings. Á fundinum var rætt allítarlega og ákveðið hvernig tengslum aðila yrði háttað meðan á samvinnu stæði.

Í ofangreindum umræðum við olíustofnunina norsku var af hálfu fulltrúa iðnaðarráðherra kveðið á um það að hinn íslenski tengslaaðili við olíustofnunina, að því er tekur til framkvæmdaatriða þessara rannsókna, verði Orkustofnun. Munu sérfræðingar Orkustofnunar og olíustofnunarinnar fjalla nánar um einstaka framkvæmdaþætti.

Stefnt er að því af hálfu beggja aðila að framkvæmd setþykktarmælinganna á Jan Mayen-hryggnum geti farið fram sumarið 1985.

Nefndin um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir hætti svo störfum hinn 31. desember 1983 skv. bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 19. desember 1983.

18. Aðstaða til hafsbotnsrannsókna hjá Orkustofnun.

Í samræmi við tillögu landgrunnsnefndar frá 1976 og síðari starfsemi á vegum iðnaðarráðuneytisins, NHH, hefur verið unnið að því að koma upp hjá Orkustofnun sérhæfðri aðstöðu til hafsbotnsrannsókna með orkulindir sérstaklega í huga. Faglega séð er slík starfsemi náskyld þeirri sem þegar er fyrir hendi hjá stofnuninni vegna jarðhitarannsókna. Sérfræðileg þekking, sem byggð hefur verið upp vegna jarðhitaleitar og rannsókna, nýtist þannig einnig við rannsóknir á hafsbotninum kringum landið.

Nú er verið að koma upp tölvuvæddu gagnasafni yfir allar rannsóknir sem gerðar hafa verið til þessa og snerta gerð hafsbotnsins á íslensku yfirráðasvæði. Eru slík gögn að talsverðu leyti fengin frá erlendum rannsóknastofnunum. Þess er að vænta að með þessu fáist gott yfirlit um þekkinguna á þessu sviði er nýta megi til stefnumörkunar um frekari rannsóknir, m. a. á Jan Mayen-hryggnum.

19. Löggjöf um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Þrátt fyrir ýmis gildandi lagaákvæði og samninga er landgrunnið ekki eign ríkisins í skilningi opinbers réttar. Hins vegar er það hluti af ríkissvæðinu, þannig að strandríkið hefur ríkisyfirráð varðandi allar rannsóknir og nýtingu auðlinda þess. Í þessu felst að enginn má rannsaka eða nýta auðlindir landgrunnsins án skýlauss leyfis strandríkis.

Þegar mál þessi öll eru skoðuð í ljósi framþróunarinnar er ljóst að nauðsynlegt er að setja skýrari ákvæði um heimildir ríkisins til nýtingar þeirra auðæfa sem á og í hafsbotninum kunna að vera. Ekki er útilokað að á og í hafsbotninum á íslensku yfirráðasvæði sé að finna verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja hið fyrsta lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Fyrir því var samið innan vébanda nefndar iðnaðarráðuneytisins um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir frumvarp til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Í frumvarpi þessu er einungis fjallað um lífrænar og ólífrænar auðlindir á og í hafsbotninum en ekki lífverur. Málum varðandi nýtingarrétt á lífríki sjávar verður hins vegar að skipa með sérstökum lögum, og því var ekki fjallað um þau á vettvangi iðnaðarráðuneytisins. Haft var samráð við þáverandi forsætisráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, og utanríkisráðherra, Ólaf Jóhannesson, og frumvarpið hafði áður verið borið undir m. a. dr. Gunnar G. Schram prófessor sem taldi að hér væri um gagnlegt og tímabært frumvarp að ræða. Frumvarp þetta var lagt fram af þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, á síðasta þingi, 105. löggjafarþingi og varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fyrir efri deild Alþingis hinn 16. desember 1982. Núverandi ríkisstjórn hefur samþykkt, að tillögu Sverris Hermannssonar iðnaðarráðherra, að leggja umrætt frumvarp aftur fyrir Alþingi með fyrirvara um samþykki þingflokka stjórnarinnar þar sem frumvarpið er enn til afgreiðslu.

Nd. 468. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á allmörgum fundum svo og fylgifrumvarp þess, 160. mál. Sérfræðingar og embættismenn voru kallaðir á fund nefndarinnar til þess að gefa

upplýsingar. Umsagnir og álitsgerðir hagsmunasamtaka launþega og atvinnulífsins lágu fyrir nefndinni.

Málið hefur fengið rækilega athugun og mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. mars 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorsteinn Pálsson, frsm.

Friðrik Sophusson. Halldór Blöndal.

Nd. 469. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um frádrátt á skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið svo og 159. mál sem flutt er í tengslum við þetta mál. Fyrir nefndina hafa komið embættismenn og sérfræðingar til þess að gefa upplýsingar. Álitsgerðir og umsagnir hagsmunasamtaka launþega og vinnuveitenda hafa legið fyrir nefndinni.

Meiri hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur á þskj. 470 við 11. gr. frv.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með framangreindri breytingu.

Alþingi, 19. mars 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorsteinn Pálsson, frsm.

Friðrik Sophusson. Halldór Blöndal.

Nd. 470. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GE, ÞP, FrS, HBl).

Við 11. gr. Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr.:

a) Í stað „10 000 000 kr.“ komi: 5 000 000 kr.
b) Í stað „100“ komi: 50.

Ed. 471. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]

fyrir árið 1984.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 451 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

35. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar bændum vegna ótíðar sumarið 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

36. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 472. Frumvarp til laga [255. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Upphaf síðustu mgr. 14. gr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 24 180.

2. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 15 156
Með tveimur börnum	kr. 39 708
Með þremur börnum eða fleiri	kr. 70 428

3. gr.

1. og 2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 29 084 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 56 736 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 29 084 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbærir eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 1 422 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

4. gr.

Síðasta mgr. 19. gr. orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkana samkv. þessari grein, þar á meðal nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar og uppbóta skv. 3. og 4. málsgrein. Tekjufjárhæðir í 1. mgr. miðast við tekjur árið 1982. Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

5. gr.

Síðasta mgr. 51. gr. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar.

6. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um almannatryggingar er samið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún beiti sér fyrir úrbótum til handa þeim sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum bóta almannatrygginga og tengist þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar samningum þeim, sem nýlega voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Það er samkomulag um það milli ríkisstjórnarinnar og þeirra aðila sem hér hafa verið nefndir, að úrbótum handa þeim hópum sem hér um ræðir, verði best náð með sérstakri hækkun barnalífeyris, mæðra- og feðralauna, hækkun tekjutryggingar lífeyrisþega almannatrygginga, hækkun frítekjumarks og lækkun skerðingarprósentu, hækkun heimilisuppbótar og „vasapeninga“ til aldraða og öryrkja.

Almenn hækkun grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega er gerð með reglugerð, svo og hækkun „vasapeninga“ aldraða, en aðrar breytingar sem hér hafa verið nefndar, verður að gera með breytingu á lögum um almannatryggingar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að óendurkræfur barnalífeyrir verði hækkaður úr kr. 1 615,00 á mánuði í kr. 2 015,00, eða að árlegur barnalífeyrir verði nú 24 180,00 kr. á ári.

Það er gert ráð fyrir því að meðlagsgreiðslur fylgi þessum greiðslum, svo sem verið hefur, enda þótt lög um almannatryggingar geti ekki um það.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að mæðralaun/feðralaun hækki þannig:

Með einu barni	úr kr.	513,00 í kr.	1 263,00 á mán.
Með tveimur börnum	úr kr.	1 809,00 í kr.	3 309,00 á mán.
Með þremur börnum	úr kr.	3 619,00 í kr.	5 869,00 á mán.

Í greininni eru mæðralaunin færð upp sem ársgreiðsla miðað við þessar upphæðir.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir breytingu á uppbót á lífeyri, svokallaðri tekjutryggingu, og er gert ráð fyrir að tekjutryggingin hækki úr 3 861,00 kr. á mánuði í 4 728,00 kr., eða 22.5%.

Með reglugerðarbreytingu er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir, þ. e. grunnlífeyrir, hækki um 7%, þannig að heildarhækkun grunnlífeyris og tekjutryggingar verður því 15.5%, samkvæmt þessari grein og reglugerð um hækkun bóta.

Þá er í greininni gert ráð fyrir að hafi bótaþegi tekjur umfram 29 084,00 kr. á ári, þá skerðist uppbót nú um 45% þeirra tekna, sem umfram það eru, en áður var gert ráð fyrir 55% skerðingarmarki.

Þá er gert ráð fyrir að hjónalífeyrir verði hlutfallslega óbreyttur og að tekjuhugtakið sé óbreytt frá því sem nú er.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilisuppbót hækki um 10% og verði 1 422,00 kr. á mánuði.

Um 4. gr.

Greinin gerir ráð fyrir breytingu á lokamálsgrein 19. gr. og er sett til að taka af allan vafa um tekjufjárhæðir í 1. málsgr.

Um 5. gr.

Sú breyting sem gerð er á greininni er gerð í lokamálsgrein, en þar er gert er ráð fyrir að heimildin miðist við 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar þegar ákveðnir eru „vasapeningar", en áður takmarkaðist heimildin við lágmarkslífeyri.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út kostnað vegna hækkana útgjalda almannatrygginga samkvæmt þessu frumvarpi og þeim reglugerðum, sem hér er til vitnað, og er sú áætlun þannig:

	Kostnaður m. kr.	
	Á ári	1984
1. Almenn hækkun 7%	134	112
2. Sérstök hækkun tekjutryggingar 14.5%	110	92
3. Breyting skerðingarákvæða	22	11—22
4. Sérstök hækkun barnalífeyris, mæðralauna, heimilisuppbótar og vasapeninga	77	64
	343	279—290

Nd. 473. Frumvarp til laga [256. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.

5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðunum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg.

5.3. Hver svæðisstjórn skal fyrir 1. október ár hvert hafa gert tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár, og skal þá þegar senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum tillöguna til umfjöllunar.

5.4. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 15. október ár hvert hafa sent hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár ásamt áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu.

5.5. Tillögur heilbrigðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvers sveitarfélags.

5.6. Heimilt er svæðisstjórnum skv. 11. gr. að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 2. gr., tl. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

2. gr.

17. gr. l. tl. orðist svo:

17.1. Stofnuninni skal skipt í fjórar deildir:
Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og geislavarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.

3. gr.

17. gr. 4. tl. orðist svo:

17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnarreglugerðar, sbr. 3. gr. 2. tl.
Mengunarvarnir annast ennfremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir megunarvarnir.
2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna eftir nánari ákvörðun stjórnar.

4. gr.

Við 17. gr. bætast nýir töluliðir er verði 5. og 6. töluliður og orðist svo:

17.5. Geislavarnir hafa yfirumsjón með starfsemi geislavarnaeftirlits skv. lögum nr. 95/1962 með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

17.6. Ráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnuunarinnar, sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu og fyrir sérhæft eftirlit, sem stofnuninni er falið að annast samkv. ákvörðun ráðherra, sbr. 13. gr. 4. tl. Skal upphæð slíkra gjalda við það miðuð að þau standi undir allt að helmingi kostnaðar við hverja tegund rannsóknar eins og hann er áætlaður í upphafi hvers árs.

5. gr.

Upphaf 19. gr. orðist svo:

19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.

6. gr.

Við 19. gr. 1. tl. bætist nýr liður er verði 4. liður og orðist svo:

19.1.4. Forstöðumaður geislavarna skal hafa háskólamenntun á sviði eðlisfræði og sérþekkingu og reynslu á sviði geislavarna.

7. gr.

Málsliðurinn: „Áfengisvarnaráð skv. lögum nr. 82/1969“ í 21. gr. 1. tl. falli niður.

8. gr.

34. gr. orðist svo:

34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem stofnuninni er ekki kleift að annast þær og fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að lokinni staðfestingu skulu þau felld inn í meginmál laga nr. 50/1981 og gefin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, var á vissan hátt brotið í blað í sögu heilbrigðiseftirlits hér á landi. Lögin leggja miklu ríkari skyldur á sveitarfélögin til þess að sinna þessu eftirliti en áður og eru öll sveitarfélög landsins eftirlitsskyld og undir eftirlit heilbrigðisfulltrúa sett. Hefur þetta í för með sér aukin fjárútlát sveitarfélaganna, sérstaklega þeirra, sem ekki bar skylda til að hafa þetta eftirlit með höndum áður.

Engar sérstakar tekjur eru þó ætlaðar til þess að mæta þessum kostnaði og reynslan hefur sýnt að erfiðleikum er bundið að fá sveitarfélögin til þess að sinna þessari lögboðnu skyldu og er borið við skorti á fé.

Í nágrannalöndunum, nú síðast Noregi og Svíþjóð, hefur verið mótuð sú stefna að láta eftirlitsskylda starfsemi bera a. m. k. helming kostnaðar við eftirlitið með sérstökum eftirlitsgjöldum. Stofnanir ríkisins hér á landi, sem fara með sérhæft eftirlit sem oft er í sjálfu sér einfaldara en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna og oft aðeins bundið við eina skoðun á ári, hafa flestar ef ekki allar heimildir til gjaldtöku þ. e. a. s. í búningi eftirlitsgjalda. Má hér nefna Vinnueftirlit ríkisins og Rafmagnseftirlit ríkisins en í fjárveitingum til þessara stofnana er gert ráð fyrir því að sértekjur standi undir verulegum rekstrarkostnaði. Engin ástæða er til að annað gildi um heilbrigðiseftirlitið. Erfitt er að færa rök fyrir því, svo dæmi sé tekið, að lítið iðnfyrirtæki, sem skoðað er einu sinni á ári skuli frekar gert að greiða skoðunargjald heldur en matvælafyrirtæki, sem framleiðir viðkvæm matvæli og skoðað er ekki sjaldnar en þriðja hvern mánuð. Þannig er það í reynd. Er því ekki óeðlilegt að sveitarfélögin spyrjist fyrir um fjáröflunarleiðir.

Við gildistöku laga nr. 50/1981 runnu saman í eina stofnun, Hollustuvernd ríkisins, þrjár áður sjálfstæðar stofnanir, þ. e. a. s. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins. Auk þess tók stofnunin við öðrum verkefnum, sem ekki skulu tíunduð hér. Skiptist stofnunin í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og

mengunarvarnir og hefur hver deild sinn forstöðumann. Mengunarvörnum er samkv. lögunum m. a. ætlað að sjá um geislavarnaeftirlit í samræmi við lög nr. 95/1962, um ráðstafanir gegn jónandi geislum o. fl., þ. e. a. s. þá starfsemi sem Geislavarnir ríkisins önnuðust áður eða frá því reglugerð var fyrst sett um þá stofnun í kjölfar laganna 1962. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hentar ekki. Stjórn Hollustuverndar ríkisins gerði þegar á miðju ári 1982 sérstaka samþykkt um þennan þátt vegna sérstöðu hans með það fyrir augum að hann yrði rekinn sem sjálfstæðastur og var ráðinn sérstakur deildareðlisfræðingur til þess að annast starfsemina. Auk þessarar sérstöðu er gert ráð fyrir því að innheimt séu sérstök eftirlitsgjöld varðandi geislavarnaeftirlitið, sem standa eigi undir eftirlitinu og skuli þar með renna til þess. Vandkvæði eru á slíku þegar starfsemin er aðeins hluti af starfsemi stærri deildar. Með skírskotun til ofanritaðs hefur komið fram tillaga um að gera geislavarnir sem sjálfstæðastar á nýjan leik og er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að geislavarnir starfi sem sérstök deild innan stofnunarinnar, þannig að deildir yrðu fjórar og forstöðumenn fjórir. Það er mat ráðuneytisins að þessi breytta skipan eigi ekki að hafa í för með sér kostnaðarauka enda verður að því keppt í ríkari mæli en áður að eftirlitsgjöldin standi undir rekstrinum, en hér er einkum um að ræða eftirlit með röntgentækjum, t. d. hjá tannlæknum.

Samkvæmt gildandi lögum er Hollustuvernd ríkisins ekki heimilt að taka gjöld vegna veittrar þjónustu eða vegna sérhæfðra eftirlitsstarfa, nema þar sem geislavarnir eigi í hlut og þá samkv. lögum nr. 95/1962, sem áður eru nefnd. Sú þjónusta, sem hér um ræðir er fyrst og fremst rannsóknir á matvælum, þ. m. t. neysluvatni fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna. Hið sérhæfða eftirlit, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst eftirlit með mengunarvarnarbúnaði við verksmiðjur landsins t. d. Álversins í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga o. fl. Um réttmæti þess að taka gjald fyrir ofangreint má í sjálfu sér vísa til þeirra röksemda, sem fram koma hér að framan varðandi gjaldtöku hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna. Því er við að bæta að mjög erfiðlega hefur gengið að fá fé á fjárlögum til þess að standa undir t. d. matvælarannsóknum. Skilningur á mikilvægi þessarar þjónustu virðist af skornum skammti og er reyndar helst að finna, þá eitthvað bjátar á, en sem betur fer hefur sjaldan gerst og ræður þar eflaust mestu slembilukka. Á yfirstandandi ári er viðbúið að fækka þurfi rannsóknum á matvælasýnum um allt að 30%, komi ekki til aukið fé. Þar sem ekki virðist fýsilegt að leita þess í ríkiskassanum er ekki óeðlilegt að þeim, sem njóta þjónustunnar verði gert að standa undir kostnaðinum að hluta til. Í þessu tilviki yrðu það fyrst og fremst sveitarfélögin en það fer eftir því hversu miklum fjármunum stofnunin hefur sjálf úr að spila auk þess sem sveitarfélögin væru áður búin að innheimta fé hjá eftirlitsskyldum aðilum, sbr. það sem segir áður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur fullan hug á því að kippa þessum málum á klakk og vill jafnframt nota tækifærið til þess að breyta örfáum atriðum, sem betur mættu fara í lögunum að fenginni reynslu. Fyrir því er frumvarp þetta fram komið. Frumvarpið er flutt í samráði við samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn og yfirmenn Hollustuverndar ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin er fólgin í því að kveða á um heimildir fyrir svæðisstjórnir heilbrigðiseftirlits til gjaldtöku af eftirlitsskyldri starfsemi sbr. nánar 2. gr. laganna. Sú starfsemi, sem hér um ræðir er t. d. gistihús, matsölustaðir, veitingastaðir, verslanir, rakarastofur, nuddstofur og yfirleitt öll starfsemi sem þarfnast leyfis heilbrigðiseftirlitsins í héraðinu. Gert er ráð fyrir að eitt og hið sama gildi á öllu eftirlitssvæðinu en þau eru samkv. lögunum 11 í landinu. Væri ekki óeðlilegt að á þennan hátt næðust inn fjármunir er stæðu undir a. m. k. helmingi

kostnaðar en kostnaður fer vitanlega mjög eftir því hversu þörfin fyrir eftirlitið er mikil. Ástæðan fyrir því að svæðisstjórnum er fengin þessi heimild en ekki sveitarstjórnum er fyrst og fremst sú að tryggja það að gjaldheimta komi eftirlitinu beint til góða, milliliðalaust. Auk þess liggja að baki hagræðingarsjónarmið vegna uppbyggingar eftirlitsins í landinu.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um deildir stofnunarinnar og að þær verði fjórar í stað þriggja, sbr. það sem segir áður um stofnun sérstakrar geislavarnadeildar. Til álita kom að kveða á um að hver deild skyldi rekin sem sjálfstæð rekstrareining og fjárveitingar til deilda aðskildar, ekki síst vegna þess að geislavarnir og ef 4. gr. nær fram að ganga einnig rannsóknastofa, munu reknar af sértekjum að hluta til. Horfið var frá þessu þar sem talið er nægjanlegt að viðfangsefnaskipta starfseminni á fjárlögum.

Um 3. gr.

Starfsemi geislavarna sem sérstakrar deildar kallar á breytingar á ákvæðunum um mengunarvarnadeildina.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um starfsemi geislavarna sem sérstakrar deildar.

Ennfremur er hér að finna ákvæði um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins og fyrir sérhæft eftirlit, sbr. það sem segir hér að framan.

Um. 5. og 6. gr.

Helst í hendur við starfsemi geislavarna innan Hollustuverndar ríkisins sem sérstakrar deildar.

Um 7. gr.

Í 21. gr. 1. tl. er m. a. gert ráð fyrir því að Áfengisvarnaráði skuli sköpuð aðstaða innan Hollustuverndar ríkisins og vinna í nánu samstarfi við hana. Í upphaflegu frumvarpi var ennfremur gert ráð fyrir því í ákvæðum til bráðabirgða að stefnt skyldi að því á næstu árum að fella starfsemi ráðsins undir Hollustuvernd ríkisins með breytingum á þeim lögum, sem um áfengisvarnir fjalla. Þetta var fellt út að beiðni ráðsins og þjónar því engum tilgangi að hýsa það í Hollustuvernd ríkisins eins og eiturefnanefnd og manneldisráð, sem stefnt skal að innfellingu á í stofnunina.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að Hollustuvernd ríkisins sé ekki skylt að annast aðrar rannsóknir en þær sem hún getur sjálf, nema til komi sérstakar fjárveitingar á fjárlögum. Þær rannsóknir, sem hér um ræðir, eru fyrst og fremst efnarannsóknir matvæla, en þrátt fyrir að lög hafi staðið til þess í sjö ár að reist skyldi slík rannsóknastofa hefur það ekki náð fram að ganga. Nauðsynlegt er að kveða upp úr varðandi þetta atriði, þar sem mörg sveitarfélög hafa einblínt á þá skyldu ríkisins að annast allar rannsóknir á matvælum á ríkisins kostnað, en ákvæði þess efnis er að finna í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neysluog nauðsynjavörum. Ráðuneytið hefur ekki fallist á ótvírætt gildi þessa ákvæðis vegna síðar tilkominna laga og þess að fjármunir hafa verið af skornum skammti en vill eigi að síður taka af öll tvímæli.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 474. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta og fylgifrumvarp þess, 159. mál, fela í sér lækkun tekjuskatts í þágu þeirra sem eiga og reka fyrirtæki eða fjárfesta í atvinnurekstri. Engar upplýsingar hafa fengist við meðferð málsins um tekjutap ríkissjóðs. Undirritaður telur það því óverjandi með öllu að afgreiða frumvarp þetta eins og það liggur hér fyrir og leggur til að það verði fellt.

Ljóst er að tekjutap ríkissjóðs af samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér aukinn halla í ríkisbúskapnum. Minni hl. telur eðlilegra að nýta svigrúm ríkissjóðs, ef eitthvert er, til þess að bæta félagslega þjónustu. Má í þessu sambandi minna á margs konar félagsleg framfaramál sem ríkisstjórnin stöðvar nú með skírskotun til mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð. Á sama tíma er fellt niður álag á ferðamannagjaldeyri og um leið eru skorin stórlega niður framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Frumvarpið er liður í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að færa fjármuni frá fólki til fyrirtækja. Ekki er á vísan að róa með ávinning af samþykkt frumvarpsins. Ríkisstjórnin fullyrðir að samþykkt þess muni fjölga stórlega atvinnutækifærum, en það verður að draga í efa að verði. Miklu fremur er líklegt að frumvarpið hygli þeim fjármagnseigendum, sem fyrir eru, án þess að það hafi í för með sér fleiri störf.

Það kom fram við meðferð málsins í neðri deild að formaður Félags endurskoðenda taldi mjög erfitt að vinna eftir þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpi þessu og skattstjórinn í Reykjavík gagnrýndi ýmsa þætti þess þar sem þeir væru erfiðir, dýrir og flóknir í framkvæmd. Þá kom enn fram að starfsmenn fjármálaráðuneytisins geta enga mynd gert sér af því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir.

Undirritaður vísar að lokum í þskj. 355 þar sem er að finna nefndarálit minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar um þetta mál, þeirra Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Ragnars Arnalds og Eiðs Guðnasonar. Ályktun þessa nefndarálits verður hin sama, eða sem hér segir:

„Frumvarpið var sent Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umsagnar. Hvor tveggja samtökin hafa svarað og lýst yfir andstöðu sinni við frumvarpið. Umsagnir ASÍ og BSRB eru birtar hér sem fylgiskjöl.

Í lokaorðum umsagnar miðstjórnar ASÍ, sem samþykkt var einróma á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 2. febr. s. l., segir:

„Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni.“

Hér er komið að kjarna málsins. Við undirritaðir nefndarmenn fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar teljum að miklu brýnna væri að **bæta kjör lágtekjufólks** með breytingum á skattalögum fremur en að veita atvinnurekendum enn frekari skattfríðindi. Við leggjum því til að frumvarp þetta verði fellt.“

Alþingi, 20. mars 1984.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
form. Eyjólfur Konráð Jónsson
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík.

Reykjavík, 3.2. 1984.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt einróma á fundi miðstjórnar ASÍ 2. febr. 1984:

„Alþýðusamband Íslands þakkar það tækifæri sem því er gefið til að segja álit sitt á framlögðum frumvörpum um tekju- og eignarskatt og frádrátt vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Ríkisstjórninni hefur með markvissum aðgerðum tekist að fjarlægja fjórða hluta kaupgetu almenns launafólks. Í framhaldi af þeim drjúga árangri hefur verið ákveðið að auka skattbyrði tekjuskatts og útsvars um nálega 1½% tekna á þessu ári.

Atvinnureksturinn nýtur hinna lágu launa enda hefur afkoma í flestum greinum, utan sjávarútvegs, sjaldan verið betri. Til að styrkja fyrirtækin enn frekar eru nú til umræðu tillögur um hækkun afskriftarhlutfalla, skattfrelsi fjárfestingar í atvinnurekstri, arðs af hlutabréfum og fjár sem notað er til hlutafjárkaupa. Starfsmönnum skal einnig heimilt með skattfrelsi að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá, í þeim fáu tilfellum þar sem slík bréf kunna að vera til sölu. Til að tryggja að slík starfsmannafjárfesting fari ekki í rangan farveg er stjórn viðkomandi hlutafélaga tryggður fulltrúi í stjórn þess starfsmannasjóðs sem hlutabréfin kaupir.

Greinilegt er að umrædd frumvörp eru skýrt og markvisst framhald af fyrri ákvörðun stjórnvalda um tilflutning fjár í þjóðfélaginu. Stefnan hvílir öll á þeirri forsendu að fátækur maður, sem fær fé í hendur, sé líklegur til að nýta það í mat, klæði eða annað það sem þjóðfélaginu verður að litlu gagni. Sá ríki, sem lifir í vellystingum praktuglega, sé líklegri til að veita því í þjóðfélagslega nytsama framkvæmd.

Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni."

Virðingarfyllst,
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal II.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Reykjavík, 7. febr. 1984.

Stjórn B.S.R.B. hefur verið sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum, og frumvarp til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Í því sambandi ályktar stjórn B.S.R.B. eftirfarandi:

Í þeim kjarasamningaviðræðum, sem nú standa yfir, hefur B.S.R.B. lagt sérstaka áherslu á kjör hinna lægst launuðu, sbr. 1. lið kröfugerðar B.S.R.B. dags. 10. jan. 1984, sem hljóðar svo:

„Þegar í stað verði bættur hlutur þeirra, sem við lökust kjör búa, og við það miðað að enginn hafi dagvinnulaun undir 15 þúsund krónum á mánuði. Hluti kjarabóta að þessu

marki mætti felast í breytingum án beinnar hækkunar launastigans, t. d. hröðun uppfærslu sérstaklega milli lægstu launaflokka B.S.R.B., hækkun barnabóta og tekjutryggingar lífeyrisþega, neikvæðum tekjuskatti og hækkun skattleysismarka við álagningu tekjuskatts og útsvars.“

Eins og hér kemur fram telur B.S.R.B. að eins megi bæta kjör hinna lægst launuðu í gegnum breytingar á skattbyrði, þ. m. t. aukning neikvæðra skatta eins og með beinum kauphækkunum. Til að ígildi kröfunnar um 15 þúsund króna lágmarkslaun rúmist innan skattleysismarka miðað við árið 1983 og kaupmátt 15 þúsund í september s. l. þyrftu skattfrelsismörk að hækka verulega.

Leggur B.S.R.B. áherslu á að hlutur láglaunafólks verði stórlega bættur með frumvörpum þessum, en frumvörpin stefna í gagnstæða átt. Frumvörpin eru augljóslega sniðin með það í huga að létta skattbyrði atvinnurekenda og því telja stjórnvöld greinilega svigrúm fyrir hendi hjá ríkissjóði sem ætti fremur að verja til að gera stórátak í málefnum láglaunafólks.

Þá eru í frumvarpi til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri nýmæli um starfsmannasjóði. I 13. gr. frumvarpsins kemur fram að opinberir starfsmenn eru þarna undanskildir.

Stjórn B.S.R.B. vill taka fram að hún telur starfsmannasjóði almennt mjög athyglisverða sem hluta úrlausna í atvinnu- og efnahagsmálum. Á hinn bóginn er það form þeirra, sem fram er sett í frumvarpinu, of þröngt og alls ófullnægjandi. Bandalagið er því andvígt frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst.
F. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,
Kristján Thorlacius.

Sþ. 475. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um tengsl fræðslukerfis og atvinnulífs.

Flm.: Tómas Árnason, Ólafur Jóhannesson, Jón Sveinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvernig unnt er að tengja fræðslukerfið, einkum Háskóla Íslands, við atvinnulíf landsmanna framar því sem nú er.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa helstu atvinnuvegir þjóðarinnar, svo sem sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður, verslun og þjónusta tekið flókna véltækni í þjónustu sína, þ. á m. margbrotnar og vandmeðfarnar tölvur, og er ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. Því er augljóst að atvinnulífið kallar í vaxandi mæli á aukna starfskunnáttu og þekkingu á því er varðar meðferð, gæslu og viðhald hinna flóknustu véla og vélbúnaðar af ýmsu tagi. Því er eðlilegt að spurt sé: Er þjóðin nægilega vel að sér í þessum greinum? Hefur fræðslukerfið fylgt þróuninni nægilega vel eftir? Eða er ástæða til að endurskoða tengslin milli fræðslukerfisins og þarfa atvinnulífsins? Er fræðslukerfið nægilega aðlagað brýnustu þjóðfélagsþörfum? Þessum spurningum og mörgum fleirum þarf að svara.

Reyndar er þörf á því að efla verkmenntun og starfskunnáttu á fleiri sviðum en þeim sem sérstaklega snerta vélbúnað og tækni. Margs konar önnur menntun og starfsþjálfun

getur komið atvinnulífinu að gagni. Þar á meðal er brýnt að efla hönnunarmenningu þjóðarinnar, þjálfun sölumanna, stjórnunarfræði og fleiri greinar hagnýtrar verkmenningar. Og síst ber að vanmeta nauðsyn skipulegrar þjálfunar starfsmanna í fyrirtækjum, enda nauðsynlegt að efla verkmenntun þjóðarinnar á öllum stigum starfsskiptingar atvinnulífsins, en ekki á hinum hærri þrepum einum saman. Slík rækt við almenna verkmenntun mun leiða af sér trausta verkmenningu þjóðarinnar og gera hana hæfari til stórra átaka í arðbærri framleiðslu af ýmsu tagi.

Viðurkenna ber að fræðslukerfið hefur um margt leitast við að fylgjast með tímanum, og ýmislegt hefur verið vel gert í þessum efnum. Margir sérskólar starfa á tæknisviðum og búa nemendur undir vandasöm störf í þágu atvinnuveganna. Má þar nefna Vélskóla Íslands, stýrimannaskólana, Tækniskólann, búnaðarskólana, og þar með búnaðarháskólann á Hvanneyri, iðnskólana, Fiskvinnsluskólann og ýmsa fjölbrautaskóla með brautir á véla- og tæknisviði. Útgerðartækni hefur að vísu verið kennd við Tækniskólann síðustu 6—7 ár, en annars hefur kennslu í sjávarútvegsgreinum lítið verið sinnt til þessa á æðsta stigi fræðslumála. Sama má segja um iðnaðinn. Rétt er að geta þess að fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, skipaði nefnd undir forystu Valdimars Kr. Jónssonar prófessors á grundvelli þingsályktunartillögu frá Guðmundi Karlssyni til þess að gera tilllögur um að koma á fót kennslu í sjávarútvegsgreinum við Háskóla Íslands. Þessi nefnd hefur skilað áliti og er það til umfjöllunar hjá ráðuneyti, samtökum sjávarútvegsins og fleiri aðilum. Þá er þess að minnast að á síðasta ári var ráðinn endurmenntunarstjóri við Háskóla Íslands og hefur hann staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Iðntæknistofnun hefur einnig í undirbúningi námskeið fyrir unga menn sem gegna vandasömum störfum í iðnaði.

Allt er þetta virðingarvert. Eigi að síður er nauðsynlegt að einbeita sér að því að kanna gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að tengja fræðslukerfið enn nánar beinum þörfum atvinnulífsins og stuðla sem verða má að því að skólanemendur undirbúi sig beint til starfa hjá aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, en fjarlægist þá ekki. Víðtæk verkmenntun er grundvöllur að efnalegri velferð þjóðarinnar og mikilvægt atriði í menningu hennar yfirleitt. Alkunna er að traust atvinnulíf er forsenda „gróandi þjóðlífs“ og öflugrar menningarstarfsemi.

Nd. 476. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Fram kom á nefndarfundi að ráðherra hagstofumálefna muni gefa yfirlýsingu við aðra umræðu málsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt og stendur saman að nefndaráliti. Einstakir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara.

Alþingi, 20. mars 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.
Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.
Þorsteinn Pálsson.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.
Halldór Blöndal.

Nd. 477. Frumvarp til laga [258. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, eyðijörðina Írafell fyrir það verð sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði. Landnám ríkisins keypti jörðina Írafell 21. febrúar 1956 og var kaupsamningi þinglýst 28. nóvember 1957.

Seljendur jarðarinnar voru synir Kristbjargar Jónsdóttur sem var síðasti ábúandi jarðarinnar. Jörðin var í ábúð hennar til ársins 1955 en fór þá í eyði. Árið 1957 fékk Pétur Bjarnason, Ánastöðum í sömu sveit, jörðina til leigu og nytjaði hana til ársins 1982 en hafði þar aldrei búsetu. Árið 1983 keypti Lýtingsstaðahreppur þau hús er á jörðinni voru, það er skemma, sem notuð var sem fjárhús, og hlaða.

Í Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781—1952, útgefnu 1952, segir m. a.:

Írafell (Ýrarfell) í Svartárdal var landnámsjörð Hrosskels þess er Landnáma segir að hafi numið Svartárdal allan og Írafellslönd. Írafell var talið 20 hundr. að dýrleika að fornu mati. Árið 1861 var Írafell metið eitt sér 19,9 hundr. að dýrleika, árið 1922 á 45 hundruð kr. og 1942 á 39 hundr. kr. Írafell var bændaeign og sjálfseignarbændur bjuggu þar öðru hvoru.

Frá því um 1780 til ársins 1955 hefur 21 ábúandi verið á Írafelli og búið þar mjög mislengi.

Lýtingsstaðahreppur er víðlendasti hreppur Skagafjarðarsýslu og hefir að líkindum verið það frá öndverðu. Þegar frá eru talin Mikleyjar-, Stokkhólma- og Skatastaðalönd tekur hreppurinn yfir allt land frá Héraðsvötnum og Jökulsá eystri til austurmarka Húnavatnssýslu að vestan og frá suðurmörkum Seyluhrepps skammt innan við Stóra-Vatnsskarð og fram að Hofsjökli. Þarna eru víðáttumestu afréttarlönd sýslunnar og víðlend heimalönd frá einstökum jörðum.

Á fyrri öldum var Lýtingsstaðahreppur frábrugðinn öðrum hreppum sýslunnar að því að fjórar af hverjum fimm jörðum í hreppnum töldust bændaeign á sama tíma og meiri hluti jarða eða jafnvel allar jarðir í öðrum hreppum sýslunnar voru eign biskupsstólsins á Hólum, Reynistaðaklausturs og kirkna í héraðinu.


Til frekari fróðleiks fer hér á eftir tala byggðra jarða og búenda í hreppnum á ýmsum tímum á tímabilinu 1700—1980:

Árið	1703	voru	54	jarðir	byggðar	og	59	búendur	í hreppnum.
—	1786	—	46	—	—	—	52	—	—
—	1844	—	62	—	—	—	73	—	—
—	1950	—	62	—	—	—	68	—	—
—	1960	—	67	—	—	—	73	—	—
—	1970	—	63	—	—	—	65	—	—
—	1980	—	61	—	—	—	71	—	—

Á jarðhitasvæðinu við Svartá í Skíðastaðalandi og Steinsstaðalandi hefur byggðin þést og er þar nú að myndast vísir að sveitaþorpi báðum megin árinnar. Austan Svartár í Steinsstaðalandi eru nú risinn heimavistarskóli, sundlaug og félagsheimili. Þar er einnig vísir að iðnaði svo og skrifstofa Lýtingsstaðahrepps.

Fylgiskjal.

Kort af framhluta Skagafjarðar.



Nd. 478. Frumvarp til laga [259. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Svavar Gestsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.

Með mismunun í lögum þessum er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Aðgerðir, sem eru sérstaklega ætlaðar til að bæta stöðu kvenna skv. 1. grein, 2. málsl., teljast ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu, og vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með kjörum í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa er konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

10. gr.

Hátterni, sem gengur gegn 5.—8. gr. laga þessara, telst brot á lögunum nema atvinnurekandi sýni fram á með verulegum líkum að ekki hafi verið um að ræða mismunun eftir kynferði.

III. KAFLI

Menntun.

11. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

12. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

13. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Þegar beðið er um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal nefna karl og konu. Sé það ekki gert skal veita Jafnréttisráði skriflega rökstudda greinargerð um ástæður þess. Við skipun skal þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.

14. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags.

Leitast skal við að skipa aðila sem hafa sérstakan áhuga og þekkingu á jafnréttismálum.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

15. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, og er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra, og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði og skal áætla nægjanlegt fé á fjárlögum hvers árs til að Jafnréttisráð geti sinnt þeim verkefnum sem því eru falin í lögum þessum.

16. gr.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar 5—7 manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

17. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
3. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
4. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m. a. varðar þetta lagaefni og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
5. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
6. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
7. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.
8. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

18. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—13. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

19. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 18. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

20. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

21. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

Fyrir tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum má beita 20. og 22. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Höfði ríkissaksóknari ekki opinbert refsimál vegna ætlaðra brota á lögum þessum er Jafnréttisráði heimilt að höfða refsimál. Fer um þau mál eftir reglum laga um meðferð einkamála eftir því sem við á.

22. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.

VII. KAFLI.

Önnur ákvæði.

23. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

24. gr.

Ríkisstjórnin skal gera framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna í raun.

25. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir fimm ár.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samið af stjórnskipaðri nefnd sem skipuð var í apríl 1981. Nefndin skilaði áliti til félagsmálaráðherra 12. apríl 1983 með svohljóðandi bréfi:

„Nefnd sú um jafnréttismál karla og kvenna, sem þér hr. félagsmálaráðherra skipuðuð 3. apríl 1981 og fóluð m. a. að gera tillögu að breytingum á jafnréttislögum, sendir yður hér með frumvarp það til laga sem hún hefur samið um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Samkvæmt skipunarbréfi hefur við tillögugerðina verið tekið tillit til reynslunnar frá því að núgildandi lög voru sett og tekið mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál.

Önnur meginverkefni, sem nefndinni voru falin, voru könnun á jafnréttismálum í framkvæmd, einkum að því er varðar stöðu láglaunakvenna, laun þeirra og lífskjör, og í þriðja lagi tillögugerð um verkefnaáætlun í jafnréttismálum til næstu tíu ára. Nefndinni var uppálagt að hafa í starfi sínu samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Rauðsokkahreyfinguna og jafnréttisnefndir sveitarfélaga og í bréfi yðar til nefndarinnar síðar var sérstök áhersla lögð á samstarfið við Jafnréttisráð varðandi verkefnaáætlun og könnun á stöðu láglaunakvenna. Samstarfsnefnd Jafnréttisráðs og jafnréttisnefndarinnar var tilnefnd og falið að ræða hvernig best yrði staðið að slíkri könnun. Starfaði hún um hríð en niðurstaða hennar var síðan að bæði væru upplýsingar varðandi atvinnumál karla og kvenna af skornum skammti og dreifðar og engin heildarmynd lægi fyrir. Mikil vinna væri því að gera slíka könnun og raunar ekki unnt nema til kæmi starfsmaður sem falið væri verkefnið. Í framhaldi af umræðum samstarfsnefndarinnar leggur nefnd um jafnréttismál því til að Jafnréttisráði verði í samvinnu við ýmsa aðila, sem málið varðar, gert kleift að vinna sérstaklega að könnun og samræmingu upplýsinga um atvinnumál karla og kvenna og sífelldri endurnýjun þeirra upplýsinga með ráðningu sérstaks starfsmanns sem sinni þessu máli.

Nefndin telur eðlilegt að í stað verkefnaáætlunar til næstu tíu ára verði, í samræmi við það lagafrumvarp sem hún hefur unnið, gerð framkvæmdaáætlun til fimm ára.

Nefndin leggur að lokum til að frumvarpið verði kynnt ýmsum aðilum og umsagnir um það fengnar áður en það er lagt fyrir Alþingi.

Reykjavík, 12. apríl 1983.
F. h. nefndarinnar
Vilborg Harðardóttir."

Nú hefur félagsmálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frv. þetta, 243. mál, þskj. 431, gjörbreytir tillögu nefndarinnar og kollvarpar þeim jafnréttishugmyndum sem þar eru lagðar til grundvallar. Þess vegna hafa sex þingmenn stjórnarandstöðunnar ákveðið að flytja frumvarpið eins og nefndin gerði tillögu um, ásamt greinargerð og fylgiskjölum. Þau gögn fara hér á eftir.

Það skal tekið fram að einstakir flutningsmenn áskilja sér auðvitað allan rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Tilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er meðal annars sá að Alþingi eigi aðgang að þeim gögnum sem unnin hafa verið.

„Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Svavar Gestsson félagsmálaráðherra skipaði í aprílmánuði 1981 nefnd til að fjalla um jafnréttismál karla og kvenna og var eitt af meginverkefnum hennar tillögugerð um breytingu á jafnréttislögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að lögin

voru sett. Nefndin skyldi í tillögu sinni taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál. Enn fremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Í nefndina voru skipaðar Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir sendiráðsritari, Bergþóra Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og formaður Jafnréttisráðs, Ingibjörg Hafstað kennari, María Pétursdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríðar Thorlacius ritstjóri, sem nefndin kaus ritara sinn, og Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri er var skipuð formaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram að meiri hluti nefndarmanna hafði áður starfað saman í undirbúningsnefnd fyrir Kvennaáratugsráðstefnu S.þ. í Kaupmannahöfn 1980 og í sendinefnd á ráðstefnunni og var starf nefndarinnar þannig að nokkru leyti framhald af fyrra starfi. Í undirbúningsnefnd kvennaráðstefnunnar voru á sínum tíma tilnefndir fulltrúar Jafnréttisráðs (Bergþóra Sigmundsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir), félagasamtaka sem störfuðu að jafnréttismálum, þ. e. K.R.F.Í. (Berglind Ásgeirsdóttir), K.Í. (María Pétursdóttir) og Rsh. (Ingibjörg Hafstað), og tryggði sú skipan enn frekar gott samstarf þessara aðila. Auk þess voru í undirbúningsnefndinni Guðrún Erlendsdóttir, Sigríður Thorlacius og Vilborg Harðardóttir. Berglind Ásgeirsdóttir fluttist vegna starfa sinna til útlanda síðla árs 1981 og var þá Esther Guðmundsdóttir formaður K.R.F.Í. skipuð í nefndina í hennar stað. Elín Pálsdóttir Flygenring, núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, var ráðin starfsmaður nefndarinnar í janúar 1983.

Nefndin hefur á þeim tveim árum síðan hún var skipuð kynnt sér og rætt ítarlega framkvæmd jafnréttislaga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og borið saman. Hún hefur farið yfir starfsáætlun S.þ. frá Kaupmannahafnarráðstefnunni 1980, einkum þann kafla sem fjallar um aðgerðir heima fyrir í einstökum löndum. Nefndin miðaði starfið við hálfnaðan kvennaáratuginn 1975—1985 og ákvað að kanna hvort eitthvað og þá hvað hefði breyst í jafnréttismálum á þeim tíma, hvað hefði verið gert og hvað hamlaði jafnrétti. Fór nefndin yfir þær kannanir sem gerðar hafa verið um jafnréttismál á vegum ýmissa aðila og gerði úttekt á hlutdeild kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum. Jafnframt aflaði nefndin upplýsinga frá öllum starfandi stjórnmálaflokkum um skipan aðalstjórna þeirra, framkvæmdastjórna, miðstjórna og annarra trúnaðarstaða með tilliti til hlutdeildar kynjanna í þeim.

Síðar á tímabilinu var stjórnmálaflokkunum skrifað á ný og spurt um breytingar frá upphafi kvennaáratugs á hlutfalli karla og kvenna í almennu flokksstarfi, í trúnaðarstöðum og á framboðslistum til sveitarstjórna og til Alþingis. Einnig var spurt um jafnréttisstarf innan flokkanna, álit þeirra á áhrifum jafnréttislaganna frá því að þau voru sett 1976, á hlutverki Jafnréttisráðs og að lokum hvaða breytinga væri þörf að þeirra mati. Svipaðar fyrirspurnir voru sendar stéttafélagasamtökum (A.S.Í., B.H.M., B.S.R.B., F.F.S.Í., S.Í.B., Félagi bókargerðarmanna og Stéttarsambandi bænda) og til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Þá var Jafnréttisráði og jafnréttisnefndum sveitarfélaganna skrifað og spurst fyrir um störf þeirra og viðhorf til áhrifa og árangurs laganna og hlutverks og starfs Jafnréttisráðs og hvaða breytingar teldust æskilegar eftir fimm ára reynslu. Að lokum voru könnuð á sama hátt viðhorf þeirra félagasamtaka sem hafa jafnréttisbaráttu ofarlega á dagskrá, þ. e. K.Í., K.R.F.Í., Rsh. og — síðar er þau komu fram — Samtaka um kvennaframboð á Akureyri og í Reykjavík.

Svör bárust frá allflestum þessara aðila og hefur nefndin síðan byggt störf sín, afstöðu og stefnumótun við samningu tillagna þeirra um breytingar á lögunum, sem hér liggja fyrir, á þessum svörum, fyrrnefndum könnunum, framkvæmdaáætlun S.þ. og samanburði á jafnréttisstarfsemi á Norðurlöndum og árangri af þeim.

Niðurstaða nefndarinnar er að enn sé alllangt í land að staða karla og kvenna sé jöfn hér á landi eða að hér ríki raunverulegt jafnrétti kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna frá 1976 og þar áður lög um Jafnlaunaráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs (Jafnlaunaráðs) frá sama tíma. Vissulega hafa lögin komið að gagni og reynst betri en ekki, en þau hafa þó ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafði verið og ekki reynst nógu vel í framkvæmd, þannig að breytingar hafa ekki orðið afgerandi, hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Þrátt fyrir lagalegan rétt til sömu menntunar, atvinnu og launa skortir mikið á að konur hljóti jafnmikla menntun, njóti sömu launa og karlar eða hafi sömu tækifæri til áhrifa í þjóðfélaginu. Konur eru stærsti hluti láglaunastétta hér á landi og hlutdeild þeirra í störfum verður æ minni eftir því sem störfin eru betur launuð og hærra metin í þjóðfélaginu. Hér veldur mestu rótgróin kynjaskipting á vinnumarkaðnum og móðurhlutverk kvenna og þær skyldur og ábyrgð sem það leggur þeim á herðar. Því fyrra hlýtur að vera hægt að breyta ef vilji er fyrir hendi og markvisst að því unnið og þann aðstöðumun karla og kvenna, sem móðurhlutverkið skapar í raun, ætti að vera unnt að jafna með ákveðnum þjóðfélagslegum aðgerðum. Lagasetning eins og sú, sem hér er lögð til, gæti verið liður í þeim aðgerðum, ekki síst sé henni fylgt eftir með markvissri reglugerð og tímabundnum framkvæmdaáætlunum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

II. Helstu nýmæli.

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir fyrri lögum með tilliti til þeirra atriða sem áður voru nefnd. Helstu nýmæli þess eru að tilgangur laganna sé ekki aðeins að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla, heldur beinlínis að bæta stöðu kvenna. Ætti það ákvæði að opna leið til tímabundinna aðgerða sem nauðsynlegar þættu. Önnur mikilvæg breyting, sem gert er ráð fyrir, er breytt skipan Jafnréttisráðs á þá lund að félagasamtök, sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá, tilnefni fulltrúa í ráðið. Það ætti að tryggja að í ráðinu sitji ævinlega fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að þessum málum. Önnur nýmæli eru að lögleiða skipan jafnréttisnefnda í sveitarfélögum og að leitast sé við að hafa sem jafnasta tölu kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þá eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar vegna ólöglegra auglýsinga og atvinnurekendum er gert að vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækja sinna. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórn geri framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn, auk þess sem lögin séu endurskoðuð eftir fimm ár frá setningu. Að lokum eru ákvæði um viðurlög vegna brota á lögunum mun ákveðnari en áður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Í 1. kafla laganna eru sett almenn ákvæði. Gildissvið laganna er þar markað og tilgangur þeirra rakinn. Athygli skal vakin á nýmæli, sem er eitt meginmarkmið laganna, en það er að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu.

1. gr.

Hér er um sömu stefnuyfirlýsingu að ræða og í 1. gr. l. nr. 78/1976 um að tilgangur laganna sé að ná fram jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Hér er þó talað um að „koma á" jafnrétti og jafnri stöðu, en í núgildandi lögum er talað um að „stuðla að" jafnrétti. Þar með eru stjórnvöld skyld til að vinna að jafnrétti í raun og þetta orðalag leggur þar með aukna ábyrgð á stjórnvöld.

Einnig er nefnt í greininni sjálfri að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti á öllum sviðum. Samkvæmt því er ekkert svið undanþegið lögunum.

Ein meginbreyting hefur átt sér stað frá núgildandi lögum, en það er 2. málsl. 1. gr. frv. þar sem segir að „sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum laganna“. Þetta er eitt af grundvallaratriðunum í frumvarpinu og á að vera til sérstakrar áréttingar þar sem staðreynd er að staða kvenna nú í þjóðfélaginu er verri en karla (sjá nánar í inngangi).

2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. l. nr. 78/1976 nema að því leyti að bætt er hér inn í gr. „með stjórnvaldsaðgerðum“.

Það er eitt meginskilyrði fyrir jafnrétti kynjanna að konur og karlar hafi sömu möguleika til atvinnu og menntunar. Þótt konur og karlar hafi sömu möguleika að formi til er því ekki fyrir að fara í raun. Þjóðfélagið gerir konum ekki jafnkleift og körlum að stunda hvaða atvinnu eða nám sem er. Kemur þar aðallega til hin venjubundna ábyrgð kvenna á heimilishaldi og börnum.

Nánar skal kveðið á um þessar stjórnvaldsaðgerðir í reglugerð skv. 23. gr. frumvarpsins og framkvæmdaáætlun skv. 24. gr.

Til þess að jafnrétti komist á er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi inn í með sérstökum aðgerðum.

3. gr.

3. gr. er ný og í 1. mgr. kemur fram að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil, en það er meginregla þessa frumvarps. Í 2. mgr. er hugtakið mismunun skýrt nánar og falla þar undir atriði þar sem ekki er augljóst að um mismunun sé að ræða. Það eru atriði sem skapa mismunandi stöðu kvenna og karla „í raun“ vegna kynferðis. Með þessu er átt við að ekki sé nóg að réttarstaðan sé sú sama heldur þarf staða kynjanna að vera sú sama í framkvæmd. Sem dæmi má taka að úthlutun námslána fer eftir tekjum maka en það kemur sér einkum illa fyrir konur þar sem maki þeirra er oftast hærra launaður.

Í greininni er talað um „atriði sem tengd eru kynferði“ og gæti það t. d. átt við ýmis atriði þar sem kynferðið hefur ekki bein áhrif heldur önnur atriði sem tengjast því, t. d. ef konu er neitað um vinnu á ákveðnum vinnustað þar sem hreinlætisaðstaða er eingöngu hönnuð fyrir karla.

3. mgr. er nýtt ákvæði í lögunum, en ljóst er að til þess að jöfn staða náist í raun þarf að grípa til sérstakra ráðstafana.

Ein af ástæðunum fyrir ójafnri stöðu kynjanna er að atvinnumarkaðurinn er almennt kyngreindur. Til að breyta því gæti þurft að beita ákveðnum aðgerðum, t. d. að veita öðru kyninu forgang að námi eða störfum um tíma uns ákveðnu hlutfalli er náð og væru slíkar aðgerðir heimilaðar skv. 1. gr. 2. ml. frumvarpsins.

Almennt er talið að ekki sé það mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna varðandi meðgöngu og fæðingu. Þó þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um það til að forðast allan misskilning í þessum efnum.

II. KAFLI

Atvinna.

Hér er safnað saman öllum ákvæðum sem fjalla um atvinnumál. Í 4. gr. eru orðskýringar, auk meginreglunnar um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. 9. og 10. gr. eru nýjar og fjalla um skyldu atvinnurekenda til að jafna stöðu kynjanna innan atvinnufyrirtækis síns eða stofnunar og um sönnunarbyrði.

4. gr.

Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf hefur lengi verið meginatriði í jafnréttisbaráttu. Þegar árið 1954 voru sett ákvæði um jöfn laun kvenna og karla í

ríkisþjónustu og árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð í ákveðnum starfsgreinum. Árið 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð og árið 1976 lög um jafnrétti kvenna og karla með ákvæðum um jöfn laun. Þrátt fyrir þessa lagasetningu er enn gífurlegur munur á launum karla og kvenna. Nægir að benda á jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980—1982 og í Kópavogi 1982 og vinnumarkaðskönnun Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1981 þar sem í ljós kom að laun kvenna voru 51,8% lægri en laun karla.

Hér er sú breyting gerð frá 2. málsl. 2. gr. laga nr. 78/1976 að konur og karlar skulu einnig njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta ákvæði er til fyllingar ákvæðinu um jöfn laun. Í 2. og 3. mgr. eru svo skilgreind hugtökin „laun“ og „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“, en þessar skilgreiningar eru þær sömu og í alþjóðasáttmála ILO, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 100/1952, um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Hér er ekki einungis átt við að konum og körlum með sama starfsheiti séu greidd jöfn laun heldur einnig að störf séu ekki metin til launa eftir því hvort þau eru að meginhluta unnin af konum eða körlum.

Með skilgreiningu á „kjörum“ í 4. mgr. er verið að taka af öll tvímæli um hvað átt er við með því hugtaki í 1. mgr.

5. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 3. gr. laga nr. 78/1976, en framsetning ákvæðisins er skýrari í frumvarpinu en lögunum.

6. gr.

Í þessari grein er gerð sú breyting frá 4. gr. laga nr. 78/1976 að hér er talað um starf „sem laust er“. Með þessu orðalagi verður ákvæðið víðtækara því að ekki eru öll laus störf auglýst.

Þá eru hér tekin af öll tvímæli um að þeir, sem birta auglýsingu, eru ábyrgir ekki síður en auglýsandi og skiptir þá ekki máli á hvaða hátt hún er birt. Ástæður þessara breytinga eru þær að ákvæði þetta í lögum 78/1976 er margbrotið daglega.

Í 3. mgr. er undantekningarregla í samræmi við 1. gr. frv., en sá fyrirvari er settur að koma verður fram í auglýsingunni ef þessi mgr. á að gilda. Ætti það að koma í veg fyrir að þessi undantekningarregla verði misnotuð.

7. gr.

7. gr. er samhljóða 5. gr. laga nr. 78/1976.

8. gr.

Þetta ákvæði er efnislega hið sama og 6. gr. núgildandi jafnréttislaga en ekki er hér skilyrði að um sama atvinnurekanda þurfi að vera að ræða. Það er óþarfa þrenging að miða við sama atvinnurekanda og gerir ákvæðið ómarkvissara.

9. gr.

Sú tregða, sem er á jafnréttisþróuninni, á ekki síst rót sína að rekja til hefðbundinnar kynjaskiptingar á vinnumarkaðnum. Erfitt hefur reynst að vinna gegn henni. Tilgangur ákvæðisins er að fá atvinnurekendur til að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Atvinnurekendum eru gefnar frjálsar hendur um á hvaða hátt þeir stuðla að þessu, eingöngu er sett skilyrði um að aðgerðirnar séu markvissar.

10. gr.

10. gr. er ný af nálinni en svipuð ákvæði eru í sænsku lögunum um jafnrétti í atvinnulífinu og finnska frumvarpinu að lögum um jafnrétti kynjanna.

Þrátt fyrir að meginregla íslensks réttar sé sú að sá sanni sök sem brotið er á finnast þó undantekningartilfelli frá þeirri reglu, svo sem í áfengislöggjöfinni, 2. málsl. 17. gr. laga nr. 82/1969. Hér er öfugri sönnunarbyrði komið á þar sem mun auðveldara virðist fyrir atvinnurekanda að sanna að ekki hafi verið um mismunun á kynjum að ræða heldur en er fyrir aðila að sýna fram á hið gagnstæða.

III. KAFLI

Menntun.

Hér er fjallað um menntun með tilliti til jafnrar stöðu kynjanna. Er þetta nokkuð ítarlegra ákvæði en verið hefur og skýrara kveðið á um ábyrgð.

11. gr.

1. mgr. 11. gr. er nokkurn veginn samhljóða 7. gr. laga nr.78/1976, en 2. mgr. er ný og þarfnast ekki skýringar. Eðlilegast er að menntamálaráðuneytið sé framkvæmdaaðili varðandi námsgögn og fræðslu í skólum.

IV. KAFLI

Önnur svið.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði sem ekki heyra undir atvinnu- eða menntamál. Hér er safnað saman ákvæðum um bann við lítilsvirðandi auglýsingum; um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum og um skipan jafnréttisnefnda. Tvö hin síðarnefndu eru nýmæli.

12. gr.

Í 8. gr. laga 78/1976 er ákvæði um þetta en þar kemur ekki skýrt fram hvern leiða má til ábyrgðar fyrir brot á því ákvæði, einungis er talað um auglýsanda. Í 12. gr. þessa frumvarps eru auglýsendur og þeir, sem hanna og birta auglýsingu, ábyrgir fyrir brotum á ákvæðinu. Er leitast við að gera ákvæðið virkara með þessu móti. Má þá jafnt ganga að einum sem öllum þessum aðilum.

Setningin „eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“ er ný og sett til að taka af öll tvímæli um að allar auglýsingar sem mismuna kynjunum séu óheimilar.

13. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku þeirra í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. T. d. voru konur 6,8% þeirra sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1981. Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu með því að nefnd verði bæði karl og kona þegar tilnefna á og ber þeim sem skipar að velja sem jafnast hlutfall kynjanna í samræmi við ákvæði greinarinnar.

14. gr.

Jafnréttisnefndir voru fyrst settar á stofn árið 1976. Þær voru flestar árið 1980, eða 26, í mars 1983 voru þær aðeins 14. Rétt þykir að jafnréttisnefndir starfi í kaupstöðum og víðar ef við verður komið því að ekki er nóg að jafnréttisbaráttan eigi sér stað nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Hún verður að ná til landsbyggðarinnar allrar.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

Í þessum kafla er fjallað um hvernig framkvæma skuli lögin og er það enn aðallega í höndum Jafnréttisráðs, en nokkrar breytingar eru lagðar til um skipan þess.

Nýmæli er að lögfesta ákvæði um ráðgjafarnefnd.

Verkefni Jafnréttisráðs eru þau sömu og verið hafa, en með nokkurri viðbót.

15. gr.

Í þessari grein er sem áður gert ráð fyrir að Jafnréttisráð annist framkvæmd laganna.

Hér er gert ráð fyrir að Jafnréttisráð verði skipað sjö mönnum í stað fimm og bætast við fulltrúar frá K.R.F.Í. og K.Í., en að öðru leyti er ráðið eins skipað.

Rétt þykir að tryggja áhugasamtökum, sem hafa að markmiði að vinna að jafnréttismálum, fulltrúa í ráðinu. Þau samtök, sem hér er lagt til að tilnefni fulltrúa í ráðið, eru einu samtökin utan stjórnmálaflokka sem nú hafa jafnrétti karla og kvenna sem eitt meginstefnumál sitt.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf formaður ráðsins að vera löglærður en ekki þótti ástæða til þess að halda þessu skilyrði þar sem 2. mgr. kveður á um að ráða skuli sérstakan lögfræðing til að annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf sem hefur reynst stór hluti verkefna á skrifstofu ráðsins.

Það er einnig nýmæli að aðili, sem skipaður er af félagsmálaráðherra, sé varaformaður en nauðsynlegt er að varaformaður eigi sæti í ráðinu sem aðalmaður.

Mannfæð og fjárskortur hefur alltaf hamlað starfsemi Jafnréttisráðs og því er 2. og 3. mgr. sett í frumvarpið til að reyna að tryggja að önnur verði raunin í framtíðinni.

16. gr.

Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs hefur starfað síðan 1976 og sinnt veigamiklum jafnréttisverkefnum. Því er mikilvægt að tryggja að hún starfi áfram og að Jafnréttisráð ákveði hvernig hún skuli skipuð eftir aðstæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 78/1976, en bætt er inn í verkefni sem hefur reynst vera eitt af meginverkefnum ráðsins en það er að sjá um fræðslu- og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings og auk þess skal Jafnréttisráð hafa samstarf við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

18. gr.

18. gr. er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 78/1976.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

Viðurlaga- og réttarfarsákvæði eru efnislega þau sömu og í l. nr. 78/1976, en refsiákvæðið þó mun ítarlegra þar sem lögfest er heimild fyrir Jafnréttisráð að fara í einkarefsimál.

19. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga, en þó er hér fyrirvari um að höfða megi mál til viðurkenningar á rétti aðila þó að ekki sé um skaðabótakröfu að ræða. Skaðabótakrafa felur jafnan í sér viðurkenningarkröfu og þykir því rétt að veita skýra heimild til málshöfðunar þótt eingöngu sé um viðurkenningarkröfu að ræða.

20. gr.
20. gr. er samhljóða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1976.

21. gr.
Ákvæði um refsiábyrgð eru mun ítarlegri hér en í núgildandi lögum. Brot varðar fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.
2. mgr. kveður á um hlutlæga refsiábyrgð en slíkt er ekki heimilað í lögum nr. 78/1976. Þetta þykir eðlileg regla í þessu tilviki þótt undantekningarregla sé þar sem brot gegn ákvæðum frv. mundu oft verða þess eðlis að þau varði rekstur fyrirtækja eða stofnana á einhvern hátt og því má ætlast til þess af stjórnendum að þeir fylgist með starfsemi sinni, m. a. hvað þetta varðar.
3. mgr. er einnig ný regla og sett til að taka af allan vafa um tilraun og hlutdeild.
Skv. 4. mgr. er Jafnréttisráði heimilt að höfða einkarefsimál höfði ríkissaksóknari ekki opinbert refsimál vegna ætlaðra brota. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að Jafnréttisráð geti fengið dóm um ákveðin atriði sem haft geta fordæmisgildi.

22. gr.
22. gr. er efnislega í samræmi við 13. gr. laga nr. 78/1976.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, t. d. um setningu reglugerðar, gildistöku o. fl. Nýmæli er að ríkisstjórninni er ætlað að gera framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn og að lögin skuli endurskoða að fimm árum liðnum.

23. gr.
23. gr. er samhljóða 14. gr. l. nr. 78/1976.

24. gr.
Það, sem aðallega hefur staðið virkni laga nr. 78/1976 fyrir þrifum, er að stjórnvöld eru samkvæmt þeim ekki gerð sérstaklega ábyrg. Hér er reynt að girða fyrir það vandamál með því að ríkisstjórnin geri framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Þar skal greina frá aðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti í raun.

25. og 26. gr.
Þarfnast ekki skýringa.

Við undirritaðar lýsum okkur samþykkar frumvarpi þessu til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, greinargerð með því og athugasemdum.

Reykjavík, 12. apríl 1983.

Vilborg Harðardóttir.	Guðríður Þorsteinsdóttir.	Ingibjörg Hafstað.
María Pétursdóttir.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Sigríður Thorlacius.
Esther Guðmundsdóttir.	Arndís Björnsdóttir.	Bergþóra Sigmundsdóttir.“

Ed. 479. Frumvarp [260. mál]

til sjómannalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla sjómenn á íslenskum skipum. Samgönguráðherra getur sett reglur um, að tiltekin ákvæði laga þessara, eða lögin í heild, taki ekki til sjómanna á einstökum flokkum skipa svo og sjómanna á skipum, sem eigi ná tiltekinni lágmarksstærð.

2. gr.

Eftirtalin ákvæði laga þessara gilda, eftir því sem við á, um menn, sem ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra til annarra starfa en skipsstarfa, og um menn, sem ráðnir hafa verið á skip af öðrum en útgerðarmanni eða skipstjóra:

1) 2. mgr. 8. gr. um lágmarksaldur,
2) 3. mgr. 8. gr. og 33. gr. um læknisskoðun,
3) 17. gr. um rétt konu til að fara úr skiprúmi, ef hún verður vanfær,
4) 26. gr. um rétt til launa, ferðakostnaðar o.fl. ef skip ferst eða verður dæmt óbætandi,
5) 5. mgr. 37. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á kostnaði vegna umönnunar og heimferðar sökum kynsjúkdóms og berkla,
6) 38. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á tilteknum kostnaði vegna sjómanns, sem er veikur eða hefur slasast,
7) 39. gr. um skyldu skipstjóra til að annast um útför o.fl.,
8) 2. mgr. 41. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á kostnaði við útför,
9) 2. og 3. mgr. 57. gr. um varnir gegn slysum og heilsutjóni,
10) 58. og 1. mgr 60. gr. um almenna reglu á skipi og til að greiða skaðabætur,
11) 61. og 62. gr. um viðurværi og hreinlæti,
12) 64. gr. um hvíldar- og matartíma,
13) 67. gr. um heimild til að taka með sér varning o.fl.,
14) 68. gr. um eigur, sem skildar eru eftir um borð,
15) 70. og 71. gr. um agavald skipstjóra,
16) V. kafli um brot á lögum þessum og um refsingar, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Allir þeir, sem staddir eru um borð í skipi, eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóri metur nauðsynleg vegna öryggis skips eða manna, sem á skipi eru.

4. gr.

Samtök sjómanna og útgerðarmanna geta samið um betri réttindi sjómönnum til handa, en leiðir af ákvæðum laga þessara.

Ákvæði laga þessara um réttindi sjómanna skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

5. gr.

Með skipverja er í lögum þessum átt við hvern þann sjómann, sem á skip er ráðinn til skipsstarfa.

Yfirmenn teljast: stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn og brytar, svo og aðrir skipverjar, sem skipstjóri eða útgerðarmaður hafa ráðið til sambærilegra og/eða sérhæfðra starfa.

II. KAFLI

Ráðningarsamningur o. fl.

1. Um samningsgerðina o. fl.

6. gr.

Útgerðarmaður skal sjá um, að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur (skiprúmssamningur) við skipverja. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor sínu eintaki. Í samningnum skal meðal annars greina: 1) fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, heimili og nafnnúmer, 2) stöðu hans á skipinu, 3) ferð þá eða tímabil, sem skipverjinn er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið, 4) umsamið kaup, m.a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, 5) önnur hlunnindi.

Samgönguráðuneytið getur sett nánari reglur um form og efni samninga samkvæmt 1. mgr. og getur jafnframt mælt fyrir um notkun sérstakra eyðublaða í þessu augnamiði og sér ráðuneytið þá einnig um útgáfu og dreifingu þeirra.

Skipstjóri getur, í umboði útgerðarmanns, ráðið skipverja og gilda þá um það ákvæði 1. mgr. Skipstjóri getur einnig, með sama skilorði, vikið skipverja úr skiprúmi eða sagt honum upp störfum, sbr. 23. – 25. gr.

Eftir því sem við verður komið, skal ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa í vélarrúmi, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta, við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans, svo og við aðra yfirmenn um ráðningu undirmanna þeirra.

Sérhver skipverji skal hafa sjóferðabók, sem samgönguráðuneytið lætur gera. Skipstjóri geymir sjóferðabók skipverja meðan skipverji er í skiprúminu.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um gerð sjóferðabóka.

Lögskráningarstjóra er skylt að afhenda sjóferðabók hverjum skipstjóra og skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatast eða er fullnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma.

7. gr.

Samgönguráðuneytið skal láta útbúa og kosta hentuga útgáfu af sjómannalögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Skipstjóri skal sjá til þess, að um borð í skipi sé ætíð eintak af sjómannalögum, eins og þau eru á hverjum tíma, sem allir skipverjar geti kynnt sér.

8. gr.

Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um, að nýliðanum sé leiðbeint um störf þau, sem hann á að sinna.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á skipi, nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf, allt fram til átján ára aldurs.

Útgerðarmaður getur krafist þess að sá sem vill ráða sig á skip leggi fram, við ráðningu sína, vottorð læknis þess efnis að hann sé ekki haldinn einhverjum sjúkdómi eða meiðslum, sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um læknisskoðun samkvæmt 3. mgr.

2. Um ráðningartímann.

9. gr.

Sé eigi á annan veg samið, skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum vera einn mánuður, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi yfirmanns skal vera þrír mánuðir, nema um annað hafi sérstaklega verið samið og á það einnig við um skipverja, sem starfað hefur sem afleysingamaður í yfirmannsstöðu í níu mánuði samfleytt hjá sama útgerðarmanni.

10. gr.

Hafi eigi verið samið um hvar skipverji fer af skipi, verður samningi einungis sagt upp á þann veg, að skipverji fari af skipi í íslenskri höfn sem skipið kemur til. Útgerðarmaður sem sagt hefur skipverja upp starfi, skal greiða eðlilegan ferðakostnað hans til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans, hafi það eigi í för með sér meiri kostnað.

Eigi skipverji ekki heimili á Íslandi, eða hafi hann ekki verið ráðinn á skip í íslenskri höfn, er unnt að segja samningi upp á þann veg, að skipverji fari úr skiprúmi í erlendri höfn. Þetta á þó ekki við um hafnir, þar sem skip kemur einungis til mjög stuttrar dvalar, svo sem til að taka eldsneyti eða vistir, vegna minni háttar viðgerða eða til að færa sjúkan skipverja á land, eða ef einungis er um neyðarhöfn að ræða.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða hafi hann sagt upp stöðu sinni með tilteknum uppsagnarfresti og endi ráðningarsamningur meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar. Þetta gildir þó ekki um þær hafnir erlendis, sem um getur í 2. mgr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar og verði hann kyrr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni er lokið, en eigi gerður nýr samningur um höfn þá þar sem skipverji skal víkja úr skiprúmi gilda ákvæði 9. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar eftir atvikum.

11. gr.

Skipverji, sem verið hefur í sama skiprúmi eða verið hefur á skipum sama útgerðarmanns í níu mánuði og sem sagt hefur upp samningi sínum með umsömdum uppsagnarfresti, getur þrátt fyrir að annað hafi verið ákveðið í samningi, farið úr skiprúmi í hvaða höfn sem vera skal, nema erindi skips í höfn sé það sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

13. gr.

Skipverja, sem rétt hefur til að fara úr skiprúmi, skal skylt að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sé þess krafist, þó eigi lengur en í 48 stundir frá því að skip kom til hafnar. Þetta á þó eigi við um lausn úr skiprúmi skv. 18. gr.

14. gr.

Ef yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, af hvaða ástæðu sem er, banna honum landvist eða heimta þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, getur hann krafist þess að vera enn um sinn á skipinu, þar til það kemur til hafnar þar sem hann getur yfirgefið skipið, en skylt er honum þá að gegna áfram stöðu sinni á skipinu fram til þess tíma, eftir ákvörðun skipstjóra.

15. gr.

Skipverji, sem á lögheimili á Íslandi og hefur ekki getað farið úr skiprúmi í íslenskri höfn á síðustu fjórum mánuðum, á rétt á ókeypis heimferð, ef hann hefur verið á sama skipi eða hjá sama útgerðarmanni samfleytt í níu mánuði.

Ríkissjóður og útgerðarmaður greiða ferðakostnað til helminga.

Heimilt er að draga heimsendingu í allt að einn mánuð, ef þess má vænta, að skipið komi innan þess tíma til hafnar þaðan sem töluvert ódýrara eða auðveldara er að hefja heimferðina.

Skipverja ber að tilkynna skipstjóra um vilja sinn til heimferðar með minnst 20 daga fyrirvara.

3. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

16. gr.

Ef skipverji sannar að hann hafi, eftir að ráðningarsamningur var gerður, fengið kost á hærri stöðu á öðru skipi, eða aðstæður hans hafa breyst svo frá því að hann réði sig á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúmi, þá á hann rétt til þess að krefjast lausnar úr skiprúmi, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, enda auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu.

17. gr.

Ef kona sem er skipverji verður vanfær, getur hún krafist lausnar úr skiprúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hun þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hún var í skiprúminu.

18. gr.

Ef skipverji fær, eftir að skiprúmssamningur var gerður, vitneskju um að maki hans, barn eða foreldri, sem er á framfæri hans, hafi látist eða orðið fyrir alvarlegu slysi eða veikindum, getur hann krafist lausnar úr skiprúmi og á hann þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu.

19. gr.

Skipverji getur krafist lausnar úr skiprúmi, ef:

1) skipið verður óhaffært eða íbúðir skipverja eru heilsuspillandi að mati réttra yfirvalda og skipstjóri bætir eigi úr því,
2) skipstjóri neitar að skoðun fari fram samkvæmt 63. gr. eða
3) skipverji hefur orðið að þola misþyrmingar á skipinu og skipstjóri veitir honum eigi vernd, þótt eftir því hafi verið leitað.

Skipverji, sem fær lausn úr skiprúmi eftir ákvæðum 1. mgr., á rétt á bótum, ferðakostnaði og fæðiskostnaði eftir því sem segir í 25. gr.

20. gr.

Skipverji getur krafist lausnar úr skiprúmi, ef í ljós kemur eftir að hann var ráðinn í skiprúm, að :

1) hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af völdum hernaðar, eða þess háttar hætta eykst til muna frá því sem áður var eða
2) illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins eða á öðrum þeim stað þar sem skipinu er ætluð viðkoma.

Skipverji skal bera fram kröfu um lausn af þessum sökum svo skjótt sem við verður komið eftir að hann fær vitneskju um aðstæður. Sé ferð þá eigi hafin hefur hann rétt til að krefjast lausnar þegar í stað, en ella í fyrstu höfn sem skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik.

Fái skipverji lausn af þeim ástæðum, sem frá er greint í 1. mgr., á hann rétt á að útgerðarmaður greiði helming ferðakostnaðar hans til heimilis hans, eða til ráðningarstaðar ef útgerðarmaður kýs það heldur. Hafi útgerðarmaður eða skipstjóri vitað af ástandi því, sem greinir í 1. mgr., skal útgerðarmaður greiða allan ferðakostnað skipverja.

Ákvæði 3. mgr. á þó ekki við, ef unnt reynist að útvega skipverja sambærilega stöðu á öðru íslensku skipi, eða á skipi sem tekið hefur verið á leigu af íslenskum útgerðarmanni, þar í höfn sem skipverji fer úr skiprúmi.

21. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna, á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi með skilmálum 2. mgr. 20. gr.

Fái skipverji lausn úr skiprúmi af þessum sökum, á hann rétt á kaupi fyrir 15 daga eftir að hann fer úr skiprúmi, en á íslenskum fiskiskipum skal þó miðað við 7 daga. Auk þess á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðar, ef hann fer úr skiprúmi áður en ferð hefst, en ella til þess staðar þar sem samið var um að hann færi úr skiprúmi.

22. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenskum fána, á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum fer þá sem segir í 25. gr.

Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta.

Eigi skipverji rétt á lausn úr skiprúmi af þessum sökum, á hann rétt til kaups í sex vikur, nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Innan þess tíma ber skipverja að vinna venjuleg skipsstörf, uns skipið er afhent hinum nýja eiganda. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga því aðeins við, að skipið sé afhent hinum nýja eiganda, áður en ráðningu hefði lokið fyrir uppsögn.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þótt skipstjóraskipti verði á skipinu.

4. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

23. gr.

Skipstjóri getur vikið skipverja úr skiprúmi, ef:

1) skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa,
2) skipverji er haldinn sjúkdómi, sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af,
3) kona, sem er skipverji, verður vanfær og af þeim sökum ófær til að annast störf sín, eða

4) læknisskoðun skv. 33. gr. leiðir í ljós, að skipverji er eigi fær til að vinna starf sitt, þótt eigi sé hann sjúkur.

Ákvæði 36. gr. um rétt skipverja til launa o.fl. eiga við um brottvikningu úr skiprúmi eftir 1. mgr.

24. gr.

Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi, ef:

1) skipverji reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2) skipverji kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3) skipverji verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að hann óhlýðnast ítrekað skipunum yfirmanna sinna eða beitir ofbeldi við aðra menn, sem á skipi eru staddir,
4) skipverji er ítrekað drukkinn um borð, nema brot sé því alvarlegra, eða er undir áhrifum fíkniefna um borð,
5) skipverji verður sekur um þjófnað eða annan meiriháttar glæp eða leynir manni á skipsfjöl,
6) skipverji leynir tollskyldum varningi eða þeim varningi, sem útflutningsbann gildir um á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess, eða
7) skipverji ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnvöld.

Ef skipstjóri vill víkja skipverja úr skiprúmi skv. 3.—7. tl. 1. mgr., skal hann skýra skipverja frá því hið fyrsta og eigi síðar en 7 dögum eftir að hann fékk vitneskju um þau atvik, sem brottvikning byggist á, nema sérstakar ástæður réttlæti lengri frest.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkvæmt þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 36. gr.

25. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 23. eða 24. gr., á hann rétt á kaupi þann tíma, sem mælt er fyrir um í 9. gr. Hafi skipverja, sem starfað hefur samfellt í þjónustu sama útgerðarmanns í 15 ár eða lengur, verið vikið úr starfi án nægrar ástæðu, skal hann auk þessa, eiga rétt á sérstakri uppbót, sem nemi eins mánaðar launum sé um yfirmann að ræða, en ella skal miðað við laun fyrir 15 daga.

Hafi verið samið við skipverja um tiltekinn stað, þar sem hann skyldi víkja úr skiprúmi, á hann auk þess sem fyrr var greint, rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til þess staðar. Verði ráðningarsamningi eigi sagt upp, nema skipverji geti vikið úr skiprúmi í íslenskri höfn, sbr. 1. mgr. 10. gr., á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til íslenskrar hafnar, eða til heimilis síns, eigi hann heimili á Íslandi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga þó ekki við, ef skipverji víkur úr skiprúmi eftir uppsögn á þeim stað, sem fyrirfram hafði verið umsamið eða sem leiðir af reglum 10. gr., samkvæmt ákvörðun skipstjóra áður en uppsagnarfrestur er úti, þannig að skipverji haldi kaupi og öðrum fríðindum þar til fresturinn er á enda runninn.

26. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri tíma en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur er sjóferðaskýrsla er tekin og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis

Ef skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum, sem segir í 1. mgr., á skipverji rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns og greiðir ríkissjóður þann kostnað.

Verði skiprúmssamningi slitið erlendis af þeim ástæðum, sem greinir í 1. mgr., á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en í einn mánuð frá sama tíma, ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.

5. Um kaup skipverja.

27. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Um vinnu skipverja fer sem segir í kjarasamningum og lögum þessum.

Skipverji á ekki rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann hliðrar sér hjá að vinna, án þess að næg ástæða sé til.

28. gr.

Við útreikning kaups fyrir hluta úr mánuði skal við það miðað, að kaup fyrir hvern dag sé 1/30 af mánaðarkaupi, eða samkvæmt kjarasamningi, eftir því sem við á.

Standi ferð lengur yfir en áætlað var við ráðningu, á skipverji rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, hafi eigi verið á annan veg samið.

29. gr.

Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiða, skiptast á milli þeirra sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

Fækki stýrimönnum meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiða, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

30. gr.

Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma.

Skipverji getur krafist þess, að kaup hans sé greitt mánaðarlega eftir ávísun til nafngreinds manns hér á landi eða lagt inn á íslenska innlánsstofnun.

Skipverji getur, sér að kostnaðarlausu, sent kaup sitt heim til Íslands með tilstilli íslensks ræðismanns. Ríkissjóður ber þann kostnað sem af þessu leiðir og ábyrgist peningasendingarnar.

31. gr.

Skipverji getur krafist þess, að 2/3 hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni gegn umboði.

Greiðslur samkvæmt 1. mgr. má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans, fyrr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að annar hluti kaupsins hrökkvi eigi fyrir greiðslum á skaðabótakröfum, er útgerðarmaður á á hendur honum og rísa af starfi hans á skipinu, kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupi skipverjans, eða um sé að ræða kröfu útgerðarmanns vegna tjóns sem leiðir beint af tollalagabroti skipverja.

Heimilt er að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

32. gr.

Mánaðarlega skal skipverja látið í té sundurliðað launauppgjör til hans, nema kjarasamningar mæli fyrir um skemmri uppgjörsfrest.

Komi það í ljós er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 19., 22., 1. tl. 23. gr., 25., 26. og 40. gr.

6. Umönnun og kaup sjúkra skipverja.

33. gr.

Skyldur er skipverji til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess.

Hafi skipstjóri ástæðu til að ætla að skipverji sé sjúkur, skal hann sjá til þess að skipverji gangist undir læknisskoðun, sé þess kostur.

Læknisskoðun samkvæmt 1. og 2. mgr. skal framkvæmd skipverja að kostnaðarlausu.

34. gr.

Veikist skipverji eða slasist, skal skipstjóri sjá um að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið hjúkrun, læknishjálp, lækningaefni og framfæri, sé hann utan heimilis síns, enda getur skipstjóri, ef um skammtímaforföll er að ræða, skyldað skipverja til að dvelja á útgerðarstað skips.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land, ef eigi reynist unnt að verjast smithættu á skipinu.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri sjá um að þeirra sé gætt.

Sé sjúkur eða slasaður skipverji skilinn eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá íslensks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni sem næstur er og jafnframt nánustu aðstandendum skipverja, ef hann óskar þess.

35. gr.

Sé sjúkur eða slasaður skipverji skilinn eftir erlendis í umsjá íslensks ræðismanns, getur ræðismaðurinn krafist tryggingar vegna þeirra útgjalda, sem útgerðarmaður skal standa skil á samkvæmt 37. og 41. gr. varðandi umönnun og greftrun skipverja.

Skipverji getur krafist þess, að hann fái í hendur kaupgreiðslur sem hann á rétt til, nema telja verði að fé það skuli ganga til greiðslu útgjalda sem skipverji á að bera sjálfur, eða hann sé af heilsufarsástæðum óhæfur til að ráðstafa fjármunum sínum.

36. gr.

Verði skipverji óvinnufær vegna vinnuslyss, skal hann eigi missa neins af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði.

Verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem ekki verða rakin til vinnuslyss, skal hann fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið forfallakaup, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en sex mánuði.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt, skal hann, auk þess sem í 1. og 2. mgr. segir halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu forfallakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni, í allt að þrjá mánuði eftir sex ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni og allt að fjóra mánuði eftir átta ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið forfallakaup í allt að sex mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr.

Sé skipverji í fríi er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hlaut utan vinnu sinnar, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann á sjálfur sök á, nema um sé að ræða slys við vinnu við skipið eða búnað þess.

Skipverja ber að tilkynna forföll sín eins fljótt og við verður komið. Sé skipverji að fara í frí eða hætta störfum á skipi, skal hann tilkynna forföll sín, áður en hann hverfur úr skiprúminu. Vanræksla á þessu leiðir til missis réttar til forfallakaups, nema sérstökum ástæðum verði um kennt, þ.m.t. að skipverjanum hafi ekki verið ljóst, að hann var orðinn óvinnufær, er hann hvarf úr skiprúminu.

Skipverja ber að afhenda útgerðarmanni vottorð læknis um veikindin eða meiðslin er sýni, að skipverjinn hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða meiðslanna. Í læknisvottorði skal læknir tilgreina ástæður óvinnufærninnar, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli til annars. Útgerðarmanni er heimilt, á sinn kostnað, að láta trúnaðarlækni sinn ganga úr skugga um það, hvort skipverji sé raunverulega óvinnufær.

Sé skipverji, sem vill ráða sig á skip, haldinn einhverjum þeim sjúkdómi eða meiðslum, sem hefur í för með sér verulegar líkur á fyrirsjáanlegum forföllum á ráðningartímanum af völdum þess sama sjukdóms eða meiðsla, getur útgerðarmaður með samkomulagi við skipverjann undanþegið sig skyldu til greiðslu forfallakaups, enda hafi stéttarfélag skipverjans samþykkt samkomulagið. Um forföll af öðrum ástæðum gilda hin almennu ákvæði greinar þessarar.

Samtök sjómanna og útgerðarmanna geta með samkomulagi sín á milli samið um aðrar reglur en hér að framan greinir varðandi réttindi og skyldur sjómanna og útgerðarmanna í slysa- og veikindatilvikum sjómanna, enda séu slík ákvæði sjómönnum ekki óhagstæðari en ákvæði greinar þessarar.

37. gr.

Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 4.—6. mgr., greiðir útgerðarmaður allan eðlilegan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er ekki slitið, sbr. 1. mgr. 34. gr.

Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji íslenskur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því að skipið lét úr höfn, hafi hann eigi veri skráður úr skiprúmi. Sé íslenskur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu eigi lægri en þá er hann áður hafði, og eigi verr launaða, á skipi sem fara á hingað til lands eða til hafnar, sem

hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Fari skipverji úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla eða sé hann við fráför úr skiprúmi haldinn þess háttar veikindum eða lemstrum, sem réttlætt geta uppsögn úr skiprúmi, á skipverji, auk þess sem fyrr greinir, rétt á að útgerðarmaður greiði ferðakostnað og fæðiskostnað til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans, hafi það eigi í för með sér aukinn kostnað. Eigi skipverji ekki heimili á Íslandi, getur útgerðarmaður þó valið þann kost að greiða ferðakostnað og fæðispeninga skipverja þangað sem skipverji var staddur, þegar hann réðst í skiprúm, nema yfirvöld á þeim stað neiti honum um landgöngu eða banni honum landvist eða heimti þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett.

Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eða hafi hann leynt þeim sviksamlega, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á að útgerðarmaður greiði honum ferðakostnað eða fæðispeninga eftir 1.—3. mgr.

Sé skipverji, sem er heimilisfastur á Íslandi, haldinn berklum eða kynsjúkdómi, greiðir ríkissjóður kostnað við umönnun og heimferð skipverjans eftir 2. og 3. mgr.

Greiðslur, sem skipverji fær af þessum sökum frá sjúkrasamlagi eða almannatryggingum eða vegna slysatryggingar, sem keypt hefur verið honum til handa, skulu dregnar frá þeirri upphæð, sem útgerðarmanni eða ríkissjóði er skylt að inna af hendi samkvæmt 2. og 3. mgr.

38. gr.

Hafi skipstjóri, við fráför veiks eða slasaðs skipverja úr skiprúmi erlendis, orðið að reiða af hendi fé vegna heimferðar skipverja, umönnunar hans eða honum til aðstoðar á annan hátt, eftir lögum eða fyrirmælum, sem gilda á þeim stað, en útgerðarmanni ber ekki að greiða eftir íslenskum rétti, skal ríkissjóður bæta útgerðarmanni skipsins þau útgjöld, sem óhjákvæmileg voru í þessu sambandi.

Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um umönnun sjúkra eða slasaðra skipverja og um heimsendingu þeirra.

7. Andlát skipverja og greftrun.

39. gr.

Ef skipverji deyr skal skipstjóri tilkynna einhverjum hinna nánustu vandamanna hins látna um andlátið svo skjótt sem við verður komið. Skipstjóri sér um útför hins látna eða líkbrennslu, hafi venslamenn eigi gert aðrar ráðstafanir. Andist skipverji erlendis skal hinum næsta íslenska ræðismanni einnig tilkynnt um andlátið. Hafi líkbrennsla farið fram skal skipstjóri annast heimsendingu öskunnar.

Svo skjótt sem við verður komið skal skipstjóri láta gera skrá yfir muni þá, sem hinn látni hefur látið eftir sig í skipinu og skal skrá þessi staðfest af tveimur vottum. Hafi skipverji andast erlendis skal skipstjóri senda eða afhenda hinum næsta íslenska ræðismanni skrá þessa eða staðfest eftirrit hennar. Sé miklu óhagræði bundið að geyma muni hins látna um borð skulu þeir einnig afhentir hinum næsta íslenska ræðismanni.

40. gr.

Deyi skipverji telst kaup hans til dánardags og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Nú hverfur skip í hafi án þess að upplýst verði hvenær skiptapann ber að höndum og skulu lok launagreiðslna til horfinna skipverja þá miðast við þann tíma, sem telja mátti eðlilegan fyrir það skip að ná til næsta áfangastaðar frá þeim stað sem síðast spurðist um skipið.

Deyi skipverji á þeim tíma, er hann á rétt til kaups samkvæmt 27. gr. eða 36. gr., á eftirlifandi maki eða börn, sem eru á framfæri hins látna eftir almennum framfærslureglum,

rétt til launa fyrir einn mánuð umfram það sem segir í 1. og 2. mgr., enda hafi skipverjinn verið í þjónustu útgerðarmanns í síðustu sex mánuði áður en hann andaðist. Hafi skipverji verið samfellt í starfi hjá sama útgerðarmanni í fjögur ár eða lengur, skal auk þess sem fyrr segir, greiða eins mánaðar kaup, sem hjá fiskimönnum miðist við kauptryggingu fyrir einn mánuð eins og hún er á hverjum tíma, en hjá farmönnum skal greiðslan vera sem nemur eins mánaðar grunnlaunum viðkomandi skipverja.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda.

41. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan venjulegan kostnað við greftrun skipverja eða líkbrennslu svo og þann kostnað, er leiðir af heimsendingu ösku eða líkamsleifa, ef því er að skipta, hafi skipverji andast meðan útgerðarmanni bar að kosta umönnun hans.

Ríkissjóður greiðir þau útgjöld sem um ræðir í 1. mgr. ef skipverji hefur við andlát sitt átt rétt til umönnunar samkvæmt 5. mgr. 37. gr. Ákvæðum 6. mgr. 37. gr. og 38. gr. skal beitt eftir því sem við getur átt um útgjöld vegna andláts eða greftrunar skipverja

Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um ráðstafanir vegna andláts skipverja.

8. Ráðningarsamningur skipstjóra.

42. gr.

Útgerðarmaður skal sjá um, að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur við skipstjóra, þar sem kveðið sé á um ráðningarkjör hans.

43. gr.

Ákvæði laga þessara um skiprúmssamninga skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um ráðningarsamning við skipstjóra, með þeim breytingum, sem leiða af 44.—48. gr.

44. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

45. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti og án þess að heimild sé til þess samkvæmt 47. gr. á hann rétt á bótum fyrir það tjón sem frávikningin bakar honum.

Sé eigi annað sannað um upphæð tjónsins, á skipstjóri rétt á þriggja mánaða kaupi og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningunni skyldi slitið í samkvæmt samningnum, eða til íslenskrar hafnar, hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni og ráðningu er slitið áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið liðið á hann rétt til að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar sem svarar til aflafengs hans, ef um hluta af afla er að ræða, ella til starfstíma hans að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

46. gr.

Skipstjóri skal hafa sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar í veikinda- og slysatilvikum og um getur í 36. gr.

47. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt til launa lengur en hann gegnir starfi.

48. gr.

Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri tíma en þrjá mánuði, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldugur til að dvelja á staðnum þar til skipverjum, skipi og farmi hefur verið ráðstafað, og á hann þá rétt á launum þann tíma og dvalarkostnaði.

III. KAFLI

Um skipsstörfin.

1. Yfirmenn og stjórnun.

49. gr.

Skipstjóri hefur í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

50. gr.

Stýrimenn eru skipstjóra til aðstoðar við siglingu skipsins og þær athuganir og útreikninga sem tilheyra henni og við bókun í leiðarbók og dagbók skipsins. Stýrimenn skulu auk þess sinna öðrum þeim störfum sem skipstjóri felur þeim.

Riti stýrimaður í leiðarbók eða dagbók ábyrgist hann að rétt sé ritað.

Í umboði skipstjóra hefur fyrsti stýrimaður eftirlit með öðrum skipverjum, skipi, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af 53., 54. og 55. gr. Hann skal sjá um nauðsynlega skráningu á mótteknum og afhentum farmi og hafa eftirlit með lestun, losun og búlkun farms.

Forfallist 1. stýrimaður eða sé hann fjarverandi kemur næst æðsti stýrimaður, sem er til staðar, í hans stað.

51. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefur enga fyrirskipun gert um, skal æðsti stýrimaður, sem er til staðar, ráða fram úr því sem ekki má fresta.

52. gr.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur æðsti stýrimaður í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. Útgerðarmanni skal þegar í stað tilkynnt um framangreind tilvik.

53. gr.

Yfirvélstjóri stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslunni. Hann skal sjá um óaðfinnanlegan rekstur, meðferð og viðhald á vélbúnaði skipsins, tilheyrandi lögnum og útbúnaði, svo og á þeim hluta af bol skipsins, sem lykur um vélarúm, ásamt tilheyrandi geymum og göngum.

Hann hefur umsjón með eldneytisforða skipsins og öðrum nauðsynjum til reksturs og viðhalds véla, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði.

Hann ákveður verkaskiptingu og starfstilhögun hinna vélstjóranna og annarra starfsmanna í vél.

Yfirvélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla eða bilun á þeim hlutum skipsins, áhöldum og útbúnaði, sem að framan greinir.

Yfirvélstjóri ber ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins. Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann

hefur enga fyrirskipun gert um, skal sá æðsti hinna vélstjóranna, sem til staðar er, ráða fram úr því, sem ekki má fresta.

Vélstjóri ritar í vélabók og ábyrgist að rétt sé ritað.

54. gr.

Bryti skal einkum sjá um matargerð og framreiðslu matar. Hann hefur umsjón með vistum og sér um hreingerningu á þeim rýmum, sem skipstjóri ákveður.

55. gr.

Loftskeytamaður sér einkum um fjarskiptaþjónustu, auk annarra starfa sem skipstjóri felur honum

Hann ber ábyrgð á rekstri, meðhöndlun og viðhaldi á fjarskiptabúnaði skipsins ásamt tilheyrandi útbúnaði og varahlutum.

Verði loftskeytamaður var við galla eða bilun í þeim útbúnaði, sem að framan greinir, skal hann láta skipstjóra vita af því tafarlaust.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

56. gr.

Um frekari starfsskyldur þeirra yfirmanna, sem frá er greint í 50.—55. gr., svo og um starfsskyldur annarra yfirmanna, fer eftir ráðningarsamningi eða kjarasamningi, venju eða reglum, sem samgönguráðherra setur.

2. Starfstilhögun og varúðarreglur.

57. gr.

Þegar verkum er skipt, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni er verkum stjórnar er skylt að gæta þess að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum. Á sama hátt er skipverja skylt að hlýðnast fyrirmælum um notkun öryggisbúnaðar og öðrum varúðarreglum.

Samgönguráðherra getur sett reglur til varnar sjukdómum og slysum í skipum.

3. Almennar starfsskyldur.

58. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla sem sett verða um góða siði og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

4. Um upphaf vistar skipverja og fjarveru hans.

59. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann ekki fara frá skipi leyfislaust.

Skipverja, sem ekki er staddur á skipi en veit eða má vita að hann muni bráðlega verða kvaddur til skips, er skylt, eftir því sem honum er unnt, að fylgjast með ferðum skipsins og vera tilbúinn að taka upp störf sín að nýju, þegar þess er þörf, enda skal úterðarmaður eða skipstjóri veita honum greiðar upplýsingar um ferðir skips, eftir því sem frekast er unnt.

Geti skipverji ekki mætt til skips á réttum tíma skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

Skipverji, sem ekki kemst til skips af ástæðum sem útgerðarmanni verður ekki um kennt, skal sjálfur bera hallann af.

5. Bótaskylda skipverja.

60. gr.

Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólar geta þó lækkað bótaupphæðina, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annarra atvika. Þegar sérstaklega stendur á má einnig fella bótaskyldu niður með öllu.

Fari skipverji fyrirvaralaust úr starfi eða áður en uppsagnarfrestur er liðinn, án lögmætrar ástæðu, á útgerðarmaður rétt á bótum úr hendi skipverja er nemi launum fyrir hálfan uppsagnarfrest eða helming þess tíma sem eftir er af uppsagnarfrestinum, þó aldrei lægri fjárhæð á fiskiskipum en sem nemur sjö daga kauptryggingu, en föstum launum í sjö daga á kaupskipum.

6. Viðurværi skipverja og aðbúð.

61. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um það efni.

Ef nauðsyn ber til, að matur sé dreginn af skipverjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur af þeim sökum.

62. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu.

Samgönguráðherra getur sett reglur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

7. Haffærisskoðun.

63. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé ekki haffært í ferð þá, sem því er ætluð, þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til réttra yfirvalda þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef kvörtun, sem þar segir, er borin fram af yfirvélstjóra eða fyrsta stýrimanni og hún lýtur að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er vikomandi yfirmaður hefur umsjón með.

Komi fram við skoðunina, að umkvartanir um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í 60. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá er málið hefur haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda Siglingamálastofnun skýrslu um skoðunina.

8. Hvíldar- og matartími o.fl.

64. gr.

Skipverjum skal ætlaður hæfilegur tími til hvíldar og matar.

Um lágmarkshvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í kjarasamningum.

65. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

9. Landgönguleyfi skipverja.

66. gr.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins að nauðsynlegt sé að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru vegna nauðsynlegra skipsstarfa, eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Skipstjóri skal, ef nauðsyn krefur og þess er kostur, sjá til þess að skipverjar í landgönguleyfi séu ferjaðir til og frá skipi, þeim að kostnaðarlausu.

Ákvæði 2. mgr. 59. gr. á einnig við um skipverja í landgönguleyfi, eftir því sem við verður komið.

10. Farangur skipverja og aðrar eigur þeirra.

67. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Söluvarning fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefur ólöglega með sér á skipinu, og bæta skaða þann, er af því hlýst.

Skipverja er óheimilt að hafa með sér á skipi fíkniefni eða hættuleg efni. Sama gildir um vopn og skotfæri, nema skipstjóri gefi sérstakt leyfi til þess.

Ef skipstjóri hefur rökstuddan grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirslur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefur með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörslur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

68. gr.

Skipstjóri skal taka í gæslu sína þá muni, sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera skrá um muni þessa, sem staðfest sé og undirrituð af tveimur vottum.

Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina, getur hann komið þeim í geymslu á kostnað eiganda eða selt þá fyrir reikning eiganda en að frádregnum kostnaði. Hið sama á við, hafi skipverji eigi, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að hann yfirgaf skip, snúið sér til skipstjóra eða útgerðarmanns með ósk um að fá munina afhenta sér.

69. gr.

Útgerðarmaður bætir skipverjum þær eigur þeirra, sem farist hafa eða skemmst við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón, eftir reglum sem samgönguráðherra setur.

11. Um agavald skipstjóra.

70. gr.

Skipstjóri, eða sá sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að grípa til hvers kyns nauðsynjaúrræða til að koma á hlýðni og góðri reglu og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, ber enginn ábyrgð á því, ef eigi var beitt meiri harðræði en atvik kröfðu.

71. gr.

Sé skipverji grunaður um að hafa drýgt meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 75. gr. Ef meintur glæpur var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað annist eigi meðferð málsins.

Þar til íslenskur ræðismaður eða íslensk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess eftir föngum, að hinn grunaði hverfi eigi af skipi og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur og ábyrgist skipstjóri, að hann sé eigi beittur óþörfu harðræði af þeim sökum.

IV. KAFLI

Ágreiningur út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna.

72. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi, er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining, sem rís af starfi skipverja, ef báðir (eða allir)málsaðilar óska þess, og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur, skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

Ef skip er statt erlendis og ágreiningur rís út af reikningsgerð skipstjóra eða útgerðarmanns eða út af starfi skipverja, má leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslensks, sem fyrst næst til. Er báðum aðilum þá skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til íslenskur dómstóll, eða gerðardómur samkvæmt 1. mgr., hefur lagt dóm á málið.

V. KAFLI

Um brot á lögum þessum og um refsingar.

1. Almenn ákvæði.

73. gr.

Refsiákvæðum þessa kafla skal því aðeins beitt, að aðrar og þyngri refsingar liggi eigi við broti samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 2. tl. 4. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga við um brot á lögum þessum.

74. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr. og í 81. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 76., 77., 79. og 85. gr. skulu lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algeran skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlaust af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefur verið umsagnar samgönguráðuneytisins.

Um rannsókn og málsmeðferð út af brotum samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer annars að hætti opinberra mála.

75. gr.

Skipstjóri, eða sá sem kemur í hans stað, framkvæmir ef nauðsyn ber til og eftir því sem við verður komið, frumrannsókn á meintum brotum skipverja. Ef unnt er, skulu tveir óvilhallir vottar vera viðstaddir rannsóknina og sé annar þeirra úr hópi yfirmanna. Skyldir eru skipverjar að aðstoða skipstjóra við rannsókn þessa.

Við rannsóknina skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu, en einnig skulu önnur sönnunargögn könnuð eftir því sem ástæða þykir til og er þá einnig heimilt að leggja hald á muni ef óhjákvæmilegt er vegna sönnunar. Rannsóknarvottar geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru.

Framburður hinna yfirheyrðu skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók og skal lesa það sem bókað var, upp fyrir þeim sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og vottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir rannsóknin gefa tilefni til.

Er íslensk rannsóknaryfirvöld eða erlend rannsóknaryfirvöld, sem til þess hafa lögsögu og heimild, æskja þess, skal skipstjóra skylt að leggja fram þær prófanir, sem um getur í 1.—3. mgr., og veita aðra aðstoð við framhaldsrannsókn málsins.

2. Refsiákvæði.

76. gr.

Ef skipstjóri misbeitir agavaldi sínu eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

77. gr.

Í refsidómi samkvæmt 76. gr. má ennfremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

78. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, varðar það sektum.

79. gr.

Ákvæði 76.—78. gr. gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

80. gr.

Ef skipverji annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu, skal hann sæta sektum.

Strjúki skipverji eða fari frá skipi, þegar svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið varðhald eða fangelsi allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefur eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá að draga sér kaup það sem hann hefði fengið greitt, en hafði eigi enn unnið fyrir.

81. gr.

Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, sætir hann sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

Hið sama gildir, ef skipverji óhlýðnast réttmætum fyrirmælum hvers þess yfirmanns, sem segja má honum fyrir verkum.

82. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur, má beita sektum.

83. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanns eða foringja samblástursins orðið fangelsi allt að 6 árum, svo og refsing annarra samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefur hlotist af samblæstrinum.

84. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 63. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, varðar það sektum.

85. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má enn fremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri er hann áður hafði, þann tíma sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fer svo sem segir í 77. gr.

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur samgönguráðherra, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefur verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánar tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviptur, hvort tveggja enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga einnig eftir atvikum við um aðra yfirmenn.

86. gr.

Hafi skipverji óleyfilegan varning með sér á skip og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það sektum, eða varðhaldi, ef sakir eru miklar.

87. gr.

Verði sjómaður, sem ákvæði þessara laga taka til, sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það sektum eða varðhaldi, ef sakir eru miklar.

88. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

89. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin frá sama tíma sjómannalög nr. 67/1963 með áorðnum breytingum.

Reglur, sem samgönguráðherra hefur sett með heimild í l. nr. 67/1963, skulu þó halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til nýjar reglur verða settar í þeirra stað.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga þessara um lágmarksaldur sjómanna skulu ganga framar ákvæði um sama efni í 2. mgr. 41. gr. l. nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

Greinargerð.

I.

Þann 8. september 1981 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd „til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga“:

Pál Sigurðsson, dósent (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Emil Pál Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf Stefánsson, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Þórhall Helgason, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda). Þann 15. október 1981 var Jón H. Magnússon, deildarstjóri (tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerða), skipaður í nefndina og sömuleiðis, þ. 19. nóvember 1981, Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands). Þann 16. mars 1982 skipaði síðan samgönguráðherra Viðar Má Matthíasson, hdl., (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands) í nefndina í stað Emils Páls Jónssonar, sem beðist hafði lausnar frá nefndarstörfum.

Við skipun framangreindra nefndarmanna var m.a. leitast við að gæta þess, að í nefndinni ættu sæti fulltrúar hinna helstu hagsmunasamtaka eða hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi og siglingum

Samgönguráðuneytið hafði frumkvæðið að almennri endurskoðun sjómannalaga og siglingalaga, en ósk um endurskoðun gildandi reglna um veikinda- og slysatilfelli sjómanna og um líf- og öryggistryggingu þeirra, höfðu borist ráðuneytinu frá samtökum sjómanna og útvegsmanna.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, að ráðuneytinu sé ljóst, að hér sé um mikið og tafsamt verk að ræða, sem taka muni nokkurn tíma, en þó sé þess óskað, að nefndin hraði störfum, þannig að unnt sé að leggja niðurstöður hennar fyrir Alþingi haustið 1982. Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefnið hefur verið ítarlega rætt, og leitað víða fanga um heimildir, íslenskar jafnt sem erlendar, auk þess sem samráð hefur verið haft við ýmsa aðila, íslenska og erlenda. Hefur nefndin leitast við að hraða störfum sínum, en rétt þótti, vegna þess hve verkefni hennar er margslungið, viðamikið og vandmeðfarið, að nefndarmenn einbeittu sér að endurskoðun gildandi sjómannalaga nr. 67/1963, áður en tekist væri að fullu á við heildarendurskoðun gildandi siglingalaga nr. 66/1963, enda þótt jafnframt hafi verið lögð margvísleg drög að endurskoðun þeirra laga. Í nokkru samræmi við ósk þá, er fram kom í erindisbréfi hennar, skilar nefndin nú, í janúar 1983, frumvarpi til nýrra sjómannalaga, en mun síðan snúa sér að nákvæmri endurskoðun siglingalaga.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við hagsmunasamtök þau, sem tilnefnt höfðu menn í nefndina. Bárust nefndinni athugasemdir frá þessum aðilum, sem ítarlega var fjallað um.

Nefndarmenn standa sameiginlega að frumvarpi þessu í megindráttum, en Guðmundur Hallvarðsson, Ingólfur Stefánsson og Viðar Már Matthíasson hafa þó ekki getað fallist á tillögu meiri hluta nefndarinnar um efni 36. gr. frumvarpsins (sem að nokkru leyti svarar til efnis 18. gr. núgildandi sjómannalaga) og rökstyðja þeir þá afstöðu sína í sérstökum athugasemdum sem fylgja þessari greinargerð.

II.

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í hinum fyrstu almennu siglingalögum Íslendinga nr. 63/1913, sem ári síðar voru endurútgefin sem l. nr. 56/1914, og hið sama er að segja um hin samræmdu siglingalög, sem sett höfðu verið meðal annarra Norðurlandaþjóða laust fyrir síðustu aldamót. Voru hin íslensku lagaákvæði um þetta efni í megindráttum þau sömu og var í löggjöf norrænna grannþjóða okkar. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin ur siglingalögunum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög nr. 41/1930. Var um það, sem og um efnislega endurskoðun ákvæðanna, fylgt fordæmi annarra Norðurlandaþjóða, sem sett höfðu sér sjómannalög laust eftir 1920. Með lögum nr. 36/1941 voru gerðar nokkrar breytingar á sjómannalögunum, einkum varðandi réttarstöðu loftskeytamanna. Laust eftir 1950 fór fram gagnger endurskoðun sjómannalaga meðal annarra Norðurlandaþjóða og voru þau þá gefin út að nýju. Höfðu viðkomandi þjóðir með sér samráð um setningu og gerð laga þessara. Að fyrirmynd annarra Norðurlandaþjóða var síðan hafist handa um endurskoðun íslensku sjómannalaganna, enda þótt eigi væri haft beint samráð við hinar norrænu laganefndir, sem störfuðu á þessu sviði. Var frumvarp til laga um breyting á sjómannalögunum frá 1930 flutt á Alþingi árið 1960, síðan endurflutt en varð eigi að lögum fyrr en 1963. Voru sjómannalögin þá, með þessum breytingum, gefin út í heild sem lög nr. 67/1963, sem nú eru í gildi. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því til breytinga á sjómannalögum, sem nú var nefnt, segir m.a.:

> „Með því að ljóst er, að breytingar þær, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á sjómannalögum sínum, horfa yfirleitt til bóta og eru í betra samræmi við siglingastarf-

semi nútíðarinnar en hinar eldri reglur, þá hafa gildandi sjómannalög þeirra verið höfð til fyrirmyndar við samningu frumvarps þessa. Það er og mikilsvert að rjúfa ekki samræmi það, sem um langt skeið hefur verið milli siglingalöggjafar Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða. Í nokkrum atriðum hefur þó verið vikið frá ákvæðum hinna norrænu sjómannalaga, þar sem annað þótti betur fara vegna íslenskra atvinnuhátta eða annarra ástæðna.

Með frumvarpi þessu eru ekki gerðar neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna. Hér er fremur um að ræða lagfæringar, ýmist til að nema burt úrelt ákvæði og setja önnur viðeigandi í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar."

Á 24. gr. l. nr. 67/1963 var gerð nokkur breyting með l. nr. 53/1969, en róttækari (og umdeildari) var hins vegar sú breyting, sem gerð var á 18. gr. laganna með l. nr. 49/1980, þar sem aukin voru réttindi sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði.

Aðrar breytingar hafa eigi verið gerðar á lögunum, enda þótt talsverð þróun hafi orðið í kjaramálum sjómanna, sem og annarra launþega, á síðustu tveimur áratugum.

Aðrar Norðurlandaþjóðir töldu fulla ástæðu til að endurskoða sjómannalög sín frá grunni og var það gert fyrir allnokkrum árum og lögin síðan gefin út að nýju, allmikið breytt bæði um form og efni, sbr. í Danmörku lög frá 1973, í Svíþjóð lög frá 1973 og í Noregi lög frá 1975. Höfðu þjóðir þessar samvinnu sín í millum um endurskoðunina, þótt ekki hafi orðið fullt samræmi milli lagatextanna, enda var ekki að því stefnt. Við samningu þessa frumvarps til nýrra sjómannalaga hefur m.a. verið höfð talsverð hliðsjón af hinum fyrrnefndu norrænu lögum, einkum hinum dönsku og norsku, enda kynntu nefndarmenn sér þá lagabálka mjög rækilega ásamt greinargerðum, sem fylgdu þeim, svo og ritum sem samin hafa verið til skýringar á þeim, ásamt öðrum gögnum (þ. á m. dómum), sem lögunum tengjast. Að því leyti sem íslensk lagaákvæði á þessu sviði eiga sér samsvörun í sjómannalögum annarra Norðurlandaþjóða, má oft til skýringar og fyllingar hafa mikið gagn af þeim erlendu heimildum, sem hér voru nefndar. Verður í því sambandi að hafa hugfast, að mjög var vandað til endurskoðunar norrænu sjómannalaganna, að aðstæður varðandi sjómennsku og siglingar eru um margt líkar hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum og að norrænar grannþjóðir okkar teljast standa mjög framarlega í félagslegum málefnum. Um margt er þó enn í frumvarpinu byggt á grunni þeirra reglna, sem fram koma í núgildandi sjómannalögum okkar, en hvarvetna var þó jafnframt leitast við að aðlaga reglurnar raunhæfum þörfum og aðstæðum íslenskra sjómanna og útvegsmanna, án tillits til beinna fyrirmynda. Í frumvarpinu er því að finna nokkur ákvæði, sem ekki eiga sér hliðstæðu eða fyrirmynd í gildandi sjómannalögum, íslenskum eða erlendum.

Þegar ljóst varð, að í frumvarpi þessu kæmu fram töluverðar breytingar frá því, sem er í gildandi lögum, í samræmi við þá endurskoðun, sem fram hefur farið á norrænum sjómannalögum á síðustu áratugum, auk þess sem ástæða var til að gagnrýna efnisskipan l. nr. 67/1963, taldi nefndin réttara að samið yrði frumvarp til nýrra sjómannalaga heldur en látið yrði nægja að setja saman frumvarp til laga um breyting á l. nr. 67/1963, sem síðan yrðu gefin út á ný með þeim breytingum. Með þessu móti hafði nefndin frjálsari hendur um samningu frumvarpsins en ella hefði verið. Sérstaklega skal bent á, að efnisskipan frumvarpsins er með ýmsum hætti önnur en nú er samkvæmt l. nr. 67/1963, en mikilvægt er, að efni sé vel og skýrlega skipað niður í jafn viðamiklum lagabálki og hér um ræðir.

III.

Frumvarpinu er ætlað að geyma ítarlegar reglur um hin helstu atriði, sem á reynir í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna, en mikilvægt er, að réttarstaða manna á þessu sviði sé sem skýrust og er það báðum aðilum í hag. Má segja að breytingar þær, sem frumvarp þetta hefur í för með sér frá því sem er samkvæmt gildandi sjómannalögum, miði fyrst og fremst í þá átt að gera ýmis mikilvæg atriði ljósari og lögin í heild aðgengilegri til notkunar en nú er, en yfirleitt er þar ekki gert ráð fyrir eiginlegum grundvallarbreytingum, þótt breytingarnar séu í sjálfu sér margar og bæti yfirleitt réttarstöðu eða kjör sjómanna. Á hitt er þó einnig að líta, að enda þótt hér sé um allmikinn lagabálk að ræða, með mörgum og oft ítarlegum ákvæðum, verður aldrei með lögum mælt fyrir um öll þau atriði, sem hugsanlega geta valdið ágreiningi milli sjómanna og útgerðarmanna, og hefur frumvarpið fyrst og fremst að geyma ákvæði um þau atriði eða svið, sem reynslan hefur sýnt, að helst þýðir að lögbinda. Mörg atriði er hins vegar heppilegra að skera úr um í kjarasamningum milli þeirra stétta, sem við sjómennsku, siglingar og sjávarútveg starfa, en vandasamt er, við samningu framvarps til nýrra sjómannalaga, að finna lausnir í því efni, sem öllum líki. Við gerð frumvarpsins reyndist nokkrum erfiðleikum bundið að semja reglur, sem átt geti við um **alla** sjómenn á íslenskum skipum, en af augljósum ástæðum hlýtur að vera talsverður munur á stöðu og þörfum fiskimanna, annars vegar, og farmanna, hins vegar, og er vandrataður meðalvegurinn í því efni. Má víst fullyrða, að sjómannalög Íslendinga, sem og annarra þjóða, hafi í verulegum mæli einkennst af ákvæðum, sem fremur lúta að stöðu farmanna en fiskimanna, og má einnig finna þess merki í þessu frumvarpi, enda þótt sjónarmiða fiskimanna og fiskiskipaútgerðarinnar hafi vissulega einnig verið gætt.

IV.

Efni frumvarpsins er skipað með eftirgreindum hætti:

I. KAFLI

Almenn ákvæði (1—5. gr.).

II. KAFLI

Ráðningarsamningur o. fl. (6.—48. gr.).

1. Um samningsgerðina o. fl. (6.—8. gr.).
2. Um ráðningartímann (9.—15. gr.).
3. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi (16.—22. gr.).
4. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi (23.—26. gr.).
5. Um kaup skipverja (27.—32. gr.).
6. Umönnun og kaup sjúkra skipverja (33.—38. gr.).
7. Andlát skipverja og greftrun (39.—41. gr.).
8. Ráðningarsamningur skipstjóra (42.—48. gr.).

III. KAFLI

Um skipsstörfin (49.—71. gr.).

1. Yfirmenn og stjórnun (49.—56. gr.).
2. Starfstilhögun og varúðarreglur (57. gr.).
3. Almennar starfsskyldur (58. gr.).
4. Um upphaf vistar skipverja og fjarveru hans (59. gr.).
5. Bótaskylda skipverja (60. gr.).

6. Viðurværi skipverja og aðbúð (61.—62. gr.).
7. Haffærisskoðun (63. gr.).
8. Hvíldar- og matartími o. fl. (64.—65. gr.).
9. Landgönguleyfi skipverja (66. gr.).
10. Farangur skipverja og aðrar eigur þeirra (67.—69. gr.).
11. Um agavald skipstjóra (70.—71. gr.).

IV. KAFLI

Ágreiningur út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna (72. gr.).

V. KAFLI

Um brot á lögum þessum og um refsingar (73.—88. gr.).

1. Almenn ákvæði (73.—75. gr.).
2. Refsiákvæði (76.—88. gr.).

VI. KAFLI

Gildistaka o. fl. (89. gr.).

V.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla almennt.

Í þessum kafla er safnað nokkrum almennum ákvæðum um gildissvið laganna og um skýringu nokkurra meginhugtaka, sem oft eru notuð í frumvarpinu. Auk þess er þar almennt ákvæði (í 3. gr.) um tilteknar skyldur allra þeirra manna, sem á skipi eru staddir, án tillits til tengsla þeirra við skipið eða útgerð þess.

Af ákvæðum I. kafla leiðir að horfið verður frá þeirri skiptingu gildandi laga, sbr. einkum 71. og 72. gr. þeirra, að þeir, sem á skipi eru, flokkist í 1) venjulega skipverja, 2) aðra skipverja og 3) aðra sem á skipi eru.

Frumvarpið byggir á því, að öll ákvæði þess gildi um sjómenn (skipsjóra og skipverja) sbr. 1. gr., en skv. 5. gr. þess er með skipverja: „. . . átt við hvern þann sjómann, sem ráðinn er á skip til skipsstarfa". Þeir sem skv. gildandi lögum teljast til „annarra skipverja" (t.d. skipslæknir) teljast skv. frumvarpinu til skipverja, og gilda því öll ákvæði þess um þá án fyrirvara, eins og nú er í 71. gr. gildandi laga.

Um aðra sem á skip eru ráðnir, hvort sem þeir eru ráðnir af skipstjóra, útgerðarmanni eða öðrum, gilda þau ákvæði frumvarpsins, sem talin eru upp í 2. gr. þess. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins svara að mestu til 72. gr. gildandi laga, en þó er bætt við tilvísun í nokkrar greinar, sem flestar eru nýmæli í frumvarpinu og rétt þykir að taki til þessa fólks.

Þessi breyting felur ekki í sér neinar verulegar efnislegar breytingar, en er gerð til einföldunar, enda verður að telja, að þrískipting gildandi laga hafi ekki sérstaka þýðingu.

Um 1. gr.

1. mgr.

Hér er um að ræða meginákvæði varðandi gildissvið laganna, en hliðstætt ákvæði er ekki í l. 67/1963. Ekki þótti rétt að orða í lögum víðtækari reglu en hér er gert, en ljóst má þó vera, að greinin kann í einstaka tilfellum að verða túlkuð á víðtækari hátt en leiðir af orðalagi hennar, ef reynir á hagsmuni erlendra manna. Meginreglur íslensks „lagaskilaréttar" gætu t.d. leitt til þess, að lögin í heild sinni, eða tiltekin ákvæði þeirra, yrðu talin ná til sjómanna á erlendum skipum, sem íslenskir útgerðarmenn hafa tekið á leigu og sem sigla

undir erlendum fána. „Íslenskt skip", í merkingu þessarar greinar, er hvert það skip, sem skráð er eða skráningarskylt á Íslandi, sbr. l. 53/1970, en þó getur það hugtak að sjálfsögðu einnig átt við um skip, sem eigi nær tiltekinni lágmarksstærð samkvæmt þeim lögum og er því eigi skráningarskylt, ef nægar ástæður mæla með því, að það kallist „íslenskt".

2. mgr.

Með ákvæði þessu er samgönguráðherra veitt heimild til að takmarka gildissvið laganna í nánar afmörkuðum tilvikum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Ákvæðum frumvarpsins í heild er að sjálfsögðu fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra manna, sem stunda „hefðbundin" sjómannsstörf og getur því verið réttlátt að lögin öll eða a.m.k. tiltekin ákvæði þeirra verði t.d. ekki látin ná til „skipverja" á hinum allra minnstu skemmtibátum, sem ekki hafa framfæri sitt af sjómennsku, eða til áhafnar á skipum, sem eingöngu sinna staðbundnum verkefnum í nánum tengslum við land, svo sem t.d. er um sanddæluskip. En meginreglan er, að ákvæði frumvarpsins nái til sjómanna á öllum íslenskum skipum, hverju nafni sem nefnast, og verður væntanlega ekki gerð nein undantekning frá því, nema mjög ríkar ástæður mæli með því.

Um 2. gr.

Grein þessi svarar að mestu til efnis 1. mgr. 72. gr. l. 67/1963, en þó með nokkrum breytingum. Um hugtakið „skipsstörf" í upphafi greinarinnar vísast til athugasemda við 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Hvað varðar „menn, sem ráðnir hafa verið á skip af öðrum en útgerðarmanni eða skipstjóra" skal tekið fram, að þar er m. a. átt við þjónustufólk á farþegarskipum, sem ráðið er af bryta og tekur laun sín hjá honum, afgreiðslufólk á ferjum eða farþegaskipum, sem ráðið er og launað af manni, sem „leigt" hefur verslunaraðstöðu um borð og rekur hana fyrir eigin reikning, eftirlitsmann („supercargo"), sem er um borð í skipi sem fulltrúi farmeigenda, og sérfróðan umsjónar- eða trúnaðarmann skipasmíðastöðvar, sem er um borð í nýju skipi á reynsluferðum þess.

Um 3. gr.

Greinin svarar að nokkru til 2. mgr. 72. gr. l. 67/1963, en er þó höfð víðtækari í því augnamiði að tryggja sem best öryggi skips eða manna, sem á því eru.

Um 4. gr.

Frumvarpinu er ætlað að mæla fyrir um tiltekin lágmarksréttindi sjómanna, sem eigi verður vikið frá með samningi á þann veg, að niðurstaðan verði sjómanni óhagstæðari, en að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að sjómönnum sé með samningum veittur betri réttur eða betri kjör en frumvarpið gerir ráð fyrir. Fyrri hluti 2. mgr. er nánast samhljóða 1. mgr. 93. gr. l. 67/1963.

Um 5. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta á sér ekki hliðstæðu í l. 67/1963. Hugtakið „skipsstörf", eins og það er notað í frumvarpinu, gefur tilefni til skýringar. Þar er átt við störf, sem eru nauðsynleg rekstri eða ferðum skipsins og sem unnin eru af starfsmönnum, sem eru um borð í skipinu. Sem dæmi má nefna, að skipslæknir á farþegaskipi vinnur tvímælalaust „skipsstörf", en fiskifræðingur, sem vinnur að rannsóknarstörfum sínum um borð í togara meðan á veiðiferð stendur, starfar hins vegar ekki að „skipsstörfum" í þessari merkingu. Í þessu sambandi skiptir meginmáli, að viðkomandi manni sé í raun ætlað að vinna „skipsstörf" um borð, og skiptir þá minna máli hvort hann hefur verið lögskráður eða ekki. Lögskráning maka skipverja, sem einungis er til málamynda, þar sem viðkomandi ferðast nánast sem farþegi,

leiðir því ekki til þess, að ákvæði frumvarpsins gildi um hann. Almennt má segja, að frumvarpinu sé ekki ætlað að ná til manna, sem vinna einungis um borð í skipi meðan það liggur í höfn.

2. mgr.

Í fyrri hluta ákvæðisins er talið upp hverjir séu yfirmenn á skipi. Það, að skipstjóri er ekki talinn með, er vegna þeirrar algeru sérstöðu sem skipstjóri hefur á skipi, en um hann eru t.d. sérstök ákvæði í 42.—48. gr. laganna.

Með síðari hluta ákvæðisins er m.a. höfðað til manna, er ekki stunda þau hefðbundnu yfirmannsstörf, sem nú tíðkast, en ætla má, að tækniþróun og framfarir í siglingum eða sjávarútvegi muni skapa störf, — sérfræðistörf eða forystustörf á skipi, — sem sambærileg séu við núverandi yfirmannsstörf. Sjá og 56. gr. frumvarpsins.

Almennt um kafla II—1.

Í kafla þessum gefur að finna nokkrar almennar reglur um gerð skiprúmssamninga við skipverja. Sérstakar reglur um ráðningarsamning við skipstjóra eru á öðrum stað í frumvarpinu. Eiga þessi ákvæði sér að nokkru leyti fyrirmynd í l. 67/1963, en eru um margt fyllri.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr.

Ákvæði þessi eru um sumt lík þeim, sem greind eru í 11. gr. l. 67/1963, en eiga þó að henta betur þörfum tímans.

3. og 4. mgr.

Ákvæði svara að mestu til efnis 9. gr. l. 67/1963, en með nokkrum breytingum, sem ekki þarfnast sérstakra skýringa.

5. og 6. mgr.

Um þetta má að sumu leyti vísa til 1. mgr. 11. gr. l. 67/1963. Um gerð sjóferðabóka eru nú nokkur ákvæði í 28. gr. l. 69/1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, en nefnd á vegum samgönguráðuneytisins, sem nýlega hefur lokið endurskoðun þeirra laga, hefur lagt til, að þau ákvæði verði numin brott úr lögunum og virðist raunar heppilegra, að um þetta efni gildi stjórnvaldsreglur, eins og hér er gert ráð fyrir (sbr. og 4. mgr. 11. gr. l. 67/1963). Hefur nefnd sú, er samdi þetta frumvarp til sjómannalaga, einnig samið drög að reglum um gerð sjóferðabóka, sem fylgja frumvarpi þessu, og er það að sjálfsögðu gert í trausti þess, að hið fyrrnefnda frumvarp um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði lagt fyrir Alþingi um svipað leyti og þetta frumvarp til sjómannalaga og að bæði frumvörpin verði að lögum á svipuðum tíma.

Sérstaklega skal tekið fram, að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir notkun „viðskiptabóka", sjá hins vegar 3. og 4. mgr. 11. gr. l. 67/1963, en alllangt er um liðið síðan hætt var að nota þær.

7. mgr.

Ákvæði þetta er svipaðs efnis og 1. mgr. 28. gr. l. 69/1973.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er að sumu leyti nýmæli, sem miðar að því, að skipverjar geti með auðveldum hætti kynnt sér efni sjómannalaga, þar sem m.a. er kveðið á um tiltekin lágmarksréttindi þeim til handa. Á það skal þó bent, að samkvæmt 4. mgr. 11. gr. l. 67/1963

skyldu í „viðskiptabók", sem skipverjar fengu í hendur, vera prentuð „ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina", en viðskiptabækur hafa nú eigi verið í notkun um alllangt skeið.

Um 8. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er, að nýliði á skipi fái frá upphafi góðar leiðbeiningar um störf þau, sem honum er ætlað að vinna, og hvernig eigi að framkvæma þau. Er þetta m.a. brýnt, þar sem öll sjómannsstörf hafa í för með sér vissa hættu og sum eru vandasöm. Ákvæði þetta hefur nokkur tengsl við ákvæði 57. gr. frumvarpsins.

2. mgr.

Ákvæði þetta svarar að verulegu leyti til efnis 10. gr. l. 67/1963, sbr. og 2. mgr. 41. gr. l. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, en lagt er til, að fyrirmælum um lágmarksaldur skipverja verði breytt nokkuð frá því, sem er að gildandi rétti. Þykir hæfilegt að miða þar við 15 ára lágmarksaldur og er ekki ástæða til að gera þar greinarmun á eftir kynjum. Þó er gert ráð fyrir því, að samgönguráðherra geti sett reglur um hærra aldurslágmark við tiltekin störf í skipum, allt fram til átján ára aldurs, t.d. ef störfin eru sérlega erfið, hættuleg eða vandasöm. Í 89. gr. frumvarpsins er lagt til, að fyrrgreint ákvæði í l. 53/1966 leiði ekki til annarrar niðurstöðu varðandi lágmarksaldur skipverja, en hér var lýst.

3. mgr.

Ákvæði þetta (sem þó er að sumu leyti nýmæli), svipar til síðari hluta 2. mgr. 10. gr. l. 67/1963, en samkvæmt því má enginn hefja starf á skipi nema hann hafi áður gengið undir læknisskoðun. Regla sú, sem lögð er til í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins, er þó ekki eins fortakslaus enda mun áðurnefndri reglu gildandi laga ekki hafa verið sinnt, svo kunnugt sé. Regla frumvarpsins veitir útgerðarmanni heimild til að krefja sjómann um vottorð læknis þess efnis, að hann sé ekki af þeim ástæðum sem um ræðir, óhæfur til að gegna skipsstörfum. Regla frumvarpsins mun sjálfsagt aðeins notuð í undantekningartilvikum, og verður því um órverulega breytingu á gildandi rétti að ræða. Samkvæmt sjómannalögum annarra Norðurlandaþjóða er skipverja gert skylt að leggja, við ráðningu, fram vottorð læknis um, að hann sé ekki haldinn einhverjum þeim sjúkdómi eða meiðslum, sem geri hann óhæfan til að gegna skipsstörfum, eða um að hann sé ekki haldinn smiti, sem skapi hættu fyrir aðra skipverja. Í stað þess að mæla fyrir um skyldu til læknisskoðunar er í frumvarpinu einungis miðað við heimild til að krefjast vottorðs.

4. mgr.

Hér er samgönguráðherra gert að setja nánari reglur um læknisskoðun samkvæmt 3. mgr. Þess háttar reglur hafa t.d. verið settar í Danmörku og í Noregi, en í þeim löndum er manni þó skylt að sæta læknisskoðun, áður en hann ræður sig í skiprúm, sbr. það sem fyrr segir.

Almennt um kafla II—2.

Um ráðningartíma skipverja eru nú ákvæði í 12.—17. gr. l. 67/1963. Er hér um margt byggt á sömu reglum, en ýmsu er þó einnig breytt, þar sem þurfa þótti.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 2. mgr. 13. gr. l. 67/1963, en er þó ítarlegra. Sérstaklega er tekið fram, að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur.

Í síðari hluta 2. mgr. er mikilvæg breyting frá því, sem er í gildandi lögum. Hafi ekki verið sérstaklega um annað samið, skal sú regla gilda, að sá sem hefur full réttindi til þess að gegna viðkomandi yfirmannsstöðu og starfað hefur í afleysingum sem yfirmaður í níu mánuði samfleytt, öðlast rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests eins og aðrir yfirmenn. Með orðinu „samfleytt" er ekki einungis átt við algerlega óslitinn starfa sem yfirmaður, heldur einnig greiðsluskyld veikinda- eða slysaforföll á tímabilinu og eðlileg frí, sem skipverjar eiga rétt á. Hinsvegar er það skilyrði, til þess að öðlast þennan rétt, að skipverji gegni ekki undirmannsstöðu á skipi á umræddu tímabili. Undanþágumaður getur ekki öðlast þennan rétt, heldur ræðst réttur hans af 1. mgr.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. l. 67/1963, en er mun ítarlegra og gerir ráð fyrir nokkrum nýmælum.

1. mgr.

Ef ekki er um annað samið getur skipverji, sem er heimilisfastur á Íslandi, aðeins farið úr skiprúmi í íslenskri höfn. Með orðunum „eðlilegur ferðakostnaður" er átt við fargjald með almennu samgöngutæki og nauðsynlegan dvalarkostnað, ef bíða þarf eftir ferð.

2. mgr.

Skipverji, sem hefur verið ráðinn á skip í erlendri höfn eða er ekki heimilisfastur á Íslandi, getur farið úr skiprúmi í erlendri höfn með þeim takmörkunum, sem getið er í niðurlagi málsgreinarinnar.

3. mgr.

Skipverji getur farið úr skiprúmi í næstu höfn, sem skip kemur til eftir að ráðningarsamningur endar, með þeim takmörkunum, sem leiða af 2. mgr. greinarinnar.

4. mgr.

Haldi skipverji áfram á skipi eftir að ráðningartími er liðinn og ekki er gerður nýr samningur, gilda ákvæði 9. gr. um uppsagnarfrest og 1. og 2. mgr. þessarar greinar um það, hvar skipverji geti farið úr skiprúmi.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 15. gr. l. 67/1963, en gert er ráð fyrir að skipverji þurfi nú að hafa verið í 9 mánuði í sama skiprúmi eða hjá sama útgerðarmanni, í stað 1 1/2 árs skv. l. 67/1963, til að njóta þess réttar, sem greinin veitir. Ákvæðið mælir aðeins fyrir um rétt skipverja, en veitir útgerðarmönnum ekki gagnkvæman rétt.

Um 12. gr.

Samhljóða 2. mgr. 16. gr. l. 67/1963.

Um 13. gr.

Að mestu sama efnis og 1. mgr. 16. gr. l. 67/1963.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 17. gr. l. 67/1963, en þó með nokkurri breytingu.

Skipstjóri hefur ákvörðunarvald um það, hvort skipverji gegnir áfram stöðu sinni eða hvort hann lætur af störfum, þó hann verði áfram á skipinu, t. d. ef annar skipverji kemur um borð til þess að taka við af þeim, sem neitað var um landvistarleyfi.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en hliðstæð ákvæði eru í norsku og dönsku sjómannalögunum. Réttur til ókeypis heimferðar skapast þegar skip hefur ekki komið í íslenska höfn í fjóra mánuði frá því skipverji kom um borð. Í norsku og dönsku lögunum eru ákvæði um helmingaskipti ríkissjóðs og útgerðar á ferðakostnaði skipverja. Hliðstæð sjónarmið eiga við hér og þar. Sjómenn njóta minni opinberrar þjónustu en aðrir skattborgarar, þar sem þeir eru langdvölum að heiman vegna starfs síns. Það er þeim mikikvægt að fá tækifæri til þess að koma heim til fjölskyldu sinnar úr hinni einangruðu tilveru um borð, þó ekki sé þéttar en hér er lagt til. Það eru sameiginlegir hagsmunir hins opinbera og útgerðarinnar, að það séu vel menntaðir og góðir sjómenn um borð í íslenskum skipum, sem sigla erlendis, í stað útlendinga. Er þetta þáttur í því, að svo megi verða.

Almennt um kafla II—3.

Um þetta efni eru nú ákvæði í 35. — 40. gr. l. 67/1963, og er hér byggt á sömu grundvallarreglum, þótt gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum, sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta svarar að mestu leyti til 35. gr. l. 67/1963.

Um 17. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sem byggist á sanngirnisástæðum varðandi velferð konunnar og/eða barns þess, er hún gengur með.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Réttur til þess að krefjast lausnar er takmarkaður við það, að einhver af sjómannsins nánustu hafi látist eða líf hans sé talið í hættu.

Um 19. gr.

Rétt þykir að taka fram hér, að með orðinu „bótum“ í 2. mgr. er átt við kaup, þannig að hér er ekki um efnislega breytingu að ræða, enda er talað um kaup í 25. gr. frumvarpsins, sem vísað er til í 2. mgr.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta er svipaðs efnis og 36. gr. l. 67/1963, nema hvað 3. og 4. mgr. bera með sér nýmæli, sem eru til hagsbóta fyrir skipverja. Fyrri hluti 3. mgr. á sér hliðstæðu í dönskum rétti. Í síðari hluta 3. mgr. er gert ráð fyrir, að útgerðarmanni sé skylt að greiða allan ferðakostnað skipverja er hann eða skipstjóri vissi eða mátti vita um ástand það, sem í 1. mgr. greinir, enda eiga þá ekki við þau sjónarmið, sem skipting ferðakostnaðar byggist á. Regla 4. mgr. þarfnast ekki skýringa, en reglan á sér hliðstæðu í dönskum og norskum sjómannalögum.

Um 21. gr.

Ákvæðið svarar að nokkru leyti til 37. gr. l. 67/1963 og þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

1. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 40. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Hér er um nýmæli að ræða, sem ekki þarfnast skýringar.

3. mgr.
Ákvæði þetta er nýmæli, sem felur í sér sérstaka reglu um greiðslu launa á uppsagnartíma, þó ekki lengur en í 6 vikur. Reglan byggir á gagnkvæmum sanngirnissjónarmiðum.

4. mgr.
Samhljóða 2. mgr. 40. gr. l. 67/1963.

Almennt um kafla II—4.
Um þetta efni eru nú ákvæði í 32. — 34. gr., sbr. og 41. gr. l. 67/1963, en hér er þó gert ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum.

Um 23. gr.

1. mgr.
Ákvæðin í 1.—2. lið svara til 32. gr. l. 67/1963. Ákvæðið í 3. lið á sér nokkra hliðstæðu í 17. gr. frumvarpsins og er eðlilegt, að jafnræði sé á þessu sviði.
Í 4. lið er einkum átt við það, að skipverji sé haldinn smitandi berklaveiki, sem öðrum skipverjum kann að stafa hætta af.

2. mgr.
Þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

1. mgr.
Er að mestu sama efnis og 1. mgr. 33. gr. l. 67/1963. Þó eru gerðar nokkrar breytingar, og er þar helst til nýmæla, að það er gert að skilyrðislausri frávikingarástæðu, að skipverji er undir áhrifum fíkniefna um borð, enda er neysla fíkniefna refsiverð. Samkvæmt 4. lið er skipstjóra heimilt að víkja skipverja úr starfi, sé hann ítrekað ölvaður í starfi, nema brot sé því alvarlegra, en þá nægir eitt brot. Ákvæði þetta miðast fyrst og fremst við það, að áfengisneysla hamli ekki störfum skipverja.

2. mgr.
Þetta er nýmæli, sem byggist á því, að mikilvægt er fyrir viðkomandi skipverja að fá að vita það sem fyrst, hvort hann fær að halda skiprúmi eða ekki, ef einhver þau tilvik hefur að höndum borið, sem ákvæði 3.— 7. tl. 1. mgr. eiga við um.

3. mgr.
Samhljóða 3. mgr. 33. gr. l. 67/1963.

Um 25. gr.

1. mgr.
Ákvæði fyrri hluta 1. mgr. á sér efnislega hliðstæðu í 34. gr. l. 67/1963. Síðari hluti 1. mgr. er hins vegar nýmæli, sem veitir þeim sjómanni, sem starfað hefur í 15 ár eða lengur í þjónustu sama útgerðarmanns, rétt til sérstakrar uppbótar, sem nemi eins mánaðar launum, sé um yfirmann að ræða, en 15 daga launum, sé um undirmann að ræða. Er hér um að ræða uppbót sem viðurkenningu fyrir langan samfelldan starfstíma. Orðið „samfellt“ ber að skilja á sama hátt og sama orð í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við þá grein.

2. mgr.
Ákvæðið á sér efnislega hliðstæðu í 34. gr. l. 67/1963.

3. mgr.
Þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

1. mgr.
Ákvæði þetta svarar til 1. mgr. 41. gr. l. 67/1963, að því undanskildu, að lagt er til, að skip þurfi að vera tekið úr þjónustu útgerðarmanns í a. m. k. 3 mánuði til þess að skiprúmssamningi sé sjálfkrafa slitið. Af þessu leiðir, að það verður að vera ljóst í upphafi, að skipið verður tekið úr þjónustu útgerðarmanns í a. m. k. þennan tíma til þess að ákvæðið eigi við.

2. mgr.
Í ákvæðinu felst nýmæli, sem kveður svo á, að verði skiprúmssamningi slitið af þeim ástæðum, sem í 1. mgr. greinir, skuli skipverji eiga rétt til ferðakostnaðar, nauðsynlegs klæðnaðar og fæðispeninga til heimilis síns, og skal ríkissjóður greiða þennan kostnað. Skv. 41. gr. l. 67/1963 gildir regla þessi aðeins, ef skiprúmssamningi er slitið erlendis af ástæðum, sem 1. mgr. fjallar um.

3. mgr.
Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 2. mgr. 41. gr. l. 67/1963. Lagt er til, að tekið verði fram í 3. mgr., að skipverji eigi aðeins rétt til launa meðan hann er atvinnulaus ef skiprúmssamningi er slitið erlendis skv. 1. mgr., en skv. 2. mgr. 41. gr. l. 67/1963 er skipverja nú skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi. Sú regla, sem lögð er til í 3. mgr., svipar til þess sem gildir að dönskum rétti. Skýra verður orðið „atvinnulaus" þannig, að skipverji megi, þó næga atvinnu sé að fá, taka sér eðlilegan tíma til að jafna sig eftir áföll, sem hann hefur orðið fyrir, t. d. ef skip hefur farist.

Almennt um kafla II—5.

Um þetta efni eru nú að nokkru leyti ákvæði í 18. — 25. gr. l. 67/1963. Sá kafli fjallar þó bæði um ýmis almenn atriði varðandi launagreiðslur og um kaup til sjúkra eða slasaðra skipverja. Hér þykir fara betur á því að halda þessum tveimur þáttum aðskildum og er fjallað um umönnun og kaup sjúkra skipverja í kafla II — 6. Þar að auki koma hér fram nokkrar breytingar frá gildandi ákvæðum.

Um 27. gr.

1. og 2. mgr.
Ákvæðin eru samhljóða 1. og 2. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 1. og 2. mgr. l. nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að í 2. málslið 2. mgr. er áréttuð sú grundvallarregla vinnuréttar, að til þess að eiga rétt til launa verði launþegi að inna vinnu af hendi eða vera reiðubúinn til þess, nema lögmæt forföll hamli, sbr. 36. gr. Útgerðarmaður eða skipstjóri skal boða skipverja til vinnu. Um vinnu og vinnulaun vísast til ákvæða í viðkomandi kjarasamningum og til laga þessara.

3. mgr.
Fyrri hluti ákvæðisins svarar efnislega til upphafs 6. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 6. mgr. 1. gr. l. 49/1980.

Um 28. gr.

1. mgr.

Ákvæðið hefur að geyma nýmæli, sem ætlað er að taka af vafa um atriði, er ella kynnu að valda ágreiningi.

2. mgr.

Sama efnis og fyrri málsliður 2. mgr. 22. gr. l. 67/1963. Ljóst er, að hafi verið samið um ákveðna upphæð kaups fyrir tiltekna ferð, skal miðað við hina umsömdu áætlun eða upplýsingar um lengd ferðar, þegar kaup er reiknað út miðað við tímalengd.

Um 29. gr.

Svarar til 1. og 2. mgr. l. 67/1963.

Um 30. gr.

1. mgr.

Sama efnis og síðari málsliður 2. mgr. 19. gr. l. 67/1963.

2. og 3. mgr.

Svara að nokkru til 19. gr. l. 67/1963, en með breytingum, sem leiða af nútíma viðskiptaháttum. Auk þess er lagt til, að tekið sé fram í þessari grein, að skipverji geti lagt fyrir útgerðarmann að greiða öðrum nafngreindum manni, sbr. 1. mgr. 20. gr. l. 67/1963.

Um 31. gr.

1. mgr.

Svarar efnislega til 1. mgr. 20. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæði þetta svarar að mestu til 2. mgr. 20. gr. l. 67/1963, en bætt er við reglu um, að útgerðarmanni sé heimilt að halda eftir af launum skipverja fé til að greiða tjón, sem leiðir beint af tollalagabroti skipverja. Þess háttar ákvæði er ekki í gildandi sjómannalögum, en dómstólar hafa þó byggt dómsniðurstöður á því, að slík regla væri í gildi. Í 2. mgr. er lagt til að felld verði niður heimild útgerðarmanns í gildandi lögum til að halda eftir fé af kaupi skipverja til greiðslu á sektum, sem skipstjóri hefur lagt á skipverja, og leiðir það af því, að kaflinn um refsivald skipstjóra er ekki tekinn inn í þetta frumvarp.

3. mgr.

Svarar til 21. gr. l. 67/1963.

Um 32. gr.

1. mgr.

Ákvæðið er nýmæli, sem ætlað er sjómönnum til hagræðis.

2. mgr.

Ákvæðið svarar til 25. gr. l. 67/1963.

Almennt um kafla II—6.

Um kaup til sjúkra eða slasaðra skipverja eru nú ákvæði í 18. gr. l. 67/1963, ásamt ákvæðum, sem eru annars eðlis, en eins og fyrr var greint þykir réttara að láta þess háttar ákvæði standa í sérstökum kafla ásamt með fyrirmælum um umönnun sjúkra skipverja, sem

nú er kveðið á um í 26. — 28. gr. l. 67/1963, en þar standa þau ákvæði í kafla ásamt með reglum, er varða andlát og greftrun skipverja, sem hins vegar eru hafðar í sérstökum kafla í þessu frumvarpi.

Um 33. gr.

1. mgr.
Efnislega samhljóða 1. mgr. l. 67/1963.

2. mgr.
Grein þessi er nýmæli. Nauðsyn getur borið til þess, að skipverja sé gert skylt að láta rannsaka heilsufar sitt, t. d. ef ástæða er til að ætla, að hann sé haldinn smitnæmun sjúkdómi, sem hætta getur stafað af fyrir aðra skipverja eða ef áhöld eru um, hvort hann geti gegnt starfi sínu af heilbrigðisástæðum.

3. mgr.
Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

1. mgr.
Ákvæði svarar að mestu til 1. mgr. 27. gr. l. 67/1963. Orðið „framfæri" tekur til sjúkrahúsdvalar, ef því er að skipta, húsnæðis, fæðis og hjúkrunar þann tíma, sem skipverji er óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss. Síðari hluti 1. mgr. er nýmæli, en þar er lögð til sú regla, að skipstjóri geti skyldað skipverja til að dvelja á útgerðarstað skips, ef um skammtímaforföll er að ræða. Útgerðarmaður eða skipstjóri verður þá að bjóða fram húsnæði og fæði (framfæri), ef skipverji á heimili utan útgerðarstaðar skips. Orðið „skammtímaforföll" verður að skilja svo, að átt sé við forföll, sem aðeins munu vara t. d. í viku til tíu daga.

2. mgr.
Ákvæði þetta svarar að nokkru til 2. mgr. 27. gr. l. 67/1963.

3. mgr.
Samhljóða 3. mgr. 27. gr. l. 67/1963.

4. mgr.
Að mestu leyti samhljóða 4. mgr. 27. gr. l. 67/1963, nema hvað tekið er fram, að nánustu aðstandendum skipverja skuli, ef hann óskar þess, tilkynnt um það tilvik, sem ákvæðið tekur til.

Um 35. gr.

Greinin svarar að nokkru til 1. og 2. mgr. 31. gr. l. 67/1963, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 36. gr.

Ákvæði greinar þessarar fjalla um réttindi og skyldur í slysa- og veikindatilfellum sjómanna. Telja flestir þeir, sem fjalla um sjómannalögin, að ákvæði þessarar greinar um slys og veikindi séu langþýðingarmestu ákvæði sjómannalaganna. Um það vitni hin fjölmörgu dómsmál, sem í gangi eru eða dómar, sem gengið hafa um þessi mál, sem jafnframt gefi glögga vísbendingu um það, að víða sé pottur brotinn í þessum efnum.

Á síðustu árum hafa dómsmálin skipt tugum, sem ekki er þó nema brot af þeim ágreiningsmálum, sem upp koma varðandi slys og veikindi. Hefur risið ágreiningur um nánast allt, sem verða má í þessum efnum, enda um viðkvæm og vandmeðfarin efni að ræða.

Af hálfu útgerðarmanna hafa verið færð fram rök fyrir því, að aukinnar tilhneigingar gæti til misnotkunar hjá einstaka mönnum varðandi kröfur um forfallakaup. Af öllu er þó ljóst, að kröfur um forfallakaup hafa vaxið mjög verulega undanfarið og kröfur gerðar nánast um allt, sem hugsanlega getur fallið undir þennan málaflokk.

Ástæður þessa telja margir að rekja megi fyrst og fremst til staðgengilsreglunnar, að menn fái fullt kaup og sama kaup, hvort heldur þeir vinna eða ekki. Þá megi einnig finna að því, hve læknar sýni margir hverjir lítið aðhald varðandi útgáfu læknisvottorða um óvinnufærni.

Ljóst er þó, að knýjandi nauðsyn er, að ákvæðin um slys og veikindi verði sem ítarlegast úr garði gerð og sem skýrust, þannig að ágreiningsmálum fækki verulega og dragi úr þeirri stífni og tortryggni, sem verið hefur og oft hefur torveldað eðlileg samskipti sjómanna og útgerðarmanna. Öll viðleitni í þá átt hlýtur að þjóna hagsmunum beggja aðila.

Fyrstu íslensku sjómannalögin voru sett árið 1930. Voru þau sniðin eftir norrænum fyrirmyndum og í raun nánast þýðing á dönsku sjómannalögunum. Samkvæmt 32. gr. laganna áttu skipverjar, sem slösuðust eða veiktust rétt á forfallakaupi í 7 daga.

Árið 1963 voru gefin út ný sjómannalög. Samkvæmt 18. gr. þeirra var réttur til forfallakaups lengdur í einn mánuð hjá undirmönnum en í tvo mánuði hjá yfirmönnum. Var hér enn stuðst við ákvæði norrænu sjómannalaganna.

Með lögum nr. 49/1980 var gerð breyting á 18. gr. sjómannalaganna, sem ekki átti sér norræna fyrirmynd. Var m.a. forfallakaupstíminn lengdur verulega og getur lengstur orðið 7 mánuðir. Hefur þessi tími þannig lengst úr 7 dögum í 7 mánuði eða 210 daga á síðustu 20 árum eða þrjátíufaldast á þessum tíma.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að þessi tími lengist enn verulega og getur lengstur orðið 12 mánuðir vegna vinnuslysa en 10 mánuðir vegna annarra forfalla.

Eins og áður gat um, voru ákvæði íslensku sjómannalaganna varðandi slys og veikindi lengst af í samræmi við hliðstæð ákvæði norrænu sjómannalaganna, eða til ársins 1980. Samkvæmt núgildandi ákvæðum danskra og norskra sjómannalaga eiga sjómenn rétt á forfallakaupi í tvo mánuði, en einn mánuð að auki hjá Norðmönnum, hafi skipverji starfað 36 mánuði hjá útgerðarmanni síðustu 10 árin. Samkvæmt því getur forfallakaupstíminn orðið lengstur 90 dagar á hinum Norðurlöndunum á móti 360 dögum hér skv. frumvarpinu.

Til frekari samanburðar við norrænu reglurnar á þessu sviði, má einnig nefna hér sem dæmi, hvað sjómenn á fiskiskipum snertir, að almenna tryggingasjóðskerfið í Noregi greiðir sjómönnum forfallakaup, en fé til þess er fengið með framleiðslugjaldi, sem lagt er á fisk og fiskafurðir. Eru kaupgreiðslur vegna forfalla miðaðar við meðaltekjur pr. dag í viðkomandi grein síðustu árin. Nægi þessar greiðslur ekki til þess að bæta viðkomandi sjómanni að fullu missi hlutar, þ.e. staðgengilslaun, skal útgerðarmaður greiða það, sem upp á vantar, þó ekki hærri greiðslu en sem nemur fastákveðinni fjárhæð, sem er lægri upphæð, en kauptrygging á fiskiskipum er hérlendis. Þýðir þetta í raun, að útgerðarmaður í Noregi greiðir ekki staðgengilslaun í slysa- og veikindatilvikum, heldur fastákveðna fjárhæð.

Að endingu skal lögð áhersla á það, að meginmarkmið þessara þýðingarmiklu ákvæða varðandi slys og veikindi hlýtur að vera að efla og standa vörð um forfallakaupsrétt þeirra, sem með réttu eiga tilkall til hans, jafnframt því að aðhald verði aukið í þessum málum, þannig að þessi réttur sé ekki misnotaður fáum til hagsbóta en flestum til skaða.

Þá skal það einnig áréttað, að þær lögskýringar, sem fram koma hér á eftir á nokkrum hugtökum eru í samræmi við þær lögskýringar, sem gilt hafa hér og á hinum Norðurlöndunum og teknar eru upp til frekari skýringa og áréttinga.

1. mgr.

1. mgr. fjallar um greiðslu forfallakaups vegna óvinnufærni, sem stafar af vinnuslysum, en gerður er hér greinarmunur á vinnuslysum og forföllum, sem stafa af öðrum ástæðum, hvað tímalengd og upphæð forfallakaups snertir.

Skipverji, sem verður óvinnufær vegna vinnuslyss, skal eigi missa neins í af launum sínum fyrstu tvo mánuði forfallatímans. Ákvæði þetta felur það í sér, að skipverji á fiskiskipi fær greiddan hlut ef fyrir er að skipta, annars kauptryggingu, en skipverji á farskipi fær, auk grunnkaups og fastra álaga á það, greidda tilfallandi yfirvinnu. Þetta þýðir með öðrum orðum, að skipverji, sem verður óvinnufær af völdum vinnuslyss, fær greitt þennan tíma eins og verið hefði, ef hann hefði ekki forfallast.

Sé ekki um vinnutekjur að ræða, t.d. þegar ráðningartíma skipverja lýkur á forfallatímanum, skipinu er lagt o. s. frv., skal greiða sem meðalbætur fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið forfallakaup.

2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. skal greiða skipverja, sem verður óvinnufær af öðrum ástæðum en vegna vinnuslysa, fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið forfallakaup í allt að sex mánuði. Er greiðslutíminn nú lengdur úr tveimur mánuðum í sex mánuði.

3. mgr.

Ákvæði þetta er samhljóða 4. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að lengdur er sá tími, sem útgerðarmanni ber að greiða vegna samfellds ráðningartíma skipverja. Hafi skipverji starfað samfellt hjá útgerðarmanni í sex ár, á hann rétt á föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu forfallakaupi í þrjá mánuði, en fjóra mánuði, hafi hann verið átta ár samfellt í þjónustu útgerðarmanns.

4. mgr.

Samhljóða 5. mgr. 18. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að stafi óvinnufærnin af völdum vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms, er forfallakaupstíminn lengdur um þrjá mánuði og verður nú sex mánuðir í stað þriggja áður. Sama gildir verði slys, þegar skipverjinn er á eðlilegri leið til eða frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.

5. mgr.

Ákvæðið svarar til 2. tl. 3. mgr. 18. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að verði skipverji óvinnufær af völdum meiðsla vegna slyss, sem ekki telst vinnuslys, ber skipverjanum ekki réttur til slysakaups í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmannsins, eins og gildir varðandi veikindi. Forföll vegna vinnuslysa greiðast án tillits til starfstíma hjá útgerðarmanni, eins og verið hefur. Þykir rétt, að gera hér einnig greinarmun á því, hvort forföllin stafa af völdum vinnuslyss eða þau megi rekja til annarra atvika.

6. mgr.

Í fyrri hluta málsgreinarinnar er mælt svo fyrir um, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt við ráðningu sína, fellur niður réttur hans til forfallakaups.

Orðin að „leyna við ráðningu" sína ber að skilja svo, að skipverji hafi við ráðningu sína í skiprúm annað hvort gefið rangar upplýsingar eða látið hjá líða við ráðninguna að skýra frá heilsufari sínu, enda þótt hann vissi eða mætti vita, að þær upplýsingar gætu skipt máli

varðandi ráðninguna vegna líkinda á frekari forföllum af völdum þess sama sjúkdóms eða meiðsla.

Í síðari hluta málsgreinarinnar er tekið fram, að eigi skipverji sjálfur sök á sjúkdómi sínum eða meiðslum, þá falli réttur til forfallakaups niður, nema um sé að ræða vinnuslys.

Orðin „að eiga sjálfur sök á óvinnufærni sinni", ber að skilgreina þannig, að skipverjinn hafi vitað eða mátt vita, að athafnir hans eða athafnaleysi leiddu til meiðsla eða sjúkdómsforfalla. Má í því sambandi nefna sem dæmi forföll, sem stafa af áfengisneyslu, tannskemdum eða tannviðgerðum.

7. mgr.

Í 7. mgr. felst aðhaldsregla fyrir skipverja, er mælir fyrir um skyldu þeirra til að tilkynna um óvinnufærni sína án tafar. Er það einkum brýnt, þegar skipverji fer úr skiprúmi vegna leyfis eða vegna þess, að hann er hættur störfum. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því, að réttur til forfallakaups glatast.

8. mgr.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um skyldu þess skipverja, sem gerir kröfu um forfallakaup, að hann staðreyni óvinnufærni sína með læknisvottorði. Læknisvottorð þess efnis, að skipverji sé veikur að eigin sögn, telst ekki fullnægjandi sönnun þess, að viðkomandi sé óvinnufær. Ekki heldur ef læknisvottorð er gefið út eftir á, eftir að óvinnufærninni á að vera lokið og læknir hefur ekki staðreynt forföllin meðan á þeim stóð, sbr. hæstaréttardóm frá 21. desember 1982.

Í greininni er mælt fyrir um, að lækni sé skylt að tilgreina í læknisvottorði, hver sé ástæða óvinnufærninnar, hvert sé nafn sjúkdómsins eða hver meiðslin séu. Veigamiklar ástæður verða að liggja fyrir til þess að það verði ekki gert.

Á það skal lögð áhersla, að læknisvottorð er í raun óútfyllt ávísun á greiðslur, er þriðji maður á að inna af hendi, þ.e. úterðarmaður í þessu tilviki. Verður það að teljast bæði sanngjörn og eðlileg regla, að sá, sem greiða á forfallakaup fái að vita á hvaða forsendum hann eigi að greiða slíkt kaup. Þess háttar regla gæti komið í veg fyrir tortryggni, sem oft hefur komið upp, þegar ekkert hefur komið fram um ástæður óvinnufærninnar í læknisvottorði.

Hvað síðasta málslið í þessari málsgrein snertir, þá þarfnast hann ekki skýringa, en geta má þess, að ákvæði þessa efnis hafa verið í nær öllum kjarasamningum í lengri tíma.

9. mgr.

Í 9. mgr. felst mikilsvert nýmæli, sem á sér fyrirmynd í norrænum lögum. Fjallar greinin um þau tilvik, þegar fyrir liggur, að sá sem vill ráða sig á skip, er haldinn einhverjum þeim meiðslum eða sjúkdómi, að miklar líkur eru á því að til forfalla komi af völdum þess sama sjúkdóms eða meiðsla. Gerir ákvæðið ráð fyrir því, að í slíkum tilvikum geti sjómaður og útgerðarmaður gert með sér sérstakt samkomulag, að fengnu samþykki stéttarfélags sjómannsins, þess efnis að verði sjómaðurinn óvinnufær af þessum ástæðum, þá sé útgerðarmaðurinn undanþeginn greiðsluskyldu forfallakaups. Sé um óvinnufærni að ræða af völdum nýs sjúkdóms eða meiðsla gilda hin almennu ákvæði þessarar lagagreinar.

Undir ákvæði þessarar málsgreinar falla einnig þau tilvik, að skipverjinn bíður eftir sjúkrahúsvist, meðferð eða læknisrannsókn, þegar hann ræður sig á skip, enda ber honum að skýra frá því við ráðningu sína, sbr. 6. mgr.

Það er algengara en margir gera sér almennt grein fyrir, að sjómenn, sem reyndar ýmsir aðrir launamenn, séu haldnir ýmsum meiðslum og þó einkum sjúkdómum svo sem magasári og brjósklosi, svo eitthvað sé nefnt, sem gert hefur það að verkum, að útgerðarmenn hafa

verið mjög tregir að ráða þá í þjónustu sína vegna mikilla líkinda á forföllum vegna þessara sjúkdóma eða meiðsla. Þá hefur tilvist slíkra meiðsla eða sjúkdóma freistað einstakra manna til að leyna þessu við ráðningu, svo eigi skapist hætta á, að úr ráðningu verði ekki af þeim ástæðum.

Dæmi eru þess, að þegar svona stendur á, hafi verið um að ræða þegjandi samkomulag um það, að ekki skuli gerð krafa um greiðslu forfallakaups, — stundum gert með vitund viðkomandi stéttarfélags, sem greitt hefur til viðkomandi úr styrktar- og sjúkrasjóði sínum, hafi komið til forfalla af þessu tilefni.

Leggja ber áherslu á það, að þeim mönnum, er hér um ræðir, sem í flestum tilvikum eru góðir starfsmenn að öðru leyti, er það mikil raun að vera ýtt til hliðar af vinnumarkaðnum af þessum sökum, þótt þeim sé ekkert að vanbúnaði að öðru leyti.

Ákvæði, sem þessi málsgrein felur í sér, er báðum aðilum til hagsbóta og fyllsta ástæða að horfast í augu við þetta vandamál og lögfesta reglur þar að lútandi.

10. mgr.

Í 10. mgr. felst nýmæli, að norskri fyrirmynd, sem skýrir sig að mestu sjálft. Gerir ákvæðið ráð fyrir því, að samtök sjómanna og útvegsmanna geti, með samkomulagi sín í milli, samið um aðra skipan þessara mála en í greininni segir, sem sé um fjárhæð og tímalengd forfallakaups, enda séu þess háttar ákvæði, þegar á heildina er litið, sjómönnum ekki óhagstæðara, en ákvæði greinar þessarar.

Um 37. gr.

1. mgr.

Ákvæðið svarar að mestu til 1. mgr. 28. gr. l. 67/1963. Bætt er við, að aðeins sé skylt að greiða eðlilegan kostnað af umönnun sjúkra skipverja. Rétt þótti að taka orðalag þetta, þ.e. „eðlilegan kostnað", en það á þó ekki að hafa í för með sér breytingu. Orðið „umönnun" nær yfir framfæri (sbr. skýringu við 1. mgr. 34. gr.), læknishjálp og lækningaefni. „Læknishjálp" nær yfir læknisrannsókn með tilheyrandi meðhöndlun, þar með talið eftirlit læknis, uppskurðir og röntgenmyndatökur og þess háttar. Ennfremur er átt við greiðslu til læknis vegna útgáfu nauðsynlegra vottorða og tilvísana og flutning til og frá lækni, sjúkrahúsi eða annarri meðferðarstofnun erlendis. „Lækningaefni" nær yfir lyf, sáraumbúðir, orkulækningameðferð (endurhæfingarmeðferð), ef meðferðin fer fram í tengslum við læknis- eða sjúkrahúsmeðferð, en hins vegar nær þetta ekki til gleraugna, kviðslitsbanda, hækja, gervilima eða þess háttar.

2. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 28. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Ákvæði þetta er nýtt og á við, þegar skipverji fer úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla. Skipverji myndi almennt teljast „óvinnufær" í slíkum tilvikum, en í undantekningartilvikum gæti ákvæðið átt við, jafnvel þótt hann sé ekki óvinnufær af þessum sökum, svo sem þegar um smitnæman sjúkdóm er að ræða. Er lagt til í þessari málsgrein, að útgerðarmanni sé þá skylt að greiða ferðakostnað og fæðiskostnað til útgerðarstaðar skips fyrir skipverja eða til heimilis skipverja, hafi það eigi í för með sér aukinn kostnað. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

4. mgr.

Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 28. gr. l. 67/1963.

5. mgr.
Ákvæði 5. mgr. svarar að mestu til 4. og 5. mgr. 28. gr. l. 67/1963.

6. mgr.
Ákvæði þetta er nýmæli, en eðlilegt þykir, að skipverji hagnist ekki með því að fá, auk þess sem greitt kann að vera í ferða- og fæðiskostnað af útgerðarmanni eða ríkissjóði skv. 2. og 3. mgr., greiðslur frá almannatryggingum eða slysatryggingum. Er þetta í samræmi við almenn sjónarmið í bótarétti. Hins vegar skal tekið fram, að hafi skipverji keypt sér sjálfur tryggingar aukalega, þá dragast greiðslur vegna þeirra trygginga ekki frá ofangreindum fjárhæðum.

Um 38. gr.
Ákvæði svarar að nokkru til 3. mgr. 31. gr. l. 67/1963. Sanngjarnt þykir, að ríkissjóður beri þann kostnað sem greinin fjallar um, en eigi útgerðarmaður.

Almennt um kafla II — 7.
Um þetta efni eru nú ákvæði í 29.—30. gr. l. 67/1963, en ákvæði frumvarpsins eru hins vegar nokkuð ítarlegri.

Um 39. gr.

1. mgr.
Ákvæðið svarar að mestu til 1. og 3. mgr. 29. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Svarar að miklu leyti til 2. mgr. 39. gr. l. 67/1963. Meginreglan er sú, að sé miklu óhagræði bundið að geyma muni hins látna um borð eftir andlát hans, skuli þeir afhentir hinum næsta íslenska ræðismanni, en ef veruleg vandkvæði reynast á því, myndi skipstjóri vafalaust geta selt þá fyrir reikning dánarbús hins látna, samkvæmt þeirri reglu, sem fram kemur í 2. mgr. 68. gr. l. 67/1963.

Um 40. gr.

1. mgr.
Samhljóða 1. mgr. 24. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Þetta er nýmæli. Nauðsynlegt er að lögbinda ákveðna viðmiðunarreglu, þegar svo stendur á sem hér greinir.

3. mgr.
Fyrri hluti ákvæðisins svarar að mestu til 2. mgr. 24. gr. l. 67/1963. Síðari hlutinn er hins vegar nýmæli og er lagt til, að hafi skipverji verið samfellt í þjónustu sama útgerðarmanns í 4 ár eða lengur, skuli, auk þess sem greinir í fyrri hluta málsgreinarinnar, greiða eins mánaðar kaup og skal kaup þetta hjá fiskimönnum miðast við kauptryggingu fyrir einn mánuð eins og hún er á hverjum tíma, en hjá farmönnum skal greiðslan nema eins mánaðar grunnlaunum viðkomandi skipverja.

4. mgr.
Ákvæði þetta er samhljóða 4. mgr. 24. gr. l. 67/1963, sbr. 1. gr. l. 53/1969.

Um 41. gr.

Greinin svarar að verulegu leyti til 30. gr. l. 67/1963, en þó er bætt við, að útgerðarmanni sé skylt að kosta heimsendingu ösku eða líkamsleyfa. Má raunar taka fram, að útgerðarmenn hafa almennt greitt kostnað þennan, án þess að þeim væri það skylt.

Almennt um kafla II — 8.

Kafli þessi fjallar um ráðningarsamning skipstjóra. Eru þar nokkur sérákvæði, sem það snerta, en þó er tekið fram í 43. gr. frumvarpsins, að sé þar eigi á annan veg mælt fyrir, skuli ákvæðin um skiprúmssamninga skipverja einnig gilda um ráðningarsamning við skipstjóra, eftir því sem við getur átt. Um þetta efni eru nú ítarleg ákvæði í I. kafla l. 67/1963, en hér er m.a. lagt til, að ákvæðin verði gerð nokkuð einfaldari en er að núgildandi rétti.

Rétt er að taka fram, að í frumvarpi þessu er ekki, fremur en t.d. er í norsku sjómannalögunum, gert ráð fyrir sérstökum kafla um skiprúmssamninga við yfirmenn (aðra en skipstjóra), svo sem hins vegar er í dönsku sjómannalögunum, heldur eru sérákvæði, sem þá varða, tengd ákvæðum um skiprúmssamninga almennt, eftir því sem við á. Skipstjóri hefur hins vegar að ýmsu leyti það mikla sérstöðu, að rétt þykir nú, enn sem fyrr, að helga ráðningarsamningi við hann sérstakan kafla í sjómannalögum.

Um 42. gr.

Nánast samhljóða 1. gr. l. 67/1963.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 44. gr.

Ákvæðið svarar til upphafs 2. gr. l. 67/1963.

Um 45. gr.

1. mgr.

Ákvæðið svarar til 1. mgr. 3. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið svarar til 2. mgr. 3. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Ákvæðið svarar til 3. mgr. 3. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Ákvæðið svarar til 1. mgr. 8. gr. l. 67/1963. Rétt þykir að taka fram, að eðlilegt þykir að hafa ákvæði þessi óbreytt, jafnvel þó skýring á þeim kunni að virðast flókin. Um ákvæði 2. og 3. mgr. frumvarpsins hafa gengið dómar, þar sem byggt var á, annars vegar 3. mgr. 3. gr. og hins vegar 1. mgr. 8. gr. l. 67/1963.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er í sjálfu sér nýmæli, en rétt þykir að um réttindi og skyldur skipstjóra gildi sömu reglur og um aðra skipverja. Nokkur vafi hefur þótt leika á því, hvort ákvæði gildandi sjómannalaga, eins og þeim var breytt með l. 49/1980, ættu við um skipstjóra. Með 46. gr. frumvarpsins er ætlunin að taka af þennan vafa og skal því skipstjóri hafa sömu réttarstöðu og aðrir í veikinda- og slysatilvikum.

Um 47. gr.

Sama efnis og 5. gr. l. 67/1963.

Um 48. gr.

Sama efnis og 1. mgr. 6. gr. l. 67/1963, nema hvað sérstaklega er kveðið á um þriggja mánaða lágmarkstíma til samræmis við 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla almennt.

Efni þessa kafla svarar í stórum dráttum til III. kafla l. 67/1963. Í frumvarpinu er þó lagt til, að gerðar verði margvíslegar breytingar á einstökum ákvæðum eða efnissviðum kaflans frá því sem er að gildandi rétti, auk þess sem gert er ráð fyrir lögtöku nokkurra nýmæla. Sérstaklega skal tekið fram, að lagt er til, að núverandi 53. gr. l. 67/1963 falli brott, þar sem hún hefur litla raunhæfa þýðingu.

Almennt um kafla III — 1.

Um þetta efni eru nú ákvæði í 44.—49. gr. l. 67/1963. Hér er þó gert ráð fyrir ýmsum breytingum á efni þeirra greina og er þar haft mið af raunhæfum þörfum nú á tímum og eru hinar nýju reglur auk þess skýrari, en áður var. Bætt er við ákvæði um starfsskyldur bryta, sem ekki er mælt fyrir um í gildandi lögum, og tekið er upp almennt ákvæði, sem m.a. heimilar ráðherra að setja nánari reglur um starfsskyldur yfirmanna

Meðal sumra siglingaþjóða hefur sú leið verið farin, að mæla fremur fyrir um starfsskyldur yfirmanna með stjórnvaldsreglum heldur en með lagaákvæðum, en nefnd þeirri, er frumvarp þetta samdi, þótti full ástæða til að í nýjum sjómannalögum yrðu, enn sem fyrr, allítarlegar reglur um hinar helstu starfsskyldur yfirmanna, þótt ljóst sé, að aldrei verða settar reglur um alla starfsþætti þessara manna, enda aðstæður misjafnar eftir stærð og gerð skipa og eftir því, hvort um fiskiskip eða kaupskip er að ræða.

Um 49. gr.

Samhljóða 44. gr. l. 67/1963.

Um 50. gr.

Ákvæðið svarar að mestu til 45. gr. l. 67/1963.

Um 51. gr.

Að mestu samhljóða 1. mgr. 46. gr. l. 67/1963.

Um 52. gr.

Ákvæðið svarar að verulegu leyti til 2. mgr. 46. gr. l. 67/1963.

Um 53. gr.

Greinin hefur að geyma endurskoðað efni 47. og 48. gr. l. 67/1963, en þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 54. gr.

Rétt þykir að hafa sérstakt ákvæði um hinar helstu starfsskyldur bryta, enda þótt fáir menn gegni nú því starfi á íslenskum skipum. Með bryta er ekki átt við matsvein (yfirmatsvein), sem gegnir hefðbundum matsveinsstörfum, enda þótt hann kunni að hafa aðstoðarmann eða aðstoðarmenn.

Um 55. gr.

Grein þessi geymir endurskoðað efni 49. gr. l. 67/1963, en þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 56. gr.

Fyrirmæli í þessum kafla geta, af augljósum ástæðum, ekki verið tæmandi og þykir því rétt að árétta í þessari grein, að frekari ákvæði um starfsskyldur yfirmanna geti verið í ráðningarsamningum þeirra eða kjarasamningum, auk þess sem venjur hljóta að hafa sitt að segja. Í greininni er gert ráð fyrir því, að í framtíðinni kunni að verða til aðrar yfirmannastöður en þær, sem taldar eru í frumvarpinu (t.d. stöður tæknimenntaðra sérfræðinga, sem beri ábyrgð á tölvubúnaði skips o.s.frv.) og getur þá verið þörf á því, að um hinar helstu starfsskyldur þeirra verði settar sérstakar reglur. Heimilar því greinin samgönguráðherra að setja nánari reglur um starfsskyldur yfirmanna, sem frá er greint í 50.—55. gr., svo og eftir atvikum, um starfsskyldur annarra yfirmanna.

Um kafla III — 2 (57. gr.).

Greinin svarar að mestu til 56. gr. l. 67/1963, en breytingarnar þarfnast ekki skýringar.

Um kafla III — 3 (58. gr.).

1.—2. mgr.

Samhljóða 50. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 51. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 4 (59. gr.).

1. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 52. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli í lögum, en telja verður að efnisreglur þessar séu samt sem áður gildandi í samskiptum skipverja og skipstjóra/útgerðarmanns. Vakin skal athygli á, að skylda hvílir á skipstjóra eða útgerðarmanni að veita skipverja greiðar upplýsingar um ferðir skips, eftir því sem kostur er, en skipverja er þó skylt að fylgjast með ferðum skipsins og vera reiðubúinn að taka upp störf sín. Þessi regla gildir almennt í samskiptum launþega og vinnuveitenda.

3. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 52. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum, en þarfnast ekki frekari skýringa.

Um kafla III — 5 (60. gr.).

1. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 51. gr. l. 67/1963, nema hvað áréttað er, að þegar sérstaklega standi á, megi fella bótaskyldu niður með öllu.

2. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Nú eru í gildi ákvæði í kjarasamningum sjómanna, sem mæla svo fyrir, að fari skipverji fyrirvaralaust og án þess að lögmætar ástæður liggi til, úr skiprúmi, eigi útgerðarmaður rétt til bóta úr hendi skipverja, sem svara til launa í uppsagnarfresti. Að þessu leyti hefur réttarstaða sjómanna verið lakari en annarra launþega. Um aðra launþega en sjómenn hefur gilt sú regla, að bætur til vinnuveitenda þeirra í slíkum tilvikum hafa numið jafngildi launa í hálfum uppsagnarfresti. Hefur lagastoð fyrir reglu þessari verið sótt til 1. mgr. 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928. Er vísað til þessarar lagagreinar í tveimur nýlegum hæstaréttardómum um þetta efni, þ.e. HRD 1978, bls. 120, og HRD 1978, bls. 1247.

Eðlilegt þykir, að sjómenn sitji við sama borð og aðrir launþegar að þessu leyti, og nauðsynlegt er að setja slíkt ákvæði í frumvarp til sjómannalaga með hliðsjón af því hve ítarleg ákvæðin um ráðningarsamninga í frumvarpinu eru að öðru leyti.

Rétt þykir að taka fram, að minnsti bótaréttur útgerðarmanns er jafngildi kauptryggingar í 7 daga á fiskiskipum, en fastra launa í 7 daga á kaupskipum. Hafa ber hér í huga, að uppsagnarfrestur undirmanna á fiskiskipum er aðeins 7 dagar. Hefur útgerðarmaður val um það, hvort hann kýs bætur, sem jafngilda fullum launum í 3½ dag, eða kauptryggingu í 7 daga.

Frestur sá, sem miða ber við, hefst þegar skipverji lýsir því yfir, að hann sé, án lögmætrar ástæðu og án lögmæts fyrirvara, hættur í skiprúmi, eða gerir með öðrum hætti ljóst, að hann sé hættur í þjónustu útgerðarmanns, t.d. með því að mæta ekki til skips við brottför, án lögmætrar ástæðu. Að því er varðar niðurlag 2. mgr. um lágmarksbótagreiðslu er nauðsynlegt að taka fram, að hætti skipverji fyrirvaralaust og án lögmætrar ástæðu og uppsagnarfrestur líður án þess að aðrir skipverjar á skipinu fái greidd laun, getur útgerðarmaður ekki krafið viðkomandi skipverja um bætur samkvæmt þessu ákvæði.

Rétt er að taka fram, eins og reyndar leiðir af öðrum ákvæðum í frumvarpinu, að sé skipverja vikið úr skiprúmi án fyrirvara og án lögmætrar ástæðu, þá á hann rétt til launa í öllum uppsagnarfresti. Er þetta í samræmi við þá reglu, sem um landverkafólk gildir.

Um kafla III — 6.

Um 61. gr.

Að nokkru leyti samhljóða 58. gr. l. 67/1963.

Um 62. gr.

Svarar að nokkru leyti til 59. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 7 (63. gr.)

1. mgr.

Að mestu samhljóða 1. mgr. 60. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu að hluta til í 1. mgr. 60. gr. l. 67/1963. Hér er gert ráð fyrir því, að fyrsti stýrimaður hafi sömu heimild í þessa átt og yfirvélstjóri.

3. mgr.

Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 60. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Samhljóða 3. mgr. 60. gr. l. 67/1963, nema hvað vísað er til Siglingamálastofnunar í stað samgönguráðuneytisins.

Um kafla III — 8.

Um 64. gr.

Ákvæðið er nýmæli, sem eigi þarfnast skýringar.

Um 65. gr.

Samhljóða 57. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 9 (66. gr.).

1. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 52. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið er nýmæli. Ljóst er, að skipverjum kann að nýtast landgönguleyfi sitt illa, ef þeir mega ekki treysta því, að þeir verði ferjaðir til og frá skipi, ef tök eru á því.

3. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um kafla III — 10.

Um 67. gr.

1. og 2. mgr.

Að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 55. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Ákvæðið er nýmæli, sem sett er vegna öryggis skips og manna, sem á því eru.

4. mgr.

Að mestu samhljóða 3. mgr. 55. gr. l. 67/1963.

Um 68. gr.

Greinin svarar að mestu til 54. gr. l. 67/1963, en efni hennar er nú sniðið til samræmis við þarfir tímans.

Um 69. gr.

Greinin svarar til 3. mgr. 41. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 11.

Um 70. gr.

Að mestu samhljóða 61. gr. l. 67/1963.

Um 71. gr.

Hér er um að ræða endurskoðað efni 62. gr. l. 67/1963.

Um IV. kafla (72. gr.).

1. mgr.

Ákvæðið þetta er nýmæli, sem á sér ekki heldur hliðstæðu í sjómannalögum annarra Norðurlandaþjóða. Í 43. gr. l. 67/1963 er að vísu gert ráð fyrir því, að ef skipverji sé

óánægður með reikningsgerð skipstjóra, geti hann látið lögskráningarstjóra rannsaka reikninginn, en þessi heimild er vart raunhæf miðað við núverandi aðstæður og gagnslítil, enda lítt sem ekki notuð. Er því efni hennar ekki tekið upp í frumvarp þetta, en þess í stað lagt til, að heimilt sé að koma á fót föstum gerðardómi, skipuðum einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining, sem rís af starfi skipverja. Skilyrði þess sé þó, að báðir málsaðilar óski gerðardómsmeðferðar um ágreiningsefni þeirra. Gerðardómsmeðferð máls er að jafnaði, þegar réttilega er að verki staðið, mun skjótvirkari en venjuleg dómstólameðferð, enda einfaldari í sniðum, og hefur oft minni kostnað í för með sér. Úrskurður gerðardóms er að vísu að jafnaði ekki aðfararhæfur, en reynslan sýnir, að aðilar hlíta að jafnaði niðurstöðunni á sama hátt og venjulegum dómi. Að sjálfsögðu er málsaðilum á því sviði, sem hér um ræðir, ætíð heimilt að koma sér saman um, að einhver maður, sem á það fellst, (eða fleiri menn saman), skeri endanlega úr máli þeirra, og málið á þann veg undanskilið almennri dómstólameðferð, en þá verða aðilar einnig að bera allan kostnað, sem af því hlýst. Þessi réttarfarsheimild stendur aðilum að sjálfsögðu framvegis til boða, þótt ákvæðið í 1. mgr. 72. gr. frumvarpsins verði lögtekið, en augljóst hagræði getur hins vegar verið af því, ef starfandi er fastur gerðardómur, sem skipaður er hæfum, óvilhöllum og þjálfuðum mönnum og sem kostaður er af opinberu fé. Enda þótt málskostnaður, annar en laun gerðardómsmanna og annar kostnaður við störf gerðardómsins, sé borinn af málsaðilum á sama hátt og nú er, myndi þessi kostur hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir þá, miðað við það að þeir þyrftu einnig að greiða dómendunum. Fyrir ríkissjóð yrði vart um aukna greiðslubyrði að ræða frá því sem nú er, því að ella færu mál þau, sem skjóta mætti til gerðardóms, fyrir almenna dómstóla, sem kostaðir eru af almannafé, og auk þess að jafnaði yfirhlaðnir störfum. Einnig má ætla, að í starfi gerðardómsins myndist samræmi í dómsúrlausnum umfram það, sem líklegt er að geti nokkru sinni orðið milli hinna einstöku héraðsdómaraembætta eða jafnvel innan stórra dómaraembætta. Stuðlar það að auknu réttaröryggi á þessu sviði.

2. mgr.

Að verulegu leyti sama efnis og 2. og 3. mgr. 43. gr. l. 67/1963.

Almennt um V. kafla.

Í þessum kafla er skipað saman ýmsum ákvæðum, sem mæla fyrir um refsingu eða viðurlög handa skipstjóra, útgerðarmanni eða skipverjum vegna brota samkvæmt sjómannalögum. Er hér m.a. um að ræða endurskoðuð ákvæði VI. kafla l. 67/1963, sem fjallar um refsingar, en einnig koma fram nokkur nýmæli.

Sérstaklega skal tekið fram að lagt er til, að ákvæði um refsivald skipstjóra falli að mestu brott (nema hvað ýmis efnisatriði úr 65. gr. laganna eru tekin upp í 75. gr. frumvarpsins). Verður að telja, að ákvæði um refsivald skipstjóra, sem fyrst og fremst felast í einhliða „sektarheimild" hans, séu nú orðin úrelt og óþörf í réttarríki, þar sem almenna reglan er sú, að menn séu látnir svara til saka frammi fyrir dómstólum ríkisins.

Um kafla V — 1.

Um 73. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 74. gr.

Meginreglan skv. frumvarpinu er sú, að öll mál út af brotum á sjómannalögum skuli sæta opinberri málssókn, rannsókn og málsmeðferð. Frá því er þó gerð undantekning um yfirsjónir þær, sem ræðir í 81. gr. frumvarpsins, en í því tilfelli verður opinbert mál einungis

höfðað, ef skipstjóri eða útgerðarmaður krefjast þess. Um önnur tiltekin mál er það skilyrði m.a. sett, að þau skuli lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin.

Greinin svarar að nokkru til 89. gr. l. 67/1963, en þó er gert ráð fyrir talsverðum breytingum frá núgildandi ákvæðum, en eigi þarfnast það nánari skýringar.

Um 75. gr.

Ljóst er, að nauðsyn getur borið til þess að frumrannsókn á meintum brotum skipverja fari fram um borð í skipi sem fyrst eftir að viðkomandi atburður átti sér stað, og áður en næst til réttra yfirvalda. Um þetta efni eru gefin nokkur fyrirmæli í 75. gr. frumvarpsins, og er fyrirmynd þeirra að sumu leyti sótt til 65. gr. l. 67/1963, enda þótt í þeirri lagagrein sé einungis fjallað um rannsókn á yfirsjónum, sem refsivald skipstjóra nær til.

Ákvæði 75. gr. þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Almennt um kafla V — 2.

Um þetta efni eru nú ákvæði í 74.—90. gr. l. 67/1963, en nefnd sú er frumvarpið samdi, hefur endurskoðað þau ákvæði og lagt til að á þeim verði gerðar nokkrar breytingar, sem flestar horfa til einföldunar þeirra reglna, sem þar koma fram. Má í því sambandi einkum nefna, að öllum fyrirmælum um upphæðir sekta í krónum talið er breytt á þá lund, að tekin er upp almenn heimild fyrir dómstóla til ákvörðunar hæfilegra sekta í hvert eitt sinn. Er þetta nauðsynlegt sökum þess m.a., hve ákvæði um tilteknar upphæðir úreldast fljótt vegna dýrtíðar þeirrar, sem hér er landlæg.

Um 76. gr.

Greinin svarar að mestu leyti til 74. gr. l. 67/1963.

Um 77. gr.

Greinin er nær samhljóða 75. gr. l. 67/1963.

Um 78. gr.

Ákvæðið svarar að mestu til 76. gr. l. 67/1963.

Um 79. gr.

Sama efnis og 77. gr. l. 67/1963.

Um 80. gr.

Greinin svarar að verulegu leyti til 79. gr. l. 67/1963.

Um 81. gr.

1. mgr.

Sama efnis og 81. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið er nýmæli, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 82. gr.

Samhljóða 82. gr. l. 67/1963.

Um 83. gr.

Samhljóða 83. gr. l. 67/1963.

Um 84. gr.

Sama efnis og 84. gr. l. 67/1963.

Um 85. gr.

1.—3. mgr.
Því sem næst samhljóða 85. gr. l. 67/1963.

4. mgr.
Nýmæli, sem ekki þarfnast frekari skýringar.

Um 86. gr.

Ákvæði svarar að mestu leyti til 86. gr. l. 67/1963, nema hvað ekki er hér gert ráð fyrir fangelsisrefsingu.

Um 87. gr.

Ákvæðið svarar að verulegu leyti til efnis 88. gr. l. 67/1963, en það tekur þó, skv. orðalagi sínu, til skipstjóra jafnt sem skipverja og varðhald getur komið til greina, ef sakir eru miklar.

Um 88. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um VI. kafla (89. gr.).

1.—3. mgr.
Þarfnast ekki skýringa.

4. mgr.
Verði ákvæði 2. mgr. 41. gr. l. 53/1966 (um vernd barna og ungmenna), varðandi lágmarksaldur skipverja eigi breytt til samræmis við 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins um leið og það verður að lögum, myndi skapast óæskilegt ósamræmi milli þessara lagagreina, ef eigi væri séð við því í hinum nýju sjómannalögum. Þykir því rétt að ljúka frumvarpinu með skýru ákvæði í þá átt, enda þótt líklegt sé, að niðurstaðan yrði hin sama eftir almennum lögskýringarreglum.

Tillaga Guðmundar Hallvarðssonar, Ingólfs Stefánssonar og Viðars Más Matthíassonar um orðalag 36. gr. frumvarpsins.

36. gr.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

Greinargerð.

Um 36. gr.

Almennt um 36. gr.

Lagt er til, að 36. gr. frumvarpsins svari nákvæmlega til 3.—8. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 38. gr. l. 49/1980. Lög 49/1980 voru sett fyrir aðeins tveimur árum og áttu að bæta sjómönnum rýrnun á launatekjum, sem þeir höfðu orðið fyrir. Um lög 49/1980 náðist víðtæk og almenn samstaða á Alþingi og voru lögin samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Engar forsendur eru til að breyta lögum þessum nú og engin rök hafa verið færð fyrir því, að þau nái ekki tilgangi sínum eins og þau eru. Því er lagt til, að ákvæðin verði nákvæmlega samhljóða ákvæðum 3.—8. mgr. 1. gr. l. 49/1980 um breyting á 3.—8. mgr. 18. gr. l. 67/1963.

Um 1. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. l. 49/1980, en í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæðið skýrt svo: „Breytingin frá 3. mgr. 18. gr. gildandi sjómannalaga felst í því, að í stað „rétts til kaups" kemur „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd". Þetta nýja orðalag veitir skipverja víðtækari rétt, og er það í samræmi við orðalag 1. mgr. 5. gr. l. nr. 19/1979, sbr. og 6. gr. sömu laga, en þessar greinar fjalla um svonefnd staðgengilslaun landverkafólks. Gagnvart farmönnum felst í þessari breytingu það, að þeir eiga, auk grunnkaups og allra fastra álaga á það sem þeir nú fá greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Ákvæðið hefur hins vegar ekki í för með sér breytingu gagnvart fiskimönnum. Tekið er inn nýtt ákvæði þess efnis, að forfallist skipverji í launalausu fríi þá skuli launagreiðslur til hans hefjast þegar er hann átti að koma til starfa að nýju. Hins vegar er gert ráð fyrir að skipverji, sem forfallast við vinnu sína, haldi launum þótt hann hafi átt að fara í launalaust frí síðar. Niðurlagsákvæði málsgreinarinnar „og þó aldrei fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns" er breytt, og slík takmörkun á kaupgreiðslum aðeins látin ná til forfalla af völdum veikinda en ekki slysa."

Við þessa athugasemd er í sjálfu sér fáu að bæta. Þó má benda á að þegar rætt er um, að ákvæðið hafi ekki í för með sér breytingar gagnvart fiskimönnum, þá er átt við það, að fjárhæð forfallalauna fiskimanna breyttist ekki með frumvarpinu, er það varð síðar að lögum. Hins vegar fól ákvæðið að sjálfsögðu í sér breytingu gagnvart fiskimönnum að því er varðar lengingu þess tíma, sem forfallalaun eru greidd fyrir. Það er einnig rétt að taka fram, að ákvæðið hefur í för með sér þá breytingu, að takmörkun á þeim tíma, sem skipverji á rétt til forfallalauna, er aðeins háð þeim tíma, sem hann hefur verið í starfi hjá útgerðarmanni, ef um veikindi er að ræða. Við forföll af öðrum ástæðum, þ.e. vegna slysa, vinnuslysa eða

atvinnusjúkdóma, takmarkast réttur skipverja til tveggja mánaða staðgengilslauna ekki af tímalengd starfstíma hans hjá útgerðarmanni.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. og 4. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 4. mgr. 1. gr. l. 49/1980, en í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæðið skýrt svo: „Hér er á ferðinni ný málsgrein, sem felur í sér aukinn rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum, þegar um langan starfstíma er að ræða. Málsgreinin er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. l. nr. 19/1979. Hér eru kaupgreiðslur miðaðar við fast kaup sem einkum á við um farmenn, kauptryggingu, sem einkum á við um bátasjómenn og sérstaklega umsamið veikindakaup, sem einkum á við um skipverja á stóru togurunum. Til þessara auknu réttinda stofnast hvort heldur um er að ræða samfellda ráðningu hjá sömu útgerð eða hjá sama skipi."

Ekki þykir þörf að skýra ákvæði þetta frekar.

Um 3. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 5. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 5. mgr. 1. gr. l. 49/1980, en í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæðið skýrt svo: „Hér er um að ræða nýja málsgrein, sem bætir rétt sjómanna til greiðslu launa þegar vinnuslys eða atvinnusjúkdómar eiga sér stað. Málsgreinin svarar til 4. gr. l. nr. 19/1979. Um kaupgreiðslufyrirkomulag vísast til þess, sem sagt er um 4. mgr."

Ekki er þörf á að skýra þetta ákvæði frekar.

Um 4. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 6. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 6. mgr. 1. gr. l. 49/1980. Í athugasemdum með frumvarpinu til síðarnefndu laganna var þetta ákvæði 7. mgr., þar sem 6. mgr. frumvarpsins var felld út við meðferð þess á Alþingi. Með 7. mgr. var engin skýring, enda var 7. mgr. frumvarpsins óbreytt frá því, sem 4. mgr. 18. gr. sjómannalaganna var fyrir breytinguna, og er þetta ákvæði rótgróið í íslenskum og erlendum sjómannalögum, þannig að nóg er til af dómafordæmum um skýringu á því og vísast til þeirra.

Um 5. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 7. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 7. mgr. 1. gr. l. 49/1980. Í frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæði þetta í 8. mgr. og var það ekki skýrt sérstaklega þó um nýmæli væri að ræða. Ekki er hér heldur talin ástæða til að skýra ákvæðið.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 49/1980 voru nokkrar frekar skýringar við frumvarpið í heild og þykir hér ástæða til að taka eftirfarandi úr þeim skýringum: „Rétt er að undirstrika að sú ríflega viðbót við launagreiðslutíma í veikinda- og slysatilfellum, er í frumvarpinu felst, er háð öðrum kaupgreiðslureglum en sá launagreiðslutími, sem fyrir er. Viðbótin er í formi fastra launa, kauptryggingar eða tilsvarandi launagreiðslna og er sú tilhögun valin með það í huga, að útgerðarmanni verði unnt að tryggja sig fyrir hinni auknu áhættu. Á hinn bóginn er einnig nauðsynlegt að leggja áherslu á, að lenging launagreiðslutímans, sem frumvarpið boðar, er þeim skilyrðum háð, að annað hvort sé um langan, samfelldan starfstíma að ræða, eða um sé að tefla atvinnusjúkdóm eða vinnuslys, en mest verður lengingin þegar bæði skilyrðin eru uppfyllt. Loks skal á það minnt, að víða hafa sjómenn þegar náð fram í kjarasamningum mun betri rétti en þeim, sem lögfestur var sem lágmarksréttur í sjómannalögunum."

Nd. 480. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá efri deild þar sem skattprósentur voru hækkaðar frá því sem var þegar neðri deild afgreiddi frumvarpið fyrir nokkrum vikum. Minni hl. nefndarinnar er því andvígur.

Samkvæmt útreikningum Reiknistofnunar og ríkisskattstjóra verður verulegur fjöldi launafólks fyrir nokkurri eða verulegri skattaþyngingu samkvæmt tillögum meiri hl. jafnframt því sem gerð er tillaga af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um mikla skattalækkun á fyrirtækjum.

Minni hl. nefndarinnar gerir tillögu um að álagningarprósenta á félög skuli vera áfram hin sama og hæsta jarðarprósenta tekjuskatta á einstaklinga eins og verið hefur undanfarin ár, en jafnframt verði skattbyrði einstaklinga létt sem sömu fjárhæð nemur. Samkvæmt þessu yrðu prósentur á skattstiga einstaklinga 22,75%, 29,75% og 44%.

Jafnframt standa nefndarmenn að tveimur öðrum breytingartillögum. Eru þær annars vegar um að milda áhrif af tekjumissi vegna atvinnubrests eða sérstaks tekjubrests vegna t. d. aflasamdráttar. Hins vegar er tillaga sem tekur til þess að rétta hag hinna allra verst settu í þjóðfélaginu með útgreiðslu persónuafsláttar sem nýtist ekki til skattalækkunar eða greiðslu skatta og fellur því ónýttur við núverandi fyrirkomulag. Slík útgreiðsla nær þó að hámarki til hálfs persónuafsláttar og einungis til þeirra sem væru yfir tvítugt og störfuðu ekki við eigin atvinnurekstur skv. nánari skilgreiningu í lagagrein í breytingartillögunum. Áætlað er að sú fjárhæð, sem hér um ræðir, sé um 220 milljónir króna.

Guðrún Agnarsdóttir hefur fylgst með afgreiðslu þessa máls í nefndinni og er samþykk þeirri afstöðu minni hl. sem fram kemur í þessu áliti.

Alþingi, 21. mars 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.	Kjartan Jóhannsson.

Nd. 481. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags og viðskiptanefndar (GE, SvG, KJóh).

1. Við 2. gr.
   a) Í stað „23%“ í mgr. komi: 22,75%.
   b) Í stað „32%“ í 1. mgr. komi: 29,75%.
   c) Í stað „45%“ í 1. mgr. komi: 44%.

2. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:
   Á eftir 6. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 21/1983) bætist nýr töluliður sem orðist svo:
   7. Ef gjaldþol manns skerðist verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum.
3. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) bætist ný gr. er verði 6. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:
   Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur annars hjóna, sem skattlagt er skv. ákvæðum 63. gr. og enn er óráðstafað, skal dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, þó ekki hærri fjárhæð en nemur helmingi af heildarupphæð persónuafsláttar; ekki skal þó koma til útborgunar á 200 kr. eða lægri fjárhæð. Ekki skal greiða persónuafslátt til manna sem eru 20 ára eða yngri á tekjuárinu, né til manna með samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. sem nema meira en 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr. Sá hlutur persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.
4. Við 5. gr. Í stað „51%“ komi: 59%.

Nd. 482. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Minni hl. skilar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 465, enda er það í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að skattbyrði beinna skatta til ríkisins skuli vera sú sama á árinu 1984 og á árinu 1983.

Alþingi, 21. mars 1984.

Páll Pétursson, form. | Friðrik Sophusson, frsm. | Þorsteinn Pálsson.

Halldór Blöndal.

Ed. 483. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd (sbr. VIII. kafla), lyfjaverðlagsnefnd (sbr. IX. kafla), stjórn lyfsölusjóðs (sbr. X. kafla), Lyfjaeftirlit ríkisins (sbr. XI. kafla), landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Vítamín og/eða steinefni ætluð mönnum til inntöku teljast ekki lyf nema magn þeirra í hverri mældri einingu (t. d. skömmtuðu lyfjaformi, g, ml) eða dagsskammti, sé umfram mörk, er kveða skal á um í reglugerð, sbr. 5. gr. Við ákvörðun marka skal taka mið af ráðleggingum Manneldisráðs um það hver sé dagsskammtur vítamína og/eða steinefna, við íslenskar aðstæður (sbr. lög nr. 45/1978). Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð, að ákveðin vítamín og/eða steinefni teljist ávallt lyf, enda þótt magn þeirra í einingu sé ekki umfram venjulegan dagsskammt, enda sé talið líklegt að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgr. er verði 2. mgr. og hljóði svo:

Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um skráningu, árgjöld, innflutning og sölu vítamína og/eða steinefna, ýmist einum sér eða blönduðum dýra- eða plöntuefnum (náttúruvörur) sbr. 4. gr. og skal um þau höfð samráð við landlækni, Lyfjaeftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins.

4. gr.

6. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðla fyrir lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Óheimilt er að flytja inn til sölu eða afhendingar önnur lyf en 2. tl. 7. gr. tekur til.

Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum í einstaka tilvikum:

1. Leyfi til innflutnings staðlaðra forskriftarlyfja, sbr. 1. tl. 7. gr., að fengnum tillögum lyfjanefndar og fer um afhendingu þeirra samkvæmt gildandi ákvæðum hverju sinni.

2. Leyfi til innflutnings óskráðra sérlyfja ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli lyfjanefnd með því. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt, að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra, sem eiga að nota þau. Mæli lyfjanefnd gegn því, að leyfi til innflutnings verði veitt, getur viðkomandi læknir, sem æskir innflutnings lyfsins, óskað eftir því, að ráðuneytið leiti álits landlæknis um synjunina.

Lyf þau, sem undanþáguheimild 2. tl. 2. mgr. nær til, má einungis láta úti gegn lyfseðli.

6. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Heimilt er að hafna umsókn um skráningu sérlyfs, ef hið virka efni er svo líkt fáanlegu lyfi, að það, sem skilur, getur ekki haft teljandi þýðingu.

7. gr.

14. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftarlyf lækna sem ekki er á færi lyfjabúða að framleiða handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða en svari þörfum örfárra sjúklinga, þarf að koma til heimild ráðherra, enda mæli lyfjanefnd með því.

8. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgr., er verði 10. mgr. og hljóði svo:

Ef fyrirtæki eða rannsóknastofnun fæst við framleiðslu á ónæmisefnum handa mönnum eða dýrum, má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. mgr., enda sé tryggt að mati landlæknis eða yfirdýralæknis, ef um dýralyf er að ræða, og Lyfjaeftirlits ríkisins, að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.

9. gr.

15. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Um eftirlit með lyfjaávísunum lækna fer samkvæmt ákvæðum 50. gr. 7. tl.

10. gr.

16. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og landlækni.

11. gr.

26. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga, er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

12. gr.

27. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði lækn- og lyfjafræði, s. s. lyfjaefnafræði, lyflæknisfræði, lyfjagerðarfræði, eiturefnafræði (toxicology), lyfjafræði (pharmacology).

Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann.

Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega fjalla um dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar, þegar þurfa þykir.

Nefndarmenn mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja. Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum allar nýjar upplýsingar, er varða skráð lyf og lyf, sem eru í skráningarmeðferð.

13. gr.

28. gr. 9. töluliður hljóði svo:

Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf (klínískar prófanir) svo og reglugerð þar um er taki m. a. til nánari skilgreiningar hvernig að slíkum tilraunum skuli staðið svo og til heimildar, framkvæmdar, ábyrgðar og bótaskyldu þeirra, er þær annast.

14. gr.

29. gr. 1. töluliður orðist svo:

1. Tillögur að lyfjastöðlum, sbr. 6. gr.

15. gr.

29. gr. 4. töluliður orðist svo:

Að vera landlækni til ráðneytis við skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

16. gr.

Við 50. gr. bætist nýr töluliður er verði 7. tl. og orðist svo:

7. Að hafa eftirlit með lyfjanotkun og lyfjaávísunum. Lyfjaeftirlitið skal tilkynna landlækni (yfirdýralækni, ef um dýralækni er að ræða), verði það vart misferlis í lyfjaávísunum einstakra lækna eða misferlis í lyfjanotkun einstakra sjúklinga.

17. gr.

30. gr. orðist svo:

Kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfsliðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49/1978 og gefa þau út svo breytt. Jafnframt skulu þá lagatilvitnanir í 14. gr., 54. gr., 56. gr. og 58. gr. færðar til samræmis við gildandi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú hefur verið starfað eftir gildandi lyfjalögum í 5 ár, en þau leystu af hólmi lyfsölulög nr. 30/1963 að hluta. Á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku lyfjalaga, hafa komið í ljós nokkur atriði, sem betur mættu fara og er þessu frumvarpi ætlað að lagfæra þau.

Veigamestu breytinguna er að finna í 8. gr. þar sem lagt er til, að veita megi undanþágu frá ákvæðum um hver skuli veita lyfjagerðum forstöðu, en í gildandi lögum er krafist sömu menntunar og af handhöfum lyfsöluleyfa.

Aðrar breytingar eru helstar, að lagt er til að lyfjanefndarmenn verði 5 í stað 3. Þá eru einnig ákvæði um að setja skuli reglugerð um prófanir á lyfjum sem m. a. taki til ábyrgðar og bótaskyldu, en slík ákvæði hefur vantað í lögin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Yfirdýralækni er bætt við í upptalningu þeirra aðila, er ráðherra eru til aðstoðar og ráðuneytis við framkvæmd laga þessara. Hér er um sjálfsagt mál að ræða, því yfirdýralæknir hefur sömu stöðu gagnvart dýralæknum og landlæknir gagnvart læknum, en lög þessi taka jafnt til dýralækna sem lækna.

Um 2. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingu frá því, að öll vítamín og steinefni skuli teljast lyf, ef magn þeirra í hverri mældri einingu er umfram 1.5 venjulegan dagskammt og skulu mörkin nú nánar ákveðin í reglugerð. Álitamál er hvort rétt sé að gildandi hámark, 1.5 dagskammtur, eigi að gilda ótvírætt fyrir öll vítamín og steinefni. Með reglugerðinni skapast aukið svigrúm og unnt er að taka afstöðu til hvers einstaks efnis, en það eru nýmæli að steinefni skuli nefnd, en það hefur einhverra hluta vegna fallið niður við setningu laganna.

Um 3. gr.

Árgjöld og væntanleg skráningargjöld eru nýmæli, en þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við mat umsókna og útgáfu skrár, er tekur til þeirra vörutegunda er falla innan leyfilegra marka téðrar reglugerðar og heimilað verður að flytja inn og selja. Sjálfsagt er að samráð skuli höfð um ákvæði reglugerðarinnar við landlækni, Lyfjaeftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins, en tveir síðasttöldu aðilarnir annast eftirlit með framkvæmd hennar, annars vegar í lyfjabúðum og hins vegar utan þeirra.

Um 4. gr.

Hér er gerð sú breyting frá gildandi lögum að lyfjanefnd gerir nú tillögur til ráðherra um staðla fyrir lyfjaform, í stað þess að ákveða þá. Eðlilegt verður að teljast, að nefnd sem skipuð er af ráðherra geri tillögur til hans, sem hefur umsjá með framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Breyting þessarar greinar felur í sér, að nú þarf leyfi ráðherra til innflutnings staðlaðra forskriftarlyfja. Flest þessara lyfja má hæglega framleiða innanlands, enda gert í stórum stíl og er innflutningur þeirra því óþarfur í flestum tilvikum. Þá er einnig gert ráð fyrir að lyfjanefnd fjalli ein um undanþáguumsóknir, en landlæknir aðeins í einstaka tilvikum og er þessi breyting gerð til hagræðingar.

Um 6. gr.

Heimildarákvæði þess efnis, að hafna megi skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, sé ekki talin nauðsyn að hafa það á markaði hérlendis, var í lyfsölulögunum frá 1963, en féll niður við gerð lyfjalaga.

Með ákvæði þetta í lögunum er hægt að hafna skráningu sérlyfs, ef hið virka efni þess er það sama eða svo líkt fáanlegu lyfi, að það sem að skilur getur ekki haft teljandi þýðingu að mati lyfjanefndar, jafnvel þótt lyfið uppfylli að öllu öðru leyti þær kröfur, sem gerðar eru til sérlyfja. Dæmi er þess, að á sérlyfjaskrá eru 5 sérlyf, sem öll innihalda sama virka efnið.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum, er aðeins lyfjabúðum heimilt að framleiða forskriftarlyf lækna, en ella útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimildarákvæði þess efnis, að lyfjagerðum sé heimilt að framleiða þessi lyf, hefur vantað. Í greininni felst sú breyting að lyfjagerðir megi framleiða forskriftarlyf lækna, vegna þarfa einstakra sjúklinga, sem lyfjabúðum er um megn að framleiða, t. d. vegna sérhæfðra tækja.

Um 8. gr.

Heimildarákvæði þetta veitir möguleika til undanþágu frá skilyrðum þeim er forstöðumenn lyfjagerða almennt þurfa að uppfylla, sé um að ræða framleiðslu á ónæmisefnum handa mönnum eða dýrum og má í þessu sambandi nefna framleiðslu tilraunastofnunar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Um 9. gr.

Sjá athugasemdir við 15. gr. þessa frumvarps.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að Lyfjaeftirlit ríkisins sé gert að samráðsaðila ásamt landlækni við gerð reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, sem lyfjanefnd gerir tillögur um lögum samkvæmt. Hér er um eðlilega ráðstöfun að ræða því Lyfjaeftirlitið er sá aðili, sem fylgist með framkvæmd reglugerðarinnar ásamt landlækni.

Um 11. gr.

Í lögunum segir, að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum lyfjaeftirlits og landlæknis, að kveða nánar á um gerð auglýsinga þeirra, er um ræðir í þessum kafla. Tillaga þessa frumvarps er sú, að inn í sömu reglugerð verði sett ákvæði um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna. Á þessu hefur verið misbrestur, sýnishornum hefur verið ótæpilega dreift, jafnvel af aðilum sem litla eða enga þekkingu hafa á lyfjum.

Um 12. gr.

Með þessari grein er horfið aftur til þess fyrirkomulags, er var fyrir gildistöku laganna, en það er að hafa fleiri menn í lyfjanefnd. Samkvæmt lyfsölulögum voru 6 menn skipaðir í lyfjaskrárnefnd (nú lyfjanefnd), en samkvæmt lyfjalögum aðeins 3 menn. Það er fyrir ítrekaða beiðni lyfjanefndarmanna um fjölgun í nefndinni að tillaga þessi er lögð fram. Jafnframt er horfið frá því fyrirkomulagi að binda setu manna í nefndinni alfarið við tiltekna sérmenntun, því reynslan hefur sýnt, að erfitt getur reynst að framfylgja þessu ákvæði. Þá er það nýmæli, að ráðherra skipi nefndarmenn og varamenn í samráði við væntanlegan formann, en þar með er aukin ábyrgð formanns á störfum nefndarinnar.

Um 13. gr.

Í lögin hefur vantað ákvæði um framkvæmd tilrauna með ný og/eða óskráð lyf og er greininni ætlað að lagfæra það.

Um 14. gr.

Sjá athugasemd við 4. gr. þessa frumvarps.

Um 15. gr.

Hér er um að ræða lagfæringu á misfellu í lögunum, sbr. 54. gr. Eðlilegra er, að einn aðili annist skráningu hjáverkana lyfja hér á landi og það sé landlæknir, sem það geri með aðstoð lyfjanefndar í stað þess að lyfjanefnd vinni einnig að því, eins og ákvæði gildandi laga segja til um.

Um 16. gr.

Sjálfsagt er að einn þáttur í daglegri starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins sé eftirlit með lyfjaávísunum og lyfjanotkun. Lyfjaeftirlitið annast m. a. eftirlit með lyfjaávísunum lækna, er hljóða á eftirritunarskyld lyf, einnig eftirlit með lyfjabúðum, lyfjabúrum sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva o. fl. Verði eftirlitið vart misferlis í lyfjaávísunum einstakra lækna eða lyfjanotkun sjúklinga skal það hafa samráð við landlækni (yfirdýralækni) um ráðstafanir til úrbóta.

Um 17. gr.

Til þessa hefur lyfjanefnd fengið fjárveitingu á fjárlögum, sem hefur ekki nægt til að nefndin hafi getað uppfyllt þær lagalegu skyldur, sem henni er ætlað. Hér er farið inn á þá braut að láta innheimt skráningar- og árgjöld standa straum af kostnaði nefndarinnar, en þau hafa oftast numið hærri upphæð en þeirri er nefndinni hefur verið úthlutað á fjárlögum.

Um 18. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Ed. 484. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og fjallað um áhrif neysluskatta og hugsanlegrar lækkunar þeirra.

Hefur nefndin aflað margvíslegra upplýsinga í þessu efni og notið ágætrar aðstoðar embættismanna fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða styðja.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar þegar fjallað var um þetta mál og er samþykkur afgreiðslu þess.

Alþingi, 21. mars 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Tómas Árnason.	Valdimar Indriðason.	Eiður Guðnason.

Ragnar Arnalds.

Ed. 485. Lánsfjárlög [144. mál]

fyrir árið 1984.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 471 (sbr. 451).

Nd. 486. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í þessu frv. felst annars vegar heimild til frádráttar frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (sbr. 160. mál) og hins vegar ýmsar skattívilnanir til fyrirtækjanna í landinu og hlutafjáreigenda. Í tengslum við hið síðar nefnda er gert ráð fyrir að framlög í fjárfestingarsjóði komi í stað varasjóðstillaga.

Varðandi frádráttarheimildir vegna fjárfestingar í atvinnurekstri vísast til nefndarálits með 160. máli þar sem lagt er til að það verði athugað betur vegna augljósra galla. Þar er enda tími til stefnu.

Tillagan um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs er einnig athyglisverð en framkvæmdin er flókin. Sú hugmynd er því verð frekari skoðunar.

Á hinn bóginn eru engin skilyrði eða rök til þess nú, þegar launafólk hefur fórnað fjórðungi kaupmáttar síns og stórfelldir fjármunir verið fluttir til fyrirtækjanna, að bæta ofan á það skattalækkunum til fyrirtækja og hlutafjáreigenda. Er þetta enn furðulegra þar sem á lokastigi er í þinginu önnur skattalækkun á fyrirtækjunum sem stjórnarflokkarnir virðast ásáttir um að knýja fram með breytingum sínum á tekjuskattslögunum.

Fólkið í landinu hefur tekið á sig miklar byrðar. Fyrirtækin verða líka að axla sitt.

Ríkisstjórnin kynnir nú þjóðinni samtímis mikla fjárvöntun ríkissjóðs og sérstaka skattalækkun á skattalækkun ofan hjá fyrirtækjunum og eiginlega afturvirka í ofanálag.

Þetta gengur ekki. Undirritaðir leggja því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. mars 1984.

Kjartan Jóhannsson, frsm. Svavar Gestsson.

Nd. 487. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er yfirlýstur tilgangur þessa frv. að örva almenning til þess að leggja fé í atvinnurekstur. Til þess að ná þeim tilgangi er lagt til að heimilaður verði frádráttur eftir ákveðnum reglum frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar þeirra í atvinnurekstri. Sú fjárfesting, sem samkvæmt frv. telst frádráttarbær, er einkum fólgin í kaupum á hlutabréfum í stórum hlutafélögum ýmist beint eða gegnum starfsmannasjóði eða svonefnd fjárfestingarfélög. Í frv. í sinni upphaflegu mynd var skilyrði frádráttarbærni við bein hlutabréfakaup bundin við hlutafélög með a. m. k. 10 milljón króna hlutafé og a. m. k. 100 hluthafa. Meiri hl. nefndarinnar flytur nú tillögu um að þetta skilyrði verði lækkað í 5 milljónir króna og 50 hluthafa.

Engu síður er ljóst að einungis tiltölulega stór fyrirtæki koma hér til álita. Sama gildir um óbein kaup hlutabréfa gegnum starfsmannasjóði því að þá er skilyrði að a. m. k. 30 starfsmenn standi að sjóðsstofnuninni.

Hér er greinilega verið að mismuna fólki og atvinnurekstri mjög eftir stærð. Til viðbótar við mismunun við bein kaup kemur að starfsmenn smárra fyrirtækja njóta ekki sömu aðstöðu og starfsmenn stórra fyrirtækja um stofnun starfsmannasjóða og nýtingu á tilheyrandi skattafrádrætti. Sé fyrirtækið ekki nægilega stórt er frádráttarheimildin engin við hlutafjárkaupin. Stórt fyrirtæki getur hugsanlega aflað sér fjár með hlutabréfasölu vegna frádráttarheimildarinnar, en meðalstórt eða lítið fyrirtæki getur það ekki. Þessi mismunun er í hæsta máta vafasöm. Ef fyrirhuguð lagasetning hefur tilætlaðan árangur munu stærri fyrirtækin eflast á kostnað hinna smærri.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að langflest fyrirtæki á Íslandi eru lítil og víða geta þau beinlínis ekki verið annað eins og búsetunni í landinu er háttað. Skilyrði til þess að stofna eða reka stór fyrirtæki eru allt önnur og lakari á Hellu og Hvammstanga eða á Flateyri

og Fáskrúðsfirði heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Ívilnun sú sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir mun því nýtast hinum smærri stöðum lítið og illa.

Oft er haft á orði, réttilega, að iðnaðurinn verði að veita fleiri atvinnutækifæri á komandi árum og þörf sé nýsköpunar á því sviði. Þetta mun eiga við úti á landsbyggðinni ekkert síður en á höfuðborgarsvæðinu. Það mun líka mála sannast að nýsköpun á þessu sviði er allt eins líkleg í smáum fyrirtækjum eins og stórum og dæmin sanna að oft er það frumkvæði og samheldni lítils áhugamannahóps sem ræður úrslitum um að í nýja atvinnustarfsemi er ráðist, einkanlega ef í henni felst einhver nýjung. Slíkir aðilar, sem oft leiða þróunina, fá samkvæmt frumvarpi þessu ekki að njóta jafnréttis við hina stóru.

Rauði þráðurinn í þessu frumvarpi að því er varðar skattaívilnunina er sá að enginn megi eiga það mikið í fyrirtækinu að hann hafi þar nein raunveruleg áhrif. Það eina, sem á að hvetja til hlutabréfakaupana, er ágóðavonin og skattalækkunarmöguleikinn. Hið tilfinningasnauða persónuleysi á þannig að vera lykillinn að því að fá að njóta ívilnunar skv. frumvarpinu.

Þeir sem hætta fé sínu í stofnun hlutafélags um atvinnurekstur sem þeir hafa trú á og vilja eiga saman og annast saman eru þannig settir á kaldan klaka ef þeir uppfylla ekki margmennisskilyrðið eða geta ekki lagt fram nógu margar milljónir. Slíkur áhætturekstur þeirra, sem trúa á fyrirtæki sitt, hugvit sitt og dugnað og hafa vilja og þolgæði til að vinna því vel, er þó einmitt sá vaxtarbroddur nýsköpunar í atvinnulífi sem verður að vera til og oft er hvað nauðsynlegastur. Það er því rangt að mismuna einmitt slíkum í óhag.

Þau ákvæði frv. sem ekki fjalla um hlutafjárkaup og tilheyrandi frádrátt frá skattskyldum tekjum, varða einyrkja. Fyrir slíka aðila eiga að gilda sérstakar reglur um innlögn á bundna bankareikninga sem geti notið skattfrelsis. Hins vegar eru heldur fátækleg skilyrði um það hvers konar fjárfesting gefi heimild til að nýta úttekt af hinum bundna reikningi án þess að það teljist til tekna. Þessar víðu heimildir virðast opna gáttirnar til þess að stofna til gervifyrirtækja í einkaeign til þess að nýta sér þær ívilnanir sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Af framansögðu ætti að vera ljóst að það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, er að mörgu leyti gallað:

1) **Á einu sviði opnar það nýjar gáttir til „löglegs" undandráttar undan skatti í formi gervifyrirtækja.**
2) **Það mismunar fólki og fyrirtækjum eftir byggðarlögum, öllum hinum fámennari byggðum í óhag.**
3) **Það er hinum fáu og frumkvæðisríku í óhag.**
4) **Það er hinum stóru fyrirtækjum í hag á kostnað hinna smáu og meðalstóru.**

Þótt ýmis rök megi færa fyrir þeim hugmyndum sem í frv. felast mun það í núverandi búningi hafa margvísleg mjög óæskileg áhrif og **fela í sér mikla mismunun.**

Sá tilgangur, sem tilgreindur er fyrir frumvarpsflutningnum, þ. e. að treysta atvinnulífið, m. a. með þátttöku almennings í fjárfestingu í atvinnurekstrinum, á vitaskuld rétt á sér og er mikilvægt viðfangsefni, en í frumvarpsgerðinni hefur ekki tekist að finna þeim tilgangi skynsamlegt form.

Þar sem hér er um mikilvægt viðfangsefni að ræða sem vel verður að vanda til og með hliðsjón af því að ekki er gert ráð fyrir að lög þessi taki gildi fyrr en um næstu áramót sýnist skynsamlegt að nota tímann fram að haustþingi til þess að athuga málið betur og með þeim rökstuðningi og í trausti þess að slík vinna fari fram leggur undirritaður til að frumvarpinu verði ***vísað til ríkisstjórnarinnar.***

Alþingi, 21. mars 1984.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 488. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Hér er um að ræða frv. sem lagt er fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum er sett voru 22. apríl 1983 að tilhlutan ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens.

Hagstofustjóri, Klemenz Tryggvason, kom á fund nefndarinnar.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 21. mars 1984.

Páll Pétursson form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Þorsteinn Pálsson.
Friðrik Sophusson.	Halldór Blöndal.	Kjartan Jóhannsson.
	Svavar Gestsson.	

Nd. 489. Lög [210. mál]

um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

(Afgreidd frá Nd. 21. mars.)

Samhljóða þskj. 373.

Ed. 490. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1981, um breyting á umferðarlögum, nr. 40 1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

2. málsgrein 6. gr. falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

Sþ. 491. Tillaga til þingsályktunar [262. mál]

um framkvæmdaáætlun til úrbóta í umferðarmálum.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Jón Sveinsson, Stefán Guðmundsson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun til þriggja ára um úrbætur í umferðarmálum. Áætlunin nái til eftirtalinna atriða:

1. Almennrar kynningar og fræðslu í umferðarmálum með bætta umferðarmenningu að leiðarljósi.
2. Umferðarslysavarna og bætts öryggisbúnaðar farartækja.
3. Frekari fræðslu ökumanna áður en þeir fá fullnaðarökuskírteini.
4. Kennslu- og leiðbeiningarstarfa á sviði vélhjólaaksturs.
5. Rannsókna á sviði umferðaröryggis.

Greinargerð.

Árlega verður mikið eignartjón af völdum umferðarslysa hér á landi og það tjón, sem verður á lífi manna og limum af þeirra völdum, verður að sjálfsögðu aldrei metið til fjár. Fyrir liggur að unnt er með fyrirbyggjandi aðgerðum af ýmsum toga að fækka slysum og tjóni í umferðinni, — sú hefur a. m. k. orðið raunin bæði hér á landi, t. d. á árunum 1968 og 1969 þegar breytt var yfir í hægri umferð, og erlendis, t. d. í Finnlandi en þar var gert sérstakt átak í þessum málum á áttunda áratugnum, enda fækkaði slysum þar á því tímabili einna mest meðal Evrópuþjóða. Enn fremur má benda á þær upplýsingar landlæknisembættisins að sjúklingum, sem lagðir voru inn á sjúkrahús vegna umferðarslysa, hafi fækkað um 25% árið 1983. Svo sem kunnugt er var árið 1983 norrænt umferðaröryggisár og var af því tilefni sérstök áhersla lögð á umferðaröryggismál.

Full ástæða er til að þessi málaflokkur — umferðarslysavarnir — verði kannaður sérstaklega í kjölfar hins norræna umferðaröryggisárs. Því er þessi tillaga um þriggja ára framkvæmdaáætlun á þessu sviði borin fram. Varðandi þau atriði, sem sérstaklega er getið undir töluliðum 1 til 5, mætti til dæmis taka eftirfarandi þætti til athugunar:

Töluliður 1: Efla má umferðarnefndir bæjar- og sveitarfélaga og koma þeim á fót þar sem þær eru ekki starfandi. Þess má geta að Umferðarráð hefur gefið út form að slíkum samþykktum sem einstakar nefndir geta stuðst við. Áróður, ekki síst í ríkisfjölmiðlum, er afar mikilvægur og ber að leita leiða til þess að hann verði sem markvissastur. Benda má á nauðsyn þess að gera viðurkenndan orðalista yfir hugtök og heiti sem snerta umferð og umferðaröryggismál, en þau eru nú mjög á reiki og mismunandi hugtök notuð um sömu hluti.

Töluliður 2: Á sviði bætts öryggisbúnaðar liggur nærri að nefna skyldunotkun bílbelta og hertar reglur um notkun ökuljósa og glitmerkja sem hvort tveggja þykir hafa sannað gildi sitt, t. d. á Norðurlöndum. Benda má á nauðsyn þess að tollar og álögur á öryggisbúnað, t. d. hjólbarða, endurskinsþríhyrninga, hjálma vélhjólafólks, barnabílstóla o. fl., verði sem minnst. Gefa þyrfti verkstjórum og verktökum, sem vinna að umferðarmannvirkjum, kost á námskeiðum um fyrirkomulag og meðferð lausra umferðarmerkja og annarra viðvarana vegna framkvæmda í gatnakerfinu. Þörf er á að því sé betur fylgt eftir að umferðarmannvirki séu tekin út og þau ætíð tilbúin til umferðar þegar þau eru tekin í notkun.

Huga mætti að endurskoðun á skipulagi og starfsháttum hjá lögreglunni með tilliti til aukinnar áherslu á bætta umferðarmenningu, enda verður þáttur löggæslunnar í fyrirbyggjandi starfi á þessu sviði seint ofmetinn. Á sama hátt mætti hugsanlega endurskoða starfshætti bifreiðaeftirlits ríkisins og leggja meiri áherslu á að bifreiðaeftirlitsmenn fylgist með ástandi og öryggisbúnaði bifreiða á götum úti.

Skólabíla þyrfti að merkja sérstaklega og gera þarf úttekt á umferðaraðstæðum skólabarna. Nauðsynlegt er að skólalóðir séu skipulagðar með tilliti til aðgreiningar umferðar, og einn þáttur í hönnun skóla ætti að vera teikning og skipulagning skólalóðarinnar með tilliti til umferðar gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Gott skipulag þessa á skólalóðum hefði mikið uppeldislegt gildi fyrir skólabörnin og viðhorf þeirra til reglu í umferðinni á sama hátt og skipulagsleysi hefur öndverð áhrif.

Hjólreiðar hafa færst í vöxt og er rétt að kanna hvort ekki eigi að taka upp opinbert gæðaeftirlit með reiðhjólum jafnframt því sem hjólaskoðun lögreglu og umferðarráðs verði efld. Þá má kanna hvort rétt þyki að takmarka hjólreiðar sjö og átta ára barna í umferðinni við það að þau verði í fylgd fullorðinna. Slíkt gæti stuðlað að markvissari leiðbeiningum foreldra til barna í umferðinni. Rétt væri að stefna að aukinna greiningu í umferð og gera áætlanir um lagningu göngu- og hjólreiðastíga á þéttbýlisstöðum og næst þeim. Að síðustu má varpa fram þeirri hugmynd hvort rétt sé að merkja sérstaklega bifreiðar þeirra ökumanna sem eru með bráðabirgðaökuskírteini. Slíkt tíðkast erlendis, t. d. í Bretlandi og Finnlandi, og gerir hvort tveggja að skapa visst aðhald og auka líkur á að byrjendur njóti skilnings og umburðarlyndis í umferðinni.

Töluliður 3: Oft er orðað að mismunandi sé hvern undirbúning menn hljóti fyrir ökupróf, m. a. eftir því hvort prófraunin er þreytt í dreifbýli eða þéttbýli, hvort æfingatímar séu teknir að vetri eða sumri o. s. frv. Ástæða væri til að kanna hvort ekki sé þörf frekari samræmingar ökuprófa um landið og stöðlunar þeirra. Þá má hugsa sér að komið yrði upp æfingarsvæðum fyrir ökumenn þar sem þeir gætu á einum stað kynnst sem flestum þeirra vandamála sem upp geta komið í akstri. Gera mætti kröfu til þess að þeir, sem lærðu á bíl, þyrftu að spreyta sig bæði í vetrarakstri og sumarakstri þar sem aðstæður geta verið mjög mismunandi. Mætti t. d. gera það með þeim hætti að fullnaðarökuskírteini væri því aðeins gefið út að fyrir lægi vottorð ökukennara um að nemi, sem þreytt hefði próf að sumarlagi, hefði einnig tekið einhverja tíma að vetrinum það árið sem bráðabirgðaökuskírteini gildir — og öfugt um mann sem tekið hefði próf að vetri til. Undir þessum tölulið mætti einnig taka til athugunar að könnuð væri þekking ökumanna á umferðarmerkingum og umferðarlögum þegar ökuskírteini þeirra eru endurnýjuð á 10 ára fresti.

Töluliður 4: Ýmsu er talið áfátt í kennslu- og leiðbeiningarstarfi á sviði vélhjólaaksturs. Benda má á nauðsyn þess að efla félagsstarf meðal vélhjólaeigenda, bæta tæknilega aðstöðu varðandi þjálfun og próf á vélhjól og taka þarf upp sérstaka skráningu keppnishjóla ásamt hertu eftirliti með sölu þeirra og skráningu við eigendaskipti.


Töluliður 5: Rannsóknir á sviði umferðaröryggis eru nú um margt taldar afar ófullnægjandi og ekki nóg að gert til þess að kanna raunverulegar orsakir umferðarslysa. Lögregluskýrslur eru fyrst og fremst miðaðar við störf dómara en beinast ekki að rannsókn á innri orsökum slysa. Þess má geta að samkvæmt loftferðalögum er starfandi flugslysanefnd sem skal kanna orsakir flugslysa ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin á einnig að gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Svipuð nefnd — rannsóknarnefnd sjóslysa — er starfandi samkvæmt ákvæðum í lögum um eftirlit með skipum.

Rannsóknir af þessu tagi eru liður í fyrirbyggjandi starfi og virðist ekki síður brýn þörf fyrir það í sambandi við umferðarslys. Að lokum má benda á þann möguleika að leitað verði samstarfs við Háskóla Íslands, t. d. félagsvísindadeild, um ýmiss konar rannsóknir á sviði umferðarslysavarna.

Norrænt umferðaröryggisár

UMFERÐAR RÁÐ

SLYS Á GANGANDI FÓLKI Í UMFERÐINNI Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983




Norrænt umferðaröryggisár

Fylgiskjal.

UMFERÐAR RÁÐ


LÁTNIR Í UMFERÐARSLYSUM Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



Norrænt umferðaröryggisár


UMFERÐAR RÁÐ

HEILDARFJÖLDI UMFERÐARSLYSA Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



UMFERÐAR RÁÐ

ALDURSSKIPTING SLASAÐRA Í UMFERÐINNI Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



Ed. 492. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefndir beggja deilda fjölluðu um þetta frv. sameiginlega til þess að flýta afgreiðslu málsins og voru viðstaddir nefndarmenn beggja nefnda sammála um að stuðla að því að málið fengi greiðan gang í gegnum deildir þingsins.

Frv. þetta er samið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún beiti sér fyrir úrbótum handa þeim, sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum á bótum almannatrygginga og tengist samningum þeim sem nýlega voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 22. mars 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.	Sveinn Jónsson.
Lárus Jónsson.	Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Nd. 493. Breytingartillögur [218. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Friðrik Sophussyni og Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Við 2. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar fimm menn í útvarpsréttarnefnd. Rétt til að tilnefna fulltrúa í nefndina hafa Póst- og símamálastofnunin, Samband ísl. sveitarfélaga, Ríkisútvarpið og samtök útvarpsstöðva, einn mann hver og einn til vara. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.
2. Á eftir 3. mgr. 2. gr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Á hverju ári skal einn nefndarmanna í útvarpsréttarnefnd láta af störfum og menntamálaráðherra skipa annan í hans stað eftir tilnefningu sama aðila og tilnefndi þann nefndarmann er hætti, hafi hann verið tilnefndur skv. 3. mgr. Hlutkesti skal ráða í hvaða röð skipt er um nefndarmenn í byrjun. Óheimilt er að skipa sama manninn í nefndina tvisvar í röð.
3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, áskriftargjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá annarri dagskrá útvarpsstöðvar. Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verð þeirrar þjónustu sem þær veita.
4. 3. mgr. 4. gr. falli brott.
5. 3. tl. 5. gr. falli brott.
6. Síðasti málsliður 3. mgr. 6. gr. falli brott.

7. Við 6. gr. Á eftir 3. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:
   Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira, svo sem ákveðið er skv. alþjóðasamþykktum og reglum varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.
   Útvarpsstöðvar og Póst- og símamálastofnunin skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarp og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.
8. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.—6. gr. og um innheimtu gjalds af útvarpsstöðvum, sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr., til að standa straum af kostnaði við störf útvarpsréttarnefndar.

Sþ. 494. Þingsályktunartillaga [2. mál]

um könnun á raforkuverði á Íslandi.

(Afgreidd frá Sþ. 22. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og almenns atvinnurekstrar og gera samanburð á verðmyndun á raforku hérlendis og í nálægum löndum.

Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 495. Lög [129. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 22. mars.)

Samhljóða þskj. 465 (sbr. 364).

Nd. 496. Frumvarp til laga [196. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Eftir 2. umr. í Nd. 22. mars.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:
1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum. Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við bankaráð Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er sæti eiga í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 497. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um sjóntækjafræðinga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til umfjöllunar og kynnt sér umsagnir sem borist hafa. Rætt hefur verið við Ingimar Sigurðsson deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Efri deild gerði nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru þær til bóta.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu á 3. grein sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Friðrik Sophusson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur Bjarnason.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 498. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til l. um sjóntækjafræðinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Niðurlag 3. gr. orðist svo: er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Ed. 499. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu eina á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur að heimila samninga um kaup og kjör á vinnustöðum þar sem það þykir henta.

Frumvarpið veitir starfsmannafélögum sömu réttindi til samninga og verkalýðsfélögum, þar með talinn verkfallsrétt.

Frumvarpið opnar nýja leið í samningum. Í dag eiga samningar sér stað í tveim áföngum aðallega, þ. e. heildarkjarasamningum og síðan sérkjarasamningum einstakra starfsstétta. Hagsmunir og aðstaða starfsstétta víðsvegar um landið eru mjög mismunandi og því engin sanngirni að gera starfsstéttum hærra undir höfði en hópum úr mismunandi starfsstéttum sem starfa á sama vinnustað.

Aðalatriði málsins er að ef einstaklingar eða hópar þeirra telja hagsmunum sínum betur borgið með því að semja sjálfir um sín kjör þá á löggjafinn ekki að koma í veg fyrir það, heldur er það skylda hans að sjá til þess að þessi réttur sé fyrir hendi til jafns við önnur samningsform.

Undirritaður leggur því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. mars 1984.

Stefán Benediktsson.

Sþ. 500. Fyrirspurn [263. mál]

til fjármálaráðherra um tollkrít.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvaða reglur gilda hjá fjármálaráðuneytinu um tollkrít, eða greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og söluskatti?
2. Hvaða verktakafyrirtækjum hefur verið veitt tollkrít vegna innflutnings vinnuvéla undanfarin tvö ár?
3. Með hvaða kjörum og til hve langs tíma eru slík tollkrítarlán veitt?
4. Hvernig er skuldastaða þeirra verktakafyrirtækja við ríkissjóð sem fengið hafa lán af þessu tagi undanfarin tvö ár?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 501. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún muni beita sér fyrir úrbótum handa þeim, sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum á bótum almannatrygginga og tengist samningum þeim sem nýlega voru gerðir milli A.S.Í. og V.S.Í. og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og B.S.R.B.

Heilbrigðis- og trygginganefndir beggja deilda fjölluðu um málið sameiginlega til þess að flýta afgreiðslu málsins og voru viðstaddir nefndarmenn beggja nefnda sammála um að stuðla að því að málið fengi greiða afgreiðslu í báðum deildum þingsins. Frv. var samþ. óbr. frá Ed.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 26. mars 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur Bjarnason.	Ólafur G. Einarsson.	Friðrik Sophusson.
	Jón Baldvin Hannibalsson.	

Sþ. 502. Fyrirspurn [264. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tjón af hringormi í fiski.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Er vitað hve miklu tjóni og beinum kostnaði hringormur í fiski veldur í íslenskum sjávarútvegi á ári hverju?
2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr þessum vanda?
3. Eru uppi einhver áform um frekari rannsóknir eða aðgerðir til lausnar þessu vandamáli?

Nd. 503. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Á eftir 8. gr. frv. komi ný gr. er orðist svo:

3. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur, eða þriðjungur áfallinna verðbóta næstu þrjú ár sé stofnað til skuldar vegna íbúðarkaupa, eða ⅙ áfallinna verðbóta næstu sex ár sé stofnað til skuldar vegna nýbyggingar, og gjaldfallin gengistöp á afborganir og vexti.

Nd. 504. Frumvarp til laga [265. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979 og lög nr. 44 11. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist og hljóði þannig:

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja við almennt umbótastarf í iðnaði.

2. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað „0,05%“ í 1. tl. 5. gr. komi: 0,25%.
2. Í stað orðanna „samkvæmt III. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1963“ í 1. tl. 5. gr. komi orðin: samkvæmt V. kafla laga nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og skal hækkun gjaldsins úr 0,05% í 0,25% koma til framkvæmda á árinu 1985 á gjaldstofn ársins 1984.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma 4 nýjar greinar, sem verða 7., 8., 9. og 10. gr., og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

a) (7. gr.)

Stofna skal í Iðnlánasjóði vöruþróunar- og markaðsdeild, er hafi eftirfarandi tilgang:

— að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins,
— að örva nýsköpun,
— að auka útflutning iðnaðarvara.

b) (8. gr.)

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlagi til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, skv. 4. tl. 9. gr. laga þessara.

4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði. Árleg framlög og/eða styrkir mega aldrei leiða til skerðingar á höfuðstól deildarinnar.
5. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

Lán skv. 1. tl. og 2. tl. er heimilt að hafa afborgunarlaus í allt að 3 ár, og jafnframt er heimilt að afskrifa lánin heppnist verkefnið ekki. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

c) (9. gr.)

Ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við gildistöku laga þessara.
2. 4/7 hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna.
3. Framlag ríkissjóðs, er skal að lágmarki vera jafnhátt gjaldi skv. 2. tl. þessarar greinar.
4. 2/7 hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna, og skal þeim hlut ráðstafað óskiptum til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánum vöruþróunar- og markaðsdeildar.
6. Aðrar tekjur.

d) (10. gr.)

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgðir á lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eftir nánari reglum, er stjórn sjóðsins setur. Ábyrgðir, sem kynnu að falla á Iðnlánasjóð, skulu dregnar frá ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr liður, 6. tl., er hljóði þannig: Til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum.

5. gr.

3. málsliður 12. gr. laganna breytist og hljóði þannig: Gegn ríkisábyrgð eða ábyrgð þriðja aðila, er sjóðsstjórn telur fullnægjandi.

6. gr.

Lög þessi skal fella að lögum nr. 68 frá 10. október 1967 um Iðnlánasjóð ásamt breytingum á þeim lögum, nr. 19 1968, nr. 42 1971, nr. 50 1973, nr. 68 1974, nr. 44 1977, nr. 59 1979, nr. 44 1982, og skulu lögin þannig gefin út í heild. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 54 6. júní 1980 um Iðnrekstrarsjóð.

Ákvæði 1. tl. 5. gr., 3. tl. 8. gr., 2. tl., 3. tl. og 4. tl. 9. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1984. Frá og með þeim degi yfirtekur Iðnlánasjóður allar eignir og ábyrgist allar skuldir og ábyrgðir Iðnrekstrarsjóðs, og til hans skulu renna stofnframlög ríkisins vegna Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér, að Iðnrekstrarsjóður er lagður niður, en í stað hans er stofnuð vöruþróunar- og markaðsdeild í Iðnlánasjóði, og mun hún taka við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs. Einnig eru gerðar minniháttar breytingar á þremur greinum í lögum um Iðnlánasjóð að því er varðar heimild til að veita ábyrgðir, lán til tölvukaupa og um ábyrgðir á lánum sjóðsins. Frumvarp þetta er samið í Iðnaðarráðuneytinu í samráði við fulltrúa frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Iðnaðarbanka Íslands hf.

Með breytingu þeirri, sem frumvarpið felur í sér, er stefnt að því að efla vöruþróunar- og útflutningsstarfsemi íslenzkra iðnfyrirtækja. Jafnframt er sjóðakerfi iðnaðarins einfaldað og þannig gert aðgengilegra fyrir þá, sem þangað vilja leita.

Áætlanir um fjárfestingu tengjast iðulega fyrirætlunum um nýjar framleiðsluvörur og markaðssetningu. Það er því eðlilegt, að ákvarðanir um lán og styrki til einstakra fyrirtækja vegna þessara þátta séu teknar á einum stað en dreifist ekki á fleiri aðila. Einn öflugur sjóður er auk þess hæfari til að takast á við stór og viðamikil verkefni.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að lán og styrkir til vöruþróunar og markaðsstarfsemi verði að hluta fjármagnaðir með hækkun iðnlánasjóðsgjalds úr 0,05% af aðstöðugjaldsstofni í 0,25%. Einnig er gert ráð fyrir að starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins verði að nokkru leyti fjármögnuð með þessari hækkun gjaldsins. Lög um Iðnlánasjóð eru að stofni til frá árinu 1935, en núgildandi lög eru frá árinu 1967. Síðan hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar á þeim lögum. Árið 1973 var sú breyting m. a. gerð, að iðnlánasjóðsgjald var hækkað úr 0,4% í 0,5% af aðstöðugjaldsstofni. Iðnlánasjóðsgjald var upphaflega lagt á til að efla starfsemi Iðnlánasjóðs, og var gjaldið 0,5% af aðstöðugjaldsstofni. Árið 1983 var gjaldið lækkað í 0,05% enda höfðu lán Iðnlánasjóðs þá verið að fullu verðtryggð og vextir voru ákveðnir þannig, að þeir gætu skilað hæfilegri ávöxtun eigin fjár sjóðsins. Nú ber hins vegar brýna nauðsyn til að efla þá starfsemi, er lýtur að vöruþróun og markaðsstarfsemi, bæði með því að auka tekjur sjóðsins af hinu sérstaka gjaldi og með framlagi ríkissjóðs. Hér er því lagt til að gjaldið hækki í 0,25%, sem þó er aðeins helmingur þess, sem það var fyrir 1983. Þar á móti kemur framlag úr ríkissjóði, jafnhátt þeim hluta gjaldsins (⅐ hlutum), sem verja skal til vöruþróunar og markaðsstarfsemi hjá Iðnlánasjóði. Hér er því um að ræða sameiginlegt átak iðnaðarins og hins opinbera til þess að auka verulega fjármagn til þessarar starfsemi.

Rétt þykir að hafa hækkun iðnlánasjóðsgjalds og framlag ríkissjóðs tímabundið, og er því lagt til að upphæð og skipting gjaldsins verði tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988. Fyrr er vart unnt að meta árangur af þeirri starfsemi, sem hér er fjallað um. Vöruþróun og markaðsleit skilar yfirleitt ekki árangri fyrr en að nokkrum árum liðnum og því er lagt til að þessi skipun gildi í a. m. k. 4 ár.

Iðnaðarbanki Íslands hf. mun sjá um daglegan rekstur sjóðsins eins og verið hefur, en gert er ráð fyrir að samningur þar að lútandi verði endurskoðaður.

Iðnrekstrarsjóður var stofnaður árið 1973 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 54/1980. Í upphafi styrkti sjóðurinn nær eingöngu útflutningseflandi aðgerðir. En með lagabreytingu árið 1980 var hlutverk sjóðsins aukið verulega og samhliða því var auknu fjármagni veitt til hans. Á undanförnum árum hafa styrkveitingar Iðnrekstrarsjóðs í stórum dráttum skipzt á þrjá aðalþætti, þ. e.

— útflutningsaðgerðir,
— vöruþróun og nýiðnað,
— iðngreinaverkefni og framleiðniaðgerðir.

Lagt er til að vöruþróunar- og markaðsdeild taki við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs frá 1. júlí 1984 og taki þá við eignum og skuldum sjóðsins.

Í uppgjöri fyrir Iðnrekstrarsjóð, hinn 1. janúar 1984, kemur fram, að eignir sjóðsins eru um 43 Mkr. Samþykkt óútborguð lán voru 8,4 Mkr. og samþykktir óútborgaðir styrkir voru 1,7 Mkr. Sjóðurinn hefur engin áhvílandi lán. Ekki hefur verið lagt mat á þann hluta af eignum sjóðsins, sem er útistandandi lán. Reikna má með að eitthvað af vöruþróunarlánum verði afskrifað, þannig að raunveruleg eign sé nokkru lægri en reikningar sýna. Auk þess nema ábyrgðir sjóðsins um 10,6 Mkr., en óvíst er hvort og þá hve mikið af ábyrgðum sjóðurinn þarf að leysa til sín.

Gert er ráð fyrir því, að tekjur vöruþróunar- og markaðsdeildar verði tvíþættar:

1. 1/7 hlutar af gjaldi, sem lagt verði á iðnaðinn í landinu, á sama gjaldstofn og aðstöðugjald er nú lagt á. Ef gjald þetta væri innheimt á árinu 1984 er áætlað að það gæfi sjóðnum um 23 Mkr. í tekjur.
2. Jafnhátt framlag ríkissjóðs. Ef þessi viðmiðun væri notuð fyrir árið 1984 hefði sjóðurinn átt að fá 23 Mkr. í framlag frá ríkissjóði.

Þá er lagt til, að 2/7 hlutar af því 0,25% gjaldi, sem innheimt verður af iðnaðinum, skv. 1. tl. 5. gr., renni óskiptir til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Ef þessi viðmiðun væri notuð fyrir árið 1984 yrði framlag sjóðsins 11,5 Mkr. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins árið 1984.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að 1. gr. laga um Iðnlánasjóð verði breytt í samræmi við breytt hlutverk sjóðsins. Í þessari grein kemur fram, að hlutverk sjóðsins er tvíþætt: Að veita stofnlán til fjárfestingar í vélum, tækjum og verksmiðjuhúsum eins og kveðið er á um í 10. gr. núgildandi laga, svo og styrkja almennt umbótastarf í iðnaði eins og kveðið er á um í 3. gr. b.- lið (nýrri 8. gr.) í frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að gjald skv. 1. tl. 5. gr. laganna verði hækkað úr 0,05% í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni og að 4/7 hlutar gjaldsins renni til vöruþróunar- og markaðsdeildar sjóðsins, 2/7 til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og 1/7 til almennrar lánastarfsemi sjóðsins.

Um 3. gr.

Um a) lið, ný 7. gr.

Í a) lið er lagt til að stofnuð verði í Iðnlánasjóði vöruþróunar- og markaðsdeild, er taki við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs.

Um b) lið, ný 8. gr.

Í b) lið er greint frá hlutverki vöruþróunar- og markaðsdeildar. Lagt er til, að heimilt verði að veita lán til vöruþróunar, hönnunar, nýsköpunar í iðnaði svo og til útflutnings- og markaðsverkefna.

Framlög er heimilt að veita í erlenda markaðsöflun, þróunarverkefni, sem koma að gagni fyrir heilar greinar, eða verkefni er fyrirtæki, samtök og stofnanir vinna að í sameiningu. Einnig er heimilt að veita framlög til rannsókna í iðnaði.

Þá er lagt til, að vöruþróunar- og markaðsdeild veiti árlegt framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, er jafngildi 2/7 hlutum af 0,25% gjaldi því, sem innheimt verður af iðnaðinum í landinu.

Heimild til að veita styrki er við það miðuð, að höfuðstóll deildarinnar skerðist ekki. Sýnist eðlilegra að hafa þessa viðmiðun frekar en að takmarka styrki við 1/3 af árlegu ráðstöfunarfé svo sem kveðið er á um í lögum um Iðnrekstrarsjóð. Ráðstöfunarfé getur verið mjög breytilegt frá ári til árs, og er því eðlilegra að miða við eigið fé deildarinnar í sambandi við veitingu styrkja. Að öðru jöfnu myndi eigið fé deildarinnar halda raungildi sínu, og í flestum tilvikum má búast við aukningu á eigin fé deildarinnar milli ára.

Þá er lagt til, að heimilt verði að hafa lán deildarinnar afborgunarlaus í allt að 3 ár, enda tekur oft langan tíma frá því að t. d. vöruþróunarverkefni hefst þangað til sýnt er hvaða árangri það skilar. Heimilt er að afskrifa lán heppnist ekki það verkefni, sem þau eru tengd.

Lagt er til, að sjóðnum verði heimilað að kaupa hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja þegar stjórn sjóðsins telur slíkt samræmast markmiði sjóðsins.

Stjórn Iðnlánasjóðs mun gefa út nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Um c) lið, ný 9. gr.

Í c) lið er greint frá því, hvert ráðstöfunarfé deildarinnar verður. Deildin mun taka yfir eigið fé Iðnrekstrarsjóðs eins og það verður við gildistöku þessara laga.

Gert er ráð fyrir, að 0,05% gjald á iðnaðinn, skv. 5. gr. 1. tl., verði hækkað í 0,25%.

Í núgildandi lögum Iðnlánasjóðs er innheimt 0,05% samsvarandi gjald af iðnaðinum í landinu, sem rennur til almennrar lánastarfsemi sjóðsins. Er við það miðað, að 1/7 hluti heildargjaldsins renni til almennrar starfsemi Iðnlánasjóðs, og er það um 0,36% af aðstöðugjaldsstofni, eða nokkru lægra hlutfall en nú rennur til almennrar starfsemi sjóðsins.

Við það er miðað að 0,25% gjaldið verði lagt á iðnaðinn á árinu 1985, á gjaldstofn ársins 1984. Árið 1983 nam 0,05% iðnlánasjóðsgjaldið 4,66 Mkr. Ef gert er ráð fyrir 75% meðalhækkun útgjalda hjá fyrirtækjum milli áranna 1982 og 1983 gæfi 0,25% gjald 40,25 Mkr. í tekjur fyrir Iðnlánasjóð, sem skiptist þannig:

a. 1/7 hluti eða 5,75 Mkr. til stofnlána.
b. 2/7 hlutar eða 11,5 Mkr. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
c. 4/7 hlutar eða 23,0 Mkr. til áhættulána og vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Lagt er til, að framlag ríkissjóðs til deildarinnar vegna áhættulána verði jafnhátt þeim 4/7 hlutum af gjaldinu, sem lagt er á iðnaðinn vegna áhættulána. Er sú viðmiðun höfð í huga, að framlag ríkissjóðs vegna áhættulána sé jafnhátt því, sem iðnaðurinn í landinu leggur fram til áhættulánastarfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Lagt er til, að ákvæðið um framlag ríkissjóðs taki gildi á árinu 1985, samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1985. Framlag ríkisins skal veita árlega á fjárlögum til og með árinu 1988 en verði þá endurskoðað.

Um d) lið, ný 10. gr.

Samkvæmt d) lið er lagt til, að heimilt verði að veita ábyrgðir á lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, eftir nánari reglum, er stjórn sjóðsins setur. Ábyrgðir þessar er heimilt að veita þegar fyrirtæki hefur ekki fullnægjandi veð að mati viðskiptabanka og ætlunin er að nota lánið til að koma af stað nýrri framleiðslu.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að skýrar verði kveðið á um heimild til að veita lán til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum, en í núgildandi lögum eru ekki ákvæði þess efnis. Tölvur ryðja sér nú mjög til rúms í iðnaði. Tölvurnar sjálfar eru þó ekki nema hluti af fjárfestingunni og hafa stöðugt lækkað í verði, en tölvukerfin eru hins vegar oft dýrasti hlutinn af þessum útbúnaði.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum um Iðnlánasjóð stendur í 12. gr. varðandi tryggingar: „3. tl. Gegn ríkisábyrgð.“ Hér er lagt til að aftan við þennan lið bætist: eða ábyrgð þriðja aðila er sjóðsstjórn telur fullnægjandi. Þessi þriðji aðili gæti t. d. verið tryggingafélag eða annað fyrirtæki en það, sem sækir um lánið.

Um 6. gr.

Hin síðari ár hafa nokkrar breytingar verið gerðar á lögum um Iðnlánasjóð. Í þessari grein er kveðið á um að fella skuli allar breytingar að lögunum og gefa lögin út í heild. Þá er ákvæði um, að fyrir árslok 1988 skuli taka til endurskoðunar ákvæði laganna, er lúta að gjaldtöku af iðnaðinum til Iðnlánasjóðs og skiptingu þess gjalds.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1984 og frá þeim tíma falli lög um Iðnrekstrarsjóð úr gildi. Iðnlánasjóður mun frá þeim tíma yfirtaka eignir Iðnrekstrarsjóðs og ábyrgjast allar skuldbindingar hans.

Nd. 505. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febr. 1945.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. mars 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Guðmundur Einarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 506. Frumvarp til laga [266. mál]

um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Suðureyrarhreppi ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda Selárdals, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jörðina eða hluta hennar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk hreppsnefndar Suðureyrarhrepps.

Jörðin Selárdalur hefur verið í eigu Jarðasjóðs ríkisins frá árnu 1937, en jörðin fór í eyði árið 1945. Suðureyrarhreppur hefur haft Selárdal á leigu frá fardögum 1977 og hafa íbúar

hreppsins notað jörðina til útivistar. Hefur hreppsnefndin hug á að bæta og auka möguleika hreppsbúa til að nýta jörðina til útivistar og leitar því eftir kaupum á jörðinni.

Í frv. er fylgt þeirri stefnu, sem lengi hefur verið fylgt við sölu ríkisjarða, jafnt til einstaklinga og sveitarfélaga, að halda eftir náma- og vatnsréttindum umfram heimilisþarfir. Slíkar heimilisþarfir eru þó bundnar við hugsanlegan ábúanda í samræmi við 15. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Þá er hér fylgt fordæmi fyrri lagasetninga um sölu ríkisjarða til sveitarfélaga, að banna endursölu jarðarinnar nema til ríkisins. Er þessi regla sett með tilliti til sérstöðu þessara jarða vegna nálægðar við þéttbýli.

Ed. 507. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. mars 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Tómas Árnason.
Skúli Alexandersson.	Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Nd. 508. Frumvarp til laga [160. mál]

um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. mars.)

Samhljóða þskj. 231 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Frádráttur samkvæmt 10. gr. er bundinn því skilyrði að um sé að ræða hlutafélög með hlutafé a. m. k. að fjárhæð 5 000 000 kr., fjöldi hluthafa sé a. m. k. 50, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir.

Hlutafélag, sem fullnægja vill skilyrðum þessa kafla, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau hlutafélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

Nd. 509. Lög [255. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 28. mars.)

Samhljóða þskj. 472.

Nd. 510. Lög [180. mál]

um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945.

(Afgreidd frá Nd. 28. mars.)

Samhljóða þskj. 324.

Nd. 511. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Guðmundur Einarsson.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 512. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um afnám tekjuskatts af launatekjum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um afnám tekjuskatts af launatekjum ásamt greinargerð og leggja það fyrir næsta löggjafarþing.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er er tekjuskattur einstaklinga fyrst og fremst skattur á launafólk. Hvarvetna í þjóðfélaginu blasir það við að aðrir hópar, sem með einum eða öðrum hætti, löglegum eða ólöglegum hafa tækifæri til að ráða því sjálfir hversu miklar tekjur þeir telja

fram til skatts, greiða lágan eða jafnvel engan tekjuskatt þótt þeir hafi greinilega yfir verulegum fjármunum að ráða eins og sést af lífsstíl þeirra.

Í leit að réttlæti hafa framtalsreglur og skattalög sífellt orðið flóknari. Opnast þá gjarnan nýjar smugur í leiðinni sem einungis hinir slyngu kunna að notfæra sér. Það réttlæti, sem þannig var að stefnt, snýst því upp í argasta óréttlæti. Hið sama má segja um tekjuskattinn sjálfan. Honum var ætlað að jafna kjör en reynslan sýnir að nú orðið felst ekkert síður í honum hið mesta óréttlæti þar sem launafólk ber þungar byrðar fyrir aðra sem sleppa.

Nú er reyndar svo komið að almennt er viðurkennt að varasamt sé að leggja framtöl til grundvallar þegar meta eigi afkomu fólks í þjóðfélaginu. Má það vera til vitnis um hversu litla trú menn hafa á tekjuskattsstofninum og framtöldum tekjum. Í þessum viðhorfum felst þannig dómur yfir tekjuskattinum sjálfum.

Alþýðuflokkurinn hefur margoft á undanförnum árum flutt tillögur og frumvörp um afnám tekjuskattsins af almennum launatekjum en þau mál hafa ekki náð fram að ganga. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað nýs forms í þessum efnum í þeirri von að um tillöguna geti náðst víðtæk samstaða.

Í tillögunni felst að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa málið með samningu lagafrumvarps og greinargerðar sem síðan yrði lögð fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi. Í greinargerðinni kæmi þá fram hverjar kerfisbreytingar aðrar í tekjuöflun ríkisstjórnin vildi benda á til þess að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður yrði fyrir. Á sama hátt gæti ríkisstjórnin gert tillögur um áfangaskiptingu ef henni þætti það henta. Síðast en ekki síst gætu í greinargerðinni komið fram tillögur um sparnað eða niðurfellingu útgjaldaliða í ríkisrekstrinum.

Með þessu móti ætti ítarleg umfjöllun að geta farið fram um málið á Alþingi á grundvelli þeirrar faglegu vinnu sem ríkisstjórnin léti vinna samkvæmt þessari þingsályktun.

Tæpast þarf að minna á í þessu sambandi hversu lítill hluti ríkistekna er af tekjuskatti einstaklinga, en það gerir málið vitanlega mun auðveldara viðfangs.

Að lokum skal það aðeins áréttað að með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vilja þingmenn Alþýðuflokksins enn freista þess að náð verði samstöðu um það stefnumið Alþýðuflokksins að afnema tekjuskatt af launatekjum þar eð tekjuskatturinn í núverandi formi feli í sér óviðunandi óréttlæti en kjarajöfnuði eigi að ná eftir öðrum leiðum og þá fyrst og fremst í gegnum tryggingarkerfið.

Nd. 513. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjármálaráðherra.

Á eftir 16. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985, vegna tekna áranna 1983 og 1984, skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tl. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.-10. tl. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

Sþ. 514. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um framburðarkennslu í íslenzku og málvöndun.

Flm.: Árni Johnsen, Halldór Blöndal, Ólafur Þ. Þórðarson,
Kolbrún Jónsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Geir Gunnarsson, Þorsteinn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í ríkisfjölmiðlum og í grunnskólanámi verði stóraukin rækt lögð við kennslu í framburði íslenzkrar tungu og málvöndun svo að grundvöllur tungunnar raskist ekki, en hann varðar meginþátt íslenzkrar menningar eins og varðveizla tungunnar að öðru leyti.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin átti snemma því láni að fagna að fóstra afburða sagnaritara og mikil skáld. Eddur og ættarsögur urðu arfur hinna óbornu, Mímisbrunnur kynslóðanna. Þegar erlend tungumál hafa herjað á þjóðina hafa Íslendingar snúizt til varnar máli og menningu. Á 400 ára afmæli Guðbrandsbiblíu er ekki úr vegi að minnast þess hve prentun Biblíunnar og boðun kristinnar trúar á íslenzku stuðlaði að varðveizlu tungunnar. Hún á nú undir högg að sækja og að henni er vegið úr ýmsum áttum. Þar eigum við sjálfir ekki sízt hlut að máli. Mikil ástæða er til að vera vel á verði á tækniöld, þegar erlend áhrif flæða út og suður um allar jarðir, ef við ætlum ekki að vera eins og rótlaust þang í hafsjó þjóðanna.

Í viðtölum við fjölmarga íslenzkufræðinga á síðustu vikum um framburð íslenzkrar tungu og málvöndun almennt lögðu þeir allir ríka áherzlu á hvílíkt stórmál það væri, í orðsins fyllstu merkingu, að stinga við fæti, snúa vörn í sókn. Nokkrir sérfræðingar töldu að íslenzk tunga væri orðin svo brengluð, bæði í rit- og talmáli, að varla yrði unnt að hreinsa hana nema með samstilltu átaki og markvissu. Þá væri mögulegt að snúa við blaðinu, og mætti ekki undan dragast.

Íslenzk tunga er dýrmætasti fjársjóður okkar og greinir okkur frá öllum öðrum þjóðum. Hún er nátengd sjálfstæðisbaráttu okkar og því er varðveizla hennar eitt mikilvægasta þjóðræknismál okkar. Hún er undirstaða samhengis íslenzkrar menningar og veitir okkur ómetanlega hlutdeild í fornum arfi, enda getur sérhver Íslendingur lesið fornan texta án erfiðleika. Ísland byggðist vegna þess að hluti Norðmanna vildi ekki lúta ofbeldi. Þeir tóku með sér út hingað dýrmæta tungu sína, efldu hana og ræktuðu, meðan hún dó austan hafs. Nú er hún kjölfestan í menningu okkar og bókmenntirnar sá þáttur hennar sem hæst hefur borið. Án þessara megineinkenna íslenzks þjóðernis er vafamál hvort á okkur hefði verið hlustað, til að mynda í landhelgisdeilum.

Við höfum tapað áttum í lestri og framburði, áherzlur eru að brenglast. Sem dæmi um breytingar í þungaáherzlum má nefna eftirfarandi orð: ráð**herra**, ríkis**útvarpið**, sam**eining**, stjórnmála**flokkar** og þing**full**trúar. Enn má nefna óeðlilegan sönglanda í lestri margra á opinberum vettvangi. Talað er hratt, óskýrt og með orðalagi og orðaforða sem nær engri átt.

Það er sorgleg og stórhættuleg staðreynd að íslenzkan er nú æ meir töluð með erlendum framburði og framburðaráherzlum svo að úr verður algert hrognamál. Mest er þetta áberandi hjá ungu fólki og stundum er ekki hægt að skilja fyrr en í þriðju eða fjórðu lotu hvað verið er að segja. En þetta er þó einnig ótrúlega algengt hjá fólki á ýmsum aldri. Þá

hefur stóraukizt notkun erlendra orða í málinu, mest enskra, og á það bæði við um daglegt mál, sem þar af leiðandi er erfitt að kalla mælt mál, og einnig í sambandi við nöfn á fyrirtækjum. Mál er að linni.

„Við þurfum að leggja mun meiri áherzlu á mælt mál og það má alveg eins kenna málfræði í mæltu máli," sagði Helgi Hálfdanarson rithöfundur í samtali við 1. flm. um þessi mál. Og hann hélt áfram: „Tungan og æskan eru okkar dýrmætasti efniviður, en það er aðeins einn og einn kennari sem gerir sér far um að bæta málfar nemenda sinna. Í heild er þetta skipulagslaust. Það er sífellt lagt meira og meira upp úr hraðlestri í skólum, en þarna verða að koma til þáttaskil. Eftir þriggja ára nám barna þarf að leggja meiri áherzlu á betri framburð, bæði í tali og upp úr bók, ekki skyldubundinn framburð í öllum atriðum, heldur þannig að hver mállýzka sé töluð eins vel og unnt er með einkennum sínum. Skólinn er of hlaðinn of mörgum námsgreinum og þá er spurningin hvað er mikilvægast fyrir þroska mannsins? Menningarlegt málfar er höfuðatriði."

Í mjög athyglisverðri grein í Morgunblaðinu 14. jan. s. l., „Viltu vera mem?" eftir Matthías Johannessen skáld og ritstjóra er fjallað um stöðu og stefnu íslenzkrar tungu og borin m. a. saman þróun íslenzku og norsku, en tilefni greinar Matthíasar er heimsókn hans til Noregs og hvernig Íslendingur er þar sífellt minntur á uppruna sinn.

Matthías Johannessen segir:

„En það sem Íslendingi verður þó helzt til umhugsunar á ferð um Noreg er tungan, þessi framlenging tilfinninga og hugsana forfeðra okkar; þessi farvegur sameiginlegra erfða og uppruna.

Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að ferðast um söguríkar byggðir Skandinavíu og gera sér grein fyrir forsendum tilveru sinnar og þeim arfi sem ein kynslóð hefur tekið við af annarri. Það hefur eik, er af annarri skefur, segir í Eddukvæðunum. Þannig getum við einnig rifjað upp sögu Ólafs Tryggvasonar sem stofnaði Þrándheim þegar við stöndum við bryggjuhúsin við Nið og hugsum til þeirra kirkjuhöfðingja sem hingað sóttu púðrið í andleg skothylki sín. Í Björgvin getum við barið Hákonarhöllina augum og minnzt þess konungs sem reisti hana og stjórnaði Íslandi eftir 1262. Og svo getum við skroppið til Lundar, Brima og Kaupinhafnar og höfum þá komið til fimm höfuðborga Íslands á einu bretti. Í Lundi stóð Jón Ögmundarson undir grásvartri hvelfingu dómkirkjunnar og söng svo fagurlega að erkibiskup leit aftur ásamt kórbræðrum til að sjá hvaða söngfugl var kominn í þennan griðastað katólskrar menningar og hafði erkibiskup þó forboðið bræðrum sínum að líta um öxl undir aftansöng á hverju sem gengi.

En mikilvægast er þó að sjá svart á hvítu hvernig norrænt mál hefur flosnað upp í þessum löndum og breytzt á löngum tíma í skrýtnar mállýzkur. Þó eimir eftir af íslenzku sums staðar í Noregi, sauirnir mínir, sagði norskur bóndi við mig í Sogni. Tað veit ég ekkji, sagði ung stúlka, þegar ég spurði hvenær næsta ferja færi. En kynni af málþróuninni á Norðurlöndum brýna og vekja okkur til meðvitundar um þá skyldu að standa vörð um tunguna því að án hennar yrðum við Íslendingar ekki annað en rótlaus flökkuþjóð án einkenna, forsendulaus í upplausn og rótleysi samtímans.

Það sem áður hét Bergheimum í Noregi er nú kallað Bærum. Og það sem hét Sæmheimr á fornri norskri tungu er nú kallað Sem. Rjúkandi er orðið að Rjúkan, segir Þórhallur Vilmundarson í Grímni. Sæheimsvatn er nú Semsvatn. Ég hélt í fyrstu að þetta væri úr syndaflóðssögu Nóa: Se, Kam og Jafet! Slíkt afhroð hefur tunga feðra okkar goldið í aldanna rás austur þar, að því er málfróðir menn sögðu mér. Haraldur krónprins býr á setri sínu við Asker og heitir nú Skaugum. Það er komið úr þágufallsmyndinni Skógheimum og hefur þannig eins og margt annað í norskri tungu farið veg allrar veraldar, og engu líkara en frændur okkar í Skandinavíu hafi glatað þessu megineinkenni sínu, tungunni, vegna þess að þeir nenntu ekki að bera hana fram; eða hirtu ekki um það. Og nú er svo komið að enginn

veit, hvað Bærum eða Sem eða Skaugum merkir, eða þau óteljandi orð önnur sem afbakazt hafa með sama hætti. Vesalings heiðlóan á Dofra er orðin að skrípamyndinni: heiló. Ekki hefði höfundur Konungs skuggsjár, norskur maður á 13. öld, sætt sig við svo lausbeislaða þróun tungu sinnar og hefur hann þó áreiðanlega verið nákunnugur ýmsum mállýzkum í Noregi um sína daga.

Það er svo sannarlega ástæða til að draga alvarlegar ályktanir af málþróuninni í Noregi og kenna unglingum að tala íslenzku í skólum og gera kröfur til þess að þeir tali einnig íslenzku sem á annað borð þykjast fjölmiðlafærir. Það er ekki einasta að menn séu farnir að „myndsegulbandvæða" íslenzka tungu, heldur heyrist nú æ oftar a fyrir æ, u fyrir au og u fyrir ö svo að dæmi séu tekin. Einhver talaði nýlega um hustbrim, hufuð og hufunda, annar um fut, narbuxur og djúpa lagð við Granland, enn annar um suluvöru og miviggudag. Innan skamms verður íslenzk tunga horfin og Skaugum, Bærum og Sem tekið við ef ekki verður aðhafzt. Í bezta falli að barnamál verði alls ráðandi íslenzka. Krakkarnir segja hver við annan: Viltu vera mem?, sem merkir: Viltu vera með mér? Barnamál, það er sök sér. En vonandi verður barnamál ekki sú eina íslenzka sem töluð er, þegar fram líða stundir. Það verður ekki undir neinum öðrum komið en okkur sjálfum. Við skulum láta okkur nægja Sálminn um blómið og þá upphöfnu ritsnilld, sem þar hefur vaxið úr ómótaðri veröld barnsins. Lassfossar, Gard-Loftur, reröu og rykkrussa eru spaugileg og vandmeðfarin blæbrigði úr þessari ævintýraveröld.

Miklar umræður hafa sem betur fer farið fram bæði í Lesbók og Morgunblaðinu um íslenzka tungu. Ungur íslenzkukennari, Sverrir Páll Erlendsson, skrifaði t. a. m. stórathyglisverða grein, Mál er að mæla . . . , í Mbl. 13. des. 1983. Hún er alvarleg varnaðarorð um þá hættu, sem tungu okkar stafar af þeirri flatlendisþróun, sem nú á sér stað, ekki sízt í sambandi við áherzlur og framburð. Ef við stingum ekki við fæti, gerum harðar kröfur til alþingismanna, fjölmiðla, kennara og sjálfra okkar (heimila, barna og unglinga), dagar íslenzka tungu uppi eins og austanhafs, þar sem hún varð að steini eins og fyrrnefnd dæmi sýna. Sverrir Páll bendir á mjög óhugnanleg hættumerki, raunar svo hroðaleg að við verðum að fara að kenna framburð í útvarpi, sjónvarpi og skólum, ef við ætlum ekki að verða viðskila við arf okkar og menningu. Og hvað eigum við þá eftir? Þorsklaust haf og verðlitla orku, eins og nú blasir við. Dæmi um hættumerki: lög unga **fólsins.** Frandi minn sem er laknir hann á jappa sem er graddn. Kvattlara geráttir? **dassgrá** útvarps, Þissgaland, kjarrlekur, flittaðér, leiktu **vimmig.** Svo að ekki sé nú talað um það, hvernig farið er að flytja aðaláherzlu orða, eitt helzta einkenni íslenzkrar tungu, af fyrsta atkvæði á annað, þriðja eða jafnvel fjórða atkvæði: verð**bólgu**áhrif, suð**vest**an, verðbólg**an**, verðbólguáhrif**in** o. s. frv. Ég lýk svo þessum þætti hugleiðinga eftir Noregsför með samtali, sem Sverrir Páll Erlendsson fullyrðir, að sé nútímaíslenzka:

Hæ.
Hæ.
Hvaseiru?
Gottbra.
Kvattlara faráttir?
Kvasseiru?
Kva attlara fará ettir?
Kvarta seia mar?
Kva attlaru a fara, seiég.
Ég skiligi hvaðúrt a reina seia.
Djösis ass nertu. Ertigi meiru?
Láttigi sona. Reindu bara tala harra. Ég heirigi almila íðér.
Ég gedigi tala harra. Herðannas. Attlariggjað koma uppidir mokkur?

Ég veidigi. Já vísta fara til lakknirs.
Akkuru? Er eikk vaðér?
Érme verkí maganum.
Íllt íonum?
Obb oss la.
Ve sen. Á éa koma meðér?
Nei, é reddus alveg. Ég bara kemstigi uppidir mukkur meðan ér hjáðussum lakknir.
Gedurigi komiðá bará ettir?
Jú, ábiggilega.
Ókei. Vertu ðáigi leingi.
Neinei.
Altilæ, séðigðá.
Ókei, bæðá.
Blesar.

Helgi Hálfdanarson segir í niðurlagi greinar sinnar um málrækt (Mbl. 3. jan. '84), að þau tvö boðorð sem þar skipti mestu máli séu: íhaldssemi og gífurleg íhaldssemi. Hann hefur oft verið útvörður, þegar íslenzk tunga hefur þurft á að halda. Ég læt mig að vísu litlu skipta, hvort við sunnlendingar segjum taga og láda, en norðlendingar taka og láta. Slíkt eru engin óeðlileg blæbrigði á tungu sem er að þróast á vörum lifandi fólks, auk þess sem sunnlendingar geta vart lært harðhljóðin, svo að rétt sé, frekar en norðlendingar hv-hljóðið. Sunnlendingur næði ekki réttri röddun í orðum eins og stúlka og mjólk, auk þess sem slíkur framburður yrði tilgerðin einber. Slíkt getur engum sköpum skipt, a. m. k. ekki ef við þekkjum okkar vitjunartíma og komum með kennslu og ákveðni í veg fyrir að láda verði la og taga ta eins og í frændþjóðamállýzkum okkar og Helgi bendir á. En slík þróun væri að vísu í ætt við efni þessarar ferðagreinar frá Noregi. En ráðumst fyrst að helztu hættunum eins og flámælinu á sínum tíma. Blæbrigðin eru skemmtileg tilbreyting, ef þau eru innan hóflegra marka.

Mállýzkutilbrigðin í Noregi eru einu eftirlegukindur fornrar norrænnar tungu, sem gaman er að, þótt við Íslendingar kunnum ekki alltaf að meta þær vegna návistar við dönsku og systur hennar, ríkismálið (sem hafa einnig verið farvegur mikilla bókmennta — en það er annað mál). En mundi okkur ekki vera hollast að líta í eigin barm? „Milli *mín* og *þín* eru þúsund ár," sagði gamall alþýðumaður við mig fyrir þrjátíu árum. „Ég er samtímamaður Egils Skallagrímssonar." Ég skildi ekki þá til hlítar, við hvað hann átti. Nú skil ég það betur. Tungutak hans var gullaldarmál — án þess hann vissi það sjálfur. Það væri óskemmtilegt, ef snara þyrfti Snorra, Eddu eða Laxness á það hrognamál, sem hér að framan er vitnað í og tekið úr grein Sverris Páls Erlendssonar. Öll berum við ábyrgð á þessari aðför að tungunni. Boðorðin tvö um íhaldssemi og gífurlega íhaldssemi eiga rétt á sér, a. m. k. í augum þess sem hefur fengið sína „lexíu" á lærdómsríkri ferð um Noreg."

Nú er það ekki nýtt að varað sé við þeirri þróun að íslenzk tunga sé að afbakast og víst verður hún að hafa ákveðinn sveigjanleika eins og allt sem lifir og er breytingum undirorpið. En á sama ári og við minnumst 40 ára afmælis íslenzka lýðveldisins og fjögur hundruð ára afmælis Guðbrandsbiblíu er ljóst að svo hratt hefur sigið á ógæfuhliðina í framburði og málfari okkar að snarlega verður að grípa til ráðstafana ef við ætlum að halda tungunni og viljum að niðjar okkar geti áfram lesið fornar bókmenntir og nýjar.

Athyglisverðar eru hugmyndir sem fram komu í greininni „Mælt mál og málvöndun" eftir prófessor Matthías Jónasson í Morgunblaðinu 10. febrúar s. l., og eru þær skynsamlegar til úrbóta í þessum efnum og koma heim og saman við skoðanir íslenzkra fræðimanna sem rætt hefur verið við um mál þessi.

Í umræddri grein prófessors Matthíasar segir:

„Í ritgerð minni, Móðurmálsnám (Tímarit MM 1951, 3. h.) leiddi ég rök að því, að hinn hljómandi þáttur tungunnar, mælt mál, væri hróplega vanræktur, svo að „réttur hreimur og eðlilegur málblær“ yrði að þoka í skólum vegna ofurkapps eftir lestrarhraða. Þar segir m. a.:

„Rétt ritað mál, lesið á réttan hátt, hljómar sem mælt mál. Hér sannast enn á ný að sú rót, sem allar greinar málsins vaxa af, er tungan, hið hljómandi mál. Málið er hið sama, rétt lesið af bók og mælt af munni fram. Þannig numin lýkur tungan upp fyrir börnum og unglingum dýrasta andlegum auði þjóðarinnar, bókmenntunum.“ (242). Og síðar:

„Þannig er vanræksla í kennslu hins mælta máls að drepa alla lifandi orðsnilld. Því að mælskan hvílir á tungu manns, ekki á pennanum. Hún krefst annarrar tækni en ritlistin . . .“

Enn segir:

„Hér þarf að stinga við fótum. Hér er þörf afturhvarfs. Íslenskukennarar verða að snúa sér að þeim mikilvægari verkefnum, sem bíða þeirra. Stafsetningaræfingar og skrifleg fullgreining ná aldrei tilgangi sínum, meðan hljómfegurð, myndauðgi og skýrleiki mælts máls týnast og gleymast í skugga þeirra. Ef við viljum innræta æskunni málvöndun, bæði að hljómi, orðavali og byggingu, þá verðum við öllu framar að kenna henni að tala málið skýrt og hreint, opna eyru hennar fyrir hljómi og gerð hins mælta máls, kenna henni að þekkja og virða lögmál málfræðinnar í hinum síhvika straumi þess. Hver unglingur, sem lýkur námi, á að kunna að orða hugsun sína viðstöðulaust, tala með eðlilegum hraða svo hreint mál og fagurt sem hann gæti ritað best, tala með eðlilegum áherslum og hreinum raddblæ.“ (245).“

Þá segir próf. Matthías:

„Hugmynd mín er sú að stóraukin rækt verði lögð við kennslu og þjálfun í mæltu máli, allt frá þriðja eða fjórða ári grunnskóla. Hún á að tengjast lestri, en takmarkast þó engan veginn við hann, enda fer meginhluti skólakennslu fram á mæltu íslensku máli. Eftir þrjú skólaár er allur þorri barna orðinn sæmilega læs. Þá ætti að hefjast nýr þjálfunaráfangi í áheyrilegum lestri og framsögn og standa til loka grunnskólans. Vissulega þarf að kenna skýran og hljóðréttan framburð allt frá upphafi skólagöngunnar og veitir hljóðaðferðin við lestur góð tök á því. Samt þurfa börn að hafa náð nokkurri lestrarleikni áður en þeim er ætlandi að losa sig frá bókinni að því marki, að lestur þeirra nálgist hreim hins mælta máls.

Rangt væri að gera sér tálvonir um skjót umskipti, en með raunsæjum undirbúningi mætti þó ná verulegum árangri. En hvað er raunsær undirbúningur? Hér er ekki rúm til að skýrgreina það, en þó vil ég nefna tvö atriði. Kennarar eru yfirleitt vel talandi, samt þyrfti að halda með þeim sérstök þjálfunarnámskeið. Í öðru lagi þyrfti að fella út úr námsskrá þýðingarminna efni til að rýma til fyrir aukinni móðurmálskennslu. Það væri blindni að taka upp nýjar námskröfur, að þeim óbreyttum, sem nú gilda.“

Í lok ræðu Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi um Hismið og kjarnann, sem hann flutti í Egilsstaðaskógi sumarið 1958, segir m. a.:

„Á morgun hefst nýr vinnudagur. Að því skal stefnt, að hagsæld komi í stað dýrtíðar, samhugur í stað sundrungar, tómstundir í stað lamandi strits, tónlist í stað dægurlaga, stjórn í stað ofstjórnar, andi í stað efnishyggju. Þá mun íslenzkur ættstofn vaxa og þjóðlíf blómgast, unz hver einasti maður lifir samkvæmt þeim lögmálum, sem veita honum mesta fullkomnun.

Til þess reis Ísland úr sæ að veita börnum sínum hlutdeild í því, sem mest er og dýrmætast. Þess vegna mun það um komandi aldir verða þjóðinni hjartfólgin móðir og fósturjörð.“

Til þess að orð okkar ástsæla þjóðskálds standist tímans tönn ber okkur að tryggja íslenzkt mál í sessi, vernda það gegn mengun, skola hismið frá kjarnanum. Það á að vera okkur leikur einn, ef við er brugðizt.

Davíð frá Fagraskógi segir frá kveðjustund sr. Matthíasar Jochumssonar og Stephans G. Stephanssonar í grein um kynni sín af sr. Matthíasi:

„Þótt þessi tvö höfuðskáld hefðu bæði hlotið hinn innra eld í ríkulegum mæli, var útlit þeirra og framkoma næsta ólík, ekki síður en ljóð þeirra. Matthías var feitlaginn, þreklegur

og höfðinglegur útlits. Stephan grannur og þreytulegur. Matthías síkvikur og sítalandi. Stephan hæglátur og fámáll. Og nú sátu þeir hvor í sínu horni dagstofunnar á Sigurhæðum og horfðust í augu — í síðasta sinn. Yfir Stephani hvíldi hljóðlát kyrrð, alvöruþungi. Matthías var orðhreifur og gamansamur. Ég fann, að þessar tvær gömlu hetjur undu vel samvistum. Enda þótt ljóð þeirra væru ólík að formi og ytra búnaði, áttu þeir sviplíkar hugsjónir, drauma um heill og framtíð þeirra, sem jörðina byggja. Þó að ljóð Stephans væru veðurbitin, en ljóð Matthíasar geislum mögnuð, höfðu bæði skáldin náð þeirri snilld, sem því aðeins næst, að mikill andi og heitt hjarta leggi saman alla krafta sína.

Það leyndi sér ekki, að þeim var þungt um andardráttinn. Samtalið var stutt og fábreytt, engin andagift, enginn eldur — aðeins hversdagsleg orð.

Loks reis Stephan úr sæti — Matthías líka. Nokkur andartök stóðu þeir andspænis hvor öðrum, hljóðir, orðlausir. Geti andlegar verur úr öðrum heimi nálgazt jörðina, þá er ég sannfærður um, að á þessari stund var stofa Matthíasar full af ósýnilegum, hvítum sálum. Og þarna stóðu þeir, tveir höfðingjar andans, sinn úr hvorri heimsálfu, en þó synir sömu þjóðar, báðir rammíslenzkir. Báðir höfðu þeir unnið stórvirki, báðir hlotið ást og lotningu Íslendinga. Hér átti íslenzk skáldlist, íslenzk hámenning aldarinnar, sína beztu fulltrúa, og guð má vita, hvenær tveir slíkir menn heilsast og kveðjast aftur. Á þessari stund var að gerast mikill atburður, einn hinna merkari í sameiginlegri sögu Íslendinga heima og erlendis.

Loks rétti Stephan G. fram æðabera, skjálfandi höndina. En þá breiddi Matthías út faðminn, vafði Stephan örmum og — kyssti hann. Matthías grét. Stephan grét ekki. Það var eins og andlit Stephans væri höggvið úr bergi, hrufótt stirðnað, aðeins augun ljómuðu — og sá ljómi var ósvikinn. En það vissi ég þá og seinna, að skilnaðurinn var honum mun þyngri og sárari en séra Matthíasi. Það var eins og Stephan G. hefði kvatt allt Ísland og alla íslenzku þjóðina hérna megin hafsins í síðasta sinn, með þessum eina kossi. Úr þessu var hann á heimleið — vestur.

Íslendingar ættu aldrei að gleyma þessum skáldakossi. Þeir mega muna hann sem tákn skyldleikans, tákn hins íslenzka anda, sem tengja skal alla Íslendinga, hvar sem þeir búa á hnettinum."

En grundvallartáknið er tungan sem skáldin notuðu hvort í sinni heimsálfu og varð að stórveldi í verkum þeirra.

Þegar íslenzk tunga er orðin bögglauppboð í töluðu og rituðu máli í útvarpi, sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, skulum við rísa upp til varnar. Við þurfum að útrýma margs konar skekkjum og slappleika á hinu víða sviði framburðar og málvöndunar. Hér má nefna til að mynda furðulega þróun nafna íslenzkra fyrirtækja. Sé ekið annars vegar um Reykjavíkurveg við Hafnarfjörð og hins vegar um Laugaveg í Reykjavík blasa eftirfarandi nöfn við: Libra, Shell, Bombey, Amor, Bimm Bamm, Parma, Prisma, Gaflinn, Winnys, Higas, Domus, Goldie, Magnor Kristall, Cresco, Top Class, Figaro, Pom Dápi, Marella, Baby Björn, Carters, Faco, Quadro, 012 benetton, Blondie, Habitat, Costa Boda, Bristol og Biering, svo ekki sé nú talað um allar videóleigurnar.

Að mörgu er að hyggja. En með samstilltu átaki heimila, kennara, fjölmiðlafólks og hins opinbera ætti okkur að auðnast að fá börn og ungmenni til að beita tungutaki landshluta síns eins skýrt og áheyrilega og hæfileikar hvers og eins leyfa, og rækta þannig framburð og málvöndun.

Það eru sköp ef faðir deyr á undan syni, en ósköp ef sonur deyr á undan föður. Svo nákvæm er íslenzk tunga. Þannig eru það sköp ef tungan heldur réttum hljómi, en ósköp ef hún breytist í hrognamál. Það skiptir ekki máli hvort við segjum að Eyjafjörður sé stórkostlega fagur, eða: „Djöfull eru þetta frambærileg fjöll," eins og Helgi Sæmundsson orðaði það við mig fyrir norðan nýlega. En það hefði skipt sköpum ef hann hefði sagt: Djölletta framifjöl!

Nd. 515. Frumvarp til laga [269. mál]

um erfðafjárskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Af öllum fjárverðmætum og fjármunaréttindum, er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans, skal greiða skatt til erfðafjársjóðs eftir lögum þessum, enda fari búskiptin fram hér á landi, þó með þeim undantekningum, er lög þessi greina.

Af fasteignum hér á landi, sem tilheyra dánarbúum, sem skipt er erlendis, skal einnig greiða skatt eftir lögum þessum, enda sé ekki innheimtur af viðkomandi fasteign hliðstæður skattur í því ríki, þar sem búskiptin fara fram.

Á sama hátt skal greiða skatt eftir lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirfram greiddum arfi og gjöfum, þar sem gefandi hefur áskilið sér not eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma, sem ekki er á enda við fráfall hans.

2. gr.

Eftirtalin hugtök eru í lögum þessum notuð sem hér segir:

A. Sambýlismaður: Sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá, þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans er ótvírætt getið.

B. Stjúpbarn: Barn maka, enda hafi það alist upp á heimili arfleiðanda.

C. Fósturbarn: [1]) Barn annars manns, er alist hefur upp á heimili arfleiðanda frá barnæsku til sjálfræðisaldurs, [2]) barn sambýlismanns arfleiðanda, [3]) barn maka arfleiðanda, ef það telst ekki stjúpbarn arfleiðanda.

3. gr.

Fjárhæð erfðafjárskatts ræðst af sifjatengslum erfingja við arfleiðanda, hvort heldur sem arfur fellur til erfingja samkvæmt beinum lagaákvæðum, erfðaskrá eða dánargjafargerningi.

Nú afsalar maður sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalið fær stærri arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða af hinum aukna arfi sama erfðafjárskatt og hinum hefði borið að greiða, er afsalaði sér arfi. Sé sá undanþeginn erfðafjárskatti, sem afsalar sér arfi, skal sá er þann arf hlýtur greiða af honum sama erfðafjárskatt og honum hefði borið að greiða, ef hann hefði tekið þann arf beint.

4. gr.

Af arfi, sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlismanns, sbr. 2. gr., skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr.

Af arfi, sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og/eða menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um

handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi, sé hlutum þessum ánafnað eða þeir gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Fjárhæð erfðafjárskatts af arfi annarra erfingja en að framan greinir ákveðst þannig, sbr. þó 5. gr.:

A. Af arfi sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra, svo og af arfshluta, sem ráðstafað hefur verið með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum 35. gr. erfðalaga nr. 8, 1962, skal greiða af arfi hvers erfingja um sig: Af fyrstu 140 000,00 krónum 5 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 6 af hundraði, og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um einn af hundraði af hverjum 140 000,00 krónum, er arfur hækkar um, allt til þess að skatturinn nær því að verða 10 af hundraði.

B. Af arfi sem fellur til foreldra hins látna eða niðja þeirra er ekki falla undir A-lið þessarar málsgreinar, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140 000,00 krónum 15 af hundraði, af næstu 140 000,00 17 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um tvo af hundraði af hverjum 140 000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 25 af hundraði.

C. Af arfi sem fellur til afa eða ömmu hins látna eða barna þeirra eða fjarskyldari eða óskyldra aðilja, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140 000,00 krónum 30 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 33 af hundraði og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um þrjá af hundraði við hverjar 140 000,00 krónur er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 45 af hundraði.

Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna, og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess, hvort erfingjar beggja hjónanna séu hinir sömu eða ekki.

5. gr.

Af þeim réttindum, sem lög þessi taka til samkvæmt 1. gr. og afhent eru sem greiðsla til erfingja fyrirfram upp í arf skal greiða erfðafjárskatt sem hér segir:

Erfingjar sem falla undir A-lið 3. mgr. 4. gr. skulu greiða 10 af hundraði.

Erfingjar sem falla undir B-lið 3. mgr. 4. gr. skulu greiða 25 af hundraði.

Erfingjar sem falla undir C-lið 3. mgr. 4. gr. skulu greiða 45 af hundraði.

Efingjar sem falla undir 1. eða 2. mgr. 4. gr. þurfa ekki að greiða erfðafjárskatt af fyrirframgreiddum arfi.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð, sem samtals fellur í arf, lægri fjárhæð en kr. 10 000,00 og eru erfingjar þá undanþegnir erfðafjárskatti.

Erfðafjárskattur skal talinn í heilum krónum, en lægri fjárhæð sleppt.

7. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða við lok skipta viðkomandi dánarbús og skal hann reiknaður út miðað við verðmæti arfs hvers erfingja á gjalddaga skattsins.

Sé búi skipt einkaskiptum eða af löggiltum skiptaforstjóra, skal búskiptum lokið og erfðafjárskatturinn greiddur eigi síðar en innan 12 mánaða frá andláti arfleiðanda. Skiptaráðandi getur þó lengt þennan frest um allt að sex mánuði í senn, séu fyrir hendi sérstakar ástæður, er geri slíka framlengingu nauðsynlega fyrir erfingjana.

Sé búi skipt opinberum skiptum, skal erfðafjárskattur greiddur við lok skipta.

Nú eru búskipti mjög umfangsmikil og getur skiptaráðandi þá með úrskurði heimilað, að skiptum verði lokið í tilteknum áföngum og erfðafjárskattur greiddur af hverjum áfanga fyrir sig. Slíka heimild má þó ekki veita nema um sé að ræða fullnaðaruppgjör á arfi tiltekinna erfingja með hverjum áfanga.

Ekki er heimilt að gefa erfingjum út yfirlýsingu um eignarheimild þeirra að tiltekinni eign dánarbús fyrr en erfðafjárskattur af viðkomandi eign hefur verið greiddur.

Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tímamark, er erfðafjárskattur er greiddur eða, ef ekki þarf að greiða erfðafjárskatt vegna afhendingar viðkomandi eignar, þegar skiptaráðandi hefur áritað erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

8. gr.

Nú deyr maður, sem tæmst hefur arfur, áður en skiptum á því búi er lokið og skal þá dánarbú hans taka þann arf, er hinn látni ella hefði hlotið og greiða þann erfðafjárskatt, er honum hefði borið að greiða.

9. gr.

Við ákvörðun gjaldstofns skal um eftirfarandi eignaliði miða við eftirfarandi, enda séu eignirnar ekki seldar á opinberu uppboði:

A. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði, sem í gildi er, þegar erfðafjárskattur er greiddur. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðilja og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverðið, sé það lægra en fasteignamatsverðið.

B. Bifreiðir skulu taldar á áætluðu markaðsverði.

C. Innbú, málverk og bækur, safngripir, aðrir listmunir og þess háttar, skal talið á matsverði.

D. Vélar, verkfæri og áhöld, skulu talin á matsverði.

E. Búpeningur skal talinn á því verði, sem lagt hefur verið til grundvallar landbúnaðarskýrslu til skattyfirvalda á því ári, sem erfðafjárskattur er greiddur.

F. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum, sem og aðrar inneignir og útistandandi skuldir, skulu taldar að meðtöldum tilföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

G. Skuldabréf til tveggja ára eða lengri tíma með bundnum vöxtum og óverðtryggð, skulu talin á áætluðu markaðsverði.

H. Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs og happdrættisskuldabréf ríkissjóðs skulu talin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól.

I. Hlutabréf skulu talin á nafnverði að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum, sem réttur hefur stofnast til fyrir lok skipta.

J. Hugverkaréttindi hvers konar skulu talin á matsverði ákveðnu af aðiljum, sem skiptaráðandi telur til þess hæfa.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um ákvörðun gjaldstofna samkvæmt lögum þessum.

Nú kemur við skipti á búi fram eign og ekki er til að dreifa í lögum þessum né reglugerð ákvæði, er við getur átt um hana, og ákveður þá skiptaráðandi, hvernig fundið verði á hana matsverð, sem erfðafjárskattur greiðist af.

10. gr.

Skuldir arfleiðanda, þar með talin væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar, áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleiðanda og kostnaður, sem nauðsynlegur reynist til að ákvarða gjaldstofna samkvæmt 9. gr. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum.

11. gr.

Nú skipta erfingjar dánarbúi einkaskiptum og skulu þeir þá innan þeirra tímamarka er í einkaskiptaleyfi greinir skila til skiptaráðanda útfylltri erfðafjárskýrslu í þremur eintökum á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið leggur til í þessu skyni. Skal skýrslan vera

skilmerkilega útfyllt og gögn fylgja henni til skýringar þeim fjárhæðum, sem þar eru greindar. Skulu allir erfingjar undirrita erfðafjárskýrsluna.

Skiptaráðandi skal yfirfara erfðafjárskýrslu og gæta þess sérstaklega, að hún sé í samræmi við skiptagerð viðkomandi dánarbús. Telji skiptaráðandi skýrslu áfátt að einhverju leyti, getur hann veitt viðkomandi aðiljum tiltekinn frest til að bæta úr eða leiðrétt sjálfur, séu ágallar smávægilegir.

12. gr.

Skiptaráðandi skal yfirfara, hvort eignir séu réttilega fram taldar á erfðafjárskýrslu, svo og annað það, sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskatts.

Þegar skiptaráðandi hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi, skal hann reikna út erfðafjárskatt hvers erfingja og rita fjárhæð hans í þar til ætlaðan reit á skýrslunni. Síðan áritar hann öll eintök skýrslunnar um að hann hafi yfirfarið hana.

13. gr.

Nú greinir erfingja á við skiptaráðanda um gjaldstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað, sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal skiptaráðandi þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum og að því búnu kveða upp rökstuddan úrskurð um ágreiningsefnið. Sætir slíkur úrskurður kæru til Hæstaréttar.

Ef sérstaklega stendur á, getur skiptaráðandi lengt frest samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar um allt að tvær vikur.

Þegar endanleg niðurstaða um ágreiningsefnið liggur fyrir, áritar skiptaráðandi skýrsluna samkvæmt ákvæði 2. mgr. 12. gr.

14. gr.

Þegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum, skal skiptaráðandi útfylla erfðafjárskýrslu og leggja hana fram sem fylgiskjal með frumvarpi að úthlutunargerð. Um andmæli erfingja gegn útreikningi erfðafjárskattsins skal farið að hætti 13. greinar.

15. gr.

Gjalddagi erfðafjárskatts er sá dagur, er skiptaráðandi áritar erfðafjárskýrslu samkvæmt 2. mgr. 12. gr., ef um er að ræða einkaskipti eða skipti, sem löggiltur skiptaforstjóri stýrir, en sé um önnur opinber skipti að ræða, er gjalddagi sá dagur, er skiptagerð búsins liggur fyrir í endanlegri gerð.

Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga, skulu innheimtir til viðbótar vanskilavextir eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

16. gr.

Skiptaráðendur skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda skattstjóra í sínu skattumdæmi eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum, sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári.

17. gr.

Skiptaráðendur skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda ríkisendurskoðun eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum, sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári.

18. gr.

Nú kemur í ljós við endurskoðun skattyfirvalda, að eign er ekki talin fram á erfðafjárskýrslu, sem gögn skattyfirvalda benda til, að þar ætti að vera, og skal skattstjóri þá

gera viðkomandi skiptaráðanda viðvart um það skriflega, og fer um slík mál að hætti 20. gr. laga þessara.

Nú kemur í ljós við endurskoðun ríkisendurskoðunar, að fjárhæð erfðafjárskatts þykir ekki hafa verið réttilega út reiknuð og skal ríkisendurskoðun þá skriflega krefja skiptaráðanda um skýringar. Úrskurðar ríkisendurskoðun síðan, að fenginni umsögn skiptaráðanda, til hvaða ráðstafana skuli grípa í viðkomandi máli.

19. gr.

Allir embættismenn og aðrir, sem opinberum störfum gegna, svo og stjórnendur banka, sparisjóða, vátryggingarfélaga, hlutafélaga, kaupfélaga eða annarra félaga eða stofnana, þ. m. t. skattstjórar, eru skyldugir til að gefa án endurgjalds hvers konar upplýsingar, er skiptaráðandi leitar eftir í sambandi við framkvæmd laga þessara, t. d. skýrslur um bankaviðskipti og inneignir, skuldabréf, hlutabréf o. s. frv.

Nú skorast einhver undan að gefa þær skýrslur, sem hann er krafinn um samkvæmt þessari grein og getur skiptaráðandi þá kveðið upp úrskurð um skyldu hans í þessu sambandi. Þann úrskurð má kæra til Hæstaréttar.

20. gr.

Nú hafa eignir vísvitandi verið vantaldar á erfðafjárskýrslu eða rangar upplýsingar verið gefnar, er áhrif hafa haft á álagningu erfðafjárskatts til lækkunar og skal erfingi þá greiða allt að fimmfaldri þeirri fjárhæð í viðbótarerfðafjárskatt, er skatturinn að réttu lagi hefði orðið hærri en hann varð.

Skiptaráðandi sem fær upplýsingar um atriði, sem fyrri málsgrein þessarar greinar kann að taka til, skal tafarlaust boða erfingja á sinn fund og leita skýringa hans eða þeirra um sakarefnið. Telji hann skýringar erfingja afsakanlegar, skal hann veita þeim stuttan frest til að skila viðbótarerfðafjárskýrslu. Telji skiptaráðandi skýringar viðkomandi aðilja ófullnægjandi, skal hann með rökstuddum úrskurði leggja á erfingjana viðbótarerfðafjárskatt samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar. Jafnframt skal skiptaráðandi tilkynna ríkissaksóknara um málið, sbr. 24. grein.

21. gr.

Skiptaráðandi er innheimtumaður ríkissjóðs að því er erfðafjárskatt varðar og getur hann látið taka skattinn lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 1885.

Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeirri takmörkun þó, að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

22. gr.

Fjárhæðir þær, sem um er rætt í 4. og 6. gr. laga þessara skulu vera grunnfjárhæðir, er breytast skulu hinn 1. desember ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. október á næstliðnu ári til jafnlengdar á næsta ári, í fyrsta sinn 1. desember 1984. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar, standi þær ekki á heilu hundraði króna, upp í næsta heilt hundrað, standi þær á 50 krónum eða meira, en ella skal færa þær niður í næsta heilt hundrað fyrir neðan.

Félagsmálaráðuneytið skal með hæfilegum fyrirvara fyrir 1. desember ár hvert auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

23. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum og/eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, enda liggi ekki við brotinu þyngri viðurlög samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og taka til allra þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 27. júní 1921 um erfðafjárskatt, svo og lög nr. 50 26. maí 1972 og lög nr. 46 12. maí 1978 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þau lög, sem nú gilda um erfðafjárskatt, eru nr. 30, 27. júní 1921, og þótt síðar hafi verið á þeim gerðar breytingar með lögum nr. 50, 26. maí 1972 og lögum nr. 46, 12. maí 1978, eru lögin að stofni til liðlega 60 ára gömul.

Augljóst má vera, að þjóðfélagsaðstæður hafa verulega breyst frá setningu erfðafjárskattslaganna. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum hafa nær eingöngu varðað fjárhæð erfðafjárskattsins á hverjum tíma. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi frumvörp til meiri háttar breytinga á þessum lögum varðandi skattskyldu og viðmiðunarfjárhæðir, en slík frumvörp eigi orðið útrædd.

Á árinu 1981 fór þáverandi félagsmálaráðherra á leit við Ragnar Halldór Hall borgarfógeta að hann semdi drög að frumvarpi til nýrra laga um þetta efni. Því verki var lokið í nóvember 1981, en frumvarpið var þó eigi lagt fram á Alþingi. Eftir ríkisstjórnarskiptin á árinu 1983 fól félagsmálaráðherra Ragnari Halldóri Hall að semja ný drög að frumvarpi til laga um erfðafjárskatt, sem m. a. væri unnið upp úr fyrri frumvarpsdrögum auk umsagna, sem ráðuneytinu höfðu borist um þau. Er þetta frumvarp niðurstaða þeirrar endurskoðunar og hefur við samningu þess verið haft samráð við nokkra aðilja, t. d. fyrsta flutningsmann frumvarps, sem lagt var fram í neðri deild Alþingis 1983 (106. löggjafarþing), 65. mál, um breytingu á gildandi lögum um erfðafjárskatt.

Í veigamiklum atriðum felur frumvarp þetta í sér lögfestingu á lagaframkvæmd, sem smám saman hefur þróast á löngum tíma, en þar sem þessar reglur hafa ekki verið lögfestar hefur verið mikil hætta á mismunandi túlkun reglnanna í hinum einstöku lögsagnarumdæmum landsins. Ætti lögfesting þessara reglna nú að koma í veg fyrir réttaróvissu, a. m. k. svo langt sem þær ná.

Í mörgum greinum er í frumvarpinu að finna verulegar breytingar frá gildandi reglum um erfðafjárskatt. Má þar nefna ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem leiða til þess að langlífari maki arfleiðanda verður undanþeginn erfðafjárskatti og sömuleiðis sambýlismaður arfleiðanda, hafi verið um óvígða sambúð að ræða. Er hér um mikla réttarbót að ræða til handa því fólki, sem býr í óvígðri sambúð, þar sem eftirlifandi sambýlismaður er gerður hliðsettur langlífari maka að þessu leyti. Þá eru líknar- og menningarfélög, opinberar stofnanir og slíkir aðiljar einnig undanþegnir erfðafjárskatti. Einnig eru gerðar lítilsháttar breytingar innan hinna einstöku skattflokka samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og leiða þær til nokkurrar lækkunar skattbyrði frá því sem óbreyttar reglur leiða til.

Af öðrum nýmælum má nefna, að viðmiðunarfjárhæðir, sem notaðar eru við álagningu skattsins verða nú hækkaðar árlega án þess að ný lagasetning þurfi til að koma, með því að þær verða nú framreiknaðar í samræmi við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölu byggingarkostnaðar. Viðmiðunarfjárhæð samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður nú kr. 140 000,00, en er samkvæmt núgildandi lögum kr. 12 000,00 og hefur verið óbreytt frá árinu 1978.

Auk þess sem að framan er talið gerir frumvarpið ráð fyrir lögfestingu reglna um gjaldstofna, sérreglna um erfðafjárskatt af arfi, sem annar maður afsalar sér, svo og af fyrirframgreiddum arfi. Loks má nefna, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir mun einfaldari reglum en nú gilda um réttarfar í málum, sem varða álagningu og innheimtu erfðafjárskatts, upplýsingaskyldu, skýrslugerð o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er sett fram skýrgreining á andlagi erfðafjárskatts og svarar hún að mestu leyti til 1. og 3. gr. laga nr. 30, 1921. Í 2. mgr. er þó gerð veigamikil breyting frá reglu 3. mgr. 3. gr. þeirra laga til að koma í veg fyrir hugsanlega tvísköttun. Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér eru settar fram skýrgreiningar, sem nauðsyn þykir bera til að taka hér upp til að koma í veg fyrir óeðlilega niðurstöðu og leiða þær í öllum tilvikum til þess, að viðkomandi lendir í hagstæðara skattflokki en ella. Þessar skýrgreiningar eiga að sjálfsögðu aðeins við um framkvæmd þessara laga.

A-liður. Samkvæmt gildandi lögum er sambýlismaður ekki lögerfingi, en taki hann arf eftir þann, sem hann hefur búið í óvígðri sambúð með, á grundvelli erfðaskrár, ræðst fjárhæð erfðafjárskattsins af því, hvort hinn látni sambýlismaður átti niðja eða ekki. Hafi hinn látni átt niðja, greiðir sambýlismaðurinn erfðafjárskatt samkvæmt lægsta skattflokki, en ella lendir hann í efsta skattflokki. Hér er hins vegar lagt til, að réttarstaðan verði gerð hliðstæð því sem gildir um arf eftir látinn maka og verður sambýlismaður þá eftir 1. mgr. 4. greinar frumvarpsins undanþeginn erfðafjárskatti. Óhjákvæmilegt þykir að binda þetta því skilyrði, að hinn látni sambýlismaður hafi tilgreint viðkomandi sem sambýlismann sinn í erfðaskrá, og er sá áskilnaður gerður til að koma í veg fyrir lagaflækjur.

B-liður. Ákvæðið skýrir sig sjálft.

C-liður. Hér er víðtæk skýrgreining á hugtakinu fósturbarn og nær það samkvæmt þessu til barns maka eða sambýlismanns, enda þótt það hafi ekki alist upp á heimili arfleiðandans.

Um 3. gr.

Þessi grein svarar að nokkru til 7. gr. laga nr. 30, 1921, en að hluta til er um nýmæli að ræða. Ákvæði 2. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlegt misferli.

Um 4. gr.

1. mgr. Þetta ákvæði er nýmæli, svo sem greint var í inngangi. Athygli er þó vakin á því, að ákvæðið verður að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 3. gr., þannig að eftirlifandi maki eða sambýlismaður arfleiðanda verður að greiða erfðafjárskatt af arfi, sem meðerfingjar afsala sér honum til hagsbóta.

2. mgr. Þetta ákvæði er nýmæli, sem á sama hátt og ákvæði 1. mgr. verður að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 3. gr.

3. mgr. Þetta ákvæði er að formi til sniðið eftir 2. gr. laga nr. 30, 1921 eins og því ákvæði var breytt með lögum nr. 46, 1978. Viðmiðunarfjárhæð er nú önnur en áður var vegna breytts verðgildis íslensks gjaldmiðils, og nokkrar tilfærslur eru gerðar milli skattflokka.

A-liður. Aukið er við erfingjatölu samkvæmt þessum flokki með hinni víðtæku skýrgreiningu hugtaksins fósturbarns samkvæmt 2. gr. Þeir aðiljar, sem sú rýmkun tekur til, mundu ella oftast falla undir C-lið þessarar greinar.

B-liður. Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en um viðmiðunarfjárhæð og þarfnast ekki skýringa.

C-liður. Hér er lagt til, að breyting verði gerð á skattþrepum. Samkvæmt gildandi lögum reiknast skattur þeirra aðilja, sem hér um ræðir þannig, að af lægstu viðmiðunarfjárhæð reiknast 30 af hundraði, af næstu viðmiðunarfjárhæð 34 af hundraði og svo áfram þannig uns skatturinn nær því að verða 50 af hundraði. Sú skipan, sem hér er lögð til, felur því í sér nokkra skattlækkun og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

4. mgr. Þessi regla er nýmæli og er henni ætlað að leysa úr réttaróvissu, en menn hefur greint nokkuð á um það, hvernig skatturinn skuli reiknaður í þeim tilvikum, sem þetta ákvæði tekur til, eftir lögum nr. 30, 1921. Gefa þau lög ekki beint svar við þeirri spurningu.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er því ætlað að gera óþarft að kanna hverju sinni, hvort erfingi hefur áður fengið greiðslu upp í arf frá sama arfleiðanda og framreikna þá þann erfðafjárskatt, er greiddur hefur verið. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 6. gr.

Svarar til 6. gr. gildandi laga, en skattleysismörk eru allverulega hækkuð og ætti það að leiða til þess að ekki þurfi að leggja í mikið umstang við að gera upp dánarbú, þar sem eignir eru litlar sem engar.

Um 7. gr.

1. mgr. Hér er um að ræða aðhaldsákvæði, sem ætlað er að stuðla að hraðri framkvæmd laganna, án þess þó að of nærri erfingjum sé gengið. Greinin skýrir sig sjálf, en um efni hennar gildir nú að hluta 1. mgr. 8. gr. laga nr. 30, 1921.

2. mgr. Þetta ákvæði er nýmæli. Hér er lagt til, að lögfest verði heimild til að gera dánarbú upp í áföngum, ef búskiptin eru sérstaklega umfangsmikil eða hætt við, að þau geti dregist á langinn. Sem dæmi mætti nefna, að í búi væru nokkrar verðmætar fasteignir, sem þyrfti að selja til að unnt væri að greiða erfðafjárskattinn, erfingjar væru ekki hinir sömu að öllum eignunum, og væri þá heimilt að ljúka skiptunum að því er hvern erfingjahóp varðaði án þess að bíða þyrfti eftir að unnt væri að ljúka uppgjöri búsins í heild. — Ljóst er að skipti á búum samkvæmt þessari heimild yrðu algjör undantekning frá þeirri meginreglu, sem sett er í 1. mgr. þessarar greinar, og þarf að koma til úrskurðar skiptaráðanda um nauðsyn og réttmæti þess, að heimildar þessar sé neytt.

3. og 4. mgr. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur, sem fylgt hefur verið í framkvæmd og telja má sjálfsagðar.

Um 8. gr.

Um þá aðstöðu, sem hér um ræðir, gildir nú 9. gr. laga nr. 30, 1921, en sú regla er erfið í framkvæmd, einkum ef skipti á viðkomandi búum fara ekki fram í sama lögsagnarumdæmi. Sú tilhögun, sem hér er ráðgerð, er einföld í framkvæmd, en ástæða er til að vekja á því athygli, að hún leiðir til aukinnar skattbyrði frá þeirri tilhögun, sem nú ríkir um þetta atriði.

Um 9. gr.

Í lög nr. 30, 1921 vantar tilfinnanlega ákvæði um ákvörðun gjaldstofna og ber nauðsyn til að bæta þar úr. Hér er sú leið farin að leggja til að lögfestar verði reglur, sem smám saman hafa þróast í framkvæmd, a. m. k. við hin stærri embætti, og ná til flestra þeirra eignaliða, er til álita koma í þessu sambandi. Jafnframt er ráðgert, að félagsmálaráðherra hafi heimild til að setja fyllri ákvæði um þessi efni með reglugerð, ef framkvæmd laganna leiðir í ljós, að slíkt verði nauðsynlegt. Að öðru leyti þarfnast þessar reglur ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér eru settar fyllri reglur um tilgreiningu skulda en hingað til hefur verið fylgt, en samsvarandi reglur þurfa að gilda um það, hvernig þær koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður eins og gilda um ákvörðun eignarliða. Þannig getur komið til mats á skuld, sem félli undir G-lið 9. gr., ef um eignarlið væri að ræða. Samkvæmt þessari grein telst aðeins sá kostnaður við skipti hér með, sem nauðsynlegur telst til að ákvarða gjaldstofna samkvæmt 9. gr., t. d. matskostnaður, en t. d. lögfræðileg aðstoð, sem erfingjar stofna til við eigin hagsmunagæslu í sambandi við skiptin, fellur ekki undir frádráttarbæra liði.

Um 11. og 12. gr.

Hér er lagt til, að lögfestar verði verklags- eða framkvæmdarreglur um það, hvernig staðið skuli að skýrslugerð og lokafrágangi skjala í sambandi við uppgjör erfðafjárskatts. Eru þær að mestu í samræmi við þá framkvæmd, sem ríkt hefur, en þó er gert ráð fyrir strangari eftirlitsskyldu skiptaráðenda en verið hefur með því, að eignir og skuldir séu rétt tilgreindar.

Um 13. gr.

Þessi grein er nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum á skiptaréttur ekki úrskurðarvald um það, hvaða fjárhæð greiða skuli í erfðafjárskatt, en skiptaráðandi er engu að síður sá aðili, sem langoftast fjallar um skattskylduna og innheimtir skattinn og á jafnframt úrskurðarvald um nánast öll atriði önnur, sem ágreiningur kann að rísa um við dánarbússkipti. Hér er lagt til, að úrskurðarvald um fjárhæð erfðafjárskatts verði flutt til skiptaréttar, og að úrskurður skiptaréttar í því efni sæti kæru til Hæstaréttar. Ætti því að vera unnt að útkljá vafaatriði um þessi efni með skjótum en öruggum hætti.

Um 14.—17. gr.

Hér er að mestu um framkvæmdarreglur að ræða, er ekki þarfnast sérstakra skýringa. Rétt þykir þó að vekja athygli á viðurlagaákvæði 2. mgr. 15. gr., sem er nýmæli.

Um 18. gr.

1. mgr. Hér er um nýmæli að ræða. Þykir eðlilegt að lögfesta reglur um það, hvernig staðið skuli að málum, er í ljós kemur að tiltekna eign „vantar“ á erfðafjárskýrslu.

2. mgr. Hér er lagt til, að lögfest verði framkvæmd, sem fylgt hefur verið. Ljóst er, að úrskurðarvald ríkisendurskoðunar nær ekki til þess að hrófla við úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp samkvæmt 13. eða 20. grein.

Um 19. gr.

1. mgr. Þetta ákvæði er að mestu leyti óbreytt frá 1. mgr. 13. gr. laga nr. 30, 1921.

2. mgr. Þetta ákvæði er nýmæli og felur í sér breytingu frá núgildandi skipan samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 30, 1921, en þar er lagt á vald félagsmálaráðherra að skera úr um ágreiningsefni varðandi upplýsingaskyldu.

Um 20. gr.

Þessi grein er nýmæli og fjallar um, hvernig með skuli fara, ef eignir eru ekki réttilega framtaldar til erfðafjárskatts. Að sjálfsögðu geta atvik verið með þeim hætti, að fram komi eftir lok skipta eignir, sem erfingjar vissu ekki um, en með vísvitandi undanskot eigna undan erfðafjárskatti er lagt til, að farið verði sem um opinber mál.

Um 21. gr.

1. mgr. Þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. Þetta ákvæði er nýmæli. Þykir sanngjarnt að takmarka greiðsluábyrgð erfingja með þeim hætti, sem hér er lagt til.

Um 22. gr.

Hér er um að ræða framreikningsreglu, sem ætlað er að taka af löggjafarvaldinu það ómak að breyta lögunum hverju sinni til samræmis við verðbreytingar, sem orðið hafa.

Um 23.—25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 516. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um afnám tekjuskatts á almennum launatekjum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Salome Þorkelsdóttir, Eggert Haukdal, Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á fjármálaráðherra að skipa nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um á hvern hátt hagræða megi og spara í rekstri ríkisins og ríkisstofnana með tillliti til þess að tekjuskattur verði afnuminn í áföngum á almennum launatekjum. Skulu tillögur nefndarinnar lagðar fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Greinargerð.

Fyrir alþingiskosningarnar á síðasta vori markaði Sjálfstæðisflokkurinn mjög skýra og glögga stefnu í skattamálum einstaklinga. Í kosningayfirlýsingu flokksins sagði eftirfarandi um tekjuskattinn:

„Tekjuskattur á almennar launatekjur verði afnuminn, jafnframt því sem persónufrádráttur nýtist láglaunafólki að fullu. Tekjum hjóna verði skipt á milli þeirra fyrir álagningu skatta.“

Þetta atriði var undirstrikað með því að tekjuskattslækkunin var efst á blaði af sextán atriðum sem upp voru talin í þeim kafla kosningastefnuskrárinnar sem fjallaði um bætt lífskjör í þessu landi.

Í því samkomulagi núverandi stjórnarflokka, sem gert var við myndun ríkisstjórnarinnar s. l. vor, var afnám tekjuskatts á almennum launatekjum eitt atriðið, og það að tekjur hjóna skyldu jafnaðar fyrir skattlagningu. Í framhaldi af þessu ályktaði 15. landsfundur Sjálfstæðisflokksins einnig um skattamál, en hann var haldinn sex mánuðum eftir alþingiskosningarnar, í byrjun nóvember s. l. Þar sagði um afnám tekjuskattsins:

„Tekjuskattur af almennum launatekjum verði afnuminn í áföngum.“

Svo sem þessar frásagnir sýna er það eitt meginatriðið í efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Ætlunin var að hefjast handa um þá aðgerð strax eftir að ríkisstjórnin hafði tekið við völdum og fjárlagagerð hófst. Alkunna er hvers vegna dráttur hefur orðið á framkvæmd þessa fyrirheits sem flokkurinn setti á oddinn. Staða fjármála ríkisins var mun verri þegar ríkisstjórnin tók við völdum en nokkurn hafði órað fyrir og við það bættust hin þungbæru áföll sem aflabrestur á þorskveiðum hefur haft í för með sér. Í ljós kom að minnka varð veiðar úr þessum helsta nytjafiskstofni þjóðarinnar um 43% frá fyrra ári og er leyfilegur afli í ár ekki nema helmingur af því sem var

fyrir tveimur árum, 1982. Af þessum ástæðum var ekki kleift að hefja afnám tekjuskattsins á síðasta ári eins og ráð hafði verið fyrir gert, þó svo að hann hafi verið lækkaður með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar s. l. sumar um 250 milljónir króna. Nú er hins vegar hin mesta nauðsyn á því að hafist verði handa um að framkvæma kosningayfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins og hefja afnám tekjuskattsins á almennum launatekjum í áföngum.

Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að lækkun beinna skatta eigi að vera forgangsverkefni á sviði skattamála. Það gildir fyrst og fremst um tekjuskattinn því að flestir munu vera sammála um að hann sé með ranglátustu sköttunum og leggist fyrst og fremst á launamenn með miklum þunga. Hins vegar fer því fjarri að hann sé með mikilvægustu tekjustofnum ríkisins þar sem hann er aðeins um 10% af tekjum ríkissjóðs. Þá tekjuminnkun, sem ríkissjóður verður fyrir vegna afnáms tekjuskattsins, má bæta upp að hluta með sparnaði og hagræðingu í rekstri ríkisins og hinna mörgu ríkisstofnana. Gengur þessi þingsályktunartillaga einmitt út á það að gerð verði nákvæm athugun á því á hvaða sviðum ríkið geti dregið saman seglin til að mæta lækkun þessa rangláta skatts.

Hér er ekki verið að fara fram á að tekjuskatturinn verði með öllu afnuminn, heldur aðeins að hann hverfi af almennum launatekjum. Spyrja má hverjar séu almennar launatekjur. Engin ein skilgreining er til í því efni. Ekki er þó óeðlilegt að miða við meðaltalstekjur sjómanna, iðnaðarmanna og verkamanna á síðasta ári. Einnig hefur verið bent á að miða mætti við það tekjumark sem gildir þegar um réttindi er að ræða til þess að fá úthlutað íbúð í verkamannabústöðum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að hér sé um hið mesta réttlætismál að ræða sem tímabært sé að nái fram að ganga. Sú nefndarskipan, sem hér er lögð til, er mikilvægur áfangi á þeirri braut.

Á hinn bóginn má ekki gleymast það fyrirheit í kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins á s. l. vori að tekjum hjóna verði skipt á milli þeirra fyrir álagningu skatts. Frekari aðgerðir í því máli þarf að hefja á næstunni.

Ed. 517. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. mars.)

Samhljóða þskj. 230 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í stað „varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna komi: fjárfestingarsjóð skv. 11. tl. 31. gr., sbr. 54. gr.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985, vegna tekna áranna 1983 og 1984, skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tl. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.-10. tl. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

Ed. 518. Lög [159. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars.)

Samhljóða þskj. 517 (sbr. 230).

Ed. 519. Lög [160. mál]

um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars.)

Samhljóða þskj. 508 (sbr. 231).

Nd. 520. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Orðið „hitaveitufyrirtæki“ í 1. mgr. verði: fyrirtæki.
b. 2. og 3. mgr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera a) að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir, b) að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda, c) hvers konar önnur nýting jarðgufu og jarðvatns.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfum þeirra.

4. gr.

Við lögin bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur, innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum Iðnaðarráðuneytisins og felur í sér þær breytingar á tilgangi Hitaveitu Suðurnesja að fyrirtækið geti tekið að sér alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á starfssvæði hennar.

Alþingi ályktaði 3. maí 1982 að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að semja frumvarp til laga um Orkubú Suðurnesja. Nefndin var skipuð 11. ágúst 1982 og kom saman til fyrsta fundar 27. janúar 1983. Áður en hún lauk störfum komu upp breytt viðhorf og var talið hagkvæmara að fela Hitaveitu Suðurnesja hlutverk orkubús á starfssvæði sínu heldur en að stofna fyrirtæki með nýju nafni, er tæki við rekstri og eignum Hitaveitu Suðurnesja jafnframt því að yfirtaka raforkuvirki og veitur á Suðurnesjum. Þess var því ekki óskað að nefndin lyki gerð frumvarps til laga um Orkubú Suðurnesja.

Með lögum nr. 100 31. desember 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu eiga 60% en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn fyrirtækisins skipuð og tók hún strax til starfa við uppbyggingu þess. Nú hefur hitaveita verið lögð um öll þéttbýlissvæði á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Enn fremur hefur Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað.

Afkastageta Hitaveitu Suðurnesja er nú allt að 125 MW í heitu vatni og 8 MW í raforku. Möguleikar eru á aukinni raforkuframleiðslu í Svartsengi án frekari borana um allt að 8—10 MW og væri þá framleiðslugeta í Svartsengi 80—90 GWh á ári. Í Eldvörpum hefur verið boruð ein rannsóknarhola í samvinnu Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar, sem ætla má að veiti möguleika á allt að 15 MW raforkuvirkjun (miðað við hámarksafköst). Auk þeirrar orku, sem nú er óvirkjuð úr borholum í Svartsengi og Eldvörpum, er fyrir hendi óvirkjuð orka á Reykjanesi úr borholum Sjóefnavinnslunnar hf. Talið er að þar sé unnt að reisa allt að 20 MW raforkuvirkjun (miðað við hámarksafköst).

Ekki er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir sérstakri heimild til iðnaðarráðherra að leyfa Hitaveitu Suðurnesja frekari virkjun og framleiðslu raforku, enda er slík almenn heimild í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver, en þar segir:

„Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins."

Fyrirkomulag raforkudreifingar á Suðurnesjum er nú í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Heildsalan er í höndum Landsvirkjunar, sem selur Rafmagnsveitum ríkisins orkuna, en þær selja rafveitum sveitarfélaganna orkuna til dreifingar í smásölu til neytenda.
2. Rafmagnsveitur ríkisins annast þó smásöludreifingu í Hafnahreppi og sölu til Keflavíkurflugvallar frá riðbreytistöð.
3. Starfandi eru á svæðinu sex sveitarfélagarafveitur, í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi. Meðfylgjandi tafla sýnir raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978—1983:

Raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978—83

Sveitarfélag:	1978 GWh	1979 GWh	1980 GWh	1981 GWh	1982 GWh	1983 GWh
Vatnsleysustr.	3,1	3,7	3,0	3,1	2,9	3,1
Njarðvík	10,6	10,5	9,9	10,3	10,9	11,4
Keflavík	29,5	27,3	25,9	26,4	25,7	25,8
Gerðahreppur	4,4	5,0	4,2	4,4	4,7	4,8
Miðneshreppur	4,7	5,4	5,5	5,7	6,0	6,5
Grindavík	9,4	9,4	8,4	9,3	9,4	9,9
Hafnahreppur, Leira og Grænás	1,7	1,8	1,7	2,0	1,9	1,8
	63,4	63,1	58,6	61,2	61,5	63,3
Keflavíkurflugvöllur	66,8	60,8	52,6	50,1	63,9	66,7
Alls	130,2	123,9	111,2	111,3	125,4	130,0
Framleitt af Hitaveitu Suðurnesja (umfram 8 GWh eigin notkun á ári)	0,1	3,7	3,9	31,8	40,0	30,1

Undanfarin ár hafa farið fram miklar umræður um sameiningu rafveitna sveitarfélaga á Suðurnesjum og samrekstur þeirra og Hitaveitu Suðurnesja. Allir þeir, sem um hafa fjallað, eru sammála um hagkvæmni sameiningar rafveitnanna á svæðinu. Samrekstur rafveitnanna og hitaveitunnar er jafnframt til þess fallinn að auka hagkvæmni orkuframleiðslu og orkudreifingar á Suðurnesjum.

Verði frumvarp þetta að lögum er ráð fyrir því gert, að Hitaveita Suðurnesja semji við ríkissjóð og einstök sveitarfélög á Suðurnesjum um kaup á raforkuveitukerfum þeirra á starfssvæði hennar. Samningar þessir geta gerzt í áföngum og kunna að leiða til breyttra eignarhlutfalla í fyrirtækinu, ef sá kostur verður valinn að sveitarfélögin leggi rafveitur sínar fyrirtækinu til sem aukin stofnframlög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um tilgang fyrirtækisins verði öll í 3. gr. laganna og því falli 2. og 3. mgr. 1. gr. niður. Breytt er orðalag 1. mgr. 1. gr. til samræmis við breyttan tilgang fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Í grein þessari er lagt til að ákvæði laganna um tilgang fyrirtækisins verði rýmkuð þannig, að það nái til hvers konar virkjunar jarðhita og orkusölu, auk annarrar nýtingar jarðhitans. Orðalag er haft rúmt svo að fyrirtækið geti sinnt öðrum verkefnum sem upp kunna að koma í tengslum við nýtingu jarðhitans, ef hagkvæmt þykir.

Um 3. gr.

Í samræmi við breyttan tilgang fyrirtækisins er lagt til að iðnaðarráðherra geti veitt því einkaleyfi til starfrækslu rafveitu, eftir því sem yfirtöku á einstökum veitukerfum miðar.

Réttur til einkaleyfis á starfrækslu rafveitu breytir ekki því, að ríkisstjórnin getur veitt öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma á Suðurnesjum, rétt til að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 521. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til umfjöllunar og kynnt sér efni þess eftir föngum.

Fulltrúar frá skreiðarframleiðendum óskuðu eftir fundi með sjávarútvegsnefndum beggja deilda þar sem þeir lýstu áhyggjum sínum með erfiða afkomu atvinnugreinarinnar.

Sjávarútvegsnefnd barst einnig bréf þar sem vakin var athygli á nauðsyn þess að efla markaðsleit fyrir fóðurlýsi.

Að athuguðu máli taldi meiri hl. nefndarinnar rétt að gera breytingartillögu við 1. gr. frv. og flytur hana á sérstöku þskj.

Alþingi, 29. mars 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Gunnar G. Schram.
Ingvar Gíslason.	Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.

Nd. 522. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GSig, IG, GGS, FrS, HBl).

1. gr. orðist svo:

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti. Sama gildir um skreið, sem framleidd var fyrir 31. desemeber 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki.

Nd. 523. Frumvarp til laga [272. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 9. gr. laganna bætist: Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins.

2. gr.

Á eftir 53. gr. laganna komi nýr kafli er verði VIII. kafli og orðist svo:

VIII. KAFLI
Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins.

54. gr.

Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið.

55. gr.

Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins hefur aðalaðsetur á Akureyri eða í nágrenni, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

56. gr.

Í stjórn Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins skulu vera þrír menn skipaðir af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af samtökum lífefnaiðnaðarins og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

57. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknarstofunnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

58. gr.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Forstjóri skal skipaður til 4 ára í senn. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfsfólk.

59. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknarstofunnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfsvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

60. gr.

Við rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.
Bæjarstjórn Akureyrar.
Iðntæknistofnun Íslands.
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, einn fulltrúa hver.
Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands.
Verkmenntaskólinn á Akureyri.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og lífefnaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

61. gr.

Verkefni Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir lífefnaiðnaðinn í landinu.
2. Rannsóknir á nýtingu innlendra hráefna til lífefnaiðnaðar.
3. Rannsóknir og þróun framleiðslutækni og aðferða í lífefnaiðnaði og aðstoð við að koma á fót nýjum framleiðslugreinum.
4. Nauðsynleg rannsóknarþjónusta við lífefnaiðnaðinn.
5. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er nánast samdóma álit allra, sem til þekkja, að lífefnaiðnaður muni fara ört vaxandi á næstu áratugum og skipa traustan sess í iðnaðarframleiðslu framtíðarinnar. Því er jafnvel spáð að lífefnaiðnaður muni leika svipað hlutverk í atvinnulífi á næstu öld og stóriðja og efnaiðnaður hafa gert á þessari.

Það er því ljóst að miklu skiptir að við Íslendingar fylgjumst vel með á þessu sviði og nýtum þau tækifæri sem íslenskar aðstæður bjóða upp á í þessu sambandi. Mikið fellur til af hráefni hér innanlands sem ástæða er til að ætla að geti orðið undirstaða blómlegs lífefnaiðnaðar í framtíðinni ef rétt er á málum haldið. Má þar einkum nefna úrgangsefni frá sjávarútvegi og landbúnaði sem nú eru í mörgum tilfellum lítt eða ekki nýtt.

Í greinargerð, sem dr. Jón Bragi Bjarnason hefur samið um lífefnatækni, er þróun lífefnatækninnar á Íslandi rakin og vikið að afskiptum stjórnvalda. Greinargerð þessi er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Í október árið 1973 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Nefndin var undir forustu dr. Sigmundar Guðbjarnasonar og skilaði hún áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum.

Hinn 4. maí árið 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði.“

Tillaga þessi var send iðnaðarráðuneytinu sem fól Iðntæknistofnun að vinna að málinu með svohljóðandi bréfi, dagsettu 11. ágúst 1982:

„Meðfylgjandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað var samþykkt á Alþingi á s. l. vori og falin iðnaðarráðuneytinu til framkvæmdar.

Ráðuneytið fer þess á leit við Iðntæknistofnun Íslands að hún geri yfirlit yfir þær rannsóknir sem fram hafa farið á ýmsum þáttum lífefnaiðnaðar hjá rannsóknarstofnunum og Háskóla Íslands. Í framhaldi þeirrar samantektar óskar ráðuneytið eftir ábendingum Iðntæknistofnunar varðandi vænlega kosti innlends lífefnaiðnaðar.“

Málið hefur síðan verið í höndum Iðntæknistofnunar.

Í langtímaáætlun Rannsóknarráðs ríkisins 1982—1987 er m. a. vikið að lífefnatækni þar sem fjallað er um langtímaverkefni. Rannsóknarráð hefur síðan nýlega skipað starfshóp um þróun líftækni. Skipunarbréf hópsins, dagsett 8. mars 1984 og undirritað af dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni, er birt sem annað fylgiskjal með frumvarpi þessu. Í bréfinu eru markmið þeirrar athugunar, sem hópnum er ætlað að standa fyrir, skilgreind ítarlega og koma þar vel fram brýnustu verkefni sem vinna þarf að á næstunni í þessum málaflokki.

Umfangsmiklar rannsóknir eru forsenda þess að lífefnaiðnaður komist á fót og nái að verða vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi í framtíðinni. Kanna þarf grundvöll fyrir framleiðslu lífefna, þróa framleiðsluaðferðir og framleiðslutækni og mennta starfsfólk til rannsóknar-, eftirlits- og framleiðslustarfa.

Rannsóknum á sviði lífefnaiðnaðar eða lífefnatækni hefur hingað til verið sinnt við bágar aðstæður og vanefni hérlendis og má vart svo lengur standa með tilliti til væntanlegs mikilvægis þessarar framleiðslutækni í framtíðinni. Hér er gerð tillaga um að komið verði á fót sjálfstæðri rannsóknarstofu í lífefnaiðnaði sem gerist brautryðjandi á sviði lífefnarannsókna, þrói framleiðsluaðferðir og aðstoði við að koma nýjum framleiðslugreinum á fót. Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins mun, ef af verður, tengjast lífefnaiðnaðinum sem atvinnuvegi með svipuðum hætti og rannsóknastofnanir atvinnuveganna gera nú hver á sínu sviði. Meðal annars þess vegna er talið heppilegast að stofnunin sé frá upphafi sjálfstæð og lúti sérstakri stjórn. Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins þarf eðli málsins samkvæmt að starfa í nánum tengslum við atvinnulífið, aðrar rannsóknarstofnanir, Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir.

Gerð er tillaga um að rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins verði valinn staður á Akureyri. Er það m. a. gert vegna þess að hér þarf nánast að byggja frá grunni nýja stofnun og gefst því gott tækifæri til að sýna í verki vilja til dreifingar ríkisstofnana um landið. Einnig má á það benda að á Eyjafjarðarsvæðinu fellur mikið til af hráefnum frá landbúnaði og sjávarútvegi sem ætla má að geti orðið undirstaða öflugs lífefnaiðnaðar. Þá myndi tilkoma slíkrar rannsóknastofnunar efla skólastarf á æðri stigum á viðkomandi stað og verða lyftistöng í menntunarmálum jafnt sem í atvinnulegu tilliti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. Þarfnast ekki skýringar.

2. gr. Kaflinn um Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins er saminn með hliðsjón af III. - VII. kafla í núgildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Ákvæði um stjórn, verksvið stjórnar og forstjóra svo og um ráðgjafarnefnd eru sambærileg við hliðstæð ákvæði í lögunum um einstakar rannsóknastofnanir.

Í 56. gr. í VIII. kafla er kveðið á um það að Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins skuli hafa aðsetur á Akureyri eða í nágrenni. Í greinargerð er vikið að þessu og vísast til þess.

Verksvið Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins er skilgreint í 61. gr. VIII. kafla og er þar tekið mið af stöðu mála og aðstæðum hérlendis. Jafnframt er höfð hliðsjón af skilgreiningu á verksviði annarra rannsóknastofnana atvinnuveganna.

3. gr. Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Dr. Jón Bragi Bjarnason dósent í lífefnafræði við Háskóla Íslands:

GREINARGERÐ UM LÍFEFNAFRÆÐI.

Inngangur.

Lífefnatækni má skilgreina sem þá aðferðafræði sem notar lífverur eða kerfi og aðferðir lífheimsins til lausnar á viðfangsefnum í framleiðslu- og þjónustugreinum. Hér er fyrst og fremst átt við notkun lífhvata (ensíma), ýmist hreinsaðra eða lífverubundinna, til þess að hvetja efnahvörf sem annars mundu aðeins gerast með aðstoð dýrra og mengandi miðla.

Lífefnatækni er ekki að öllu leyti ný af nálinni. Aðferðir hennar hafa verið notaðar frá fornu fari. Þar má nefna matvælaframleiðslu af mörgum toga, svo sem osta- og jógurtgerð, öl- og víngerð og ýmislegt fleira. En þau svið lífefnatækninnar, sem talin eru mikilvægust í nútíð og framtíð, eru ensímtækni, þ. e. einangrun og notkun hreinna lífhvata, og genatækni, þ. e. flutningur erfðaefnis milli lífvera. Sem dæmi má nefna ensímframleiðslu fyrir iðnað, heilsugæslu og rannsóknarstarfsemi og framleiðslu insúlíns og interferons með erfðabreyttum örverum.

Staða ensímiðnaðar árið 1981 var á þann veg að framleiðslan var um 65 000 tonn að verðmæti um 400 milljónir bandaríkjadala. Spáð er aukningu í 75 000 tonn að verðmæti 600 milljónir dala fyrir árið 1985. Ensímiðnaður er ung en ört vaxandi iðngrein þar sem um 25 fyrirtæki sjá um nær alla heimsframleiðsluna, en sex þeirra eru langtum stærst. Meðal vestrænna þjóða eru þær þjóðir, sem stunda mikinn matvælaútflutning, stærstu ensímframleiðendurnir, t. d. Danir með tæplega helming framleiðslunnar og Hollendingar með um fimmtung. Skýringin á þessu kann að vera tengd nauðsyn matvælaútflutningsþjóðanna til þess að gera sem mest verðmæti úr hráefninu, en mörg ensímanna eru einmitt úr matvælaúrgangi. Slíkt er vitanlega lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst á tímum minnkandi hráefnis fyrir okkar mikilvæga matvælaiðnað, fiskiðnaðinn. Af ensímframleiðslunni 1981 voru 59% próteinkljúfandi ensím, 28% kolhydratakljúfandi ensím, 3% fitukljúfandi ensím en 10% annað.

Samkvæmt skýrslu sænska verkfræðingafélagsins var heildarvelta lífefnatæknimarkaðarins 25 milljarðar bandaríkjadala árð 1980 og er þar spáð rúmlega þúsundfaldri aukningu til ársins 1990. Ólíklegt verður að teljast að aukningin verði svo ör, en engu síður er víst að hún verður mjög ör og miklu örari en á flestum ef ekki öllum öðrum sviðum.

Þær greinar, sem hafa orðið fyrir eða munu líklega verða fyrir áhrifum lífefnatækninnar, eru matvælaiðnaður, fóðuriðnaður, olíuiðnaður, annar orkuiðnaður, nýting úrgangs og endurvinnsla, mengunarvarnir, lyfjaiðnaður og heilsugæsla. Á alþjóðavettvangi eru jafnmiklar vonir bundnar lífefnatækni og hinni svonefndu rafeinda- og örtölvubyltingu. Breska tímaritið Economist spáir því að iðnaður leiddur af þessari tækni muni setja svip sinn á atvinnulíf næstu aldar í jafnríkum mæli og iðnaður, sem leiddur er af eðlisfræði og efnafræði (stóriðja og efnaiðnaður), hefur sett á atvinnulíf tuttugustu aldarinnar.

Þróun lífefnatækni á Íslandi.

Umfjöllun um lífefnatækni hefur verið afar lítil á Íslandi. Þó eru margar atvinnugreinar hér á landi sem starfa á sviði hefðbundinnar lífefnatækni eða nýta afurðir og aðferðir lífefnatækninnar. Þetta eru atvinnugreinar eins og mjólkuriðnaður, ölgerð, sútun, brauðgerð, sælgætisgerð og fleiri. Þó eru hinar trúlega fleiri sem gætu og ættu að nýta þessa tækni. Er þar fyrst að nefna fiskiðnað, landbúnað, orkuiðnað og lyfjaiðnað. Á þessum sviðum eru möguleikar miklir og margvíslegir.

Í október 1973 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til þess að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum. Nefndin benti á að mikið væri til af innlendu hráefni fyrir lífefnaiðnað og vísaði þar einkum til úrgangsefna í sjávarútvegi og landbúnaði. En nefndin tók einnig fram að umfangsmiklar rannsóknir væru forsenda þess að unnt væri að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lífefna og að nauðsynlegt væri að ráða hæfa starfsmenn til þess að sinna þessum rannsóknum. Spár og niðurstöður nefndarinnar hafa reynst réttar að því er best verður séð, en hins vegar hefur rannsóknum lítt verið sinnt. Þá hafa opinberir aðilar ekki markað neina stefnu í þessum málum, né heldur heitið stuðningi við rannsóknir á sviði lífefnatækni, með þeim alvarlegu afleiðingum að ungt fólk aflar sér síður menntunar á þessu sviði, en þekking og kunnátta er undirstaða þessarar tækni sem og annarrar háþróaðrar tækni.

Hinn 4. maí 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Ítarleg greinargerð fylgdi tillögunni. Ekki virðist nein hreyfing hafa komist á málið við þetta.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins, „Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Langtímaáætlun 1982—1987", segir um verkefnaval fyrir langtímaverkefni m. a. eftirfarandi:

„Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni á ýmsum sviðum, sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum, sem líkleg eru til að verða mikilvæg, má m. a. nefna: Raf- og rafeindatækni, tölvu- og upplýsingatækni, orkunýtingartækni, lífefnatækni, vatns- og sjávareldistækni og fóður- og matvælatækni."

Ljóst er af skýrslunni að ofangreindum sviðum er fundinn samastaður a. m. k. að einhverju leyti í Rannsóknastofnunum atvinnuveganna, nema lífefnatækni þar sem hvergi er aðstaða í mannafla og tækjum til slíkra rannsókna. Hins vegar eru forsendur nokkuð góðar til rannsókna á sviði lífefnatækni við ýmsar stofnanir Háskóla Íslands, svo sem við Raunvísindastofnun, Líffræðisstofnun, Verkfræðistofnun og Tilraunastöðina að Keldum. Á það er einnig bent í skýrslu Rannsóknaráðs að rannsóknir í þágu úrvinnslugreina gætu í verulegum mæli farið fram innan Háskólans. Hins vegar skortir fjárveitingu til þess að ráða rannsóknarfólk til starfans. Að öðru leyti er flest til reiðu að hefja öflugt rannsóknarstarf á sviði lífefnatækni. Á næstu missirum hyggst Rannsóknaráð beita sér fyrir könnun á lífefnatækni með það fyrir augum að gera tillögur að stefnumótun og er það vel. Það er hins vegar ljóst að rannsóknarviðleitnina verður að styðja nú þegar.

Lífefnatæknirannsóknir á raunvísindastofnun.

Á efnafræðistofu Raunvísindastofnunar hafa á undanförnum árum farið fram athuganir á möguleikum ýmissa þátta lífefnatækninnar á Íslandi. Rannsóknir hafa hingað til farið fram með aðstoð lausráðins fólks og hefur í því sambandi komið til aðstoð ýmissa aðila, svo sem

Vísindasjóðs, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Fiskimálasjóðs og Rannsóknarsjóðs Háskólans. Hafa þessar rannsóknir fyrst og fremst miðað að því að athuga það hráefni sem fellur til hér á landi, sérstaklega í landbúnaði og sjávarútvegi og að kanna vinnsluaðferðir sem falla best að þessu hráefni og aðstæðum innanlands. Í öðru lagi hafa þær miðað að því að rannsaka þá framleiðsluvöru sem úr hráefninu fæst, sérstaklega ef um hráefni frá sjávarútvegi er að ræða. Þá hafa einnig verið athugaðir möguleikar á beitingu nýrra aðferða lífefnatækninnar við hefðbundna atvinnuvegi innlenda, svo sem við fiskvinnslu, mjólkuriðnað og fleiri. Nokkur dæmi um athuganir okkar og niðurstöður fara hér á eftir.

Mikið er af lyfjaefninu heparin í sauðfjárgörnum og er það auðvinnanlegt eftir aðferð sem hönnuð var á Raunvísindastofnun. Þrjár skýrslur liggja fyrir um vinnslu heparins og höfum við þar með lokið rannsóknum á því sviði.

Vinnsla líffhvata úr fiskúrgangi hefur verið til athugunar um nokkurt skeið. Hefur í því sambandi mest áhersla verið lögð á vinnslu próteinkljúfandi líffhvata úr skúfum og görnum þorsks. Nú liggur fyrir aðferð til þess að vinna grófhreinsaða ensímblöndu úr þessu hráefni sem nota má í ýmsan iðnað, en mikil vinna er framundan við fullhreinsun ýmissa ensíma í blöndunni. Fullhreinsuð ensím eru eðlilega verðmætari en hálfhreinsaðar ensímblöndur. Undanfarið hafa þessar rannsóknir legið niðri vegna fjárskorts.

Á undanförnu ári hafa rannsóknir á verkun saltsíldar farið fram á Raunvísindastofnun og miða þær að því að skilja feril verkunarinnar. Fyrsta áfanga þessara rannsókna er nú senn lokið og bendir margt til þess að verkun saltsíldar verði fyrst og fremst fyrir tilstilli próteinkljúfandi ensíma úr meltingarvegi síldarinnar. Ef það reynist rétt opnast ýmsir athyglisverðir möguleikar á síldarverkun með ensímum úr síld eða þorski.

Framtíðarmöguleikar lífefnatækni á Íslandi.

Möguleikar lífefnatækninnar á Íslandi eru fjölmargir og fer fjöldi þeirra fyrst og fremst eftir hugmyndaauðgi og kunnáttu fróðra manna. Því má segja að möguleikarnir séu óteljandi og þess vegna ekki vettvangur hér til þess að tína þá alla til. Þó skal þess freistað að nefna nokkur dæmi.

Nú verður farmflytjandi að greiða eiganda vöru skaðabætur vegna þess að vara hefur skaddast eða farið forgörðum við fermingu, búlkun eða affermingu, og á hann þá endurkröfu á hendur farmsamningshafa, nema um sé að ræða sök skipstjóra eða skipshafnar við framkvæmd þess hluta verksins, sem þeim var skylt að vinna.

90. gr.

Farmsamningshafa ber að greiða öll útgjöld við framkvæmd ferða, sem ekki hvíla á farmflytjanda samkvæmt því er áður var greint.

91. gr.

Farmflytjanda er skylt að gefa úr farmskírteini fyrir vöru, sem á skip er komin, með þeim flutningsskilmálum, sem venjulegir eru í sams konar siglingum. Ef hann bakar sér með því aukna ábyrgð, ber farmsamningshafa að bæta honum þann kostnað.

92. gr.

Ekki er farmflytjanda skylt að láta skipið fara ferð, sem hættuleg er skipi eða skipshöfn, ef hann þurfti ekki að gera ráð fyrir þeirri hættu við samningsgerð. Honum er ekki heldur skylt að taka á skip eldfima muni eða muni, sem hætt er við sprengingu eða sem hættulegir eru að öðru leyti.

93. gr.

Skylt er farmflytjanda að láta skipið hefja nýja ferð, þó að henni verði ekki lokið á samningstímanum, ef tími sá sem skipið er til ráðstöfunar farmsamningshafa, lengist ekki meira við það en hóflegt má telja.

Fyrir þann tíma sem umfram verður, skal greiða sama tímagjald og í samningi er áskilið.

94. gr.

Farmgjald samkvæmt tímabundnum farmsamningi skal greiða mánaðarlega fyrirfram.

Nú tefst skip vegna aðstæðna farmflytjanda, þar á meðal vegna viðhalds á skipi eða til að bæta úr tjóni, sem ekki stafar af yfirsjón eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ber ábyrgð á, og ber þá ekki að greiða farmgjald meðan sú töf stendur yfir.

95. gr.

Ef skip týnist og ekki er vitað, hvenær slysið bar að höndum, skal greiða tímafarmgjald fyrir helming þess tíma, sem skipið hefði þurft til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar frá þeim stað, sem síðast spurðist til þess.

96. gr.

Nú er farmsamningshafa ekki fengið skip til ráðstöfunar í tæka tíð eða um annan drátt er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð, að töfin myndi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með samningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum, getur farmsamningshafi riftað samningi, nema töfin sé óveruleg.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skipið skuli vera fengið farmsamningshafa til ráðstöfunar innan tiltekins tíma, og heimilar þá sérhver dráttur riftun.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni tefjast, verður farmsamningshafi ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

97. gr.

Farmflytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem leiðir af drætti af hans hálfu eða af því að skip ferst eða er dæmt óbætandi, nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

98. gr.

Nú er tímafarmgjald ekki greitt á réttum tíma, og er farmflytjanda þá heimilt að rifta samningi og krefjast bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

99. gr.

Farmflytjandi á rétt til bóta fyrir tjón á skipi, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

100. gr.

Framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns skal farmsamningshafi inna af höndum, þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða.

Hafi skip unnið til björgunarlauna, skal endurgjald vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar, sbr. 1. mgr. 169. gr., falla til farmsamningshafa. Hlutur farmflytjanda í þeim hluta björgunarlaunanna, sem skiptast skal milli útgerðarmanns, skipstjóra og skipverja, sbr. 2. mgr. 169. gr., fellur að jöfnu til farmflytjanda og farmsamningshafa.

4. Farmskírteini.

Efni.

101. gr.

Með farmskírteini er átt við skjal, sem gefið er út af farmflytjanda eða í hans umboði, þar sem viðurkennt er, að tekið hafi verið við vöru til flutnings eða að hún sé á skip komin, þar sem tegund og magn er tilgreint, þó að því tilskyldu að skjalið sé kallað farmskírteini eða gefi til kynna, að varan verði látin af hendi gegn afhendingu skjalsins.

Í farmskírteini skal greina útgáfustað, útgáfudag og nafn farmsendanda. Í viðtökufarmskírteini skal greina viðtökustað vörunnar. Í skipsfarmskírteini skal greina nafn skipsins, þjóðerni og fermingarstað.

102. gr.

Í farmskírteini skal ennfremur greint, ef farmsendandi óskar:

1) Nánari lýsing á tegund vöru, þyngd, mál eða stykkjatala samkvæmt skriflegum upplýsingum, sem farmsendandi lætur í té.
2) Nauðsynleg auðkennismerki, eins og farmsendandi tilgreinir skriflega í upplýsingum, sem hann lætur í té áður en ferming hefst, þó að því tilskildu að þau séu greinileg á vörunni eða umbúðum hennar og verði við eðlilegar aðstæður auðlæsileg til loka ferðarinnar.
3) Ástand vöru, eftir því sem séð verður.
4) Í viðtökufarmskírteini skal grein þann dag, sem vöru er veitt viðtaka, en á skipsfarmskírteini skal greina þann dag, sem fermingu lauk.
5) Hvar afhenda eigi vöruna og hverjum.
6) Fjárhæð farmgjalds og aðrir skilmálar flutnings vöru og afhendingar.

Farmflytjandi er þó ekki skyldur til, án fyrirvara í farmskírteini, að tilgreina upplýsingar um nánari lýsingu á vöru, merki, þyngd, mál og stykkjatölu, ef hann hefur sanngjarna ástæðu til að efast um réttmæti þeirra, eða ef hann hefur ekki fengið eðlilegt færi á að kanna framangreind atriði.

103. gr.

Vörusendandi ber ábyrgð gagnvart farmflytjanda á því, að rétt sé sú tilgreining á vöru, sem skráð er í farmskírteini samkvæmt ósk hans og upplýsingum.

104. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns eða að tilvísun hans eða til handhafa. Framselja má farmskírteini, nema það sé bannað í meginmáli þess, svo sem með orðunum „ekki til framsals“, eða á annan hátt.

105. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini, sem sendandi æskir. Hvort sem eintök eru eitt eða fleiri, skal eintakatala greind í meginmáli skírteinisins. Nú eru gefin út fleiri eintök en eitt, og skulu þau þá öll vera samhljóða.

106. gr.

Nú kemur maður með farmskírteini, sem hann er rétt að kominn eftir orðum þess sjálfs eða við framsal í óslitinni röð eða við eyðuframsal og getur hann þá krafist afhendingar vörunnar.

Þó að farmskírteini hafi verið gefið út í fleiri en einu eintaki, þá nægir samt, að sá sem kallar eftir vörunni á ákvörðunarstað, sýni eitt eintak með þeirri heimild, sem í 1. mgr. segir. Utan ákvörðunarstaðar er óheimilt að láta farm af hendi, nema skilað sé aftur öllum eintökum farmskírteinisins eða trygging sett fyrir kröfum, sem eigendur þeirra kynnu að koma fram með á hendur farmflytjanda.

107. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintök af farmskírteini með heimild þeim til handa samkvæmt 106. gr., og skal þá koma farmi í örugga geymslu, á kostnað viðtakanda, og skýra þeim mönnum tafarlaust frá varðveislunni, sem eintök höfðu sýnt.

108. gr.

Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi, nema viðtakandi hafi áður komið farmskírteini í geymslu (depositum) hjá öðrum aðila og gefi sérstök viðtökuvottorð, jafnóðum og affermt er.

Þegar affermingu er lokið, skal farmskírteini afhent farmflytjanda með áritaðri viðurkenningu um viðtöku vörunnar.

109. gr.

Um ógildingu glataðs eða horfins farmskírteinis fer eftir réttarfarsreglum um ógildingu skjala, sbr. XIX. kafla l. 85/1936. Þegar stefna í ógildingarmáli hefur verið birt eða fyrr, ef heimilað er með sérstökum dómsúrskurði, getur höfðandi ógildingarmáls krafist afhendingar á farmi gegn því að sett sé trygging fyrir kröfum, sem réttur eigandi farmskírteinis kynni að öðlast á hendur farmflytjanda.

Réttarsamband farmflytjanda og viðtakanda farms.

110. gr.

Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar. Ákvæði farmsamnings, sem ekki voru sett í farmskírteinið, eru ógild gagnvart viðtakanda, nema til þeirra sé vitnað í farmskírteini.

Ekki verður viðtakandi krafinn um ógreitt aukabiðdagagjald né önnur gjöld, sem af

fermingu skipsins stafa, nema kröfunnar sé getið í farmskírteini. Nú hefur tími til fermingar og affermingar verið tiltekinn í einu lagi, og þarf viðtakandi þá ekki að hlíta því, að of langur tími hafi til fermingar gengið, nema greindur sé á farmskírteini sá tími, sem fermingin tók.

111. gr.

Farmskírteinið er sönnun þess, að farmflytjandi hafi veitt viðtöku og lestað vöru, eins og greint er í farmskírteini, nema annað sannist. Þó er gagnsönnun ekki heimil, þegar farmskírteini hefur verið framselt grandlausum þriðja manni.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig rangar upplýsingar um vöru til að losna undan ábyrgð, ef hann sá eða mátti sjá, að rangt var frá skýrt, nema hann hafi skráð um það beina athugasemd á farmskírteinið.

Ákvæði 1. mgr. gildir, ef athugasemd um, að vara sé sködduð eða óhæfilega sé um hana búið, er ekki skráð á farmskírteini, og farmflytjandi sá eða mátti sjá það.

112. gr.

Nú bíður þriðji maður tjón við að treysta réttmæti upplýsinga, sem skráðar eru á farmskírteini sem hann framvísar, og er farmflytjandi þá ábyrgur, hafi hann séð eða mátt sjá, að farmskírteinið, með þessum upplýsingum, væri villandi fyrir þriðja mann. Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 111. gr. gilda þá á sama hátt.

113. gr.

Nú er vara ekki í samræmi við lýsingu í farmskírteini, og er viðtakanda þá heimilt að krefjast þess af farmflytjanda, að hann veiti upplýsingar um, hvort sendandi hafi gefið út skaðleysisyfirlýsingu og hvert sé efni hennar.

Að öðlast rétt í grandleysi.

114. gr.

Ef einstök eintök farmskírteinis hafa verið framseld ýmsum mönnum, fær sá bestan rétt, sem fyrstur fékk grandlaus eintak í hendur. En hafi annar maður fengið vöruna afhenta á ákvörðunarstað samkvæmt sínu eintaki af farmskírteininu og þá verið grandlaus, er honum ekki skylt að láta vöruna aftur af hendi.

115. gr.

Nú hefur maður farmskírteini í höndum með þeirri heimild, sem í 106. gr. segir, og er honum þá ekki skylt að láta það af hendi við þann, sem misst hefur, ef hann hefur eignast það með framsali og verið þá grandlaus.

116. gr.

Heimild þeirri, sem seljandi kann að hafa til að stöðva afhendingu á vöru til kaupanda eða bús hans eða til að fá vöru skilað aftur, verður ekki beitt gagnvart þriðja manni, sem grandlaus hefur eignast farmskírteinið við framsal eftir þeirri heimild, sem í 106. gr. segir.

Gagnfær farmskírteini.

117. gr.

Með gagnfæru farmskírteini er átt við farmskírteini, þar sem greint er frá því, að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vörunnar einhvern hluta leiðarinnar. Ákvæðin um farmskírteini gilda eftir því sem við á, um gagnfær farmskírteini.

Nú hefur farmflytjandi gefið út gagnfært farmskírteini, og síðan verður gefið út sérstakt farmskírteini fyrir einhvern hluta af leiðinni, og skal þá farmflytjandi sjá til þess, að á það verði skráð, að varan sé flutt samkvæmt gagnfæru farmskírteini.

5. Gildissvið.

118. gr.

Eigi er heimilt með samningi að víkja frá ákvæðum 45. gr., 47. gr., 2. mgr. 48. gr., 1. mgr. 51. gr., 68.—73. gr., 102. gr., 111. gr., 112. gr., 7 tl. 215. gr. og fyrri málsliðar 216. gr. til tjóns fyrir vörusendanda, farmsamningshafa eða viðtakanda, þegar beita skal íslenskum rétti samkvæmt 119. gr. Til samnings af þessu tagi telst t. d. fyrirvari um að framselja farmflytjanda rétt til skaðabóta samkvæmt vátryggingarsamningi eða svipaðir fyrirvarar.

Ákvæði 1. mgr. stendur ekki í vegi fyrir því, að upp sé tekið ákvæði í farmsamning um sameiginlegt sjótjón, sbr. 151. gr., eða fyrirvari sé gerður um takmörkun ábyrgðar farmflytjanda um vöru áður en ferming vöru hefst eða eftir að affermingu lýkur eða um undanþágu ábyrgðar á flutningi á lifandi dýrum eða farmi, sem samkvæmt farmsamningi átti að flytja á þilfari og er raunverulega fluttur á þilfari.

Hafi verið samið um eða leiði af aðstæðum, að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vöru að nokkru eða öllu leyti, getur farmflytjandi undanþegið sig ábyrgð á tjóni eða skemmdum, sem verða á vörunni meðan hún er í vörslum hins flytjandans.

Nú er vara óvenjulegs eðlis eða ástand hennar eða aðstæður eru óvenjulegar, eða skilyrði um flutning hennar sérstök, og sanngjarnt þykir að semja um takmörkun á skyldum farmflytjanda eða aukningu á rétti hans, og er samningurinn þá gildur, svo framarlega sem ekki er gefið út farmskírteini, en skilmálarnir skráðir í viðtökuvottorð, sem ekki er viðskiptabréf og tilgreint sem slíkt.

119. gr.

Flutningur samkvæmt farmskírteini lýtur löggjöf þess ríkis, þar sem farmskírteinið er gefið út, ef það ríki á aðild að alþjóðasáttmála frá 25. ágúst 1924 um farmskírteini með viðauka frá 23. febrúar 1968 („Haag-Visby“ reglunum). Nú er farmskírteini gefið út í ríki, sem ekki á aðild að sáttmálanum, en varan er flutt frá ríki, sem aðild á að honum, og fer þá um flutninginn eftir löggjöf aðildarríkisins. Nú er farmskírteinið gefið út samkvæmt farmsamningi og gilda þá ákvæði 1. og 2. málsliðar aðeins að því leyti, sem farmskírteinið ákvarðar réttarsamband farmflytjanda og handhafa farmskírteinis.

Ákvæði þessa kafla gilda um farmflutninga í innanlandssiglingum, hvort sem farmskírteini hefur verið gefið út eða ekki.

Flutningur samkvæmt farmskírteini til hafnar hér á landi frá ríki, sem ekki á aðild að sáttmála þeim, sem um ræðir í 1. mgr., lýtur ákvæðum þessa kafla.

Heimilt er, án tillits til ákvæða þessarar greinar, að ákveða í farmskírteini, að flutningur skuli lúta reglum nefnds alþjóðasáttmála og viðauka eða löggjöf tiltekins ríkis.

V. KAFLI

Um flutning á farþegum og farangri.

1. Upphafsákvæði.

120. gr.

Með „farsala“ er í þessum kafla átt við þann, sem í atvinnuskyni eða gegn þóknun tekur að sér eftir samningi, að flytja með skipi farþega eða farþega og farangur.

Með „farþega“ er átt við mann, sem flytja á eða verður fluttur með skipi samkvæmt farsamningi, og ennfremur þann, sem með heimild farsala fylgir ökutæki eða lifandi dýri, sem háð er samningi um vöruflutning.

Með „farangri“ er átt við sérhvern hlut, þ. m. t. ökutæki, sem fluttur er í tengslum við samning um farþegaflutning, auk þeirra dýrgripa, sem greindir eru í 2. mgr. 138. gr. Með „handfarangri“ er átt við farangur, sem farþegi hefur í vörslum sínum eða í klefa sínum eða

sem hann flytur með sér í eða á ökutæki sínu. Reglur um farangur gilda ekki, ef varan er flutt samkvæmt farmsamningi eða farmskírteini eða skjali, sem notað er við vöruflutninga.

121. gr.

Með þeirri undantekningu, sem fram kemur í 127. gr. og sem leiðir af 149. og 150. gr., skal því aðeins beita ákvæðum þessa kafla, að ekki leiði annað af samningi eða venju.

122. gr.

Ákvæðum þessa kafla verður ekki beitt, ef flutningurinn er háður alþjóðasamningi um flutning með annars konar farartæki.

123. gr.

Nú fer einhver með skipi án þess að vera farþegi eða skipverji, og hann bíður bana eða tjón, eins og greint er í 137. og 138. gr., og gilda þá ákvæði þessa kafla um mótmæli og takmörkun ábyrgðar, eftir því sem við á, til hagsbóta fyrir þann, sem bótaábyrgðinni er beint að.

2. Um flutninginn.

124. gr.

Farsali skal sjá um, að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti til þess búið, að veita farþegum viðtöku og flytja þá. Farsali skal annast öruggan flutning farþegans og farangurs hans og gæta hags hans að öðru leyti á fullnægjandi hátt.

Farsala er óheimilt að flytja farangur á þilfari, nema það hafi stoð í samningi eða venju.

Ferð skal halda áfram með hæfilegum hraða. Sigling úr leið eða önnur töf er því aðeins heimil að bjarga þurfi mönnum úr lífsháska, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða af öðrum réttmætum ástæðum.

125. gr.

Ef tiltekið skip er greint í samningi, er farsala óheimilt að nota annað skip til efnda á samningnum.

126. gr.

Ef farsamningur hefur verið gerður um flutning á tilteknum manni, er honum ekki heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum. Aldrei er farþega unnt að framselja rétt samkvæmt farsamningi, eftir að ferð er hafin.

127. gr.

Skylt er farþegum að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gefin eru um góða háttsemi og reglu á skipi.

Ákvæði sjómannalaga um heimild til að grípa til ráðstafana gagnvart skipshöfninni, sem nauðsynlegar eru til að halda uppi reglu um borð, og til að taka skýrslur af þeim, taka og til farþega, eftir því sem við getur átt.

128. gr.

Farþegar mega hafa meðferðis farangur að hæfilegu marki.

Sé farþega kunnugt um, að af farangri geti stafað hætta eða verulegt óhagræði fyrir skip, mannslíf eða aðra vöru, skal hann skýra farsala frá því áður en ferð hefst. Sama gildir, ef annar farangur en handfarangur þarfnast sérstaklega gætilegrar meðferðar. Eiginleikar farangurs sem hér var lýst, skulu eftir því sem unnt er, tilgreindir á viðkomandi munum áður en ferð hefst.

129. gr.

Farsala er heimilt að synja farþega um leyfi til að taka með sér farangur, sem getur valdið hættu eða verulegum óþægindum fyrir menn, skip, eða aðra vöru, sem á skipi er.

Nú er búið að ferma þess háttar muni, sem um er rætt í 1. mgr., án þess að farsala sé kunnugt um ástand þeirra, og getur hann þá eftir atvikum, affermt þá, gert þá óskaðlega eða ónýtt þá bótalaust. Sama gildir þótt farsala hafi verið kunnugt um ástand farangurs við fermingu, ef síðar kemur í ljós, að af honum getur stafað hætta fyrir menn, skip eða aðra vöru sem á skipi er, og eigi sé verjandi að geyma farangurinn um borð.

130. gr.

Hafi farangur valdið farsala tjóni, ber farþeganum að greiða bætur, ef um er að kenna yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

131. gr.

Heimilt er farsala að halda öðrum farangri en handfarangri, sem honum hefur verið falinn til varðveislu, til þess er farþegi hefur greitt fargjaldið og andvirði þess, er hann hefur neytt á skipi á leiðinni, svo og annan kostnað, sem varð á leiðinni. Ef greiðsla er ekki innt af hendi, má fela farangur til varðveislu, svo að öruggt sé, á kostnað farþega. Heimilt er þá farsala að láta selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af farangrinum, sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði.

132. gr.

Nú gildir samningur um tiltekið skip, en það ferst eða er dæmt óbætandi, áður en ferð hefst, og fellur þá niður skylda farsala til að annast flutninginn.

Farþegi getur riftað samningi, ef brottför skips seinkar verulega frá þeim stað, þar sem það átti að hefja ferðina.

133. gr.

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi eftir að ferð er hafin, eða það verður fyrir slíkri töf á leiðinni, að þess verður ekki vænst, að farþegar bíði í skipi, og er farsala þá, á eigin kostnað, skylt að sjá þeim og farangri þeirra fyrir hæfilegu fari með skipi eða öðru flutningstæki áfram til ákvörðunarstaðar. Láti farsali hjá líða að verða við þessu innan hæfilegs frests, getur farþeginn riftað farsamningi.

Nú verður farþegi að dveljast í einhverri höfn á leið skipsins vegna sjótjóns eða annarra ástæðna, er skip varða, og skal farsali þá sjá honum fyrir fæði og gistingu við hæfi og standa straum af þeim kostnaði, sem því fylgir.

134. gr.

Ef farþegi hættir við ferðina eða fer af skipinu á leiðinni, á farsali rétt til umsamins fargjalds, nema farþegi hafi látist eða sjúkdómur eða önnur lögmæt forföll hafi hindrað för hans, enda sé farsala tilkynnt það án tafar. Frá fargjaldi skal þó draga útgjöld, sem farsali sparar sér eða hefði getað sparað sér.

135. gr.

Nú kemur í ljós, eftir að farsamningur er gerður, að farþegum eða skipi myndi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða, sjóráns eða annarrar árásar vopnaðra manna, eða hætta af þessum sökum hefur aukist til muna, og er þá bæði farsala og farþegum heimilt að rifta samningi bótalaust, þó að ferð sé hafin. Sá sem rifta vill samningi, skal tilkynna það án óþarfa tafar. Láti hann það hjá líða, skal hann bæta tjón það, sem af því leiðir.

136. gr.

Nú hefur nokkur hluti leiðar verið farinn, þegar farþegi fer frá borði vegna atvika sem honum verða ekki gefin að sök, sbr. 134. gr., eða hann riftir farsamningi samkvæmt 133. gr., eða eftir að ferð er hafin samkvæmt því sem í 135. gr. segir, og á farsali þá rétt til fargjalds eftir vegalengd samkvæmt því, sem mælt er um í 2. og 3. mgr. 79. gr.

Hafi farsali fengið greitt meira gjald en honum ber réttur til samkvæmt 1. mgr., skal hann endurgreiða það, sem umfram er.

3. Ábyrgð farsala á farþegum og farangri.

137. gr.

Farsala er skylt að bæta tjón, er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur, ef tjónið má rekja til yfirsjónar eða vanrækslu farsala sjálfs eða einhvers manns, sem hann ber ábyrgð á. Hið sama gildir um tjón, sem stafar af seinkun í sambandi við flutning á farþeganum.

138. gr.

Farsala er skylt að bæta tjón, er hlýst af því að farangur týnist eða skemmist meðan á ferð stendur, ef tapið eða tjónið hlýst af yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða einhvers manns, sem hann ber ábyrgð á. Hið sama gildir um tjón, sem hlýst af seinkun í sambandi við flutning eða afhendingu farangurs.

Farsali er ekki ábyrgur fyrir tapi eða tjóni á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum, t. d. gulli, silfri, úrum, gimsteinum, skartgripum eða listmunum, nema hann hafi tekið við þeim til öryggisgeymslu.

139. gr.

Lækka má fébótaábyrgð farsala eða fella niður, ef hann sannar, að farþeginn hafi með yfirsjónum eða vanrækslu átt einhverja sök á því tapi eða tjóni, sem greinir í 137. og 138. gr.

140. gr.

Sönnunarbyrði um það, hversu mikið tap eða tjón var eða um það, að tapið eða tjónið hafi orðið af óhappatilviljun í flutningi, hvílir á þeim sem bóta krefst.

Við lífs- eða líkamstjón ber sá sem bóta krefst, einnig sönnunarbyrði um, að tjónið hafi stafað af yfirsjónum eða vanrækslu farsala eða einhvers manns, sem hann ber ábyrgð á. Nú stafar tjón af eða er í tengslum við skipstapa, strand, árekstur, sprengingu, eldsvoða eða galla í skipinu, og ber farsali þá sönnunarbyrði um, að yfirsjónum eða vanrækslu sé ekki um að kenna.

Um tap eða tjón á handfarangri gilda ákvæði 2. mgr., eftir því sem við á. Fyrir tap eða tjón á öðrum farangri ber farsali sönnunarbyrði um, að ekki sé um að kenna yfirsjónum eða vanrækslu.

Farsali ber sönnunarbyrði um, að tjón sem stafar af seinkun ferðar, hafi ekki hlotist vegna yfirsjónar eða vanrækslu hans sjálfs eða einhvers manns, sem hann ber ábyrgð á.

141. gr.

Ábyrgð farsala skal eigi fara fram úr 100.000 SDR fyrir hvern farþega, sem hefur látist eða slasast. Ábyrgð á seinkun í sambandi við flutning farþegans skal ekki fara fram úr 2.000 SDR.

Ábyrgð farsala á tapi eða tjóni, sem hlýst af því að farangur glatast, skaddast eða kemur of seint fram, takmarkast við:

1) 1.300 SDR fyrir handfarangur hvers farþega.
2) 5.000 SDR fyrir verðmæti, sem nefnd eru í 2. mgr. 138. gr.
3) 8.000 SDR fyrir hverja bifreið, sem tapast eða skemmist.
4) 2.000 SDR fyrir tap eða tjón á farangri hvers farþega.

Takmörk fjárhæða í 1. og 2. mgr. miðast við hverja einstaka ferð.

Í ábyrgðarfjárhæðum, sem greindar eru í 1. og 2 mgr., eru ekki meðtaldir vextir eða málskostnaður.

Verðmæliseiningin SDR er sú reiknieining, sem greinir í 177. gr.

Með samningi er farþega og farsala heimilt að hækka ábyrgðarmörk þau, sem greinir í 1. og 2. mgr.

142. gr.

Frá tjóni er hlýst, getur farsali dregið allt að:

1) 150 SDR fyrir hverja bifreið, sem tjón verður á.
2) 20 SDR fyrir tap eða tjón á öðrum farangri hvers farþega.
3) 20 SDR fyrir hvern farþega vegna tjóns, sem hlýst af seinkun.

143. gr.

Farsala er óheimilt að takmarka ábyrgð sína samkvæmt 141. gr. eða draga frá tjóni fjárhæð samkvæmt 142. gr., ef það sannast, að farsali hafi sjálfur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og mátti vera ljóst, að slíkt tjón myndi sennilega hljótast af.

144. gr.

Ákvæðin um mótmæli farsala og takmörk ábyrgðar hans eiga einnig við, þótt krafan gegn honum sé ekki byggð á farsamningi.

145. gr.

Nú annast annar en farsali flutninginn að nokkru eða öllu leyti og er farsali engu að síður ábyrgur, sem hann hefði sjálfur annast flutninginn. Ákvæði þessa kafla skulu þó gilda, eftir því sem við á.

Við flutning sem fram fer með skipi, er sá sem annast flutninginn, ábyrgur eftir sömu reglum og farsali fyrir þeim hluta flutnings, sem hann annast. Samningur sem felur í sér að farsali taki á sig ríkari ábyrgð en í kafla þessum er ákveðin, er ekki bindandi fyrir þann sem annast flutninginn, nema hann hafi samþykkt rýmkun ábyrgðarinnar.

Farsali og sá sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., bera óskipta ábyrgð.

146. gr.

Ákvæðin um mótmæli og takmörkun ábyrgðar gilda, eftir því sem við á, um þann sem farsali ber ábyrgð á samkvæmt 171. gr. og 1. mgr. 145. gr. Samtala þeirra skaðabótafjárhæða, sem farsali og þeir menn, sem hann ber ábyrgð á, verða skyldaðir til að greiða, má ekki fara fram úr þeim ábyrgðarmörkum, sem ákveðin eru fyrir farsalann. Sérhver þeirra er aðeins ábyrgur að því marki, sem gildir fyrir hann.

Eigi getur sá borið fyrir sig ákvæði 1. mgr., sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, og mátti vera ljóst, að slíkt tjón myndi sennilega hljótast af.

147. gr.

Hafi farþegi beðið líkamstjón eða annað tjón vegna seinkunar í sambandi við flutning, getur einungis farþeginn sjálfur borið fram kröfu til bóta af þeim sökum, eða sá sem öðlast hefur réttarstöðu hans.

Skaðabótakröfu vegna andláts farþega getur sá einn borið fram, sem tekur við réttindum hins látna, eða þeir sem voru á framfæri hans.

148. gr.

Mál vegna flutnings farþega eða farangurs má aðeins sækja fyrir:

1) Dómstóli á þeim stað, sem stefndi á heimili eða hefur aðalstarfsstofu.
2) Dómstóli á brottfararstað eða ákvörðunarstað samkvæmt farsamningi.
3) Dómstóli í ríki því, sem stefnandi á heimili, enda hafi stefndi starfsstofu þar og unnt sé að lögsækja hann í því ríki.
4) Dómstóli í ríki því, sem farsamningurinn var gerður í, enda hafi stefndi starfsstofu í því ríki og unnt sé að lögsækja hann þar.

Eftir að tjón er orðið, sem ágreiningi veldur, geta þó aðilar samið um annað varnarþing en í 1. mgr. greinir, eða vísað málinu í gerð.

4. Ýmis ákvæði.

149. gr.

Fyrirfram má ekki semja um frávik frá reglunum í 130.—148. gr. svo og 3.—5. tl. 215. gr. farþegum í óhag.

150. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 149. gr. er farsala heimilt, við farþegaflutning, að áskilja sér að vera laus við ábyrgð áður en að því kemur, að farþegi stígi á skipsfjöl og eftir þann tíma, að hann er farinn frá borði. Þó gildir þetta ekki, ef um flutning á sjó milli skips og lands er að ræða og þessi flutningur er innifalinn í fargjaldinu eða flutningurinn fer fram með farartæki, sem farsali leggur til.

Farsali getur undanþegið sig ábyrgð á handfarangri, sem ekki er í eða á meðfylgjandi ökutæki, áður en hann kemur um borð og eftir að hann er farinn frá borði, þó ekki ef um flutning á sjó milli skips og lands er að ræða, eins og greinir í 1. mgr., eða fyrir þann tíma, sem farangurinn er í vörslum farsala, en farþeginn er staddur á hafnarbakka, í farþegastöð eða í öðrum hafnarmannvirkjum.

Nú á tiltekinn flutningsaðili, annar en farsali, að annast hluta flutningsins samkvæmt farsamningnum og getur farsali þá undanþegið sig ábyrgð á tapi eða tjóni, sem hlýst á þeim hluta leiðarinnar, sem annar flutningsaðili annast.

Farsala er ávallt heimilt að undanþiggja sig ábyrgð á lifandi dýrum, sem eru flutt sem farangur.

VI. KAFLI

Um sjótjón.

151. gr.

Hafi eigi verið samið á annan veg, gilda York-Antwerpen reglurnar frá 1974 um alla þætti sameiginlegs sjótjóns.

Samgönguráðuneytið lætur gera handhæga útgáfu af reglum þessum, eins og þær eru á hverjum tíma, í íslenskri þýðingu.

152. gr.

Hafi eigi verið samið á annan veg, fer fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fram á þeim stað, sem útgerðarmaður velur.

Niðurjöfnun sjótjóna annast löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóna eða, ef þess er alls ekki kostur, tveir dómkvaddir menn. Ágreining um réttmæti niðurjöfnunar má bera undir dómstóla.

153. gr.

Tjón á skipi og farmi, sem bæta skal í sameiginlegu sjótjóni, skulu meta þeir menn, sem skipaðir eru eftir ákvæðum 20. gr. Sömu menn skulu meta verðmæti skips og farms til framlags í sameiginlegu sjótjóni.

154. gr.

Útgerðarmaður eða sá sem annast rekstur skips í umboði hans, getur farið þess á leit, að sameiginlegu sjótjóni verði jafnað niður. Hafi slík beiðni eigi komið fram innan tveggja vikna frá því að útgerðarmanni eða umboðsmanni hans barst áskorun um það frá einhverjum þeim, sem lögmætra hagsmuna hafa að gæta vegna sjótjónsins, getur hagsmunaeigandinn sjálfur farið þess á leit, að sjótjóni verði jafnað niður.

155. gr.

Hver sá sem sjótjónið snertir, er skyldur til að láta í té allar upplýsingar, skjöl og önnur sönnunargögn, sem löggiltur niðurjöfnunarmaður eða dómkvaddir niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

156. gr.

Sjótjónsframlag af hálfu farms eða annarrar vöru ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim einum, en ekki með öðrum eignum.

Eigi má afhenda farm, sem er í ábyrgð fyrir sjótjónsframlagi, fyrr en sjótjónsframlag er greitt eða fullnægjandi trygging fengin fyrir greiðslu.

157. gr.

Nú verður tjón á skipi eða öðrum munum eða kostnaður, sem stafar af óhappi á ferð og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns né skipað er fyrir um með sérstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameignlegt sjótjón, og skal það þá sem einkasjótjón, koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fémuni, sem kostnaðurinn reis af, og skal þar þá farið, svo sem verða má, eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður af björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af munum þeim, sem bjargað varð.

Um niðurjöfnun einkasjótjóns fer eftir ákvæðum 152. gr., ef einhver krefst þess, sem hlut á að máli.

VII. KAFLI

Um tjón af árekstri o. fl.

158. gr.

Ef tjón verður á skipi, öðrum fjármunum eða á mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlaust.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að réttri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema mannsbani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá er skaðabótaréttinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefur af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að réttri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrétt á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut. Sá sem endurkröfu er beint til, getur beitt fyrir sig þeim rétti til undanþágu frá bótaskyldu eða þeim rétti til takmörkunar á bótaábyrgð, sem hann gæti borið fyrir sig gagnvart tjónþola samkvæmt lögum eða samningi, sem ekki girðir fyrir ábyrgð umfram það, sem segir í 68., 70. og 137.—143. gr. eða í samsvarandi ákvæðum í rétti þess lands, sem ræður réttarstöðu hans gagnvart tjónþola.

159. gr.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

160. gr.

Ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að annar hvor aðila hafi átt sök á honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

161. gr.

Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er einnig skipstjórum að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sé ætlað að fara.

162. gr.

Það sem fyrir er mælt í 158.—161. gr. um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip með siglingu sinni eða á líkan hátt, veldur tjóni á öðru skipi eða á mönnum eða fjármunum sem á því eru, þótt ekki hafi skip rekist á.

VIII. KAFLI

Um björgun.

163. gr.

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum, skipum eða fjármunum sem á skipi eru úr hættu, verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

164. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefur eða er statt í hættu, eða fjármunum sem á því eru, eða nokkru af því skipi eða þeim fjármunum, og hver sá sem veitir að björguninni, á rétt til björgunarlauna. Sá sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í hættu þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rétt á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og réttmætu banni þess sem hefur stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rétt á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip sem bjargaði, sé eign sama manns, sem hitt, er bjargað var.

Nú hefur einhver tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipið kemst í hættu, og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú sem hann veitir, hafi farið fram úr því sem honum bar skylda til, samkvæmt því er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Eigandi farms eða muna sem til farms hafa talist, ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum sem björgun tekur til, en ekki með öðrum eignum.

165. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Í fyrsta lagi:
   a) að hve miklu leyti björgunin tókst
   b) verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn beittu við björgunina, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið
   c) hættu þeirrar, sem skipið er bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða fjármunir, sem á skipinu voru
   d) hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eignum þeirra var stofnað í
   e) áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt
   f) skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru
   g) hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar.
2. Í öðru lagi verðmætis þess, sem bjargað var. Nú var skip það, er bjargað var, eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli, og skal þá þessara atriða einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna:
   a) að hve miklu leyti björgunin tókst
   b) tíma þess og fyrirhafnar, sem til björgunarinnar var varið
   c) tilkostnaðar þess og fjártjóns, sem björgunarmenn hafa haft, og skal þá sérstaklega við það miðað, að þeir, sem að björgun veita, bíði eigi fjártjón við að hverfa frá öðrum verkefnum til björgunarinnar
   d) hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar.

Nú kemur í ljós, að björgunarmaður átti sjálfur sök á hættu þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefur orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á fjármunum þeim sem bjargað var, og má þá lækka eða fella að fullu niður björgunarlaun þess manns.

166. gr.

Ekki má ákveða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum, svo og kostnaði við geymslu þess, virðingargerð og sölu.

Í björgunarlaunum felst einnig þóknun fyrir að flytja fjármuni þá sem bjargað var á tryggan stað, svo og þóknun fyrir afnot farartækja og annarra tækja, sem notuð voru til þess.

167. gr.

Ef björgunarsamningur hefur verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðila sem er, krefjast þess að dómur ógildi samninginn eða breyti honum, ef telja verður að skilmálar hans séu ósanngjarnir.

Rétt er og dómi að ógilda björgunarsamning eða breyta honum ávallt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðili sem á var hallað krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 165. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefur verið gerður um björgun.

Mál til ógildingar björgunarsamnings eða til breytingar á honum skal höfða innan þriggja mánaða frá því að samningurinn var gerður.

168. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skiptingu björgunarlauna, þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atriða, sem talin eru í 165. gr.

169. gr.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum, sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar, sem af björgunarstarfinu leiddu. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun samkvæmt 3. málsgrein.

Því sem þá er eftir af björgunarlaununum, skal skipt þannig, að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg, að skipstjóri fái einn þriðja hluta, en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja, sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því sem bjargar, fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar, þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum, þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut, skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörfin, t. d. náð þar sérstaklega ríkum árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukaþóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum, verður hann að hlíta því, að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður, ef nægar ástæður eru, og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi, skal útgerðarmaður senda hverjum þeim, sem á hlutdeild í þeim björgunarlaunum, tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu þeirra. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

Samningsákvæði, sem mæla fyrir um, að skipstjóri eða skipshöfn skulu hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. málsgrein mælir fyrir um, skulu vera ógild, nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip, sem sérstaklega var búið til björgunar, eða samningurinn var gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinnar björgunaraðgerðar.

170. gr.

Björgunarmenn geta krafist þess, að skip eða aðrir fjármunir sem bjargað var, verði eigi færð á brott, áður en þeim hafa verið greidd björgunarlaunin að fullu eða fullnægjandi trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra.

IX. KAFLI

Um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar.

1. Ábyrgð útgerðarmanns á öðrum.

171. gr.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu í starfi hjá skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum, sem starfa í þágu skips.

Nú hefur útgerðarmaður greitt bætur af þessum sökum og getur hann þá endurkrafið þann er valdur var að tjóninu, um bótaupphæðina, að því marki, sem lög heimila.

2. Slys á skipverjum.

172. gr.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum, hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana, né heldur yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi, sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum, er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr., sem hér segir:

1. Dánarbætur:
   a) kr. 265.000 við andlát, er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Með „maka" er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar,
   b) mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í 3 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar,
   c) mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. sömu greinar.
2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar og nema ¾ þeirrar fjárhæðar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið,
   b) kr. 875.000 við algera varanlega örorku en hlutfallslega lægri upphæð við minni varanlega örorku.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næst lægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrep), talið frá 1. júlí 1983, og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

3. Um heimild til takmörkunar ábyrgðar.

173. gr.

Útgerðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína eftir reglum þessa kafla. Sömu heimild hefur eigandi skips (sem ekki er útgerðarmaður), afnotahafi, farmsamningshafi, umráðamaður (disponent) og hver sá, sem starfar í beinu sambandi við björgun skips, þ. m. t. störf sem getið er í 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 174. gr.

Þeir menn sem útgerðarmaður eða aðrir, sem nefndir eru í 1. mgr. bera ábyrgð á, svo sem sjálfstæðir verktakar ef því er að skipta, geta einnig takmarkað ábyrgð sína samkvæmt reglum þessa kafla.

Sá sem tekur að sér að tryggja gegn ábyrgð á kröfu, sem sætir takmörkun ábyrgðar, hefur sömu heimild til að takmarka ábyrgðina og hinn tryggði sjálfur.

174. gr.

Heimild til takmörkunar á ábyrgð er fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir, að því er varðar kröfur sem snerta:

1) tjón á mönnum eða munum, þegar tjónið verður um borð í skipinu eða í beinum tengslum við rekstur skipsins eða björgun,
2) tjón er hlýst af seinkun flutninga með farm, farþega eða farangur þeirra,
3) tjón er hlýst af skerðingu réttinda utan samninga, enda eigi tjónið rót sína að rekja til reksturs skipsins eða til björgunar,
4) það, að skipi er lyft af hafsbotni, það flutt brott, eyðilagt eða gert óskaðlegt, eftir að það hefur sokkið, strandað, verið yfirgefið eða er orðið að flaki, og á þetta einnig við um það, sem er eða hefur verið um borð í slíku skipi,
5) brottflutning farms, eyðileggingu hans eða það, að farmur er gerður óskaðlegur,
6) úrræði sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka tjón, sem ella hefði sætt takmörkun á ábyrgð og ennfremur tjón, sem hlýst af slíkum úrræðum.

Eigi sá sem ábyrgur er gagnkröfu á hendur kröfuhafa og báðar kröfurnar stafa af sama atburði, nær takmörkun ábyrgðar aðeins til þess hluta aðalkröfu, sem fer fram úr gagnkröfunni.

175. gr.

Réttur til að takmarka ábyrgð nær ekki til:

1) kröfu um björgunarlaun, framlag til sameiginlegs sjótjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða, sem greind eru í 4., 5. eða 6. tl. 1. mgr. 174. gr.,
2) kröfu vegna tjóns eða útgjalda af því tagi, sem nefnt er í alþjóðasamningi frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. l. 14/1979,
3) kröfu, sem háð er alþjóðasamningi eða landslögum, sem kveða á um eða banna takmörkun ábyrgðar á tjóni af völdum kjarnorku,
4) kröfu vegna tjóns af völdum kjarnorku, er stafar frá kjarnorkuknúnu skipi,
5) kröfu vegna tjóns á mönnum eða munum er þeir verða fyrir, sem ráðnir eru hjá manni, sem greint er frá í 1. mgr. 173. gr., og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig, að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum, sem ráðnir eru í skipsrúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti, sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr., takmarkist hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við fjárhæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr. þeirrar greinar,
6) kröfu um vexti og málskostnað.

176. gr.

Þeim sem ábyrgð ber er óheimilt að takmarka ábyrgð sína, ef það sannast, að hann hafi sjálfur valdið viðkomandi tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og að honum hafi mátt vera ljóst að slíkt tjón myndi sennilega hljótast af.

4. Upphæð takmörkunarfjárhæða.

177. gr.

Þegar krafa rís vegna þess að farþegi skipsins andast eða slasast, eru ábyrgðarmörkin 46.666 SDR, sem margfölduð eru með hæstri leyfilegri farþegatölu samkvæmt vottorðum skipsins, þó að hámarki 25 milljón SDR.

Vegna annarra krafna, sem rísa út af líkamstjóni, eru ábyrgðarmörkin 333.000 SDR. Fyrir skip sem stærri eru en 500 rúmlestir hækka ábyrgðarmörkin sem hér segir:

1) fyrir hverja lest frá 501 að 3000 lestum, um 500 SDR;
2) fyrir hverja lest frá 3.001 að 30.000 lestum, um 333 SDR;
3) fyrir hverja lest frá 30.001 að 70.000 lestum, um 250 SDR, og
4) fyrir hverja lest umfram 70.000 lestir, um 167 SDR.

Ábyrgðarmörk fyrir allar aðrar kröfur, svo og þann hluta krafna sem ekki fæst greiddur samkvæmt 2. mgr. eru 167.000 SDR. Fyrir skip stærri en 500 rúmlestir hækka ábyrgðarmörkin sem hér segir:

1) fyrir hverja lest frá 501 að 30.000 lestum, um 167 SDR;
2) fyrir hverja lest frá 30.001 að 70.000 lestum, um 125 SDR, og
3) fyrir hverja lest umfram 70.000 lestir, um 83 SDR.

Ábyrgðarmörkin í 1.—3. mgr. gilda fyrir samtölu allra krafna, sem rísa vegna eins og sama atburðar gagnvart útgerðarmanni, eiganda, afnotahafa, farmsamningshafa og umráðamanni (disponet), auk þeirra manna sem þeir bera ábyrgð á.

Nú athafna björgunarmenn sig ekki frá skipi eða þeir athafna sig eingöngu frá því skipi sem björgunin tekur til, og miðast þá ábyrgðarmörkin við 1500 lestir. Ábyrgðarmörkin gilda fyrir samtölu allra krafna, sem rísa vegna eins og sama atburðar gagnvart björgunarmönnum og þeim, sem þeir bera ábyrgð á.

Fyrir skip, sem notuð eru í opinberri þágu og í tilgangi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, skulu ábyrgðartakmörkin aldrei miðast við minna en 5.000 lestir og ekki er þá unnt að takmarka ábyrgð á tjóni, sem stafar af sérstökum eiginleikum eða notkun skipsins. Þetta gildir þó ekki um skip, sem einkum eru notuð í sambandi við björgun.

Þar sem nefnd er lestatala skips, er átt við brúttórúmlestir, sem reiknaðar eru eftir alþjóðlegum reglum um mælingu skipa. Með SDR er átt við þá alþjóðlegu verðmæliseiningu (sérstök dráttarréttindi), sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar. Reikna skal verðmæliseiningu þessa til íslensks gjaldeyris eftir gengi þann dag sem sett er trygging fyrir ábyrgð, eða, ef trygging hefur ekki verið sett, eftir gengi þann dag er greiðsla fer fram. Nú er stofnaður takmörkunarsjóður samkvæmt þessum kafla, sbr. og X. kafla, og skal þá umreiknun miðuð við gengi þann dag er sjóðurinn var stofnaður, nema áður hafi verið sett trygging fyrir ábyrgð.

5. Skipting takmörkunarfjárhæðanna.

178. gr.

Sérhver fjárhæð sem sætir takmörkun ábyrgðar, skiptist milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

Nú hrekkur fjárhæð, samkvæmt 2. mgr. 177. gr. ekki til að fullnægja kröfum þeim sem þar greinir, og skal þá fullnægja þeim hluta krafnanna, sem ekki fæst greiddur að réttri tiltölu við aðrar kröfur, af þeirri takmörkunarfjárhæð, sem greinir í 3. mgr. 177. gr.

Sá sem greitt hefur kröfu að nokkru eða öllu leyti áður en takmörkunarfjárhæðum er deilt niður, gengur inn í rétt kröfuhafa til að fá fullnægju að tiltölu við greidda fjárhæð.

Nú sýnir einhver fram á, að hann verði síðar nauðbeygður til að greiða kröfu að nokkru eða öllu leyti og að hann gangi þar með inn í rétt kröfuhafa til fullnægju og má þá ákveða í dómi að haldið skuli eftir nægilegri fjárhæð, þannig að hann geti síðar fengið kröfu sinni fullnægt samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.

6. Vernd gegn lögsókn með stofnun takmörkunarsjóða.

179. gr.

Nú er óskað kyrrsetningar hér á landi, mál er höfðað eða annarra réttaraðgerða er óskað vegna kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar, og má þá stofna takmörkunarsjóð, sbr. nánar ákvæðin í X. kafla.

Sjóðurinn telst stofnaður fyrir alla þá sem geta borið fyrir sig sömu ábyrgðartakmörkun, og til greiðslu á öllum kröfum, sem ábyrgðartakmörkunin tekur til.

Eftir að takmörkunarsjóður, sem nefndur er í 1. mgr. hefur verið stofnaður, er ekki unnt að höfða hér á landi sérstakt mál vegna kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar, eða um það, hvort þeir menn sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir, hafi rétt til ábyrgðartakmörkunar.

Um takmörkunarsjóði vísast að öðru leyti til X. kafla laganna.

180. gr.

Nú er krafa borin fram við takmörkunarsjóð, sem stofnaður er samkvæmt 179. gr., sbr. X. kafla, eða samkvæmt sambærilegum reglum í öðru ríki, sem er aðili að alþjóðasáttmála frá 19. nóvember 1976 um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns, og er þá ekki unnt að framkvæma kyrrsetningu, fjárnám eða aðra sambærilega réttarathöfn í skipi eða öðrum eignum neins þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir og rétt eiga til ábyrgðartakmörkunar. Eftir að takmörkunarsjóður hefur verið stofnaður hér á landi er ekki unnt að fá kyrrsetningu framkvæmda né aðför eða aðra sambærilega réttarathöfn í skipi eða eignum neins þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir og sem rétt eiga til ábyrgðartakmörkunar, fyrir kröfum, sem beint er gegn sjóðnum, sbr. þó 2. mgr. 182. gr. Nú hefur kyrrsetning verið framkvæmd í skipi eða annarri eign, eða trygging verið sett til að afstýra kyrrsetningu og skal þá fella kyrrsetningu niður eða leysa tryggingu.

Eftir að stofnaður hefur verið takmörkunarsjóður í öðru ríki, sem aðili er að alþjóðasáttmála þeim sem nefndur er í 1. mgr., getur dómstóll hafnað beiðni um kyrrsetningu eða fjárnám, sbr. þó 2. mgr. 182. gr. Hafi verið framkvæmd kyrrsetning eða trygging verið sett til að afstýra kyrrsetningu, má fella kyrrsetninguna niður eða leysa tryggingunа. Beiðni um kyrrsetningu skal vísa frá, kyrrsetning sem framkvæmd er eftir stofnun takmörkunarsjóðsins skal felld niður eða leysa skal tryggingu, sem sett hefur verið til að afstýra slíkri kyrrsetningu, ef sjóðurinn er stofnaður:

1) á hafnarstað þeim, sem krafan varð til vegna atburðar er þar gerðist, eða, hafi atburðurinn ekki gerst í höfn, á fyrsta hafnarstað sem skipið kom til eftir að atburðurinn gerðist.
2) á lendingarstað, ef um kröfu vegna lífs- eða líkamstjóns er að ræða,
3) á affermingarstað, ef krafan stafar af spjöllum á farmi.

Reglurnar í 1. og 2. mgr. gilda eftir því sem við á, ef sýnt er fram á að takmörkunarsjóður, sem stofnaður hefur verið í ríki sem á ekki aðild að alþjóðasáttmála þeim sem um getur í 1. mgr., er sambærilegur við takmörkunarsjóð, sem greint er frá í 179. gr.

Ákvæði 1.—3. mgr. eiga því aðeins við að kröfuhafi hafi borið kröfu fram gegn sjóðnum með formlega réttum hætti, að unnt sé að ganga að sjóðnum og að ráðstafa megi úr honum til að greiða kröfuna.

181. gr.

Nú er framkvæmd kyrrsetning, enda þótt stofnaður hafi verið takmörkunarsjóður, og skal þá höfða kyrrsetningarmálið fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur.

Nú er synjað um kyrrsetningu eða hún felld niður vegna þess að stofnaður er takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. og skal þá í staðfestingarmáli kveða á um lögmæti umbeðinnar kyrrsetningar og hugsanlegar skaðabótagreiðslur vegna kyrrsetningarbeiðninnar.

7. Takmörkun ábyrgðar án þess að stofnaður sé takmörkunarsjóður.

182. gr.

Enda þótt ekki hafi verið stofnaður takmörkunarsjóður, getur sá sem ábyrgð ber, borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar. Fyrir dómi verða þá aðeins teknar til greina þær kröfur, sem bornar hafa verið fram í málinu. Að kröfu þess sem ábyrgð ber, skal taka upp í dóminn fyrirvara um að aðrar kröfur sem lúta sömu ábyrgðarmörkum, skuli reiknast með við takmörkun ábyrgðarinnar.

Fullnægja má dómi samkvæmt 1. mgr. eftir almennum réttarfarsreglum þar að lútandi. Hafi fyrirvari, sem nefndur var í 1. mgr., verið tekinn upp í dóminn og stofnaður hefur verið

takmörkunarsjóður áður en liðinn er hæfilegur tími til að fullnægja hefði mátt dómnum, gilda ákvæði 180. gr. þó, eftir því sem við á.

8. Gildissvið.

183. gr.

Ákvæðin í 173.—182. gr. eiga alltaf við, þegar útgerðarmaður eða annar sem til þess hefur heimild, ber fyrir sig takmörkun ábyrgðar fyrir íslenskum dómstóli. Varðandi kröfu, sem nefnd er í fyrri málslið 5. töluliðs 175. gr., skal þó, við ákvörðun þess, hvort ábyrgð sé takmörkuð og þá hver ábyrgðarmörkin séu, beita lögum þess ríkis, sem eiga við um viðkomandi starfs- eða þjónustusamning, ef hlutaðeigandi ríki er aðili að alþjóðasáttmála þeim, sem um getur í 1. mgr. 180. gr.

Ákvæðin í 173.—182. gr. standa ekki í vegi fyrir því að öðrum lagaákvæðum sé beitt, er veita heimild til að lækka ábyrgð tjónvalds gagnvart tjónþola.

X. KAFLI

Um takmörkunarsjóði.

184. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda um takmörkunarsjóði, sem stofnaðir eru samkvæmt 179. gr.

Takmörkunarsjóð skal varðveita í Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka í Reykjavík, sem hann ákveður.

185. gr.

Takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. skal ávallt nema fullri takmörkunarfjárhæð samkvæmt 177. gr., fyrir þeim kröfum, sem takmörkun ábyrgðar lýtur að og stafa af sama atburði. Sjóðurinn skal ennfremur taka til vaxta af takmörkunarfjárhæðinni frá því að atburður varð og fram til sjóðsstofnunarinnar, með fjárhæð, sem svarar til almennra forvaxta (diskonto) á hverjum tíma að viðbættum 2% p. a.

186. gr.

Sá er setur fram beiðni um stofnun takmörkunarsjóðs, skal leggja fram til vörslu sjóðsfjárhæðina, sbr. 185. gr., í reiðufé eða setja aðra nægilega tryggingu fyrir henni. Jafnframt ber honum að tilkynna Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr., um alla þá sem ætla má að leggja muni fram kröfu gegn sjóðnum, ásamt greinargerð um ástæður að baki sjóðsstofnuninni.

187. gr.

Með dómi verður úrskurðað um upphæð framlags úr sjóðnum og ennfremur, hvort tekin sé til greina trygging, sem kann að verða boðin fram.

Ákveða skal í dómi, hvort jafnframt skuli sett trygging fyrir viðbótarfjárhæð, sem bætast kann við kostnað, er stafar af umsjón með sjóðnum, þ. m. t. málskostnaður, og til að standa undir hugsanlegum vaxtakröfum. Einungis er unnt að krefjast tryggingar á vöxtum, sem áfallnir eru eftir stofnun sjóðsins.

Nú kemur fram í úrskurðinum, að fjárhæðir samkvæmt 185. gr. hafi verið geymslu-tryggðar í reiðufé, sbr. lög um geymslufé nr. 9 frá 5. maí 1978, eða að önnur nægileg trygging hafi verið sett, og telst sjóðurinn þá stofnaður við uppkvaðningu úrskurðarins. Annars telst sjóðurinn stofnaður, þegar dómari staðfestir með áritun á úrskurðinn, að greiðsla hafi farið fram eða trygging verið sett. Afrit úrskurðar skal þá þegar afhent Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka, sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr.

Dómari getur með síðari úrskurði hækkað tryggingunna fyrir viðbótarfjárhæðinni samkvæmt 185. gr.

188. gr.

Dómari skal án tafar senda tilkynningu um sjóðsstofnunina til Lögbirtingablaðsins, þar sem lýst sé eftir að hugsanlegir kröfuhafar gefi sig fram innan tiltekins innköllunarfrests, sem sé eigi skemmri en 2 mánuðir, og lýsi þar kröfu í sjóðinn. Í innkölluninni skal vakin athygli á efni 3. mgr. 179. gr. og 196. gr.

Innköllunin skal ennfremur birt í öðrum fjölmiðlum, eftir því sem dómurinn ákveður, og einnig skal, ef ástæða er til, birta hana í öðru ríki, þar sem tjón hefur orðið. Sérstaka innköllun skal senda í ábyrgðarbréfi öllum kröfuhöfum, sem vitað er um.

189. gr.

Sá sem lýsir kröfu, skal láta dómara í té nauðsynlegar upplýsingar um kröfuna, þ. á m. á hverju krafan sé byggð og upphæð hennar, og hvort hún sé eða hafi verið andlag sérstakrar málssóknar.

190. gr.

Um kröfur, sem ekki hafa verið tilkynntar dómara áður en skipting sjóðsins er tekin til ákvörðunar fyrir dómi, gilda ákvæði 196. gr.

191. gr.

Dómari getur með úrskurði, gefið sjóðinn lausan, enda sé þá lýsingarfrestur liðinn og samþykki liggi fyrir frá stofnanda sjóðsins og kröfuhöfum lýstra krafna.

192. gr.

Að loknum lýsingarfresti ber dómara, eftir beiðni þess, sem stofnaði sjóðinn eða þess, sem tryggir gegn áhættunni eða þess, sem kröfu á til greiðslu úr sjóðnum, að kveðja þá aðila, er málið snertir, saman til þinghalds, til að fjalla um ábyrgðargrundvöllinn, um rétt til ábyrgðartakmörkunar svo og um fjárupphæðir, sem nefndar eru í 185. gr., og kröfur, sem lýst hefur verið.

193. gr.

Í dómi skal tekin afstaða til mótmæla, sem fram koma gegn rétti til ábyrgðartakmörkunar, gegn upphæð sjóðsins eða gegn kröfu, sem lýst hefur verið.

194. gr.

Eftir lok lýsingarfrests er dómara heimilt að ákveða, að fram skuli fara bráðabirgðaúthlutun.

195. gr.

Þegar öll ágreiningsmál eru til lykta leidd, skal dómarinn úthluta sjóðnum samkvæmt 178. gr.

Úthluta skal sjóðnum og viðbótarfjárhæðinni, þó svo að ekki liggi fyrir réttur til ábyrgðartakmörkunar. Samkvæmt beiðni getur dómari kveðið upp dóm fyrir þeim hluta af kröfunni, sem ekki fæst greiddur af sjóðnum.

196. gr.

Þegar dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi, verða allar ákvarðanir dómsins varðandi takmörkunarrétt, upphæð sjóðsins, lýstar kröfur og skiptingu sjóðsins skuldbindandi fyrir alla þá, sem eiga kröfu gegn sjóðnum, án tillits til þess, hvort kröfunni hafi verið lýst í sjóðnum.

XI. KAFLI

Um sjóveðrétt o. fl.

1. Sjóveðréttur og önnur réttindi í skipum.

197. gr.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóðveðrétti í skipi:

1) Laun og önnur þóknun, sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð.
2) Bætur fyrir lífs- eða líkamstjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins.
3) Bætur fyrir eignartjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins, enda sé bótakrafan eigi byggð á samningi.
4) Björgunarlaun, bætur fyrir að fjarlægja skipsflak og framlög til sameiginlegs sjótjóns.
5) Skipagjöld.

Sjóveðréttur stofnast, hvort heldur sem krafan beinist að útgerðarmanni viðkomandi skips, eiganda þess, afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamanni (disponent).

Sjóveðréttur stofnast um leið og krafa sú, sem honum er ætlað að tryggja.

198. gr.

Sjóveðréttur í skipi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum í því.

Kröfum sem sjóveðréttur fylgir, skal fullnægja í þeirri röð tölulíða, sem þær eru taldar í 1. mgr. 197. gr., og þær sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnréttháar sín í milli. Þó skulu þær kröfur sem taldar eru í 4. tölulið 1. mgr. 197. gr., ganga fyrir öðrum kröfum sem áður hafa stofnast, og af þeim kröfum sem taldar eru í 4. tölulið, ganga yngri kröfur fyrir eldri.

199. gr.

Sjóveðréttur helst áfram í skipi, að undanskildum tilvikum þeim sem í 202. gr. greinir, þó að eignarréttur yfir því færist til annarra eða breyting verði á skráningu þess. Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips, hafi áskilnaði um sjóveðrétt eigi verið þinglýst innan tíu vikna frá því að krafa stofnast. Við þinglýsingu skal kröfuhafi gera grein fyrir fjárhæð kröfu sinnar eftir því sem unnt er, ásamt öðrum þeim atriðum sem máli skipta.

Nú hefur skip verið framselt við frjálst afsal til erlends aðila og það hefur í för með sér, að veðréttur fyrir kröfu, sem framseljandi var ekki persónulega ábyrgur fyrir, fellur niður eða nýtur lakari forgangs, og verður þá framseljandi persónulega ábyrgur fyrir kröfunni allt að verðmæti veðsins.

200. gr.

Sá sem hefur smíðað skip eða framkvæmt viðgerð á því, getur beitt haldsrétti til tryggingar kröfu sinni vegna smíðinnar eða viðgerðarinnar, enda hafi hann vörslu skipsins.

Haldsréttur tekur ekki til kröfu eða þess hluta kröfu sem ágreiningur er um, ef haldsréttarþoli setur bankatryggingu eða aðra sambærilega tryggingu fyrir greiðslu kröfunnar, eins og hún verður úrskurðuð eða dæmd.

Haldsréttur víkur fyrir sjóveðréttindum í skipi, en gengur fyrir skráðum veðréttindum og öðrum eignarhöftum.

201. gr.

Sjóveðréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs frá því að krafa stofnaðist.

202. gr.

Nú fer fram nauðungarsala á skipi hér á landi, og falla þá niður sjóveðréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

Nú er skip dæmt óbætandi, og getur þá eigandi krafist þess að það verði selt á opinberu uppboði eftir reglum réttarfarslaga, með þeim afleiðingum, að sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft falla niður.

Við skiptingu söluandvirðis víkja sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu fyrir kostnaði þeim, sem dómur hefur úrskurðað vegna kyrrsetningarinnar eða fjárnámsins og nauðungarsölunnar. Sjóveðhafar eiga heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

Nú fer nauðungarsala á skipi fram í erlendu ríki, og falla þá sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu niður, að því tilskildu að skipið sé statt í hlutaðeigandi ríki á þeim tíma sem salan fer fram, og að salan hafi farið fram í samræmi við löggjöf þess ríkis.

203. gr.

Sjóveð í skipi nær einnig til skipsbúnaðar. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

2. Sjóveðréttur í farmi.

204. gr.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í farmi:

1) Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns svo og til kostnaðar sem jafnað er niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.
2) Kröfur sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum, er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hafa gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjaldskröfur þeirra ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði á farmi. Ennfremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru, sem seld var í þágu annarra farmeigenda.
3) Kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, sem af því stafar að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

205. gr.

Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær eru taldar í 204. gr. Kröfur sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnréttháar, en þó því aðeins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama atburði, ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

206. gr.

Sjóveðréttur í farmi fellur niður, þegar vara hefur verið afhent. Svo er og, ef varan er seld á nauðungaruppboði eða seld á ferð í þágu skips eða farms.

Sá sem án leyfis kröfuhafa afhendir vöru, sem honum er kunnugt um eða mátti vera kunnugt um að sjóveð hvílir á, ábyrgist kröfuna persónulega, allt að verðmæti veðsins. Hafi viðtakandinn ekki verið persónulega ábyrgur fyrir kröfunni gildir hið sama um hann, ef honum var kunnugt um kröfuna þegar varan var afhent.

Sá sem afhendir vöru, er sjóveð fyrir framlagi til sameiginlegs sjótjóns hvílir á, verður þó ekki persónulega ábyrgur fyrir þessari kröfu, hafi eigandi vörunnar ábyrgst kröfuna persónulega og sett fullnægjandi tryggingu fyrir henni, sbr. 2. mgr. 156. gr.

207. gr.

Sjóveðréttur í farmi fyrnist á einu ári frá því að krafa stofnast, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn áður en sá tími er úti.

3. Ýmis ákvæði.

208. gr.

Samningsbundinn veðréttur í erlendu skipi er viðurkenndur gildur hér á landi, ef:

1) Veðrétturinn hefur stofnast og er skráður í samræmi við löggjöf þess ríkis, sem skipið er skráð í.
2) Skráin og skjöl þau sem varðveita á, eru aðgengileg fyrir almenning og afla má endurrits skrárinnar og afrits þessara skjala á þeim stað og
3) Skráin eða nefnd skjöl hafa upplýsingar að geyma um:
   a) Nafn veðhafa og heimilisfang eða hvort veðbréf sé gefið út til handhafa.
   b) Fjárhæðina, sem veðrétturinn á að tryggja.
   c) Dagsetning og önnur atriði, sem samkvæmt lögum í skráningarlandinu segja til um forgang veðréttarins gagnvart öðrum skráðum veðréttindum.

Eignaréttur að og veðréttur í skipi sem er í byggingu erlendis, er viðurkenndur gildur hér á landi, svo framarlega sem réttindin eru skráð í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem skip er byggt.

209. gr.

Sá sem hefur fleiri veð fyrir kröfu sinni en eitt, getur gengið að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Nú hefur hann í einu veðinu leitað sér lúkningar á meira fé en mundi koma á það veð að réttri tiltölu, og getur þá sá eigandi sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi sem fékk veð sitt svo rýrt, að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.

210. gr.

Við framsal eða önnur eigendaskipti að kröfu sem tryggð er með sjóveðrétti, flyst sjóveðrétturinn til hins nýja kröfuhafa.

211. gr.

Sjóveðréttur nær ekki til krafna til skaðabóta fyrir missi eða tjón á skipi eða farmi. Hið sama gildir um kröfur samkvæmt vátryggingarsamningi.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 197. gr. skal þó einnig ná til vátryggingarfjár skips.

212. gr.

Mál til fullnustu kröfu sem tryggð er með sjóveðrétti í skipi, má hvort heldur sem er höfða gegn eiganda skips eða skipstjóranum.

Mál til fullnægingar á sjóveðréttindum í farmi má höfða gegn skipstjóranum. Útgerðarmaður eða sá sem útgerðarmaður hefur fengið skipið í hendur til siglinga fyrir eigin reikning, getur þó ekki höfðað þess háttar mál gegn skipstjóranum.

213. gr.

Ákvæði 197.—203. gr. og 209.—212. gr. gilda í öllum tilvikum, þar sem sjóveðrétti, annars konar veðréttindum eða öðrum eignarhöftum í skipi er haldið fram fyrir íslenskum dómstóli, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Löggjöf þess ríkis sem skip er skráð í, gildir
a) um innbyrðis röð veðréttinda í erlendu skipi, sem viðurkennd eru samkvæmt 208. gr., og um áhrif þeirra gagnvart þriðja manni, og
b) um lögbundin eignarhöft í skipi, sem standa að baki skráðum veðréttindum.

Ákvæði 2. mgr. gilda, eftir því sem við á, um skip í smíðum. Innbyrðis röð milli haldsréttar og annarra eignarhafta í skipi í smíðum ræðst af löggjöf þess ríkis sem skip er smíðað í.

214. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur sem mæli fyrir um, að fullkomnar heimildir um öll skráð eignarhöft í skipum, þ. á m. skipum í smíðum, sem skráð eða skráningarskyld eru hér á landi, séu varðveittar á einum stað, og um skyldu viðkomandi embættismanna til að skila heimildunum á þann stað.

XII. KAFLI

Fyrning á sjókröfum.

215. gr.

Kröfur þær er hér verða taldar falla niður vegna fyrningar, ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim sem sjótjóni jafna niður, ef krafa varðar sjótjónið innan þeirra tímamarka sem hér segir:

1) Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því er björgunarstarfi lauk.
2) Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi sem greint er í 162. gr.: innan tveggja ára frá því að atburður sá gerðist, sem tjóni olli.
3) Skaðabótakrafa samkvæmt fyrri málslið 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþegi yfirgaf skip, eða hafi andlát borið að höndum meðan á ferð stóð, frá þeim degi er farþegi átti að yfirgefa skip. Hafi andlát borið að höndum eftir að farþegi yfirgaf skip, miðast fyrningarfrestur við tvö ár frá dánardægri, en getur þó aldrei verið lengri en þrjú ár frá þeim degi er farþegi yfirgaf skip.
4) Skaðabótakrafa eftir 138. gr.: innan tveggja ára frá því, að farangur var fluttur í land, eða, hafi farangur glatast, frá því að hann hefði átt að vera fluttur í land.
5) Skaðabótakrafa eftir síðari málslið 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþeginn yfirgaf skip.
6) Skaðabótakrafa út af því að vöru var skilað án þess að farmskírteini væri framvísað eða henni var skilað til rangs móttakanda: innan eins árs frá því er vöru bar að skila eða frá því er henni var skilað, ef það gerist síðar.
7) Skaðabótakrafa eftir 68. gr. eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því að vöru var skilað eða henni bar að skila.
8) Krafa um framlag til sameiginlegs sjótjóns eða til kostnaðar, sem jafna skal niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.
9) Krafa sem sætir takmarkaðri ábyrgð samkvæmt 173. gr.: innan þriggja ára frá því að hún féll í gjalddaga.
10) Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 199. eða 206. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

216. gr.

Endurkröfur, er stofnast í tengslum við kröfur samkvæmt 2., 6. og 7. tölulið 215. gr. falla niður vegna fyrningar innan eins árs frá því að greiðsla fór fram eða lögsókn hófst til

heimtu greiðslunnar. Fyrningarfrestur endurkröfu, er stofnast í tengslum við skaðabótakröfu vegna tjóns á mönnum samkvæmt 2. tölulið 215. gr., hefst þó í fyrsta lagi þann dag, er skaðabótakrafan var greidd.

217. gr.

Ógildir eru samningar, sem mæla fyrir um, að kröfur þær sem taldar eru í 215. gr. skuli ekki fyrnast eða að þeim skuli fylgja lengri fyrningarfrestur en þar er boðinn.

218. gr.

Þegar mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli, skal ávallt farið eftir íslenskum lögum um það, hverjar athafnir rifta fyrningu, svo og um önnur atriði sem varða fyrningu á sjókröfum.

XIII. KAFLI

Um sjópróf o. fl.

219. gr.

Sjópróf skal halda:

1) Þegar maður, sem ráðinn er til starfa á skipi, hefur andast um borð, horfið eða orðið fyrir meiri háttar líkamstjóni, er skipið var statt utan íslenskrar hafnar.
2) Þegar maður, sem er á skipi en eigi ráðinn í þjónustu þess, hverfur af skipi, drukknar eða verður fyrir meiri háttar líkamstjóni, er skipið er statt utan hafnar eða skipalægis.
3) þegar skip hefur farist, árekstur hefur orðið með skipum, ásigling eða strand átt sér stað, skip hefur laskast að mun eða valdið umtalsverðu tjóni á verðmætum utan skips, svo og þegar skip hefur verið yfirgefið í hafi eða lent í bráðri hættu, svo sem þegar sprenging eða eldsvoði verður um borð, þegar farmur hefur færst verulega úr stað eða aðrar sambærilegar hættur ber að.

220. gr.

Sjópróf skal haldið, ef Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega, enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en tilgreind eru í 219. grein.

Siglingamálastofnun ríkisins eða Rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess, að sjópróf séu haldin vegna slysa sem verða á erlendum skipum, ef slys verður í íslenskri landhelgi, sbr. 1. gr. l. 41/1979, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Skal þá utanríkisráðuneyti gert viðvart um fyrirhugað sjópróf.

Nú verður slys eða tjón í ferð erlends skips, sem snertir verulega hagsmuni íslenskra aðila, án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við, og geta þá Siglingamálastofnun ríkisins eða Rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að sjópróf séu haldin, ef skipið er statt í íslenskri höfn.

Þegar skip, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., er statt í íslenskri höfn, geta Siglingamálastofnun ríkisins eða Rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess, að skipið fái eigi tollvegabréf, fyrr en sjópróf hefur verið haldið.

221. gr.

Tilgangur sjóprófs er að leiða í ljós svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir, sem máli skipta í því sambandi, þ. m. t. upplýsingar um allt það, er varðar mat á haffærni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna.

Dómari sá sem stjórnar sjóprófi, getur leitað aðstoðar lögreglu og/eða Rannsóknarlögreglu ríkisins við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem tilefni gefst til.

222. gr.

Hafi sá atburður sem tilefni gaf til sjóprófs orðið meðan skip lá í höfn, eða fyrst komið í ljós þar, skal sjópróf haldið á þeim stað. Hafi atburður orðið meðan skip var í hafi, skal sjópróf að jafnaði haldið þar sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, sbr. þó 227. gr. Þó má fresta sjóprófi þar til skip eða áhöfn koma til annars staðar, ef við það sparast tími eða fé eða það hefur í för með sér umtalsvert hagræði, og ekkert mælir því í gegn. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar sem hagkvæmast þykir. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri skulu þá þegar tilkynna Siglingamálastofnun eða eftirlitsmanni hennar um þessa ráðstöfun.

223. gr.

Sjópróf skulu hér á landi fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi. Erlendis eru sjópróf haldin hjá þeim dómstól eða yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, eða ræðismanni Íslands, ef hann hefur vald til þess. Ef sjópróf fer fram fyrir erlendum dómstól eða yfirvaldi, skal hinum næsta íslenska ræðismanni tilkynnt um það, þannig að hann geti verið viðstaddur. Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um sjópróf, hvort sem hann hefur haldið það sjálfur eða átt þess kost að vera viðstaddur, en skýrslan skal síðan send Siglingamálastofnun ríkisins.

224. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá til þess, að sjópróf sé haldið svo skjótt sem auðið er. Hafi skip horfið eða megi ætla, að öll áhöfn þess hafi farist, hvílir þessi skylda á útgerðarmanni.

Hafi atburður sá sem er tilefni sjóprófs orðið meðan skip var í höfn, skal beiðni um sjópróf borin fram innan 48 stunda rúmhelgra daga.

Til sjóprófs, sem haldið er hér á landi, skal eftir föngum, boða þá sem vitað er eða sem ætla má að hafi verulegra hagsmuna að gæta vegna þess atburðar sem var tilefni sjóprófsins.

225. gr.

Skriflegri beiðni um sjópróf skal fylgja nákvæmt eftirrit eða skýrt ljósrit af því, sem skráð er í skipsbækur um viðkomandi atburð, og skrifleg skýrsla um atburðinn. Skýrslu þessari skal ef ástæða er til, fylgja uppdráttur af aðstæðum öllum og útsetning í sjókort í stærsta mælikvarða. Einnig skal fylgja listi yfir áhöfn skips og þá menn sem ætla má, að geti gefið upplýsingar sem að gagni koma, og ef því verður við komið, upplýsingar um þá sem hagsmuna hafa að gæta. Framangreind gögn skulu hafa borist dómara degi áður en sjópróf hefst, nema dómari heimili styttri fyrirvara. Viðkomandi skipsbækur (frumgerð og hreinskrift, ef því er að skipta) skulu sýndar við upphaf sjóprófs. Dómur metur að öðru leyti hverra gagna skuli aflað, svo sem um starfsréttindi og lögskráningu skipshafnar.

226. gr.

Þegar sjópróf fer fram hér á landi, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra, skipverja og önnur vitni og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til, að millilíðalaus hljóðritun sé notuð.

Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Dómari rannsakar eftir föngum öll þau atriði er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv.

Í tengslum við sjópróf getur dómurinn skoðað skip eða framkvæmt aðra þá skoðun, sem nauðsyn ber til.

Þegar halda skal sjópróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunar ríkisins í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæður til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga nr. 52/1970 um eftirlit með skipum. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

Það sem í grein þessari segir um eftirlitsmann Siglingamálastofnunar ríkisins, skal einnig eiga við um fulltrúa Rannsóknarnefndar sjóslysa (sbr. 45. gr. l. 52/1970).

Að sjóprófi loknu skal dómari senda ríkissaksóknara, Siglingamálastofnun ríkisins og Rannsóknarnefnd sjóslysa eftirrit af því.

227. gr.

Nú er sjópróf haldið vegna árekstrar milli skipa og skal þá leitast við að skýrslur, sem snerta bæði eða öll skipin, séu teknar á sama stað og á sama tíma, eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins, og getur hún frestað sjóprófi af þessum sökum.

Ef sjópróf eru ekki haldin samtímis, getur dómari að beiðni útgerðarmanns þess skips, sem fyrr er tekið til meðferðar í sjóprófi, úrskurðað að sjópróf verði haldið fyrir luktum dyrum og án aðgangs annarra en fulltrúa hins opinbera og útgerðarmanns skipsins. Ef sjópróf er haldið fyrir luktum dyrum, skal því sem þar kemur fram, haldið leyndu, þar til haldið hefur verið sjópróf vegna hins skipsins. Fram til þess tíma hafa aðeins þeir sem fengu að vera viðstaddir, heimild til þess að kynna sér framburð, framlögð skjöl og skipsbækur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um árekstur við erlent skip og skal þá önnur rannsókn lögð að jöfnu við sjópróf að því er varðar hið erlenda skip. Ekki skal halda sjópróf nema Siglingamálastofnun krefjist þess eða útgerðarmaður samþykki, þegar skip hefur lent í árekstri við erlent skip, sem ekki er skylt að láta halda sjópróf samkvæmt reglum heimalands þess. Skal útgerðarmaður án tafar tilkynna Siglingamálastofnun um áreksturinn. Samgönguráðuneyti getur sett reglur um það til hvaða erlendra skipa þetta ákvæði nái.

228. gr.

Nú hefur sjópróf þegar farið fram, en síðar koma fram nýjar upplýsingar sem miklu skipta, eða í ljós kemur, að mikilvægar upplýsingar skortir, og geta þá Siglingamálastofnun, Rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri krafist þess, að sjópróf verði haldið að nýju.

229. gr.

Samgönguráðherra getur veitt undanþágu frá skyldu til að halda sjópróf eða frestað því, ef talið er, að annars konar en sambærileg rannsókn muni koma að sömu notum.

230. gr.

Samgönguráðherra getur skipað sérstaka nefnd til að rannsaka sjóslys, ef sérstaklega ríkar ástæður mæla með því, t. d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenju umfangsmikil, einkum ef ætla má, að þörf sé samvinnu sérfræðinga á fleiri sviðum. Hafi sjópróf eigi þegar farið fram, má þá láta það niður falla. Formaður nefndarinnar skal ætíð vera embættisdómari eða lögfræðingur með embættisgengi til dómarastarfa og sérþekkingu í sjórétti, ef kostur er, en aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir hver á sínu sviði.

Nefnd sem skipuð er eftir því sem segir í 1. mgr., skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið, og um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf, hvort fundir hennar séu opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar séu veittar um framvindu rannsóknar. Haft skal samráð við Siglingamálastofnun ríkisins og Rannsóknarnefnd sjóslysa (sbr. 45. gr. l. 52/1970) við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað, svo og Rannsóknarlögreglu ríkisins, er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig getur nefndin leitað álits eða aðstoðar sérfræðinga eða rannsóknarstofnana í þágu rannsóknar máls.

Kostnaður vegna rannsóknar máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi nefndar eftir þessari grein.

231. gr.

Rannsóknarnefnd, sem starfar eftir ákvæðum 230. gr., skal að rannsókn lokinni, semja ítarlega skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar og skal þar m. a. einkum greint frá sönnuðum eða líklegum orsökum tjóns.

Skýrslu rannsóknarnefndar skal skilað til samgönguráðuneytis. Þeim sem hagsmuna hafa að gæta, er heimilt að fá endurrit skýrslunnar. Samgönguráðuneytið getur birt skýrsluna opinberlega ef nægar ástæður, svo sem almannahagsmunir, mæla með því.

XIV. KAFLI

Um lausn ágreiningsefna.

232. gr.

Samgönguráðherrra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi, er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af lögskiptum eða stöðu manna, sem lög þessi taka til, ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess, og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða (eða alla) aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur, skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

XV. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

233. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 8. gr., varðar það sektum.

234. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur sem skylt er að halda, varðveislu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.

235. gr.

Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 19. gr. um flutning sjómanna o. fl. varðar það sektum.

236. gr.

Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu, þegar honum er það skylt samkvæmt 224. gr., varðar það sektum eða varðhaldi.

237. gr.

Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum, sem um ræðir í 161. og 162. gr., þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum, varðar það sektum eða varðhaldi.

238. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Ef skipstjóri neytir áfengis eða fíkniefna með þeim hætti, að hann reynist ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt, varðar það sektum eða varðhaldi.

Í refsidómi samkvæmt 1. og 2. mgr., má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum, eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórnarréttindum tímabundið og tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögu og sérstakar ástæður mæla með því, getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórnarréttindum ævilangt getur samgönguráðherra, með sama skilorði og fyrr greinir, veitt honum aftur rétt til skipstjórnar, þegar a. m. k. þrjú ár eru liðin frá dómsuppsögu.

Áfrýjun dóms frestar ekki framkvæmd réttindasviptingar. Nú telur meirihluti dómenda í sjóprófi, að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar og að brýna nauðsyn beri til þeirrar sviptingar og getur hann þá svipt hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða með úrskurði, en dómstóll sá, er fer með viðkomandi refsimál, getur þó hvenær sem er hrundið þeirri ákvörðun hans, þannig að skipstjóri haldi réttindum sínum þar til dómur gengur.

Hafi meirihluti dómenda í sjóprófi eigi beitt fyrrgreindri heimild sinni, hefur viðkomandi dómstóll heimild til að ákvarða réttindasviptingu til bráðabirgða með sama skilorði og fyrr greinir.

Hafi skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum til bráðabirgða samkvæmt því sem fyrr segir, skal ákveðið í dómi hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

239. gr.

Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 233.—238. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.

240. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna, sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.

241. gr.

Vanræki útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi samkvæmt 2. mgr. 172. gr., varðar það sektum og varðhaldi, ef um ítrekað brot er að ræða.

Ef útgerðarmaður, í merkingu laga þessara, er ekki einstaklingur, eiga refsiákvæði 1. mgr. þessarar greinar við um framkvæmdastjóra viðkomandi útgerðarfyrirtækis.

242. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum þessa kafla skulu lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar áður en málshöfðun er ákveðin.

XVI. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

243. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin siglingalög nr. 66 frá 31. desember 1963 ásmt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði í lögum, sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Með fjárkröfur, sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara, skal farið eftir fyrirmælum siglingalaga nr. 66 frá 31. desember 1963 ásamt síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almenn atriði.

I.

Þann 8. september 1981 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd „til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga“: Pál Sigurðsson, dósent, (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Emil Pál Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf Stefánsson, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Þórhall Helgason, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda). Þann 15. október 1981 var Jón H. Magnússon, lögfræðingur (tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna farmskipaeigenda) skipaður í nefndina og sömuleiðis, þ. 19. nóvember 1981, Guðmund Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands). Þann 16. mars 1982 skipaði síðan samgönguráðherra Viðar Má Matthíasson, hdl., (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands) í nefndina í stað Emils Páls Jónssonar, sem beðist hafði lausnar frá nefndarstörfum.

Í febrúarmánuði 1983 létu þeir Guðmundur Hallvarðsson og Þórhallur Helgason af störfum í nefndinni eftir eigin ósk og sökum þess að þeir töldu, að hagsmunir þeirra samtaka sem tilnefndu þá í nefndina, krefðust þess ekki, að þeir störfuðu þar áfram, eftir að samningu frumvarps til nýrra sjómannalaga væri lokið. Frá sama tíma hefur Hjalti Steinþórsson, hdl., lögmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, setið nefndarfundi í stað Ingólfs Stefánssonar.

Við skipun framangreindra nefndarmanna var m. a. leitast við að gæta þess, að í nefndinni ættu sæti fulltrúar hinna helstu hagsmunasamtaka eða hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi.

Samgönguráðuneytið hafði frumkvæðið að almennri endurskoðun sjómannalaga og siglingalaga, en ósk um endurskoðun gildandi reglna um veikinda- og slysatilfelli sjómanna og um líf- og öryggistryggingu þeirra, höfðu borist ráðuneytinu frá samtökum sjómanna og útvegsmanna.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, að ráðuneytinu sé ljóst, að hér sé um mikið og tafsamt verk að ræða, sem taka muni nokkurn tíma, en þó sé þess óskað að nefndin hraði störfum. Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefnið hefur verið ítarlega rætt, og leitað víða fanga um heimildir, íslenskar jafnt sem erlendar, auk þess sem samráð hefur verið haft við marga aðila, íslenska og erlenda. Hefur nefndin leitast við að hraða störfum sínum, en rétt þótti, vegna þess hve verkefni hennar er margslungið, viðamikið og vandmeðfarið, að nefndarmenn einbeittu sér að endurskoðun gildandi sjómannalaga, nr. 67/1963, áður en tekist væri að fullu á við heildarendurskoðun gildandi siglingalaga nr. 66/1963, enda þótt jafnframt væri á sama tíma safnað mörgum heimildum varðandi það efni og endurskoðun þeirra laga undirbúin að öðru leyti. Var frumvarpi til nýrra sjómannalaga skilað til samgönguráðherra þ. 31. janúar 1983 og hefur nefndin síðan unnið að endurskoðun siglingalaga og birtist árangur þeirrar starfsemi í þessu frumvarpi.

II.

Á síðasta áratug 19. aldar eignuðust Norðmenn, Svíar og Danir samræmda siglingalöggjöf, sem var árangur norrænnar samvinnu á því sviði. Var þar tvímælalaust um mjög vandaða löggjöf að ræða, enda störfuðu að lagasmíðinni margir merkir sjóréttarfræðingar og sérfróðir fulltrúar hagsmunasamtaka á viðskiptasviði eða í siglingastarfsemi. Norrænu siglingalögin voru á sínum tíma, — og eru reyndar enn, — einn merkasti áfanginn á sviði hinnar norrænu samvinnu um löggjafarmálefni, sem verið hefur við lýði, að vísu með nokkrum hléum, allt frá miðri 19. öld og er nú haldið uppi með umsjá og fyrir hvatningu Norðurlandaráðs.

Á þessu tímabili hafa a. m. k. allar meiriháttar breytingar, sem orðið hafa á siglingalögum Norðurlandaþjóðanna, — annarra en Íslendinga, — verið undirbúnar í samstarfi milli þessara þjóða og er reyndar fyrir löngu komið nokkuð fast form á þetta samstarf. Sérstakar siglingalaganefndir, — oftast all fjölmennar, — hafa starfað í hverju landi fyrir sig, en síðan hafa þessar nefndir haldið sameiginlega fundi öðru hvoru, en formenn og ritarar (eða framkvæmdastjórar) norrænu nefndanna hittast þó miklu oftar til skrafs og ráðagerða. Engin sameiginleg allsherjarnefnd hefur þó verið sett á stofn hina síðari áratugi, svo sem hins vegar var gert þegar tekið var að undirbúa samningu norrænu siglingalaganna á sínum tíma. Nefndirnar hafa ekki starfað stöðugt, heldur hafa þær verið kvaddar saman eða verið „endurvaktar“, þegar tilefni hefur verið til endurskoðunar siglingalaga eða tiltekinna þátta þeirra, t. d. vegna nýrra alþjóðasáttmála á sjóréttarsviði, — þ. e. þegar samræma þurfti innanríkisrétt efni þeirra sáttmála, svo að viðkomandi þjóðir gætu gerst fullgildir aðilar að sáttmálunum.

Íslendingar tóku ekki þátt í starfi hinnar samnorrænu nefndar, sem árið 1883 var skipuð til að vinna að undirbúningi nýrra og samræmdra siglingalaga meðal Norðurlandaþjóða, og lágu raunar til þess augljósar ytri ástæður. Skömmu eftir að stjórn Íslandsmála fluttist inn í landið, var þó farið að huga að setningu íslenskra siglingalaga, en fram til þess tíma giltu hér að mestu úrelt ákvæði Jónsbókar, hinnar fornu lögbókar Íslendinga, um siglingar og siglingamálefni, — einkum ákvæði í svokölluðum Farmannalögum Jónsbókar, — og voru þau að sjálfsögðu algerlega ófullnægjandi eftir að siglingastarfsemi tók að þróast hér að nokkru marki. Árið 1913 voru sett siglingalög (nr. 63 þ. á.), sem að öllu verulegu leyti voru samin að fyrirmynd hinna norrænu siglingalaga, og voru flest ákvæði þeirra raunar bein þýðing samsvarandi ákvæða dönsku siglingalaganna. Þessum lögum var síðan breytt nokkuð

á næsta ári og þá gefin út í heild sem lög nr. 56/1914, sem síðan voru í gildi um hart nær hálfrar aldar skeið.

III.

Ljóst er, að siglingar eru alþjóðleg starfs- og viðskiptagrein, sem tekur stöðugum breytingum, m. a. vegna tækniframfara og nýjunga í viðskiptaháttum. Slíkri þróun fylgja hins vegar ætíð ný eða nýstárleg lögfræðileg vandamál, sem verður að bregðast við með fullnægjandi löggjafarbreytingum meðal siglingaþjóða. Nú um meira en aldar skeið hefur mjög gætt alþjóðlegrar samræmingar varðandi siglingalöggjöfina eða einstaka þætti hennar og verið stofnað til fjölmargra þjóðréttarlegra sáttmála á því sviði. Lengi vel hafði „Alþjóðasiglinganefndin" (CMI) forgöngu í þeim efnum, sbr. t. d. merka alþjóðasáttmála um árekstur skipa, björgun, sameiginlegt sjótjón og farmsamninga, auk alþjóðlegra siglingareglna fyrr á tíð, en á síðari árum hefur „Alþjóðasiglingamálastofnunin" (IMCO) haft forgöngu um nýjar og bættar reglur um allt, sem snertir öryggi skipa og mannslífa á hafinu, um varnir gegn mengun sjávar o. m. fl. „Alþjóðasiglinganefndin" „lifir" þó enn og starfar að ýmsum merkum málum á sjóréttarsviði, þ. á m. að undirbúningi alþjóðlegra sáttmála. Á síðustu árum hefur einnig sérstök stofnun eða nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem á að vinna að alþjóðlegri samræmingu viðskiptareglna, „UNCITRAL", beitt sér fyrir gerð nýrra alþjóðlegra reglna í tengslum við farmsamninga, nánar tiltekið um farmskírteini, eins og vikið verður að síðar.

Hafa Norðmenn, Danir og Svíar tekið mikinn þátt í þessu alþjóðasamstarfi og á síðari árum hafa fulltrúar þessara þjóða haft veruleg áhrif á gerð og efni ýmissa alþjóðasáttmála í sjórétti. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki beitt sér fyrir eða tekið þátt í samstarfi við aðrar Norðurlandaþjóðir um samræmingu siglingalaga, en nefnd sú sem þetta frumvarp samdi, hafði þó óformlegt samstarf við norrænu siglingalaganefndirnar, fyrir milligöngu norsku nefndarinnar, og bárust þaðan fjölmörg og mikilvæg gögn og upplýsingar. Hvað varðar alþjóðlega samræmingu á þeim sviðum, er Alþjóðasiglingamálastofnun lætur fyrst og fremst til sín taka, og um „lögleiðingu" þess háttar reglna hér á landi, hafa íslensk stjórnvöld hins vegar ekki látið sinn hlut eftir liggja.

IV.

Þrátt fyrir mikla þróun í siglingastarfsemi og siglingatækni, sem orðið hefur það sem af er þessari öld, stóð meginstofn íslensku siglingalaganna í sinni upprunalegu mynd allt frá 1914 til 1963, er gerðar voru talsverðar breytingar á lögunum og þau síðan gefin út sem l. nr. 66/1963.

Að frátöldum ýmsum smærri breytingum, sem hér verða ekki tíundaðar, er helst að geta þess, að allmargar greinar voru skornar frá stofninum árið 1930, en þær síðan „gróðursettar" á nýjan leik í formi nýrrar og sjálfstæðrar löggjafar, þar sem ýmsar efnislegar breytingar urðu einnig frá því sem áður var. Er þar átt við sjómannalögin nr. 41/1930. Í hinum samræmdu norrænu siglingalögum, frá því laust fyrir síðustu aldamót, voru mjög mörg og ítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna, bæði skipstjóra og annarra skipverja, og voru þessi ákvæði-í sjálfu sér merk nýmæli á sínum tíma. Á þriðja áratug þessarar aldar voru þessi lagaákvæði flest hver numin á brott úr norrænum siglingalögum og urðu þá til sjálfstæð sjómannalög, sem unnin voru í norrænni samvinnu. Með setningu sjómannalaga nr. 41/1930 fylgdu Íslendingar fordæmi norrænna grannþjóða sinna að þessu leyti, án þess þó að þar væri haft formlegt samstarf við erlenda aðila. (Sjómannalögunum var síðan mikið breytt árið 1963 og voru þau þá endurútgefin sem l. nr. 67 það ár). Með öðrum lögum frá sama ári, þ. e. l. 40/1930, voru jafnframt gerðar nokkrar aðrar breytingar á siglingalögunum, sem taldar

voru nauðsynlegar í tengslum við tilkomu sérstakra sjómannalaga, og með l. 30/1936 voru einnig gerðar nokkrar breytingar á og viðaukar við ákvæði siglingalaga um sjóveðrétt.

Árið 1948 var skipuð nefnd til þess að endurskoða þágildandi siglingalöggjöf. Höfðu þá nýlega verið skipaðar nefndir í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð til að endurskoða tiltekin atriði í siglingalöggjöf þessara þjóða, og mátti gera ráð fyrir, að sú endurskoðun yrði umfangsmikil áður en lyki, en þessar norrænu nefndir höfðu, svo sem fyrr segir, samráð sín á milli um lagastarf þetta. Ekki þótti ástæða til þess, að íslenska nefndin hefði beint samstarf við hinar norrænu nefndirnar, svo sem með því að sækja sameiginlegar ráðstefnur þeirra. Á hinn bóginn taldi nefndin rétt að bíða og sjá, hverju fram yndi um störf hinna erlendu nefnda, enda þótti sjálfsagt, að íslenska siglingalöggjöfin yrði ekki slitin úr tengslum við aðra norræna siglingalöggjöf. M. a. af þessum sökum dróst á langinn, að íslenska nefndin skilaði frumvarpi sínu og var frumvarp nefndarinnar ekki flutt á Alþingi fyrir en árið 1958, að frumkvæði samgönguráðherra, og síðan endurflutt, en ekki varð það að lögum fyrr en árið 1963, en þá var meginmál hinna nýju laga fellt inn í siglingalögin nr. 56/1914 og lögin, svo breytt, gefin út sem lög nr. 66 það ár, sem nú eru í gildi.

Með breytingunum, sem gerðar voru 1963, var m. a. loksins leitast við að samræma lögin ýmsum alþjóðasáttmálum á sviði siglinga, sem gerðir höfðu verið allt frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar, án þess þó að íslenska ríkið væri aðili að þeim. Við þessa endurskoðun var einnig haft mið af breytingum, sem gerðar höfðu verið á norrænni siglingalöggjöf.

Árið 1968 gengu í gildi lög, sem heimiluðu ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel árið 1957, en jafnframt var ákvæðum siglingalaga um takmörkun ábyrgðar breytt til samræmis við sáttmálann, sbr. l. 14/1968. Í því sambandi skal tekið fram, að sáttmálinn frá 1957 er eini alþjóðlegi sáttmálinn á hinu einkaréttarlega sviði sjóréttarins, sem Íslendingar eiga aðild að, (ef frá er skilið olíutjón frá olíuflutningaskipum). Á ákvæðunum um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns var síðan einnig gerð sérstæð breyting með l. 58/1972 og l. 108/1972, sbr. síðari breytingu með l. 25/1977, en að því verður nánar vikið síðar í greinargerð þessari.

Af nýlegum lögum um siglingamálefni, sem sum hver byggjast á eldri stofni, má nefna, að á árinu 1970 voru sett ítarleg lög um skráningu og mælingu skipa og um eftirlit með skipum, sbr. einnig lög um Siglingamálastofnun ríkisins frá sama ári. Einnig má minna á allítarleg lagaákvæði frá svipuðum tíma um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og um skyld efni. Fyrir frumkvæði siglingamálastofnunar hefur íslenska ríkið einnig á síðari árum gerst aðili að ýmsum alþjóðlegum sáttmálum, sem snerta varnir gegn mengun sjávar í tengslum við siglingar, og hafa verið sett lög hérlendis af því tilefni. Hinar alþjóðlegu siglingareglur hafa einnig verið endurskoðaðar með hæfilegu millibili og „lögleiddar hér“, og fleira mætti telja.

V.

Skömmu fyrir 1960 fóru stjórnvöld í Noregi, Danmörku og Svíþjóð að huga að gagngerri endurskoðun siglingalöggjafar viðkomandi þjóða og höfðu fulltrúar þessara þjóða síðan samvinnu um þá endurskoðun. Var hér um að ræða „endurvakningu“ á samstarfi hinna norrænu siglingalaganefnda, sem þá mun hafa legið niðri um nokkra hríð. Voru siglingalög Norðurlandaþjóðanna þvínæst endurskoðuð og endurunnin lið fyrir lið og breytingatillögurnar síðan lögfestar í áföngum og tók þetta að sjálfsögðu allnokkur ár, enda mjög til undirbúningsvinnunnar vandað. Í Noregi voru t. d. fyrstu breytingarnar lögfestar árið 1964, en heildarendurskoðun norsku siglingalaganna í þeim áfanga lauk síðan með lögum, sem sett voru 1974, þannig að þessar löggjafarbreytingar stóðu þar yfir í nærfellt einn áratug. Svipað er að segja um Dani, Svía og Finna. Voru hinir einstöku meginátangar breytinganna gjarna lögfestir á svipuðum tíma í þessum löndum — þótt ekki væri það algilt, — og þegar á heildina er litið má segja, að þessar þjóðir hafi fylgt sömu stefnu varðandi

endurskoðun hvers þáttar fyrir sig enda þótt fullkomin samræming hafi ekki náðst, enda var sjálfsagt ekki að því marki stefnt.

Óhætt er að fullyrða að á þessum árum voru norrænu siglingalögin endurskoðuð frá grunni, þótt breytingar á einstökum köflum yrðu mismiklar, og fjölluðu ýmsir hinir hæfustu sjóréttarfræðingar þeirra þjóða um þetta verkefni. Fylgja mjög ítarlegar greinargerðir, með öllum þeim frumvörpum, sem hér skipta máli, og var að sjálfsögðu höfð hliðsjón af þeim við samningu þessa frumvarps, sem hér liggur fyrir.

Síðan þessari heildarskoðun lauk, hafa grannþjóðir okkar á Norðurlöndum fylgst náið með alþjóðlegu samstarfi og almennri þróun á þessu sviði og hafa í því sambandi komið upp hugmyndir um tilteknar meginbreytingar á vissum köflum siglingalaganna. Nærtækast er þá að nefna, að Norðurlandaþjóðirnar hafa nú ýmist tekið upp eða eru í þann veginn að taka upp breyttar reglur um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna (til samræmis við alþjóðasáttmála um það efni frá 1976) og um farþega og farangur þeirra (með vísun til alþjóðasáttmála á því sviði frá 1974). Einnig mætti nefna breytingar á reglum um ábyrgð vegna olíutjóns frá skipum o. fl.

Hér er kveðið á um það, hvaða ákvæði laganna það eru, sem eigi verður fyrirfram vikið til hliðar með samningi á þann veg, að niðurstaðan verði farþega í óhag. Ákvæði þetta girðir hins vegar ekki fyrir það, að farþegi falli að einhverju leyti eða að öllu frá lögvernduðum lágmarksrétti sínum, eftir að tjón hefur orðið. Enda þótt ákvæði þessarar greinar sé beitt varðandi samningsbundin frávik frá réttarstöðu þeirri sem lögmælt er, þarf það alls ekki að hafa áhrif á gildi farsamningsins að öðru leyti.

Rétt þykir, að ákvæðið í 149. gr. frumvarpsins hafi almennt gildi og sé ekki bundið við siglingar til tiltekinna landa, svo sem hins vegar hefur verið gert í samsvarandi ákvæðum siglingalaga annarra Norðurlandaþjóða, sbr. t.d. 200. gr. dönsku siglingalaganna, þar sem segir:

> „Reglerne i §§ 181-199 samt § 291. stk. 1. nr. 3-5, kan ikke ved forhåndsaftale fraviges til skade for passageren ved befordring mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige og ved indenrigsfart i disse stater samt anden fart til eller fra disse stater, selv om fremmed ret i øvrigt skal anvendes på befordringen.“

Um 150. gr.

Grein þessi felur í sér allnokkrar undantekningar frá meginreglunni, sem fram kemur í 149. gr. frumvarpsins.

Sérstaklega skal tekið fram, að ákvæðið í 3. mgr. á sér hliðstæðu, hvað varðar farmflutninga, í 3. mgr. 118. gr. frumvarpsins. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

UM VI. KAFLA

VI. kafli l. 66/1963 hefur að geyma mjög ítarlegar reglur um sjótjón (þ. e. einkum um sameiginlegt sjótjón og niðurjöfnun þess) og hafa reglur þessar staðið óbreyttar áratugum saman. Ákvæðum þessum, þ.e. þeim, sem lúta að efnisreglum um sameiginlegt sjótjón og niðurjöfnun þess, er þó í reynd nær aldrei beitt, enda eru þau, flest hver, löngu orðin úrelt. Í farmsamningum er í reynd ætíð vísað til þess á ótvíræðan hátt, að um þetta efni skuli farið eftir York-Antwerpen reglunum, sem svo eru kallaðar. Þær reglur byggjast á alþjóðlegu samkomulagi hagsmunaaðila á sviði siglinga, en eru þó ekki í formi alþjóðlegs sáttmála. Reglur þessar voru upphaflega gerðar og gefnar út árið 1877 en hafa síðan sætt endurskoðun og verið endurbirtar á árunum 1890, 1924, 1950 og 1974. Við heildarendurskoðun siglingalaga sinna breyttu aðrar Norðurlandaþjóðir viðkomandi ákvæðum siglingalaga á þá leið, að efnisreglur um sameiginlegt sjótjón og niðurjöfnun þess voru felldar brott og þess í stað vísað í York-Antwerpen reglurnar en eftir standa einungis ákvæði um málsmeðferð o. þ. h. (sjá t.d. norskar og danskar lagabreytingar í þessa átt frá árinu 1966, sem þó eru ekki samhljóða um tiltekin atriði).

Er hliðstæð lausn valin við samningu þessa frumvarps og jafnframt kveðið á um, að samgönguráðuneytið skuli láta gera handhæga útgáfu af York-Antwerpen reglunum, eins og þær eru á hverjum tíma, í íslenskri þýðingu. Þarf þá ekki að taka fram, að þeirri útgáfu hlýtur jafnframt að fylgja frumtexti reglnanna, sem er á ensku.

Ekki þykir ástæða til, við þessa endurskoðun siglingalaga, að taka jafnframt til endurskoðunar ákvæði l. 74/1938 um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóna, né taka þau ákvæði inn í texta siglingalaga (svo sem hins vegar var gert við endurskoðun norsku siglingalaganna).

Um 151. gr.

1. mgr.

Hér er tekinn af allur vafi um, að notast skal við núgildandi gerð York-Antwerpen reglnanna, nema samið hafi verið um annan hátt á niðurjöfnun. Ætti þetta að hvetja íslensk skipafélög til að vísa ætíð til nýjustu gerðar af reglunum, en nokkur brögð hafa verið að því, að í hinum prentuðu skilmálum sumra skipafélaga hafi verið vísað í eldri gerð reglnanna (frá 1950).

2. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli.

Mikilvægt er, að York-Antwerpen reglurnar séu ætíð til í handhægri útgáfu og í íslenskri þýðingu og léttir það m.a. niðurjöfnunarmönnum starf þeirra, ekki síst í samskiptum þeirra við „smærri" farmeigendur, þegar sannfæra þarf þá um skyldu þeirra til sjótjónsframlags.

Um 152. gr.

1. mgr.

Svarar að nokkru til 1. mgr. 189. gr. núgildandi laga, en ekki þykir þó rétt að halda í regluna um þann stað „þar sem skip og farmur skilja" og er lagt til, að útgerðarmaður hafi frjálsari hendur í því efni en nú er.

2. mgr.

Svarar að mestu til 2. mgr. 189. gr. núgildandi laga, nema hvað orðalagi er nokkuð breytt.

Um 153. gr.

Svarar að verulegu leyti til 1. mgr. 172. gr. l. 66/1963. Óþarfi þykir að taka hér upp ákvæði 2. og 3. mgr. 172. gr., en þó er ekki ætlast til, að það hafi í för með sér breytingu á störfum mats- eða skoðunarmanna frá því sem nú er.

Um 154. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en 1. mgr. 190. gr. l. 66/1963 er algerlega ófullnægjandi í þessu efni.

Eðlilegt þykir, að útgerðarmaður eða annar maður, sem umboð hefur frá útgerðarmanni, beiðist niðurjöfnunargerðar og getur þá viðkomandi, skv. frumvarpinu, valið til þess hvaða niðurjöfnunarmann sem er (og hvar sem er, hafi eigi á annan veg verið samið, sbr. 152. gr. frumv.). Þessi einkaréttur eða valfrelsi útgerðarmanns verður þó að eiga sér takmörk, með tilliti til annarra hagsmunaeigenda, og þykir hag þeirra nægilega borgið, að þessu leyti, með ákvæðinu í 2. málslið greinarinnar.

Um 155. gr.

Samsvarar að mestu leyti til efnis 2. mgr. 190. gr. l. 66/1963.

Um 156. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara að mestu til efnis 192. og 193. gr. l. 66/1963, en nokkrar orðalagsbreytingar eru þó gerðar.

Um 157. gr.

Grein þessi svarar til 194. gr. l. 66/1963, en með smávægilegum orðalagsbreytingum.

UM VII. KAFLA

Ákvæði VII. kafla siglingalaga um tjón af árekstri, sem sniðin voru til samræmis við Brüsselsáttmála um það efni frá 1910, stóðu lengi óbreytt, en nokkrar breytingar, en þó minni háttar, voru gerðar á þeim er siglingalögum var breytt árið 1963. Ákvæði um þetta efni í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða, sem hafa löngum verið mjög lík þeim íslensku, hafa heldur ekki tekið miklum breytingum í áranna rás, en þó var tilteknum atriðum breytt þar fyrir nokkrum árum, sbr. norska lagabreytingu í þá átt frá 1973 og danska frá sama ári.

Brüsselsáttmálinn frá 1910, sem íslenska ríkið hefur reyndar aldrei gerst aðili að, hefur ekki sætt neinum breytingum, enn sem komið er, og ber því ekki, af þeirri ástæðu, nauðsyn til að endurskoða lagaákvæðin vegna nýrra eða breyttra alþjóðlegra reglna, en rétt þykir þó, að gerðar verði nokkrar breytingar á efni VII. kafla l. 66/1963, en ekki er lagt til, að þar verði um neinar grundvallarbreytingar að ræða. Varðandi breytingar þessar er að nokkru leyti fylgt fordæmi annarra Norðurlandaþjóða.

Um 158. gr.

1. mgr.

Sama efnis og 1. mgr. 195. gr. l. 66/1963, nema hvað í stað orðsins „góss“ er talað um „fjármuni“, en ekki er ætlast til að það hafi neina efnisbreytingu í för með sér.

2. mgr.

Samhljóða 2. mgr. 195. gr. l. 66/1963.

3. mgr.

Þrír fyrstu málsliðirnir eru samhljóða 3. mgr. 195. gr. l. 66/1963..

Fjórði málsliðurinn er hins vegar nýmæli, og á hann sér fyrirmynd í hinum endurskoðuðu norrænu siglingalögum og einnig á hann sér nokkra stoð í Brüsselsáttmálanum frá 1910. Hvað endurkröfurétt varðar er á því byggt, að um sé að ræða þá tegund endurkröfuréttar, sem á Norðurlandamálum er kallaður „overskudsregres“, en ekki

svokallaðan „brøkdelsregres“. Gert er ráð fyrir, að endurkröfuréttur sæti einungis takmörkun að svo miklu leyti, sem sá útgerðarmaður er bótaábyrgð ber, hefur gagnvart tjónþola, lögbundinn eða samningsbundinn rétt til undanþágu frá eða til takmörkunar á bótaábyrgð, sem þó ekki takmarkar ábyrgðina umfram það, sem átt hefði við, ef óundanþægum reglum um flutningsábyrgð hefði verið beitt.

Um 159. gr.

Samhljóða 4. mgr. 195. gr. l. 66/1963.

Um 160. gr.

Sama efnis og 196. gr. l. 66/1963, en með smávægilegri orðalagsbreytingu.

Um 161. gr.

Sama efnis og 197. gr. l. 66/1963, en með smávægilegri orðalagsbreytingu.

Um 162. gr.

Ákvæðið samsvarar efni 198. gr. l. 66/1963, en orðalagi er þó breytt. Nokkur efnisbreyting felst í því, að í stað orðanna: „á annan hátt“ kemur: „á líkan hátt“. Er hér fylgt fyrirmynd úr endurskoðuðum siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða, en hið nýja orðalag er fremur til samræmis við hliðstætt ákvæði í Brüsselsáttmálanum frá 1910 en það, sem nú stendur í lögunum. Með þessu er áréttað, að grein þessi höfði til mistaka við stjórnun skips (reyndar í nokkuð víðri merkingu) svo sem miðað er við í sáttmálanum, en núverandi orðalag mætti skilja svo, að þar væri m.a. átt við tjón, sem verður á skipi vegna sprengingar, er verður um borð í öðru skipi, svo dæmi sé nefnt. Í reynd hefur þó svo víðtækur skilningur ekki verið lagður í orðalag 198. gr. gildandi laga, þannig að orðalag frumvarpsins, hefur enga meiri háttar efnisbreytingu í för með sér.

UM VIII. KAFLA

Núgildandi ákvæði siglingalaga um björgun og björgunarlaun eru í VIII. kafla þeirra (199.-204. gr.).

Sérstök nefnd, sem samgönguráðherra skipaði árið 1981 til að endurskoða gildandi lagaákvæði um björgun, skilaði vorið 1982 til ráðherra frumvarpi til laga um breytingu á ákvæðum siglingalaga um þetta efni, auk ítarlegrar greinargerðar.

Er hér að öllu leyti fylgt frumvarpi þessu, hvað efni varðar, en smávægilegar formlegar breytingar gerðar á greinaskipan, þannig að á tveimur stöðum eru sérstakar greinar gerðar úr ákvæðum, sem voru hluti (málsgreinar) stærri greina í fyrrnefndu frumvarpi.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því, sem hér er vísað til, segir orðrétt og fellst þessi nefnd á öll þau ummæli (sem og röksemdir og skýringar er fylgja einstökum greinum):

„Ákvæði siglingalaga um björgun hafa staðið nær óbreytt frá því 1914, þegar siglingalögunum frá 1913 var m.a. breytt til samræmis við alþjóðalegan sáttmála um aðstoð og björgun, sem gerður var í Brüssel þann 23. september 1910, „Convention pour l'unifacation de certaines règles en matière d'assistance et de sauvetage maritimes“, — svo sem aðrar grannþjóðir okkar gerðu einnig um svipað leyti, — en aldrei hefur þó íslenska ríkið gerst aðili að sáttmála þessum.

Lengi vel voru meginatriði siglingalagaákvæða um björgun samhljóða meðal Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða, en fyrir allnokkrum árum fór fram gagnger endurskoðun á réttarreglunum um björgun meðal Norðurlandaþjóðanna, annarra en Íslendinga, og var t.d. norsku siglingalögunum breytt að þessu leyti 1964 og þeim dönsku 1966. Var við þá

endurskoðun höfð hliðsjón af þróun í siglingamálefnum hina síðari áratugi og leitast við að samræma ákvæðin nútímaþörfum.

Var þá m.a. hugtakið „björgun“ víkkað að mun, þannig að það tekur nú til ýmissa tilvika, sem áður töldust einungis til „aðstoðar“. Einnig var heildarskiptihlutur áhafnar í björgunarlaunum hækkaður, á kostnað útgerðarhlutans, og hlutur skipshafnar var jafnframt hækkaður í hlutfalli við skipstjórahlutinn, en fleira mætti nefna.

Við endurskoðun þessa, — sem og endurskoðun annarra kafla siglingalaganna, sem fram fór um svipað leyti og síðar, — var haft samráð og samvinna milli viðkomandi þjóða. Íslendingar tóku ekki þátt í því samstarfi og standa hin gömlu ákvæði íslensku siglingalaganna um björgun enn óbreytt og verða nú að teljast orðin úrelt að ýmsu leyti. Í því sambandi skal á það bent, að miklu varðar, að verulegt samræmi sé um björgunarreglur meðal siglingaþjóða, sem og um flest annað, er að siglingum lýtur, enda má almennt segja, að alþjóðleg samræming siglingalöggjafar sé m.a. til þess fallin að greiða fyrir siglingaviðskiptum þjóða í millum. Hefur nefndin því haft hin norrænu lagaákvæði um björgun mjög til hliðsjónar við endurskoðun sína, enda þótt eigi hafi þau að öllu leyti verið tekin til fyrirmyndar.

Þess skal getið, að engar breytingar hafa enn verið gerðar á Brüsselsáttmálanum frá 1910, en nú stendur yfir undirbúningur að endurskoðun hans og eru það Alþjóðasiglinganefndin, svonefnda („Comité Maritime International“) og Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMCO), sem í sameiningu annast þann undirbúning. Óvíst er enn, hvenær nýr alþjóðasáttmáli getur orðið fullbúinn, og þykir ekki rétt að draga endurskoðun björgunarreglna hér á landi nú með því að bíða nýs sáttmála, en í framtíðinni verður íslenskur réttur þó væntanlega samræmdur nýjum alþjóðasáttmála um björgun.

Enda þótt núgildandi ákvæði siglingalaga um björgun hafi sætt talsverðri gagnrýni á síðari árum, svo sem áður var drepið á, telur nefndin, að við endurskoðun þessara ákvæða sé ekki rétt að hverfa að ráði frá núgildandi grundvallarreglum um björgun, enda þótt breytinga á björgunarreglunum sé vissulega þörf. Telur nefndin, að enn sem fyrr sé þörf fyrir þann hvata til björgunar verðmæta á sjó, sem í björgunarreglunum felst, og að ekki megi með lagabreytingum veikja þann stofn um of, þótt einstakar greinar hans verði eitthvað skertar. Auk þess telur nefndin ráðlegt, að verulegt samræmi sé með íslenskum lagareglum um björgun og samsvarandi reglum meðal annarra Norðurlandaþjóða.

Nefndin leggur til, að breytingar verði gerðar á öllum greinum VIII. kafla siglingalaganna en breytingar á einstökum greinum verða þó misjafnlega miklar.

Hinar helstu breytingar, sem mælt er með, að gerðar verði á VIII. kafla siglingalaganna, eru þessar:

1) Hugtakið „björgun“ í 199. gr. er nú víkkað, þannig að eigi er lengur skilyrði, að skip sé statt í „neyð“, svo sem er í gildandi lögum, heldur nægir að það sé statt „í hættu“. Er þetta gert að norrænni fyrirmynd.
2) Nefndin leggur áherslu á breytingu þá, sem felst í 2. mgr. 200. gr. skv. frumvarpinu, þar sem mælt er fyrir um, að sé skip það er bjargað var, eigi statt í yfirvofandi hættu en hafi þó eigi getað komist til hafnar fyrir eigin vélarafli, skuli við ákvörðun björgunarlauna, einkum gætt tiltekinna atriða, sem þar eru talin, og m.a. lúta að tíma þeim og fyrirhöfn, sem til björgunarinnar var varið og fjártjóni bjargenda, — en eigi verðmætis þess, sem bjargað var, þótt eigi sé sá þáttur útilokaður. Á þetta ákvæði sér ekki hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða.
3) Á 203. gr., sem fjallar um skiptingu björgunarlauna, er lagt til að gerðar verði veigamiklar breytingar, sem m.a. felast í því, að heildarskiptihlutur áhafnar í björgunarlaunum hækkar á kostnað útgerðarhlutans, og hlutur skipshafnar er jafnframt hækkaður í hlutfalli við skipstjórahlutinn, en ýmis önnur nýmæli gefur þar einnig að finna, og eiga þessi atriði, flest hver, sér fyrirmynd í norrænum rétti.

4) Þá má einnig nefna, að lagt er til, að í upphafi 199. gr. verði almenn vísiregla, sem mæli fyrir um, að sjófarendum sé skylt að leitast við að bjarga mönnum, skipum eða fjármunum, sem á skipi eru, úr hættu, verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska. Gefur sams konar reglu eigi að finna í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða.

Aðrar breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði á VIII. kafla siglingalaganna, skipta minna máli.

Rétt er að geta þess, að í nefndinni var allnokkuð rætt um það, hvort rétt væri að lögfesta reglur um „aðstoð“ við skip, þ.e. um liðsinni sem eigi verður til björgunar talið, en eigi þótti rétt að stofna til lagaákvæða um það efni.“

Um 163. gr.

Um þetta ákvæði segir í athugasemdum með frumvarpi því, sem hér er byggt á:

„Lagt er til, að í þessari grein verði tekin upp almenn vísiregla um skyldu til björgunar manna og fjármuna á sjó, þar sem því verði við komið. Er hér að nokkru leyti um nýmæli að ræða, sem ekki á sér hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Svipuð regla, en þrengri, kemur þó fram í 4. gr. laga nr. 56/1932 um ráðstafanir til öryggis við siglingar.

Áhersla skal á það lögð, að þessu ákvæði er eigi ætlað að breyta núgildandi meginreglum (að mestu ólögfestum) um ráðstöfunarréttt eigenda eða vörslumanna yfir því verðmæti, sem kann að vera í hættu statt á hafi úti.“

Um 164. gr.

1. mgr.

Um þetta segir í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi:

„Ákvæði þetta svarar að verulegu leyti til 1. mgr. núgildandi 199. gr. Þó er sú mikilvæga breyting gerð, að lagt er til, að hugtakið „björgun“ verði víkkað frá því, sem er í gildandi lögum, þannig að það taki einnig til ýmissa tilvika, er nú myndu falla undir hugtakið „aðstoð“ (sem engin lagaákvæði eru til um).

Er þetta gert með því, að breyta skilyrðinu um að skip sé statt í „neyð“, á þann veg, að nægilegt sé, að skipið hafi verið statt í „hættu“, þ.e. að „hættustigið“ er lækkað. Er það í samræmi við samsvarandi ákvæði í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða og íslenska dómsvenju.

Í stað orðsins „góss“, sem notað er í núgildandi ákvæði, er tekið upp orðið „fjármunir“, til að taka af allan vafa um, að andlag björgunar geti verið hver þau verðmæti, sem til fjár verða metin.“

2., 3., 4., 5. og 6. mgr. eru samhljóða samsvarandi málsgreinum í 199. gr. gildandi laga. **4. mgr.** er „efnislega samhljóða núgildandi 4. mgr. 199. gr., nema hvað orðalaginu: „og skipinu hlekkist síðan á“ er breytt í „og skipið kemst í hættu“, og önnur smávægileg orðalagsbreyting er einnig gerð“, svo notað sé orðalag í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi.

Um 165. gr.

1. mgr.

Í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi segir:

„Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi 1. mgr. 200. gr., en leitast er við að setja efni þess fram á skýrari hátt en nú er, auk þess sem orðalagi er vikið við á stöku stað.

Þau atriði, sem talin eru í málsgreininni og taka ber tillit til við ákvörðun björgunarlauna, vega að sjálfsögðu misjafnlega þungt hvert fyrir sig, og eftir atvikum öllum hverju sinni.“

2. mgr.

Um þetta ákvæði segir í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi:

„Mikilvægt nýmæli felst í 2. mgr., svo sem hún er orðuð í frumvarpinu. Þykir rétt að kveða sérstaklega á um það í lögum, hvernig ákveða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar skip kemst ekki til hafnar fyrir eigin vélarafli, en er þó ekki statt í yfirvofandi hættu. Þau tilvik, sem 2. mgr. er einkum ætlað að ná yfir, eru t.d. þegar skip er með bilaða vél eða hefur fengið veiðarfæri í skrúfuna og kemst þar af leiðandi ekki til hafnar af eigin rammleik, og er ekki í yfirvofandi hættu, þ.e. veður og aðstæður eru þannig að engin hætta er á að skipið reki á land eða hlekkist á innan þess tíma, sem auðvelt er að fá hjálp. Forsenda þessa er, að bjargendur hafi ekki þurft að leggja sig í teljandi hættu við björgunina. Nefndin telur, að í tilvikum eins og að framan greinir hafi um of verið einblínt á verðmæti þess, sem bjargað var, en miklu minna tillit tekið til annarra þátta, sem taldir eru í 1. tölulið 1. mgr. 200. gr. Hafa fjárhæðir björgunarlauna verið mjög mismunandi, þótt um sambærileg verk hafi verið að ræða, t.d. þegar skorið hefur verið úr skrúfu skips, og annað skipið hefur verið nýlegt og verðmæti þess mikið, en hitt eldra og verðminna.

Ákvæði málsgreinarinnar miðar að því, að við ákvörðun björgunarlauna í þeim tilvikum, sem málsgreininni er ætlað að taka til, skuli einkum miðað við að bæta þann tilkostnað og tekjutap, sem bjargendur hafa haft vegna björgunarinnar, jafnframt því sem hliðsjón sé höfð af þeim tíma og þeirri fyrirhöfn, sem til björgunarinnar var varið. Ákvæðið eins og það er orðað, útilokar þó ekki að beitt verði öðrum ákvæðum 1. mgr. en talin eru í 2. mgr., ef þannig stendur á.

Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða."

3. mgr.

Um þetta segir í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi:

„Ákvæði þetta er að verulegu leyti hliðstætt núgildandi 2. mgr. 200. gr., en þó hefur orðalagi verið breytt nokkuð. Má þar einkum nefna, að í stað orðsins „neyð" kemur „hættu" og „meðferð á munum" verður „meðferð á fjármunum", en um þetta vísast til skýringa með 2. mgr. 199. gr. skv. frumvarpinu" (samsvarar 1. mgr. 164. gr. þessa frumvarps).

Um 166. gr.

1. mgr.

Samhljóða núgildandi 1. mgr. 201. gr., nema hvað orðalagi er lítillega breytt.

2. mgr.

Um þetta segir í athugasemdum við fyrrnefndu frumvarpi:

„Hér er fjallað um sama atriði og í núgildandi 2. mgr. 201. gr. Í stað orðsins „góss" er þó notað orðið „fjármunir", sbr. það sem sagði um fyrri greinar, og í stað orðalagsins „lán á skipum og áhöldum" er nú talað um „afnot farartækja og annarra tækja", sökum þess að önnur farartæki en skip, t.d. bifreiðar og flugvélar, geta einnig verið notuð við björgunarstörf."

Um 167. gr.

1. mgr.

Efnislega samhljóða núgildandi 1. mgr. 202. gr.

2. mgr.

Að mestu samhljóða núgildandi 2. mgr. 202. gr., en sú orðalagsbreyting þó einkum gerð, að í stað orðsins „ónýta" kemur „ógilda".

3. mgr.

Samhljóða núgildandi 3. mgr. 202. gr.

4. mgr.

Um nokkra orðalagsbreytingu er að ræða frá núgildandi 4. mgr. 202. gr., en um efnislega breytingu er ekki að ræða.

Um 168. gr.

Efnislega samhljóða núgildandi 1. mgr. 203. gr. gildandi laga, en með smávægilegri orðalagsbreytingu.

Um 169. gr.

Um greinina í heild segir í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi:

„Lagt er til, að gerð verði gagnger breyting á efni 203. gr. siglingalaganna, sem fjallar um skiptingu björgunarlauna. Er þar að verulegu leyti fylgt fyrirmynd úr rétti annarra Norðurlandaþjóða, enda þótt eigi verði þess getið við hvern lið sérstaklega, en tekið skal fram, að ekki er um algert samræmi að ræða í samsvarandi ákvæðum Norðurlandaþjóðanna."

1. mgr.

Um þetta segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæði þetta samsvarar að nokkru upphafi 2. mgr. 203. gr. gildandi laga. Gert er þó ráð fyrir því, að af óskiptum björgunarlaunum greiðist einnig aukinn kostnaður við rekstur skipsins, svo sem útgjöld vegna eldsneytis og launa áhafnar, sem af björgunarstarfinu leiddu. Er ákvæðið í meginatriðum í samræmi við ákvæði í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Það á sér og nokkra hliðstæðu í 12. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Þá er einnig lagt til, að þóknun, sem ákveðin yrði samkvæmt 4. mgr. (samsvarar 3. mgr. eftir þessu frumvarpi) greiðist að óskiptu, og er það í samræmi við löggjöf annarra Norðurlandaþjóða."

2. mgr.

Um þetta segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Hér er um að ræða nýjar reglur um „innbyrðis" skiptingu björgunarlauna, sem koma að öllu leyti í stað samsvarandi reglna í núgildandi 2. mgr. 203. gr. Núverandi ákvæði eru allfornfáleg (sbr. t.d. það sem þar segir um „gufuskip" og „seglskip") og ljóst er einnig, að skipting til helminga milli skipstjóra annars vegar, og allrar áhafnarinnar hins vegar, er ekki lengur í neinu samræmi við launahlutföll milli þessara aðila, þótt svo kunni að hafa verið fyrir mörgum áratugum. Er nú leitast við að færa efni þessa ákvæðis í nútímahorf, enda þótt ætíð geti verið skiptar skoðanir um sanngjarnt skiptihlutfall milli þeirra, sem rétt eiga til björgunarlauna. Er nú horfið að því ráði, að heildarskiptahlutur áhafnar (að skipstjóra meðtöldum) í björgunarlaunum er hækkaður, á kostnað útgerðarhlutans, og hlutur skipshafnar jafnframt hækkaður verulega í hlutfalli við skipstjórahlutinn. Samkvæmt núgildandi reglu er hlutur útgerðarinnar 66 2/3%, en eftir frumvarpinu 60%, hlutur skipstjóra er nú 16 2/3%, en verður 13 1/3%, og hlutur skipshafnar, sem nú er 16 2/3%, hækkar í 26 2/3%. Þótt hlutur skipstjóra sé nokkuð lækkaður frá því sem nú er, mun hann samt sem áður, enn sem fyrr, bera miklu meira úr bítum en nokkur annar áhafnarmaður, sem þóknun fær eftir þessu ákvæði, og verður í því efni að minnast þess, að enn hlýtur það að vera mjög undir skipstjóra komið, hvort lagt er til björgunarstarfa eða ekki eða hvernig björgun tekst til að öðru leyti. Þó gerir tæknin það kleift, að skipstjóri getur nú, fremur en áður, ráðgast við útgerðarmann sinn um margvísleg atriði, sem björgunina snerta, og léttir það nokkurri ábyrgð af honum.

Með orðalaginu „hin eiginlega skipshöfn" í ákvæði þessu er einungis átt við þá skipverja, sem skipstjóri eða útgerðarmaður hafa ráðið á skip til þeirra skipsstarfa, sem

nauðsynleg eru til reksturs skipsins. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til manna, sem ráðnir eru á skip til annarra starfa, svo sem t.d. þjónustufólk, sem eingöngu þjónar farþegum á farþegaskipi, eða hljómlistarmenn, sem skemmta eiga farþegum. Menn, sem einungis verða taldir til „óeiginlegrar skipshafnar“ í þessari merkingu, geta hins vegar átt sjálfstæðan rétt til björgunarlauna, ef þeir hafa veitt að björguninni.

Nýmæli er það einnig, að leiðsögumaður skuli eiga hlutdeild í skiptahlut skipshafnarinnar, svo sem nánar er mælt fyrir um í frumvarpinu.

Lokaákvæði 3. mgr. (samsvarar 2. mgr. eftir þessu frumvarpi) á sér ekki beina fyrirmynd í löggjöf annarra þjóða, en er sniðið að íslenskum aðstæðum og eru þar einkum hafðir í huga sjómenn á smærri bátum, þar sem tekjur miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut.“

3. mgr.

Um þetta segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæðið er nýmæli, en á sér nokkra hliðstæðu í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Það þarfnast ekki skýringar.“

4. mgr.

Um þetta segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Hér er um nýmæli að ræða, sem eigi þarfnast skýringar.“

5. mgr.

Um þetta segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Með ákvæði þessu, sem er nýmæli, er leitast við að tryggja réttarstöðu sjómanna í sambandi við hlutdeild þeirra í björgunarlaunum, sem skip þeirra hefur unnið til.“

Um 170. gr.

Um þetta segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæði þetta er sama efnis og núgildandi 204. gr., nema hvað orðalagsbreyting hefur verið gerð til þess að ákvæðið verði gleggra en áður.“

UM IX. KAFLA

Í IX. kafla l. 66/1963, þ.e. í 205.—214. gr., eru allítarleg ákvæði um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Sættu ákvæði þessa kafla laganna gagngerri endurskoðun árið 1968, sbr. l. nr. 14 þ.á., og voru þau þá samræmd ákvæðum Brüsselsáttmála um það efni frá 1957. Á 205. gr. voru síðan gerðar breytingar með l. 58/1972, l. 108/1972 og l. 25/1977.

Þann 19. nóvember 1976 var í Lundúnum gengið frá nýjum alþjóðasáttmála um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna („Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims“), sem ætlað er að koma í stað sáttmálans frá 1957. Sáttmálinn frá 1976 hefur enn eigi öðlast gildi, en ýmsar siglingaþjóðir ráðgera nú að fullgilda hann innan skamms (og segja þá jafnframt upp sáttmálanum frá 1957) og má þar nefna Dani, Norðmenn, Svía og Finna. Hafa stjórnvöld meðal þessara síðastnefndu þjóða ýmist nú þegar breytt viðeigandi ákvæðum siglingalaga sinna til samræmis við sáttmálann, eða eru í þann veginn að gera það. Þykir einsýnt, að Íslendingar fylgi því fordæmi og við það er miðað í þessum kafla frumvarpsins, enda nauðsynlegt að réttarsamræming sé meðal siglingaþjóða á þessu sviði. Er hér að verulegu leyti höfð hliðsjón af hliðstæðum lagaákvæðum eða frumvörpum meðal annarra Norðurlandaþjóða, en þó að sjálfsögðu hvarvetna hafðar í huga hérlendar aðstæður. Af þeim sökum verður ekki um fullkomið samræmi að ræða (ef borið er saman

við norrænu ákvæðin, sem reyndar voru heldur ekki algerlega samræmd „innbyrðis"), en meginreglurnar eru þó svipaðar og eiga að fullnægja skilyrðum sáttmálans frá 1976, þannig að íslenska ríkið geti fullgilt hann af þeim sökum.

Ákvæðið í 171. gr. frumvarpsins er að mestu samhljóða 8. gr. núgildandi siglingalaga, sem þannig er flutt inn í þennan kafla (á sama hátt og nú er í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða), en óþarfi þykir að taka efni 7. gr. núgildandi laga upp í frumvarpið. Í samræmi við þetta breytist fyrirsögn IX. kaflans. Nokkur breyting frá því, sem er í gildandi lögum, felst í 172. gr. frumvarpsins og önnur ákvæði kaflans hafa í för með sér veruleg nýmæli, einkum hvað varðar ábyrgðartakmarkanir, sem eru hækkaðar verulega frá því, sem nú er, og nú miðað við aðra verðmæliseiningu en áður (SDR í stað Poincaré-franka), en ekki síður varðandi stofnun svokallaðra „takmörkunarsjóða", sem síðan eru gefnar nánari reglur um í X. kafla frumvarpsins.

Ákvæði IX. kafla frumvarpsins standa að sjálfsögðu ekki, frekar en er eftir gildandi rétti, í vegi fyrir því að ábyrgð útgerðarmanns á tilteknum sviðum sé takmörkuð eftir sérstökum reglum, sbr. ákvæðin um ábyrgð farmflytjanda og farsala, en ákvæðin í IX. kafla eru þá eins konar varaskeifa. Eftir alþjóðasáttmála frá 1969 um bótaábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá olíuflutningaskipum, sem íslenska ríkið hefur staðfest og sem hefur hér lagagildi, sbr. l. 14/1979, er þess háttar bótaábyrgð einnig takmörkuð eftir sérstökum reglum.

Um 171. gr.

Svarar í stórum dráttum til 8. gr. l. 66/1963 með nokkrum orðalagsbreytingum. Með lokaorðum 2. mgr.: „að því marki, sem lög heimila" er átt við lögbundna heimild til að lækka bótaábyrgð tjónvalds, sbr. einkum sjómannalög.

Um 172. gr.

Ákvæði l. mgr. 172. gr. frumvarpsins svarar að nokkru til 2. mgr. 205. gr. núgildandi laga, svo sem hún hljóðar samkvæmt l. 108/1972, nema hvað efnissvið ákvæðisins verður annað vegna breytingar á upphafsorðum þess.

Samkvæmt l. 108/1972 hljóðar 2. mgr. 205. gr. siglingalaga svo:

„Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða látið þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins."

Þessu ákvæði tengist bráðabirgðaákvæði samkvæmt l. 25/1977 svohljóðandi:

„Nú hefur útgerðarmaður keypt sér þá tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 2. málsgr. 205. gr. laga þessara, sbr. l. gr. laga nr. 108/1972:

1. Dánarbætur:
   a) 2 milljónir króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsgr. 35. gr. almannatryggingalaga.
   c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsgr. sömu gr.
2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar skv. 33. gr. almannatryggingalaga og nema 3/4 þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.

b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur 6 millj.kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það."

Samkvæmt þessum greinum ber því útgerðarmaður hlutlæga ábyrgð (þ.e. ábyrgð án sakargrundvallar), með nánari skilmálum, vegna lífs- eða líkamstjóns skipverja hans og er hann þá jafnframt, með lagaráðstöfunum, hvattur til að kaupa tryggingu þeim til hagsbóta. Hins vegar eru þó ýmis dæmi þess, að sjómenn hafi farist eða slasast, án þess að útgerðarmaður hafi tryggt þá, og þeir verið lögskráðir á skip án þess að gætt væri ákvæða 6. tl. 1. mgr. 7. gr. l. 63/1961 um lögskráningu sjómanna (og persónuleg ábyrgð útgerðarmanns, sem þar er mælt fyrir um, þegar þannig stendur á, þá stundum orðið haldlaus vegna eignaleysis þeirra eða bágborins efnahags).

Ljóst er, að **fortakslaus** regla um ábyrgðartakmörkun af þessu tagi samræmist ekki alþjóðasáttmálanum frá 1976 og er einnig í andstöðu við hinar nýju reglur um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða (og er reyndar einnig andstæð lagaákvæðum, sem byggja á sáttmálanum frá 1957). Á hinn bóginn hafa sjómenn, með þessum sérákvæðum, fengið vissa réttarbót, sem varasamt er að skerða um of. Nefnd þeirri, er frumvarp þetta samdi, var því mikill vandi á höndum er finna skyldi lausn á þessu máli, sem viðunandi væri frá sjónarhóli sjómanna, en sem samræmdist jafnframt alþjóðlegum reglum.

Varð niðurstaðan sú, að í þessari grein frumvarpsins er byggt á meginreglu 2. mgr. 205. gr. núgildandi laga um hlutlæga ábyrgð, sem veitir sjómönnum umtalsverða réttarbót frá því, sem leiðir af almennum bótareglum. Þessi meginregla útilokar þó ekki að útgerðarmaður geti orðið bótaábyrgur á sakargrundvelli, ef sök sannast (en sönnunarbyrðin um það hvílir hjá þeim, er bóta krefst). Fylgt er þeirri reglu gildandi laga, að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum, er á hann kunna að falla, skv. framansögðu, en niðurstaða frumvarpsins er jafnframt sú, að **hin hlutlæga ábyrgð** hans (þ.e. þegar sök hefur ekki sannast) er **takmörkuð við „tryggingarþakið"**, sbr. síðari hluta 5. tl. 175. gr., en **ábyrgð útgerðarmanns á sakargrundvelli** á þess háttar tjóni, sem hér um ræðir, **lýtur hins vegar ekki takmörkun,** sbr. fyrri hluta 5. tl. 175. gr. Verður þá að telja, að meginreglu Lundúnasáttmálans frá 1976 um ótakmarkaða ábyrgð á tjóni af þessu tagi sé fullnægt, því að þar (sem og í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða) er í rauninni einungis gengið út frá bótaábyrgð á sakargrundvelli. Rétt er að benda sérstaklega á, að eftir þessari reglu frumvarpsins, sem hér var lýst, fylgir því hagur fyrir tjónþola að geta fært sönnur á að útgerðarmaður beri sakarábyrgð á slysi (sbr. 1. mgr. 171. gr. eða almennar bótareglur), sökum þess að þá getur útgerðarmaður ekki takmarkað ábyrgð sína.

Um 2. mgr. 172. gr. er annars það að segja, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að eingreiðsla dánarbóta verði hin sama og nú er, en skýrari reglur eru settar um það, hverjum þær bætur séu ætlaðar. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka miðast, samkvæmt frumvarpinu, við mun færri ár en nú er og þykir það hæfa betur nútíma lifnaðarháttum og þjóðfélagsháttum. Þykir óeðlilegt, að bótagreiðslum sé fram haldið um langt árabil eftir dauðsfallið, eftir að aðstæður eftirlifandi maka kunna að hafa breyst mjög. Ber þá einnig að hafa í huga, að ekkjur af hinni yngri kynslóð hafa nú almennt mun betri atvinnumöguleika utan heimilisins en áður var. Rétt þykir hins vegar, að lok mánaðarlegra bótagreiðslna til barna miðist við 18 ára aldur (sbr. hið opinbera tryggingakerfi), í stað átta ára hámarksreglunnar, sem nú gildir. Hámark örorkubóta við algera varanlega örorku er einnig í frumvarpinu hækkað talsvert frá því sem nú er (sem hefur þá einnig í för með sér

hlutfallslega hækkun á bótum fyrir minni varanlega örorku). Lagt er til, að horfið verði frá því, að draga frá örorkubótum upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið. Rétt þykir, að Hagstofa Íslands birti, samkvæmt skýru lagaboði, þær vísitölubreytingar sem verða á fyrrgreindum upphæðum, og er að öðru leyti kveðið skýrar á um það efni í frumvarpinu, en nú er gert í lögum

Í sambandi við það, sem fyrr sagði um skyldu útgerðarmanns til að kaupa tryggingu fyrir dánar- og slysabótum, skal bent á, að í 241. gr. frumvarpsins er jafnframt lögð hegning við því, ef útgerðarmaður vanrækir þessa skyldu sína, og felst í því verulegt aðhald. Jafnframt hefur nefndin, af þessu tilefni, samið frumvarp til breytingar á l. 63/1961, sem á að koma alveg í veg fyrir, að menn verði skráðir á skip nema tryggingarskyldunni hafi verið fullnægt. Er fyrrnefnt frumvarp lagt fram samhliða þessu frumvarpi til nýrra siglingalaga.

Um 173. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 1. gr. sáttmálans frá 1976, þar sem segir:

„Shipowners and salvors, as hereinafter defined, may limit their liability in accordance with the rules of this Convention for claims set out in Article 2. — The term shipowner shall mean the owner, charter, manager and operator of a sea-going ship. Salvor shall mean any person rendering services in direct connection with salvage operations. Salvage operations shall also include operations referred to in Article 2, paragraph 1 (d), (e) and (f).“

Hliðstætt ákvæði er t.d. í 234. gr. dönsku siglingalaganna, eftir lagabreytingu frá 1982, sem einnig er ætlað að ná yfir fyrrgreint ákvæði sáttmálans, og hljóðar svo:

„Rederen kan begrænse sit ansvar efter reglerne i dette kapitel. Samme ret har en ejer af et skib, som ikke er reder, en bruger, befragter, disponent samt enhver, der yder tjeneste i direkte forbindelse med bjærgningsarbejde, herunder arbejde som nævnt i § 235, stk. 1. nr. 4, 5 og 6.“

2. mgr.

Svarar að nokkru til 1. mgr. 212. gr. l. 66/1963, en ákvæðið er þó þannig orðað, að tekið er af tvímæli um, að það getur, eftir atvikum, tekið til sjálfstæðra verktaka, sem vinna í þágu skips, ef á annað borð verður talið, að útgerðarmaður eða aðrir, sem nefndir eru í 1. mgr., beri ábyrgð á sjálfstæðum verktökum.

3. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 174. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta kemur í stað 1. mgr. 205. gr. l. 66/1963. Hér eru taldar, í sex liðum, þær tegundir krafna, sem takmörkun sæta og skýra liðirnir sig sjálfir. Sérstaklega er tekið fram í upphafi málsgreinarinnar, að ekki skipti máli, á hvaða grundvelli ábyrgðin hvíli, og er því ljóst, að ákvæðið tekur einnig til bótaábyrgðar án sakargrundvallar (algerlega hlutlægrar ábyrgðar). Ákvæðið er í samræmi við 2. grein sáttmálans frá 1976.

2. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 175. gr.

Hér ræðir um undantekningar frá heimild til ábyrgðartakmörkunar og er fylgt efni 3. gr. sáttmálans frá 1976, nema varðandi 6. töluliðinn og síðari hluta 5. töluliðs (en um síðarnefnda þáttinn vísast til þess, sem sagði um 172. gr.)

Um 176. gr.

Hér er fylgt orðalagi 4. gr. sáttmálans frá 1976, en ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Um 177. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 206. gr. l. 66/1963 og fyrirmyndin er að mestu leyti 6. og 7. gr. alþjóðasáttmálans frá 1976, svo og nýlegar lagabreytingar eða frumvörp meðal annarra Norðurlandaþjóða. Enn sem fyrr, þykir rétt að miða takmörkunarfjárhæðirnar við stærð skipanna, m.a. vegna þess að almennt má reikna með því, að tjónshættan sé því meiri (a.m.k. varðandi viss hættusvið), sem skipin eru stærri. Er hér um að ræða mjög verulega hækkun takmörkunarfjárhæða frá því sem er að gildandi rétti. Ef haft er mið af 500 lesta skipi, verður hækkunin fimmföld frá því sem nú er, varðandi tjón á munum og 4.7 föld hækkun varðandi tjón á mönnum og fyrir 1000 lesta skip verður samsvarandi hækkun 3.75 og 4.1. Einnig leiðir hækkun af þeirri aðferð við útreikning lestafjölda, sem hér er gert ráð fyrir.

Um verðmæliseininguna SDR („Special Drawing Right" — „sérstök dráttarréttindi"), sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) notar, skal þetta tekið fram:

Hinn 1. júlí 1979 hóf Seðlabankinn skráningu gengis sérstakra dráttarréttinda (SDR) miðað við íslenska krónu, en þessar einingar hafa rutt sér til rúms í sívaxandi mæli sem viðmiðun í alþjóðaviðskiptum á undanförnum árum og gegna hlutverki alþjóðlegs gjaldmiðils að nokkru leyti. Hin sérstöku dráttarréttindi urðu til á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu 1968, en þá var ákveðið að hverfa frá því að nota gull sem grundvallarviðmiðun í alþjóðapeningakerfinu en taka í staðinn upp einingu, er byggðist á tilteknu meðaltali helstu viðskiptagjaldmiðla heims. Dráttarréttindi gegna nú lykilhlutverki í starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Bókhald hans og lánveitingar eru færðar í þessum einingum og hefur mjög færst í vöxt, að einstök aðildarríki hans miði gengi gjaldmiðla sinna beint við SDR. Sakir þess hve gengi SDR er tiltölulega stöðugt hefur einnig færst í vöxt, að SDR sé lagt til grundvallar í almennum viðskiptum í löndum heims. Frá 1. júlí 1974 ákvarðaðist gengi SDR af vegnu meðaltali gengis 16 helstu viðskiptagjaldmiðla heimsins. Gengi þess er því stöðugra en gjaldmiðlar einstakra þjóðlanda, en gengi þeirra er síbreytilegt í hátt við markaðsaðstæður. Til einföldunar og í því skyni að ýta undir enn frekari notkun SDR í hvers kyns verðviðmiðunum á alþjóðavettvangi var tekin upp ný útreikningsaðferð um áramótin 1980—1981. Gengi SDR ræðst nú af gengi fimm helstu gjaldmiðla heims. Bandaríkjadollar vegur 42%, vestur-þýskt mark 19% og japanskt yen, sterlingspund og franskur franki 13%, hver gjaldmiðill.

Um 178. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma m.a. í stað 207. gr. l. 66/1963, en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 179. gr.

Í stað efnis 208. og 209. gr. l. 66/1963 koma nú ákvæði frumvarpsins um stofnun svokallaðra „takmörkunarsjóða" og réttaráhrif þess.

Í hliðstæðum lagaákvæðum eða lagafrumvörpum meðal annarra Norðurlandaþjóða er gert ráð fyrir því, að takmörkunarsjóðir verði stofnaðir við tiltekna dómstóla í viðkomandi löndum, en óhægt er að koma því við hérlendis og er því lagt til í frumvarpinu, að þess háttar

sjóður sé varðveittur í Seðlabanka Íslands eða þeim öðrum banka í Reykjavík, sem hann ákveður, en um greiðslur o.þ.h. fari eftir fyrirmælum í dómi.

1. mgr. er, svo langt sem hún nær, í samræmi við 1. lið 11. gr. alþjóðasáttmálans frá 1976, sem hljóðar svo:

„Any person alleged to be liable may constitute a fund with the Court or other competent authority in any State Party in which legal proceedings are instituted in respect of claims subject to limitation. The fund shall be constituted in the sum of such of the amounts set out in Articles 6 and 7 as are applicable to claims for which that person may be liable, together with interest thereon from the date of the occurrence giving rise to the liability until the date of the constitution of the fund. Any fund thus constituted shall be available only for the payment of claims in respect of which limitation of liability can be invoked."

2. mgr. er í samræmi við 3. lið 11. gr. sáttmálans frá 1976, en 3. mgr. á sér hins vegar ekki beina hliðstæðu í sáttmálanum. Er það ákvæði samið að norrænni fyrirmynd.

Um 180.—182. gr.

Greinar þessar eru, eftir því sem unnt er, samdar að fyrirmynd sáttmálans frá 1976 og norrænna laga eða lagafrumvarpa, en ákvæðin þó aðlöguð hérlendum aðstæðum. Ákvæðin skýra sig sjálf.

Um 183. gr.

Greinin kemur í stað efnis 213. gr. l. 66/1963. Samkvæmt 1. málslið 1. mgr. 183. gr. frumvarpsins er miðað við sömu meginreglu og nú er eftir gildandi rétti, þ.e. miðað skal við **„lex fori"**. Í síðari málsliðnum gefur þó að finna undantekningu frá þessari meginreglu, sem leiðir af ákvæðum sáttmálans frá 1976

Hvað varðar 2. mgr. skal tekið fram, að almennar lagareglur um lækkun bótaábyrgðar tjónvalds eru ekki í íslenskum rétti, en hér er höfðað til þess, þegar íslenskur lagaskilaréttur leiðir til þess, að beitt sé þess háttar ákvæðum í löggjöf annarra þjóða.

UM X. KAFLA

Í kafla þessum eru ítarleg ákvæði um „takmörkunarsjóði" svokallaða en um réttaráhrif þess að þess háttar sjóður er stofnaður, vísast til IX. kafla frumvarpsins. Fyrirmæli X. kafla eru byggð á ákvæðum alþjóðasáttmálans um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns frá 1976 og nýjum ákvæðum um „takmörkunarsjóði" í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða eða lagafrumvörpum þar að lútandi. Að sjálfsögðu er þó leitast við að sníða ákvæðin að hérlendum aðstæðum, en síðar munu að sjálfsögðu einnig mótast starfsreglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Um 184. gr.

Rétt þykir að „takmörkunarsjóður" sé varðveittur við Seðlabanka Íslands eða annan þann banka í Reykjavík, sem hann ákveður.

Í 11. gr. alþjóðasáttmálans um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns frá 1976 segir:

„Any person alleged to be liable may constitute a fund **with the Court or other competent authority** . . ."

Sumar þjóðir hafa þegar stofnað eða munu stofna þess háttar sjóði við tiltekna dómstóla í viðkomandi löndum, en hérlendis hentar það ekki og er því miðað við framangreinda lausn, en Seðlabanki Íslands er að sjálfsögðu „competent authority" í skilningi fyrrnefnds sáttmála, og ef um annan banka er að ræða, eftir ákvörðun Seðlabankans, er hann að sjálfsögðu háður eftirliti þess síðarnefnda.

Um 185. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 186. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 187. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 188. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 189. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 190. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 191. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 192. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 193. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 194. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 195. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 196. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

UM XI. KAFLA

Ákvæðin um sjóveð o. fl. í X. kafla núgildandi siglingalaga stóðu að mestu óbreytt frá 1914 til 1963, er þeim loks var breytt til samræmis við alþjóðasáttmála um það efni, sem þá var reyndar orðinn hart nær fjögurra áratuga gamall og orðinn úreltur að mörgu leyti.

Þann 10. apríl 1926 var í Brüssel gerð alþjóðasamþykkt um sjóveð og annars konar veðréttindi í skipum. Allmargar þjóðir hafa í áranna rás fullgilt sáttmála þennan, þ. á m. allar Norðurlandaþjóðirnar nema Íslendingar.

Norðmenn, Danir, Svíar og Finnar sögðu hins vegar sáttmálanum upp þ. 1. mars 1965. Margar miklar siglingaþjóðir, svo sem Bandaríkjamenn, Bretar og bresku samveldisþjóðirnar, Þjóðverjar og Hollendingar hafa aldrei gerst aðilar að sáttmálanum, og hefur það mjög veikt gildi hans. Í sáttmála þessum var m.a. að nokkru slitið það nána samband, sem áður hafði í löggjöf flestra ríkja, verið milli ábyrgðar útgerðarmanns og sjóveða.

Þann 27. maí var í Brüssel gerður annar alþjóðasamningur um sjóveð og annars konar veðréttindi í skipum. Tilurð þessa sáttmála má rekja til frumkvæðis Alþjóðasiglinganefndarinnar (CMI) frá 1963. Á ráðstefnu á vegum nefndarinnar í New York 1965 var til meðferðar uppkast að alþjóðasáttmála um þessi efni, sem unnið hafði verið að undir umsjá nefndarinnar. Markmiðið með sáttmálanum átti m.a. að vera að greiða fyrir og styrkja aðstöðu samningsveðhafa í skipum með því að fækka tölu sjóveða í þeim. Einkum var lögð áhersla á að fella niður sjóveð vegna ráðstafana eða skuldbindinga, sem skipstjóri hefur gert vegna stöðu sinnar utan heimilis skipsins og nauðsynlegar voru til verndar skipi eða framhalds ferðar, þ.e. hið svonefnda „leverandør" — sjóveð, sbr. 5. tl. 216. gr. l. 66/1963. Einnig var talin vera mikil þörf á alþjóðasamræmingu á réttarreglum varðandi sjóveð.

Skv. 2., sbr. 4. gr., sáttmálans frá 1926 náði sjóveð ekki einungis til skips, heldur einnig til farmgjalds, björgunarlauna, skaðabóta og sjótjónsframlags, en sáttmálinn frá 1967 tekur einungis til sjóveða í skipum.

Skv. 1. mgr. 4. gr. sáttmálans frá 1967 skulu eftirtaldar kröfur eiga sjóveð í skipi (hér rakið eftir töluliðum).

1) Kröfur um laun og aðra þóknun til skipstjóra, yfirmanna og annarra, sem á skip eru ráðnir (e.„other members of the vessels complement", fr.„membres de l'équipage"), vegna starfa þeirra á skipinu.
2) Hafnargjöld, skipaskurða- eða önnur siglingaleiðagjöld og kröfur vegna leiðsögu.
3) Kröfur gegn skipseiganda (e.„the owner", fr. „le proprietaire") vegna lífs- eða líkamstjóns, sem orðið hefur á sjó eða landi og stendur í beinu sambandi við rekstur skipsins.
4) Kröfur gegn skipseiganda vegna tjónsatvika utan samninga og út af tjóni eða skemmdum á eignum, — hvort heldur sem orðið hafa á sjó eða landi, — sem standa í beinu sambandi við rekstur skipsins.
5) Kröfur vegna björgunar, fjarlægingar skipsflaks og framlags til sameiginlegs sjótjóns.

Í 2. mgr. 4. gr. segir, að sjóveð í skipi fylgi ekki þeim kröfum, sem um getur í 3) og 4) ef þær megi rekja til geislunareiginleika eða sambands geislunareiginleika og eitrunar-, sprengi- eða annarra hættulegra eiginleika kjarnorkueldsneytis eða geislavirkra efna eða úrgangsefna.

Í 1. mgr. 5. gr. segir, að sjóveð þau, sem rakin eru í 4. gr., skuli ganga framar þinglesnum veðum í skipum og öðrum kröfum.

Í 2. mgr. sömu gr. segir, að rétthæð framangreindra sjóveða innbyrðis skuli vera í sömu röð og töluliðir 1. mgr. 4. gr. segi til um, en þó með þeim fyrirvara, að kröfur þær, sem raktar voru í 5) skuli ganga framar öllum öðrum sjóveðum, sem stofnast hafa í skipi fyrir þann tíma, er ráðstafanir þær, sem um getur í 5) áttu sér stað.

Í 3. mgr. 5. gr. segir, að sjóveð þau, sem rakin eru í hverjum tölulið um sig, séu jafnrétthá innbyrðis, en þó að lið 5) undanskildum.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir eins árs fyrningarfresti á sjóveðrétti.

Af 25. gr. sáttmálans frá 1967 kemur fram, að honum er ætlað að koma í staðinn fyrir sáttmálann frá 1926 hvað varðar þau ríki, sem fullgilda hann. Sannast sagna hafa einungis örfá ríki fullgilt sáttmálann (þ.e. fjögur ríki og þ.m.t. Danir, Norðmenn og Svíar), og hefur hann aldrei náð tilgangi sínum varðandi réttareiningu á þessu sviði. Samt sem áður hafa allmargar siglingaþjóðir breytt viðkomandi ákvæðum siglingalaga sinna í átt til sáttmálans og Danir, Norðmenn og Svíar urðu að sjálfsögðu að gera það, áður en þeir gátu fullgilt hann. Dönsku og norsku siglingalögunum var breytt að þessu leyti árið 1972 og Svíar gerðu slíkt hið sama ári síðar, en ekki varð fullkomið samræmi um nýskipan viðkomandi lagaákvæða milli þessara þjóða.

Nefnd sú, sem samið hefur frumvarp þetta til nýrra siglingalaga, telur fullkomna ástæðu til að endurskoða nú ákvæði l. 66/1963 um sjóveð með hliðsjón af þeim meginreglum, sem fram koma í gildandi löggjöf norrænna grannþjóða okkar og í alþjóðasáttmálanum frá 1967, eftir því sem hæfa þykir hérlendum aðstæðum. Í því sambandi skal þó sérstaklega tekið fram, að nefndin gerir eigi að tillögu sinni, að íslenska ríkið fullgildi þennan sáttmála, meðan efni hans er í núverandi mynd, enda er þess að vænta að sáttmálinn verði tekinn til endurskoðunar áður en mjög langt um líður og hann þá þannig úr garði gerður, að meiri samstaða náist um hann meðal siglingaþjóða en verið hefur til þessa.

Í hinum endurskoðaða kafla, svo sem hann hljóðar eftir frumvarpinu, eru að sjálfsögðu tekin með ákvæði um fyrningu sjóveðréttar, en rétt þykir að annars konar fyrningarákvæði, sem nú eru einnig í X. kafla l. 66/1963, standi í sérstökum kafla, sbr. XII. kafla frumvarpsins.

Um afstöðu til Brüsselsáttmála frá 1967 um skráningu réttinda (þ. á m. eignarhafta) í skipum sem eru í smíðum, vísast til þess, sem segir í greinargerð með II. kafla frumvarpsins.

Um 197. gr.

Að öllu þessu athuguðu þótti réttast að skipta bótagreiðslum jafnt milli ríkissjóðs og þeirra veiðifélaga, veiðieigenda, fiskræktar- og eldisstöðva, sem að dómi matsmanna njóta góðs af friðun þessari, í þeim hlutföllum, sem matsmenn ákveða.

Til þess að svipta ekki jarðir þessar hlunnindatekjunum til fulls þótti rétt að gefa bótaþegum kost á að fá þann hluta bótanna, sem á hagsmunaaðila fellur, sem árlegar verðtryggðar greiðslur, er fylgi landeign á sama hátt og veiðiréttur, helst sem hlutur í arðskrá viðkomandi veiðifélags.

Eðlilegt þykir að hægt sé að krefjast endurmats á greiðsluhlutföllum bóta ef forsendur skiptingarinnar raskast.

6. tölul. Við þennan tölulið er bætt ákvæði um bótaskyldu.

15. gr. 1. tölul. Nýmæli er að bann er lagt við að nota lóðir til silungsveiða í sjó. Það veiðarfæri hefur reynst mjög fengsælt við úthafsveiðar á laxi og gæti svo einnig reynst þótt nær ströndu sé. Rétt þykir að fyrirbyggja þá hættu. Ekki er vitað til að silungur hafi verið veiddur á lóð við strendur landsins hingað til, og ætti því ekki nein bótaskylda að fylgja ákvæði þessu.

2. tölul. Hér er bætt í frumvarpið ákvæði þess efnis, að friðun fyrir laganetaveiðum og ádrætti í sjó við ósa straumvatna sé því aðeins gild að fiskur gangi í það vatn. Tilgangur þessa er sá að auðvelda sjávarveiðibændum nýtingu hlunninda sinna á stöðum, þar sem ekki er hætta á að slík veiði hindri fiskgöngur í veiðiár.

Annað innskot kveður á um að hlutaðeigandi veiðifélag fari með umráð stangarveiðiréttar í sjó innan friðunarsvæða við árósa. Skortur á ákvæðum um þetta atriði hefur valdið ágreiningi og erfiðleikum, sem torvelt virðist að leysa á annan veg en þennan.

Við greinina er bætt heimildarákvæði til ráðherra að leyfa sel- og hrognkelsaveiði innan friðunarsvæða þessara. Tilgangur heimildarákvæðisins er að auðvelda sjávarveiðibændum nýtingu þessara hlunninda.

Að lokum er svo bætt við greinina ákvæði, er tekur fram, skýrar en áður, að þeir aðilar, sem veiðirétt eiga á friðunarsvæðum þessum, skuli jafnan eiga rétt á aðild að viðkomandi veiðifélagi.

16. og 17. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

18. gr. Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að í hana er bætt heimildarákvæði til ráðherra að leyfa dorgveiði á göngusilungi á árlegum friðunartíma, auk stangar- og netjaveiði.

19. gr. Inn í 1. tölul. greinarinnar er bætt ákvæði, er heimilar styttingu vikufriðunar í netlögum í sjó í allt að 48 stundir á viku hverri. Ákvæði þetta er hugsað sem úrbót fyrir þau svæði, þar sem ætla verður að slæmt sjólag við ströndina hindri oftlega netjaveiði og valdi því minni sókn þar en á skýlli slóðum. Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að leitað hafi verið álits veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags um sjávarveiði. Heimildir sem þessar veitast þannig því aðeins að slíkt félag starfi á svæðinu.

20. gr. Inn í 1. tölul. greinarinnar er skotið heimildarákvæði til ráðherra, að friða megi einstakar lagnir eða svæði innan netlaga í sjó, ef brögð eru að því, að lax veiðist þar í veiðarfæri ætluð öðrum fiski.

Eigendur laxveiðihlunninda óttast sumir nverjir, að lax á leið í ár þeirra sé veiddur í silunganet í sjó. Með bættu veiðieftirliti ætti að vera unnt að skera úr um hvort brögð séu að slíku. Reynist svo vera virðist eðlilegt að heimila tímabundna lokun slíkra lagna eða svæða, enda sé eigendum sjávarveiðarinnar jafnframt bætt tjón vegna missis löglegra silungsveiða í þeim lögnum eða á þeim svæðum, sem bannið nær til, á meðan það stendur.

21. og 22. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

23. gr. Þessi grein kveður á um bann við viðskiptum með lax utan löglegs árlegs veiðitíma og undanþágur frá því banni. Felld er niður heimild til viðskipta með fisk veiddan erlendis, þar sem innflutningur á honum er bannaður annars staðar í frumvarpi þessu (81. gr.). Rýmkuð er heimild til viðskipta með unninn lax og göngusilung, þar sem búast má við aukinni fjölbreytni á því sviði á komandi árum.

V. KAFLI

Um friðun vatnasilungs.

24. gr. 1. tölul. þessarar greinar frumvarpsins er gjörbreyttur frá gildandi lögum. Í stað þess, að nú er í gildi þriggja mánaða árlegur friðunartími í vatni hverju, er í frumvarpinu sett sú aðalregla, að veiði vatnasilungs sé heimil árið um kring. Þannig er gert ráð fyrir að friðun sé því aðeins beitt að sérstök ástæða þyki til og þá í samráði við hlutaðeigandi veiðifélag.

Ástæðan fyrir breytingu þessari er sú, að nú hallast fiskifræðingar okkar að því, að flest silungsvötn okkar séu ofsetin og því aðeins til skaða að lögbinda árlegan friðunartíma, þótt heimildir verði að vera til slíks þar sem þurfa þykir.

25. gr. 2. tölul. greinarinnar í gildandi lögum er felldur niður úr frumvarpinu, þar sem hann lýtur að friðun þeirri sem brott á að fella (24. gr.).

Í 2. tölul. er því bætt, að leita skuli samþykkis eiturefnanefndar. Er það í samræmi við önnur gildandi lög.

26. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

VI. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr. 5. tölul. gildandi laga er vikið aðeins við og skipt í tvo töluliði. Sá fyrri þeirra (5. tölul.) kveður á um að ekki megi fjölga lögnum frá því, sem var árið 1957, en þá tóku núgildandi reglur gildi og hefur ekki verið heimilt að fjölga lögnum síðan. Einfaldara þótti að miða við ákveðið ártal, fremur en að nefna svo og svo mörg ár fyrir gildistöku laganna.

Í 6. tölul. frumvarpsins, sem svarar til síðari hluta 5. tölul. í gildandi lögum, er það nýmæli, að leyfi ráðherra þurfi, ásamt tillögum veiðimálastjóra, til að breyta um veiðiaðferðir og taka upp veiði með föstum veiðivélum.

6. tölul. þessarar greinar í gildandi lögum verður 7. tölul. í frumvarpinu, en óbreyttur að öðru leyti.

28. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

29. gr. frumvarpsins er að ýmsu aukin frá gildandi lögum. Við 1. tölul. greinarinnar bætist ákvæði um að aldrei megi „net eða aðrar veiðivélar vera þannig gerðar, að hætta sé á að þær taki fisk, sem er á niðurleið í átt til sjávar". Ákvæði sama efnis er í gildandi lögum (31. gr., 2. tölul.), en tæpast eins skýrt og skyldi. Hér er leitast við að orða þetta svo að óyggjandi geti talist. Orðalagið „fisk, sem er á niðurleið í átt til sjávar" er tekið fram yfir „fisk, sem forstreymis gengur" vegna þess að á ósasvæðum ánna breytist straumstefna oft eftir sjávarföllum, og hefur sú staðreynd sumsstaðar valdið erfiðleikum við túlkun gildandi laga.

4. tölul. greinarinnar er nýmæli. Því ákvæði er ætlað að draga úr hættu á að lax og göngusilungur veiðist í net lögð til veiða á vatnasilungi, „enda sé lax þar friðaður fyrir netaveiði“.

5. tölul. greinarinnar er einnig nýr. Hann geymir fyrirmæli um lagnet innan netlaga í sjó. Þar er mælt svo fyrir að net skuli landföst, og er það í samræmi við netalagnir í straumvötnum. Einnig eru ákvæði um hámarksmöskvastærð slíkra neta. Ákvæðum þessum er ætlað að draga úr hættu á að lax veiðist í silunganet þessi.

6. tölul. er óbreyttur frá 4. tölul. greinarinnar í gildandi lögum.

30. gr. Við 1. tölul. greinar þessarar í gildandi lögum er bætt heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um gerð veiðitækja með reglugerð, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að kveða skýrar á um hvaða veiðarfæri og/eða agn séu lögleg. Slíkt er þó ýmsum tæknilegum erfiðleikum bundið, og þótti þjálla að hafa heimild til setningar reglugerðar um þetta efni, fremur en að binda skilgreininguna í lög.

Við 3. tölul. er bætt tilvísun í 35. gr. frumvarpsins, en málsgreinin að öðru leyti óbreytt.

31. gr. 1. tölul. er óbreyttur frá gildandi lögum, en 2. tölul. er endursaminn án þess þó að efni hans breytist. Um ástæður til orðalagsbreytingar þessarar vísast til skýringa við 1. tölul. 29. gr., en þar er um samhljóða orðalag að ræða.

32. gr. er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að bætt er við einum tölulið (nr. 4), sem kveður á um lágmarksbil milli spela í kistum og görðum. Samhljóða ákvæði er að finna í 2. tölul. 34. gr. gildandi laga, en nefndarmönnum þótti það eiga betur heima í þessari grein.

4. tölul. greinarinnar í gildandi lögum verður að 5. tölulið í frumvarpinu.

33. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

34. gr. Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að 2. tölul. fellur brott, þar sem efni hans er áður fram komið annars staðar í frumvarpinu (í 29. og 31. gr.). Einnig bætist við ákvæði um gildruveiði.

Númer síðari tölulíða greinarinnar breytist vegna brottfalls 2. tölulíðar.

35. gr. Í 1. tölul. greinarinnar bætist ákvæði um að sömu reglur gildi um bil milli silungsneta í sjó og fastra veiðivéla í straumvatni. Þetta er í samræmi við 4. tölul. 14. gr. frumvarpsins. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

36. og 37. gr. frumvarpsins eru óbreyttar frá gildandi lögum.

38. gr. frumvarpsins er að nokkru aukin frá gildandi lögum. Í upptalningu leyfilegra veiðitækja í 1. tölul. bætist „gildra“, sem nú er orðið viðurkennt tæki til silungsveiða.

Í 2. tölul. bætist að meðmæli viðkomandi veiðifélags þarf til að heimila megi ádrátt í almenningi stöðuvatns. Eðlilegt sýnist að slíkt leyfi þurfi þar til að koma.

Í 4. tölul. bætist bann við gildruveiðum í stöðuvötnum, sem lax og göngusilungur fer um, enn fremur heimildarákvæði fyrir ráðherra til að undanþiggja ákveðna hluta stöðuvatns veiðitakmörkunum, sem stafa af umferð lax og göngusilungs um aðra hluta vatnsins. Til þessa þarf þó tillögur frá veiðimálastjóra og samþykki veiðimálanefndar. Ákvæði þetta er sett til að auðvelda nýtingu staðbundins vatnasilungs, þar sem slíku verður við komið án verulegrar hættu á að lax eða göngusilungur ánetjist. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

VII. KAFLI

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

39. gr. Við 1. tölul. þessarar greinar er aukið ákvæði um að ef tilkoma fiskvegar eða friðunaraðgerðir tengdar honum rýra veiðihlut einstakra jarða, þá skuli það bætt með hlut í arðskrá viðkomandi veiðifélags. Yfirleitt hefur þessari reglu verið fylgt við arðskrárgerðir, en tryggara þykir þó að kveða skýrt á um þetta atriði. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

40. og 41. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

42. gr. Eðlilegt þykir að viðkomandi veiðifélag geti millilíðalaust krafist nauðsynlegs búnaðar við vatnsúttak úr veiðivatni til að hindra göngur fisks og/eða seiða um vatnsúttakið. Því var ákvæði þess efnis bætt í greinina.

43. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

44. gr. Þessi grein er nýmæli, en þótti nauðsynleg vegna síaukinnar mannvirkjagerðar í og við veiðivötn. Efnislega þarf greinin ekki skýringa við.

VIII. KAFLI

Um veiðifélög.

45. gr. Greinin er að mestu samhljóða 44. gr. gildandi laga, en inn í skilgreiningu á því, hvað teljist fiskrækt, er aukið orðunum „fækkun sels og annars veiðivargs". Talið er eðlilegt að flokka slíkar aðgerðir með fiskrækt.

46. gr. svarar til 45. gr. gildandi laga. E-liður 1. tölul. er þó nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að stofnuð verði veiðifélög um strandsvæði með veiðihlunnindum silungs í sjó. Þetta er gert til þess að freista þess að koma fastara skipulagi á veiðar þessar en nú er.

47. og 48. gr. eru samhljóða 46. og 47. gr. gildandi laga.

49. gr. er efnislega samhljóða 48. gr. gildandi laga, en breytt er tilvísun í 1. tölulið.

I 2. og 3. tölul. er notað orðalagið „sem metið er til verðs í fasteignamati 1970" í stað orðanna „sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara", eins og stendur í gildandi lögum. Með þessu lagi raskast ekki atkvæðaleg uppbygging veiðifélaganna þótt frumvarp þetta verði að lögum, þótt ljóst sé að nauðsynlegt kunni að verða að breyta þessu ákvæði síðar.

50. gr. frumvarpsins er að mestu samhljóða 49. gr. gildandi laga. Í 1. tölul. er þó orðið „bréflega" notað í stað orðsins „skriflega" sem stendur í gildandi lögum. Nefndarmenn telja nýja orðalagið skýrara en hið eldra.

Einnig er bætt við nýjum tölulið (nr. 5) er heimilar veiðifélögum að stofna svæðisbundin samtök, enda fordæmi fyrir slíku.

51. gr. fjallar um gerð arðskrár. Hún er að mestu samhljóða 50. gr. gildandi laga, en þó er aukið við efni hennar þrem atriðum.

Í 1. tölul. er orðinu „landeign" bætt inn í upptalningu þeirra þátta, sem arður getur fylgt. Ljóst er að arður getur fylgt landi þótt hvorki sé jörð né jarðarhluti, og þótti því rétt að gera ráð fyrir slíku í upptalningunni.

Einnig er bætt við þennan tölul. ákvæði um að líta beri á lífríki vatnasvæðis sem eina heild og taka tillit til allra þeirra fiskistofna, sem þar eru.

Við 2. tölul. bætist heimild til að skjóta arðskrármati beint til yfirmatsnefndar, enda séu aðilar ásáttir um það. Þetta er gert til að opna möguleika á að nýta fjármagn og tíma sem best þegar sýnt þykir fyrir fram að undirmati verði ekki unað af öllum félagsmönnum.

52. gr. Hún svarar til 51. gr. gildandi laga, en er þó ýtarlegri, þar sem hér er skýrt fram tekið að arðskrá sé einnig gjaldskrá.

53. og 54. gr. eru óbreyttar frá 52. og 53. gr. gildandi laga.

55. gr. svarar til 54. gr. gildandi laga, en þó er um veigamikla viðbót að ræða, þar sem segir fyrir um heimildir veiðifélaga til fiskræktar utan síns félagssvæðis, en þó á sama vatnasvæði. Fiskifræðingar telja nú að mjög vænlegt sé til árangurs að sleppa sumaröldum seiðum í veiðiár ofan ófiskgengra fossa eða í stöðuvatn og nýta þau svæði þannig til seiðauppeldis. Hingað til hefur skort reglur um hver væri réttur veiðifélaga til slíks og hver réttur landeigenda.

Nefndarmenn töldu rétt að heimila veiðifélögum nýtingu svæða þessara, en annaðhvort yrði að greiða landeigendum fyrir aðstöðuna eða veita þeim inngöngu í veiðifélagið og hlut í arðskrá. Sé sú leið valin að greiða landeigendum fé fyrir aðstöðuna virðist eðlilegt að þeir eigi rétt til inngöngu í viðkomandi veiðifélag, ef ræktun af þessu tagi stendur lengi og reynist skila árangri.

56. gr. er samhljóða 55. gr. gildandi laga.

57. gr. svarar til 56. gr. gildandi laga, en gerðar eru tvær smávægilegar breytingar. Í 2. tölul. er hámarksfjöldi félagsmanna í þeim félögum, sem boða mega fundi — með símtölum o. s. frv. — hækkaður úr 30 í 40. Í 4. tölul. kemur orðið „bréflega“ í stað orðsins „skriflega“ — en nefndarmenn telja þetta orðalag nákvæmara (sbr. athugasemdir við 50. gr.).

58. gr. er óbreytt frá 57. gr. gildandi laga, nema hvað 2. tölul. þeirrar greinar er felldur niður, þar sem ákvæðið er talið bæði ónauðsynlegt og erfitt í framkvæmd.

59. gr. Í grein þessari er saman komið efni 58. gr. gildandi laga ásamt nýjum ákvæðum um gildru- eða kistuveiðar á öllum þeim fiski er í ákveðið veiðivatn gengur. Áætlanir eru nú uppi um hafbeit, með seiðasleppingum í ár eða stöðuvötn, þar sem fiskur er ekki fyrir. Því sýnist nauðsynlegt að heimild sem þessi sé fyrir hendi, en rétt virðist að setja ströng skilyrði um samþykki allra aðila, sem veiðirétt eiga á viðkomandi vatnasvæði. Efnislega þarf greinin tæpast skýringa við.

60., 61. og 62. gr. eru samhljóða 59., 60. og 61. gr. gildandi laga.

63. gr. er ný og fjallar um Landssamband veiðifélaga. Þótt aðild að samtökunum sé frjáls og engin fyrirmæli um starfshætti þess í frumvarpinu, eru samtökin orðin það snar þáttur í skipulagi veiðimála hérlendis, að eðlilegt þótti að geta þeirra í sérstakri grein.

IX. KAFLI

Um fiskeldi og klak- og eldisstöðvar.

Orðaröð í heiti þessa kafla hefur verið breytt og orðið „ríkisins“ fellt niður.

64. og 65. gr., áður 62. og 63. gr. gildandi laga, eru óbreyttar.

66. gr. er samhljóða 64. gr. gildandi laga, nema hvað bætt hefur verið inn í hana ákvæði um að klak- og eldisstöðvar ríkisins þurfi að fá leyfi „viðkomandi veiðieiganda eða veiðifélags“ auk leyfis ráðherra til klaköflunar.

67. gr. svarar til 65. gr. gildandi laga. Rétt þótti að binda forgöngu til seiðakaupa, sem greinin fjallar um, við eldisstöðvar ríkisins og enn fremur að veiðimálastjóri gefi samþykki fyrir fisktegundinni, sem sleppa á, til þess að forða frá að sleppt sé í veiðivatn fisktegund sem ekki hentar þar.

68. gr. svarar til 66. gr. í gildandi lögum. Síðan laxveiðilögin tóku gildi 1970 hafa verið tekin upp nýmæli hvað snertir að sleppa sjógönguseiðum af laxi í stöðvar þar sem náttúruleg uppeldisskilyrði eru ekki fyrir hendi, þ. e. í hafbeitarstöðvar, og að ala lax upp í kvíum (netbúrum) í sjó. Þótti því eðlilegt að bæta inn í greinina kvíaeldi og hafbeit, þar sem sams konar undanþágur frá friðunarákvæðum laga verða að gilda. Enn fremur er bætt inn í greinina að skila þurfi ásamt öðrum skilríkjum bréfi um landsafnot og áætlun um kostnað við mannvirkjagerð til þess að fá viðurkenningu á eldisstöðvum og hafbeitarstöðvum. Þá er og bætt inn ákvæði um að landbúnaðarráðherra skuli staðfesta viðurkenningu veiðimálastjóra á slíkum stöðvum.

69., 70. og 71. gr. eru samhljóða 67., 68. og 69. gr. gildandi laga.

72. gr. svarar til 70. gr. gildandi laga. Grein þessari er ætlað að veita athafnafrelsi við veiði innan viðurkenndra eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis, og er því nauðsynlegt að veita undanþágur frá friðunarákvæðum laganna. Í 70. gr. gildandi laga er tekið fram um undanþágur frá nokkrum lagagreinum, en við nánari athugun kom í ljós, að bæta hefði þurft

fleirum við. Var því horfið að því ráði, að í stað langrar upptalningar á lagagreinum var tekið til um undanþágur frá friðunarákvæðum almennt. Bætt var inn í greinina, að sams konar undanþágur gildi fyrir hafbeitarstöðvar og kvíaeldi og fyrir eldisstöðvar.

73., 74., 75. og 76. gr. eru samhljóða 71., 72., 73. og 74. gr. gildandi laga.

X. KAFLI.

Um fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit og innflutning á lifandi fiski og hrognum.

Heiti þessa kafla hefur verið breytt með því að skeyta framan við það orðunum „um fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit". Gefur það þannig betri hugmynd um efni kaflans.

77. gr. svarar til 1. mgr. 75. gr. gildandi laga. Efni greinarinnar hefur verið breytt þannig, að í stað þess, að ákveðið sé í lögum að yfirdýralæknir skuli vera formaður fisksjúkdómanefndar, kjósi nefndin sér formann til fjögurra ára í senn. Orðalagi greinarinnar hefur auk þess verið breytt lítils háttar. 2. mgr. 75. gr. gildandi laga er felld niður, enda hefur fisksjúkdómafræðingur þegar verið skipaður.

78. gr. er ný grein, þar sem tekið er fram nákvæmar en gert er í 75. gr. gildandi laga um starfssvið fisksjúkdómafræðings.

79. gr. svarar til 76. gr. gildandi laga. Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt. Kveðið er ítarlegar á um varúðarráðstafanir um innflutning hrogna heldur en er í gildandi lögum. Þá hefur efni 2. mgr. 78. gr. gildandi laga verið skeytt aftan við greinina.

80. gr. svarar til 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. gildandi laga. Í greininni er nýmæli um að innflutningsbann skuli ná til dýra, sem lifa í ósöltu vatni, auk lifandi skrautfiska og hrogna þeirra, en af innflutningi slíkra dýra getur leitt smithættu. Að öðru leyti er greinin efnislega lík nefndum greinum, en orðalagi hefur verið breytt og gert almennara og að sumu leyti víðtækara, þannig að setja megi fleiri skilyrði en áður fyrir undanþágu um innflutning á skrautfiskum og þá jafnframt fyrir innflutning á öðrum dýrum, sem lifa í ósöltu vatni.

81. gr. svarar til 79. gr. gildandi laga, en orðalagi á greininni hefur verið breytt og er það fyllra en er í lögum nú. Sú breyting er gerð í upphafi greinarinnar, að landbúnaðarráðherra fyrirskipi sótthreinsun eftir tillögum fisksjúkdómanefndar, í stað þess að nefndin geri það. Er þessi breyting gerð til samræmingar við ákvæði annarra greina þessa kafla. Þá er kveðið ákveðnar en áður á um bann við innflutningi á vatnafiskum.

82. gr. svarar til 80. gr. gildandi laga. Efnislega er greinin eins og 80. gr., nema hvað þar er kveðið ítarlegar á.

83. gr. svarar að nokkru til 81. gr. gildandi laga. Inn í greinina er bætt nýjum ákvæðum, sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að vantaði í lög eða að nauðsynlegt er að hafa ákvæði um í lögum skv. reynslu erlendis. Þessi ákvæði varða reglur um heilbrigðiseftirlit með klaki og fiskeldi í fersku vatni og söltu, um val á stofnfiski og um takmörkun eða bann við sölu afurða. Þá er gert ráð fyrir heimild til að kveðja til héraðsdýralækni til eftirlits- og sóttvarnastarfa. Að lokum eru ákvæði um viðurlög við brotum á varúðar- og sóttvarnarreglum.

84. gr. er efnislega ný nema niðurlagssetningin, sem er sú sama að efni til og niðurlagsorð í 81. gr. gildandi laga. Greinin fjallar að öðru leyti um umgengnisrétt eftirlitsmanna í klak- og eldisstöðvum, um aðstoð þeirra við sýnatöku, sótthreinsun hrogna og annað. Gert er ráð fyrir að kostnaður við lögboðið eftirlit og sóttvarnaraðgerðir verði greiddur úr ríkissjóði.

XI. kafli, **„Um álaveiðar"** — og XII. kafli, **„um ófriðun sels"** — eru óbreyttir frá gildandi lögum, nema hvað öll greinanúmer hækka um þrjá.

XIII. KAFLI

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

89. gr. Hún svarar til 86. gr. gildandi laga, en er lítillega breytt og aukin. Í 1. tölul. er notaður titillinn „landbúnaðarráðherra“ í stað „ráðherra“ í gildandi lögum. Þykir þetta orðalag skýrara. Bætt er við greinina 3. tölul., þar sem kveðið er á um að ráðherra leiti umsagnar hagsmunaaðila í veiðimálum þegar ástæða þyki til.

90. gr. fjallar um verkefni og starfssvið veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunarinnar. Hún svarar til 87. gr. gildandi laga. Efnisskipan er nokkuð breytt, og fjallar 2. tölul. um hlutverk Veiðimálastofnunarinnar, sem er nýmæli. Umsvif hennar eru orðin það mikil, að rétt þótti að geta hennar sérstaklega og greina að nokkru á milli verkefna stofnunarinnar sem slíkrar og starfa veiðimálastjóra.

91. gr. er samhljóða 88. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að fulltrúi félags eldisstöðvaeigenda tekur sæti í Veiðimálanefnd í stað fulltrúa Hafrannsóknastofnunar.

92. gr. fjallar um veiðieftirlit og svarar til 89. gr. gildandi laga. Þar eru nokkrar breytingar og viðbætur.

Í 1. tölul. er kveðið á um að landinu öllu skuli skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi með reglugerð. Eðlilegra þótti að binda svæðisskiptingu þessa ekki í lögum, þar sem nauðsynlegt getur reynst að breyta stærð eða takmörkum veiðieftirlitsumdæma þegar reynsla er fengin af hinu nýja skipulagi eða ef aðstæður breytast. Samkvæmt tillögu nefndar þeirrar, sem samdi frv. þetta, hljóðar 1. töluliður þannig:

1. Landinu öllu skal skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi, sem svarar 6 stöðugildum, með reglugerð, sem ráðherra setur, og ná þau til ytri marka netlaga í sjó. Hann skipar eftirlitsmann í hvert þeirra svo fljótt sem aðstæður leyfa. Í þeim efnum skal ráðherra leita tillagna veiðimálastjóra.

Eftir umfjöllun ríkisstjórnarinnar hljóðar 1. tl. þannig:

1. Landinu öllu skal skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi með reglugerð, sem ráðherra setur, og ná þau til ytri marka netlaga í sjó. Ráðherra skipar eftirlitsmann í hvert þeirra, fyrir veiðitímabil hverju sinni, að fengnum tillögum veiðimálastjóra.

Einnig er það nýmæli, að nú er tekið fram að veiðieftirlitsumdæmin skuli ná til ytri marka netlaga í sjó. Reynslan sýnir að nauðsynlegt er að kveða skýrt á um þetta.

2. og 3. tölul. eru óbreyttir, en við 4. tölul. bætist ákvæði um að veiðieftirlitsmenn skuli sýna aðgát og varkárni í æðarvarpi og arðgæfum selalátrum. Eðlilegt þykir að setja þessi fyrirmæli þegar ákveðið hefur verið að veiðieftirlitssvæðin skuli ná til netlaga í sjó. 5. tölul. er óbreyttur frá gildandi lögum.

6. tölul. fjallar um rétt veiðieftirlitsmanna til leitar að ólöglegu veiðifangi innanhúss,án undangengins úrskurðar dómara. Heimild þessi er nokkuð þrengd frá gildandi lögum, þar sem hún er nú einvörðungu bundin við verslanir, reykhús eða frystihús. Unnt þótti að túlka orðalagið „eða í öðru geymsluhúsnæði“ of rúmt, og var það því fellt niður.

93. gr. svarar til 90. gr. gildandi laga og fjallar um laun og starfskjör veiðieftirlitsmanna. Greininni hefur verið breytt frá tillögum nefndarinnar, en í þeim er ríkissjóði ætlað að greiða eftirlitsmönnum sömu laun og lögreglumönnum, auk alls kostnaðar við störf eftirlitsmannanna. Breytt er greinin eins og 90. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að helmingur aksturskostnaðar eftirlitsmanna skal greiddur, auk helmings kaups eins og áður var. Eftirlitsmönnum þessum er ætlað að gæta þess, að veiði sé stundum með löglegum hætti, og líta ekki síður eftir veiðiréttareigendum en öðrum.

Telji eigendur eða notendur veiði þörf á eftirlitsmanni á sérsvæði sínu til nánara eftirlits og umsjónar, má ráðherra löggilda þá til starfans. Ber þá þeim, sem skipunarinnar æskja, að greiða allan kostnað af starfseminni. Fjallar síðari töluliður greinarinnar um þetta efni.

XIV. KAFLI

Um Fiskræktarsjóð og lán- og styrkveitingar til fiskræktar.

94. gr. fjallar um Fiskræktarsjóð, stofnfé hans og tekjur, ásamt fyrirmælum um stjórnun sjóðsins. Greinin svarar til 91. gr. gildandi laga, en er þó frábrugðin henni í ýmsum atriðum.

Fyrst nýmæla er það, að gert er ráð fyrir verulegu stofnframlagi ríkissjóðs næstu 4 árin og skal því fé einungis varið til lánveitinga (sjá 95. gr.).

Um fasta tekjuliði er það að segja, að stafliðir a, b og e í gildandi lögum haldast óbreyttir, nema hvað e-liður verður að g-lið.

Áfram er gert ráð fyrir gjaldi frá veiðiréttareigendum, 2% af veiðileigutekjum, en 1% af veiðitekjum. Sú breyting er þó á gerð, að nú skal skattheimtukerfi ríkisins sjá um innheimtu gjaldsins. Það fyrirkomulag er talið verða öruggara og einfaldara en núverandi skipulag.

Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að gjald vatnsaflsstöðva í landinu til sjóðsins hækki úr 3‰ í 5‰ af óskírum tekjum þeirra, og skal gjaldið nú reiknast af allri orkusölu, en ekki einvörðungu af sölu til almennings, eins og verið hefur.

Nýmæli í tekjuöflun til sjóðsins eru að frumvarpið gerir ráð fyrir að fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiði 0,5% af óskírum tekjum sínum til sjóðsins. Þykir slíkt eðlilegt, þar sem verulegur hluti af ráðstöfunarfé hans hefur undanfarið runnið til slíkra fyrirtækja, og má búast við að svo verði áfram.

Enn fremur er það nýmæli, að gert er ráð fyrir að fiskræktarfé úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, eftir ákvörðun ráðherra, renni til sjóðsins.

3. tölul. greinarinnar í frumvarpinu er samhljóða 2. tölul. 91. gr. í gildandi lögum.

95. gr. svarar til 92. gr. gildandi laga, en er nokkuð breytt að efni og orðalagi. 1. tölul. frumvarpsins hefst á orðunum: „Lán og styrki má veita“ — í stað orðanna: „Lán og styrki skal veita“ í gildandi lögum. Óheppilegt þótti að ákvæði um lán- og styrkveitingu væru jafnbindandi og þau nú eru, t. d. með það í huga, að erlend stórfyrirtæki athuga nú möguleika á hafbeit í stórum stíl héðan.

Síðar í sömu málsgrein er orðið „og“ notað í stað orðsins „eða“ í gildandi lögum. Einnig er sleppt úr frumvarpinu ákvæði þess efnis, að meðmæli veiðimálastjóra séu nauðsynleg forsenda styrkveitinga. Þykja áhrif hans á slíkar styrkveitingar nægjanlega tryggð með setu hans í sjóðsstjórn.

2. tölulið frumvarpsins er breytt frá gildandi lögum á þann hátt, að samkvæmt því er aðeins heimilt — en ekki lengur skylt — að styrkja ákveðnar, umgetnar framkvæmdir. Vísast til athugasemda við svipuð atriði í 1. tölul. þessarar greinar um ástæður til þessa.

Einnig er það nýmæli í þessum tölulið frumvarpsins, að gert er ráð fyrir styrkveitingum til hafbeitarstöðva og einnig til ræktunar fisks á ófiskgengum og fisklitlum svæðum, en mikill áhugi er nú á framkvæmdum á báðum þessum sviðum.

Í frv. því, sem ráðherra fékk frá nefnd þeirri, er samdi frumvarpið, er í 96. gr. ákvæði um lánveitingar úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til fiskræktarbýla, klak- og eldisstöðva. Grein þessi er felld niður í frv. því, sem nú er lagt fram og breytast því eftirfarandi greinanúmer í samræmi við það.

XV. KAFLI

Um matsgerðir og skaðabætur.

96. gr. svarar til 94. gr. gildandi laga og er óbreytt að öðru leyti en því, að í 3. tölul. er nú tekið fram að skipunartími yfirmatsmanna skuli vera 4 ár. Í gildandi lögum er um ótilgreindan tíma að ræða.

97. gr. fjallar um bótagreiðslur vegna friðunaraðgerða samkvæmt frumvarpi þessu og svarar til 95. gr. gildandi laga, með nokkrum breytingum þó. Í 1. tölul. eru bótaréttindi aukin frá því sem nú er, með því að segja „að miklu eða öllu“ í stað „að mestu eða öllu“ —. Einnig með því að nota orðalagið: „þá veiðiaðferð, er hann áður viðhafði“ — í stað: „þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma.“

Á 2. tölul. er gerð sú breyting, að skaðabótaskylda er felld af sýslusjóðum og alfarið yfir á ríkissjóð. Nefndarmenn telja að engin sanngjörn rök mæli með því að krefja sýslusjóði um bætur þessar, þar sem beinar tekjur þeirra af veiðihlunnindum eru engar og óbein tengsl mjög óveruleg. Sýslusjóðir eru og mjög fjárvana og geta engin gjöld lagt á til að mæta útgjöldum þessum.

Undanfarið hafa bótagjöld af þessu tagi vart fallið á nema einn sýslusjóð í landinu og horfir nú í óefni með greiðslugetu hans. Einnig telja nefndarmenn að þegar löggjafinn samþykkir ákvæði, sem takmarka rétt einstaklinga í þágu heildarinnar á þann hátt, að til bótaskyldu leiðir, þá hljóti sú bótaskylda fyrst og fremst að falla á löggjafann sjálfan (sjá athugasemdir við 14. gr. 3. tölul.). Að þessu öllu athuguðu er áminnst breyting gerð.

3. tölul. fjallar um það, er einstakur veiðieigandi hefur „orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna þess, að veiðifélag notfærði sér heimild 62. gr. frumvarpsins um aukna friðun“. Eðlilegt og sjálfsagt er að viðkomandi veiðifélag greiði eitt þær bætur, sem ákveðnar kunna að verða fyrir slík tilvik. Efnislega er ákvæði þetta samhljóða 3. tölul. 95. gr. gildandi laga, eins og skýrt kom fram í athugasemdum með því frumvarpi á sínum tíma. Orðalag sjálfra laganna er þó tæpast nógu skýrt til að ekki geti misskilist og þótti rétt að bæta úr því.

98. gr. er óbreytt frá 96. gr. gildandi laga.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfars.

99. gr. svarar til 97. gr. gildandi laga og er óbreytt að öðru leyti en því, að bætt er nýjum staflið, j, inn í 1. tölulið. Þessi stafliður fjallar um heilbrigðiseftirlit, flutning á lifandi fiski og hrognum sem og fisksjúkdómavarnir. Menn gera sér nú æ betur ljóst hversu mikilvæg þessi atriði eru, og þótti rétt að hafa sérstakan staflið um þau.

2. tölul. fjallar um sektarupphæðir, en þær eru orðnar mjög úreltar í gildandi lögum. Í frumvarpinu eru þær tengdar almennum verðbreytingum.

100., 101., 102. og **103. gr.** eru óbreyttar frá 98., 99., 100. og 101. gr. gildandi laga, nema hvað tilvísunartölum í 99. gr. er breytt til samræmis við frumvarp þetta.

104. gr. svarar til 102. gr. gildandi laga. Við 1. tölul. greinarinnar er bætt fyrirmælum um að sýna skuli mikla varkárni í æðarvarpi og arðgæfum selalátrum. Ákvæði þetta er í samræmi við 4. tölul. 92. gr. frumvarpsins.

105. gr. þarfnast ekki skýringar.

XVII. kafli gildandi laga fellur niður.

Fylgiskjal I.

1. Lagnet eru óbrotnust og frumlegust allra veiðivéla. Þau eru gerð úr netriðli, sem á báðum hliðum er felldur við strengi úr snæri eða kaðli og teinar nefnast. Við annan teininn, sem nefnist fláateinn, er fest korkbútum svo mörgum, að þeir geti haldið netinu uppi í vatninu. Á hinn teininn, leggjateininn, eru dregnir leggjabútar, eða við hann er fest steinum, blýi eða járnfesti, svo að hann leiti botns, þá er netinu er lagt í vatn.


Lagnet eru nú einkum notuð til silungsveiði í sjó og stöðuvötnum. Er þeim þá lagt annaðhvort við stjóra og dufl úti í vatni eða frá bakka við landtaug. Oftast liggja þau bein eða lítið eitt buguð. Í straumvötnum eru lagnetin óvíða notuð, því að erfitt er að stöðva þau í straumi, og þykja þau ekki veiðin. Er þeim þar helst lagt forstreymis frá landi, þar sem klappir eða eyraroddar standa út í vatnið, svo að iða verði neðan við eða andstreymi, sem haldi netjunum frá landi. Mun þetta vera það, sem Grágás kallar að leggja netjum strandlagi.

2. Króknet eru komin frá lagnetjunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildrur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum, grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum ysta kláf er öðru neti lagt undan straumi, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er upp móti straumi. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir sem lengra dregur forstreymis, uns bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað að svifa honum svo langt út sem lög leyfa, og helst út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinnar. Milli lands og netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veiðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, uns fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.


Króknetjum verður ekki við komið í stríðum straumi, og ekki verða þau að fullum notum þar, sem aðdjúpt er eða langt út að straumlínu, svo sem víða er í hinum stærri ám landsins. En í flestum ám eða öllum eru þó margir slíkir staðir, að þau verði að miklu gagni, enda eru þau algengust allra veiðivéla, sem hér eru notaðar. Þann ágalla hafa þau, að fiskurinn ánetjast í þeim og er því ekki sem álitlegust vara.

3. Kistur eru veiðigildrur, áþekkar króknetjum í aðaldráttum. Kláfar með grjóti í eru settir út í ána, á sama hátt sem í króknetjunum, en á þá er ekki fest net til fyrirstöðu, heldur trégrindur með þéttum rimlum, er snúa upp og niður í vatninu. Frá ystu kláfunum liggur önnur girðing undan straumi. Hún er einnig gerð úr grindum, og er þeim fest við kláfa, staura eða steina. Á þennan hátt verður veiðikví niður frá þvergirðingunni á sama hátt sem við króknetin. Ofan við þvergarðinn er svo kistan sjálf sett. Hún er þríhyrndur rimlakláfur um 2 metrar á hvern veg. Henni er svo fyrir komið, að hið hvassasta horn hennar veit móti straumi og klýfur hann, en stysta hliðin snýr undan straumi, og liggur hún fast við fyrirstöðugirðinguna. Á þessari hlið er op, sem þannig er gert, að fiskurinn kemst inn um það, en ekki út aftur. Á kistunni er svo venjulega lok og í því hlemmur, er opna má til þess að ná fiskinum úr kistunni. Þess er vandlega gætt, að sem mestur straumur verði gegnum




kistuna. Er hún því sett þar, sem rennsli er mest gegnum girðinguna, en það er venjulega fremst við hana eða framanvert.

Fiskur sá, er gengur í veiðikví við kistu, lendir á þvergarðinum og leitar útkomu. Sækir hann fast í strauminn og finnur þá fyrr eða síðar opið inn í kistuna. Kisturnar eru einkum nothæfar þar, sem straumur er mikill og dýpi við hæfi, og má það varla vera meira að jafnaði en 1 metri. Þær eru nú óvíða notaðar hér á landi. Má þó svo heita, að þær séu hið eina



veiðitæki, sem komið verði við þar, sem ár eru straumharðar og falla á flúðum og stórgrýti. Þann kost hafa þær yfir króknetin, að fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Er hann því ómeiddur og óþreyttur, þegar hann er úr þeim tekinn.

4. Girðingar eða veiðigirðingar eru allmjög frábrugðnar króknetjum og kistum. Þær eru á þann hátt gerðar, að girðingarstaurar eru reknir niður í árbotninn hver fram af öðrum og svo margir sem þurfa þykir. Á staura þessa er svo fest grindum eða neti úr vír eða vörpugarni, svo þéttriðnu, að fiskur geti ekki smogið það. Þannig er girt svo langt út frá landi sem unnt er eða leyfilegt. Frá girðingunni er svo lagður leiðari forstreymis, eftir því sem þurfa þykir. Er hann gerður á sama hátt sem aðalgirðingin. Að sjálfsögðu þarf ekki að hafa leiðara eða hafa má þá lausa eftir vild. Á girðingunni er haft hlið, þar sem best þykir



henta, en upp frá því kró eða gildra, er fiskurinn safnast í. Gildra þessi eða kró getur verið með ýmsu móti. En aldrei má riðill í gildru né girðingu né rimlar vera þéttari en lög leyfa.

Þá er fiskurinn gengur upp eftir ánni, rekst hann á aðalgirðinguna. Leitar hann þá út frá landi, uns hann lendir í kví þeirri, er verður milli leiðara og aðalgirðingar. Lætur hann þá


lokkast inn í kró. Á hann sér þá engrar undankomu von, því að hann leitar jafnan í strauminn eftir útgöngu, enda er svo um króna búið, að óhugsandi er, að nokkur fiskur geti ratað út úr henni.

Girðingar hafa verið notaðar hér á landi aðeins þrjá síðustu áratugi. Þær eru allgóð veiðitæki, en dýr. Ekki verða þær notaðar í miklum straumi eða grjótbotni. En á leirum og lygnum árbreiðum henta þær best allra veiðitækja. Þær hafa þann sama kost sem kisturnar, að þær skemma ekki fiskinn eða þreyta hann.

Þau veiðitæki, sem hér hafa talin verið, bæta upp hvert annars ágalla, þá er á þeim eru frá tæknilegu sjónarmiði. Þeir staðir eru fáir í vatni, að engu þeirra verði við komið.


Silungagildrur

Gildra er föst veiðivél til notkunar í silungsvötnum. Hún veiðir silung og geymir hann lifandi uns hún er tæmd. Í meginatriðum er gildran sem hér segir: Netveggur, **leiðari,** liggur frá landi út í sjálfa veiðivélina, gildruna. Leiðarinn er um 50 m langur, og þegar fiskur kemur að honum beygir hann og syndir annað hvort að eða frá landi. Sá fiskur sem syndir frá landi kemur að gildrunni (sjá mynd) og syndir inn í hana. Fiskur sem kemur að hindrun hefur tilhneigingu til að synda í hringi, og gildran er þannig gerð að fiskurinn leiðist stöðugt innar í hana og syndir loks inn í trekt sem liggur inn í svokallað **fiskihólf.** Þaðan kemst hann ekki út aftur, vegna þess að op trektarinnar er í miðju kassans, miðja vegu milli botns og þaks hólfsins, en fiskurinn gerir yfirleitt tilraunir til að komast undan, með því að leita útgöngu í hornum fiskihólfsins, niður við botn eða upp við þak. Ef gat er á gildrunni á þessum stöðum finnur fiskurinn mjög fljótlega útgönguleið þar í gegn.



← FISKIHÓLF
LEIÐARI →
Grennmynd af gildru séð ofan frá
Hugsanlegar forðir fiska sjáðar í
meginstrigum

MYND 2


ÓS Í Á




ÓS Í SJÓ




ÓS Í STÖÐUVATNI



ÓS ÚR STÖÐUVATNI



FISKSTIGI



Fylgiskjal II.

Fyrirvari Árna Gunnarssonar:

Undirritaður er ósammála 77. gr. frv. sem fjallar um skipan fisksjúkdómanefndar. Ennfremur er undirritaður ósammála 92. gr. frv., einkum 6. tölulið, og áskilur sér rétt til að flytja brtt. við báðar þessar greinar.

Árni Gunnarsson.

Fylgiskjal III.

Fyrirvari Ólafs Þórhallssonar:

Um leið og nefnd sú sem að undanförnu hefur unnið að endurskoðun laga um lax- og silungsveiði skilar af sér tillögum sínum, vill undirritaður nefndarmaður koma á framfæri við landbúnaðarráðherra og löggjafarvaldið svofelldum fyrirvara, sem hann vísar til í undirskrift sinni undir frumvarpið.

Ég tel að ákvæði séu í frumvarpinu, sem þröngvi rétt eigenda sjávarveiði með þeim hætti að ekki verði við unað og vart fái samrýmst ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar. Varðandi 4. mgr. 14. gr. laganna skal sérstaklega á það bent, að veðurfar og sjólag við strendur Íslands er ekki víða með þeim hætti að unnt sé að láta silunganet liggja hálfa vikuna, sé meðaltal veiðidaga tekið, hvað þá meir. Ákvæði þetta mismunar því eigendum sjávarveiði og eigendum vatnaveiði með þeim hætti að illt er við að búa. Ég tel að það sé einmitt þessi aðstöðumunur sem veldur því að eigendur sjávarveiði freistast stundum til að leggja net sín þegar veður er hagstætt, þrátt fyrir helgarfriðun, þegar ekki hefur gefið til að leggja allan veiðitíma vikunnar á undan. Breyting sú sem nefndin leggur til á 1. mgr. 19. gr. laganna er spor í rétta átt, hvað þetta varðar, en leysir ekki vanda þeirra sjávarbænda sem við erfiðust skilyrði búa að þessu leyti.

Í lögum nr. 53/1957 hljóðar 1. málsliður 2. mgr. 15. gr. laganna svo: „Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi fiskur í það vatn." Engin fræðileg gögn studdu breytingu þá sem gerð var á ákvæði þessu við gildistöku laga nr. 76/1970, en hún skerti svo mjög veiðirétt bænda á sjávarjörðum að jafngilt hefði afnámi hans, víðast hvar á landinu, ef ákvæðið hefði verið skýrt skv. orðanna hljóðan í framkvæmd. Hér á ég við þá staðreynd, að óvíða er að finna strandlengju þar sem tveir kílómetrar eru á milli þess sem lækjarsitrur falla í sjó.

Sú breyting sem nefndin leggur til er til nokkurra bóta en ófullnægjandi. Vekja má athygli á, að ákvæði um að binda selveiðar í net við ósa straumvatns leyfi ráðherra, rekst á þá skoðun að fækka beri sel vegna þess usla sem hann veldur beint og óbeint í fiski. Hér tel ég að hverfa eigi aftur til orðalags laga nr. 53/1957.

Ákvæði það sem meirihluti nefndarmanna vill setja inn í 35. gr. frumvarpsins, um fjarlægð milli silunganeta í sjó, virðist mér óþarft og óheppilegt. Aðstaða til að leggja silunganet í sjó er mun óvíðar fyrir hendi en í fersku vatni. Oft hagar þannig til á langri strandlengju, að slík aðstaða er aðeins í einni vík og geta lagnet þá verið þar mun þéttari en ákvæðið gerir ráð fyrir.

Telja verður eðlilegt að í veiðimálanefnd eigi sæti fulltrúi eigenda sjávarveiði. Hagsmuna stangaveiðimanna ætti hins vegar að vera nægilega gætt þar af fulltrúa Landssambands veiðifélaga.

Leitarheimild 6. mgr. 92. gr. (6. mgr. 89. gr. núgildandi laga) stangast á við meginreglu opinbers réttarfars, sem gerir ráð fyrir að til húsleitar þurfi úrskurð dómara nema í sérstökum undantekningartilfellum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að versti agnúinn verði numinn brott, en engu að síður verður ákvæðið að teljast óviðeigandi, ekki síst þegar tillit er tekið til þess að engar kröfur eru gerðar til menntunar veiðieftirlitsmanna, gagnstætt því sem algengast er nú um löggæslumenn.

Ólafur Þórhallsson.

Fylgiskjal IV.

Fyrirvari Þorsteins Þorsteinssonar:

Samþykkur frumvarpinu, að undanskildu ákvæði 19. gr. um heimild til styttingar vikufriðunar innan netlaga í sjó í allt að 48 stundir á viku.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Ed. 527. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra né sendiherra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, ramagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra og sendiherra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. og 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjölgað verði þeim embættismönnum sem kjaradómur ákveður laun. Hér er annars vegar um að ræða sendiherra og forstöðumenn stórra ríkisstofnana sem nú eru í hæsta launaflokki ríkisstarfsmanna og hins vegar héraðsdómara. Telja verður að eðli starfa þessara embættismanna sé með þeim hætti að eðlilegt sé að kjaradómur ákveði kjör þeirra en þau séu ekki samningsatriði við stéttarfélög.

Að því er héraðsdómarana varðar skal tekið fram, að sú breyting, er í frumvarpinu felst um ákvörðun á kjörum þeirra, er gerð að höfðu samráði við dómsmálaráðherra og með samþykki Sýslumannafélags Íslands, en Dómarafélagi Reykjavíkur hefur lengi verið umhugað að breyting í þessa átt næði fram að ganga.

Gert er ráð fyrir því að um leið og launakjör sýslumanna og bæjarfógeta svo og annarra uppboðshaldara yrðu ákveðin af kjaradómi yrðu uppboðslaun til þeirra afnumin strax eða í áföngum. Með ákvæði til bráðabirgða I er þeim sýslumönnum og bæjarfógetum, sem þess kynnu að óska, veittur frestur allt til ársins 1990 til að gangast undir kjaraákvarðanir kjaradóms og fá þá á meðan að halda óbreyttum lögkjörum, enda sitji þeir áfram í þeirri stöðu sem þeir eru nú skipaðir til. Þeir menn sem skipaðir verða í þessar stöður eftir gildistöku laganna mundu hins vegar ekki eiga slíkt val.

Um 3. og 4. gr. og ákvæði til bráðabirgða II.

Í sambandi við nýgerðan aðalkjarasamning fjármálaráðherra við launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM var undirritað eftirfarandi samkomulag: „Fjármálaráðherra mun á því Alþingi, er nú situr, beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum um samningsrétt háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, að gildistími samninga verði samningsatriði aðila hverju sinni, en komi til kasta kjaradóms gildi úrskurður hans í eitt ár. Með lagasetningu yrði gildistími núgildandi kjarasamninga styttur í eitt ár."

Tillaga um breytingu á lögunum skv. 3. og 4. gr. frumvarpsins er gerð til að fullnægja ofangreindu samkomulagi.

Sþ. 528. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á öflun veiðileyfa fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, t. d. við Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.

Alþingi, 2. apríl 1984.

Ólafur Jóhannesson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Gunnar G. Schram.
Friðjón Þórðarson.	Guðrún Agnarsdóttir.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	

Ed. 529. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er einskis virði. Það snýst um mjög lítilfjörlega breytingu á misvægi atkvæða sem kostuð er með fjölgun þingmanna. Enn á að koma í veg fyrir að allir landsmenn hafi jafnan rétt gagnvart lögum og leikreglum. Skerðing atkvæðisréttar er ólýðræðisleg og ranglát aðferð til að ná pólitískum markmiðum. Ef við viljum að ríkið aðstoði einhvern tiltekinn hóp einstaklinga umfram annan, þá gerum við það ekki með því að margfalda atkvæðavægi þess hóps heldur með því einu, og því einu, að afla þessari skoðun okkar meirihlutafylgis. Þetta er algert grundvallaratriði. Því legg ég til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 2. apríl 1984.

Stefán Benediktsson.

Ed. 530. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá neðri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. apríl 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 531. Frumvarp til laga [277. mál]

um heimild til að selja kristfjárjörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Pálmi Jónsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafsteini Lúðvíkssyni kristfjárjörðina Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Söluverð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna og greiði kaupandi matskostnað.

Söluandvirði jarðarinnar skal afhent biskupi til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði gjafabréfs Þórðar Þorlákssonar frá 20. júlí 1693.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu, var með gjafabréfi Þórðar Þorlákssonar biskups 20. júlí 1693 gefin til að „vera æfinlegt kristfé“ þaðan í frá. Gjafabréf jarðarinnar er birt í Lovsamling for Island I, bls. 508—509, og fer texti gjafabréfsins hér á eftir í heild sinni:

„Góðum og guðhræddum lesendum og heyrendum þessa bréfs óska eg, Þórður Þorláksson, Superintendens Skálholts stiptis, guðs náðar og miskunar, með tímanlegum og eilífum frið fyrir vorn drottinn Jesum Christum: Hérmeð kunnugt gjörandi, að eg hefi í guðs nafni og góðri meiníngu tileinkað og gefið fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum ekkjum og föðurlausum börnum í Hegraness þíngi til ágóða og viðhjálpar, mína eignarjörð Ytra-Vallholt í Skagafirði, eptir því sem mitt testamentisbréf, daterað Skálholti þann 30. júnii Anno 1690 og auglýst á alþíngi í lögréttu þann 10. Júlii sama árs, útvísar, hvers bréfs póstur og innihald um sagt efni svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eptir fylgir:

„Sanctæ Mariæ kirkju að Hólum í Hjaltadal, hvar eg er borinn og barnfæddur, gef eg jörðina Ytra-Vallholt, XI hundruð að dýrleika, með VI kúgildum, hverja jörð mér fékk og gaf mín elskulega fósturmóðir, Halldóra Pétursdóttir, í próventu, með samþykki og ráði síns fróma og góða ektamanns, Hallgríms Guðmundssonar. Jörð sú er í Skagafirði, Hegraness þíngi og Holts kirkjusókn. Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir, vera æfinlegt kristfé héðan í frá. En það skil eg til, að fátækar, munaðarlausar ekkjur og föðurlaus börn, sem helzt eru þurfandi í Norðlendinga fjórðungi, einkum Hegraness þíngi, hafi not af jörðinni. Biskup á Hólum sjái fyrir jörðunni og hennar afgjaldi sem bezt hentar, og fátækum guðs þurfamönnum má bezt haga &c.“

En með því aldurdómur minn og veikindi áminna mig, þessi litla gjöf án undandráttar úti að láta, meðan guð mig af náð sinni líður við þetta skammvinna og fallvalta líf, þá tilsegi eg nú og afhendi fyrgreinda jörð Ytra-Vallholt eðla og veleruverðugum herra, herra Einari Þorsteinssyni, biskupi Hóla stiptis, til fullkomlegrar meðtöku að næstkomandi fardögum anno 1694, undir hans vernd og umsjón: alúðlega óskandi, að hans herradómur og hans eptirkomendur, biskupar á Hólum, vildu guðs vegna svo hagtæra láta þessu litla tillagi, fátækum til nota, sem bezt má fara, og minn einfaldur og góður ásetningur er og verið hefir í þessu efni, fyrir utan alla hégómlega fordild og hræsni. Almáttugur guð uppfylli alla vora nauðþurft eptir sínum dýrðar ríkdómi í Christo Jesu. Minn elskulegan bróður Guðbrand Thorlaksson bið eg optgreinda jörð Ytra-Vallholt velnefndum herra biskupinum eður hans umboðsmanni að afhenda í eptirkomandi árs fardögum 1694, og hið bezta til sjá, að jörðin, með öllu því henni tilheyrir í húsum og innstæðu, verði vel og ríflega af höndum látin, hvar til eg hans bróðurlegum kærleika og góðri tilhlutan fulltreysti. — Þessu öllu áðurtéðu til staðfestu og sannindamerkis skrifa eg mitt nafn með eign hendi, og læt þrykkja mínu eiginlegu Zigneti hér að neðan í erlegra manna viðurvist, sem sín nöfn ásamt mér hér undir setja. Actum Skálholti anno 1693, þann 20. Julii, hver dagur mánaðarins tileinkaður er í rími voru hinum heilaga Þorláki Þórhallasyni, Skálholts biskupi, qui floruit seculo XII. post natum mundi salvatorem.

Þórður Þorláksson. Þorlákur Grímsson m. e. h.
Sæmundur Jónsson m.e.h.“

Kristfjárjörðin Ytra-Vallholt er sjálfseignarstofnun sem nefnd er Legatssjóður Ytra-Vallholts, og samkvæmt gjafabréfinu var Hólabiskupi falið að hafa umsjón með henni. Síðustu áratugi hefur prófasturinn í Skagafjarðarprófastdæmi haft umsjón með jörðinni í umboði biskups.

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfs skal jörðin Ytra-Vallholt „vera æfinlegt kristfé“ og öðlast ábúandi hennar því ekki kauprétt skv. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Á hinn bóginn hefur Alþingi í nokkrum tilvikum samþykkt sérstök lög um sölu kristfjárjarða, t. d. l. nr. 20/1953 og l. nr. 61/1963. Hefur verið talið að Alþingi geti með lagasetningu breytt ákvæðum

gjafabréfanna um að ekki megi selja viðkomandi jarðir, enda sé tryggt að andvirði jarðanna sé ráðstafað í samræmi við vilja gefenda eins og hann birtist í gjafabréfinu og fullt verð komi fyrir eignina.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til og annist um sölu á jörðinni Ytra-Vallholti. Eðlilegt er, með tilliti til hagsmuna gefenda, að söluverð jarðarinnar sé ákveðið með mati dómkvaddra manna og andvirði jarðarinnar verði afhent biskupi til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði gjafabréfsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að kaupandi greiði kostnað við matið.

Hafsteinn Lúðvíksson fékk ábúð á jörðinni Ytra-Vallholti árið 1964 og hefur búið þar síðan. Hann er eigandi að öllum húsum, ræktun og að mestu leyti öðrum mannvirkjum á jörðinni. Eru þessi mannvirki það verðmæt að verða myndi fjárhag Legatssjóðs Ytra-Vallholts ofviða að standa undir skyldum landeiganda samkv. ábúðarlögum, nr. 64/1976, varðandi kaupskyldu á eignarhluta leiguliða í jörðinni ef hann færi af jörðinni.

Jarðanefnd Skagafjarðarsýslu og hreppsnefnd Seyluhrepps hafa mælt með því að Hafsteinn Lúðvíksson fái ábýlisjörð sína keypta og eru þau meðmæli prentuð sem fylgiskjöl með frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Útskrift úr gjörðabók jarðanefndar Skagafjarðarsýslu.

Sauðárkróki 23. des. 1983.

Herra Hafsteinn Lúðvíksson,
Ytra-Vallholti, Seyluhreppi.

Úrskrift úr gjörðabók jarðanefndar Skagafjarðarsýslu.

„Lagt fram bréf, dagsett 25. okt. 1983, frá Hafsteini Lúðvíkssyni bónda í Ytra-Vallholti í Seyluhreppi. Þar fer Hafsteinn fram á að jarðanefnd mæli með því að hann fái ábýlisjörð sína, Ytra-Vallholt, keypta, en jörðin er kristfjárjörð."

Jarðanefnd mælir með því að Hafsteinn fái jörðina keypta.

F. h. jarðanefndar Skagafjarðarsýslu,

Gunnar Gíslason
ritari jarðanefndar.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gjörðabók hreppsnefndar Seyluhrepps.

Á fundi hreppsnefndar Seyluhrepps 18. okt. 1983 var eftirfarandi bókað:

„Lagt fram bréf, dagsett 18. okt. 1983, frá Hafsteini Lúðvíkssyni bónda í Ytra-Vallholti. Hafsteinn biður um meðmæli hreppsnefndar með því að hann fái ábýlisjörð sína, Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, keypta."

Samþykkt var að veita Hafsteini þessi meðmæli.

Miðgarði, 30. des. 1983.

Gunnar Gíslason
ritari hreppsnefndar.

Ed. 532. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Helga Seljan, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Á eftir 1. gr. komi ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu sérstaklega miða að því að leysa fjárhagsvanda þeirra bænda sem hafa nýlega hafið búskap, staðið í gagngerri uppbyggingu eða endurbótum á bújörð sinni eða búa við sérstaklega erfiðan fjárhag vegna fjölskylduaðstæðna.

Ed. 533. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni og Helga Seljan.

Á eftir 4. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Innlánsstofnunum er skylt að taka við bankavaxtabréfum er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Seðlabankinn endurkaupi þessi bréf.

Nd. 534. Breytingartillögur [218. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

1. 2. gr. orðist svo:
   Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði 2. kafla laga þessara. Öðrum aðilum er heimilt að annast útvarp samkvæmt skilyrðum 3.—6. greinar þessara laga.
2. 3. gr. orðist svo:
   Almenn skilyrði:
   1. Útvarpa má eingöngu á metra- eða desímetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðni í samræmi við alþjóðasamþykkir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar. Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðvar skulu vera í samræmi við reglur sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.
   2. Óheimilt er erlendum aðilum að annast útvarpsrekstur á Íslandi.
   3. **Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni sem nýtur verndar höfundarréttar án leyfis eða útsendingarréttar.**
   4. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni sem þær senda út í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
   5. Útvarpsstöðvar skulu kosta dagskrárgerð sína að öllu leyti sjálfar.
3. 4. gr. orðist svo:
   Útvarpsstöðvum er heimilt að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

4. Við 5. gr.
   a. Orðin „sbr. þó skilyrði í 3. gr.“ í 1. málsl. falli brott.
   b. 3. og 4. tl. falli brott.
5. Við 6. gr. Síðasti málsl. 3. mgr. falli brott.
6. Við 7. gr. Greinin falli brott.

Sþ. 535. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um kynningu á líftækni.

Flm.: Guðmundur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að annast kynningu á aðferðum og möguleikum líftækni. Iðnaðarráðherra skal skipa formann nefndarinnar án tilnefningar. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

1) Alþýðusambandi Íslands.
2) Háskóla Íslands.
3) Rannsóknaráði ríkisins.
4) Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
5) Tækniskóla Íslands.
6) Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin skal ljúka störfum innan eins árs frá skipun hennar. Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Líftækni er vaxandi framleiðslusvið á Vesturlöndum. Að mati kunnáttumanna munu aðferðir líftækninnar hasla sér völl í fjölmörgum greinum, s.s. matvælaframleiðslu, eldsneytisvinnslu, eyðingu úrgangs, umhverfisvernd, efnaiðnaði o.fl. Ýmsir telja að líftæknin muni valda byltingu á þessum sviðum og verða einkennandi fyrir atvinnurekstur 21. aldarinnar.

Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins hefur tekið til starfa stór hópur vísindamanna sem mun gera tillögur um mótun framtíðarstefnu í líftækni. Störf þess hóps munu óumflýjanlega taka nokkurn tíma. Líftæknin er nú þegar stórtækur þáttur í atvinnulífi Vesturlanda og fyrirsjáanleg staðreynd í atvinnulífi okkar.

Það er löngu tímabært að hefja kynningu á grundvallaraðferðum og möguleikum líftækninnar. Sú kynning þarf að fara fram meðal almennings, skólamanna, sveitarstjórnarmanna, verkafólks og atvinnurekenda.

Nú fara fram í þjóðfélaginu miklar umræður um nýsköpun íslensks atvinnulífs. Það er nauðsynlegt að líftæknin tengist þeirri umræðu með þeirri þekkingu sem þegar er fyrir hendi. Framtíðarhlutverk líftækninnar, fjölbreytileiki aðferða hennar og hráefna og möguleikar til starfrækslu smárra jafnt sem stórra eininga, gera hana að girnilegasta kosti okkar í dag. Fjöldi atvinnurekenda og framtakssams athafnafólks vill kynnast framtíðarsýn þessara nýju hugmynda.

Íslendingar hafa oft nagað sig í handarbökin vegna sofandaháttar og þunglamalegra viðbragða í síbreytilegri samtíð sinni. Við höfum **nú þegar** nægа þekkingu til að hefja almenna kynningu meðal lærðra og leikra. Hver ársfjórðungur sem þjóðin lifir við skert lífskjör er henni dýr og verður ekki bættur. Hér er lagt til að nefndin láti semja fræðsluefni

um líftækni, t.d. greinargóðan bækling, myndbönd og blaðagreinar. Þessum upplýsingum ætti síðan að dreifa sem víðast m.a. til:

a) **skóla**
b) **verkalýðsfélaga**
c) **fyrirtækja,** t.d. í landbúnaði, sjávarútvegi, matvælaiðnaði, mjólkuriðnaði, efnaiðnaði o.þ.h.
d) **sveitarstjórna.**

Einnig væri eðlilegt að skipuleggja fræðsluerindi og fundi í tengslum við þessa kynningu.

Lagt er til að nefndarmenn fái laun samkv. reglum um nefndarstörf hjá hinu opinbera. Nefndinni verði heimilað að kaupa ráðgjöf og aðstoð, sem svarar einu ársverki samkvæmt launaflokki BHM. (115). Kostnaður nefndarinnar, s.s. vegna launa nefndarmanna, aðstoðarfólks og ráðgjafa, vegna prentunar og dreifingar bæklings og kynningarfunda o.þ.h. skal greiðast úr ríkissjóði.

Lagt er til að nefndin miði störf sín við eftirfarandi tímabil **frá skipunardegi.**

a) **1.—2. mánuður.** Drög að kynningarstarfinu samin og kynnt iðnaðarráðuneyti og atvinnumálanefnd sameinaðs þings.
b) **3.—6. mánuður.** Kynningargögn samin og framleidd og fundir skipulagðir með félagasamtökum og í einstökum byggðarlögum.
c) **7.—12. mánuður.** Kynningarstarf samkv. framansögðu. Áhersla skal lögð á að hvetja fólk til fyrirspurna og safna hugmyndum.

Í lok þessa 12 mánaða tímabils skal nefndin skila skýrslu um starfsemi sína til iðnaðarráðuneytis, atvinnumálanefndar sameinaðs þings og þeirra aðila sem tilnefndu fulltrúa í nefndina.

Nefndin skal skila öðrum gögnum sínum til Rannsóknaráðs ríkisins sem skal annast vörslu þeirra og frekari dreifingu ef óskað er.

Fylgiskjal I.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS
Reykjavík, 26. jan. 1984.

Dr. Jón Bragi Bjarnason dósent í lífefnafræði við Háskóla Íslands:
GREINARGERÐ UM LÍFEFNATÆKNI.

Ég sendi yður hér með stutta greinargerð um lífefnatækni til kynningar og upplýsingar. Hér er um aðferðafræði og atvinnugreinar að ræða sem byggja að hluta til á nýtingu úrgangs frá fiskvinnslu og sláturhúsum, auk þess sem þær bjóða upp á víðtæka möguleika í iðnaði og þjónustu. Framfarir á þessu sviði gætu skipt sköpum í íslenskri atvinnuuppbyggingu næstu ára og áratuga. Vert er að hyggja að þessum málum strax með öflugu rannsóknarstarfi og menntun ungs fólks á viðeigandi sviðum, en umfangsmiklar rannsóknir eru forsenda þess að unnt verði að kanna grundvöll fyrir framleiðslu og notkun lífefna á Íslandi.

Virðingarfyllst,
Jón Bragi Bjarnason.

Inngangur.

Lífefnatækni má skilgreina sem þá aðferðafræði sem notar lífverur eða kerfi og aðferðir lífheimsins til lausnar á viðfangsefnum í framleiðslu- og þjónustugreinum. Hér er fyrst og

fremst átt við notkun lífhvata (ensíma), ýmist hreinsaðra eða lífverubundinna, til þess að hvetja efnahvörf sem annars mundu aðeins gerast með aðstoð dýrra og mengandi miðla.

Lífefnatækni er ekki að öllu leyti ný af nálinni. Aðferðir hennar hafa verið notaðar frá fornu fari. Þar má nefna matvælaframleiðslu af mörgum toga, svo sem osta- og jógurtgerð, öl- og víngerð og ýmislegt fleira. En þau svið lífefnatækninnar, sem talin eru mikilvægust í nútíð og framtíð, eru ensímtækni, þ. e. einangrun og notkun hreinna lífhvata, og genatækni, þ. e. flutningur erfðaefnis milli lífvera. Sem dæmi má nefna ensímframleiðslu fyrir iðnað, heilsugæslu og rannsóknarstarfsemi og framleiðslu insúlíns og interferons með erfðabreyttum örverum.

Staða ensímiðnaðar árið 1981 var á þann veg að framleiðslan var um 65 000 tonn að verðmæti um 400 milljónir bandaríkjadala. Spáð er aukningu í 75 000 tonn að verðmæti 600 milljónir dala fyrir árið 1985. Ensímiðnaður er ung en ört vaxandi iðngrein þar sem um 25 fyrirtæki sjá um nær alla heimsframleiðsluna, en sex þeirra eru langtum stærst. Meðal vestrænna þjóða eru þær þjóðir, sem stunda mikinn matvælaútflutning, stærstu ensímframleiðendurnir, t. d. Danir með tæplega helming framleiðslunnar og Hollendingar með um fimmtung. Skýringin á þessu kann að vera tengd nauðsyn matvælaútflutningsþjóðanna til þess að gera sem mest verðmæti úr hráefninu, en mörg ensímanna eru einmitt úr matvælaúrgangi. Slíkt er vitanlega lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst á tímum minnkandi hráefnis fyrir okkar mikilvæga matvælaiðnað, fiskiðnaðinn. Af ensímframleiðslunni 1981 voru 59% próteinkljúfandi ensím, 28% kolhydratakljúfandi ensím, 3% fitukljúfandi ensím en 10% annað.

Samkvæmt skýrslu sænska verkfræðingafélagsins var heildarvelta lífefnatæknimarkaðarins 25 milljarðar bandaríkjadala árið 1980 og er þar spáð rúmlega þúsundfaldri aukningu til ársins 1990. Ólíklegt verður að teljast að aukningin verði svo ör, en engu síður er víst að hún verður mjög ör og miklu örari en á flestum ef ekki öllum öðrum sviðum.

Þær greinar, sem hafa orðið fyrir eða munu líklega verða fyrir áhrifum lífefnatækninnar, eru matvælaiðnaður, fóðuriðnaður, olíuiðnaður, annar orkuiðnaður, nýting úrgangs og endurvinnsla, mengunarvarnir, lyfjaiðnaður og heilsugæsla. Á alþjóðavettvangi eru jafnmiklar vonir bundnar lífefnatækni og hinni svonefndu rafeinda- og örtölvubyltingu. Breska tímaritið Economist spáir því að iðnaður leiddur af þessari tækni muni setja svip sinn á atvinnulíf næstu aldar í jafnríkum mæli og iðnaður, sem leiddur er af eðlisfræði og efnafræði (stóriðja og efnaiðnaður), hefur sett á atvinnulíf tuttugustu aldarinnar.

Þróun lífefnatækni á Íslandi.

Umfjöllun um lífefnatækni hefur verið afar lítil á Íslandi. Þó eru margar atvinnugreinar hér á landi sem starfa á sviði hefðbundinnar lífefnatækni eða nýta afurðir og aðferðir lífefnatækninnar. Þetta eru atvinnugreinar eins og mjólkuriðnaður, ölgerð, sútun, brauðgerð, sælgætisgerð og fleiri. Þó eru hinar trúlega fleiri sem gætu og ættu að nýta þessa tækni. Er þar fyrst að nefna fiskiðnað, landbúnað, orkuiðnað og lyfjaiðnað. Á þessum sviðum eru möguleikar miklir og margvíslegir.

Í október 1973 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til þess að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum. Nefndin benti á að mikið væri til af innlendu hráefni fyrir lífefnaiðnað og vísaði þar einkum til úrgangsefna í sjávarútvegi og landbúnaði. En nefndin tók einnig fram að umfangsmiklar rannsóknir væru forsenda þess að unnt væri að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lífefna og að nauðsynlegt væri að ráða hæfa starfsmenn til þess að sinna þessum rannsóknum. Spár og niðurstöður nefndarinnar hafa reynst réttar að því er best verður séð, en hins vegar hefur rannsóknum

lítt verið sinnt. Þá hafa opinberir aðilar ekki markað neina stefnu í þessum málum, né heldur heitið stuðningi við rannsóknir á sviði lífefnatækni, með þeim alvarlegu afleiðingum að ungt fólk aflar sér síður menntunar á þessu sviði, en þekking og kunnátta er undirstaða þessarar tækni sem og annarrar háþróaðrar tækni.

Hinn 4. maí 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði".

Ítarleg greinargerð fylgdi tillögunni. Ekki virðist nein hreyfing hafa komist á málið við þetta.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins, „Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Langtímaáætlun 1982—1987", segir um verkefnaval fyrir langtímaverkefni m. a. eftirfarandi:

„Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni á ýmsum sviðum, sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum, sem líkleg eru til að verða mikilvæg, má m. a. nefna: Raf- og rafeindatækni, tölvu- og upplýsingatækni, orkunýtingartækni, lífefnatækni, vatns- og sjávareldistækni og fóður- og matvælatækni."

Ljóst er af skýrslunni að ofangreindum sviðum er fundinn samastaður a. m. k. að einhverju leyti í Rannsóknastofnunum atvinnuveganna, nema lífefnatækni þar sem hvergi er aðstaða í mannafla og tækjum til slíkra rannsókna. Hins vegar eru forsendur nokkuð góðar til rannsókna á sviði lífefnatækni við ýmsar stofnanir Háskóla Íslands, svo sem við Raunvísindastofnun, Líffræðistofnun, Verkfræðistofnun og Tilraunastöðina að Keldum. Á það er einnig bent í skýrslu Rannsóknaráðs að rannsóknir í þágu úrvinnslugreina gætu í verulegum mæli farið fram innan Háskólans. Hins vegar skortir fjárveitingu til þess að ráða rannsóknarfólk til starfans. Að öðru leyti er flest til reiðu að hefja öflugt rannsóknarstarf á sviði lífefnatækni. Á næstu missirum hyggst Rannsóknaráð beita sér fyrir könnun á lífefnatækni með það fyrir augum að gera tillögur að stefnumótun og er það vel. Það er hins vegar ljóst að rannsóknarviðleitnina verður að styðja nú þegar.

Lífefnatæknirannsóknir á Raunvísindastofnun.

Á efnafræðistofu Raunvísindastofnunar hafa á undanförnum árum farið fram athuganir á möguleikum ýmissa þátta lífefnatækninnar á Íslandi. Rannsóknir hafa hingað til farið fram með aðstoð lausráðins fólks og hefur í því sambandi komið til aðstoð ýmissa aðila, svo sem Vísindasjóðs, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Fiskimálasjóðs og Rannsóknasjóðs Háskólans. Hafa þessar rannsóknir fyrst og fremst miðað að því að athuga það hráefni sem fellur til hér á landi, sérstaklega í landbúnaði og sjávarútvegi og að kanna vinnsluaðferðir sem falla best að þessu hráefni og aðstæðum innanlands. Í öðru lagi hafa þær miðað að því að rannsaka þá framleiðsluvöru sem úr hráefninu fæst, sérstaklega ef um hráefni frá sjávarútvegi er að ræða. Þá hafa einnig verið athugaðir möguleikar á beitingu nýrra aðferða lífefnatækninnar við hefðbundna atvinnuvegi innlenda, svo sem við fiskvinnslu, mjólkuriðnað og fleiri. Nokkur dæmi um athuganir okkar og niðurstöður fara hér á eftir.

Mikið er af lyfjaefninu heparín í sauðfjárgörnum og er það auðvinnanlegt eftir aðferð sem hönnuð var á Raunvísindastofnun. Þrjár skýrslur liggja fyrir um vinnslu heparíns og höfum við þar með lokið rannsóknum á því sviði.

Vinnsla líffhvata úr fiskúrgangi hefur verið til athugunar um nokkurt skeið. Hefur í því sambandi mest áhersla verið lögð á vinnslu próteinkljúfandi líffhvata úr skúfum og görnum þorsks. Nú liggur fyrir aðferð til þess að vinna gróffhreinsaða ensímblöndu úr þessu hráefni sem nota má í ýmsan iðnað, en mikil vinna er framundan við fullhreinsun ýmissa ensíma í

blöndunni. Fullhreinsuð ensím eru eðlilega verðmætari en hálfhreinsaðar ensímblöndur. Undanfarið hafa þessar rannsóknir legið niðri vegna fjárskorts.

Á undanförnu ári hafa rannsóknir á verkun saltsíldar farið fram á Raunvísindastofnun og miða þær að því að skilja feril verkunarinnar. Fyrsta áfanga þessara rannsókna er nú senn lokið og bendir margt til þess að verkun saltsíldar verði fyrst og fremst fyrir tilstilli próteinkljúfandi ensíma úr meltingarvegi síldarinnar. Ef það reynist rétt opnast ýmsir athyglisverðir möguleikar á síldarverkun með ensímum úr síld eða þorski.

Framtíðarmöguleikar lífefnatækni á Íslandi.

Möguleikar lífefnatækninnar á Íslandi eru fjölmargir og fer fjöldi þeirra fyrst og fremst eftir hugmyndaauðgi og kunnáttu fróðra manna. Því má segja að möguleikarnir séu óteljandi og þess vegna ekki vettvangur hér til þess að tína þá alla til. Þó skal þess freistað að nefna nokkur dæmi.

1. **Vinnsla lífefna.**
   Heparin og líffhvatar úr sauðfjárgörnum.
   Líffhvatar úr fiskúrgangi.
   Líffhvatar og hormón úr sláturúrgangi.
   Fiskafóður úr loðnumjöli.
   Líffhvatar úr hitaþolnum hveraörverum.
   Lyfjaefni úr blóðvökva blóðgjafa.
   Örverufóður úr slógmeltu og mysu.
2. **Ný notkun lífefna.**
   Síldarverkun með líffhvötum.
   Sætefni úr mysu með líffhvötum.
   Roðfletting síldar með líffhvötum.
   Ostagerð með líffhvötum úr þorski.

Hér eru aðeins nokkur dæmi tiltekin sem gætu skilað verðmætum upp á nokkur þúsund milljónir króna árlega. En það er deginum ljósara að ekkert þessara dæma verður að veruleika, né heldur lífefnaiðnaður yfirleitt, án kostnaðarsamra rannsókna og innlendrar þekkingaröflunar.

Lokaorð.

Eins og fyrr greindi er helsti þrándur í götu þróunar lífefnatækninnar á Íslandi áhugaleysi og skortur á rannsóknarviðleitni. Áhugaleysi fjárveitingavaldsins og forustumanna atvinnuveganna stafar fyrst og fremst af eðlilegum þekkingarskorti, en máttleysi rannsóknarstarfseminnar af andvaraleysi stjórnmálamanna og forsvarsmanna rannsóknastofnana. Hinn auðfengni afli undanfarinna ára og áratuga hefur auðvitað haft slævandi áhrif á viðleitni til nýjunga, en það er lífsnauðsyn að nýta betur innlent hráefni, einkum þegar skortur er á því. Hér er um háþróaðan iðnað að ræða sem ekki er mannfrekur en skilar miklu í aðra hönd, og það er sú tegund atvinnustarfsemi sem mannfá neyslufrek þjóð þarf á að halda.

Ef til vill getur könnun Rannsóknaráðs haft veruleg áhrif til að auka áhuga manna á lífefnatækni, en ljóst er þó að meginniðurstöður hennar verða á sama veg og könnunar iðnaðarráðuneytisins fyrrum, þ. e. að lífefnatækni lofar góðu en að rannsókna sé jafnframt þörf. Það þarf því að fylgja fast eftir með öflugu rannsóknarstarfi.

Þegar er fyrir hendi vísir að rannsóknum á sviði lífefnatækni við Háskóla Íslands. Þennan vísi verður að styrkja og efla nú þegar svo unnt verði að viðhalda þeirri þekkingu og reynslu sem búið er að byggja upp og samfelldni nái að haldast í þessum rannsóknum. Ekki er fært að bíða eftir niðurstöðum könnunar Rannsóknaráðs og tilvonandi jákvæðum viðbrögðum.

Fylgiskjal II.

Grímur Valdimarsson örverufræðingur, deildarstjóri hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Efna- og fóðurvinnsla úr örverum

Erindi flutt á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands 2.—3. apríl 1982.
(Tímarit Verkfræðingafélags Íslands 1982:6.)

Í hugum margra er efna- og fóðurvinnsla úr örverum nokkuð sem heyrir framtíðinni til. Þetta er misskilningur. Afurðir örveranna hafa nú þegar verulega efnahagslega þýðingu í mörgum löndum. Söluverðmæti örveruafurða hefur á síðustu árum numið tugum milljarða dala á ári í Bandaríkjunum einum saman.

Hér verður fjallað um örverurnar á breiðum grundvelli, með það fyrir augum, að gefa nokkurt yfirlit yfir stöðu þessara mála.

ALMENNT UM ÖRVERUR OG AFURÐIR ÞEIRRA

Gerlar (= bakteríur), gersveppir og myglusveppir teljast til lífríkis örvera ásamt smásæjum þörungum, frumdýrum og veirum. Þessar lífverur hafa það sameiginlegt að þær eru einfrumungar, eða lítt sérhæfðir fjölfrumungar, sem eru ósýnilegir með berum augum og fjölgar aðallega á kynlausan hátt.

Næringu taka örverurnar inn um yfirborðið og úrgangsefnin eru skilin út sömu leið. Vegna smæðar sinnar er yfirborð þeirra miðað við rúmmál mjög mikið. Þetta gerir þeim kleift að taka upp mjög mikið magn næringarefna á skömmum tíma, og vaxa þ.a.l. geysihratt. Við hagstæð skilyrði geta hraðvöxnustu gerlar tímgast á 10 mín. fresti. Þetta leiðir til þess að próteinmyndun örveranna er margfalt hraðari en t.d. við framleiðslu sojabaunapróteins eða nautakjöts.

Vart er til það umhverfi á jarðríki sem einhverjar örverur lifa ekki vel í. Þær vaxa frá hitastigi undir frostmarki og upp að suðumarki, í eimuðu vatni, í mettuðum saltlausnum, í sterkum sýrum og bösum. Það náttúrulega efni er torfundið sem einhverjar örverur geta ekki unnið á. Auk þess eru þær sérlega færar um að fullnægja næringarþörf sinni með fábreyttum kosti. Úr einföldustu kolefnis- og orkugjöfum geta þær sjálfar framleitt öll þau efni sem þær þurfa til vaxtar og viðhalds, t.d. amínósýrur og vítamín. Að þessu leyti standa þær mun betur að vígi en margar æðri lífverur, sem þurfa að fá mörg þessara efna tilbúin í fæðunni. Þess vegna eru hráefnin til framleiðslu örveruafurða yfirleitt mjög ódýr, jafnvel þegar vinna á verðmæt efni.

Talið er að hver örverufruma hafi að geyma a.m.k. 100.000 mismunandi ensím (efnahvata), sem hvert um sig getur framkvæmt ákveðna efnabreytingu. Örverufruman er því í raun geysiflókin efnaverksmiðja, þar sem úir og grúir af ensímum og margs konar efnasamböndum eins og lífrænum sýrum, alkóhólum og vítamínum.

Fruman býr yfir fullkomnu stjórnunarkerfi, sem örvar eða hemur hin ýmsu efnahvörf eftir þörfum. Með því að grípa inn í þetta stjórnkerfi er hægt að fá frumuna til að framleiða gnótt þeirra efna sem óskað er eftir. Á undanförnum árum hafa orðið geysiörar framfarir í því að beita erfðafræðilegum aðferðum í þessu skyni, t.d. með vali á stökkbreyttum afbrigðum, með flutningi gena milli örverustofna, og með margföldun gena, en hvert gen hefur að geyma nákvæma forskrift fyrir byggingu ákveðins próteins. Sú grein erfðafræðinnar sem fæst við að breyta erfðaeiginleikum lífvera í því skyni að nýta þær til framleiðslu verðmætra efna hefur verið nefnd erfðaverkfræði. Með þessum aðferðum hefur tekist að auka framleiðslugetu örverustofna á ævintýralegan hátt. Til dæmis framleiða iðnaðarstofnar af *Penicillium* myglusveppum 10.000 falt magn penicillins miðað við náttúrulega stofna. Við framleiðslu á cobalamini (B_{12} vítamíni) er notaður gerlastofn sem framleiðir 50.000 falt eðlilegt magn sitt af þessu vítamíni, og þannig mætti lengi telja.

Þá er hægt að hafa áhrif á framleiðsluhætti örveranna með því að stjórna fóðruninni, t.d. með því að svelta þær á einstökum næringarefnum. Þannig er hægt að fá myglusveppinn *Aspergillus niger* til að framleiða sítrónusýru úr glúkósa með u.þ.b. 70% nýtingu.

Flestir þekkja hefðbundna notkun örvera við framleiðslu matvæla og áfengra drykkja. Nægir þar að minna á mjólkurafurðirnar skyr, osta og jógúrt, bruggun víns og notkun lifandi gers við brauðgerð.

Verður ekki fjallað meira um þessar afurðir hér, en áhersla lögð á þær framleiðslugreinar, sem eru minna þekktar, en kunna að valda byltingu í framleiðslugreinum næstu áratuga og hafa ýmsa snertifleti við landbúnað, sjávarútveg, iðnað og fleiri greinar. Þar er annars vegar um að ræða framleiðslu ýmissa efnasambanda, sem örverurnar skilja út í umhverfi sitt við vöxt og hins vegar ræktun örveranna (single cell protein, SCP) til matar eða fóðurs.

EFNAVINNSLA MEÐ ÖRVERUM

Því fer fjarri, að efnaframleiðsla úr örverum sé ný af nálinni. Í fyrri heimsstyrjöldinni framleiddu Þjóðverjar 1000 tonn af glyseróli á mánuði til sprengjuefnagerðar, þegar þrengdist um hjá þeim með aðflutninga. Framleiðslan byggðist á þeirri uppgötvun, að bísúlfíte breytir venjulegri gerjun á alkóhóli yfir í glycerol.

Talið er, að nú sé hægt að framleiða u.þ.b. 200 eftirsótt efni með örveru-

Grímur Valdimarsson lauk BS prófi frá Háskóla Íslands 1973, PhD. í örverufræði við University of Strathclyde, Glasgow 1977. Örverufræðingur við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 1977, deildarstjóri frá 1978. Stundakennari í matvælaörverufræði við Háskóla Íslands 1978—1982.

fræðilegum aðferðum, þótt einungis lítill hluti þeirra sé framleiddur með þeim hætti í stórum stíl.

Ensím. Þótt ensím séu bæði unnin úr plöntu- og dýravefjum, þá er yfirleitt langódýrast að framleiða þau með örverum, sé þess kostur. Í dag eru það einkum þrír flokkar örveruensíma sem framleiddir eru í verulegu magni.

(a) Próteasar til niðurbrots á próteinum. Þessi ensím eru einkum notuð sem hjálparefni í þvottaefni, meyrnunarefni í kjötmeti og til að auka á meltanleika dýrafóðurs.

(b) Sykruensím. Hér er einkum um þrjú ensím að ræða, x-amylasa, glucamylasa og glucose isomerasa. Hvert þeirra hvetur ákveðna efnabreytingu við vinnslu ávaxtasykurs (fructose) úr mjölva. Hefur þessi tækni þegar valdið byltingu í sykuriðnaðinum. Heimsframleiðslan á ávaxtasykri með þessum hætti úr korni, nemur nú meira en tveim milljónum tonna á ári, og fer ört vaxandi. Þessi sykur kemur í stað matarsykurs (sucrose) í ýmsum matvælum, en hefur átt mestum vinsældum að fagna í gosdrykkjaiðnaðinum.

(c) Rennin. Þetta ensím er notað sem hleypir við ostagerð. Framleiðslumagnið er ekki mikið í tonnum, en verðmætið því meira, sbr. töflu 1.

TAFLA 1.
Framleiðslumagn og verðmæti helstu iðnaðarensíma sem framleidd eru úr örverum.

Ensím	Árleg heims-framleiðsla (tonn)	Verðmæti (millj. dala)
Protease	530	66
Glucamylase	350	36
X-Amylase	320	12
Glucose isomerase	70	56
Rennin	26	64

Scientific American, Sept., 1981.


Lífrænar sýrur. Af lífrænum sýrum er lang mest framleitt af glutarsýru (glutamic acid), en Na-salt, hennar er m.a. notað í matvælaiðnaði sem bragðaukandi efni. Á Íslandi hefur þetta efni hlotið nafnið „þriðja kryddið". Af öðrum mikilvægum sýrum má nefna sítrónusýru og amínósýruna lysine.

Átta (8) hinna 20 amínósýra, sem eru byggingareiningar próteinanna, eru svonefndar lífsnauðsynlegar amínósýrur, því þær verða að vera í nægjanlegu magni í fæðu æðri lífvera. Sérstaka þýðingu í þessu tilliti hafa amínósýrurnar lysine og methionine, því þær eru af skornum skammti í fæðu úr jurtaríkinu. Því er hægt að auka næringargildi t.d. korns með viðbót þessara efna. Um 80% af lysini í heiminum er nú framleitt með örverum. Hins vegar hefur ekki ennþá tekist að framleiða methionine með þessum hætti þrátt fyrir verulegar rannsóknir, en árleg notkun methionins í heiminum nemur 105.000 tonnum. Talið er, að þess verði ekki langt að bíða að hagkvæmt verði að framleiða iðnaðarediksýru með gerjun, en í Bandaríkjunum er árleg notkun 1.430.000 tonn.

TAFLA 2
Framleiðslumagn og verðmæti helstu lífrænna sýra sem framleiddar eru með örverum

Sýra	Árleg heims-framleiðsla (þús. tonn)	Verðmæti (milljónir dala)
Glutarsýra	300	1.080
Lysine	40	206
Sítrónusýra	175	—

Scientific American, Sept. 1981.



Mynd 1. Skýringarmynd af ræktunartanki, sem notaður er við framleiðslu ýmissa örveruafurða.


Scientific American, Sept., 1981. Birt með leyfi.

Alkóhól. Í Bandaríkjunum eru árlega framleidd rúmlega 600.000 tonn af ethanoli, og eru þá áfeng drykkjarföng ekki meðtalin. Ethanol er mjög mikilvægt hráefni í efnaiðnaði auk þess að vera mikið notað sem leysiefni. Mest af ethanolinu er enn þá framleitt úr olíu með efnafræðilegum aðferðum, en gerjun úr sykurúrgangi eða mjölva er að verða æ hagkvæmari. Til dæmis hefur Brasilíumönnum orðið verulega ágengt í því að nota ethanol sem orkugjafa í stað olíu. Upp úr 1990 ráðgera þeir að fullnægja eldsneytisþörf sinni algjörlega með ethanoli, sem gerjað er úr korni.

Upp úr aldamótunum var fundin aðferð til að vinna n-butanol úr mjölva eða sykri með *Clostridium* gerli. Úr þessari gerjun fæst einnig acetone sem aukaafurð, og færðu menn sér það í nyt í fyrri heimsstyrjöldinni til sprengiefnagerðar.

Í dag er mest af n-butanoli í heiminum framleitt úr olíu, en í kjölfar alþjóðlega olíubannsins á S-Afríku var hafin þar í landi framleiðsla á butanoli með gerjun. Mjög mun vera mjótt á munum nú um hvor framleiðsluaðferðin sé hagkvæmari.

Það sem helst stendur frekari efnavinnslu með örverum fyrir þrifum er takmarkað framboð á ódýrum, kolvetnaríkum hráefnum. Takist hins vegar að finna hagkvæmar leiðir til að nýta trjávið sem hráefni til gerjunar, breytist dæmið verulega. Víða er ötullega unnið að slíkum rannsóknum. Um þessar mundir beinast rannsóknirnar einkum að því að breyta gerlinum *Zymomonas* þannig, að hann geti gerjað sellulósa, sem er glúkósa fjölliða. Þá eru vonir bundnar við að geta unnið ethanol úr xylan hluta viðarins með því að breyta xylan fjölliðunni (pentósa sykur) yfir í xylulose, sem síðan má gerja með gersveppi.



Scientific American, Sept., 1981. Birt með leyfi.

Mynd 2. Gerjunartankar til framleiðslu á glútarsýru og lysini.

Lyf og önnur lífefni. Best þekktu örveruafurðirnar eru vafalítið fúkalyfin, en framleiðsla þeirra hófst fyrir alvöru upp úr 1941. Árið 1979 voru framleidd í Bandaríkjunum fúkalyf að jafnvirði 1.000.000.000 dala. Þá nam sala á vítamínum framleiddum með örverum 133.000.000 dölum.

Á undanförnum árum hafa erfðafræðingar fundið leiðir til að flytja gen úr frumum æðri lífvera yfir í örverur. Þetta þýðir, að hægt er að láta t.d. gerla framleiða efni sem þeim eru ekki eiginleg. Best þekkta dæmið um þetta er hið víðfræga interferon, sem talið er geta komið að gagni við lækningu veirusjúkdóma og krabbameina. Nú þegar er til stofn af gerlinum *Escherichia coli* sem framleiðir svipað magn af interferoni í einum lítra ræktunarætis, og vinna verður úr meira en 1000 lítrum af mannablóði. Á hliðstæðan hátt hefur verið hafin framleiðsla á insúlíni með *E. coli* gerli, en til þessa hafa sykursjúkir orðið að notast við insúlín úr svínum og nautgripum. Úr 200 lítra rækt er hægt að vinna svipað magn af insúlíni og fæst úr 800 kg af briskirtlum.

Einnig hafa örverur verið notaðar til að breyta byggingu lífefna. Þannig tókst að einfalda efnafræðilega framleiðslu á hormóninu cortison, með því að láta myglusvepp oxa ákveðinn stað á steroið grindinni. Með þessu móti tókst að lækka framleiðslukostnað á cortisoni úr 200 dölum/g niður í 6 dali/g.

ÖRVERUR NÝTTAR BEINT TIL MATAR EÐA FÓÐURS

Um langt skeið hafa menn gert tilraunir með að nýta örverur beint til matar eða til fóðurs fyrir sláturdýr, en örverumassi er einkar próteinauðugur.

Í fyrri heimsstyrjöldinni voru í Þýskalandi þróaðar aðferðir til að rækta gersveppinn *Saccaromyces cerevisiae* í stórum stíl. Var sveppamassinn einkum notaður til blöndunar í súpur og pylsur. Þessi gersveppur er sömu tegundar og sá, sem er notaður við víngerjun og við brauðgerð.

Í síðari heimsstyrjöldinni reistu Þjóðverjar sérstakar verksmiðjur til ræktunar á gersveppamassa, en í þetta skipti notuðu þeir aðra tegund gersvepps, *Candida utilis,* og þótti sá mun betri, enda nefndur „matarsveppurinn". Upp úr 1950 vaknaði áhugi á því að framleiða próteinauðug matvæli í stórum stíl með þessum hætti fyrir þróunarlöndin. Fundist hafði gersveppurinn *Candida*

lipolytica, sem hefur mjög svipaða eiginleika og *matarsveppurinn,* nema hvað hægt er að rækta hann á alkóhólum, sem unnin eru úr jarðolíu. Sáu menn fram á, að hægt væri að framleiða mun ódýrari gersveppamassa úr olíu en með því að nota korn eða sykurúrgang sem næringaræti.

Olíufélög víða um heim sýndu þessu máli mikinn áhuga, en einkum þó British Petroleum. Lét félagið m.a. byggja stóra og fullkomna verksmiðju á eyjunni Sardiníu. Átti gersveppaafurðin að seljast undir heitinu „Toprina". Verksmiðjan var þó aldrei starfrækt einkum vegna olíuverðhækkana, sem gerðu sojabaunamjöl og fiskmjöl mun samkeppnisfærara en áður. Í kjölfarið lögðu önnur fyrirtæki hliðstæðar áætlanir á hilluna.

Í Sovétríkjunum, þar sem markaðsöflin ráða ekki ferðinni, munu hins vegar vera starfræktar 86 verksmiðjur, sem framleiða örverupróteín, og nota a.m.k. 12 þeirra alkana sem hráefni. Talið er að framleiðsla örverumjöls þar í landi nemi hundruðum þúsunda tonna á ári. Til gamans má geta þess, að fræðilega væri hægt að framleiða nægjanlegt prótein handa öllum jarðarbúum úr u.þ.b. 5% þeirrar olíu, sem dælt er úr jörðu árlega.

Á síðari árum eru það einkum tvö fyrirtæki á Vesturlöndum, sem hafa haldið áfram rannsóknum á framleiðslu örverupróteina. Eru það v-þýska fyrirtækið Hoechst A.G. og Imperial Chemical Industries (ICI) í Bretlandi. Bæði þessi fyrirtæki hafa lagt áherslu á tilraunir með að nota methangas til framleiðslunnar. ICI ræktar gerilinn *Methylophilus methylotrophus* á methanoli, sem unnið er úr methangasi, en gerillinn getur einnig nýtt gasið beint til vaxtar. Fyrirtækið hefur nú reist verksmiðju í Bretlandi, sem getur framleitt 75.000 tonn af þurrkuðu gerlamjöli árlega, en á síðasta ári var framleiðslan 45.000 tonn. Til samanburðar má geta þess, að árið 1981 var öll fiskmjölsframleiðsla Íslendinga rúmlega 150.000 tonn.

Gerlamjöl ICI er selt undir heitinu „*Pruteen*" og er efnasamsetning þess svipuð og á góðu fiskmjöli, þ.e. 72% prótein og 8—9% fita. Fóðurframleiðendur telja þó, að fiskmjöl sé betra efni í fóðurblöndur, og vilja því a.m.k. nota það með gerlamjölinu.

Helstu vandkvæðin við að nota örverumassa beint til manneldis, er að hann getur innihaldið allt að 25% af kjarnsýrum. Neyti menn mjög kjarnsýruauðugrar fæðu er þeim hætt við að fá þvagsýrugigt og nýrnasteina, en öðrum spendýrum eru kjarnsýrurnar skaðlausar. Stafar þessi sérstaða mannsins af því, að hann vantar ensím, sem breytir þvagsýru, niðurbrotsefni kjarnsýranna, yfir í allantoin.

Víða er unnið að rannsóknum, sem miða að því að minnka kjarnsýruinnihald örverumassa, m.a. með ensímatískum aðferðum.

TAFLA 3
Nokkur hráefni
til framleiðslu örveruafurða

Alkanar	Sulfít vökvi	Sykur
Methanol	Mysa	Mjölvi
Ethanol	Ávaxtaafskurður	Melassi
Ediksýra		

TAFLA 4
Hlutfallslegur kostnaður
við framleiðslu örverupróteina (SCP)

	% framleiðslukostnaður	
	Alkanar (Gia Cobbie)	Methanol (ICI)
Kolefnisgjafi	42	65
Önnur efni	13	
Rekstrarkostnaður	13	11
Laun	2	3
Afskr., skattar, tryggingar og viðhald	30	29

Cooney o.fl. 1980

RÆKTUNARAÐFERÐIR

Hvort heldur á að vinna efni úr örverunum, eða nýta massann sjálfan, eru ræktunaraðferðirnar svipaðar. Notaðir eru ræktunartankar (sjá mynd 1), sem hreinrækt af örverustofninum er sáð í. Síðan er næringarefnunum dælt inn og nýttu ætinu út. Hita- og sýrustigi er haldið stöðugu með sjálfvirkum hætti, sömuleiðis oxunarspennu og öðrum vaxtarþáttum. Ræktunartankarnir geta verið stórir í sniðum, t.d. notar japanska fyrirtækið Kyowa Hakko Kogyo Co 20 gerjunartanka til framleiðslu á lysini og glutarsýru, og er hver þeirra um 250 m³ að stærð (mynd 2).

LOKAORÐ

Töflur 3—5 gefa nokkra mynd af því hvað þarf til við framleiðslu örverupróteina. Af töflu 3 er ljóst, að Ísland er fátækt af hráefnum, sem til greina koma við slíka vinnslu og í töflu 4 kemur fram, að stærsti hluti framleiðslukostnaðarins liggur einmitt í hráefninu. Sé hins vegar um að ræða mjög sérhæfa vinnslu, t.d. dýrra lífefna, þá er ljóst að hráefnakostnaður er mjög lítill hluti af afurðaverðinu. Þar er hins vegar verið að vinna úr tækniþekkingu og afrakstri rannsókna. Sem dæmi um góðan árangur á þessu sviði má nefna danska fyrirtækið Novo Industri, en það hefur ásamt hollenska fyrirtækinu Gist-Brocades NV náð 60% hlutdeild í heimsmarkaði á ensímum.

HEIMILDIR

Cooney, C.L. o.fl. (1980). Single-cell protein: engineering, economics, and utilization in foods. *Advances in Food Research 26,* 1—52.

Kharatyan, S.G. (1978). Microbes as food for humans. *Annual Review of Microbiology, 32,* 301—327.

Industrial Microbiology. Greinaflokkur. *Scientific American 245 (3); 1981.*

Single Cell Protein & Tissue culture. Greinaflokkur. *Process Biochemistry 13(3);* 1978.

TAFLA 5
Hráefniskostnaður við framleiðslu örverupróteina (SCP)

Hráefni	Teg. örvera	Proteinheimtur (G/G ætis)	Kostnaður (cent) pr kg SCP
N-Paraffín	gersveppur	0.50	66
	gerill	0.80	41
Methanol	gersveppur	0.20	75
	gerill	0.40	38
Glúkósi	gersveppur	0.31	55
	gerill	0.41	41

Cooney o.fl (1980).

Fylgiskjal III.

Umræður um lífefnaiðnað á fundi sameinaðs þings 6. mars 1984.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Í apríl 1980 kom út skýrsla í Bretlandi frá nefnd sem var skipuð fulltrúum úr Konunglega vísindafélaginu breska, ráðgjafarstofnuninni fyrir rannsóknir og þróun í þágu atvinnuveganna og ráðgjafarnefnd rannsóknaráðanna bresku. Í þeirri skýrslu segir orðrétt, með leyfi forseta, í íslenskri þýðingu minni:

„Við lítum svo á að líftækni muni skapa algjörlega nýtt atvinnulíf með lítilli orkuþörf og muni skipta sköpum fyrir efnahagslíf heimsins á næstu öld."

Breska tímaritið Economist sagði, að mig minnir, 1979 eða 1980 að lífefnaiðnaður mundi setja svip sinn á atvinnulíf næstu aldar í jafnríku mæli og stóriðja efna- og málmiðnaðarins hefur sett svip sinn á þessa öld. Erlendis er lífefnaiðnaður þegar orðinn stórvirk atvinnugrein. Að mati sænska verkfræðingafélagsins, sem athugaði þessi mál 1980, var talið að lífefnatæknimarkaðurinn í heiminum velti þá um 737 milljörðum ísl. kr. Það eru þrítug til fertugföld fjárlög íslenska ríkisins eftir því hvort við teljum þau með eða án gats.

Allir vita hvað örtölvubyltingin og örtölvutæknin hefur haft mikið efnahagslegt gildi fyrir hinn vestræna heim. Nú er jafnvel talið að líftækni muni hafa meiri áhrif á 21. öldinni en örtölvubylting og örtölvutækni hafa haft á þeirri 20.

Í skýrslu, sem dr. Jón Bragi Bjarnason hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hefur dreift meðal þm., kemur fram að í okt. 1973 skipaði þáv. iðnrh. nefnd til að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Nefndin skilaði áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum. Nefndin benti á að mikið magn væri til af innlendu hráefni fyrir lífefnaiðnaðinn og vísaði þar einkum til úrgangsefna í sjávarútvegi og landbúnaði. Nefndin tók einnig fram að umfangsmiklar rannsóknir væru forsenda þess að unnt væri að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lífefna.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins, sem heitir Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, langtímaáætlun 1982—1987, segir um verkefnaval fyrir langtímaverkefni m. a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni á ýmsum sviðum sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum sem líkleg eru til að verða mikilvæg má m. a. nefna raf- og rafeindatækni, tölvu- og upplýsingatækni, orkunýtingartækni, lífefnatækni, vatns- og sjávareldistækni og fóður- og matvælatækni." Þetta er 1982. Augljóst er af þessari skýrslu, sé hún lesin, að ofangreindum rannsóknarsviðum er flestum fundinn ákveðinn samastaður í rannsóknastofnunum atvinnuveganna að einhverju leyti. Þetta á hins vegar ekki við um lífefnatækni. Henni hefur ekki verið markaður neinn bás, hvorki hvað varðar mannafla né aðstöðu til rannsókna. Hins vegar eru ágætar forsendur til rannsókna á þessu sviði við ýmsar stofnanir Háskóla Íslands, svo sem Raunvísindastofnun, Líffræðistofnun, Verkfræðistofnun og Tilraunastöðina á Keldum. Einnig eru til sérfræðingar og tæki í þessum efnum á rannsóknastofnunum atvinnuveganna, svo sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Hinn 4. maí 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þál. um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Eins og ég kem að síðar er þessi þál. raunar tilefni til fsp. nú í dag frá mér til hæstv. iðnrh. Ég held raunar að menn þurfi ekki lengur að spyrja þeirrar spurningar hvort hagkvæmt sé að koma á fót þessum iðnaði. Spurningin er heldur, að ég tel, hvernig menn ætla að hefja undirbúning og hvernig þeir ætla að taka þátt í þessari atvinnumótun. Víða er hægt að leita fanga um þessi mál. Í erindi, sem Grímur Valdimarsson örverufræðingur og deildarstjóri á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins flutti á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands í apríl 1982, segir m. a., með leyfi forseta:

„Í hugum margra er efna- og fóðurvinnsla úr örverum nokkuð sem heyrir framtíðinni til. Þetta er misskilningur. Afurðir örveranna hafa nú þegar verulega efnahagslega þýðingu í mörgum löndum. Söluverðmæti örveruafurða hefur á síðustu árum numið tugum milljarða dala á ári í Bandaríkjunum einum saman."

Þessu til viðbótar má nefna að í Danmörku er umfangsmikill iðnaður á þessu sviði þar sem fyrirtækið Nova er raunar eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði ensímiðnaðar.

Svona mætti lengi telja. Lýsa mætti íslenskum tækifærum, séríslenskum verkefnum, á þessu sviði sem náttúrlega beinast mjög að efnum sem falla til í sjávarútvegi og landbúnaði. Þar er gífurlegt magn hráefna sem þegar eru þekktar aðferðir, bæði hérlendis og erlendis, til að nýta og skapa milljarða verðmæti. Þetta er í fóðuriðnaði, leðuriðnaði, matvælaiðnaði, lyfjaiðnaði og í efnaiðnaði, svo sem þvottaefnaiðnaði. Og þarna mætti lengur við bæta.

Mér sýnist raunar að hið háa Alþingi og hæstv. ríkisstj. þurfi ekki lengur að velta því fyrir sér hvort líftækni og lífefnaiðnaður verði hagkvæm. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvernig við ætlum að hefja innreið Íslendinga inn á þetta svið. Þetta er jafn óumflýjanlegt að mínu mati og bílarnir, traktorarnir og tölvurnar. Þetta er ekki spurning um hvort eða hvenær, heldur hvernig. Ég vona að hæstv. iðnrh., þegar hann svarar fsp. minni um framkvæmd þál. frá því í maí 1982, geti gefið okkur einhverjar hugmyndir um ætlun ríkisstj. á þessu sviði.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 315 ber hv. 4. landsk. þm. upp fsp. um framkvæmd þáltill. um innlendan lífefnaiðnað sem samþykkt var á Alþingi þann 4. maí 1982. Flm. þeirrar þáltill. var Guðmundur G. Þórarinsson þáv. þm. en hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Þál. þessi barst iðnrn. þann 18. maí 1982. Þál. var lögð

— eða virðist hafa verið lögð — í málasafn rn. og hlaut enga efnislega meðferð. Hvorki í fjárlögum 1983 né 1984 var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu vegna athugana og/eða rannsókna varðandi lífefna- og/eða líftækniiðnað. Við svo búið má ekki standa og hef ég ákveðið að nú verði tekið til hendi á þessu þýðingarmikla sviði. Við eigum ekki að velta þeirri spurningu fyrir okkur hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði eða ekki, heldur með hvaða hætti.

Fimm stofnanir hafa haft þennan málaflokk til athugunar, Háskóli Íslands, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins. Nú í mars mun starfshópur Rannsóknaráðs um lífefnaiðnað og -tækni taka til starfa. Starfshópi þessum er ætlað að gera úttekt á þróunarmöguleikum og rannsóknaþörf á þessu sviði með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Varðandi einstaka verkþætti má geta þess að fyrir nokkrum dögum kom út skýrsla Iðntæknistofnunar Íslands um frumkönnun á framleiðslu C-vítamíns hér á landi, en slík framleiðsla mundi flokkast undir lífefna- og lyfjaiðnað. Iðnrn. og Samband sunnlenskra sveitarfélaga stóðu straum af kostnaði við þá könnun.

Fsp. hv. þm. var mjög þörf, hún vekur málið af of værum blundi. Ég þarf ekki að minna á að framkvæmdavaldinu ber að fara að ályktunum hins háa Alþingis og það er áreiðanlega ekki af vilja gert að þessi till. hefur mislagst með þeim hætti sem komið hefur í ljós. En eins og ég segi, ég hef þegar undirbúið að ýtt verði myndarlega úr vör að þessu leyti.

Fylgiskjal IV.

Guðmundur Einarsson alþm.:

ATVINNA NÝRRAR ALDAR.

(Kjallaragrein í DV 5. mars 1984.)

Bismarck sagði að framtíðin væri þeirrar þjóðar sem ætti bestu skólana. Það hefur aldrei verið sannara en nú.

Stórkostlegar breytingar ganga yfir Vesturlönd. Nú er hafin þriðja iðnbyltingin. Sú fyrsta einkenndist af tilkomu vélaraflsins, gufuvélarinnar. Sú næsta einkenndist af stóriðjurekstri, t.d. málm- og efnaiðnaði, eins og við þekkjum dæmi um frá Straumsvík og Grundartanga.

En hver eru einkennismerki þriðju iðnbyltingarinnar? Það eru nýtæknigreinarnar svokölluðu. Þær þarfnast ekki ódýrs mannafla eins og verksmiðjur fyrstu iðnbyltingarinnar. Þær þarfnast ekki orku og fjármagns í líkingu við verksmiðjur annarrar iðnbyltingarinnar.

En þessar nýju greinar þarfnast **hugsvits** og **þekkingar** framar öllu öðru. Þar kemur til kasta skólanna.

Hverjar eru þessar nýju greinar? Sú þeirra, sem best er þekkt, er **örtölvutæknin.** Hún hefur bylt efnahagslífi, atvinnuháttum og mun hafa veruleg áhrif á þjóðfélagsgerð. Undirstaða þessarar tækni er hugkvæmni. Einstaklingar geta aflað sér lífsviðurværis í ódýrum, litlum sjálfstæðum einingum.

Önnur grein þriðju iðnbyltingarinnar er **líftæknin.** Það er talið að líftæknin muni hafa meira efnahagslegt gildi en örtölvutæknin hvað varðar framleiðslu, atvinnu og afkomu.

Á Vesturlöndum er stóriðjan að verða stefna gærdagsins. Annarri iðnbyltingunni er að ljúka þar. Orkufrekja, umhverfisspjöll og atvinnuhættir stóriðjunnar valda því að Vesturlönd hafna henni í auknum mæli svo hún hrekst til þriðja heimsins.

Líftæknin byggist á því að sameina kunnáttu í líffræði og verkfræði til að virkja framleiðsluaðferðir náttúrunnar til nýrra verkefna. Þannig má vinna meltingarhvata úr innyflum þorska og gefa þeim þau nýju verkefni að mýkja nautshúðir eða verka síld. Með aðferðum líftækninnar er líka hægt að láta gerla framleiða hormón fyrir sykursýkissjúklinga úr ódýrum, algengum hráefnum.

En hvað er merkilegt við þetta? Eru þetta ekki bara venjuleg dæmi um framfarir í líffræði, líkar þeim sem við höfum öll orðið vitni að á undanförnum árum, sbr. hjartaflutninga og heilaskurðlækningar?

Svarið er nei.

Líftækni felur í sér stórkostlega möguleika til að fela örverum og efnakljúfum náttúrunnar framleiðslu á því sem heiminn vanhagar mest um. Þar má nefna breytingu á einföldum, ódýrum efnum, eins og grasi og lýsi, yfir í dýrmæt fæðuefni, lyf eða eldsneyti.

Með því að breyta örverum, þ.e. sveppum og bakteríum, á viðeigandi hátt getum við notað þær til að framleiða efni á sama hátt og kýr framleiða mjólk. Munurinn er sá að örveruaðferðin er margfalt ódýrari og afkastameiri en kúabúskapurinn og framleiðslan langtum fjölbreyttari en mjólk, kjöt og húðir.

Tímaritið Economist telur að líftækni verði jafneinkennandi fyrir atvinnulíf 21. aldarinnar og stóriðja efna- og málmiðnaðarins er fyrir öldina sem er að líða.

Meðal kosta þessarar nýju tækni eru þeir að hún mengar ekki umhverfi sitt, hún þarfnast lítillar orku og hún notar náttúrleg hráefni sem endurnýjast og ganga inn í lífkeðjurnar.

Einn dýrmætasti kostur líftækninnar er e.t.v. sá að með afkastamiklum aðferðum hennar er hugsanlegt að lina hungur og þjáningu í þriðja heiminum. Það eru verkefni sem núverandi atvinnuhættir hafa ekki valdið.

Líftæknin er sú atvinnugrein sem spáð er mestum vexti á Vesturlöndum. Fjármagn streymir að henni og möguleikarnir virðast óþrjótandi. Þetta verður líklega höfuðatvinnugrein 21. aldar, aldar sem er aðeins rúm 15 ár í burtu. Börn, sem fæðast í dag, munu verða atvinnurekendur og launþegar þess tíma.

En hvað gerum við í málefnum framtíðarinnar? Það er heldur lítið. Við erum á kafi í gömlu iðnbyltingunni og erum að skuldbreyta í landbúnaði og sjávarútvegi eina ferðina enn svo milljónahundruðum skiptir. Byltingarmenn stóriðjudrauma okkar eru á ferðalögum um allan heim til að laða hingað atvinnuhætti gærdagsins. Þeir eru einni byltingu á eftir.

Ef við ætlum okkur hlut í framtíðinni verðum við að kaupa hlutabréf strax í dag. Við gerum það með því að segja námsfólki okkar frá möguleikunum og hugmyndum okkar um lífshætti morgundagsins. Við gerum það með því að styrkja rannsóknir á íslenskum möguleikum líftækninnar. Þar myndi stórkostlega muna um fjárstyrk þótt ekki væri meira en sem nemur ferðastyrkjum og dagpeningum stóriðjunefndarinnar.

Við skulum þurrka móðuna af framrúðunni áður en 21. öldin rennur upp. Ef við horfum einungis í baksýnisspegilinn gætum við orðið umheiminum nokkurs konar Árbæjarsafn í atvinnuháttum.

Fylgiskjal V.

Rannsóknaráð ríkisins
8. mars 1984.

Bréf Vilhjálms Lúðvíkssonar varðandi skipun starfshóps um þróun líftækni.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins hefur ákveðið að skipa starfshóp til að kanna þróunarforsendur líftækni hér á landi.

Með líftækni er hér átt við beitingu vísindalegra og verkfræðilegra aðferða til að umbreyta efnum með aðstoð lífvera eða virkra lífefna í framleiðsluferlum og við framkvæmd hvers kyns þjónustustarfsemi og rannsókna (heilbrigðisþjónusta, læknisfræði, erfðafræði, líffræði).

Markmið þessarar athugunar eru m. a. eftirfarandi:

1. Að skýra þýðingu líftækni fyrir íslenskt þjóðfélag og benda á þá möguleika sem þekkingarsvið þetta opnar, m. a. til nýrrar eða bættrar framleiðslu, betri heilbrigðisþjónustu og öflugri rannsóknarstarfsemi á ýmsum sviðum.

2. Að taka saman upplýsingar um núverandi stöðu þekkingar og hagnýtingar hér á landi á sviði líftækni og greina hvaða starfskraftar og færni er líkleg til að bætast við á næstu árum.
3. Að benda á þær hættur sem fylgt geta líftæknilegri starfsemi fyrir umhverfi eða heilsu manna og hvaða reglur þurfi að setja um slíka starfsemi til að forðast hugsanleg slys og draga úr áhættu.
4. Að gera tillögur um leiðir til að auka þekkingu og færni í mikilvægustu greinum innan líftæknisviðsins.
5. Að gera svo sem kostur er frumúttekt á vænlegustu möguleikum líftækni hér á landi, hvaða lífefni helst er unnt að vinna, í hvaða magni og úr hvaða hráefnum, hvernig markaðshorfur eru fyrir þessi efni og hvert er verðlag á þeim, hver er líklegur framleiðslukostnaður og hvaða heildarábata fyrir þjóðarbúið í heild getur orðið um að ræða af vinnslu þessara lífefna. Enn fremur að gera frumúttekt ef kostur er á þeirri verðmætisaukningu og/eða kostnaðarminnkun í vinnslu sem líftæknilegar aðferðir geta haft í för með sér í ýmsum hefðbundnum vinnslugreinum (svo sem t. d. síldarverkun og ostagerð).
6. Að gera tillögur um efl da starfsemi á þeim sviðum sem talið er að skilað geti mikilvægum þjóðhagslegum árangri á komandi árum, þar með um æskilegar skipulagsbreytingar eða verkaskiptingu í rannsóknum og þróunarstarfsemi, ef æskilegt þykir.
7. Að gera tillögur um leiðir til að hvetja til nýjunga í iðnaði og framleiðslu sem byggist á líftækni.

Æskilegt er að hópurinn hafi í starfi sínu samráð við stofnanir, samtök eða atvinnufyrirtæki sem áhuga gætu haft á máli þessu og lagt fram mikilvæg sjónarmið. Sérstaklega er bent á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fyrirtæki eins og Sláturfélag Suðurlands, Samband ísl. samvinnufélaga, Lýsi hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamtök fiskframleiðenda o. fl.

Tilgangur þessarar könnunar er að skapa stjórnvöldum yfirsýn yfir stöðu líftækninnar hér á landi í alþjóðlegu samhengi og að leggja grundvöll að stefnumótun varðandi eflingu þessa mikilvæga þekkingarsviðs og fjölþætta hagnýtingu þess í framtíðinni.

Stefnt er að því að hópurinn ljúki störfum fyrir haustið 1985, og er æskilegt að fram fari kynning á niðurstöðum nefndarinnar áður en skýrslu hennar verður endanlega lokið.

Ert þú hér með beðinn að taka sæti í starfshóp þessum.

Hópinn skipa eftirfarandi einstaklingar:
Jakob Kristjánsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands,
Ólafur Andrésson, Tilraunastöðinni Keldum,
Sveinn Jónsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
Jón Bragi Bjarnason, Raunvísindastofnun háskólans,
Ari K. Sæmundsen, Rannsóknastofu í veirufræði,
Hörður Jónsson, Iðntæknistofnun Íslands og
Sigmundur Guðbjarnason, Raunvísindastofnun háskólans.

Prof. Sigmundur Guðbjarnason verður formaður starfshópsins og Úlfar Antonsson, vatnalíffræðingur hjá Rannsóknaráði ríkisins, verður ritari hópsins.

Þóknun fyrir störf hópsins greiðist í samræmi við reglur hins opinbera.

Ed. 536. Lög [196. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 496.

Nd. 537. Frumvarp til laga [63. mál]

um sjóntækjafræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 397 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Nd. 538. Frumvarp til laga [279. mál]

um breyting á lögum um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 25. janúar 1952.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, fötlunar, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur þá eina breytingu í för með sér á 1. gr. laga um heimilishjálp í viðlögum að aðstoð megi framvegis veita vegna fötlunar. Eins og lögin eru nú er fötlun ekki sérstaklega tilgreind í 1. gr. laganna. Brögð eru að því að aðilar hafi reynt að skjóta sér undan þjónustu við fatlaða skv. þessum lögum.
Þess vegna ber að taka af tvímæli og því er frv. þetta flutt.

Sþ. 539. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um kosningu milliþinganefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta.

Í starfi sínu geri nefndin m. a. samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi:

1. Olíuverð til fiskiskipa.
2. Orkuverð til fiskvinnslu, s. s. frystingar og bræðslu.
3. Viðhalds- og þjónustukostnað, s. s. verð á tækjum, vélum og varahlutum.
4. Fjármagnskostnað og fjármögnun fjárfestinga.
5. Flutningskostnað útflutningsafurða.
6. Söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum.
7. Launakostnað í veiðum og vinnslu.
8. Ríkisstyrki.

Nefndin skili af sér með skýrslu til alþingis fyrir næstu áramót.

Nefndin hafi samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo sem þurfa þykir og ráði sér sérfræðiaðstoð ef með þarf.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er staðreynd að hver íslenskur sjómaður fiskar meira en annars staðar gerist og að færri skip eru notuð til að ná þeim afla en hjá þeim þjóðum sem við gjarnan berum okkur saman við.

Það er einnig staðreynd að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn meginundirstaða íslensks efnahagslífs og nægir í því sambandi að benda á hlutdeild hans í útflutningstekjum okkar, en hún hefur undanfarin ár verið á bilinu 70%—80%. Á sama tíma hafa ársverk í veiðum og vinnslu aðeins verið 13,5—14,5% af unnum ársverkum.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur rekstrargrundvöllur sjávarútvegs verið með þeim hætti að hann berst í bökkum og kjör þess fólks, sem við hann vinnur, oft á tíðum bæði lakari og ótryggari en gerist hjá öðrum stéttum, en kjör þessa fólks eru nátengd þeim rekstrarskilyrðum sem sjávarútveginum eru búin.

Það er ljóst að til að sjávarútvegurinn geti keppt við aðrar greinar um vinnuafl og svarað kröfum um aukin gæði og verðmætasköpun þarf að tryggja rekstrargrundvöllinn.

Í ljósi þessa og mikilvægis sjávarútvegsins í þjóðarbúskapnum gerir tillagan ráð fyrir að dregnar verði saman víðtækar upplýsingar um rekstrarskilyrði sjávarútvegs og stöðu hans, m. a. með tilliti til aðstæðna sjávarútvegs í samkeppnislöndum okkar. Í framhaldi af slíkri gagnasöfnun verði bent á leiðir til úrbóta.

Ed. 540. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal útflutningsgjald af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum vera 1.70% af f. o. b. — verðmæti.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Útflutningsgjald skv. 3. tl. 3. gr. skal greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, uns skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann er að fullu greidd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tvennskonar breytingum á núgildandi lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sem miða annars vegar að því að tryggja fjárhagsgrundvöll samtaka grásleppuveiðimanna þannig að þeir geti sinnt þeim verkefnum, sem þeim ber samkvæmt lögum nr. 43 30. apríl 1982 og hins vegar að leysa þann fjárhagsvanda, sem Samtök grásleppuhrognaframleiðenda (S.G.H.F.) eru komin í.

Í 1. gr. frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli um útflutningsgjöld af lagmeti, sem framleidd eru úr grásleppuhrognum. Þrátt fyrir orðalag 1. gr. laga nr. 43 30. apríl 1982, hefur sú grein verið túlkuð þannig, að ekki bæri að greiða útflutningsgjöld af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum, enda mun það ekki hafa verið ætlunin þegar lögin voru samþykkt á Alþingi á sínum tíma. Hins vegar má hér nefna að 1% af f. o. b.-verði lagmetis almennt og þar á meðal af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum, rennur til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins samkvæmt 11. gr. laga nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Þetta skipti ekki svo miklu máli þá er lögin voru samþykkt því þá var heildargrásleppuveiðin yfir 20 þúsund tunnur og af því magni fóru aðeins tæpar 2 þúsund tunnur til lagmetisvinnslu. En með minnkandi grásleppuafla á tveimur síðustu vertíðum og verulegri aukningu í framleiðslu kavíars úr grásleppuhrognum hefur þetta leitt til mjög rýrnandi tekna og hefur þetta m. a. valdið að grásleppuveiðimenn geta vart staðið í skilum með greiðslur af iðgjöldum til slysa- og örorkutrygginga skipverja grásleppubáta auk þess sem samtök þeirra hafa ekki nægjanlegt fjármagn til þess að standa undir rekstri samtaka sinna.

Einnig má hér og nefna að það hefur valdið óánægju meðal grásleppuveiðimanna, að þeir aðilar, sem landa afla til lagmetisframleiðslu, greiða því í raun ekkert til hinna sameiginlegu sjóða samkv. 3. gr. laga nr. 43. 30. apríl 1982 um útflutningsgjöld af grásleppuafurðum en þeir, sem landa afla, sem fluttur er út í tunnum gera það hins vegar og standa þannig m. a. undir þeim tryggingum, sem allir grásleppuveiðimenn njóta. Þykir rétt að breyta þessu með þeim hætti, sem hér er lagt til.

Varðandi útflutningsgjald það sem hér er lagt til að greitt verði af lagmeti eða 1.70% af f. o. b.-verði, skal þess getið að það verður breytingum undirorpið, hvort það verði sambærilegt við útflutningsgjöld af grásleppuhrognum í tunnum, þar sem það er undir verðlagi á þessum afurðum komið hverju sinni, en samkvæmt upplýsingum Sölustofnunar

lagmetis er verðmætaaukning hrogna við fullvinnslu kavíars frá 98% upp í 132% miðað við samsetningu vörunnar eftir að erlend aðföng hafa verið dregin frá.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 24% útflutningsgjalds, sem samkvæmt lögunum rennur nú í Fiskveiðasjóð Íslands, verði um sinn greidd inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands til lúkningar á uppsafnaðri skuld S.G.H.F. við þann banka, en um s. l. áramót nam skuld félagsins u. þ. b. 3.3 milljónum króna. Er skuldir félagsins eru að fullu greiddar renni síðan þessi hluti útflutningsgjalds aftur til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Ekki þykir hér ástæða til þess að tíunda orsakir fyrir fjárhagsvanda samtakanna, en nefna má hér söluerfiðleika 1981, óhagstæða gengisþróun og aflabrest 1982 og 1983, sem veigamikla þætti. Ljóst er að hvorki Samtök grásleppuhrognaframleiðenda né einstaklingar innan þeirra samtaka geta staðið undir greiðslu skuldanna og er því hér lagt til að skuldirnar verði greiddar með þeim hluta útflutningsgjalds sem að öðrum kosti rynni til Fiskveiðasjóðs Íslands og hefur bankastjórn Landsbanka Íslands fallist á þessa aðferð til greiðslu skulda Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann. Miðað við meðalafla undanfarinna ára má gera ráð fyrir að skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við Landsbanka Íslands yrði greidd upp á 3—4 árum ef sú leið yrði farin, sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Sþ. 541. Tillaga til þingsályktunar [282. mál]

um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana.

Flm.: Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands.

Greinargerð.

Friðrik Sophusson 2. þm. Reykvíkinga hefur flutt tillögu sama efnis þrisvar sinnum áður, síðast á 105. löggjafarþingi. Flutningsmaður flytur þessa þingsályktunartillögu með samþykki og í samráði við hann. Sú breyting er þó gerð að þjónustustofnanir sveitarfélaga eru teknar inn í tillöguna, enda eðlilegt þar sem þær stofnanir eru að flestu leyti sambærilegar við ríkisstofnanir.

Tillögu þessari er ætlað að styrkja eftirlitshlutverk Neytendasamtakanna og Verslunarráðs með efnislegum gjaldskrárbreytingum opinberra þjónustufyrirtækja. Með efnisbreytingum er átt við aðrar breytingar en þær gjaldbreytingar sem beinlínis leiðir af almennri verðlagsþróun í landinu.

Þegar þessi tillaga var fyrst lögð fram á 102. löggjafarþingi var aðeins lagt til að Neytendasamtökin yrðu umsagnaraðili. Þá fylgdi tillögunni svofelld greinargerð í meginatriðum:

„Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilfellum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsögðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst að það hlýtur ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta

ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenningi til hagsbóta.“

Skömmu eftir að tillagan var lögð fram, nánar tiltekið 23. apríl 1980, barst þáverandi flutningsmanni svofellt bréf frá Verslunarráði Íslands, undirritað af Árna Árnasyni framkvæmdastjóra:

„Þann 18. júní 1979 skipaði framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands nefnd til að kanna gjaldskrá og þjónustu Pósts og síma. Skilaði nefndin niðurstöðum sínum nú í ársbyrjun og voru þær þá kynntar fréttamönnum. Fylgja þær hér með.

Þegar þessi vinna var unnin var sú hugmynd rædd, m.a. við Neytendasamtökin, að æskilegt væri að samtökin fyrir hönd neytenda og Verslunarráð Íslands fyrir hönd atvinnulífsins ættu aðild að undirbúningi gjaldskrár Pósts og síma hverju sinni. Verslunarráðið fagnar því fram kominni tillögu til þingsályktunar um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Það skiptir atvinnulífið miklu máli hvernig gjaldskrám opinberra þjónustustofnana er háttað. Má þar einkum nefna rafveitur og póst- og símaþjónustu. Eðlilegt má telja að við slíkar gjaldskrárákvarðanir sé fylgt ákveðnum meginreglum:

1. Starfsemin í heild standi undir kostnaði.
2. Hver þjónustuþáttur standi einungis undir þeim kostnaði sem þeirri þjónustu er samfara, ásamt þátttöku í heildarkostnaði.

Á þessu hefur hins vegar verið töluverður misbrestur.

Í Bandaríkjunum má nefna að neytendasamtök og verslunarráð eiga þess kost að kanna við gjaldskrárbreytingar hvort notendum sé mismunað í gjaldskrá og gagnrýna tilkostnað við þjónustuna. Er mjög æskilegt að koma slíku fyrirkomulagi á hér. Þar sem fyrirtæki úr flestum greinum atvinnulífsins eiga aðild að Verslunarráði Íslands gæti það verið hlutlaus aðili gagnvart atvinnulífinu til að koma fram fyrir þess hönd við gjaldskrárbreytingar. Eðlilegast er að Neytendasamtökin túlki hins vegar sjónarmið neytenda eins og lagt er til. Að lokum er rétt að undirstrika að gjaldskrá opinberra stofnana markist ekki af framfærsluskyldu við einstaka hópa heldur komi slíkur stuðningur fram á fjárlögum hverju sinni.“

Með tilliti til þessa bréfs þótti rétt að breyta tillögunni í núverandi horf og var það gert þegar hún var endurflutt á 105. löggjafarþingi. Þess skal getið að stjórn Neytendasamtakanna hefur eindregið hvatt til þess að tillaga þessi nái fram að ganga.

Flutningsmaður tekur fram að þó að framangreint bréf frá Verslunarráði Íslands sé tekið inn í greinargerð þessa, þá fellst hann ekki að öllu leyti á þau sjónarmið sem þar koma fram, m.a. um framfærsluskyldu. Eðlilegt verður að teljast að verð fyrir þjónustu ákveðinna opinberra þjónustufyrirtækja sé í einhverjum mæli greidd af almannafé.

Í nágrannalöndum okkar eru mismunandi reglur í gildi hvað þau atriði varðar sem hér um ræðir. Í Bretlandi skipar ríkisstjórnin sérstakar eftirlitsnefndir til að fylgjast með starfsemi og verðlagningu einstakra ríkisfyrirtækja. Þá má einnig benda á að neytendasamtök annars staðar á Norðurlöndunum hafa víðtækt eftirlit og umsagnarrétt um starfsemi og verðlagningu opinberra þjónustufyrirtækja.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um breytingar á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Sú breyting, sem þar er lögð til, felst í að hætta að birta gjaldskrár fyrir einstaka staði eða svæði. Verði þessi breyting samþykkt eru möguleikar almennings á því að fylgjast með og gera athugasemdir við gjaldskrárbreytingar opinberra þjónustufyrirtækja skertir og því enn brýnna en fyrr að heildarsamtök neytenda og Verslunarráð Íslands hafi umsagnarrétt um efnislegar breytingar á gjaldskrám opinberra þjónustufyrirtækja.

Tillagan er nú flutt í fjórða sinn og þess freistað að fá hana samþykkta á þessu þingi, enda hefur hún fengið góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum.

Sþ. 542. Tillaga til þingsályktunar [283. mál]

um greiðslukort.

Flm.: Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt vegna þess að notkun greiðslukorta (kreditkorta) gerist æ algengari og engin heildarlöggjöf tekur til notkunar þeirra. Skortur á löggjöf í þessu efni getur valdið réttaróvissu og þau skilyrði og skilmálar, sem nú gilda um greiðslukort, eru sett einhliða af þeim greiðslukortafyrirtækjum sem hér eru starfandi. Reglur, sem greiðslukortafyrirtækin starfa eftir, eru í öllum aðalatriðum samræmd á milli þeirra, en kaupmenn og neytendur hafa ekki verið spurðir álits. Aukin óvissa meðal ýmissa þjóðfélagshópa um þær þjóðfélagslegu afleiðingar, sem aukin notkun greiðslukorta getur haft, og áhrif notkunar þeirra á vöruverð í landinu gerir enn brýnna að sett sé löggjöf um notkun þeirra og starfsemi greiðslukortafyrirtækja.

Ed. 543. Frumvarp til laga [284. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Egill Jónsson, Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson.

1. gr.

3. og 4. málsliður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1982, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslið, og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv., sem gekk í sömu átt, hefur áður verið flutt á Alþingi. Þá varð afgreiðslan sú að við var bætt barnaheimilum og leikskólum en félags- og safnaðarheimili, svo og atvinnuhúsnæði, voru ekki tekin með. Frv. þetta er borið fram til að láta hér á reyna einu sinni enn.

Frekari forsaga er sú að á sínum tíma flutti fyrsti flm. þessa frv., ásamt öðrum, frumvarp um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbyggingar. Frv. var borið fram til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim, sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá

aðila sem framkvæma allt á byggingarstað. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, en þáverandi fjármálaráðherra flutti frv. sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðaðist við íbúðarhús. Á árinu 1982 var sú viðbót lögfest sem áður er um getið.

Þróunin hefur orðið sú að mikil aukning hefur orðið í verksmiðjuframleiddum húsum þrátt fyrir samkeppni frá innflutningi húseininga og öll hefur sú þróun orðið til hagsbóta, bæði fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbyggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa. Enn er þó ríkjandi mismunun í þessu efni er nú varðar sér í lagi atvinnuhúsnæðið þar sem eftirspurn er mikil eftir verksmiðjuframleiddum einingum, alveg sérstaklega til iðnrekstrar, og er einboðið að sömu undanþágureglur gildi þar eins og um atvinnuhúsnæði sem framleitt er á byggingarstað. Hið sama gildir um félags- og safnaðarheimili þó að þar sé um minni eftirspurn að ræða.

Raunar væri eðlilegast að heimildin yrði altæk eins og fyrsta frv. þar að lútandi gerði ráð fyrir, en hér er farin þessi leið og aðeins þau atriði sett inn, sem út voru felld úr frv. 1982.

Þrátt fyrir að nú sé mjög um undanþágur frá söluskatti deilt, og jafnvel talið að þar felist fyrst og síðast möguleikarnir til undanskots frá skilum, er það sem fyrr skoðun flm. að sama regla hljóti að eiga að gilda um verksmiðjuframleiddar byggingar sem aðrar byggingar í landinu. Því skal enn leitað vilja Alþingis til samræmingar og réttlætis í þessum málum. Því er frv. þetta flutt.

Ed. 544. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Blindrafélaginu, læknaráði Landakotsspítala, Augnlæknafélagi Íslands og landlækni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað heitisins „gleraugnafræðingur“ í 1. og 4. gr. komi: sjóntækjafræðingur.

Alþingi, 2. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Lárus Jónsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Árni Johnsen.	

Ed. 545. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur meiri hl. hennar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sú breyting, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerð verði á lögum um Aflatryggingasjóð, er ákvæði til bráðabirgða á þann veg að árið 1984 verði greiddar sérstakar bætur úr hinni almennu deild sjóðsins er nemi 4% af öllu verðmæti afla miðað við lágmarksverð skv. ákvörðun verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Frumvarp þetta er komið fram vegna ákvörðunar um fiskverð 1. febr. sl. og var þessi 4% greiðsla liður í þeirri fiskverðsákvörðun.

Nefndin leitaði álits Sjómannasambandsins, Farmannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna. Einnig komu á fund nefndarinnar fiskimálastjóri, sem jafnframt er formaður Aflatryggingasjóðs, og Þórarinn Árnason framkvæmdastjóri sjóðsins.

Alþingi, 3. apríl 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm. Tómas Árnason. Egill Jónsson.

Árni Johnsen.

Ed. 546. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um bókasafnsfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.
Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Árni Johnsen, fundaskr. Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 547. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað „2500 íbúa“ í 1. gr. komi: 7500 íbúa.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Árni Johnsen, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. 548. Fyrirspurnir. [285. mál]

I. Til samgöngu- og heilbrigðisráðherra um rannsóknir á mengun lofts og lagar við Ísland.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er fylgst með langtímabreytingum á mengun lofts og lagar við Ísland?
2. Hvaða niðurstöður liggja fyrir um slíka mengun, m. a. varðandi geislavirk efni og súra úrkomu?

II. Til dómsmálaráðherra um minni háttar einkamál fyrir héraðsdómi.

Frá Jóni Magnússyni.

Hvað líður undirbúningi að setningu laga um meðferð minni háttar einkamála fyrir héraðsdómi?

Sþ. 549. Fyrirspurn [286. mál]

til fjármálaráðherra um skuldabréfakaup lífeyrissjóða.

Frá Helga Seljan.

1. Hve mikið keyptu lífeyrissjóðirnir af skuldabréfum af Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði og ríkissjóði í samræmi við lánsfjárlög 1983? Sundurliðun óskast eftir sjóðum.
2. Hve hátt hlutfall voru þessi skuldabréfakaup af ráðstöfunarfé einstakra lífeyrissjóða það ár? Sundurliðun óskast eftir sjóðum.
3. Hvað er hverjum lífeyrissjóði ætlað að kaupa af skuldabréfum skv. áætlun fjármálaráðuneytis 1984?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 550. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Ólafur Þ. Þórðarson, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um að koma á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum. Kennslugagnamiðstöðvar hafi það meginverkefni að lána skólum námsgögn, kennslutæki og hjálpargögn þannig að öllum nemendum verði tryggður aðgangur að fjölbreyttum kennslugögnum hvar á landinu sem þeir búa.

Greinargerð.

Flestum er kunnugt að verulegur munur er á aðstöðu barna til náms og kennslu hér á landi. Þessi þingsályktunartillaga tekur á einum þætti þessa flókna máls, þ. e. aðstöðumun hvað varðar námsgögn, kennslutæki og önnur hjálpargögn. Skólar hér á landi eru afar misvel búnir hvað þetta varðar. Í þessu sambandi má vitna til könnunar er gerð var á vegum Félags skólastjóra og yfirkennara á aðstöðu og búnaði í skólum 1981.[1])

Í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla segir svo í 72. gr.:

„Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna.

... Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau."

Hér eru vissulega gefin fögur fyrirheit en spyrja má í fullri alvöru hvenær þess sé að vænta að slík aðstaða verði komin við alla skóla í landinu. Í því sambandi er vert að minnast þess, að í rúmlega 100 skólum eru nemendur færri en 100 og í rúmlega 70 skólum eru nemendur færri en 50. Við 51 af rúmlega 220 grunnskólum starfa aðeins einn eða tveir kennarar. Ljóst er að sé þetta mál skoðað raunsæjum augum er þess seint að vænta að fullkomin skólasöfn rísi við alla skóla. Þau munu ekki í bráð eignast þau gögn og tæki sem talin eru upp í 72. gr. grunnskólalaga og til var vitnað hér á undan.

Því má halda fram með sterkum rökum að óraunhæft sé að ætla að litlir skólar eignist öll þau sömu námsgögn og kennslutæki og stórir skólar. Lítil sveitarfélög munu við óbreyttar aðstæður ekki hafa bolmagn til að búa skóla sína öllum nauðsynlegum gögnum. Engu að síður verður að tryggja þessum nemendum aðgang að vönduðum og fjölbreyttum náms- og hjálpargögnum.

Þessi tillaga felur í sér leið til lausnar þess, þ. e. að litlir skólar á ákveðnu svæði — jafnvel allir skólar á sama svæði — eigi saman ýmis þau gögn, tæki og áhöld sem hverjum einum skóla reynist ofviða að eignast upp á eigin spýtur eða ekki er ástæða til að hver skóli eigi. Hér er t. d. um að ræða ýmis dýr kennslutæki og hjálpargögn sem aðeins eru notuð skamman tíma á hverju skólaári.

---

1) Viktor A. Guðlaugsson: **Könnun á aðstöðu og búnaði í skólum 1981.** Reykjavík: Félag skólastjóra og yfirkennara, 1981. Úrvinnsla nr. 3. Samanburður, línurit.

Rétt er að finna þessum gögnum samastað í tengslum við fræðsluskrifstofurnar í hverju fræðsluumdæmi, þaðan sem þau verði lánuð til skóla í umdæminu. Er við það miðað að það starfsfólk, sem þar er fyrir, muni a. m. k. að nokkru beina starfskröftum sínum í þennan farveg. Við margar skrifstofanna starfa nú þegar sálfræðingar, sérkennarar, kennsluleiðbeinendur (í hlutastöðum) auk skrifstofufólks og má ætla að í flestum tilvikum dugi að ráða til viðbótar einn starfsmann sem að líkindum yrði með hliðstæða menntun og skólasafnverðir.

Til lengri tíma litið má jafnframt færa að því rök, að auk margháttaðs ávinnings af starfi slíkra miðstöðva næðist beinn fjárhagslegur sparnaður af rekstri þeirra. Á það ekki síst við um ráðgjöf fyrir skóla um kaup á hentugum búnaði sem fengin væri reynsla af, en nú ræður oft kylfa kasti í innkaupum skólanna hvers um sig. Einnig hefðu kennslugagnamiðstöðvarnar til útlána ýmis tæki og gögn sem einstakir skólar ella keyptu.

Með því að byggja þessar miðstöðvar upp í fræðsluumdæmunum er þess einnig að vænta að finna megi í hverju tilviki hagkvæmustu leið við að dreifa gögnum frá kennslugagnamiðstöð út í skólana og halda kostnaði í lágmarki.

Þá ætti að gera ráð fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofurnar veiti kennurum og foreldrum ýmsa þjónustu svipaða þeirri sem veitt er í kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík. Þar verði gagnasmiðja fyrir kennara, aðstaða til fræðslustarfs, sýninga og kynninga af ýmsu tagi.

Fleiri verkefni mætti fela kennslugagnamiðstöðvum ef henta þætti. Má þar m.a. nefna þjónustu við skólasöfn og aðstoð við uppbyggingu þeirra og sameiginleg innkaup á skólavörum fyrir skólana í umdæminu.

Nokkur reynsla er komin á starfsemi kennslumiðstöðvar þeirrar er Námsgagnastofnun hefur rekið frá því í maí 1982. Meginhlutverk þeirrar miðstöðvar hefur verið kynningar- og upplýsingaþjónusta fyrir kennara. Þar er unnið að því að koma á fót gagnasafni fyrir allar námsgreinar, gagnasmiðju þar sem kennarar hafa aðstöðu til að búa til eigið námsefni, haldnar hafa verið sýningar á námsgögnum, hjálpargögnum og skólabúnaði og efnt hefur verið til fræðslustarfsemi af ýmsum toga. Starfsemi þessi hefur mælst afar vel fyrir meðal kennara og aðsókn mörg þúsund kennara á hverju ári sannar að full þörf hefur verið fyrir þessa þjónustu. Aðeins einn starfsmaður er í kennslumiðstöðinni og hefur svo verið frá upphafi en það takmarkar vitaskuld mjög þjónustu við kennnara utan Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Við rekstur kennslumiðstöðvarinnar í Reykjavík hefur og komið skýrt í ljós hversu mikil þörf er á að unnt sé að lána skólanum námsgögn. Um þessar mundir eru möguleikar kennara á þessu takmarkaðir og þá einkum bundnir við fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar, sendiráð og nokkrar stofnanir og félög sem halda uppi fræðslustarfsemi.

Samkvæmt lögum ber Námsgagnastofnun að sjá nemendum á skyldunámsstigi fyrir ókeypis námsgögnum. Aðstæður Námsgagnastofnunar valda því að þau námsgögn, sem sú stofnun gefur út, duga engan veginn ein sér til að skóli verði vel búinn námsgögnum. Hér er því sveitarfélögum ætlað stórt hlutverk en ljóst er að aðstæður þeirra til að rækja það eru afar mismunandi.

Með þessari tillögu er alls ekki boðað að hverfa eigi frá því markmiði að í framtíðinni rísi skólasöfn við alla skóla. Má miklu fremur líta á kennslugagnamiðstöðvar sem mikilvægt spor í þá átt. Útlán námsgagna og kennslutækja munu stuðla að hagkvæmni við þá uppbyggingu. Í því sambandi má nefna að kennarar geta við innkaup á námsgögnum og kennslutækjum stuðst við þá reynslu, sem fengist hefur, og þannig metið mun betur en ella hvaða námsgögn þurfa að vera til í skólanum allt skólaárið. Það er því mikilvægt að ljóst verði að hér er um að ræða leið sem hefur í för með sér bætta þjónustu um leið og gætt er ýtrustu hagkvæmni.

Flutningsmenn vilja þakka Ingvari Sigurgeirssyni deildarstjóra hjá Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar fyrir góð ráð og ábendingar við gerð þessarar þingsályktunartillögu.

Ed. 551. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur minni hl. hennar til að frv. verði fellt.

Nefndin leitaði álits Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og mættu fulltrúar þessara samtaka á fundum nefndarinnar. Einnig komu til viðræðu við nefndina fiskimálastjóri, Þorsteinn Gíslason, og Þórarinn Árnason framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs.

Nefndinni bárust samþykktir frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þar sem frumvarpinu var mótmælt.

Í samþykkt Sjómannasambands Íslands segir m. a.:

„Fundurinn minnir á að upphaflegt markmið sjóðsins var eingöngu að tryggja sjómönnum laun sín ef um verulegan aflabrest væri að ræða eða ef útgerð brygðist fjárhagslegri skuldbindingu sinni gagnvart sjómönnum. Enn í dag er eitt meginverkefni sjóðsins hið sama og í upphafi.

Með frumvarpi þessu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ætlunin að bótagreiðslur Aflatryggingasjóðs gangi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa sem hefur allt öðru hlutverki að gegna en að tryggja sjómönnum laun sín.

Þessum breytingum mótmælir fundurinn harðlega og krefst þess að hlutverk Aflatryggingasjóðs verði óbreytt.

Fundurinn skorar á alþingismenn að fella þetta frumvarp og minnir á í því sambandi að vegna stjórnvaldsaðgerða í sjávarútvegsmálum þurfa sjómenn enn frekar en áður á núgildandi lögum Aflatryggingasjóðs að halda."

Í samþykkt Farmanna- og fiskimannasambandsins segir m. a.:

„Nái frumvarp það, sem nú er til umræðu, fram að ganga sýnir það glögglega enn eina fjármagnstilfærsluna frá sjómönnum til útgerðar ofan á allt annað sem sjómenn hafa orðið að þola. Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að ráðstafa til áhafnadeildar sjóðsins fjármunum sem ætlað er að auka greiðslur upp í fæðiskostnað sjómanna, þá munu þær upphæðir ekki gera meira en svo að elta uppi það sem fæðisgreiðslurnar hafa dregist aftur úr raunhækkunum á matvöru. Fæðisgreiðslur úr áhafnadeild sjóðsins hafa ekki fylgt þeim verðhækkunum sem orðið hafa á matvælum þrátt fyrir kröfur fulltrúa sjómanna í sjóðsstjórn þar um. Sjómenn hafa því orðið að greiða sjálfir stóran hluta af eigin fæðiskostnaði, mun stærri en upphaflegur tilgangur áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs gerði ráð fyrir.

Þannig gerir fé það, sem ráðstafa á til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs, **ekki** að greiða „úr fjárhagsörðugleikum sjómanna sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árnu 1984". (Frv. bls. 2.)

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands sendi eftirfarandi mótmæli gegn frumvarpinu:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að Aflatryggingasjóður verði gerður upptækur og færður í hlutfalli við aflaverðmæti til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Með þessu er gengið þvert á grundvallartilgang Aflatryggingasjóðs, mest fært til þeirra sem mest afla, atvinnu víða stefnt í hættu svo og kauptryggingu sjómanna."

Eftirfarandi mótmæli bárust í símskeyti frá skipshöfnum á fjölda fiskiskipa:

„Skipshafnir eftirfarandi skipa mótmæla harðlega þeirri breytingu á 27. grein laga nr. 51 frá 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í breytingartillögunni er lagt til að almenna deild Aflatryggingasjóðs, sem á undanförnum árum hefur tryggt sjómönnum lágmarkskaup, verði á þessu ári notuð til að greiða fjármagnskostnað útgerðar og að í stað 10% greiðslu í stofnfjársjóð verði nú 14% tekin fram hjá skiptum til útgerðar. Ef hið háa Alþingi samþykkir þessa lagabreytingu um að 4% verði tekin fram hjá skiptum, þá er búið að lögfesta að tekið verði 41% fram hjá hlutaskiptum á þessu ári.

Sú endurskoðun og uppskipti á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem gerð var 1976 í samráði við sjómenn, leiddi af sér 6% lækkun á hlutaskiptum, gegn því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði afnumið í áföngum sem þó var aldrei framkvæmt eins og samið var um 1976. Við viljum því vara Alþingi við að samþykkja þessa lagabreytingu án þess að þessir fjármunir komi til skipta, með því er hið háa Alþingi að efna til ófriðar við sjómenn og ekki að setja réttlát lög, sem er þó hlutverk Alþingis Íslendinga."

Sú breyting, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerð verði á lögum um Aflatryggingasjóð, er ákvæði til bráðabirgða, á þann veg að árið 1984 verði greiddar sérstakar bætur úr hinni almennu deild sjóðsins er nemi 4% af öllu verðmæti afla miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Bætur þessar skuli greiða Stofnfjársjóði fiskiskipa inn á reikning hvers skips og komi þessar bætur ekki til hlutaskipta.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur til að frumvarpið verði fellt, en mun þó flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali um það að bætur þær, sem greiða á í Stofnfjársjóð fiskiskipa samkv. frumvarpinu ef að lögum verður, komi til hlutaskipta svo sem annar afli viðkomandi skips.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Skúli Alexandersson, frsm.	Karl Steinar Guðnason.

Ed. 552. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Skúla Alexanderssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Kolbrúnu Jónsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. Niðurlag fyrri málsgr. ákvæðis til bráðabirgða I hljóði svo: og koma þær til hlutaskipta sem annar afli á viðkomandi skipi.

Nd. 553. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og m. a. aflað upplýsinga frá fjármálaráðuneyti. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir er samþykk þessu nefndaráliti.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Þorsteinn Pálsson.	Jón Magnússon.	Halldór Blöndal.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 554. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og aflað margvíslegra upplýsinga, skriflegra og munnlegra.

Meiri hl. nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fram. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Þorsteinn Pálsson. Halldór Blöndal. Jón Magnússon.

Sþ. 555. Tillaga til þingsályktunar [288. mál]

um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu.

Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega.

Greinargerð.

Meginatriði löggjafar okkar um heilsugæslu snýr að hinum fyrirbyggjandi aðgerðum, að koma í veg fyrir sjúkdóma, hindra þá í stað þess að vera sífellt að fást við afleiðingarnar með misjöfnum árangri. Vissulega hefur þar mikið áunnist í mörgum greinum og má nefna krabbameinsleit og athuganir á þeim sjúkdómi alveg sérstaklega, svo og rannsóknir og eftirlit varðandi hjartasjúkdóma. Ómetanlegt starf hefur þar verið unnið, enda forvarnarstarfið ævinlega árangursríkast ef rétt er að staðið. Vitanlega má þó enn betur gera og virkja heilbrigðisstéttir og sjálfboðaliða, svo og fyrst og fremst allan almenning til enn stærri átaka í forvarnarstarfi og á enn fleiri sviðum en nú er.

Íslendingar vinna mikið, langan vinnudag og oft erfiðan, lífsgæðakapphlaupið á þar sinn þátt með allri sinni streitu í neyslusamfélagi okkar sem gerir sífellt meiri kröfur, og er þá oftlega gleymt að gera upp á milli raunverulegra lífsþarfa og gerviþarfa sem hinn kaldi markaður auðhyggjunnar hefur búið til handa fólki. En meginstaðreyndin er þó sú að til þess að sjá sér og sínum vel farborða og eignast sæmilegt heimili þarf hinn almenni launamaður að leggja á sig óhóflega margar vinnustundir og horfurnar nú eru þar ærið dökkar.

En það er ekki sama á hvern hátt vinnan er leyst af hendi, hversu mikið álag er að baki, hversu mikilli umframorku hefur verið sóað, hversu ranglega hefur verið að verkinu staðið, hversu vinnustellingar hafa verið óhæfar, og nátengt því hvernig vinnuaðstaðan hefur verið.

Sjúkra- og iðjuþjálfun eru tiltölulega nýjar greinar innan okkar heilsugæslu og að meginhluta til snúast þær um lækningu, um endurhæfingu, en ekki, svo sem vera þyrfti, um forvarnarstarf einnig.

Nýlega, eða á s. l. vori, komst það fyrst í lög að sjúkraþjálfun skyldi vera ein þeirra greina er heilsugæslustöðvar sinntu, og enn er þar aðeins um dauðan lagabókstaf að ræða, því miður. Iðju- eða starfsþjálfun, sem hér er nátengd, er jafnvel enn síður inni í þessari mynd nútíma heilsugæslu, þó í lög sé fest.

Þrátt fyrir starfsheitin er hér fyrst og síðast um stéttir að ræða sem unnið gætu ómetanlegt forvarnarstarf — hindrað ýmsa kvilla og sjúkdóma í stað þess að fást við afleiðingarnar og endurhæfinguna þó fyrst og fremst.

Ekki skal heldur gert lítið úr þeim mikilsverða þætti er lýtur að því starfi sem unnið er við endurhæfingu þeirra, sem orðið hafa fyrir slysum eða öðrum áföllum. Á slíku starfi er því miður ávallt þörf og þar hafa sannarlega mörg kraftaverkin gerst fyrir atbeina þessara og annarra heilbrigðisstétta. Bætt og aukin aðstaða til endurhæfingar sem víðast um landið þarf svo sannarlega til að koma og átaks á því sviði er beðið víða af mörgum.

En forvarnarstarf af ýmsu tagi snýr að öllum, hvaða starf sem þeir stunda, hversu vel sem þeir annars gæta heilsu sinnar að öðru leyti. Minnisstætt er mörgum frá bernsku og æsku þegar fólk var eitthvað krankt, lá jafnvel rúmfast: „Þetta er bara gigt". Og þessi „bara gigt" sem nú er flokkuð á aðskiljanlega vegu, m. a. sem vöðvabólga og vöðvagigt, brjósklos, slitgigt, brjóskeyðing, svo eitthvað sé nefnt, þessi sjúkdómur hrjáir okkur tiltölulega meira en flestar ef ekki allar þjóðir. Ástæður eru: mikil vinna, veðurfar, streita og ótalmargt annað sem ófróður flm. treystir sér ekki til að fara nánar út í.

Eitt grunnatriðið í þessu sambandi er hvernig unnið er, hversu að er staðið, og gildir þar einu hvort um er að ræða önnum hlaðna húsmóðurina við heimilisverkin eða skrifstofumanninn í slæma stólnum við enn verra skrifstofuborð því að vinnuaðstæður fléttast vitanlega hér inn í. Þessi atriði vilja oft gleymast, þau eru hreinlega ekki tekin með og varðandi heilsurækt okkar og heilsufræði í skólakerfinu mun þessi þáttur tæplega fyrirferðarmikill. Ef við hugsum málið út frá hagrænu sjónarmiði eingöngu, út frá töpuðum vinnustundum, verri vinnuafköstum og öðrum ámóta köldum staðreyndum, þá er hér um mikla fjármuni að tefla, ótrúlega mikla án alls efa. En hvað sem talnalegri stærð þessa líður, þá skiptir líkamleg og andleg velferð og líðan þó enn meira máli og er undirrótin að þessum tillöguflutningi, til áhersluauka á áður sett lög og ákvæði, til að vekja athygli á máli sem fáir hugsa út í almennt hve miklu skiptir.

Flm. hefur leitað í smiðju til sér fróðari aðila um þessi mál og leitað fanga til rökstuðnings og mun meginmáli þess gerð skil í framsögu.

Nokkur augljós skýringaratriði varðandi áherslur tillögugreinarinnar í lokin: Einhver mikilverðasti þáttur heilsuræktar í skólum ætti að lúta að því að kenna ungu fólki að standa rétt að verki, að þjálfa líkama sinn rétt til mismunandi vinnubragða hvaða lífsstarfi sem síðan er gegnt.

Samstarf milli skólamanna og viðkomandi heilbrigðisstétta með nauðsynlegri ráðgjöf og leiðbeiningum, m. a. varðandi beina heilsufræðikennslu, er sjálfsagt að auka, enda forsenda þessa, svo og að auka hæfni kennara til að sinna þessu sem best. (Sjálfum mun þeim ekki af veita fyrir eigin líðan og vinnu og mælir flm. þar af nokkurri reynslu.) Útfærsla þessa er án efa ekki auðveld, kostar ærna aðlögun að hinni almennu leikfimikennslu en er vel framkvæmanleg ef vel er að unnið. Og eitt er víst: Meginþorri kennara mun taka þessu opnum huga.

Vikið er eðlilega að hlutverki og möguleikum Vinnueftirlits ríkisins. Þar hafa öryggismálin og aðbúnaðurinn verið í öndvegi og ekki vanþörf á. Þar er vissulega margt ógert enn og segja má að verkefnin séu þar ærin þó að ekki sé þar bætt við svo veigamiklum þætti, en þar ríkir fullur skilningur á mikilvægi slíks forvarnarstarfs og ekki síst í beinu

samhengi við ýmis öryggisatriði. Samtök launafólks og ekki síður vinnuveitendur hafa hér ótvíræðra hagsmuna að gæta og eiga svo sannarlega að taka hér á og taka um leið þátt í þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er, en það fjármagn skilar sér margfaldlega til baka þó að aðeins væri lítið beint til þjóðhagslegra atriða. Það er því full ástæða til þess að allir taki hér höndum saman um samræmt, skipulegt átak sem heilbrigðis- og skólayfirvöld yrðu frumkvöðlar að.

Forvarnarstarf af þessu tagi er ekki síðri nauðsyn en í mörgu öðru og skiptir miklu um velferð og líðan flestra. Hér ættu fjölmiðlar okkar að koma inn í myndina því að vissulega má þar veita mikla fræðslu og auka skilning fólks á mikilvægi þess að byggja líkamann upp gegn þeirri „bara gigt" sem hrjáir svo marga. Ef tillaga þessi mætti verða til vakningar og áherslu, til athafna þó fyrst og síðast, þá væri máli þessu ekki hreyft til einskis.

Sþ. 556. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Greinargerð.

Nauðgun telst til alvarlegustu brota og á það sammerkt með manndrápi og meiri háttar líkamsmeiðingum að það getur varðað allt að ævilangri fangelsisvist. Eðli slíkra brota er hins vegar slíkt að kona, sem orðið hefur fyrir nauðgun, er á margan hátt í verri aðstöðu en þolendur annars konar brota. Ráða þar miklu viðhorf samfélagsins sem valda því jafnvel að þolandi treystir sér ekki til að kæra verknaðinn.

Enskar og bandarískar kannanir benda til þess að mikill meiri hluti nauðgunarbrota sé ekki kærður, og er ástæða til að ætla að líkt sé á komið hér á landi. Til þess liggja ýmsar ástæður, en ein meginorsökin mun vera sú að konur treysta sér ekki til að ganga í gegnum þá niðurlægingu sem fylgir kæru og rannsókn málsins. Þá er algengt að brotaþoli veigri sér við að kæra af hlífð við afbrotamanninn sem hún í mörgum tilfellum þekkir. Og enn má nefna ástæðu sem ef til vill er óhugnanlegust og hún er sú að kona, sem verður fyrir nauðgun, á það jafnvel á hættu að fjölskylda og vinir snúi við henni baki. Hún kýs því fremur að láta kyrrt liggja, særð á líkama og sál.

Það er heldur alls ekki víst að kæra leiði til ákæru. Skortur á sönnunum veldur því oft að kæra er látin niður falla. Sé konan ekki blá og marin, í rifnum fötum og helst með sönnun verknaðarins í fæðingarvegi sínum getur sönnunarbyrðin reynst henni óviðráðanleg. Stöðug upprifjun hroðalegs atburðar getur reynst henni um megn, og stundum kýs hún heldur að ljúka málinu með sátt en að freista þess að fá afbrotamanninn dæmdan.

Enda þótt fullvíst sé talið að dulin brotastarfsemi á þessu sviði sé allmikil hér á landi kemur árlega fram fjöldi nauðgunarkæra. Í svari núverandi dómsmálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessarar tillögu í Sameinuðu þingi 6. mars s. l. komu meðal annars fram eftirfarandi upplýsingar:

Frá 1. júlí 1977 (þegar Rannsóknarlögregla ríkisins hóf starfsemi) til 31. desember 1983 skráði Rannsóknarlögregla ríkisins alls 126 kærur. Af þeim kærum voru 82 sendar ríkissaksóknara til frekari meðferðar. Af þeim tilvikum, sem kærð voru á umræddu tímabili, leiddu 58 til ákæru. 44 þessara ákæra hafa þegar leitt til dóms. Refsingar hafa verið

mismunandi, en algengasta refsing er fangelsi í 12—18 mánuði. Í tveimur tilvikum var maður dæmdur fyrir fleiri brot í sama dómi og var refsing þá 2½ árs fangelsi, og í einu tilviki var dæmt í 3 ára fangelsisvist.

Það er ekki skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að breytinga sé þörf á hegningarlögunum sjálfum hvað þessi mál varðar. Þau eru að flestu leyti góð og gild þótt 44 ára séu. Hins vegar er ástæða til að ætla að aðstöðu brotaþola í nauðgunarmálum megi bæta til muna og er sú skoðun byggð á umsögnum ýmissa sem nærri hafa komið. Því leggja flutningsmenn til að skipuð verði nefnd er kanni hvernig rannsókn og meðferð nauðgunarmála er háttað og geri tillögur til úrbóta. Lagt er til, að í nefndinni eigi sæti fulltrúi Kvennaathvarfs, lögfræðingur, rannsóknarlögreglumaður, læknir (sérfræðingur í kvensjúkdómum) og félagsráðgjafi eða sálfræðingur. Eðlilegt og sjálfsagt er að nefndin sé að meiri hluta skipuð konum.

Meðal úrbóta, sem til greina koma, má nefna eftirfarandi:

— Lögreglu sé skylt að benda brotaþola á aðstoð Kvennaathvarfs eða einhvers sambærilegs aðila þegar á fyrsta stigi kærumálsins.
— Brotaþola sé tryggð lögfræðiaðstoð og aðstoð geðlæknis, félagsráðgjafa eða sálfræðings þegar á fyrsta stigi rannsóknar.
— Læknirinn, sem skoðar brotaþola, sé kona.
— Rannsóknarlögreglumaðurinn, sem yfirheyrir brotþola, sé kona.
— Haldin verði námskeið fyrir þá sem aðstoða brotaþola og þá sem annast lögreglurannsókn vegna nauðgunarmála.

Loks má benda á að mörgum þykir sönnunarbyrði brotaþola í nauðgunarmálum ankannaleg og að atferli þeirra, bæði fyrir og eftir brotið og á meðan á því stóð, sé dregið fram í dagsljósið í ríkara mæli en við rannsókn annarra mála. Enn fremur kynni að vera fróðlegt fyrir nefndina að athuga og bera saman dóma fyrir nauðgunarbrot og forsendur þeirra dóma, til dæmis s. l. 20 ár.

Æskilegt er að nefndin hraði störfum sínum og skili áliti á þessu ári.

Það er ætlun flm. að kostnaður við framkvæmd tillögu þessarar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 557. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi þessu er það flutt í framhaldi af ákvörðun um fiskverð.

Nú nema vanskilaskuldir sjávarútvegs hundruðum milljóna króna og skuldadæmi greinarinnar í heild er talsvert á annan milljarð króna. Þó eru nýafstaðin einhver mestu aflaár Íslandssögunnar. Sjávarútvegur, bæði veiðar og vinnsla, hefur á þessum árum verið meira og minna undir forræði ríkisvaldsins. Þar koma til lán, styrkir og verðlagsákvarðanir sem eru komnar langt frá markmiðum laganna um Verðlagsráð frá 1961. Tilgangur laganna **var** að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda, án beinna afskipta ríkisstjórnar. Hins vegar hefur reyndin orðið sú að embættismenn í krafti ríkisstjórna ákveða fiskverð. Það hefur orðið þeirra hlutskipti að bera kröfur „samningsaðila" til ríkisstjórnar og flytja síðan til baka boðskapinn um aðgerðir stjórnarinnar, s. s. gengisfellingar og millifærslur úr sjóðum og niðurgreiðslur.

Þetta fyrirkomulag á auðvitað ekkert skylt við frjálsan atvinnurekstur.

Þetta kerfi ríkisforsjár og meðaltalsreikninga til núllafkomunnar hefur firrt atvinnurekendur því **frumkvæði og ábyrgð** sem eru nauðsynleg fyrir heilbrigðan atvinnurekstur.

Í þessu kerfi þrífst hallærisrekstur, sem heldur niðri launum fólks, og stórgróðarekstur sem fitnar eins og fjóspúki.

Það frumvarp sem hér er til afgreiðslu er skilgetið afkvæmi þessarar óábyrgu ríkisforsjár og er undarleg niðurstaða ríkisstjórnar sem þykist standa fyrir nýsköpun.

Minni hl. mun ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Guðmundur Einarsson.

Nd. 558. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og m. a. aflað upplýsinga frá fjármálaráðuneyti og gjaldeyrisyfirvöldum. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorsteinn Pálsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Jón Magnússon.	

Nd. 559. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 81 23. des. 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja það einkar táknrænt fyrir vinnubrögð stjórnarmeirihlutans á Alþingi að leggja til staðfestingu á bráðabirgðalögum um afnám álags á ferðamannagjaldeyri sömu dagana og stjórnarliðið leitar logandi ljósi að öðrum sköttum til þess að fylla upp í ríkissjóðshítina. Ríkisútgjöldin eru nú stærri hluti þjóðarframleiðslunnar en nokkru sinni fyrr.

Afnám álags á ferðamannagjaldeyri var vitaskuld ótímabært á sama tíma og félagsleg þjónusta er skorin niður. Full heimild var í lögum til álagningar gjalds þessa út árið 1983 og engin brýn nauðsyn bar til þess að fella gjaldið niður. Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar hefur gengið ítrekað eftir upplýsingum um formlegar kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi niðurfellingu gjaldsins. Hefur komið fram að engin bréfaskipti liggja fyrir um þessi efni, þannig að krafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um niðurfellingu gjalds þessa réttlætti á engan hátt setningu bráðabirgðalaganna. Auk þess hlýtur slík skattlagning að vera á valdi ríkisstjórnar Íslands hverju sinni og Alþingis og óeðlilegt er að bera kröfur erlendra stofnana fyrir sig í þessum efnum, en það hefur verið ein meginmálsástæða ríkisstjórnarinnar.

Í fjárlögum ársins 1983 var gert ráð fyrir að innheimta 75 millj. kr. af gjaldi þessu á sl. ári. Miðað við breyttar gengisforsendur — er ríkisstjórnin felldi gengið á miðju sl. ári — má hins vegar gera ráð fyrir að gjald þetta hefði gefið í ríkissjóð 100 millj. kr. 1983. Þegar gjaldið var fellt niður í júlímánuði nam innheimta þess um 58 millj. kr. og má því áætla tekjutap vegna niðurfellingarinnar á sl. ári 40—50 millj. kr. Í ár hefði þetta gjald gefið í tekjur handa ríkissjóði um 130 millj. kr. **þannig að samtals nemur tekjutap ríkissjóðs vegna niðurfellingar gjalds þessa um 170—180 millj. kr.** á þeim tíma sem liðinn er frá útgáfu þeirra bráðabirgðalaga sem nú stendur til að staðfesta á Alþingi. Eðlilegra hefði verið að nota tekjur þessar til þess að tryggja lífsnauðsynlega þjónustu við aldraða og öryrkja en að fella gjaldið niður. Auk þess verður útgáfa bráðabirgðalaga í þessu skyni að teljast á ystu brún þess sem eðlilegt má telja þar sem engar sannanir liggja fyrir um að brýn nauðsyn hafi verið að fella niður gjald þetta.

Nú er ríkisstjórnin önnum kafin við að setja saman frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna óreiðunnar sem skapast hefur í yfirstjórn ríkisfjármála. Er það einkar athyglisvert að meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar skuli sömu dagana knýja mál þetta fram til staðfestingar.

Með tilliti til málsatvika allra telur minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar því rétt að frumvarp þetta um staðfestingu á bráðabirgðalögum um afnám álags á ferðamannagjaldeyri verði fellt.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, er samþykk þessu nefndaráliti.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Kjartan Jóhannsson
fundaskr.

Svavar Gestsson,
frsm.

Ed. 560. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 3. málsliður orðist svo: Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „í eigin þarfir fyrirtækjanna“ í niðurlagi 2. málsliðar komi: til eigin þarfa fyrirtækjanna.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson,
form.

Helgi Seljan,
fundaskr.

Salome Þorkelsdóttir,
frsm.

Karl Steinar Guðnason.

Kolbrún Jónsdóttir.

Árni Johnsen.

Lárus Jónsson.

Sþ. 561. Nefndarálit [3. mál]

um till. til þál. um sölu ríkisbanka.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um sölu ríkisbanka og leggur 1. minni hl. nefndarinnar til að hún verði felld.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorsteinn Pálsson og Guðrún Helgadóttir.

Alþingi, 3. apríl 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Eggert Haukdal. Pétur Sigurðsson.

Sþ. 562. Tillaga til þingsályktunar [290. mál]

um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi, en slíkar sendingar eru þegar hafnar og ná til Íslands.

Greinargerð.

Þegar eru hafnar sendingar sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum í Evrópu sem unnt er að taka á móti hér á landi með litlum tilkostnaði. Munu slíkar sendingar aukast mjög á næstu árum. Það er því orðið tímabært að hyggja að því á hvern hátt við Íslendingar getum best notfært okkur þá miklu möguleika sem felast í þessari nýju tækni.

Það er eðlilegt að ríkisstjórnin hafi forustu um stefnumótun og undirbúning aðgerða á þessu sviði að svo miklu leyti sem atbeini ríkisstofnana er þar nauðsynlegur. Það er efni þessarar þingsályktunartillögu að vekja athygli á þessari þróun sem í raun felur í sér gjörbyltingu í sjónvarps- og fjarskiptamálum hvað Íslendinga varðar sem aðrar þjóðir. Jafnframt telja flutningsmenn æskilegt að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis hér á landi sem sent er frá fjarskiptahnöttum og verði þar um sem víðtækast val að ræða.

Nýlega hefur menntamálaráðherra greint frá því að í undirbúningi sé að hefja tilraunasendingar hingað frá norska sjónvarpinu í sumar. Yrði það fyrsti áfanginn í þessum efnum en sjálfsagt er að hafa sem nánasta samvinnu við Norðurlandaþjóðirnar á þessu sviði á komandi árum.

Um ýmsa aðra áhugaverða kosti til móttöku sjónvarpsefnis er hér einnig að ræða. Skal þeirra getið hér og um þá fjallað skv. upplýsingum sem fengnar eru m.a. frá Gústav Arnar yfirverkfræðingi Pósts og síma.

Þegar eru hafnar sendingar á sjónvarpsefni frá fjarskiptahnetti Póst- og símamálasamtaka Evrópu, **Eutelsat,** sem unnt er að ná með litlum tilkostnaði hér á landi. Er þar um að ræða sjónvarpsdagskrár frá Bretlandi, V-Þýskalandi, Frakklandi, Svisslandi, Hollandi, Belgíu og Ítalíu. Unnt er að taka á móti sjónvarpsefni þessu öllu hér á landi með mjög litlum tilkostnaði. Til þess þarf móttökustöð með um 4 metra loftneti. Mun kostnaðurinn við slíka

stöð vera um 1 millj. króna. Að auki yrði um nokkurn kostnað að ræða vegna fjarskiptasendinganna og þess dagskrárefnis sem á móti væri tekið.

Þar sem hér er um fjarskiptahnött Póst- og símamálasamtaka Evrópu að ræða yrði móttaka og dreifing efnis að vera í höndum Pósts og síma hér á landi. Dreifa mætti dagskránum um dreifikerfi íslenska sjónvarpsins á þeim tíma sem dagskrá þess er ekki send út eða með kapalkerfum.

Þess má geta í þessu sambandi að Norðmenn, Finnar, Frakkar, Svisslendingar og Vestur-Þjóðverjar hafa þegar ákveðið að taka við sendingum sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnetti þessum. Sýnist hér um vænlegan kost að ræða fyrir okkur Íslendinga sem vert væri að athuga nánar sem fyrst. Er það ekki síst vegna þess að sjónvarpssendingar þessar eru þegar hafnar svo sem fyrr sagði.

Í öðru lagi er hér að nefna þá sjónvarpshnetti sem senda munu beint til notenda án þess að nokkrar greiðslur þurfi fyrir að koma (Direct Broadcasting Satellites). Sendingar á sjónvarpsefni frá þremur slíkum hnöttum munu hefjast á næstu missirum og nást þær sendingar allar hér á landi. Til móttökunnar þurfa menn þó allstór móttökuloftnet, allt frá 4 til 8 metra. Fyrstu sendingarnar af þessu tagi munu hefjast í september 1985. Er þar um að ræða gervihnöttinn **TV-Sat** sem er eign vestur-þýska ríkisins. Er ráðgert að tveimur dagskrám verði sjónvarpað frá honum.

Í nóvember 1985 er ráðgert að sjónvarpssendingar hefjist frá hnetti sem verða mun í eigu franska ríkisins, **TDF-1.** Munu þrjár rásir fyrir sjónvarpssendingar verða í þeim hnetti.

Í ágúst 1986 er síðan ráðgert að sendingar hefjist frá breska sjónvarpshnettinum **Unisat.** Er sá hnöttur í eigu ýmissa aðila á Bretlandi. Áform eru uppi um að sjónvarpa m. a. dagskrám frá BBC um þennan hnött en ekki mun það enn fullákveðið.

Á móti sjónvarpssendingum frá þessum hnöttum geta allir sjónvarpseigendur tekið endurgjaldslaust komi þeir sér upp nauðsynleum loftnetsbúnaði. Dreifa mætti slíku efni einnig eftir kapalkerfum frá sameiginlegri móttökustöð þætti það hagkvæmara.

Síðast en ekki síst skal hér minnst á þau áform sem uppi hafa verið innan Norðurlandaráðs um sameiginlegar sjónvarpssendingar á Norðurlöndum frá sjónvarpshnetti þeim sem nefndur hefur verið **NORDSAT.** Umræður um mál þetta hafa staðið í mörg ár en endanlegar ákvarðanir enn ekki verið teknar. Ef þing Norðurlandaráðs í febrúar 1985 ákveður að hrinda málinu í framkvæmd má búast við að sendingar frá hnetti þessum geti hafist 1989—1990.

Þá eru uppi hugmyndir um það, svo sem fyrr sagði, að hefja tilraunasendingar norska sjónvarpsins hingað til lands í sumar. Yrðu það sendingar frá fjarskiptahnettinum Eutelsat en í honum munu Norðmenn leigja rás til þess að senda sjónvarpsefni til Svalbarða og olíupalla á landgrunni Noregs. Myndu þær sendingar geta náð hingað til lands og yrðu þá sendar út um dreifikerfi sjónvarpsins utan útsendingartíma þess.

Svo sem hér hefur komið fram er þegar unnt að hefja móttöku erlends sjónvarpsefnis hér á landi með litlum tilkostnaði. Á næstu missirum munu mjög aukast þeir kostir sem við eigum völ á í þessum efnum. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að landsmenn geti nýtt sér þessa möguleika að svo miklu leyti sem atbeini þeirra þarf hér að koma til. Með þingsályktunartillögu þessari er verið að undirstrika hvílík bylting er að eiga sér stað í Evrópu í þessum efnum um þessar mundir og benda á þá kosti sem okkur Íslendingum standa opnir á þessu sviði fjölmiðlunar.

Sþ. 563. Nefndarálit [4. mál]

um till. til þál. um gerð frumvarps um framkvæmd byggðastefnu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir eftirtalinna aðila um tillöguna: Sambands ísl. sveitarfélaga, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Fjórðungssambands Norðlendinga, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og skipulagsstjóra ríkisins.

Með bréfi dags. 18. ágúst 1983 skipaði forsætisráðherra nefnd til að endurskoða lög um Framkvæmdastofnun ríkisins. Sú nefnd hefur verið að störfum og mun að sögn formanns nefndarinnar skila tillögum til ríkisstjórnarinnar innan skamms. Skiptar skoðanir voru um efni þingsályktunartillögunnar innan atvinnumálanefndar, en rétt þykir að efni hennar komi til athugunar í sambandi við tillögugerð ríkisstjórnarinnar um mál þetta. Nefndin leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.
Böðvar Bragason.	Egill Jónsson.	Eggert Haukdal.

Nd. 564. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Hinn 15. mars s.l. samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um staðfestingu Flórenssáttmála. Í þessu frumvarpi er að finna breytingar á tollskrá sem þingsályktunin gerir m. a. ráð fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir, alþingismaður Kvennalista, er samþykk afgreiðslu nefndarinnar.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm.	Þorsteinn Pálsson.
Jón Magnússon.	Svavar Gestsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 565. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um varnir vegna hættu af Skeiðarárhlaupum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Egill Jónsson, Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa aðgerðir til að unnt verði að koma hið fyrsta upp fyrirhleðslum sem dregið geti úr hættu á tjóni vegna Skeiðarárhlaupa í samræmi við tillögur almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu og Vegagerðar ríkisins.

Greinargerð.

Vaxandi hætta er á að Skeiðarárhlaup valdi verulegu tjóni á þeim mannvirkjum sem reist hafa verið á Skeiðarársandi og þeirri aðstöðu sem vaxið hefur upp í skjóli þeirra. Á það við um brúarmannvirki og varnargarða er þeim tengjast, þjónustumiðstöð Náttúrverndarráðs í þjóðgarðinum með tjaldstæði og húsum og mikið landsvæði austast á Skeiðarársandi sem fengið hefur skjól af varnargörðum og gróið talsvert upp undanfarin 10 ár. Ekki hefur enn verið gert við skemmdir sem urðu á varnargörðum og straumbrjótum í tveimur síðustu Skeiðarárhlaupum og auk þess er brýnt að reisa viðbótargarða við Skaftafellsbrekkur til að auka m.a. öryggi fyrir þjónustumiðstöð Náttúruverndarráðs.

Undanfarin 2—3 ár hafa Grímsvötn hagað sér með öðrum hætti en þrjá áratugina á undan og því treysta sérfróðir aðilar sér ekki til að spá með neinni vissu um framvindu Skeiðarárhlaupa á næstu árum. Þessi breyttu viðhorf kalla á skjótar úrbætur á fyrirhleðslum því að of seint er að hefjast handa eftir að hlaup er hafið.

Almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur haft miklar áhyggjur af stöðu mála vegna Skeiðarárhlaupa að undanförnu. Sótti nefndin m.a. um fjárveitingu til Alþingis í nóvember 1983 að upphæð 8,7 milljónir króna til að treysta varnarvirki á Skeiðarársandi. Hafði áður fengist vilyrði stjórnar Viðlagatryggingar um fjárframlag til jafns við það sem fengist úr ríkissjóði. Fjárveitinganefnd sá sér ekki fært að leggja til að fé yrði veitt í þessu skyni á fjárlögum 1984. Nokkru mun hafa ráðið að fyrrihluta desember 1983 hófst óvænt hlaup í Skeiðará og málið ekki verið talið jafnaðkallandi af þeim sökum. Nú má hins vegar ekki dragast að undirbúnar verði aðgerðir til varnar tjóni af næstu Skeiðarárhlaupum og því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Tillögunni fylgja sömu gögn og almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu lét fylgja erindi sínu til fjárveitinganefndar 22. nóvember 1983 og að auki minnisatriði varðandi Grímsvatnahlaup frá Helga Björnssyni jöklafræðingi til Vegagerðar ríkisins dagsett 13. des. 1983.

Fylgiskjal I.

Bréf almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu til Alþingis með fylgigögnum.

Reykjavík 22. nóv. 1983.

Alþingi,
c/o fjárveitinganefnd,
Alþingishúsið,
101 Reykjavík.

F.h. almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu leyfi ég mér að leggja fyrir eftirgreint erindi.

Eins og alkunna er hafa Skeiðarárhlaup unnið tjón, að vísu ekki stórvægilegt enn sem komið er, á varnargörðum á Skeiðarársandi svo og gróðurtorfunni neðan undir Skaftafellsbæjum. Þessara flóða er að vænta nær hvenær sem er, og um styrkleika þeirra er ekki unnt að spá. Því er bráðaðkallandi að nú þegar og í allra síðasta lagi með vordögum verði hafist handa um garðagerð og styrkingu, auk lagfæringa á þeim varnargörðum sem fyrir eru á Skeiðarársandi og tengjast brúarmannvirkjum þar. Því er óskað eftir sérstakri fjárveitingu í þessu skyni, sbr. kostnaðaráætlun Vegagerðar ríkisins.

Upphæðin sem farið er fram á nemur 8,7 m. kr. Þá er gert ráð fyrir mótframlagi Viðlagatryggingar Íslands, sbr. bókun þar á fundi snemma árs 1982.

Sendi hér með þessi gögn varðandi mál þetta:

Nr. 1. Bréf dags. 6.10. 1981 til Almannavarnaráðs.
— 2. Bréf dags. 19.11. 1981 til almannavarnanefndar A-Skaftafellssýslu.
— 3. Greinargerð frá Náttúruverndarráði, dags. 5.3. 1982.
— 4. Bréf dags. 9.3. 1983 til Viðlagatryggingar Íslands.
— 5. Bréf dags. 29.10. 1983 frá hreppsnefnd Hofshrepps.
— 6. Bréf dags. 4.11. 1983 frá almannavarnanefnd A-Skaftafellssýslu.

Alþingism. Hjörleifur Guttormsson mun kynna yður mál þetta enn frekar.

Virðingarfyllst,
f.h. almannavarnanefndar A-Skaftafellssýslu,
Friðjón Guðröðarson.

Höfn, 6. okt. 1981.

Almannavarnaráð
c/o formaður Snæbjörn Jónsson
Hverfisgötu 113—115,
Reykjavík.

Í upphafi skal að því vikið að almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur um árabil átt sérlega gott og upplýsandi samstarf við Almannavarnir ríkisins, einkum þá Guðjón Petersen framkvæmdastjóra og Hafþór Jónsson aðalfulltrúa.

Þetta viljum við þakka og teljum raunar að handleiðsla þessara manna hafi komið okkur til nokkurs þroska.

Flugslysaæfing, sem haldin var á Árnanesflugvelli við Hornafjörð 13. júní s.l., var eins konar prófsteinn á nefndina hér og kerfi okkar, þ.e. hvers vænta megi komi til kasta þessara aðila ef vá bæri að dyrum.

Vísast um það mál allt til skýrslu eftirlitsaðila Almannavarna ríkisins, aðalumsjónarmaður Hafþór Jónsson.

Í almennum skilningi er Austur-Skaftafellssýsla ekki svæði þar sem að öðru jöfnu verður búist við náttúruhamförum, svo sem eldgosum, snjóflóðum, vatnsflóðum etc. Hins vegar eru í sýslunni afföll jökulvatna, enda að baki henni endilangri sjálfur jöfurinn í samfélagi jökla, Vatnajökull.

Nú um nokkurt skeið hafa líkur á Skeiðarárhlaupi aukist og jafnvel allstóru, sbr. þar að lútandi ástand Grímsvatnasvæðis. Ekki þarf nánar að tíunda þau mál.

Í framhjáhlaupi má og geta þess að til er áætlun um hvernig við yrði brugðist af nefndinni hér.

Hins vegar er að því að hyggja hvort ekki megi koma við einhverjum vörnum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir eru jú ekki síður í verkahring heimanefndanna en að vinna sig út úr stórtjóni er gæti fylgt, t.d. stóru hlaupi í Skeiðará. Þrátt fyrir varnargarða þá sem fyrir eru telst mikil hætta á því að vatnsflaumurinn brjótist austur með Skaftafellsbrekkum, fari yfir mannvirki í þjóðgarðinum í Skaftafelli, svo sem grasflatir (tjaldstæði), girðingar og þjónustumiðstöð, mikið og dýrt mannvirki, og enn lengra gæti flóð þetta teygt sig austur í sveitina, tjáir mér Ragnar Stefánsson í Skaftafelli.

Hvað er þá til ráða?

Fyrir nokkrum árum var byggður grjótgarður mikill suður úr Skaftafellsbrekkum er skyldi brjóta strauminn og slá honum út í sandinn.

Garður þessi var vísast gerður undir stjórn Vegagerðar ríkisins og þar alla tæknilega vitneskju að fá. Nú er það hugmynd mín verandi í Skaftafellsnefnd (undirnefnd Náttúruverndarráðs), almannavarnanefnd sýslunnar og stjórn Viðlagatryggingar Íslands, að efla beri garð þennan, bæði lengja og þykkja og vinna verkið fyrir áramót undir stjórn V.R.

Fordæmi, garðagerð í námunda Víkur, er fyrir fjárveitingu í slíkt verk frá Viðlagatryggingu.

Þá er aðeins tvennt sem á skortir, sem sagt samþykki Almannavarnaráðs og fagleg meðmæli V.R.

Óskað er álits yðar á máli þessu svo að ákvörðun verði tekin og aðgerðir hafnar.

Virðingarfyllst,
f.h. almannavarnanefndar A-Skaftafellssýslu,
Friðjón Guðröðarson
(formaður).

ALMANNAVARNIR RÍKISINS
Reykjavík, 19.11. 1981.

Málefni: Fyrirhleðslugarðar við Skaftafell.

Almannavarnaráð hefur haft erindi yðar til umræðu á fundum 28. okt. og 11. þ.m.

Milli funda var aflað upplýsinga hjá Vegagerð ríkisins um gerð og tilgang garðanna og hjá Raunvísindadeild Háskólans um hegðun og rennsli jökulhlaupa á þessum slóðum.

Almannavarnaráð er yður sammála um að ef stórhlaup kemur í Skeiðará er sú hætta yfirvofandi að vatnsflaumur brjótist yfir garða austur með Skaftafellsbrekkum og valdi með því skemmdum á þeim mannvirkjum sem reist hafa verið í skjóli garðanna.

Leggur Almannavarnaráð til að erindi þetta verði tekið upp við Viðlagatryggingu Íslands og er reiðubúið til að mæla með að það fái jákvæða afgreiðslu þar.

Virðingarfyllst,
Snæbjörn Jónasson.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
5. mars 1982.

Viðlagatrygging Íslands,
c/o Ásgeir Ólafsson framkv.stj.,
Hafnarstræti 11,
101 Reykjavík.

Efni: Varnargarðar við Skaftafell.

Á fundi Náttúruverndarráðs þann 23. febrúar s.l. urðu m.a. umræður um síðasta Skeiðarárhlaup. Helgi Hallgrímsson forstjóri tæknideildar Vegagerðar ríkisins mætti á fundinn og gaf hann ráðinu ítarlegt yfirlit yfir byggingu garðanna og líklegan styrk þeirra til að standast Skeiðarárhlaup, einkum ef um stórhlaup yrði að ræða.

Nokkrar umræður komu í kjölfar framsögu Helga Hallgrímssonar um þá hættu sem mannvirki Náttúruverndarráðs eru í bresti garðarnir fast við Skaftafellsbrekkur þar sem álagið virðist hvað mest. Jafnframt yrði hið mikla gróðurlendi í hættu sem á síðustu árum hefur verið að gróa upp úti á Skeiðarársandi. Þá kom fram að síðasta hlaup hefði jafnvel í för með sér aukna hættu á stórhlaupi þegar Skeiðará tæki næst við sér. Upplýst var að Almannavarnanefnd A-Skaftafellssýslu hefur ritað Almannavarnaráði bréf þar sem óskað er álits ráðsins á styrkingu garðanna með fjárframlögum frá Viðlagatryggingu Íslands.

Náttúruverndarráð samþykkti á áðurnefndum fundi að taka undir ósk Almannavarna-nefndarinnar. Telur ráðið mjög nauðsynlegt að tryggja sem best þau mannvirki sem nú hafa risið í skjóli garðsins og mælir eindregið með því að málið fái jákvæða afgreiðslu hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Með vinsemd og virðingu,
Jón Gauti Jónsson
framkvæmdastjóri.

Höfn, 9. mars 1982.

Viðlagatrygging Íslands,
c/o Ásgeir Ólafsson framkvæmdastjóri,
Hafnarstræti 11, Rvík.

Leyfi mér að vísa til frumreifunar erindis frá almannavarnanefnd A-Skaftafellssýslu og **varðar fyrirhleðslugarða við Skaftafellsbrekkur í Öræfum vegna hlaupa í Skeiðará.**

Ég legg hér með til kynningar á málinu ítarlega greinargerð, dags. á Höfn 6. okt. 1981, stílaða til Almannavarnaráðs, svo og bréf, dags. í Rvík 19. nóv. 1981 frá Almannavarnaráði til nefndarinnar hér.

Eins og fram kemur eru aðilar sammála um þörf þess að auka varnir vegna Skeiðarárhlaupa til þess að vernda margvísleg verðmæti, svo sem húsakost, ræktun, girðingar og marga kílómetra af vegum.

Þótt hlaupið í síðasta mánuði væri með þeim minni sem komið hafa á þessari öld skemmdi það þó mannvirki nokkuð og borin von að þau stæðust Skeiðarárhlaup af stærri gerðinni.

Þó að þetta hlaup sé nú fram hjá farið og venjulega líði 5—6 ár milli hlaupa verður ekki lengur neitt talið öruggt í þessum efnum og gæti því alveg eins komið hlaup nú á þessu ári, þar sem allur „prósess" Grímsvatnasvæðisins er mjög óvenjulegur í seinni tíð.

Það er því brýnt að garðagerðin verði framkvæmd í vor eða sumar og er Vegagerð ríkisins, c/o Helgi Hallgrímsson verkfr., reiðubúin til samstarfs og áætlanagerðar nær fyrirvaralaust.

Erindið óskast lagt fyrir á næsta stjórnarfundi.

Virðingarfyllst,
f.h. almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu,
Friðjón Guðröðarson.

Svínafelli, 29. okt. 1983.

Almannavarnaráð
c/o formaður Snæbjörn Jónasson
Hverfisgötu 113—115,
Reykjavík.

Hreppsnefnd Hofshrepps, Austur-Skaftafellssýslu, vekur hér með athygli á eftirfarandi:

Skeiðarárhlaupin síðustu hafa vegna legu árinnar lagst fast að Skaftafellsbrekkum og reynt mest á efsta hluta varnargarðanna austan Skeiðarárbrúar.

Í báðum hlaupunum, sem komið hafa síðan Skeiðará var brúuð, 1976 og 1982, hafa orðið nokkrar skemmdir á þeim straumbrjótum sem mest hefur mætt á þó að aðalvarnargarðarnir hafi ekki bilað. Og sérstök athygli skal vakin á því að stuttur grjótvarinn garður út frá Skaftafellsbrekkum innan við aðalvarnargarðana kastaði straumnum frá brekkunum svo að hlaupið gróf sér farveg fjær brekkunum og aðalvarnargörðunum en annars hefði orðið ef þarna hefði engin fyrirstaða verið. Þetta létti mjög á aðalvarnargörðunum. En í báðum hlaupunum, 1976 og 1982, bilaði þó þessi garðstubbur inn með brekkunum í hámarki hlaupanna (var endurbyggður á milli hlaupa). Af þessu er fengin sú reynsla að ef enginn garður hefði verið inn með brekkunum til að breyta stefnu og dreifa krafti hlaupanna hefðu þau strax í byrjun lagst með fullum þunga að aðalvarnargörðunum upp við brekkur. Þá er hætt við að þeir hefðu skemmst meira en raun varð á.

Enn eru óbættar þær skemmdir sem urðu í síðasta Skeiðarárhlaupi og varnargarðarnir því vanbúnir til að standa af sér næsta hlaup sem enginn veit hvenær komið getur, en of seint er að hefjast handa við styrkingu og endurbætur varnargarðanna þegar hlaupið er skollið á.

Frekari dráttur á þessum framkvæmdum býður því heim þeirri hættu að Skeiðarárhlaup geti brotist í gegn um varnargarða og valdið stórtjóni á mannvirkjum í Skaftafelli og gróðurlendi í Hofshreppi því að á söndunum austan Skeiðarár eykst nú gróður ár frá ári við friðun fyrir ágangi árinnar vegna brúarmannvirkjanna.

Virðingarfyllst,
f.h. hreppsnefndar Hofshrepps,
Þorsteinn Jóhannsson.

P.t. Reykjavík 4. nóv. 1983.

Vegagerð ríkisins
c/o Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri
Reykjavík.

Almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu vísar til fyrri bréfa og greinargerðar um varnir gegn hættu af Skeiðarárhlaupi. Af því tilefni er þess óskað að Vegagerðin vinni að kostnaðaráætlun varðandi þau atriði hvað muni kosta að gera skynsamlegar varnir, þ.e. mannvirkjagerð, til þess að forða frá tjóni og/eða eyðileggingu:

1) mannvirkjum í þjóðgarðinum Skaftafelli,
2) uppgræddu landsvæði og
3) brúarmannvirkjum og varnargörðum á Skeiðarársandi.

Fyrirhugað er að óska eftir fjárveitingu frá Alþingi í þessu efni vegna fjárlagagerðar fyrir 1984. Umsagnir hreppsnefndar Hofshrepps og Náttúruverndarráðs liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. almannavarna A-Skaftafellssýslu,
Friðjón Guðröðarson.

Fylgiskjal II.

Bréf Vegagerðar ríkisins með greinargerð varðandi öryggi mannvirkja á Skeiðarársandi og í Skaftafellsþjóðgarði.

Almannavarnanefnd A-Skaft.,
c/o Friðjón Guðröðarson,
780 Höfn, Hornafirði.

Vegagerð ríkisins, 22. nóv. 1983.

Meðfylgjandi sendist stutt greinargerð um öryggi mannvirkja á Skeiðarársandi. Eru þar raktar upphaflegar forsendur varnargarða og reynsla af hlaupum. Talin eru þau atriði sem helst er ábótavant nú og kostnaður við úrbætur metinn lauslega.

Úrbótum má skipta í þrennt.

1. Vegna mannvirkja í þjóðgarði. Þar er annars vegar um að ræða viðbótargarða til að auka öryggi þjónustumiðstöðvar Náttúruverndarráðs svo og annarra mannvirkja sem risið hafa sunnan undir Skaftafellsbrekkum austan Skeiðarár. Kostnaður við þá garða er talinn um 7 m. kr. Hins vegar er viðgerð og stækkun brúar á Morsá. Kostnaður við það er áætlaður 0,8 m. kr. og heildarkostnaður vegna mannvirkja í þjóðgarði þá um 7,8 m. kr.
2. Viðgerðir á skemmdum sem orðið hafa í síðustu hlaupum. Skemmdir þessar eru við Skeiðará og Súlu og er kostnaður við lagfæringar þeirra talinn 3,5 m. kr.
3. Endurnýjun grjóts á varnargörðum. Grjót hefur veðrast mun hraðar en gert var ráð fyrir, einkum á görðum við Skeiðará. Til að koma á því öryggi garða, sem upphaflega var fyrir hendi, þarf að endurnýja grjótvörn í verulegum mæli. Kostnaður við þetta er metinn á 6 m. kr.

Vegagerð ríkisins hefur annast viðhald garða á Skeiðarársandi af því fé sem ætlað er til slíkra hluta í vegáætlun. Það fjármagn er þó mjög af skornum skammti miðað við stærð

verkefnisins (2,8 m. kr. 1984 skv. tillögu að vegáætlun). Fyrirhugað er að gera við skemmdir (liður 2) á næsta ári. Hins vegar leyfa þær fjárveitingar ekki að ráðist verði í endurnýjun grjóts á varnargörðum (liður 3), og enn síður garðagerð vegna mannvirkja í þjóðgarði. Þetta eru þó brýn verkefni og væri æskilegt að geta sinnt þeim. Til að svo megi verða þyrfti að afla nýs fjármagns. Hagstæðast er að vinna þessi verk í sem stærstum áföngum og því æskilegt að fjármagn fengist þegar á næsta ári.

Rétt er að benda á þann fyrirvara varðandi kostnað að miðað er við grjótnám á tilteknum stað. Hefur það verið skoðað nokkuð en full reynsla fæst ekki af því nema með vinnslu. Þess utan þarf að fá samþykki landeigenda og náttúruverndaraðila. Komi til þess að grjótnám þetta bregðist mun það hafa veruleg áhrif á kostnað.

Virðingarfyllst
f. h. v.
Helgi Hallgrímsson
forstj. tæknideildar.

VEGAGERÐ RÍKISINS
REYKJAVÍK

Greinargerð varðandi öryggi mannvirkja á Skeiðarársandi og í Skaftafellsþjóðgarði. (Tekin saman vegna tilmæla almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu, 4. nóv. 1983.)

Almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur með bréfi dags. 4. nóv. 1983 óskað eftir kostnaðaráætlunum um mannvirki til þess að forða tjóni og/eða eyðileggingu á eftirtöldum mannvirkjum:

1. Mannvirki í þjóðgarðinum að Skaftafelli.
2. Uppgrædd landsvæði.
3. Brúamannvirki og varnargarðar á Skeiðarársandi.

Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir þeim mannvirkjum og aðgerðum sem helst virðast koma til greina, svo og áætluðum kostnaði við þau. Kostnaðartölur eru miðaðar við núverandi verðlag.

1. **Brú á Morsá:**

Göngubrúin á Morsá er biluð og liggur undir skemmdum. Gerð hefur verið lausleg áætlun um viðgerð á henni og lengingu til þess að losna við tíðar viðgerðir. Kostnaður er áætlaður um 650 þús. kr.

Auk þess er gert ráð fyrir að veita þurfi Skeiðará frá Skaftafellsbrekkum til þess að komast að brúnni með efni og tæki. Kostnað við það má áætla 150 þús. kr. Umrædd veiting Skeiðarár er hugsanlega nauðsynleg vegna annarra framkvæmda sem fjallað er um hér á eftir.

2. **Garðar við Skaftafellsbrekkur.**

Við hönnun mannvirkja við Skeiðará var miðað við að þau þyldu áraun frá jökulhlaupum af svipaðri stærð og Skeiðarárhlaup þau sem komið hafa á síðustu áratugum. Er þá miðað við að garðar beini öllu vatni undir brúna, ekki renni yfir garða og að garðar og straumbeinar skemmist ekki verulega.

Ekki þótti fært að hanna mannvirki fyrir stærstu hugsanleg hlaup, en við gerð mannvirkja var miðað við að í stórum hlaupum yrði tjón á brúnni sem minnst en hlaupvatn færi yfir garða og framhjá brúnni.

Reynsla sú, sem nú hefur fengist, tekur aðeins til hinna minni hlaupa. Hún bendir þó til þess að hönnunarforsendur séu réttar hvað það snertir að tjón hafa aðeins orðið að því marki sem búist var við. Þannig hafa garðarnir austan Skeiðarár verndað stórt landsvæði sem nú er sem óðast að gróa upp. Á þessu svæði hafa einnig verið ræktaðar stórar spildur og reist umtalsverð mannvirki. Engu að síður er það staðreynd að samkvæmt hönnunarforsendum eiga garðarnir ekki að standa af sér stærstu hlaup og þau gætu því lagt allt þetta svæði undir vatn og aur.

Á síðustu árum hafa komið fram hugmyndir um að auka öryggi þessara mannvirkja gagnvart stórum Skeiðarárhlaupum. Einkum hafa þar verið nefndar tvær leiðir. Önnur er að gera sérstakan garð nálægt Þjónustumiðstöðinni með það fyrir augum að vernda hana. Enda eru þar langsamlega verðmætustu mannvirkin. Þessi leið hefur hins vegar þann annmarka að hún dregur nánast ekkert úr landspjöllum af völdum hlaups né spjöllum á vegakerfi á svæðinu. Af þessum sökum hefur henni ekki verið mikill gaumur gefinn.

Hin leiðin er að auka öryggi efsta hluta núverandi garða austan Skeiðarár. Með því má vernda alla núverandi ræktun og fjárhús við Skaftafellsbrekkur. Auk þess myndi öryggi vega á norðan- og austanverðu svæðinu aukast.

Fyrir síðasta hlaup var gerður garður út frá Skaftafellsbrekkum ofan núverandi garðs. Þessi garður var lítið grjótvarinn og byggður að nokkru leyti í tilraunaskyni. Garðurinn þurrkaðist út í síðasta hlaupi. Hann þykir þó hafa sannað tilverurétt sinn með því að tefja verulega fyrir því að hlaupið legðist á efsta hluta aðalgarðsins.

Þær hugmyndir hafa nú komið fram að byggja á þessu svæði kerfi varanlegra garða. Markmið þeirra yrði að verja svæði ofan efsta hluta núverandi garðs og auka þannig öryggi hans. Staðsetning þeirra og fjöldi hefur ekki verið endanlega ákveðin. Þessi hluti svæðisins á þá að standa af sér stærri hlaup en ella væri þó að einhverjar viðgerðir yrðu nauðsynlegar eftir hlaup. Þann fyrirvara verður þó að hafa á þessum görðum að stærð og hegðun hlaupa er svo óviss að ekki er unnt að ábyrgjast öryggi þessara garða fremur en annarra á þessu svæði.

Kostnaður við gerð þessara garða hefur verið áætlaður 6—8 m. kr. og er þá kostnaður vegna veitingar Skeiðarár talinn með. Í þessari áætlun er mest óvissa varðandi einingaverð grjóts. Gert er ráð fyrir að grjót verði unnið úr Hlaupinu við Virkisá um 16 km frá Skeiðará. Engin reynsla er af grjótnámi þar í svo stórum stíl. Reynist grjótnám þar óhentugt má væntanlega sprengja nothæft grjót við Hof eða Fagurhólsmýri. Grjót þaðan yrði óhjákvæmilega dýrara en reiknað er með í ofannefndri áætlun og vinnsla þess háð samþykki landeigenda og náttúruverndaraðila.

3. Viðgerðir á skemmdum eftir hlaup.

Í síðasta Skeiðarárhlaupi urðu skemmdir á leiðigarði og fjórum straumbrjótum austan Skeiðarár. Þessar skemmdir rýra öryggi garðanna og er talið nauðsynlegt að gera við þær fyrir næsta hlaup. Kostnaður við viðgerð hefur verið áætlaður 2,0 m. kr.

Í hlaupi í Súlu s. l. sumar urðu skemmdir á görðum vestan Súlu — Núpsvatna. Þessar skemmdir þarf að gera við í vetur. Kostnaður er áætlaður 1,5 m. kr.

4. Endurnýjun grjóts á varnargörðum.

Á síðustu árum hefur veðrun á grjóti á varnargörðum á Skeiðarársandi ágerst. Að hluta er þarna um að ræða fyrirséða veðrun. En að hluta, einkum á straumbrjótum við Skeiðará, er veðrun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi og er nú tvímælalaust farin að hafa áhrif á öryggi garðanna.

Öryggi garðanna þyrfti að auka að því marki sem upphaflega var stefnt að.

Ekki hefur verið gerð úttekt á görðunum í því augnamiði að meta magn þess grjóts sem

bæta þarf við. Lausleg ágiskun bendir þó til þess að endurnýja þyrfti verulegan hluta þess grjóts sem er á yfirborði á straumbrjótunum. Búast má við að það nemi um 10 000 m^3. Miðað við að hver m^3 kosti um 500 kr. verður heildarkostnaður um 6,0 m. kr.

YFIRLIT
yfir kostnaðartölur.

		M. kr.	M. kr.
1.	Kostnaður vegna viðgerða og lengingar á brú á Morsá		0.8
1.1.	Vegna brúar	0.65	
1.2.	Við veitingu Skeiðarár	0.15	
2.	Kostnaður vegna garða við Skaftafellsbrekkur		7.0
3.	Kostnaður vegna viðgerða á skemmdum í hlaupum		3.5
3.1.	Vegna Skeiðarárhlaups á straumbrjótum austan Skeiðarár	2.0	
3.2.	Vegna Súluhlaups á görðum vestan Súlu — Núpsvatna	1.5	
4.	Kostnaður við endurnýjun grjóts á varnargörðum vegna veðrunar		6.0
	Alls		17.3

Fylgiskjal III.

Bréf frá Helga Björnssyni jöklafræðingi varðandi Grímsvatnahlaup.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Vegagerð ríkisins
Helgi Hallgrímsson forstjóri tæknideildar
Borgartúni 7,
105 Reykjavík.

13. des. 1983.

Varðandi Grímsvatnahlaup.

Vegna fyrirspurnar frá Vegagerð ríkisins hinn 9. des. s.l. um líkur á Grímsvatnahlaupum á komandi árum hef ég tekið saman nokkur minnisatriði og ályktanir sem ég tel að megi draga af þeim.

Jarðhitinn í Grímsvötnum veldur því að jökulís bráðnar stöðugt, bræðsluvatn safnast fyrir undir jöklinum og rennur þaðan í jökulhlaupum á nokkurra ára fresti. Tuttugu jökulhlaup hafa fallið niður á Skeiðarársandi s.l. 130 ár og alls hafa um 40 hlaup verið skráð, hið fyrsta á 14. öld.

Að óbreyttum styrk jarðhita er talið að tíðni og stærð Grímsvatnahlaupa sé háð þykkt jökulsins austur af vötnunum þar sem hlaupvatnið brýst fram undir jökulfargi. Þess vegna hafi samfelld rýrnun jökla á fyrri hluta þessarar aldar valdið því að hlaup hafi orðið minni og þau tíðari s.l. þrjá áratugi en var fyrr á öldinni, — heildarrennsli verið 2—3 km^3 með hámarksrennsli 5—8000 m^3/s á 4—6 ára fresti í stað 6—7 km^3 og hámarksrennsli allt að 40 000 m^3/s á um 10 ára bili fyrr á öldinni.

Undanfarin tvö ár hafa Grímsvötn hegðað sér öðruvísi en þrjá áratugina á undan. Smáhlaup varð í febrúar 1982, smágos í maílok 1983 og nú er hafið Skeiðarárhlaup sem líklega fellur úr Grímsvötnum. Vegna þessara breytinga á hegðun Grímsvatna er ekki unnt

að spá með nokkurri vissu um framvindu Skeiðarárhlaupa fyrr en ljósara verður með rannsóknum hvers eðlis breytingarnar í Grímsvötnum eru. Til dæmis er ekki unnt að gera ráð fyrir sömu stærð og tíðni hlaupa á næstu árum eins og verið hefur undanfarna áratugi. Hins vegar er alls engin ástæða til þess að ætla að Grímsvatnahlaup séu úr sögunni þótt smáhlaup falli nú.

Undir Grímsvötnum leynist eitt öflugasta jarðhitasvæði landsins og jafnframt ein virkasta eldstöð þess. Hefur svo verið um aldaraðir. Þekkt eru a.m.k. 50 Grímsvatnagos frá upphafi Íslandsbyggðar og nýlegt gos í maí 1983 vitnar um að enn er eldstöðin virk svo að ekkert bendir til þess að dragi úr innstreymi kviku til Grímsvatnasvæðisins. En jafnvel þótt svo færi að ekki bærist ný kvika að svæðinu gæti jarðhiti enst áratugi eða jafnvel um aldir í Grímsvötnum og hann brætt þar jökulís. Jökulhlaup munu því falla frá Grímsvötnum á komandi árum sem hingað til. Um stærð þeirra mun hér ekki spáð, en ef jöklar vaxa má búast við stærri hlaupum en nú falla og aukinn jarðhiti gæti haft sömu áhrif þegar til lengdar lætur. Auk þess vekur aukin eldvirkni við Grímsvötn þann ugg að eldur gæti komið upp norðan Grímsvatna. Þá hlypi bræðsluvatn tafarlaust niður í Vötnin og stórhlaup gæti hlotist af ef hátt er í þeim. Þetta gerðist síðast árið 1938.

Með kærri kveðju,
Helgi Björnsson.

Nd. 566. Lög [122. mál]

um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 152.

Sþ. 567. Fyrirspurnir. [292. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun kjarnfóðurgjalds.

Frá Eggert Haukdal.

1. Hverjar voru tekjur af kjarnfóðurgjaldi árið 1983?
2. Hvernig var þeim varið?
3. Hvað eru þessar tekjur áætlaðar miklar árið 1984 og hvaða áætlanir liggja fyrir um ráðstöfun þeirra?
4. Hvers vegna var ekki hluta gjaldsins ráðstafað upp í áburðarverð í ár eins og árið 1983?

II. Til iðnaðarráðherra um Suðurlínu.

Frá Eggert Haukdal.

1. Hver er nú kostnaður við lagningu Suðurlínu frá Höfn í Hornafirði og vestur um?
2. Hvert var tilboðsverð einstakra verkþátta við lagningu hennar?
3. Hvert var endanlegt verð þegar uppgjör fór fram?
4. Hver var hönnunar- og eftirlitskostnaður við hvern einstakan verkþátt?
5. Hvað er áætlað að kosti að ljúka línunni að fullu?

III. Til menntamálaráðherra um ný lög um almenningsbókasöfn.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp til nýrra laga um almenningsbókasöfn á því þingi sem nú situr?

IV. Til utanríkisráðherra um íslenskt sælgæti í Fríhöfninni.

Frá Árna Johnsen.

Hver er ástæða þess að Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli selur ekki vörur frá íslenskum sælgætisgerðum þrátt fyrir endurteknar tilraunir þeirra til þess að fá þar inni með framleiðslu sína?

Nd. 568. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur samhljóða til að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðm. Einarsson, fundaskr.	Þorsteinn Pálsson, frsm.
Kjartan Jóhannsson.	Svavar Gestsson.	Jón Magnússon.
	Halldór Blöndal.	

Nd. 569. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 51. gr. orðist svo:

Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur, eða þriðjungur áfallinna verðbóta fyrir næstu þrjú ár sé stofnað til skuldar vegna íbúðarkaupa, eða ⅙ áfallinna verðbóta næstu sex ár sé stofnað til skuldar vegna nýbyggingar, og gjaldfallin gengistöp á afborganir og vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða breytingartillögu sem flm. bar fram við 159. mál (þskj. 503), en sú breytingartillaga var kölluð aftur vegna tilmæla fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í tillögunni felst að áfallnar verðbætur á lán til íbúðakaupa eða -bygginga verði frádráttarbærar við skattlagningu eins og vextir, en ekki einungis greiddar verðbætur eins og nú er. Gert er ráð fyrir að þriðjung áfallinna verðbóta megi telja fram á þennan hátt í þrjú ár, sé stofnað til skuldar vegna íbúðakaupa, og ⅙ áfallinna verðbóta í sex ár sé um nýbyggingu að ræða.

Frá árinu 1978, er skattalögin tóku gildi, hefur sú þróun orðið í þjóðfélaginu að í stað vaxtalána hafa þeir, sem eru að koma yfir sig húsnæði, í æ meira mæli einungis átt kost á verðbótalánum. Á síðustu árum hefur nær eingöngu verið um slík lán að ræða. Hugmyndin, sem lá að baki því ákvæði skattalaganna að vextir skyldu vera frádráttarbærir við skattlagningu sem ívilnun fyrir íbúðakaupendur eða -byggjendur, byggðist á því að menn fengju vaxtalán í bönkum landsins. Þegar svo er ekki og nær eingöngu er um verðbótalán að ræða er ákvæðið í 30. gr. E-lið, 1a og b, ekki lengur sú ívilnun fyrir skattgreiðendur sem löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna. Þess vegna verður að telja að hér sé um eðlilega lagfæringu að ræða sem sé raunhæf og í samræmi við tilgang löggjafans.

Benda má á að gengistap af gengistryggðum spariskírteinum er frádráttarbært við skattlagningu, og telur flutningsmaður að um hliðstæðu sé að ræða við efnisatriði framvarps þessa.

Ed. 570. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 7500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 571. Frumvarp til laga [198. mál]

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 354 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkið starfræki stofnun, sem nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Fyrir stofnuninni skal vera yfirlæknir, sérmenntaður í augnsjúkdómum og skal hann annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu vera sjóntækja- og sjónfræðingar, sjónþjálfar, félagsráðgjafar, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki.

4. gr. hljóðar svo:

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu, sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal í samráði við landlækni halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir.

Við stofnunina skal starfrækja sjónglerjaþjónustu undir stjórn sjóntækjafræðings.

Stofnunin hefur yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknum í samráði við aðra aðila, er starfa á þessum vettvangi.

Ed. 572. Frumvarp til laga [294. mál]

um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr. er orðist svo:

Söluaðilum er ekki heimilt að taka meira en 2% af söluverðmæti útfluttra landbúnaðarafurða í sölulaun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er með öllu óverjandi að sölulaun séu tekin af öðru en söluverðmæti varnings, sama hverrar tegundar hann er.

Nd. 573. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti. Sama gildir um skreið, sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem er framleitt á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um beint útvarp frá Alþingi.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja beina útsendingu útvarps frá daglegum fundum Alþingis í ársbyrjun 1985.

Greinargerð.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að útvarpað verði beint, á sérstökum bylgjulengdum, frá fundum Alþingis, þ. e. fundum deilda og sameinaðs þings. Með þessari skipan gæfist landsmönnum kostur á beinna og skilvirkara lýðræði.

Almenningur á Íslandi fær mjög takmarkaðar upplýsingar um störf Alþingis frá degi til dags. Það er algerlega undir hælinn lagt hvort, og þá hvernig, málgögn flokkanna segja frá umræðum um einstök mál á þingi. Ríkisfjölmiðlunum er í þessum efnum þröngur stakkur sniðinn. Þessir fjölmiðlar velja og hafna. Þeir ákveða fyrir fólkið hvað er rétt og hvað ekki. Til að fylgjast beint með umræðum á þingi verða menn að gera sér ferð í Alþingishúsið. Það er fjarri því að allur almenningur hafi tök á að koma á áheyrendapalla þingsins vegna vinnu sinnar og búsetu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að það sé í anda nútíma upplýsingastefnu að gefa landsmönnum kost á að fylgjast með umræðum á Alþingi um leið og þær fara fram. Þannig yrði umræða á þinginu flutt jafnóðum inn á almenna vinnustaði og heimili landsins.

Flutningsmenn vænta þess að þetta fyrirkomulag gæti veitt alþingismönnum heilbrigt aðhald og verið upplýsandi fyrir umbjóðendur þeirra. Þannig er þess vænst að beint alþingisútvarp auki almenna virkni landsmanna í þjóðmálaumræðu, sem er nauðsynleg undirstaða nútíma lýðræðis.

Nd. 575. Frumvarp til laga [296. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Jón Magnússon, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Bannað er án leyfis ríkisstjórnarinnar að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Um leyfi til bruggunar öls, sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli fer að öðru leyti skv. lögum um vörugjald. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um vörugjald. Um meðferð og sölu áfengs öls gilda ákvæði IV. og V. kafla þessara laga.

3. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengs öls og vína skv. þessum kafla.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1985.

Greinargerð.

Í núgildandi áfengislögum telst áfengi vera hver sá vökvi sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Óheimilt er að flytja inn öl sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning slíks öls vegna sölu til varnarliðsins eða til útflutnings. Verði frumvarp þetta samþykkt getur ríkisstjórnin veitt leyfi til bruggunar öls sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli skv. nánari ákvæðum. Hömlum á innflutningi slíks öls í áfengislögum er aflétt.

Tilgangur flutningsmanna með frv. þessu er:

1. Að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja.
2. Að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar.
3. Að afla ríkissjóði tekna.
4. Að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum.
5. Að samræma áfengislöggjöfina.

I.

Frá upphafi Íslandsbyggðar, alla söguöldina og jafnvel lengur, var af áfengum drykkjum eingöngu drukkið öl og mjöður. Eftir því sem leið fram á aldir breyttist þetta til hins verra þegar brennivínið kom til sölunnar. Lengi vel hafði þó ölið betur en upp úr miðri 17. öld fóru hlutföllin að jafnast. Eftir 1730 fékk brennivínið yfirhöndina en ölið þvarr að mestu leyti. Af þessum orsökum jókst drykkjuskapur svo ákaflega að bestu mönnum þjóðarinnar þótti horfa til vandræða og vildu á ýmsan hátt reyna að ráða bót á ástandinu, sbr. almenna bænaskrá frá Alþingi 1733 þar sem farið er fram á algert aðflutningsbann á áfengi eða því sem næst. Síðar á öldinni var þess oft farið á leit af Íslendingum að takmarkaður væri innflutningur áfengis en engar af þessum tilraunum báru árangur.

Á 19. öldinni kemur fram ný stefna með bindindishreyfingunni. Þessari stefnu óx mjög fylgi síðari hluta aldarinnar. Fyrir áhrif bindindishreyfingarinnar fer löggjafinn að gera ýmsar takmarkanir á tilbúningi, sölu og veitingum áfengra drykkja. Með tilskipun 26. febrúar 1872 er lagður sérstakur innflutningstollur á brennivín og aðra áfenga drykki, en allar aðrar vörur voru þá tollfrjálsar. Með lögum nr. 3. frá 10. febrúar 1888 eru fyrst lagðar verulegar hömlur á sölu og veitingu áfengra drykkja í landinu. Með lögum nr. 26 11. nóvember 1899 er enn hert á takmörkun vínsölu og vínveitinga. Með lögum nr. 5 12. janúar 1900 er lagt bann við tilbúningi áfengra drykkja að öli undanskildu. Með lögum frá 30. júlí 1909 var sett aðflutningsbann á áfengi. Loks var með lögum frá 1. janúar 1912 sett algjört bann við aðflutningi, bruggun eða sölu áfengis, bannlögin svonefndu.

Á árunum frá 1890—1912 dró mjög úr ofdrykkju og áfengisnautn. Þessa breytingu vildu margir þakka hæfilega takmarkaðri áfengislöggjöf samfara ötulli bindindisstarfsemi í landinu. Tilgangurinn með bannlögunum frá 1912 var að gera áfengisneyslu landræka, en þessi tilgangur náðist aldrei. Þvert á móti töldu margir bannlögin hafa orðið til tjóns fyrir bindindisstarfsemi í landinu og því í raun unnið gegn tilgangi sínum. Var á það bent að bannlögin hefðu aldrei náð að útrýma vínnautn, þau hafi breytt hugsunarhætti almennings gagnvart vínneyslu til hins verra og vegna þeirra hafi þróast margvísleg lögbrot svo sem smygl, leynivínsala, heimabrugg, auk áfengisneyslu sem að sjálfsögðu var bönnuð skv. bannlögunum.

II.

Frá setningu bannlaganna 1. janúar 1912 til þessa dags hafa allmörg frumvörp verið flutt á Alþingi til breytingar á áfengislögunum. Smám saman voru bannlögin afnumin, en slitur af þeim hefur þó haldist í íslenskri löggjöf, þ.e. hvað varðar bann við bruggun og sölu áfengs öls. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að sleppa þessu slitri af bannlögunum úr löggjöfinni, en það hefur ekki tekist. Þau lagafrumvörp, sem flutt hafa verið um þetta atriði í áfengislöggjöfinni, eru þessi eftir því sem flutningsmenn kunna að greina:

1. Frumvarp til áfengislaga árið 1932. Flutningsmenn Jón Auðunn Jónsson, Bergur Jónsson, Lárus Helgason, Ólafur Thors og Jónas Þorbergsson.

   Tilgangur frumvarpsins var að koma á svipaðri skipun á bruggun, sölu og meðferð áfengis og var á fyrsta tug 20. aldar. Flutningsmenn töldu rétt að hafa sérlög um tilbúning, sölu og veitingar áfengs öls ef tilbúningur þess yrði heimilaður. Frumvarpi þessu var vísað til 2. umr. í Nd. með 14:5 atkvæðum og til allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið aftur á dagskrá.

2. Frumvarp til laga um ölgerð og sölumeðferð öls árið 1947. Flutningsmenn Sigurður Bjarnason, Steingrímur Steinþórsson og Sigurður E. Hlíðar.

   Tilgangur frumvarpsins var að draga úr neyslu sterkra drykkja og afla ríkissjóði tekna til framkvæmda í aðkallandi menningarmálum. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti leyfði styrkleiki áfengs öls yrði 4% af áfengi að vigt, en leyfi til ölgerðar gæti fjármálaráðherra veitt til 10 ára í senn. Frumvarp þetta var lagt fram í Nd. og vísað til 2. umr. með 19:13 atkvæðum og til allsherjarnefndar með 17:8 atkvæðum. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið aftur á dagskrá.

3. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum 1960. Flutningsmaður Pétur Sigurðsson.

   Tilgangur frumvarpsins var að koma á samræmi í áfengislöggjöfinni, en auk þess er vísað til þess að bann á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenskra þegna. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti styrkleiki áfengs öls mætti vera 3½% af vínanda að rúmmáli. Frumvarp þetta var lagt fram í Nd. og var vísað til 2. umr. með 25:6 atkv. og til allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið á dagskrá framar.

4. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum 1965. Flutningsmenn Pétur Sigurðsson, Björn Pálsson og Matthías Bjarnason.

   Tilgangur frumvarpsins var sá sami og lýst er í 3. tl. hér að framan. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti styrkleiki áfengs öls mætti vera 4,5% af vínanda að rúmmáli. Frumvarpið var lagt fram í Nd. og var fellt við 3. umr. með 23:16 atkvæðum.

5. Til viðbótar þessu má nefna breytingartillögur sem fluttar voru við afgreiðslu áfengislaga 1954, 1966 og 1967, svo og þingsályktunartillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls.

III.

Bruggun, sala og neysla áfengs öls á sér stað meðal allflestra þjóða heims. Styrkleiki ölsins er mismunandi, eða upp að 13,2% af rúmmáli sá sterkasti. Algengasti styrkleiki áfengs öls, sem neytt er, mun vera um eða undir 5% vínandi að rúmmáli. Í Norður-Ameríku, á Englandi og Norðurlöndum mun algengast að styrkleiki áfengs öls sé frá um 3,2% til 5% af vínanda að rúmmáli. Í öllum nágrannalöndum okkar er neysla áfengs öls mikil miðað við annað áfengi.

Nú geta farmenn, flugliðar og ferðamenn, sem koma frá útlöndum, keypt takmarkað magn af áfengu öli og flutt það með sér inn í landið. Fullyrða má að verulegu magni af áfengu öli sé á ári hverju smyglað inn í landið. Því er raunar haldið fram að bjórkassi með 24 flöskum (33 cl) af millisterku áfengu öli hafi hér ákveðið fast markaðsverð og nokkurt framboð sé af slíku öli þó að óleyfilegt sé miðað við núverandi áfengislöggjöf að flytja það inn. Af þessu áfenga öli hefur íslenska ríkið engar tekjur og innlendir framleiðendur eru dæmdir úr leik.

Með auknum ferðalögum til útlanda hafa Íslendingar í síauknum mæli komist í kynni við neyslu áfengs öls og sama gildir um þá námsmenn sem stunda nám erlendis.

Ljóst er að töluvert stór hópur þjóðarinnar kýs að hér sé áfengt öl á boðstólum. Í því sambandi má m.a. benda á að í Reykjavík er nú selt áfengt öllíki á allmörgum stöðum og þeim fer fjölgandi þar sem sterku áfengi er blandað í ölið, þannig að styrkleiki drykkjarins er sagður svipaður eða meiri en gerist um áfengt öl í nágrannalöndum okkar. Þeir sem neyta þessa öllíkis vita í raun ekki um hvaða áfengisstyrkleika er að ræða eða hvers konar áfengis þeir neyta. Ekkert eftirlit eða prófun á sér stað á þessu áfengi. Skv. því sem næst hefur verið komist er styrkleiki þessa öllíkis almennt um 5% af vínanda að rúmmáli. Einnig má benda á að ölgerðarefni eru seld í matvörubúðum og innflutningur og sala þessara ölgerðarefna er töluverð.

Aðstaðan nú er því breytt í veigamiklum atriðum frá því sem hún var þegar síðast var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um bruggun og sölu áfengs öls. Það er því ekki vansalaust fyrir Alþingi að horfa upp á þessa þróun án þess að móta löggjöf sem er í samræmi við tíðarandann og er til þess fallin að vinna gegn drykkjusýki. Mikilvægast er að horfast í augu við staðreyndir. Nú getur hver, sem eldri er en 20 ára, keypt öllíki sem er um eða yfir 5% af vínanda að rúmmáli. Veikustu áfengistegundir í Á.T.V.R. eru um eða undir 9% af vínanda að rúmmáli.

Þessar staðreyndir tala sínu máli og sýna glögglega hversu ófullkomin áfengislöggjöfin er og hversu fráleitt það er að meina bruggun áfengs öls og sölu þess hér á landi. Miðað við þá þróun, sem orðin er í áfengismálum, er það alveg ljóst að spurning er ekki hvort innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verður leyfð, heldur hvenær þessi síðasti angi bannlaganna verður afnuminn.

IV.

Flutningsmenn telja að samræmi verði að vera í áfengislöggjöfinni. Það er óneitanlega óeðlilegt að heimila sölu á sterku áfengi en banna það léttasta og að margra mati þá tegund áfengisneyslu sem hefur minnst tjón í för með sér fyrir líf og heilsu fólks. Á það má benda að nú er á boðstólum létt vín í Á.T.V.R. sem hefur minni áfengisstyrkleika en sterkustu gerðir áfengs öls, sbr. það sem áður segir.

Þó að í frumvarpi þessu felist einungis þær breytingar á áfengislögum að innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verði heimiluð með þar tilgreindum skilyrðum er það skoðun flutningsmanns að verði frumvarp þetta samþykkt beri svo fljótt sem auðið er að undirbúa sérstakt frumvarp um áfengt öl og ölgerð þar sem tilgreind væri m. a. gjaldtaka ríkissjóðs af ölframleiðslu, almenn ákvæði um skilyrði til að fá ölgerðarleyfi svo og nánari skilgreiningar og flokkun áfengs öls eftir styrkleika þess.

Þá er það enn fremur skoðun flutningsmanna að ákveðinn tími verði að líða frá því að bruggun og sala áfengs öls er samþykkt á Alþingi þangað til lögin taki gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja innlendum framleiðendum nauðsynlegt svigrúm til að undirbúa framleiðslu áfengs öls, auk þess sem reynt yrði með öllum þeim ráðum, sem tiltæk eru, að tryggja markaðssetningu og mikla markaðshlutdeild innlends öls á innanlandsmarkaði. Af þessum sökum geta verið ástæður til að fresta gildistöku laganna fram eftir árinu 1985. Þá þarf einnig að kanna hvort unnt er með tilliti til viðskiptasamninga við önnur lönd

að í upphafi verði einungis á boðstólum áfengt öl framleitt innanlands en innflutningur hæfist að loknum eðlilegum aðlögunartíma íslenskra ölgerðarfyrirtækja. Þetta mætti gera með því að ákveða að 1. gr. frv. þessa tæki gildi síðar en 2. og 3. gr. frv. Með slíkum aðgerðum mundi frumvarpið efla öl- og gosdrykkjaiðnað í landinu, skapa ný störf, skilyrði fyrir útflutningi öls og auka tekjur ríkissjóðs.

Því hefur verið haldið fram að íslenska vatnið sé með því besta í heimi. Íslenskir ölgerðarmenn hafa og sýnt það að þeim er ekkert að vanbúnaði að framleiða gott áfengt öl sem gefur því besta, sem kemur frá öðrum þjóðum, ekkert eftir. Forsenda þess að framleiðendur geti sýnt hvað í þeim býr er að þeir fái markað fyrir vöru sína innanlands og geti í framhaldi af því, að fenginni reynslu, hafið útflutning.

V.

Í umræðum um áfengt öl fyrr og nú hefur helst verið fjallað um það hvaða afleiðingar áfengt öl á Íslandi mundi hafa fyrir drykkjuvenjur þjóðarinnar. Fylgjendur áfenga ölsins halda því fram að tilkoma þess mundi bæta úr í þessu efni og er það raunar skoðun flutningsmanna eins og fram kemur hér að framan. Þá muni áfengt öl valda því að minna verði neytt af sterkum drykkjum sem er vafalaust skaðlegasta tegund áfengisneyslu.

Andstæðingar áfengs öls benda aftur á móti á að tilkoma þess muni auka drykkjuskap, valda aukinni drykkjusýki, auk þess sem hætta sé á að unglingar hefji drykkju fyrr en nú er og hætta sé á að ýmsir vinnustaðir verði undirlagðir af ölneyslu á vinnutíma.

Flutningsmenn telja, miðað við reynslu annarra þjóða, að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls, án þess þó að það valdi aukinni ölvun eða drykkjusýki. Hér skiptir miklu máli að móta ákveðna áfengisstefnu og freista þess með verðstýringu að beina áfengisneyslu inn á þær brautir sem taldar eru skaðminnstar. Reynsla allra þjóða sýnir að hafa má áhrif á áfengisneyslu almennings með verðstýringu. Því hærra verð á áfengi þeim mun minni neysla. Hér á landi er áfengi dýrara en víðast í veröldinni og meðalneysla jafnframt ein sú lægsta. Með því að fella áfengt öl inn í slíkt verðstýrikerfi ætti að vera unnt að halda meðalneyslu áfengis niðri. Miðað við þessar forsendur er afar ólíklegt að tilkoma áfengs öls leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum, aukinnar drykkju unglinga eða valdi því að unglingar hefji drykkju yngri en nú gerist. Raunar er ólíklegt að áfengisneysla geti svo nokkru nemi frá því sem nú er náð til yngri aldurshópa. Einnig má benda á að auk þess sem áfengt öl verður dýrt hér á landi er framboð á ódýrum og ókeypis svaladrykkjum mun meiri hér á landi en í helstu bjórdrykkjulöndum þar sem t. d. vatnið er þannig að Íslendingar mundu aldrei leggja sér það til munns. Um þessi atriði hafa um árabil verið miklar umræður og því óþarfi að rekja þessi atriði frekar í greinargerð þessari.

Frá árinu 1951 til ársins 1981 jókst heildarneysla áfengis á Íslandi úr 1,4 lítra af hreinu áfengi á íbúa í 3,2 lítra. Þrátt fyrir þessa aukningu neyta Íslendingar minnst áfengis allra Evrópuþjóða. Neysla á áfengistegundum hefur einnig breyst á undanförnum árum. Þannig hefur sala á sterku áfengi hlutfallslega minnkað frá 1974.

Þrátt fyrir mjög litla heildarneyslu áfengis miðað við aðrar þjóðir hefur komið í ljós að misnotkun áfengis og drykkjusýki er hér með því hæsta sem þekkist í veröldinni. Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar, en vafalaust eiga slæmar drykkjuvenjur okkar, mikil neysla sterks áfengis, skortur á samræmdri áfengisstefnu og skortur á fræðslu, sérstaklega ungs fólks, um áfengi og skaðsemi þess, mikinn þátt í því slæma ástandi sem hér ríkir í þessum efnum. Það er því full ástæða til að freista þess að bæta ástandið í þessum málum með aukinni fræðslu, samræmdri stefnu í áfengismálum sem m. a. þyrfti að fela það í sér að sveigja drykkjuvenjurnar frá sterku drykkjunum að neyslu léttra vína og áfengs öls.

Það er hlutverk Alþingis að móta slíka meginstefnu og þingmenn geta ekki skotið sér undan ábyrgð í þeim efnum. Má í því sambandi benda á ummæli í áramótabréfi

Áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. M. a. af þessum ástæðum er mál þetta flutt. Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um hvort heimila skuli bruggun og sölu meðalsterks áfengs öls. Vilji flutningsmanna þeirrar tillögu er vafalaust sá að þoka málinu áfram og koma því í svipaðan farveg og lagt er til í frumvarpi þessu, þannig að lítill efnislegur ágreiningur kann að vera milli flutningsmanna og þeirra hugmynda sem liggja að baki hjá flutningsmönnum framangreindrar þingsályktunartillögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að brott verði numin ákvæði úr áfengislögum sem banna innflutning áfengs öls.

Um 2. gr.

Miðað er við að leyfi ríkisstjórnarinnar þurfi til framleiðslu áfengs öls og áfengi verði einungis selt í útsölum Á.T.V.R. og á vínveitingastöðum með þeim takmörkunum sem áfengislögin setja að öðru leyti um sölu og meðferð áfengis.

Um 3. gr.

Breytingin er til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Miðað er við að lögin taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót og eru þessi tímatakmörk sett til að veita innlendum framleiðendum og þeim sem hyggja á ölframleiðslu ákveðið svigrúm. E. t. v. væri ástæða til að lengja þennan tíma þannig að lögin tækju ekki gildi fyrr en síðar á árinu 1985.

Sþ. 576. Tillaga til þingsályktunar [297. mál]

um nýtingu nýrrar tækni í vinnubrögðum á Alþingi.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta þegar í stað kanna hvernig hagkvæmast sé að koma við nýrri tækni að því er varðar ræðuritun og skráningu, ritun og vörslu þingskjala.

Greinargerð.

Skráning og varsla gagna og skjala af ýmsu tagi hefur verið að gjörbreytast á undanförnum árum með tilkomu tölvutækni og ritvinnslu. Þessi nýja tækni er ekki lengur á þróunarstigi heldur er hún staðreynd í fjölmörgum stofnunum og fyrirtækjum hér á landi jafnt stórum sem smáum.

Flutningsmanni þykir einsýnt að ritvinnsla og tölvuskráning geti komið að mjög góðum notum í störfum Alþingis og orðið til verulegrar hagræðingar og sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Þegar er fyrir hendi staðgóð þekking og kunnátta í þessum efnum hjá ýmsum aðilum hér á landi þannig að upplýsinga þarf ekki að leita um langan veg.

Nd. 577. Frumvarp til laga [298. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson, Jón Magnússon, Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áfengislögin eru frá árinu 1969, en frá þeim tíma hafa margvíslegar breytingar orðið á ferðamannaþjónustu og gistihúsarekstri sem stendur í beinu samhengi við aukin ferðalög innlendra sem erlendra manna á öllum tímum árs. Á sama tíma hefur frjálsræði í meðferð og sölu áfengra drykkja aukist hér á landi.

Í frumvarpi þessu er einungis lagt til að þau hótel, sem reist hafa verið utan kaupstaða og standast fyllstu kröfur, sitji við sama borð og önnur. Það er sanngirnismál hvaða skoðun sem menn að öðru leyti kunna að hafa á meðferð og neyslu áfengra drykkja. Það liggur enda fyrir að þau örfáu veitingahús og hótel, sem starfrækt eru utan kaupstaða árið um kring, standa höllum fæti í samkeppninni meðan takmörkunarákvæði 12. gr. áfengislaganna eru í gildi. Ekki er að sjá að fyrir því séu nein rök að löggjafinn mismuni fyrirtækjum rekstrarlega með þessum hætti, að ekki sé minnst á það ranglæti sem núverandi tilhögun skapar.

Þetta mál hefur m. a. verið tekið upp af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, en Mývatnssveit er sem kunnugt er einhver mest sótti ferðamannastaður landsins. Þar eru rekin tvö hótel, annað árið um kring. Í bréfi sveitarstjóra Skútustaðahrepps til þingflokksformanna, dags. 21. nóv. s. l., segir m. a.:

„Þeir er hagsmuna eiga að gæta í ferðaþjónustu, bæði atvinnurekendur og launþegar, gera þær kröfur að þeim sé gert fært að hafa rekstrar- og tekjumöguleika árið um kring eftir því sem markaður leyfir og þeim sé gert kleift að standa jafnfætis aðilum í veitinga- og gistiþjónustu í borg og kaupstöðum með því að geta veitt gestum sínum sömu þjónustu. Benda má einnig á að íbúar landsins ættu að eiga rétt til sömu þjónustu hvað veitingar varðar í heimabyggð sinni sem í borg eða kaupstað, sé þjónusta á sviði veitingarekstrar á annað borð til staðar. Annað er skerðing á mannréttindum sem illt er að una við."

Í samræmi við þetta gerði hreppsnefnd Skútustaðahrepps svofellda ályktun 6. september s. l.:

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bendir á það óréttlæti er áfengislöggjöfin stuðlar að og telur að breyta eigi 12. gr. áfengislöggjafar varðandi vínveitingaleyfi utan kaupstaða þar sem hún er skerðing á mannréttindum og eðlilegum rekstrarmöguleikum aðila í hótelrekstri og skorar á þingmenn að stuðla að því að eftirfarandi málsgrein verði felld úr lögunum:

„Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september."

Sþ. 578. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem hún gerir tillögu um á sérstöku þingskjali. Breytingartillagan felur í sér að könnun fari fram og niðurstöður hennar verði lagðar fyrir næsta þing. Alþingi lýsi hins vegar ekki vilja sínum um framkvæmdir fyrr en niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir.

Nefndinni bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Menntamálaráðuneyti, Sambandi ísl. sveitarfélaga, stjórn Kennarasambands Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Fóstrufélagi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og stjórn Kvenfélagasambands Íslands.

Umsagnirnar eru allar jákvæðar. Menntamálaráðuneytið „telur æskilegt að könnun sem þessi yrði gerð", en bendir á að hún yrði „nokkuð yfirgripsmikil og taki því nokkurn tíma og fjármagn". Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga „tekur undir þann hluta tillögunnar sem fjallar um könnun á kostnaðarauka og sparnaði við umgetnar breytingar en leggur til að róttækar breytingar verði ekki gerðar í þessum efnum fyrr en niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir".

Nefndin mælir með því að könnunin verði gerð og að kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 3. apríl 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Baldvin Hannibalsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.	Guðrún Helgadóttir.

Sþ. 579. Breytingartillaga [33. mál]

um till. til þál. um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta kostnaðarauka ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi grunnskólanema. Sú kostnaðarkönnun miðist við:

1) Einsetinn skóla.
2) Samfelldan skóladag.
3) Skólamáltíðir handa nemendum og starfsliði.

Jafnframt verði kannað hvort þörf fyrir skóladagheimili og skólaathvarf minnkar með samfelldum skóladegi og hverju sá sparnaður kann að nema.

Niðurstöður þessarar könnunar verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing. Kostnaður greiðist af ríkissjóði.

Sþ. 580. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um stefnumörkun í skólamálum.

Flm.: Kristín H. Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nú þegar ellefu manna nefnd til að móta stefnu í málum grunnskólans og framhaldsskólans fram til aldamóta.

Nefndin verði skipuð þannig:

a) Samtök kennara tilnefni fimm,
b) samtök foreldra tilnefni tvo og
c) Alþingi kjósi fjóra.

Menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar.

Í störfum sínum fjalli nefndin einkum um eftirtalda þætti:

Innra starf skólans.
Skólahúsnæði.
Námsgögn og búnað skóla.
Skólasöfn.
Skólatíma.
Námsefni.
Menntun kennara.
Réttindi til kennslu.
Tengsl við atvinnulífið.
Samstarf við heimilin.
Skólaskipan (dreifbýli, þéttbýli).
Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Nefndin hafi víðtækt umboð og geti m. a. skipað undirnefndir til að vinna að afmörkuðum þáttum.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangurinn með skipun þeirrar nefndar sem þingsályktunartillagan kveður á um er sá að hefja nú þegar stefnumótun til langs tíma varðandi meginþætti skólamála og leggja grunn að markvissum vinnubrögðum í þessum tilgangi.

Sú skólastefna, sem nú er ríkjandi, mótaðist á árunum eftir 1960 og hefur verið að festast í löggjöf síðustu 10—15 árin. Nú stendur yfir endurskoðun grunnskólalaga en ný framhaldsskólalöggjöf hefur ekki enn verið samþykkt á Alþingi en í anda hennar starfa þó margar menntastofnanir.

Það er augljóst mál að ekki er hægt að þróa og breyta stefnu í skólamálum nema á löngum tíma, enda ekki æskilegt. Stefnan í skólamálum þarf að vera ljós allri þjóðinni til að hægt sé að koma í veg fyrir sífellt hringl og öryggisleysi sem bitnar á nemendum, kennurum og foreldrum.

Það er því nauðsynlegt að kanna nú þegar hvernig haga beri stefnumörkun fyrir síðasta tug aldarinnar og marka stefnu í kjölfar þeirrar athugunar og umræðu í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er.

Reynsla síðustu missera sýnir mjög glögglega þörfina á að þingmenn, blaðamenn og allur almenningur hafi þekkingu og skilning á hvað gerist innan veggja skólans sem er ein umfangsmesta stofnun þjóðfélagsins og sú sem á e. t. v. stærstan þátt í að leggja grunn að hamingju og hagsæld einstaklingsins og þjóðarinnar.

Nd. 581. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarandstaðan óskaði eindregið eftir því að Alþingi yrði kallað saman s. l. sumar til að fjalla um efnahagsmál. Því var ekki sinnt. Úr því að leið bráðabirgðalaga var farin var það lýðræðisleg skylda ríkisstjórnarinnar að láta taka þau til umræðu um leið og þing kom saman í október sl. Nú eru liðnir rúmir tíu mánuðir síðan þessi lög tóku gildi. Það eru liðnir sex mánuðir síðan þingið kom saman og fjórir mánuðir síðan efri deild Alþingis lauk meðferð sinni á málinu. Alþingismenn sitja frammi fyrir löngu gerðum hlut. Þetta frv. fjallar m. a. um skattgreiðslur á árinu 1983 vegna tekna sem aflað var á árinu 1982. Þessi málsmeðferð er með öllu óverjandi.

Í fylgiskjali með frv. stendur að bráðabirgðalögin hafi verið sett til að „vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa". Í minni hl. áliti fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar frá 17. nóv. s. l. er bent á að skattalagabreyting frumvarpsins hafi áhrif á skattgreiðslur **flestra annarra** en þeirra sem við lökust kjör búa. Aðrar breytingar frv., s. s. á greiðslum almannatrygginga, eru ófullnægjandi með tilliti til þess hversu gífurleg kjaraskerðing hefur orðið síðan í júní.

Með hliðsjón af framansögðu um afgreiðslu og innihald þessa frv. mun minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar ekki taka þátt í afgreiðslu þess.

Guðrún Agnarsdóttir þingmaður Samtaka um kvennalista er samþykk þessu áliti minni hl. nefndarinnar.

Alþingi, 9. apríl 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm. Svavar Gestsson. Kjartan Jóhannsson.

Ed. 582. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt en gerir tillögu á sérstöku þingskjali um að við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein.

Alþingi, 9. apríl 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm. Árni Johnsen. Egill Jónsson.

Jón Kristjánsson.

Ed. 583. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (VI, ÁJ, EgJ, JK).

Á eftir 1. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Frá og með 1. febr. 1984 skulu þó 2% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 27% ekki, og 6% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna, til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir og minni, en 23% ekki.

Sþ. 584. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um opinbera leiguaðstoð við láglaunafólk.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp um leiguaðstoð við láglaunafólk.

Frumvarp þetta verði sniðið sem hluti af lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og verði afgreiðslu þess lokið fyrir upphaf næsta fjárlagaárs.

Jafnframt falli niður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna greiddrar húsaleigu hjá þeim sem frumvarp þetta mun ná til.

Greinargerð.

Hugsunin að baki þessarar tillögu er sú að leiguaðstoð við fólk með lágar heimilistekjur verði lögfest mannréttindi. Árangurinn yrði stóraukið lífsöryggi viðkomandi þjóðfélagsþegna. Auk þess veittu rástafanir sem þessar aukið öryggi fyrir leigusala og örvuðu þannig byggingu leiguhúsnæðis.

Leiguaðstoð ætti aðallega að miðast við þrennt: Fjölskyldustærð, heimilistekjur og stærð húsnæðis sem leigja á. Fjölskyldustærðin segði til um þann herbergjafjölda í íbúðarhúsnæði sem til viðmiðunar væri tekinn hverju sinni. Heimilistekjurnar segðu til um hve há leiguaðstoðin yrði á móti eigin framlagi. Því lægri sem tekjurnar væru því hærra yrði framlagið af hálfu hins opinbera, og drægi síðan úr því eftir því sem heimilistekjur ykjust. Viðmiðunarstærð húsnæðis mældist í tvennu, þ. e. annars vegar herbergjafjölda og hins vegar fermetrafjölda og væru ákveðnar lágmarkskröfur settar fyrir hverja fjölskyldustærð. Ef húsnæði það, sem fólki byðist eða það ætlaði að taka á leigu, væri stærra en viðmiðunarreglurnar segðu til um yrði fólk að standa sjálft straum af kostnaði við það sem umfram væri.

Raunvaxtastefna og lítil verðbólga gerir það deginum ljósara að það er æviverkefni að koma yfir sig og sína mannsæmandi húsnæði. Þetta hefur verið viðurkennd staðreynd í nágrannalöndum okkar um áratugi, en verðbólgan hefur hulið þessa staðreynd augum okkar hér á Íslandi. Menn hafa almennt ekki áttað sig á því að sú opinbera aðstoð, sem fram fór með hraðri verðrýrnun húsnæðislána og bankalána á verðbólguárunum, stytti æviverkefnið um áratugi. Enginn maður er þó svo skyni skroppinn að hann vilji taka þau vinnubrögð upp á ný.

Krafan um lengingu lánstíma húsnæðislána, þannig að afborgunarbyrðin samsvari **eðlilegri húsaleigu, breytir sjálfkrafa hugmyndum um eignarhald á húsnæði. Vegna þess** hve langan tíma tekur að eignast húsnæðið verður framboð húsnæðis nánast að þjónustuþætti, svipað annarri þjónustu sem húsnæði tengist. Fáum dettur nú orðið í hug að vera sjálfbjarga hvað rafmagn, hita, holræsi og vegi snertir. Á þeim sviðum skiptir eignarhaldið ekki öllu máli heldur öryggið, að eiga þessa þjónustu vísa. Enginn dregur nú í efa rétt manna til að eiga þá þjónustu vísa og örugga.

Aftur á móti hafa menn lagt rétt manna til að eiga burðarhluta hússins að jöfnu við kröfuna um sjálfstæði einstaklingsins. Verðgildi íslensku krónunnar var það eldsneyti sem fórnað var til að kynda undir þessum kröfum. Án þess verðbólgubáls, sem við höfum lifað við undanfarna áratugi, hefði aldrei verið hægt að uppfylla þessa kröfu með þeim hætti sem orðið er. Öryggi þeirra, sem efni hafa á að byggja, er hægt að tryggja með því að lengja þau lán sem til húsnæðisbygginga fara þannig að afborgunarbyrðin samsvari eðlilegri húsaleigu.

Öðru máli gegnir um þá þjóðfélagshópa sem við það lök kjör búa að þeir eiga þess ekki **kost að byggja eða kaupa húsnæði. Það er óraunhæft að ætla að fólk með 12—15 þús. kr.** mánaðarlaun og eitt eða tvö börn á framfæri kaupi mannsæmandi húsnæði. — Þetta fólk á þann kost einan að leigja, annaðhvort hjá sveitarfélögum eða á almennum markaði.

Húsnæði á vegum sveitarfélaga hefur þann ókost að með því að þjappa saman mörgun fjölskyldum á einn stað eru kjör þessa fólks undirstrikuð með þeim hætti að það hlýtur að hafa slæmar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og þjóðfélagið í heild.

Sú leið, sem hér er stungið upp á, hefur verið farin og er farin í mörgum nágrannalöndum okkar og reyndin hefur orðið sú að hún hefur stuðlað að og örvað byggingu leiguhúsnæðis með þeim hætti að húsnæðisekla hefur horfið á mörgum stöðum, t. d. víða í Þýskalandi.

Leigjendur í þessu landi hafa aldrei fengið nokkurn styrk frá hinu opinbera fyrir utan frádrátt á skattskýrslu af hálfri þeirri leigu sem samist hefur um við húseiganda að gefa mætti upp. Það er heldur engin opinber stofnun á Íslandi sem lætur sig málefni leigjenda varða. Yfirvöld geta ekki öllu lengur horft fram hjá því að leiguhúsnæði er ekki þrautalending heldur raunhæf leið til lausnar á húsnæðisvanda. Það er skylda stjórnvalda að bjóða þeim, sem leigja, sambærilega þjónustu og nú þegar er boðin þeim sem eiga húsnæði.

Ed. 585. Frumvarp til laga [301. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, er heimilt að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
b. Rúmlest er brúttórúmlest: 100 teningsfet ensk: 2.83 teningsmetrar.
c. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsókna eða til flutninga á eigin afla.
d. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
e. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
f. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
g. Önnur skip merkir hvert það skip, sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum c-f.
h. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
i. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þótt hafna sé ekki leitað.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

2. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

3. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:

a) á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
b) á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn.

II. Flutningaskip:
a) á skipum 31—400 rúmlestir og minni einn stýrimaður,
b) á skipum 401—1500 rúmlestir tveir stýrimenn,
c) á skipum stærri en 1500 rúmlestir þrír stýrimenn.

III. Farþegaskip og varðskip:
a) á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
b) á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.

Eigi er skylt að hafa stýrimenn á skipum, sem eru 40 rúmlestir eða minni, ef þeim er ætlað að leggja afla á land daglega.

III.KAFLI
Um atvinnuréttindi stýrimanna.

4. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:
a) **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum,
b) **2. stig:** Ótakmörkuð stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:
a) **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum,
b) **2. stig:** 1. 400 rúmlestir og minni,
2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð.
c) **3. stig:** Ótakmörkuð stærð.

5. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 4. gr., eru bundin eftirfarandi siglingatíma með vísun til samsvarandi stafliða í 4. gr.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf.

I. Fiskiskip og önnur skip:
a) 24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
b) 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og auk þess minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:
a) 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
b) 1. 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 30 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
2. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

c) 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

Af siglingatíma þeim sem getið er í liðum a), b) og c) þarf minnst 6 mánaða hásetatíma á viðkomandi tegund skipa. Siglingatími á flutningaskipi gildir sama og siglingatími á farþegaskipi.

6. gr.

Siglingatími telst aðeins sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi, sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

Sé skipi lagt upp án þess að lögskráning úr skiprúmi fari fram skal geta þess í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en ⅕ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími sem umfram er eigi reiknast til siglingatíma.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi 40 rúmlestir eða minna þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

a) Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og setja stefnu og miðanir á sjókort, alþjóðareglum til að forðast árekstur, flóði og fjöru, vitakerfi, björgunarstöðvum og björgunartækjum, og lífgun úr dauðadái.
b) Hafa verið í 12 mánuði háseti á skipi yfir 6 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr.

Vottorð um kunnáttu samkvæmt a-lið skal gefið af siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu. Ráðuneytið tilnefnir, eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, einn eða fleiri siglingafróða menn fyrir afmörkuð umdæmi til 5 ára í senn, til að veita skipstjóraefnum leiðbeiningar og halda próf samkvæmt framangreindu.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 40 rúmlestum að stærð hefur sá einn, sem hefur rétt til að gegna 1. stýrimannastöðu á tilgreindum skipum, sbr. 4. og 5. gr., og hefur eftir öflun stýrimannaskírteinis verið:

I. Fiskiskip og önnur skip:

a) 12 mánuði stýrimaður á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
b) 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 40 rúmlestir og þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip og farþegaskip:

a) Engin réttindi.
b) 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.
c) 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.

d) Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum samkvæmt stafliðum b) og c) án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:
Hefur lokið 4. stigi stýrimannaskóla.
24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði sem 1. stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

9. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannaréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

10. gr.

Til þess að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti en þó má krefjast endurnýjunar oftar, ef sérstök ástæða er til.

VI. KAFLI

11. gr.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III. og IV. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteinið úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

12. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

13. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýst af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

14. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

15. gr.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69 frá 1973, á skipum allt að 120 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 240 rúmlestum.

Þeir sem hafa öðlast skipstjórnarréttindi á skipum allt að 120 rúmlestir fyrir gildistöku fyrrgreindra laga skulu öðlast samskonar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 5 ár.

16. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla, eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

17. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.

Í framangreindum tilvikum skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar varðandi öryggi og búnað skips.

18. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

19. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

20. gr.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmannanna.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt

I.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða lög nr. 72 13. maí 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og lög nr. 69 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum:

Kristin Gunnarsson, deildarstjóra (sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar), Andrés Guðjónsson, skólastjóra (tilnefndan af Vélskóla Íslands), Guðmund Hallvarðsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf S. Ingólfsson, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndan af því sambandi), Jón H. Magnússon, lögfræðing (tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna), Jónas Sigurðsson, skólastjóra, (tilnefndan af Stýrimannaskólanum í Reykjavík) og Óskar Einarsson, deildarstjóra (tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna). Með bréfi samgönguráðherra frá 31. maí 1979 var nefndinni tilkynnt, að ákveðið hefði verið, að verksvið hennar yrði aukið, þannig að hún tæki einnig „til sérstakrar endurskoðunar lög nr. 63 frá 29. mars 1961 um lögskráningu sjómanna, sbr. lög nr. 71/1962 um breyting á þeim lögum".

Haustið 1982 lét Ingólfur S. Ingólfsson af nefndarstörfum sökum heilsubrests, en með bréfi, dags. 24. nóvember 1982, skipaði samgönguráðherra Helga Laxdal, vélfræðing, í nefndina í hans stað og var það gert eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þá var lokið frágangi frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Haustið 1982 var Páll Sigurðsson, dósent, ráðinn nefndinni til aðstoðar.

Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefni hennar hafa verið ítarlega rædd og einnig hafa nefndarmenn kynnt sér margvíslegar heimildir, erlendar jafnt sem íslenskar, sem snerta viðfangsefni nefndarinnar. Auk þess hefur verið haft samráð við ýmsa aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði, og álitsgerða verið aflað. Þess má einnig geta sérstaklega, að starfsmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sat nokkra fundi nefndarinnar eftir beiðni formanns hennar.

Sökum þess, að viðfangsefni nefndarinnar er þríþætt, þótti rétt að nefndin einbeitti sér að einum þætti í senn og er fyrsta þætti nefndarstarfsins lokið með samningu þess frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sem hér liggur fyrir. Nefndarmönnum varð snemma ljóst, að nauðsynlegt væri að l. 69/1973 yrðu endurskoðuð frá grunni og að lagt yrði til, að verulegar breytingar yrðu gerðar á efni og efnisskipan laganna, og þótti því rétt að samið yrði frumvarp til nýrra laga um þetta efni en ekki látið nægja að breyta sumum greinum núgildandi laga. Samt sem áður byggist efni frumvarpsins að mörgu leyti á ákvæðum l. 69/1973.

Með frumvarpi þessu fylgja einnig drög að reglugerð um sérstaka mönnunarnefnd, sem mælt er fyrir um í 18. og 19. gr. frumvarpsins.

Fyrstu lögin um þetta efni voru sett árið 1893 (lög um atvinnu við siglingar nr. 29 það ár) og voru þau sniðin eftir aðstæðum og kröfum þeirra tíma. Í því sambandi skal þess getið, að fastri kennslu í sjómannafræðum hafði þá verið komið á hérlendis skömmu áður, sbr. l. 19/1890 um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi.

Um sama efni, þ. e. atvinnu við siglingar, komu síðan ný lög árið 1905 (nr. 50 það ár), en l. 42/1915 leystu þau síðan af hólmi.

Samkvæmt 2. gr. l. 42/1915 veitti minnsta prófið rétt til að vera formaður á 6—12 lesta skipi. Skilyrði var, að lagt væri fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi, um aðeins tvennt: a) að þekkja á áttavita, og b) að þekkja alþjóðareglur til að forðast ásiglingu.

Í 3.—4. gr. laganna var fjallað um svonefnt smáskipapróf, en það veitti rétt til skipstjórnar á 12—30 lesta skipi. Þar segir m. a.:

„Sá einn getur staðist skipstjórapróf fyrir smáskip, er:

a) kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b) kann að nota áttavita og ber skyn á athvarf (deviation) og misvísun;
c) kann að nota skipshraðamæli;
d) þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu;
e) sannar að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f) hefir stundað siglingaatvinnu minnst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lesta að stærð, eða verið formaður á vélbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lesta.“

III. kafli laganna hljóðar svo:

5. gr.

„Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.“

6. gr.

„Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lesta;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sé svo fullkominn, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

7. gr.

„Rétt til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannaskírteini á fiskiskipi.“

8. gr.

„Sá einn getur öðlast stýrimannaskírteini á fiskiskipi er:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 lesta, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

Í IV. kafla sagði:

9. gr.

„Rétt til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lesta, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sé um gufuskip að ræða, hefir sá einn réttinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.“

10. gr.

„Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

a. er fullveðja;
b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
c. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum eða hefur verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.“

Lögunum frá 1915 var breytt með l. 28/1922 og síðan endurútgefin sem l. 40/1922. Í l. 28/1922 segir m. a.:

2. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. „30 lestir“ komi:
60 rúmlestir.
Orðið „rúmlest komi alstaðar í lögum þessum fyrir orðið „lest“ (tonn).“

3. gr.

4. gr. hljóði þannig: „Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini fyrir smáskip, er:

a. staðist hefir smáskipapróf eða önnur æðri íslensk siglingapróf,
b. hefir verið stýrimaður minnst 8 mánuði á skipi eigi undir 12 rúmlestir,
c. er fullveðja,
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
e. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

4. gr.

„5. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

„Rétt til að vera stýrimaður á íslensku skipi alt að 60 rúmlesta í innanlandssiglingum hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á smáskipi.“

5. gr.

„6. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

„Sá einn getur fengið stýrimannaskírteini á smáskipi, er:

a. staðist hefir smáskipapróf eða önnur æðri íslensk siglingapróf,
b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

6. gr.

„7. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Sá einn getur staðist smáskipapróf, er:

a. kann að marka stað skips á sjávaruppdrátt og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð,
b. kann að nota kompás og ber skyn á segulskekkju og misvísun,
c. kann að nota skriðmæli og vegmæli,
d. þekkir björgunartækin, hin alþjóðlegu neyðarmerki og alþjóðareglur til að forðast ásiglingu,
e. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn,
f. ritar íslensku stórlýtalaust,
g. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur að minnsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, eða verið formaður á vélbát ekki minni en 10 rúmlestir í 24 mánuði."

Á næstu árum urðu nokkrar breytingar á lögum þessum, sbr. einkum l. 49/1925 og l. 31/1931, en einnig skipta hér máli l. 50/1924 og l. 23/1935. Árið 1936 gengu í gildi ný og mjög ítarleg lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, sem urðu síðar grundvöllur laganna frá 1945 og 1946, sem síðar getur. Í lögunum frá 1936 er t. d. fyrst getið um heimild til að halda sérstaka deild fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins. Sú heimild var þó fyrst notuð árið 1953, en með lögum nr. 52/1968 var skipstjórapróf á varðskipum ríkisins gert að skyldu fyrir skipstjóraréttindi á varðskipum.

Árið 1945 komu ný lög um þetta efni, þ. e. l. 68/1945 um atvinnuréttindi á íslenskum skipum, sem síðan voru endurútgefin í breyttri mynd sem l. 66/1946. Var þar um viðamikinn lagabálk að ræða, sem einnig hafði að geyma (auk ákvæða um skipstjóra og stýrimenn) ítarlegar reglur um vélamenn á mótorskipum og eimskipum. Í l. 66/1946 eru m. a. ítarleg ákvæði um réttindi skipstjórnarmanna, sem birt eru orðrétt í viðauka þessarar greinargerðar.

Á l. 66/1946 voru síðan gerðar ýmsar breytingar á næstu árum, en lagabálkur þessi myndaði þó, að stofni til, grundvöll síðari laga um þetta efni, og svo er enn.

Árið 1966 voru sett sérstök lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum (nr. 72 það ár) og hafa ákvæði um réttindi þeirra ekki síðan verið í hinum almennu lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Lög nr. 52/1968 komu síðan í stað l. 66/1946, en óþarfi er að rekja hér ákvæði þeirra, sökum þess að gildistími þeirra varð ekki langur, því að núgildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 69/1973 leystu það bráðlega af hólmi. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til l. 52/1968 segir orðrétt:

„Gildandi lög um efni það, sem hér um ræðir, eru sett á árinu 1946. Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á lögunum, enda óhjákvæmilegt vegna breyttra aðstæðna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Er því tímabært að setja nú sérstök lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, ekki síst með tilliti til hins ört vaxandi skipastóls landsmanna og breyttra atvinnuhátta. Þegar núgildandi lög voru sett um skipstjórnarmenn, var mikið framboð af þeim, enda um tiltölulega fá skip að ræða miðað við það, sem nú er. Nú hefur orðið mjög mikil breyting á þessum málum og hefur skipastóll landsins margfaldast síðan gildandi lög voru sett.

Helstu breytingar samkvæmt þessu lagafrumvarpi frá gildandi lögum eru þessar:

1. Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verslunar- eða varðskipi, eru felldar niður.

2. Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frumvarpið til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð.

3. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og verslunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.

4. Nýmæli er það í frumvarpi þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5. Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er samkvæmt frumvarpi þessu styttur nokkuð, og ekki bundinn við utanlandssiglingar eins og áður var á verslunarskipum.

Þá er og aldurstakmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6. Í frumvarpi þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

7. Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Skyldan til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður."

Um l. 69/1973, sem nú gilda um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, skal ekki fjölyrt hér, en látið nægja að tilgreina eftirfarandi ummæli úr greinargerð sem fylgdi frumvarpi til þeirra, er það var lagt fyrir Alþingi:

„Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr.22 3. maí 1972. Vegna þeirra breytinga, sem þar voru gerðar frá eldri lögum, þótti nauðsynlegt að taka til athugunar lögin um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 52 2. maí 1968, til samræmingar við hin nýju lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ný lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sem nú liggja fyrir Alþingi, gera ráð fyrir samræmdum breytingum ... Þar sem orðalagsbreytingar og fleiri breytingar ná til flestra greina laganna, þykir eðlilegra að leggja fram nýtt frumvarp að lögum í heild, heldur en að gera breytingartillögur um hverja einstaka grein fyrir sig. Meginbreytingin frá eldri lögum er sú, að þar sem samræmt hefur verið námsefni annars bekkjar farmannadeildar og annars bekkjar fiskimannadeildar, hljóta þeir, sem ljúka prófi úr öðrum bekk stýrimannaskólanna, sömu réttindi, en eftir eldra fyrirkomulagi var því ekki svo varið. Þau réttindi, sem annars bekkjarpróf veitir nú, samkvæmt nýjum lögum um stýrimannaskólana, eru skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á verslunarskipum, allt að 400 rúmlestir í innan- og utanlandssiglingum, eða samskonar réttindi og fiskimannapróf annars stigs veitir nú. Ennfremur undirstýrimannsréttindi á verslunar- og varðskipum, eða samskonar og farmannapróf annars stigs veitir nú. Þessi réttindi (þ. e. undirstýrimannsréttindi) á verslunarskipum og varðskipum eru tímabundin samkvæmt gildandi lögum, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að þau verði varanleg. Rétt þykir að skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa verði þó ekki veitt, nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig, að ekki verði veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum við veiðar, nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum, og ekki á verslunar- eða varðskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim. Í frumvarpi þessu eru tekin upp orðin skipstjórapróf 1., 2. og 3. stigs í stað farmanna- og fiskimannapróf viðkomandi stiga. Þykir það heppilegra orðalag og lýsa betur þeim lokaréttindum, sem fást að loknu viðkomandi prófi, þ. e. skipstjóraréttindi."

Þegar á heildina er litið er ljóst, að frá því að löggjafinn tók fyrst að setja reglur um atvinnuréttindi á íslenskum skipum og um stýrimannanám hefur þróunin orðið sú, að námskröfur hafa sífellt aukist og starfskröfur einnig, hvað varðar þekkingu, enda hefur á þessum tíma orðið gjörbreyting á skipastól landsmanna og siglingum. Hafa skipin almennt stækkað og allur tæknibúnaður vaxið og orðið flóknari. Í stórum dráttum má segja, að

löggjöf um stýrimannafræðslu og lagasetning um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna hafi fylgst að, hvað raunhæfar kröfur snertir, en miklu varðar að viðkomandi stjórnvöld og löggjafarvaldið hafi vakandi auga með því, að löggjöf um þetta efni sé ætíð í fullu samræmi við þarfir tímans. Á hinum síðustu árum hafa námskröfur til stýrimannaprófs í reynd verið þyngdar allmjög og námsefni aukist að mun, til samræmis við námskröfur í hliðstæðum skólum í grannlöndum okkar. Verður að teljast sanngjarnt, að aukin starfsréttindi fylgi auknu og bættu undirbúningsnámi og er með frumvarpi þessu m. a. leitast við að koma til móts við hagsmuni viðkomandi aðila að þessu leyti. Má í því sambandi sem dæmi nefna, að ákvæði frumvarpsins um aukin atvinnuréttindi eftir 1. stigs próf (á skipum 240 rúml. og minni í stað skipa allt að 120 rúml. að gildandi lögum) byggist á lengingu námstímans úr 6 mánuðum í 8½ mánuð fyrir þetta próf og þar með auknu námsefni.

III.

Hinar helstu breytingar, sem nefnd sú, er samið hefur þetta frumvarp, leggur til að gerðar verði frá því, sem er eftir l. 69/1973, eru þessar:

1. Niðurskipan efnis verður í heild gerólík því, sem er eftir l. 69/1973.
2. Í stað orðsins „verslunarskip“, sbr. e-lið 2. gr. l. 69/1973, er í frumvarpinu notað orðið „flutningaskip“ (d-liður 2. gr. frumvarpsins). Hugtakið „farþegaskip“ er skilgreint sérstaklega, í stað þess að það felist í hugtakinu „verslunarskip“, sem notað er í gildandi lögum. Hugtakið „varðskip“ er nú skilgreint sérstaklega í 2. gr. frumvarpsins, en svo er eigi að gildandi lögum, og sama er um orðalagið „önnur skip“.
3. Ákvæði 3. gr. gildandi laga eru að sumu leyti felld niður en að sumu leyti fléttuð inn í ákvæði annarra greina (sbr. einkum 7. gr. frumv.).
4. Í II. kafla frumvarpsins, um fjölda skipstjórnarmanna, telst það einkum til nýmæla, að lagt er til, að einn stýrimaður verði á flutningaskipum 31—400 rúml., en í gildandi lögum ná þau mörk að 200 rúml. Þá er og miðað við að tveir stýrimenn séu á flutningaskipum 401—1500 rúml. í stað 200—1500 rúml., svo sem nú er. Sérákvæði eru tekin upp fyrir farþegaskip og varðskip. Ákvæði fyrir landróðrabáta miðast við 40 rúml. í stað 30 rúml. skv. gildandi lögum.
5. Ákvæðin í III. kafla frumvarpsins um atvinnuréttindi stýrimanna, hafa þessar breytingar helst í för með sér varðandi fiskiskip og önnur skip: 1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir réttindi á skipum 240 rúml. og minni í stað allt að 120 rúml. skv. gildandi lögum. Helmingur siglingatímans á skipi yfir 40 rúml., mátti áður allur vera á skipi yfir 12 rúml. 15 mánaða hásetatími á skipi yfir 100 rúml., skv. frumv., kemur í stað 12 mánaða tíma á skipi yfir 30 rúml. Auk þess felst breyting í ákvæðum frumv. um það ef viðkomandi hefur verið skipstjóri eða stýrimaður á minni skipum. Í 2. mgr. 6. gr. frumv. er það nýmæli tekið upp að af óskilgreindum siglingatíma megi 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns-, eða hásetastörf. Um flutningaskip, farþegaskip og varðskip vísast að þessu leyti til þess, sem síðar segir um einstakar greinar frumvarpsins.
6. Varðandi IV. kafla frumvarpsins skal einkum tekið fram, að stærðarmörkum er, skv. 8. gr. frumv., breytt úr 30 rúml. í 40 rúml. og að hásetatími skal vera 12 mánuðir í stað 18 mánaða. Í 9. gr. frumv. er m. a. það nýmæli, að heimilað er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum án stýrimannstíma í utanlandssiglingum.
7. Varðandi V. kafla frumvarpsins um aldursskilyrði og læknisvottorð, má benda á, að ekki er þar miðað við lögræði, svo sem er að gildandi lögum, heldur einungis miðað við tiltekinn aldur, og þá aðeins notast við eitt aldursmark.
8. Í 17. gr. frumvarpsins eru athyglisverð nýmæli, sem snerta atvinnuheimild erlendra ríkisborgara, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan eða erlendan skóla, og íslenskra ríkisborgara, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, — hvort tveggja að fullnægðum nánari skilyrðum.

9. Í 18. og 19. grein frumvarpsins eru ákvæði um skipan og starfsemi sérstakrar „mönnunarnefndar“, sem eru algert nýmæli.
10. Að lokum má nefna, að lagt er til, að reglur þær um gerð og efni sjóferðabóka, sem nú eru í 28. gr. l. 69/1973, verði ekki lengur í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Telur nefndin, að ákvæðum þessa efnis sé betur skipað í sjómannalögum eða reglum, sem settar séu með heimild í þeim, og hefur nefnd sú á vegum samgönguráðuneytis, sem á að endurskoða núgildandi sjómannalög og siglingalög, hugað að þessu atriði, svo sem fram kemur í frumvarpi til nýrra sjómannalaga, sem væntanlega verður lagt fyrir ráðherra um svipað leyti og það frumvarp, sem hér liggur fyrir.

IV.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. samsvarar í megindráttum 1. gr. l. 69/1973, en þær orðalagsbreytingar, sem gerðar eru, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Síðari hluti greinarinnar svarar að mestu til efnis 2. gr. l. 69/1973, en þó eru gerðar nokkrar breytingar, sem til glöggvunar horfa, varðandi flokkun skipa og skilgreiningar á hugtökum í því sambandi. Óþarfi þykir að taka upp í frumvarpið efni c- og h-liða 2. gr. l. 69/1973.

a-liður

Svarar til a-liða 2. gr. gildandi laga, en efnið þó sniðið að þörfum nútímans.

b-liður

Sama og b-liður 2. gr. gildandi laga.

c-liður

Svarar að mestu til d-liðs 2. gr. gildandi laga, en orðalag þó einfaldað og hafrannsóknaskip sérstaklega nefnd, en þau eru reyndar skráð sem fiskiskip.

d og e-liðir

Samsvarar að nokkru leyti e-lið 2. gr. gildandi laga, en í stað orðsins „verslunarskip“ er nú, annars vegar, rætt um „flutningaskip“ og það hugtak skýrt nægilega í frumvarpinu, og hins vegar „farþegaskip“ í e-lið frumvarpsins. Skýring hugtaksins „verslunarskip“, svo sem það er notað í gildandi lögum hefur stundum valdið vafa, en orðalagi frumvarpsins er ætlað að bæta úr því efni.

f-liður

Hugtakið „varðskip“ er ekki skýrt sérstaklega í gildandi lögum, en ástæða er til að svo sé gert.

g-liður

Eðlilegt þykir að víkja í frumvarpinu sérstaklega að hugtakinu „önnur skip“, og er þá miðað við skráningu skipsins, þ. e. til hvaða verkefna það hefur verið skrásett. Sem dæmi má nefna sanddæluskip og þangskurðarskip.

h-liður

Svarar til f-liðs 2. gr. gildandi laga, en eðlilegast þykir nú að miða við íslenska fiskveiðilögsögu.

i-liður

Svarar til g-liðs 2. gr. gildandi laga, en sú breyting, sem frumvarpið hefur í för með sér, þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 2. og 3. gr.

2. og 3. gr svara að verulegu leyti til efnis 21. og 22. gr. gildandi laga, en framsetning efnis er nú með nokkuð öðrum hætti og auk þess nokkrar efnislegar breytingar gerðar.

Hvað varðar fiskiskip er helsta breytingin sú, að 300 rúmlesta skip þurfa ekki að hafa nema einn stýrimann (í stað tveggja skv. gildandi lögum), en hvað varðar flutningaskip, að einn stýrimaður skal vera á skipum 41—400 rúml., en nú er miðað við skip allt að 200 rúml. Tveir stýrimenn skulu vera á skipum 401—1500 rúml. í stað 200—1500 rúml.

Nauðsynlegt er að hafa í frumvarpinu sérákvæði um farþegaskip og varðskip, sem ekki þarfnast þó nánari skýringar, en ákvæðið um landróðrabáta miðast við 40 rúml. í stað 30 rúml. nú.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um atvinnuréttindi stýrimanna. Efni 4. og 5. gr. frumvarpsins svarar í stórum dráttum til efnis 7., 8., 11., 12., 13. og 14. gr. gildandi laga, en efnisskipan er gerbreytt og er hún skýrari en nú er og miðast algerlega við tegundir skipa. Ýmsar efnislegar breytingar eru einnig gerðar frá því, sem nú er.

Um 4. gr.

I-a

1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir, skv. frumvarpinu, réttindi á skipum 240 rúml. og minni í stað allt að 120 rúml. áður. Rétt þykir, að sú aukning, sem orðið hefur á skipsstjórnarnámi komi fram í auknum starfsréttindum viðkomandi manna.

I-b Óbreytt frá gildandi lögum.

II-a

Hér er um nýjan lið að ræða, því að eftir gildandi lögum er einungis höfðað til réttinda á fiskiskipum í þessu sambandi.

II-b og c

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

1.mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

2. mgr.

Ákvæðið í 2. mgr. er nýmæli, en í gildandi lögum er einungis miðað við starfstíma sem háseti. Er þessi breyting að nokkru gerð eftir erlendri fyrirmynd.

3. mgr. I-a

Gert er ráð fyrir, að helmingur siglingatímans fari fram á skipi yfir 40 rúml., en má skv. gildandi lögum allur vera á skipi yfir 12 rúml.

I-b

Hér er miðað við 15 mánaða hásetatíma á skipi yfir 100 rúml. í stað 12 mánaða á skipi yfir 30 rúml. Meiri og betri starfsreynsla fæst á stærri skipum heldur en á smáskipum. Sama á við um síðari hluta þessa liðs.

II-a

Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem eigi þarfnast sérstakrar skýringar.

II-b

Hér kemur í megindráttum fram sama breyting og varðandi fiskiskipin en þessi ákvæði í frumvarpinu koma í stað hluta af 11., 12. og 13. gr. gildandi laga, en þó í breyttri mynd. Gert er ráð fyrir, að hluti af siglingatímanum fari fram á stærri skipum en nú er, sökum þess að þar fæst meiri og víðtækari starfsreynsla.

II-c

Þetta ákvæði kemur í stað hluta af 18. gr. gildandi laga, en í breyttri mynd. Þar kemur fram sama meginstefna og í hinum fyrrtöldu liðum. Hásetatími er færður niður ef viðkomandi hefur verið skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi af tiltekinni lágmarksstærð.

4. mgr.

Enn sem fyrr er lögð áhersla á tiltekinn hásetatíma á viðkomandi tegund skipa sökum þess að í mörgum tilfellum nýtist starfsreynsla, sem menn ávinna sér á tiltekinni tegund skipa, lítt sem ekki varðandi störf á skipum, sem þjóna gerólíku hlutverki. Við störf á varðskipi afla menn sér t. d. ekki þekkingar á ýmsum verkþáttum, sem nauðsynlegir eru á flutningaskipum, svo sem er um allt er lýtur að lestun, losun og meðferð farms. Þykir því nauðsynlegt að hafa skilyrði um þetta í frumvarpinu.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr.

Ákvæði þessi svara að mestu til efnis 3. gr. b) í gildandi lögum, þó að undanskildum síðasta lið 3. gr., en það ákvæði var talið úrelt og óþarft.

3. mgr.

Samhljóða 4. mgr. 28. gr. l. 69/1973.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla hafa í för með sér ýmsar breytingar frá því sem er um atvinnuréttindi skipstjóra eftir gildandi rétti. Þegar á heildina er litið má segja að breytingarnar miði í sömu átt og hvað varðar stýrimannsréttindin.

Um 7. gr.

Grein þessi svarar að verulegu leyti til efnis 4. gr. núgildandi laga. Stærðarmörkum er breytt úr 30 rúml. í 40 rúml. Hásetatíminn er þó styttur frá því sem nú er (12 mánuðir í stað 18). Orðalag greinarinnar er einfaldað nokkuð frá því sem nú er.

Um 8. gr.

Efni þessarar greinar frumvarpsins svarar að mestu leyti til efnis 5., 6., 9., 10., 15., 16. og 20. gr. gildandi laga, en efnið hefur þó m. a. verið dregið saman og einfaldað.

I-a

Kemur í stað 6. gr. gildandi laga. Lágmarksstærð skips er nú miðuð við 40 rúml.

I-b

Kemur í stað 10. gr. gildandi laga. Breytingin þarfnast ekki skýringar.

II-a

Liður þessi er nýmæli, formlega séð, en hefur þó ekki í för með sér breytta niðurstöðu frá því, sem leiðir af gildandi lögum, en þar kemur þetta þó ekki nægilega skýrt fram. Eftir eins vetrar nám skapast ekki réttur til skipstjórnar á flutningaskipum.

II-b

Svarar til efnis 9. og 10. gr. gildandi laga. Rúmlestatala er hækkuð úr 30 rúml. í 100 rúml. (að lágmarki) með sömu rökum og fyrr hefur verið lýst.

II-c

Svarar til efnis 15. og 16. gr. gildandi laga. Lækkun á rúmlestatölu (úr 400 rúml. í 100) helgast af því að reynslan sýnir, að örðugt getur verið fyrir menn að fá stýrimannsstöður á flutningaskipum eða farþegaskipum, sem eru stærri en 400 rúmlestir og getur það skapað óeðlilegan og óæskilegan þröskuld fyrir því að hæfir og reyndir menn fái skipstjóraréttindi. Mælingarreglur hafa einnig leitt til óheppilegrar niðurstöðu í þessu efni.

Síðari hluti c-liðs er nýmæli, sem mikil þörf er fyrir, því erfitt hefur oft reynst að fá stýrimannsstöður í utanlandssiglingum.

III-liður

Svarar til 20. gr. gildandi laga. Um lækkun á rúmlestatölu vísast til þess, sem fyrr segir.

Um V. kafla

Um aldursskilyrði, lögræðisskilyrði og læknisvottorð eru nú allvíða ákvæði í l. 69/1973, en rétt þótti, þess í stað, að hafa ákvæði um þetta efni einungis í tveim greinum og voru ákvæðin þá m. a. jafnframt einfölduð nokkuð og þeim breytt smávegis.

Um 9. gr.

Hæfilegt aldursmark í þessu sambandi telst vera 20 ár, enda eru lítil líkindi til að menn geti í raun (einkum vegna reglna um reynslutíma) fullnægt öðrum skilyrðum til starfsréttinda fyrr en þeim aldri er náð. Skipsstjórnarstörfum fylgir mikil ábyrgð og er að sjálfsögðu nauðsynlegt að viðkomandi hafi náð nokkrum aldursþroska og lífsreynslu til þess að mega gangast undir þá ábyrgð. Óþarfi þykir hins vegar að gera lögræði að skilyrði starfsréttinda, svo sem nú er.

Um 10. gr.

Ákvæði þessu er ekki ætlað að hafa í för með sér mikla breytingu frá því sem er að gildandi lögum, en þó er ljóst af orðalaginu, að ætlast er til þess að læknisskoðun verði víðtækari heldur en einungis lýtur að athugun á sjón og heyrn viðkomandi manna, svo sem hins vegar hefur verið um alllangt skeið. Mikilvægt er, að skipstjórnarmenn hafi nægjanlega líkamlega og andlega heilbrigði til að sinna ábyrgðarstörfum sínum. Um nánari reglur, varðandi þessi atriði, sem ráðherra setur, ræðir í 20. gr. frumvarpsins.

Um VI. kafla

11.—14. gr. frumvarpsins svara til 24., 25., 26. og 27. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

15. gr. frumvarpsins kemur í stað 30. gr. gildandi laga, en hefur í för með sér nokkrar breytingar. Hefð er fyrir því, að reynt sé að tryggja, eins og kostur er, að þeir, sem hafa áunnið sér réttindi skv. eldri reglum, glati þeim ekki, þótt nýjar og breyttar reglur taki við. Réttlætanlegt þykir, að eldri starfsréttindi taki til stærri skipa en er skv. l. 69/1973, og er starfsreynsla þessara manna þar látin vega á móti aukinni skólamenntun.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta er algert nýmæli. Áður hefur ætíð kostað mikla fyrirhöfn og tekið langan tíma að formleg viðurkenning fáist fyrir atvinnuréttindi þeirra manna, sem svo er ástatt um sem hér segir, og hefur það reyndar kostað sérstaka lagasetningu í hvert eitt sinn. Ber brýna nauðsyn til þess, að í lögum sé kveðið á um greiðari málsmeðferð í þessu efni og er því í frumvarpinu lagt til, að samgönguráðherra hafi heimild til þessa, að fenginni umsögn tiltekinna aðila.

Um VII kafla.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði sem sum hver eru nýmæli.

Um 17. og 18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, a. m. k. hvað varðar almenn ákvæði í þessa átt, en sérstakri „mönnunarnefnd“ hefur reyndar þegar verið komið á, varðandi kaupskip. Nauðsynlegt er, að tryggt sé í lögum, að unnt sé með stjórnvaldsákvörðun, að víkja frá fyrirmælum laga um fjölda skipstjórnarmanna o. þ. h., ef sérstakar ástæður mæla með því eða krefjast þess.

Verður í því sambandi að hafa í huga, að tækniframfarir og breytingar á siglingaháttum geta kallað á þess háttar ráðstafanir, auk þess sem sérstök eða afbrigðileg verkefni, sem viðkomandi skipi eða skipum er ætlað að vinna, geta réttlætt frávik frá meginreglunum. Er með ákvæðum frumvarpsins reynt að tryggja, að „mönnunarnefndin“ sé þannig skipuð, að ákvarðanir hennar verði ekki tortryggðar. Í drögum að reglugerð um mönnunarnefnd, sem lögð eru fram sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru settar fram skýrar reglur, sem eiga að fullnægja því skilyrði 18. gr. frumv., að „í mönnunarnefnd eigi sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu“.

Um 19. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild handa ráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum um skilyrði til starfsréttinda og um ráðgefandi nefnd í því sambandi, en þess háttar „undanþágunefnd“ hefur þó starfað um alllangt skeið án sérstakrar lagaheimildar.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta stendur í tengslum við 10. gr. frumvarpsins, en þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

VIÐAUKI
Úr l. 66/1946 um atvinnréttindi á íslenskum skipum.

II. KAFLI
Skipstjórnarmenn á fiskiskipum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslensku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a. Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun,
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær,
c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort,
d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort,
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki,
f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara,
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna,
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn,
i. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði,

k. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði og vottorða um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.“

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskip, sem:

a. staðist hefur fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;
   eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. er lögráður;
d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefur fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur eftir 16 ára aldur verið 36 mánuði háseti á skipi 30 rúmlestir eða stærra;
   eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir;
c. er lögráður;
d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verslunarskipum og varðskipum ríkisins.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á verslunarskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á verslunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 6. greinar þessara laga, stafl. a. c. d. og e:

hefur verið stýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og þar af 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði og stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði,

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess skipstjóri á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingu á íslensku verslunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á verslunarskip.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á verslunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 8. gr. þessara laga, stafl. a.c.d. og e:

hefur verið háseti eftir 16 ára aldur í 48 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, og þar af 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi eða varðskipi;

eða: hefur verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti í 6 mánuði eða viðvaningur í 12 mánuði á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði eða viðvaningur á slíku skipi í 12 mánuði.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- eða utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi af hvaða stærð sem er, hefur sá einn, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á verslunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á verslunarskipi, sem:

a. hefur staðist farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b. hefur verið stýrimaður í 36 mánuði á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;

eða: hefur verið stýrimaður í 36 mánuði á verslunarskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma 24 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verslunarskipi yfir 400 smálestir;

eða: hefur verið skipstjóri í 18 mánuði á verslunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir;

eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;

c. er 25 ára að aldri;

d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verslunarskipi af ótakmarkaðri stærð skal hlutaðeigandi sanna með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem yfirstýrimaður á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði í utanlandssiglingum.

Geta skal þess á skírteini, sem gefið er út samkvæmt þessari grein, hvort það gildir fyrir utan- eða innanlandssiglingar eða fyrir hvorttveggja.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á verslunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á verslunarskipi, sem:

a. hefur staðist farmannnapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 16 ára aldur á verslunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, timburmaður eða bátsmaður í utanlandssiglingum;

eða: hefur verið háseti eftir 16 ára aldur á verslunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, bátsmaður eða timburmaður í utanlandssiglingum, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 24 mánuði;

c. er lögráður;
d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

17. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins allt að 100 rúmlestir hefur sá einn, er:

a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf;
b. hefur siglt sem stýrimaður á varðskipum í 24 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður;
c. er lögráður;
d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

18. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir hefur sá einn, er:

a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf;
b. hefur siglt sem stýrimaður á varðskipum í 36 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir;

eða: hefur siglt sem skipstjóri á varðskipi allt að 100 rúmlestir í 6 mánuði og sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði;

c. er 25 ára að aldri;
d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

19. gr.

Sá, er öðlast hefur réttindi sem skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir, á rétt á að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi af ótakmarkaðri stærð, en þó því aðeins í utanlandssiglingum, að hann hafi siglt í 12 mánuði sem stýrimaður í utanlandssiglingum á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir.

Hins vegar getur sá, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á verslunarskipi, öðlast réttindi til þess að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins, ef hann hefur siglt í 12 mánuði sem stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir og fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir því að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins.

Ed. 586. Frumvarp til laga [302. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

1. gr.

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

A. Á skipi með vél 75—220 kw. (102—299 hö.) einn vélavörður.
B. Á skipi með vél 221—750 kw. (300—1019 hö.) einn vélstjóri og einn vélavörður.
C. Á skipi með vél 751—1500 kw. (1020—2038 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri.
D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar, þ. e. 2. og 3. vélstjóri.

Á farþega- eða flutningaskipum með vél 1300 kw. (1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

II. KAFLI

Um atvinnuréttindi vélstjóra.

2. gr.

1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.)
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.)
   Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi þar af a. m. k. 5 mánuði á fiskiskipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með 750 kw. (1019 hö.) vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS. III).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.)
   Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með vél 750 kw. (1019 hö.) og minni og undirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS.II).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél 750—1500 kw. (1019—2038 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS.I).

4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur) hefur öðlast rétt til að vera undirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélastærð.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF.II).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél stærri en 750 kw. (1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS.I).
   Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með stærri vél en 750 kw. (1019 hö.) þar af a. m. k. 6 mánuði sem 2. vélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélastærð.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF.I).
5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

3. gr.

Starfstími vélstjóra, samkvæmt 2. gr., telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma má einnig telja starfstíma við vélarupptekt í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.

III. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra, er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

a) Þeir sem lokið hafa hinu minna mótorvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
b) Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir, sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
c) Þeir, sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
d) Þeir, sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir, sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

IV. KAFLI

Um undanþágur og mönnunarnefnd.

5. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 2. gr. 5. liðs og 2. mgr. 3. gr.

Í tilvikum 1—2 skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.

7. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

V. KAFLI

Skírteini og læknisvottorð.

8. gr.

Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 2. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélfræðingur	I. (VF.I).	Réttindi: Yfirvélstjóri hö. ótakmörkuð
Vélfræðingur	II. (VF.II).	Réttindi: Undirvélstjóri hö. ótakmörkuð
Vélstjóri	I. (VS.I).	Réttindi: Yfirvélstjóri 1500 kw. (2038 hö) og minni
Vélstjóri	II. (VS.II).	Réttindi: Undirvélstjóri 1500 kw. (2038 hö) og minni
Vélstjóri	III. (VS.III).	Réttindi: Vélstjóri 750 kw. (1019 hö) og minni
Vélavörður	(VV).	Réttindi: Vélavörður

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess nema skírteinishafi fyrirgeri því.

9. gr.

Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði, að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti, en þó má krefjast endurnýjunar oftar, ef sérstök ástæða er til.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra.

10. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórnas í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

11. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við erlenda skóla, að fá útgefin viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum, sem ráðherra setur að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72/1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt.

I.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða lög nr. 72 13. maí 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og lög nr. 69 30 apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum:

Kristin Gunnarsson, deildarstjóra (sem jafnframt er skipaður formaður nefndarinnar), Andrés Guðjónsson, skólastjóra (tilnefndan af Vélskóla Íslands), Guðmund Hallvarðsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf S. Ingólfsson, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndan af því sambandi), Jón H. Magnússon, lögfræðing (tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna), Jónas Sigurðsson, skólastjóra (tilnefndan af Stýrimannaskólanum í Reykjavík) og Óskar Einarsson, deildarstjóra (tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna).

Haustið 1982 lét Ingólfur S. Ingólfsson af nefndarstörfum sökum heilsubrests, en með bréfi, dags. 24. nóvember 1982, skipaði samgönguráðherra Helga Laxdal, vélfræðing í nefndina í hans stað og var það gert eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þá var lokið frágangi frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Haustið 1982 var Páll Sigurðsson, dósent, ráðinn nefndinni til aðstoðar.

Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefni hennar hafa verið ítarlega rædd og einnig hafa nefndarmenn kynnt sér margvíslegar heimildir, erlendar jafnt sem íslenskar, sem snerta viðfangsefni nefndarinnar. Auk þess hefur verið haft samráð við ýmsa aðila, sem hagsmuna hafa átt að gæta á þessu sviði, og álitsgerða verið aflað. Þess má einnig geta sérstaklega, að starfsmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sat nokkra fundi nefndarinnar eftir beiðni formanns hennar.

Nefndin samdi fyrst frumvarp til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, en að því búnu snéri hún sér að samningu þess frumvarps, sem hér liggur fyrir. Er þess að vænta, að bæði frumvörpin verði lögð fyrir Alþingi samtímis.

II.

Árið 1966 gengu í gildi ný lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum (nr. 72 þ. á.), sem höfðu í för með sér talsverðar breytingar frá þeim lagaákvæðum, sem áður höfðu gilt um það efni. Stóð efni hinna nýju laga í nánu sambandi við efni nýrra laga um vélstjóranám, sem einnig tóku gildi um sama leyti (l. 67/1966). Um aðdraganda þeirra laga vísast til ítarlegra greinargerða, sem fylgdu viðkomandi frumvörpum á sínum tíma.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan framangreind lög voru sett, hafa orðið margvíslegar breytingar á því atvinnusviði, sem hér um ræðir, m. a. vegna örrar tækniþróunar, sem í reynd skapa nýjar eða breyttar kröfur um kunnáttu, hæfni og starfsemi þeirra manna, sem bera eiga ábyrgð á vélum skipa.

Í því frumvarpi um atvinnuréttindi, sem hér liggur fyrir, er leitast við að koma til móts við þessar breyttu þarfir, auk þess sem með frumvarpinu er ætlað að einfalda mjög núgildandi reglur um þetta efni. Það er hins vegar ekki hlutverk þessarar nefndar að gera tillögur um breytta tilhögun á vélstjóranámi almennt, en hún vill þó koma á framfæri ábendingum um, að það verði gert hið fyrsta, og þá þannig að haft verði mið af ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður.

Hvað varðar efni frumvarpsins skal einkum vísað til skýringa með einstökum greinum þess, en þó skulu hér áréttuð eftirtalin meginatriði:

1. Ákvæði frumvarpsins eru að miklum mun einfaldari en er að gildandi lögum og efnisskipan þess jafnframt skýrari og aðgengilegri. Í frumvarpinu er m. a. almennt ekki gerður greinarmunur á tegundum skipa, svo sem hins vegar er gert í gildandi lögum.

2. Ákvæði frumvarpsins um fjölda vélstjóra og vélavarða fela í sér meðaltalsreglur, sem nefndin telur æskilegar og reyndar nauðsynlegar í flestum tilvikum. Ljóst er þó, að í lögum verður að gæða þessar reglur nokkrum sveigjanleika vegna óhjákvæmilegra aðstæðna, enda örðugt eða ógerlegt að setja reglur, sem hentað geti jafnvel fyrir öll skip, hvort sem þau eru ný eða gömul, hvert sem verkefni þeirra er o. s. frv. Er því mönnunarnefnd ætlað að leyfa frávik frá meginreglunni, ef sérstakar ástæður krefjast þess eða réttlæta það.
3. Miðað er við að færri sérfróða menn þurfi til starfa í vélarrúmi nú miðað við það, sem áður var. Leiðir þetta m. a. af tölvuvæðingu og hinni auknu sjálfvirkni, sem orðið hefur á vélbúnaði á síðustu árum, auk þess sem stjórntök véla hafa í auknum mæli færst úr vélarrúmi yfir til stjórnpalls skips. Notkun svokallaðrar skiptiskrúfu í stærri skipum hefur einnig leitt til einföldunar á vélstjórn.
4. Með frumvarpinu er miðað að því að mjög verði dregið úr undanþágum frá lögmæltum kröfum til atvinnuréttinda vélstjóra. Nefndin telur að óæskilegt sé, að mikið kveði að þess háttar undanþágum, en þær hafa verið mjög tíðkaðar á undanförnum árum, einkum á fiskiskipaflotanum. Er því lagt til að dregið verði nokkuð úr kröfum til hinna lægri réttinda með það að markmiði að tryggt verði að allir þeir, sem við vélstjórn fást, hafi fengið einhverja lágmarks námsþjálfun og þarf þá að sjá til þess, að námi og kennslu verði í framtíðinni hagað til samræmis við þetta.

Um einstakar greinar

Um 1. gr.

Í þessari grein er dregið saman efni nokkurra greina úr gildandi lögum, en það einfaldað mjög. Er hér almennt ekki gerður greinarmunur á lágmarksfjölda vélstjóra og vélavarða eftir tegundum skipa, svo sem nú er í lögum. Í frumvarpinu er einnig tekið fram um orku véla miðað við kílóvött (kw), eftir hinu svokallaða „Systéme International (SI)"-kerfi, en það hefur í reynd leyst af hólmi hið eldra mælikerfi eftir hestaflatölu. Í frumvarpinu er þó jafnframt, til öryggis, miðað við hina eldri mæliaðferð.

Mælt er fyrir um stöðu vélavarða, en mikilvægt er, að séð verði fyrir fullnægjandi námskeiðum fyrir þá sem víðast um land.

Um 2. gr.

Lagt er til, að haldið verði núverandi skiptingu á námi á fjórum stigum, en kröfum til réttinda á tilteknum stigum nokkuð breytt, og námsefni flutt til milli stiga, án þess að heildarmyndin breytist til muna.

Dregið er úr skilyrðum til 1. stigs, enda er það grundvöllur að vélavarðarréttindum.

Hvað varðar 2. stig skal vakin athygli á tilteknum starfstíma, sem bundinn sé við fiskiskip, og er þar komið til móts við hagsmuni fiskiskipaútgerðarinnar.

Hvað varðar starfsréttindi sem vélfræðingur, sem vikið er að í sambandi við 4. stig, vísast einnig til laga nr. 6 2. mars 1981.

Ákvæði í 5. lið er nýmæli, sem miðast m. a. við menn, sem lokið hafa 1. stigi, fara síðan til sjós og vinna þar við litla vél í allmörg ár en koma svo í skólann aftur til frekari náms. Myndi þá þessi starfstími hans nýtast honum illa ef framangreindar meginreglur væru ekki hafðar sveigjanlegar að þessu leyti.

Um 3. gr.

1. mgr. er samhljóða 25. gr. núgildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, sem helgast af sanngirnisástæðum en þarfnast eigi nánari skýringa.

Um 4. gr.

Efni 4. gr. er í stórum dráttum efnislega samhljóða 16. gr. núgildandi laga.

Um 5.—7. gr.

Varðandi ákvæði þessara greina um undanþáguheimildir og um mönnunarnefnd vísast til greinargerðar um samhljóða greinar í frumvarpi því, sem nefndin hefur samið um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Á það skal þó bent, að sett er nýmæli í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem ráðherra er heimilað að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem renni í sérstakan sjóð til að lána eða styrkja þá undanþáguhafa, sem þörf hafa fyrir slíka fyrirgreiðslu, til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi, en vantar starfstíma.

Um 8. gr.

Hér ræðir um útgáfu atvinnuskírteina. Í stað átján tegunda skírteina, sem komið geta til greina nú, er einungis um að ræða sex tegundir skírteina samkvæmt frumvarpinu. Í frumvarpinu kemur m. a. einnig fram sú breyting frá því sem nú er, að lagt er til að skírteini séu ætíð gefin út á ensku jafnt og íslensku.

Um 9. gr.

Grein þessi samsvarar að nokkru 20. gr. núgildandi laga en breytingarnar skýra sig sjálfar.

Um 10. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 11. gr.

Ákvæðið er nýmæli, sem skýrir sig sjálft, en benda má á að hliðstætt ákvæði er í framangreindu frumvarpi til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 24. gr. gildandi laga, nema hvað orðalagi er lítillega breytt, sbr. það sem fyrr sagði um útreikning vélarorku eftir kílóvöttum í stað hestafla.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 587. Nefndarálit [8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin gaf út 27. maí 1983. Þá hafði ríkisstjórnin nýlega tekið við völdum og var tilkynnt að þessar ráðstafanir ættu m. a. að mæta rekstrarvanda í sjávarútvegi, einkum í útgerð fiskiskipa.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og hafa þar komið fram sjónarmið hagsmunaaðila. Minni hl. nefndarinnar hefur einkum gagnrýnt tvo efnisþætti frumvarpsins, og svo hafa hagsmunaaðilar einnig gert, þ. e. í fyrsta lagi 1. og 2. gr., sem fjallar um kostnaðarhlut útgerðarinnar, og í öðru lagi 3. gr. sem fjallar um gengismun.

1. **Kostnaðarhlutur útgerðar.**

Undirrituð gera sér fyllilega ljóst að vandi útgerðar er verulegur og hefur svo verið um langt skeið. Stjórnvöld hafa ekki haft burði til að búa svo að þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar að viðunandi rekstrargrundvöllur hafi verið fyrir hendi. Skyndiákvarðanir og ístöðuleysi hafa verið í fyrirrúmi. Heildaryfirsýn hefur skort. Það er þess vegna sem sjómenn og útgerðarmenn standa varnarlausir þegar sérstök áföll eiga sér stað.

Sú ákvörðun að taka upp sérstakan kostnaðarhlut útgerðar hefur í för með sér að olíusjóður og olíugjald er fellt niður. Að vissu leyti er það einföldun á kostnaðarliðum sem telja má af því góða.

Það er hins vegar staðreynd að kostnaðarhlutur útgerðar er langtum hærri en nokkur rök eru fyrir. Má í þessu sambandi geta þess að verðlag á olíu og olíuvörum hefur farið lækkandi og ekki verður séð að breyting verði þar á. Frumvarpið kveður á um hærri kostnaðarhlut en olíugjöldin höfðu í för með sér.

Augljóst er að þessi ráðstöfun hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu sjómanna. Sjómenn hafa á undanförnum árum mjög lent undir skurðarhníf stjórnvalda. M. a. þess vegna hafa kjör þeirra versnað meira en nokkurra annarra stétta í landinu. Þessar síendurteknu aðfarir að kjarasamningum sjómanna hafa mjög skert þau hlutaskipti sem gilda eiga milli áhafnar og útgerðar svo að ef fram fer sem horfir hverfur brátt hinn upphaflegi tilgangur hlutaskipta. Sjómannasamtökin hafa af þessu tilefni skorað á hin einstöku sjómannafélög að taka nú þegar til rækilegrar endurskoðunar launakerfi sjómanna. Ályktanir Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eru prentaðar sem fylgiskjöl með þessu áliti.

2. **Gengismunur.**

Í áratugi hafa stjórnvöld samfara gengisbreytingum gert gengismun upptækan. Þessum fjármunum hefur síðan verið ráðstafað eftir sérstökum reglum hverju sinni. Þessi fjármunatilfærsla er mjög umdeilanleg og telur minni hl. sjávarútvegsnefndar að þessi aðferð sé úrelt og ósanngjörn. Í raun hefur þessi aðferð oft á tíðum það í för með sér að þeir, sem reka sín fyrirtæki af myndarskap, missa fjármuni en hinum, sem oft vegna óstjórnar og reiðileysis sýna lélega útkomu, eru veittir styrkir, þ. e. þeir fá fjármuni sem teknir eru frá hinum

raunverulegu eigendum. Þá er hér yfirleitt um stórfellda fjármunatilfærslu milli landshluta að ræða. Þessar millifærslur þýða það einnig að sjómenn fá ekkert. Fjármunir eru því teknir frá þeim sem þessa fjármuni hafa skapað.

Upptaka gengismunar hefur aldrei verið beitt í öðrum greinum en sjávarútvegi. Aldrei hefur komið til greina að gera slíkt í iðnaði. Ef sömu reglu væri beitt á þeim vettvangi mætti hugsa sér að taka gengismun af Álverinu til að bæta upp rekstrartap Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Einnig hefði mátt nota þær rúmlega 5 milljónir dollara sem varnarliðið hagnaðist á gengisbreytingu íslensku krónunnar og kemur fram í minni launakostnaði. Þetta þykja ef til vill fráleitir hlutir, en í raun er hér um sömu aðgerð að ræða og þegar gengismun í sjávarútvegi er ráðstafað.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar telur og fráleitt að beita þessari reglu gagnvart þeim greinum fiskvinnslu sem sannanlega eru reknar með stórfelldu tapi. Svo er þó gert í þessu frumvarpi. Skreiðarverkun hefur átt erfitt uppdráttar að undanförnu. Er það vegna verðfalls, sölutregðu og seinkunar á greiðslum. Ljóst er að við slíkar aðstæður er fásinna að auka á taprekstur með upptöku gengismunar.

Á síðasta þingi komu þessi mál mjög til umræðu. Lá þá fyrir hliðstætt frumvarp. Þá flutti Matthías Bjarnason breytingartillögu um að taka **ekki** gengismun af skreið. Tillaga Matthíasar Bjarnasonar var svohljóðandi:

„Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil."

Matthías Bjarnason núverandi heilbrigðisráðherra sagði m. a. í rökstuðningi sínum:

„Ég þarf í raun og veru ekki að bæta við þetta því að ég skýrði frá því hér í dag að ég teldi að sá gengishagnaður, sem reiknað væri með vegna skreiðarafurða, væri ekki fyrir hendi og ekkert útlit fyrir það að hann verði til í náinni framtíð. Ef skreið selst, sem slæmar horfur eru á, þurfa skreiðarframleiðendur fullkomlega á því að halda að afreikna á gildandi kaupgengi bankanna á hverjum tíma. Þess vegna er þessi tillaga flutt."

Fyrr í umræðunum sagði **Matthías Á. Mathiesen núverandi viðskiptaráðherra** m. a.:

„Væri nú ekki skynsamlegra að falla frá því að greiða í gengismunasjóð þessa upphæð af skreiðarbirgðum sem í landinu eru frá 1982 og að þeir aðilar, sem eiga skreiðina, fái það fjármagn og ríkisstjórnin aðstoði þá og láni þeim út á skreiðarbirgðirnar á meðan þær fara ekki úr landi?"

Ekki vildi **Albert Guðmundsson núverandi fjármálaráðherra** láta sitt eftir liggja. Hann sagði:

„Hann (fyrrv. sjávarútvegsráðherra Steingrímur Hermannsson) talaði um að það væru fleiri krónur sem fengjust væntanlega einhvern tímann þegar skreiðin seldist. Fleiri krónur mikið rétt, en það eru verðlausar krónur. Halda menn virkilega, heldur hæstvirtur sjávarútvegsráðherra að fyrir þær krónur fáist sama magn af skreið til að selja aftur seinna? Þetta gengur á verðmæti eigenda sjávarútflutningsafurða að sjálfsögðu. Það þýðir ekkert að tala hér eins og verið sé að tala við nýútskrifaða viðskiptafræðinga ..." Og áfram: „Þá er búið að draga frá gengismun og það er búinn að hlaðast á vöruna aukakostnaður í geymslu, það er búinn að hlaðast á hana fjármögnunarkostnaður, þannig að jafnvel þótt dollarinn hafi hækkað um 100% á árinu, þá dugar það bara ekki til að standa undir þeim kostnaði ..." Og áfram segir Albert: „... það er hrein sjálfsblekking ef menn halda að einstaklingar fáist til þess að leggja nýtt fé í slíkan rekstur sem sjávarútvegurinn er orðinn ... Að leggja skatt á styrkþegann og styrkþeginn er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Þetta er alveg furðulegt fyrirtæki ... Ég get ekki með nokkru móti skilið að blankur einstaklingur geti tekið lán hjá sjálfum sér til þess að fjármagna sínar þarfir."

Umræður um þessi mál vöktu mikla athygli. Sjónvarpað var frá atkvæðagreiðslunni. **Breytingartillaga Matthíasar Bjarnasonar núverandi heilbrigðisráðherra var samþykkt.**

Þótti niðurstaðan mikið áfall fyrir þáverandi sjávarútvegsráðherra Steingrím Hermannsson. Hæstvirtir núverandi ráðherrar, Albert Guðmundsson, Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen sögðu margt fleira en hér er tilgreint um þá fávisku að gera upptækan gengismun af skreið.

Ekki hefur staða þeirra, sem skreiðina eiga, batnað nema síður sé. **Staðan er aðeins breytt að því leyti að þeir sjálfstæðismenn eru nú orðnir húskarlar Steingríms Hermannssonar og verða að hlýða.**

Fulltrúar skreiðarframleiðenda komu á fund sjávarútvegsnefndar. Fram kom að staða skreiðarverkunar er margfalt verri en á sl. ári. Þeir létu nefndarmönnum í té upplýsingar sem birtar eru sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur til að frumvarp þetta verði fellt. Í fyrsta lagi vegna þess að það gengur mjög á hlut sjómanna og hefur í för með sér stórfellda kjaraskerðingu. Jafnframt er það ljóst að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar er ekki tryggður með þessum aðgerðum því að fiskverð og annar aðbúnaður útgerðarinnar er ekki sem skyldi. Í öðru lagi leggjum við til að frumvarpið verði fellt vegna upptöku gengismunar.

Minni hl. mun þó flytja breytingartillögu varðandi upptöku gengismunar af skreið í því skyni að lagfæra verstu agnúa 3. gr. frv. Einnig má ætla að þeir háttvirtir alþingismenn, sem ekki eru bundnir af ráðherradómi, geri sér grein fyrir þeim fáránleik að ætla að gera upptækan gengismun hjá skreiðarframleiðendum sem sannanlega búa við stórfelldan taprekstur.

Alþingi, 9. apríl 1984.

Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason, frsm.	Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

Ályktun Sjómannasambands Íslands.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Fundur sambandsstjórnar Sjómannasambands Íslands, haldinn 7. júní 1983 samþykkir eftirfarandi ályktun: Sambandsstjórn S. S. Í. tekur undir ályktun formannaráðstefnu A. S. Í. varðandi bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og þær grimmilegu aðgerðir sem í þeim felast gagnvart íslenskri sjómannastétt.

Fundurinn bendir á að á undanförnum árum hafa sjómenn tekið á sig kjaraskerðingu umfram aðra launþega sem við síðustu fiskverðsákvarðanir hefur þó að nokkru verið leiðrétt. Sjómenn eru tilbúnir sem og aðrir launþegar að axla sínar byrðar vegna þess vanda sem nú er í þjóðfélaginu, en ekkert þar umfram.

Þá telur fundurinn að enn hafi stjórnvöld ekki sýnt á borði sinn framgang með lagasetningu eða öðrum hætti þar sem tekið er á verðbólguhvetjandi þáttum þessa þjóðlífs.

Fundurinn vekur athygli á að enn er höggvið í þann sama knérunn af núverandi ríkisstjórn sem aðrar undanfarandi ríkisstjórnir hafa gert sig seka um og sett eru lög er raska enn frekar hlutaskiptakerfi sjómanna. Þessum síendurteknu aðförum að kjarasamningum sjómanna mótmælir stjórn sambandsins harðlega.

Með hliðsjón af ofangreindu skorar stjórn sambandsins á sambandsfélögin að taka nú þegar til rækilegrar athugunar breytingar á launakerfi sjómanna.

Fylgiskjal II.

Ályktun F. F. S. Í.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS
Reykjavík, 9. júní 1983.

Vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar og þeirra ákvæða í þeim er snerta sjómenn ályktar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eftirfarandi:

Með lögum hefur hinn frjálsi samningsréttur launafólks og vinnuveitenda verið afnuminn að hluta, allt til loka maímánaðar 1985.

Hinar sérstöku ráðstafanir til styrktar sjávarútveginum ganga í raun enn frekar en orðið var á þau hlutaskipti er gilda eiga milli áhafnar og útgerðar, svo að ef fram fer sem horfir hverfur brátt hinn upphaflegi tilgangur hlutaskipta.

Á meðan fiskvinnslunni er gert að greiða um 28% hærra verð fyrir aflann fá sjómenn einungis 8% hækkun á sínum hlut, en útgerðin þeim mun meira. Þegar tekin er ákvörðun um jafnafdrifaríkar aðgerðir sem þessi stórkostlegi fjármagnsflutningur til útgerðarinnar er ætti einnig að skoða hvaða útgerðir það raunverulega eru sem þurfa á þessari fyrirgreiðslu að halda. Verið er að auka á hagnað betur rekinna útgerða og framlengja dauðastríð annarra sem engan rekstrargrundvöll hafa.

Sjómenn eru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum til að koma íslensku atvinnulífi á réttan kjöl. Samhliða kjaraskerðingum, sem nú dynja á launafólki í formi verðbótaskerðinga og verðhækkana, verður að vinna að uppskurði íslensks efnahagslífs á öllum sviðum, m. a. á allri opinberri þjónustu ríkis og sveitarfélaga, fjárfestingum og hvernig standi á fjölgun alls kyns millilíða sem stöðugt gleypa stærri hluta þjóðarkökunnar.

Fylgiskjal III.

Greinargerð um vanda skreiðarverkenda.

Miðvikudaginn 5. október 1983 var haldinn á Hótel Sögu afar fjölmennur fundur skreiðarframleiðenda. Tilefni fundarins var að ræða þá miklu erfiðleika sem við blasa í þessari grein. Á fundinum voru samþykktar ítarlegar tillögur til að létta vandanum að nokkru af framleiðendum. Kosin var nefnd níu manna sem ætlað var að fylgja samþykktum fundarins eftir. Skipta má verkefnum nefndarinnar í sex meginflokka:

1. Afurðalán hækki á þegar framleiddri skreið.
2. Inneign í skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs verði að hluta notuð til að greiða fyrirfram upp í væntanlega útgreiðslu úr sjóðnum.
3. Fallið verði frá upptöku 10% gengismunar af skreið.
4. Útflutningsgjald á skreið verði lækkað um helming, úr 5,5% í 2,75%.
5. Veitt verði afurðalán út á alla fullverkaða skreið frá þessu ári.
6. Undirbúin verði ferð bankamanna og ráðherra til Nígeríu til að ná fram tryggari greiðslum og afsetningu skreiðar en verið hefur.

Nokkur árangur hefur þegar náðst fyrir skjót og jákvæð viðbrögð sjávarútvegsráðherra, viðskiptaráðherra og bankanna. Þannig hafa afurðalán verið hækkuð á veðsettum birgðum og lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um heimild Verðjöfnunarsjóðs til fyrirframgreiðslu. Þessar aðgerðir leysa þó vandann ekki nema að litlu leyti og enn vantar mikið á að viðunandi staða hafi náðst.

Að frumkvæði nefndarinnar hafa verið unnir ítarlegir útreikningar sem varpa skýru ljósi á þá vonlitlu stöðu sem skapast hefur. Meginatriði útreikninganna verða rakin hér á eftir.

— Sérstaklega skal undirstrikað að útreikningar þeir, sem unnir hafa verið fyrir nefndina, eru ekki hefðbundnir rekstrarreikningar og sýna ekki afkomu í skreiðarverkun á árinu 1982 og ekki heldur afkomuna í ár. Í útreikningunum hefur hins vegar verið leitast við að finna allan þann kostnað sem fallið hefur til við framleiðslu og birgðahald þeirrar skreiðar sem tekin var til verkunar á árunum 1981 og 1982 og enn er í birgðum. Á móti þessum kostnaði er í tekjuhlið sett áætlað söluverðmæti við markaðsverð.

Þessar áætlanir sýna að rúmlega 18% vantar nú upp á að söluverðmæti dugi fyrir þeim kostnaði sem þegar hefur verið lagður út. Til nánari skýringa skal það áréttað að kostnaðurinn hefur ekki verið framreiknaður til verðlags í dag. Í áætlununum er hann tekinn á því verðlagi sem ríkir þegar hann fellur til. Þannig er t. d. hráefniskostnaður á rúmlega eins og hálfs árs gömlu verði. Fjármagnskostnaður fellur til jafnt og þétt þannig að hann tekur mið af vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma. Í tekjuhlið er miðað við umsamið söluverð til Nígeríu, að teknu tilliti til þeirra erlendu umboðslauna sem viðskiptaráðuneytið hefur samþykkt. Einnig er tekið tillit til þeirrar rýrnunar sem orðið hefur vegna langrar geymslu.

Í skilaverðsútreikningum er reiknað með þeim gjöldum sem nú eru lögbundin, þ. e. 5,5% útflutningsgjald og 10% gjald í gengismunarsjóð.

Eins og áður sagði vantar við þessi skilyrði rúmlega 18% upp á að söluverðmæti hrökkvi fyrir kostnaði fengjust allar birgðirnar greiddar um áramót.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem heimilar stjórn skreiðardeildar Verðjöfnunarsjóðs að ákveða fyrirframgreiðslu til framleiðenda. Ekki hefur verið unnt að taka tillit til þessa hér þar sem reglur hafa enn ekki verið settar. Þó er ljóst að þetta bætir stöðuna nokkuð.

Með bráðabirgðalögum þeim sem sett voru í maí s. l., var m. a. kveðið á um upptöku gengismunar af sjávarafurðum. Skreiðarframleiðendur telja að í ljósi upplýsinga um stöðu skreiðarverkenda nú sé grundvöllur brostinn fyrir þessari gjaldtöku. Nefndin hefur því sett fram ósk um að fallið verði frá þessari gjaldtöku af skreiðarbirgðum þeim sem nú eru til í landinu. Verði á það fallist lagast staða framleiðenda að mun, eða sem svarar um 12% miðað við tekjur. Hér er því um að ræða afar þýðingarmikið atriði.

Hagsmunanefnd skreiðarframleiðenda hefur einnig lagt mikla áherslu á að útflutningsgjald af skreið verði lækkað um helming, úr 5,5% í 2,75%. Þessi aðgerð ein sér mundi laga stöðuna um tæp 3%. Á það má minna að útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum var lækkað úr 5,5% í 4,5% á árinu 1981 og útflutningsgjald af skreið hækkað í 10%, enda þá talið góðæri í greininni.

Þessar tvær óskir skreiðarframleiðenda varðandi gengismun og útflutningsgjald þýða því að staðan batnar um 15% samanlagt.

Í því tilviki að 18% vantaði upp á að söluverðmæti nægði fyrir kostnaði var við það miðað að allar birgðirnar greiddust um næstu áramót. Fullljóst er þó að svo verður ekki. Á næsta ári er því óhjákvæmilegt að nokkur kostnaður bætist við. Að mestu stafar það af því að áfram þarf að greiða vexti af þeim lánum sem tekin hafa verið en einnig kemur til nokkur launakostnaður, m. a. vegna pökkunar o. fl. Reiknað hefur verið út að viðbótarkostnaður af þessum sökum sé ríflega 2 kr. á kg fyrir hvern mánuð.

Bjartsýnar áætlanir gera ráð fyrir að um 10. þús. tonn af skreið og hausum verði greidd um áramót, 6750 tonn greiðist um mitt næsta ár og 4500 tonn af skreið greiðist í lok september 1984. Þegar tekið er tillit til stöðunnar nú, svo og þess viðbótarkostnaðar sem til fellur á hluta skreiðarbirgðanna á næsta ári, má gera ráð fyrir að tap á birgðunum verði tæpar 600 m. kr. sé ekkert að gert. Verði hins vegar fallið frá upptöku gengismunar og útflutningsgjald lækkað verður tapið um 230 m. kr. minna. Þessu til viðbótar koma svo verðjöfnunargreiðslur sem væntanlega verða ekki lægri en 150 m. kr. í heild.

Af þessu má ráða að hér er um að ræða gífurlegar fjárhæðir og mikið vantar á að unnt sé að jafna tapið að fullu. Skreiðarframleiðendur verða óhjákvæmilega fyrir miklu tjóni vegna þeirra ófyrirsjáanlegu markaðsaðstæðna sem nú ríkja í Nígeríu.

Í þessu sambandi má minna á að norskir skreiðarframleiðendur, sem eru helstu keppinautar Íslendinga á skreiðarmarkaði, hafa fengið mjög þýðingarmikla fyrirgreiðslu úr ríkissjóði til að komast yfir erfiðleikatímabilið nú. Íslenskir skreiðarframleiðendur hafa ekki farið fram á hliðstæða fyrirgreiðslu, heldur einungis það að a. m. k. um tíma haldi þeir eftir stærri hluta af þeim gjaldeyristekjum sem þeir skapa svo að ekki komi til varanlegs afturkipps í þessari þýðingarmiklu atvinnugrein.

11. nóv. 1983.

Fylgiskjal IV.

Minnisatriði eftir fund skreiðarframleiðenda með sjávarútvegsnefndum Alþingis 2. febrúar 1984.

SAMBAND FISKVINNSLUSTÖÐVANNA
9. febrúar 1984.

Erindi skreiðarframleiðenda var að óska eftir því að ekki verði tekinn gengismunur af skreið sem greiðist eftir 1. janúar 1984.

Í athugun, sem gerð var að tilhlutan samtaka skreiðarframleiðenda, kemur fram að kostnaður við framleiðslu og birgðahald þeirrar skreiðar, sem enn er ógreidd frá fyrri árum, sé um 600 m. kr. umfram væntanlegt söluverðmæti. Greiðslur úr skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs bæta þessa stöðu um 130 m. kr. og standa þá enn eftir um 470 m. kr. sem ójafnað rekstrartap vegna framleiðslunnar.

Í áætlun frá síðasta vori var gert ráð fyrir að skreiðarframleiðendur mundu greiða um 150 m. kr. í gengismunarsjóð. Nú þegar hafa verið greiddar um 50 m. kr. Væri samþykkt að falla frá upptöku gengismunar af skreið frá síðustu áramótum fengjust því um 100 m. kr. upp í tapið. Eftir stæðu þá 370 m. kr. sem óleystur vandi.

Af þessu sést að því fer fjarri að afnám gengismunar sé endanleg lausn á vanda skreiðarframleiðenda. Mun meira þarf til að koma þótt markið sé ekki sett hærra en á „núllpunktinn".

Á árinu 1981 var afkoma í skreiðarverkun talin allgóð. Í ljósi þeirrar stöðu var lagt á greinina mun hærra útflutningsgjald en á aðrar greinar fiskvinnslu. Það fé sem með þessum hætti var tekið af skreiðarverkendum og fært til annarra jafngildir miðað við gengi bandaríkjadollars nú um 200 m. kr. Fjárhagsstaða fyrirtækja í skreiðarverkun væri að sjálfsögðu mun betri ef þetta fé hefði ekki verið tekið úr greininni.

Með vísan til þess að ekki stóð á sérstakri skattlagningu í góðærinu 1981 hlýtur það að teljast réttlætismál að þegar sé gripið til viðhlítandi ráðstafana þegar svo illa árar sem nú er raun á.

Ed. 588. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni, Skúla Alexanderssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Aftan við 1. mgr. 3. gr. bætist: Þó skal ekki taka gengismun af skreið sem greiðist eftir 1. janúar 1984.

Sþ. 589. Fyrirspurnir. [303. mál]

I. Til fjármálaráðherra um útreikning verðbóta í útboðum.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hver hefur heimilað stofnunum ríkisins og stofnunum, sem ríkissjóður er eignaraðili að, að bæta „línulegri“ verðlagshækkun ofan á opinbera gildandi verðvísitölu á hverju vísitölutímabili til greiðslu verðbóta á útboðsverk?
2. Er það réttlætanlegt að mati ráðherra að bæta kostnaðarhækkunum ofan á opinbera gildandi verðvísitölu til greiðslu á breytilegu samningsverði í útboðssamningum þar sem breytilegt samningsverð er innt af hendi á samningstíma (framkvæmdatíma)?
3. Á hvern hátt er breytilegt samningsverð í útboðssamningum ríkisstofnana endurmetið til núvirðis þegar greiddar verðlagshækkanir eru hærri en gildandi verðvísitala?
4. Hver er hagnaður ríkissjóðs af verðbótahækkun samningsverðs þegar útboðssamningar eru greiddir á samningstíma (framkvæmdatíma) og hvernig er hann skilgreindur, eða, ef hann hefur fallið óskertur til verksala, á hvern hátt er hann þá skattlagður?
5. Hvernig hefur gengisviðmiðun í útboðssamningum með breytilegu samningsverði við erlenda samningsaðila á einstökum verkþáttum verið skilgreind?

II. Til fjármálaráðherra um arðgreiðslur til hluthafa Flugleiða hf.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hve oft hefur ríkissjóður tekið við arðgreiðslum frá Flugleiðum hf. í formi ávísana á farmiða?
2. Hversu háar voru slíkar arðgreiðslur árlega?
3. Hversu hár var styrkur ríkissjóðs til Flugleiða á sama tíma árlega?
4. Er það réttlætanlegt, að mati fjármálaráðherra, að fyrirtæki í taprekstri, sem nýtur ríkisstuðnings, greiði hluthöfum sínum arð?
5. Hefur fjármálaráðherra kannað hvort arðgreiðslur með þessum hætti og við þessi skilyrði eru löglegar?
6. Hvernig hefur ríkissjóður varið þessum arðgreiðslum?

III. Til fjármálaráðherra um lánsfjáröflun með ríkisvíxlum.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvaða verkefni ríkissjóðs eru svo arðbær að þau réttlæti þá ávöxtun sem ríkissjóður býður upp á, t. d. við sölu ríkisvíxla?
2. Ef viðkomandi verkefni skila ekki arði, hvernig á þá að greiða vextina?

Ed. 590. Lög [134. mál]

um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 171.

Nd. 591. Frumvarp til laga [304. mál]

um selveiðar við Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála, er selveiðar varða, sbr. þó ákvæði laga nr. 76 16. júní 1970 um lax- og silungsveiði.

2. gr.

Hafrannsóknastofnun annast rannsóknir á selum við Ísland. Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunar ákveðnar rannsóknir á selum, skal Hafrannsóknastofnuninni ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum þeirra rannsókna.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands.

4. gr.

Landeiganda eru einum heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir, samanber ákvæði laga nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Nú liggur land að sjó og á þá landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu og eru það netlög hans.

Öllum íslenskum ríkisborgurum eru selveiðar heimilar utan landareigna sbr. 1. mgr. Ennfremur eru þeim selveiðar heimilar utan netalaga sbr. 2. mgr., að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands, samanber lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Um rétt til selveiða gilda að öðru leyti ákvæði tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, eftir því sem við á, samanber þó 8. gr. laga þessara.

5. gr.

Erlendum ríkisborgurum eru óheimilar selveiðar hér á landi, við strendur Íslands og innan landhelgi Íslands og efnahagslögsögu, samanber lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. með milliríkjasamningum.

6. gr.

Ráðherra getur sett reglur um framkvæmd laga þessara. Með reglugerð getur ráðherra m. a.:

1. bannað selveiðar á tilteknum svæðum;
2. takmarkað selveiðar við ákveðinn tíma;
3. friðað ákveðnar tegundir sela og ákveðið fjölda þeirra sela, er veiða má af einstökum tegundum á ákveðnum svæðum á tilteknu tímabili;

4. sett reglur um leyfilegar veiðiaðferðir og um hlaupvíddir skotvopna er nota má til selveiða;
5. ákveðið hvernig gengið skuli frá drepnum selum;
6. sett reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi;
7. ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela, sé þess talin þörf;
8. ákveðið að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs reglur um selveiðar á svæðum, sem friðlýst hafa verið eða kunna að verða, með heimild í lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd;
9. sett reglur, sem nauðsynlegar þykja til þess að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar, er Ísland kann að gerast aðili að.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Um upptöku á ólöglegri veiði, hagnaði af veiði og ólöglegum veiðitækjum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sektir og upptæk verðmæti skulu renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði: lög nr. 30 27. júní 1925 um selskot á Breiðafirði og uppidráp, lög nr. 29 13. júní 1937, um útrýmingu sels í Húnaósi og 16. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði á Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Selveiðar hér við land eru jafngamlar búsetu manna. Í fyrstu var hér eingöngu um veiðar fyrir eigin þarfir að ræða, en seint á nítjándu öld hófst útflutningur á selskinnum. Frá þeim tíma er hægt að henda reiður á fjölda veiddra sela við landið. Er þannig hægt að fá upplýsingar með nokkurri vissu um selveiðar, allt frá árinu 1897, úr fiskiskýrslum og hlunnindaskrám árin 1897—1945 og verslunarskýrslum frá 1946 og fram á okkar dag.

Meðalselveiði á ári var um 6 000 dýr á tímabilinu 1897—1919, en síðan minnkar veiðin verulega og nær lágmarki á árunum 1939—1959, um 2 500 dýr á ári að meðaltali. Þessi minnkun í veiði stafar líklega ekki af ofveiði, heldur hafa margir þættir komið hér við sögu, svo sem verðfall á skinnum, selafár, ísaár og hinar þjóðfélagslegu breytingar hér á landi, sem áttu sér stað á þessum tíma. Einnig er hugsanlegt að hluti flækingssela í veiðinni (hringanóra, vöðusela, kampsela og blöðrusela) hafi verið meiri fyrir þann tíma, en selveiðin er ekki sundurliðuð eftir tegundum í ofangreindum skýrslum. Um 1928 varð töluvert verðfall á selskinnum á heimsmarkaðinum. Upp frá því dregur úr selveiðum hér við land. Hélst þetta ástand samfellt til ársins 1960, en þá rætist úr og veiðar aukast á ný. Selveiðarnar ná síðan hámarki árið 1964 og eru miklar allt fram til 1977, eða um 6 500 selir hvert ár að meðaltali. Á árinu 1978 verður verðfall á selskinnum á mörkuðum á meginlandi Evrópu, sem rekja má til aukins áróðurs dýra- og náttúruverndarmanna gegn hvers konar selveiðum. Þetta verðfall á skinnum gerir það að verkum að dregið hefur jafnt og þétt úr selveiðum hér við land á síðustu árum og var veiðin komin niður í um 3 000 dýr 1981.

Aðferðir við selveiðar hafa lítið breyst frá upphafi. Hann er veiddur í net, eltur uppi, króaður af og rotaður með þar til gerðri kylfu, eða skotinn. Einnig drepast selir í grásleppu- og þorskanetum.

Uppistaðan í selveiðunum, þann tíma sem upplýsingar liggja fyrir um skiptingu veiðinnar á milli tegunda, eru landselskópar, sem voru veiddir vegna skinnanna. Lítið var veitt af útselskópum og enn minna af fullorðnum dýrum.

Árið 1982 gerði Hringormanefnd tilraun til þess að örva selveiðar með verðlaunagreiðslum fyrir veidd dýr. Hafði þetta þau áhrif, að selveiðar við landið jukust nokkuð. Alls munu líklega hafa veiðst um 4 500 selir á síðastliðnu ári að einhverju leyti vegna verðlaunanna en hefðbundin landselskópaveiði var með allra minnsta móti. Auk þess eru í þessari tölu selir er fengust í hrognkelsanet. Selveiði við landið hefur því aukist nokkuð frá því sem var minnst árið 1981, en er þó aðeins um 70% af meðal veiðinni tímabilið 1964—1977. Eins og áður veiðist mest af landselskópum, 2 500, útselskópaveiði er mun meiri en áður var. Síðastliðið ár munu væntanlega hafa veiðst um 1 000 útselskópar. Einnig hafa veiðar á fullorðnum dýrum líklega aukist, en samanburður er erfiður því upplýsingar um veiði þeirra áður fyrr eru litlar og óábyggilegar.

Eins og vikið var að í upphafi hafa selveiðar verið stundaðar vegna afurða þeirra, sem selir bjóða upp á; skinn, kjöt o. fl. Nú er svo komið að ekki er hægt að selja selaafurðir, eða þá á svo lágu verði að ekki borgar sig að stunda veiðarnar. Helsti kosturinn, sem nú er fyrir hendi er að selja selkjöt til loðdýraræktenda. Þessi markaður mun væntanlega aukast á næstu árum ef fleiri refa- og minkabú verða stofnsett. Það er þó ólíklegt að loðdýraræktendur, geti greitt það verð, sem selveiðimenn þurfa að fá til þess að standa undir kostnaði við veiðarnar.

Á síðastliðnu ári urðu allmiklar umræður um selveiðar hér við land og þó einkum um tengsl milli sels og hringorms í fiski og þær verðlaunagreiðslur, sem Hringormanefnd hóf í því skyni að stuðla að áframhaldandi veiðum á sel hér við land. Ekki hefur verið til nein heildarlöggjöf um selveiðar hér á landi heldur aðeins sundurlaus lagaákvæði, sem sum hver hafa mjög takmarkað gildi. Þótti því nauðsyn bera til að sett yrðu um veiðar þessar lög, sem gæfu stjórnvöldum heimild til þess að setja reglur um veiðarnar og ýmis atriði er þær snerta.

Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að semja frumvarp að lögum um selveiðar við Ísland. Í nefnd þessa voru skipaðir: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson, prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson, hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað til sjávarútvegsráðherra frumvarpi þessu. Verður hér á eftir gerð grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að yfirumsjón allra mála, er selveiðar varða sé í höndum sjávarútvegsráðuneytisins. Í gildandi lögum eru selveiðar ekki felldar undir ákveðið ráðuneyti en í auglýsingu nr. 91 31. desember 1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, segir í 9. gr. að landbúnaðarráðuneytið fari með mál er varða: „Veiði í ám og vötnum og önnur veiðimál er eigi ber undir annað ráðuneyti".

Er hér gert ráð fyrir að selveiðar verði felldar undir sjávarútvegsráðuneytið, enda þykir fara best á því. Hins vegar eru í lögum nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiðar nokkur ákvæði er snerta ófriðun sels í ám, veiðivötnum og ósasvæðum, en þau mál falla undir landbúnaðarráðuneytið og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Um 2. gr.

Í 2. gr. segir að Hafrannsóknastofnunin skuli annast rannsóknir á selum við Ísland og er það í raun aðeins staðfesting á því sem segir í 17. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum árum nokkuð sinnt rannsóknum á þessu sviði og stefnt er að því að auka þær rannsóknir. Í seinni hluta greinarinnar segir, að sé aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar falin tiltekin

rannsóknaverkefni, verði Hafrannsóknastofnuninni gert kleift að fylgjast með því, hvernig að slíkum rannsóknum sé staðið og hverjar séu niðurstöður þeirra. Er þetta gert vegna þess að utan Hafrannsóknastofnunar gætu verið sérfræðingar, sem æskilegt þætti að fá til ákveðinna rannsókna á þessu sviði.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir samstarfi ráðuneytis við þær stofnanir og samtök, sem nefndar eru í greininni. Í því felst að leitað yrði álits og umsagnar sérfræðinga eða skipaðra fulltrúa þessara aðila varðandi skipulag, stjórnun og meiri háttar ákvarðanir varðandi selveiðarnar. Færi það eftir eðli máls hverju sinni til hverra væri leitað.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. er staðfestur einkaréttur landeigenda til veiða í landareign sinni og netlögum, þó með þeim takmörkunum sem slíkum rétti eru sett í lögum nr. 76 16. júní 1970 um lax- og silungsveiði.

Í 3. mgr. segir, að utan landareigna og netlaga séu öllum íslenskum ríkisborgurum heimilar selveiðar.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er vísað til tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en í henni eru nákvæm ákvæði um veiðiréttindi landeiganda og ábúanda, landamerki jarða o. fl., en ekki þykir ástæða til þess að taka þessi ákvæði upp hér, enda mun sjaldnast á þau reyna.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru erlendum aðilum bannaðar selveiðar hér við land innan 200 sjómílna frá grunnlínum. Heimilt er þó að veita þeim veiðiréttindi með milliríkjasamningum og er hér um að ræða eins ákvæði og gildir um fiskveiðar erlendra fiskiskipa í fiskveiðilögsögunni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er gerð grein fyrir þeim aðgerðum, sem ráðherra getur gripið til varðandi stjórnun og skipulag selveiða. Ekki er ástæða til þess að skýra hvern lið sérstaklega, en fáist þessar heimildir getur ráðherra sett reglur um bann við selveiðum á ákveðnum svæðum, ákveðið bann við veiðum ákveðinn tíma, friðað ákveðnar selategundir sé ástæða talin til þess og ákveðið heildarfjölda þeirra sela, sem drepa má. Jafnframt gæti ráðherra sett reglur um veiðiaðferðir og t. d. hlaupvíddir skotvopna, ennfremur ákveðið hvernig ganga skuli frá selshræjum. Heimilt væri að ákveða aðgerðir til fækkunar sela, t. d. með veiðiverðlaunum eða ráðningu sérstakra veiðimanna. Í 8. lið er vikið að veiðum á svæðum, sem friðlýst hafa verið af Náttúruverndarráði og í 9. lið er veitt heimild til þess að setja reglur til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar. Enda þótt Ísland sé ekki aðili nú að slíkum samningi, er vitað að uppi eru m. a. í Kanada hugmyndir um stofnun alþjóðlegrar nefndar um selveiðar og þykir því eðlilegt að hafa þessa heimild hér. Má segja það sama um 8. lið og mörg önnur ákvæði þessarar greinar, að hér er aðeins um heimildir að ræða fyrir ráðherra en ekki er ljóst nú, að hve miklu leyti þær verði notaðar fyrst um sinn, en þó má segja að hér sé ekki gengið lengra en nauðsynlegt er, ef möguleikar eiga að vera til þess að skipuleggja veiðarnar að fullu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru felld niður nokkur lagaákvæði, sem að öðrum kosti væru ekki í samræmi við heildarlöggjöfina. Sé talin þörf á þeim ákvæðum, sem lög þessi geyma, fer best á því að gefnar yrðu út reglugerðir sama efnis með stoð í þessum lögum.

Ed. 592. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Eiður Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1984.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 593. Frumvarp til laga [305. mál]

um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1984 greiða ríkissjóði 40% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 40% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. — Á árinu 1985 skulu ofangreind hlutföll lækka í 20%. Frá og með árinu 1986 fellur gjald þetta niður. Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða eða fella niður innheimtu á ⅙ hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðsþóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 samkvæmt lögum nr. 40/1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um árabil hafa gjaldeyrisbankarnir greitt til ríkissjóðs ákveðið hlutfall af tekjum af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Þessi tekjustofn var fyrst á lagður með lögum nr. 86/1960 um útflutningssjóð o. fl. og síðar skv. lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál. Núgildandi ákvæði eru í lögum nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Samkvæmt þeim lögum greiða bankarnir til ríkissjóðs 60% af vergum tekjum vegna þessara viðskipta en 40% renna til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um raunverulegan kostnað gjaldeyrisbankanna vegna þessara viðskipta, en upplýst er, að mismunur kaup- og sölugengis hefur verið ákveðinn meiri en vera mundi ef ekki kæmi til skattlagningar á þessi viðskipti. Sama má segja um ýmis þjónustugjöld sem leyfilegt er að taka samkvæmt gjaldskrá.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana var gjald þetta ákveðið 50% frá gildistöku laganna til ársloka 1982, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40/1969. Í frumvarpi til þeirra laga var gert ráð fyrir að hlutfall þetta lækkaði á árinu 1983 í 40%. Þá var einnig gert ráð fyrir heildarendurskoðun laganna fyrir árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá væri fengin af framkvæmd þeirra. Ákvæði frumvarpsins um þetta efni náðu ekki fram að ganga umfram lækkun úr 60% í 50% á árinu 1982. Í bráðabirgðaákvæði V í lögunum var hins vegar ákveðið að starfandi bankamálanefnd skyldi endurskoða lög nr. 40/1969 fyrir þingbyrjun haustið 1982. Skilaði bankamálanefnd áliti til fjármálaráðherra með bréfi dags. 24. nóvember 1982. Fylgdu bréfi nefndarinnar tvenn drög að frumvarpi til laga um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Var í öðru þeirra gert ráð fyrir að skatturinn yrði 50% til frambúðar en í hinu að hann félli niður í áföngum á árunum 1983—1985. Ekki varð af því fyrir árslok 1982 að fyrir Alþingi væri lagt frumvarp um þetta efni. Hækkaði gjaldið því aftur úr 50% í 60% hinn 1. janúar 1983.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald þetta verði fellt niður í áföngum á árunum 1984—1985. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs á árinu 1984 vegna þessa nemi 18 milljónum kr., en 36 millj. kr. á árinu 1985 miðað við verðlag ársins 1984. Sem rök fyrir niðurfellingu gjaldsins má nefna, að innlánsstofnanir greiða tekjuskatt frá og með rekstrarárinu 1983 samkvæmt lögum nr. 65/1982. Þykir ekki fært að skattleggja sömu tekjur til frambúðar með tvennum hætti. Þar sem niðurfelling gjaldsins þegar í stað mundi hafa í för með sér verulegan missi tekna sem áætlaðar eru í fjárlögum fyrir árið 1984 er lagt til að gjaldið verði fellt niður í áföngum.

Þá er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að endurgreiða eða falla frá innheimtu á ⅙ hluta gjaldsins vegna ársins 1983. Með því er komið í veg fyrir þá tímabundnu hækkun gjaldsins sem leiddi af því hversu síðbúnar tillögur um frambúðarskipan þess urðu.

Með niðurfellingu gjaldsins er þess að vænta að mismunur kaup- og sölugengis erlends gjaldmiðils verði ákveðinn með hliðsjón af breyttum aðstæðum svo og ýmis gjöld vegna þessara viðskipta endurskoðuð.

Ed. 594. Frumvarp til laga [306. mál]

um breyting á lögum nr. 65 19. maí 1982 um skattskyldu innlánsstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Í stað heimildar til niðurfærslu viðskiptaskulda í 2. málsl. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 er skattskyldum aðilum samkvæmt lögum þessum heimilt að færa fjárhæð til gjalda í sérstakan afskriftareikning útlána sem nemur ½% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Heildarfjárhæð afskriftareiknings útlána skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en ½% af heildarfjárhæð útlána og veittra ábyrgða í árslok. Fari afskriftareikningurinn eitthvert ár fram úr þessum mörkum skal mismunurinn teljast til tekna.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný grein er verði 5. gr. þeirra og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

Innlánsstofnanir með lægri heildarinnlán en 50 millj. kr. í lok næsta árs á undan tekjuári skulu undanþegnar skattgreiðslum samkvæmt lögum þessum, en skulu engu að síður framtalsskyldar.

Undanþága skv. 1. mgr. miðast við heildarinnlán 31. desember 1982 og skal viðmiðunarfjárhæð síðan breytast árlega í samræmi við útreikning verðbreytingarstuðuls samkvæmt 26. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, í fyrsta sinn miðað við hinn 31. desember 1983 vegna skattlagningar tekna og eigna ársins 1984.

Verði aðili, sem myndað hefur skattalegan varasjóð eða fengið frestað skattlagningu söluhagnaðar, meðan hann er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, síðar undanþeginn skattgreiðslu skv. 1. mgr. skal varasjóður og frestaður söluhagnaður, framreiknaður skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, teljast til skattskyldra tekna síðasta skattskylduárs án viðurlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1983 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga ½% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 1982 voru á Alþingi samþykkt lög um skattskyldu innlánsstofnana (lög nr. 65/1982). Efnislega fólst í lögum þessum að á árinu 1982 skyldu innlánsstofnanir, aðrar en smæstu sparisjóðir, greiða sérstakan skatt í ríkissjóð er næmi 0,06% af heildarinnlánum þeirra í lok hvers mánaðar. Frá og með tekjuárinu 1983 skuli þær innlánsstofnanir, er lögin taka til, hins vegar vera skyldar til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts og skuli álagning byggjast á almennum reglum laga nr. 75/1981. Þó eru gerð frávik frá almennum reglum skattalaga varðandi fáein atriði. Þessi frávik varða heimild til niðurskriftar útistandandi viðskiptaskulda, skattalaga meðferð við sameiningu sparisjóða og annarra innlánsstofnana og greiðslufyrirkomulag skatta samkvæmt lögunum, þar sem nokkurs konar staðgreiðslufyrirkomulagi er komið á varðandi innlánsstofnanir. Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum er loks tekið fram, að þau skuli ásamt lögum nr. 40/1969 endurskoðuð af starfandi bankamálanefnd. Í samræmi við þetta gerði nefndin drög að nýju frumvarpi til laga um skattskyldu innlánsstofnana og tvenn drög að frumvarpi að lögum um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Þessi frumvarpsdrög sendi nefndin fjármálaráðuneytinu með bréfi dags. hinn 24. nóvember 1982. Er bréf þetta ásamt fyrrgreindum frumvarpsdrögum birt sem fylgiskjöl með lagafrumvarpi þessu. Í tillögum bankamálanefndar um frumvarp til laga um skattskyldu innlánsstofnana er í höfuðdráttum byggt á ákvæðum laga nr. 65/1982. Þó eru í frumvarpinu gerðar tillögur um fimm viðamiklar efnisbreytingar sem allar horfa til að létta skattbyrði innlánsstofnana. Eru breytingartillögur nefndarinnar eftirfarandi:

1. Í 1. mgr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir að innlánsstofnanir verði eignarskattsfrjálsar. Ætla má að eignarskattar þeirra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögunum myndu nema nálægt 22 millj. kr. vegna eigna í lok ársins 1983, miðað við að eignarskattur sé 1,1% af stofni.
2. Í 2. gr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir því að allir stofnlánasjóðir og veðdeildir bankanna verði undanþegnar skattskyldu, en samkvæmt gildandi lögum er þessi skattundanþága bundin við lögbundna stofnlánasjóði. Erfitt er að meta hversu mikil fjárhagsleg áhrif þessi tillaga hefur, ekki síst þar sem hún kann að hafa áhrif á uppbyggingu einstakra deilda innlánsstofnana þegar fram í sækir.

3. Í 3. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að opnuð verði heimild til sérstakrar niðurfærslu er nemi 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Ætla má að þessi heimild gæti lækkað skatttekjur um nálægt 10,5 millj. kr. vegna rekstrarársins 1983, og er þá miðað við að skattur sé 50% af skattstofni.
4. Þá er í 5. gr. frumvarpsdraganna lagt til að innlánsstofnanir með lægri innstæðu en 50 millj. kr. í árslok 1982 skuli skattfrjálsar. Fjárhagsleg áhrif þessarar tillögu eru óveruleg þar sem þær innlánsstofnanir er hér um ræðir höfðu einungis tæp 4% af heildarinnlánum 1982.
5. Loks leggur bankamálanefndin til í ákvæði til bráðabirgða IV að horfið verði að eftirágreiðslu skatts í stað núgildandi staðgreiðslufyrirkomulags. Við þetta félli niður tekjustreymi eins árs í ríkissjóð og myndi áhrifanna að langmestu leyti gæta á árinu 1984.

Allítarlegan rökstuðning fyrir tillögum bankamálanefndarinnar er að finna í greinargerð með frumvarpsdrögunum og vísast um þær til fylgiskjals.

Telja verður að rík rök mæli með því að starfsemi innlánsstofnana sé skattskyld á hliðstæðan hátt og starfsemi annarra atvinnufyrirtækja í landinu. Af því leiðir að sterk rök varðandi séreðli starfseminnar verði að liggja fyrir til þess að unnt sé að víkja frá almennum skattlagningarreglum að því er þessar stofnanir varðar. Verður að telja það hæpið að nægilega þungvæg rök af þessu tagi liggi að baki öllum tillögum bankamálanefndarinnar. Að því er greiðslufyrirkomulag á sköttum innlánsstofnana varðar er ljóst að ríkissjóður má á árinu 1984 alls ekki við þeim tekjumissi er af tillögum bankamálanefndar í þessu efni myndi leiða. Í frumvarpi þessu eru því einungis gerðar tillögur um tvenns konar breytingar á núgildandi ákvæðum laga um skattskyldu innlánsstofnana. Svara þær til þeirra tillagna sem bankamálanefnd gerði og raktar eru í 3. og 4. tl. hér að framan, enda þótt í frumvarpi þessu sé lögð til nokkuð önnur útfærsla en bankamálanefnd gerði tillögur um, eins og nánar er rakið í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eitt af fáum atriðum í almennu lögunum um tekjuskatt og eignarskatt sem ekki gilda um innlánsstofnanir skv. lögum nr. 65/1982 er heimildin til 5% niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda. Liggja raunar augljós rök til þess að hin almenna heimild tekjuskattslaga í þessu efni getur ekki átt við óbreytt vegna sérstaks eðlis bankastarfsemi. Engu að síður verður að telja það eðlilegt að gagnvart skattlagningu verði viðurkennd þörf innlánsstofnana á því að mynda afskriftareikning vegna útlánaáhættu. Í áliti bankamálanefndar (sbr. fylgiskjal) er lagt til að þessi niðurfærsluheimild verði miðuð við aukningu útlána og veittra ábyrgða. Er í grein þessari lagt til að þeim tillögum verði fylgt að því er varðar þann stofn er niðurfærslan reiknast af, enda þótt sú aðferð að miða einungis við hlutfall af aukningu á stofninum sé nokkuð óvenjuleg og falli ekki að þeim aðferðum sem áður hafa verið notaðar í skattalögum (sbr. heimild laga nr. 75/1981 til 5% niðurfærslu viðskiptaskulda og 10% niðurfærslu vörubirgða). Sé horft fram hjá fyrsta skattlagningarári verða fjárhagsleg áhrif niðurfærsluheimildarinnar reyndar hin sömu að öðru jöfnu hvort sem hún miðast við heildarfjárhæð útlána og veittra ábyrgða eða er bundin við aukninguna eina. Með útlánum og veittum ábyrgðum í greininni er átt við allt það sem eignamegin í efnahagsreikningum innlánsstofnana fellur almennt undir útlánahugtakið, þ. e. yfirdráttarlán, afurða- og rekstrarlán, víxla, skuldabréf, verðtryggð lán, innleystar ábyrgðir og endurlánað erlent lánsfé. Auk þess falla undir þetta áfallnir vextir á ofangreind útlán, enda þótt nokkur venja sé til að fella þá undir aðra eignaliði í efnahagsreikningum innlánsstofnana. Auk þessara liða í efnahagsreikningi reiknast gjaldfærsla af aukningu veittra ábyrgða vegna viðskiptamanna, en sú fjárhæð er jafnan tilgreind í ársreikningum innlánsstofnana utan efnahagsreiknings.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárhæð til færslu í sérstakan afskriftareikning sé miðuð við 0,5% af framangreindum stofni, en bankamálanefnd lagði til að miðað yrði við 1%. Verður að telja að tillaga frumvarpsins sé mun nær raunverulegri þörf vegna útlánaáhættu miðað við reynslu fyrri ára og þá niðurfærsluprósentu sem ýmsar innlánsstofnanir hafa notað á undanförnum árum í reikningum sínum. Við mat á þessu hlutfalli verður einnig að hafa í huga, að alls engin áhætta fylgir töluverðum hluta þeirra útlána og ábyrgða sem talin eru með í stofninum. Má þar nefna verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf ríkisins og annarra opinberra stofnana, t. d. framkvæmdasjóð, útlán og ábyrgðir sem tryggð eru með ríkisábyrgð o. s. frv.

Í lok greinarinnar er loks kveðið á um skyldu til tekjufærslu ef heildarfjárhæð afskriftareiknings fer fram úr ½% af heildarfjárhæð útlána og veittra ábyrgða í árslok. Ákvæði til bráðabirgða er nátengt þessari niðurfærsluheimild.

Áætlað er að heildarskattgreiðslur innlánsstofnana lækki um 5,3 millj. kr. á árinu 1983 ef ákvæði þessarar greinar verða að lögum.

Um 2. gr.

Hér er gerð tillaga um skattfrelsi innlánsstofnana með lægri heildarinnlán en 50 millj. kr. í árslok 1982. Er þessi tillaga í samræmi við tillögu bankamálanefndar að öðru leyti en því, að lagt er til að skattfrelsið ráðist af stöðu heildarinnlána í lok næsta árs á undan tekjuári en ekki stöðu þeirra í lok tekjuárs. Með þessu móti ættu forráðamenn einstakra sparisjóða að vita það fyrirfram fyrir upphaf tekjuárs hvort um skattskyldu verður að ræða vegna rekstrar komandi árs. Rökin að baki þessarar undanþágu eru þau að innlánsstofnanir með svo lítil heildarinnlán hafa mjög takmarkaða starfsemi. Oftast eru þær reknar í sjálfboðavinnu stjórnenda með afgreiðslu á heimili reikningshaldara. Grundvöllur undir rekstri þessara smáu sparisjóða er það veikur að ekki þykir fært að íþyngja þeim með skattgreiðslum. Með heildarinnlánum í greininni er átt við veltiinnlán, spariinnlán og gjaldeyrisreikninga. Ljóst er að ýmis framkvæmdavandi kann að fylgja þessari undanþágu ef að lögum verður. Er í 3. mgr. tekin afstaða til hvað gera skuli við skattalegan varasjóð og frestaðan söluhagnað ef innlánsstofnun, sem verið hefur skattskyld, fellur síðar undir undanþáguna. Þá er í 1. mgr. lagt til að framtalsskylda haldist enda þótt skattskylda falli niður samkvæmt greininni.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að ákvæði frumvarpsins verði látin gilda við álagingu á árinu 1984. Þar sem allar tillögur frumvarpsins horfa til ívilnunar frá gildandi ákvæðum þykir óhætt að láta þær öðlast afturvirkt gildi vegna rekstrarársins 1983.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að skattskyldir aðilar samkvæmt lögunum skuli færa niður samanlögð útlán og veittar ábyrgðir í árslok 1982 um ½% við mat eigna í lok þess árs, þannig að samræmis sé gætt við útreikning verðbreytingarfærslu.

Fylgiskjal.

BANKAMÁLANEFND

Reykjavík, 24. nóvember 1982.

Fjármálaráðuneytið,
Arnarhvoli.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982 var bankamálanefnd falið að endurskoða þau lög svo og lög nr. 40/1969 um

umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Nefndin hefur lokið endurskoðun laganna og sendir ráðuneytinu drög að frumvarpi til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Ennfremur sendir nefndin tvenn drög að frumvarpi til laga um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Í öðru frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjald til ríkissjóðs verði óbreytt 50% af gjaldeyrisviðskiptum, en í hinu að gjaldið verði fellt niður í áföngum. Jafnframt fylgja greinargerðir sem nefndin aflaði frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða um framangreind efni og eru þær fylgiskjöl nr. 1 og 2.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laga um skattskyldu innlánsstofnana hefur nefndin einskorðað sig við endurskoðun efnisatriða gildandi laga eins og þau voru afgreidd frá Alþingi. Einstakir nefndarmenn eru hins vegar óbundnir í afstöðu sinni til þess grundvallaratriðis hvort skattleggja eigi innlánsstofnanir og hvenær séu forsendur fyrir að taka upp slíka skattlagningu.

Halldór Ásgrímsson.

Matthías Á. Mathiesen. Kjartan Jóhannsson.

Lúðvík Jósepsson. Jón G. Sólnes.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga
um skattskyldu innlánsstofnana.

1. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og Söfnunarsjóður Íslands skulu skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með þeim frávikum, sem greinir í lögum þessum.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr.

Til skattskyldra tekna aðila, skv. 1. gr. þessara laga, teljast þó ekki tekjur stofnlánasjóða og veðdeilda, sem stofnaðar eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum og starfa í tengslum við innlánsstofnanir en sem fjárhagslega sjálfstæðar deildir. Fjárhagur þeirra sé greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana enda séu reglur þar um viðurkenndar af fjármálaráðuneytinu.

3. gr.

Í stað heimildar í 2. málslið 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málslið 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um heimild til niðurfærslu viðskiptaskulda, er skattskyldum aðilum samkvæmt lögum þessum, heimilt að færa til gjalda í sérstakan afskriftareikning útlána, fjárhæð sem nemur 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu.

4. gr.

Sé sparisjóði slitið, þannig að hann sé algjörlega sameinaður öðrum sparisjóði, ríkisstofnun eða hlutafélagi þá skulu slitin sjálf ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann aðila sem við tekur og heldur ekki fyrir þann sem slitið var. Við slíkan samruna skal sá aðili, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess sparisjóðs sem slitið var.

5. gr.

Innlánsstofnanir með lægri heildarinnstæður en 50 millj. kr. hinn 31/12 1982 skulu undanþegnar skattgreiðslum samkvæmt lögum þessum. Viðmiðun undanþágu skv. 1. mgr. skal breytast árlega í samræmi við útreikning verðbreytingastuðuls samkvæmt 26. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, í fyrsta sinn fyrir árið 1983.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á árinu 1983 skulu aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum þessara laga framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1983.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1982. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr. telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1968 til 1982. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1968 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. greindrar 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1983 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1983 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1984, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

II

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1983, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingastuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1968, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

III

Aðilar sem skattskyldir eru skv. 1. gr. þessara laga skulu reikna verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt í fyrsta sinn vegna ársins 1983 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1982.

IV

Skattskyldir aðilar, samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekjuskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti:

Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Greiða skal fyrirframgreiðslu á árinu 1983, sem nemur 0,04% af gjaldstofni. Á árinu 1984 skal greiða fyrirframgreiðslu, sem nemur 0,02% af stofni í lok janúar—júní. Skal fyrirframgreiðsla greidd á árinu 1983 og 1984, gerð upp við álagningu 1984 vegna tekna á árinu 1983.

Fyrirframgreiðslan skv. 2. og 3. mgr. skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulda gilda um fyrirframgreiðslu skv. 2.—5. mgr. eftir því sem við á.

Frá og með árinu 1985 skal fyrirframgreiðsla, vegna tekna á árinu 1984 ákveðin með hliðsjón af álagningu næstliðins árs eftir nánari ákvæðum í reglugerð á grundvelli 2. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981.

Að öðru leyti skulu gilda eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og ábyrgð á fyrirframgreiðslu skv. þessari grein.

V

Við mat á eignum í ársbyrjun 1983 skulu skattskyldir aðilar, skv. lögum þessum, draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1982.

Greinargerð.

Á Alþingi 7. maí 1982 voru samþykkt lög um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982. Í ákvæði nr. V. til bráðabirgða var kveðið svo á, að lögin skyldu endurskoðuð af starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982. Hefur nefndin starfað á þessum grundvelli og einskorðað sig við endurskoðun efnisatriða gildandi laga eins og þau voru afgreidd frá Alþingi. Einstakir nefndarmenn eru hins vegar óbundnir í afstöðu sinni til þess grundvallaratriðis hvort skattleggja eigi innlánsstofnanir og hvenær séu forsendur fyrir að taka upp slíka skattlagningu.

Í samræmi við framangreint hefur bankamálanefnd unnið að endurskoðun laganna.

Nefndin hefur stuðst við framlögð gögn, sem aflað var við afgreiðslu laganna á Alþingi s. l. vor. Auk þess óskaði nefndin eftir frekari tillögum og hugmyndum frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða varðandi efni og tilhögun skattlagningarinnar og fékk nefndin greinargerðir frá báðum samböndunum sbr. fskj. 1 og 2.

Almennar athugasemdir.

Með gildandi lögum um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982 var ákveðið að skattleggja viðskiptabanka og sparisjóði auk Söfnunarsjóðs Íslands samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Var talið eðlilegt að starfsemi þessara stofnana væri skattskyld með sama hætti og starfsemi annarra atvinnufyrirtækja í landinu. Bent var á, að starfsemi banka og sparisjóða væri víðast hvar skattskyld í nágrannalöndum okkar.

Í frumvarpi þessu er fylgt meginefni gildandi laga. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að innlánsstofnanir séu undanþegnar eignarskatti. Í gildandi lögum um skattskyldu innlánsstofnana er kveðið svo á um, að innlánsstofnanir skuli greiða eignarskatt. Í lögum um starfsemi viðskiptabanka eru engin ákvæði um eiginfjárstöðu þeirra. Í gildandi lögum um sparisjóði frá 1941, eru ákvæði um lágmark eigin fjár sparisjóða að mörgu leyti ófullkomin og þarfnast endurskoðunar. Ákvæði um lágmark eigin fjár í rekstri innlánsstofnana eru meðal mikilvægustu atriða í nútíma bankalöggjöf. Gert er ráð fyrir því að slík ákvæði verði sett í almenna bankalöggjöf, sem nú er unnið að endurskoðun á af bankamálanefnd. Þar til slík eiginfjármörk hafa verið sett þykir ekki fært að skattleggja nettó eignir þessara stofnana. Tekið skal fram, að viðskiptabankar í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi greiða ekki eignarskatt og sama gildir um sparisjóði á Norðurlöndum öllum þrátt fyrir strangar kröfur um lágmark eigin fjár.
2. Lagt er til að innlánsstofnunum verði heimilað að færa til gjalda fjárhæð, sem nemur ákveðnum hundraðshluta af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu í stað heimildar til niðurfærslu viðskiptaskulda skv. ákvæðum laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Í gildandi lögum er tekið fram, að heimild til niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda skv. ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, gildi ekki við ákvörðun á tekju- og eignarskattsstofni innlánsstofnana.
3. Í gildandi lögum er kveðið svo á um, að skattar skuli greiddir að verulegu leyti á tekjuöflunarárinu í stað álagningarárs eins og gildir um aðra skattgreiðendur. Lagt er til að skattgreiðslum innlánsstofnana verði eins háttað og gildir um aðra skattgreiðendur og fjallar ákvæði til bráðabirgða IV. um það fyrirkomulag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir greiðslu eignarskatts sbr. umsögn í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum er rekstur tiltekinna stofnlánasjóða, sem starfa í tengslum við innlánsstofnanir undanþeginn skattskyldu, enda sé fjárhagur þessara sjóða greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana. Sjóðir þessir eru tilgreindir í lögunum en þeir eru: Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (Verslunarlánasjóður) og Stofnlánadeild samvinnufélaga. Hér er lagt til, að tekjur stofnlánasjóða og veðdeilda sem starfa í tengslum við innlánsstofnanir en sem fjárhagslega sjálfstæðar deildir séu undanþegnar skattskyldu. Það er skilyrði undanþágu, að til starfseminnar sé stofnað með lögum eða um hana gildi reglugerð sem sett er á grundvelli heimildar í lögum. Þá er það einnig skilyrði að fjárhagur stofnlánasjóðanna og veðdeildanna sé greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana, enda séu nánari reglur um þann aðskilnað staðfestar af fjármálaráðuneytinu.

Auk þeirra stofnlánasjóða, sem taldir eru upp í gildandi lögum og falla undir ákvæði þessarar greinar, eru starfandi veðdeildir á grundvelli laga og reglugerða með heimild í lögum við Alþýðubankann, Búnaðarbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h/f og Landsbanka Íslands. Mundu þær allar falla undir ákvæði þessarar greinar, enda hafi fjármálaráðuneytið staðfest reglugerðir þeirra hvað varðar fjárhagslegan aðskilnað við aðrar deildir bankanna.

Um 3. gr.

Í 3. gr. gildandi laga er tekið fram, að ákvæði laga nr. 75/1981 er varðar heimild til niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda, skuli ekki gilda við ákvörðun á tekju- og eignarskattsstofni innlánsstofnana, sem skattskyldar eru samkvæmt lögunum. Hér er lagt til að innlánsstofnunum sé heimilt að færa til gjalda fjárhæð, sem nemur 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Á undanförnum árum hafa innlánsstofnanir tekið upp þá aðferð að reikna heildarniðurfærslu sem ákveðið hlutfall af samtölu allra útlána og ábyrgða á uppgjörsdegi til að mæta þeirri almennu áhættu sem fylgir þessum útlánum og skuldbindingum. Nokkuð er mismunandi hvert niðurfærsluhlutfallið er hjá einstökum innlánsstofnunum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að viðurkenna beri þörf innlánsstofnana til að mynda sérstakan afskriftareikning vegna útlánaáhættu og að í skattalegu tilliti verði þeim heimilað að færa til gjalda vegna þessa 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða. Með útlánum er hér átt við samtölu útlána og endurlánaðs erlends lánsfjár.

Um 4. gr.

Grein þessi er óbreytt 4. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða IV. gildandi laga eru innlánsstofnanir sem höfðu heildarinnlán lægri en kr. 30 millj. hinn 31.12.1981 undanþegnar greiðslu skatts sem lagður er á á árinu 1982 skv. þeirri grein. Nefndin leggur til að innlánsstofnanir undir tiltekinni lágmarksstærð verði áfram undanþegnar greiðslu tekjuskatts. Flestar þeirra innlánsstofnana sem yrðu undanþegnar skattgreiðslum eru reknar nánast í sjálfboðavinnu stjórnenda með litlum tilkostnaði. Starfsemi þeirra er mjög takmörkuð og afgreiðsla fer fram á heimili reikningshaldara í mörgum tilvikum. Þær stofnanir sem hér um ræðir hafa yfir að ráða u. þ. b. 4% af heildarinnlánum viðskiptabanka og sparisjóða. Innlánsstofnanir, sem skattlagðar yrðu miðað við þau mörk sem greinin kveður á um, hafa þannig yfir að ráða u. þ. b. 96% af heildarinnlánum. Viðmiðunin verði heildarinnstæður í byrjun þess rekstrarárs sem álagning er byggð á. Í upphafi er viðmiðunin ákveðin kr. 50 millj., þ. e. hinn 31.12. 1982, sem er framreiknuð viðmiðunarfjárhæð gildandi laga samkvæmt áætlaðri innlánsaukningu á árinu 1982. Viðmiðunin taki síðan árlegum breytingum í samræmi við útreikning verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 6. gr.

Grein þessi er óbreytt 6. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I—III.

Ákvæði frumvarpsins eru samhljóða ákvæðum til bráðabirgða I—III gildandi laga með þeim frávikum, að í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að innlánsstofnanir greiði eignarskatt.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri reglu sem ákveðin er í 5. gr. gildandi laga, sem kveður svo á um, að innlánsstofnunum er gert að greiða skatta að verulegu leyti á tekjuöflunarárinu gagnstætt því sem gildir um aðra skattgreiðendur. Telur nefndin að um þetta atriði eigi að gilda sömu reglur fyrir innlánsstofnanir og aðra skattgreiðendur. Með þeim hætti, sem kveðið er á um í greininni, verður komið á fullt samræmi í þessum efnum frá og með álagningu tekjuskatts á árinu 1984 vegna rekstrarársins 1983. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Hér er kveðið svo á um, að skattskyldum aðilum skv. lögunum verði gert skylt að færa samanlögð útlán og veittar ábyrgðir í árslok 1982, niður um 1% við mat eigna í ársbyrjun 1983, þannig að samræmis sé gætt við útreikning verðbreytingarfærslu. Með útlánum er hér átt við heildarútlán að meðtöldu endurlánuðu erlendu lánsfé.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Tillaga I.

1. gr.

Bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1983 greiða ríkissjóði 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir. — Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. — Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna nr. 40/1969, renna 60% af heildartekjum þeirra vegna mismunar sölu- og kaupgengis gjaldeyris og 60% af þóknun (provision) vegna gjaldeyrisviðskipta til ríkissjóðs en 40% til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982 var gjald þetta ákveðið 50% til ársloka 1982. Þótti ekki hjá því komist að draga nokkuð úr gjaldtökunni, skv. lögum nr. 40/1969 í ljósi hinnar nýju skattlagningar á banka og sparisjóði, sem ákveðin var með lögunum. Samkvæmt fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði laga nr. 65/1982 er lækkun gjaldsins í 50% tímabundin til áramóta og mun þá hækka í 60% ef ekkert verður að gert.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutdeild ríkissjóðs í tekjum af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna verði 50% frá 1. janúar 1983 að telja. Er þá litið til þess, að gert er ráð fyrir að innlánsstofnanir greiði tekjuskatt frá og með rekstrarárinu 1983 í samræmi við frumvarp til laga um skattskyldu innlánsstofnana, sem lagt er fyrir Alþingi samhljóða (sic) frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Tillaga II.

1. gr.

Bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1983 greiða ríkissjóði 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir. — Á árunum 1984 og 1985 skulu ofangreind hlutföll lækka í áföngum sem hér segir: Á árinu 1984 skal greiða 25%; á árinu 1985 skal greiða 10%. Frá og með árinu 1986 fellur gjald þetta niður. Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um árabil hafa gjaldeyrisbankarnir, Seðlabankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn, greitt til ríkissjóðs ákveðið hlutfall af tekjum þeirra af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Þessi tekjustofn var fyrst á lagður með lögum nr. 86/1956 um útflutningssjóð o. fl. og síðar skv. lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál. Núgildandi ákvæði eru í lögum nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Samkvæmt þeim lögum greiða bankarnir til ríkissjóðs 60% af vergum tekjum vegna þessara viðskipta en 40% renna til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um raunverulegan kostnað gjaldeyrisbankanna vegna þessara viðskipta en upplýst er, að mismunur kaup- og sölugengis hefur verið ákveðinn meiri en vera mundi ef ef ekki kæmi til skattlagningar á

þessi viðskipti. Sama má segja um ýmis þjónustugjöld, sem leyfilegt er að taka skv. gjaldskrá.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982, var gjald þetta ákveðið 50% frá gildistöku laganna til ársloka 1982, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40/1969. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því, að hlutfall þetta lækkaði á árinu 1983 í 40%. Þá var einnig gert ráð fyrir heildarendurskoðun laganna fyrir árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá væri fengin af framkvæmd þeirra. Ákvæði frumvarpsins náði ekki fram að ganga umfram lækkun úr 60% í 50% á árinu 1982, og mun því hækka í 60% aftur þann 1. janúar 1983 ef ekkert verður að gert.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald þetta verði fellt niður í áföngum á árunum 1983—1985. Samkvæmt útreikningum næmi áætlað tekjutap ríkissjóðs á árunum 1983—1985 kr. 31 milljón nettó á verðlagi ársins 1982. Tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar úr 60% í 50% á árinu 1982 var áætlað 9 millj. kr. Sem rök fyrir niðurfellingu gjaldsins má nefna, að gert er ráð fyrir að innlánsstofnanir greiði tekjuskatt frá og með rekstrarárinu 1983 í samræmi við frumvarp til laga um það efni, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Þykir ekki fært að skattleggja sömu tekjur með tvennum hætti. Þar sem niðurfelling gjaldsins þegar í stað mundi hafa í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð er gerð tillaga um að gjaldið verði fellt niður í áföngum.

Með niðurfellingu gjaldsins er þess að vænta að mismunur kaup- og sölugengis erlends gjaldmiðils verði ákveðinn með hliðsjón af breyttum aðstæðum svo og ýmis gjöld vegna þessara viðskipta endurskoðuð.

Ed. 595. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.
Eiður Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1984.

Ólafur Jóhannesson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Valdimar Indriðason, með fyrirvara.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 596. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]

um skipan nefndar til að gera heildarúttekt á stöðu íþrótta í landinu.

Flm.: Níels Á. Lund, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera heildarúttekt á stöðu íþróttamála í landinu. Starf hennar skal miðast við að unnt verði á grundvelli þeirra gagna, sem hún leggur fram, að móta samræmda stefnu í íþróttamálum til ársins 2000.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá: Íþróttanefnd ríkisins, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og tveir fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og sé annar þeirra skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin skili áliti fyrir fyrsta samkomudag næsta reglulegs Alþingis, þannig að unnt verði að taka til heildarendurskoðunar, ef þurfa þykir, á næsta löggjafarþingi íþróttalög nr. 49/1956, með þeim breytingum sem á þeim hafa orðið.

Greinargerð.

Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, er lagt til að ríkisstjórnin skipi sérstaka nefnd til þess að gera heildarúttekt á íþróttamálum í landinu. Á áliti hennar og tillögum verði síðan mótuð heildarstefna í þessum veigamikla málaflokki til ársins 2000, eða næstu 15 árin.

Mikið liggur nú þegar fyrir af gögnum sem nefndin getur unnið úr. Í ársbyrjun 1975 skipaði menntamálaráðherra fimm manna nefnd til þess að rannsaka stöðu íþrótta í íslensku þjóðlífi. Nefnd þessari tókst ekki að ljúka störfum. Eftir er að vinna yfirlit og skrár og rannsaka ýmsa þætti sem leggja verður til grundvallar þegar meta á stöðu íþrótta.

Með þessum gögnum er m. a. unnt að athuga og gera glögga grein fyrir hvort íþróttastarfsemi og líkamsrækt með nemendum og almenningi hefur eflst, hvort aðstaða hefur batnað og hvernig fjárveitingum hefur verið háttað frá því Alþingi mótaði með íþróttalögum 1939 það sjónarmið „... að áhrif íþrótta til þroska, heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi".

Í þáltill. er lagt til að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá íþróttanefnd ríkisins, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og tveir fulltrúar skipaðir úr menntamálaráðuneytinu.

Um þessa nefndarskipun er það að segja að ekki er nema eðlilegt að fulltrúi frá íþróttanefnd eigi þar sæti, m. a. í ljósi þeirrar staðreyndar að um þá nefnd fer mikill hluti þess fjár sem til íþróttamannvirkja er varið og til fleiri þátta íþróttamála. Þá er einnig sjálfsagt að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá þeim tveim fjöldasamtökum sem með íþróttamál fara í landinu, annars vegar Íþróttasambandi Íslands sem er heildarsamtök íþróttafélaganna í landinu, og hins vegar Ungmennafélagi Íslands en starfsemi þess er að verulegu leyti bundin við íþróttir. Bæði hafa þau með að gera íþróttasamskipti innanlands sem utan. Þá er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi einnig fulltrúa í nefndinni. Eins og allir vita eru það sveitarfélögin sem eiga hvað stærstan þátt í uppbyggingu íþróttamannvirkja og annast viðhald þeirra og rekstur, auk þess sem þau hvert og eitt veita stóran hluta tekna sinna til íþróttamála eftir því sem þeim finnst eðlilegast og best. Þá er lagt til að einn fulltrúi verði frá Íþróttakennarafélagi Íslands. Íþróttakennarar vinna daglega að íþróttamálum í einni eða annarri mynd og gjörþekkja því til þeirra mála. Reynsla þeirra og tillögur væru mikils virði sem innlegg í störf nefndarinnar. Að lokum er lagt til að tveir fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu eigi sæti í nefndinni. Það er ekki óeðlilegt. Menntamálaráðuneytið er ráðuneyti íþróttamála. Um það fara allar opinberar fjárveitingar til íþróttamála og það tekur ákvarðanir um byggingar íþróttamannvirkja og skiptingu kostnaðar vegna þeirra. Þá ber einnig að nefna að menntamálaráðuneytið hefur með höndum ábyrgð á íþróttakennslu í skólum og ráðningar starfsfólks til þeirra hluta. Í menntamálaráðuneytinu er íþróttafulltrúi starfandi sem hefur þessi mál með höndum fyrir ráðuneytið.

Íþróttir og það mikla starf, sem þeim fylgir, þarfnast stefnumörkunar ekki síður en aðrir stórir málaflokkar. Ekki ber svo að skilja að engin stefnumörkun hafi átt sér stað varðandi íþróttir því að eins og allir vita eru í gildi íþróttalög ásamt mörgum fleiri þáttum sem móta stefnu á þessu sviði. Eins ber á það að líta og leggja áherslu á að sveitarfélög, og þó ekki síður frjáls félagasamtök, hafa ávallt mótað sína stefnu sjálf og eiga að gera það áfram.

Hitt er svo annað mál að til þess að hægt sé fyrir þessa aðila, eina sér eða alla saman, að móta samræmda stefnu í íþróttamálum er nauðsynlegt að fyrir liggi úttekt á stöðunni eins og hún er nú. Það er þessari nefnd ætlað að gera. Þegar þeirri úttekt er lokið á að vera auðvelt að móta samræmda stefnu allra aðila í íþróttamálum.

Athugun nefndarinnar á að vera margþætt, en helstu þættir, sem athuga þarf, eru:

A: Skólar:

Aðstaða sú sem þeir veita til íþróttaiðkana, bundinna í námsskrá og með frjálsri þátttöku. Einnig verði gerð grein fyrir árangri af framkvæmd sundskyldu og öðrum íþróttaiðkunum í skólum.

B: Ungmenna- og íþróttafélög.

Auk þess sem aðstaða til íþróttaiðkana, keppni og félagsmála er athuguð, skal athugun einnig beinast að starfrækslu íþróttamannvirkja og hvernig þau verði best nýtt bæði fyrir félagsbundna iðkendur og ófélagsbundinn almenning.

Afla þarf upplýsinga um kostnað við íþróttaiðkanir s. s. laun, starfrækslu, flutninga og tæki.

Afla þarf upplýsinga um innlend og erlend íþróttaviðskipti, umfang þeirra og kostnað. Þá þarf einnig að athuga hverjar séu sérþarfir fatlaðra í íþróttum og kostnaður í sambandi við það.

C: Afreksíþróttir.

Athuga þarf starf tengt ólympíuleikum, heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni, Norðurlandakeppni, landskeppni og annarri slíkri keppni. Lýsa þarf umfangi slíks starfs og greina frá kostnaði einstaklinga, félaga og samtaka síðastliðin ár og hver stuðningur opinberra aðila hafi verið og hver hafi verið hlutdeild erlendra íþróttaaðila.

D: Almenningsíþróttir.

Gerð verði grein fyrir möguleikum almennings til ófélagsbundinna íþróttaiðkana og hver sé þróunin á því sviði. Í því sambandi komi fram að hve miklu leyti fjölskyldan geti notið íþróttaiðkana saman og almenningur óháð aldri eða kyni.

Mikið hefur þegar áunnist og verið gert af hálfu opinberra aðila í þessum málum, en athuga þyrfti betur hvort íþróttaaðstaðan nái til allra og gera úrbætur ef með þarf.

Í framhaldi af þessari athugun leggi nefndin fram ábendingar um hvaða ákvæði íþróttalaga þarfnist breytinga eða hvort þörf sé á heildarendurskoðun þeirra laga.

Íþróttalögin má rekja til þess að í apríl 1938 skipaði þáverandi forsætis- og kennslumálaráðherra, Hermann Jónasson, níu manna milliþinganefnd er: „... geri tilögur til ríkisstjórnarinnar fyrir næsta reglulegt Alþingi um það hvernig hagkvæmast verði að efla íþróttastarfsemi og líkamsrækt meðal þjóðarinnar, fyrst og fremst með það sjónarmið fyrir augum að áhrif íþrótta til þroska, heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi".

Nefndin skilaði tillögu að frumvarpi til íþróttalaga á tilskildum tíma og í desember 1939 var það afgreitt sem lög frá Alþingi, nr. 25 12. febrúar 1940. Síðan hefur verið starfað samkvæmt þeim að mestu óbreyttum. Endurskoðuð voru lögin og afgreidd frá Alþingi 28. mars 1956, lög nr. 49/1956. Breytingar voru gerðar á lögunum 1968, lög nr. 5/1968 (7. gr. 4. tl.), um stöðu íþróttafulltrúa, og einnig voru gerðar breytingar á lögunum 1972, lög nr. 34/1972, um íþróttasjóð. Það er því ekki ólíklegt að núgildandi íþróttalög þurfi breytinga við þótt því sé ekki slegið föstu.

Stefnumótunin á að ná til ársins 2000 eða til næstu 15 ára. Búast má við mjög aukinni þátttöku í íþróttum og ekki síst þess að vænta að hún eigi sér stað meðal almennings í ljósi

breyttra atvinnuhátta og styttri vinnutíma. Það er því mikilsvert að sveitarfélög og aðrir, sem að þessum málum vinna, geri sér þetta ljóst og bregðist við því á þann hátt að almenningur geti nýtt frístundir sínar til íþróttaiðkana, sjálfum sér og öðrum til gagns og ánægju.

Að lokum skal lögð á það áhersla að ætlast er til að höfuðmarkmið nefndarinnar verði að gera tillögur sem miði að því að sem flestir hafi jafna möguleika til íþróttaiðkana hvar sem er á landinu.

Sþ. 597. Þingsályktun [77. mál]

um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á öflun veiðileyfa fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, t. d. við Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.

Sþ. 598. Þingsályktun [33. mál]

um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta kostnaðarauka ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi grunnskólanema. Sú kostnaðarkönnun miðist við:

1) Einsetinn skóla.
2) Samfelldan skóladag.
3) Skólamáltíðir handa nemendum og starfsliði.

Jafnframt verði kannað hvort þörf fyrir skóladagheimili og skólaathvarf minnkar með samfelldum skóladegi og hverju sá sparnaður kann að nema.

Niðurstöður þessarar könnunar verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing. Kostnaður greiðist af ríkissjóði.

Ed. 599. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 3. gr. Í stað „Félags fæðingarlækna“ í 1. mgr. komi: Hjúkrunarfélags Íslands.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Ráðherra skipar skólastjóra og skal hann vera ljósmóðir með hjúkrunarfræðimenntun.
3. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi og starfslið skólans að fengnum tillögum skólanefndar.

Ed. 600. Breytingartillögur [62. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Síðari málsgr. falli brott.
2. Við 10. gr. Þar sem stendur „árlega“ í 3. mgr. komi: á fjögurra ára fresti.

Sþ. 601. Fyrirspurn [308. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um kristfjárjarðir.

Frá Svavari Gestssyni og Helga Seljan.

1. Hve margar eru kristfjárjarðir í landinu?
2. Hverjar eru þær?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 602. Fyrirspurn [309. mál]

til viðskiptaráðherra um ný vaxtakjör viðskiptabankanna.

Frá Helga Seljan.

1. Hefur viðskiptaráðherra gefið samþykki sitt fyrir þeirri innlánsvaxtabreytingu sem Iðnaðarbankinn og Landsbankinn höfðu forgöngu um í bankakerfinu?
2. Hvaða afleiðingar telur ráðherra að þessar breytingar hafi á almenn útlán bankanna síðar á árinu?

Ed. 603. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað á sinn fund Sigurð E. Guðmundsson framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar. Umsagnir bárust til nefndarinnar frá eftirtöldum aðilum: Húseigendafélagi Reykjavíkur, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Leigjendasamtökunum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Helgi Seljan.	Valdimar Indriðason.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Egill Jónsson.	

Ed. 604. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir til nefndarinnar um málið: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Samtök heilbrigðisstétta, Læknafélag Íslands, Nýi hjúkrunarskólinn, (skólanefnd) Kvenfélagasamband Íslands, Félag ísl. kvensjúkdómalækna. Sameiginleg umsögn barst frá form. Ljósmæðrafélags Íslands, Hjúkrunarfélags Íslands og skólastjóra Ljósmæðraskóla Íslands. Jafnframt barst sameiginleg umsögn frá námsstjóra hjúkrunarnáms ljósmæðra í Nýja hjúkrunarskólanum, umsjónarkennara Ljósmæðraskóla Íslands og form. ljósmæðradeildar Hjúkrunarfélags Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.

Ed. 605. Frumvarp til laga [310. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli, svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, ásamt frv. sem lagt er fram samtímis um breyting á lögum um fjölbrautaskóla, hefur að markmiði að treysta lagalegan grundvöll þeirrar kennslustarfsemi sem fram fer í svonefndum í „öldungadeildum“ á vegum ýmissa mennta- og fjölbrautaskóla.

Í reglugerð þeirri sem sett var árið 1971 (rg. nr. 12/1971, nú rg. nr. 270/1974) á grundvelli nýrrar löggjafar um menntaskóla frá árinu áður (l. nr. 12/1970) eru ákvæði um að leyfi til að ljúka stúdentsprófi án setu í menntaskóla megi veita þeim, „er á venjulegum menntaskólaaldri hafa t. d. lagt stund á annað nám eða störf, en æskja að afla sér þeirrar menntunar eða þeirra réttinda, er fylgja prófi frá menntaskóla.“ Jafnframt er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið geti heimilað skóla að setja á stofn sérstök námskeið, þ. á m. kvöldskóla, í þágu þeirra sem kjósa að notfæra sér þennan möguleika. Þessi reglugerðarákvæði styðjast ekki við tiltekin ákvæði í menntaskólalögunum. Með hliðsjón af því hve umfangsmikil starfsemi „öldungadeildanna“ er orðin þykir ástæða til að styrkja lagalega stöðu þeirra að þessu leyti.

Fyrsta öldungadeildin tók til starfa á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1972, og hefur hún að mörgu leyti orðið fyrirmynd hliðstæðra deilda sem síðan hafa komist á laggirnar. Meðal skóla sem nú starfrækja slíkar deildir á sínum vegum, auk Menntaskólans við Hamrahlíð, má nefna Menntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólann á Akranesi og Fjölbrautaskólann á Selfossi. Vísir að öldungadeildum er og á vegum Menntaskólanna á Ísafirði og Egilsstöðum og Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki. Skólaárið 1982—83 voru nemendur í öldungadeildum taldir um 1860. Þeir sem lokið hafa stúdentsprófi úr öldungadeildum eru orðnir á sjöunda hundrað, og eru konur þar í talsverðum meirihluta.

Starfshættir öldungadeildanna eru um margt talsvert frábrugðnir reglulegri starfsemi „móðurskólanna“. Kennslan fer að jafnaði fram eftir venjulegan skólatíma dag hvern, og kennslustundir sem hver nemandi sækir eru færri, miðað við sama námsefni. Þetta hefur m. a. valdið því, að kennsla í öldungadeildum er greidd með öðrum hætti en í dagskólunum og eftir sérstökum kjarasamningum.

Frá upphafi öldungadeildanna hefur nemendum þeirra verið gert að greiða innritunargjöld, og hefur á seinni árum verið miðað við að þessi gjöld nálguðust að standa undir allt að þriðjungi beins kennslukostnaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Efnisatriði greinarinnar miðast við núverandi tilhögun og eru reist annars vegar á gildandi reglugerð um menntaskóla en hins vegar á framkvæmdarreglu sem mótast hefur.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að starfsemi öldungadeilda á vegum menntaskóla miðist við kennslu til stúdentsprófs svo sem verið hefur og í samræmi við meginhlutverk skólanna. Eðlilegt er, að í reglugerð sé nánar kveðið á um tilhögun náms og kennslu, svo og rekstrarforsendur. Gert er ráð fyrir, að námskeiðsgjöld miðist við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna eins og stefnt hefur verið að undanfarið.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 606. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný 7. gr., svohljóðandi (núverandi 7. gr. verður 8. gr.):

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhliða þessu frv. um breyting á lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla er lagt fyrir Alþingi hliðstætt frv. um breyting á lögum um menntaskóla, en bæði hafa frumvörpin að markmiði að treysta lagagrundvöll þeirrar kennslustarfsemi í þágu fullorðinna, sem fram fer á vegum ýmissa mennta- og fjölbrautaskóla í „öldungadeildum“ sem svo eru oft nefndar. Í athugasemdum við frv. til breytinga á lögum um menntaskóla eru tildrög þessarar starfsemi stuttlega rakin og getið skóla sem að henni standa, en meðal þeirra eru sex fjölbrautaskólar. Starfsemi öldungadeilda styðst við heimild í reglugerð um menntaskóla, en beinum lagaákvæðum er ekki til að dreifa. Þykir eðlilegt, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur, að lagaleg staða deildanna verði styrkt, hvort heldur þær eru reknar í tengslum við menntaskóla eða fjölbrautaskóla.

Meðan öldungadeildir voru aðeins við menntaskóla beindist kennslan eingöngu að stúdentsprófi. Eftir að sambærileg starfsemi komst á í tengslum við fjölbrautaskóla hafa námsmarkmiðin orðið nokkru breytilegri, eftir því hvaða námsbrautir er um að ræða á hverjum stað.

Þótt ekki hafi verið settar heildarreglur um starfsemi öldungadeilda hefur hin síðustu ár verið leitast við að fylgja fram nokkrum grundvallarkröfum um tilhögun og markmið fullorðinsfræðslu til að hún nyti fjárhagsstuðnings af almannafé með þeim hætti sem tíðkast hefur um öldungadeildir. Þannig hefur heimild til starfrækslu fullorðinsfræðslu á vegum fjölbrautaskóla yfirleitt verið miðuð við eftirfarandi forsendur:

1. Árlega verði lögð fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar áætlun um fyrirhugaða kennslu, námsáfanga og fjölda nemenda í hverjum hóp.
2. Náms- og prófkröfur verði hinar sömu og í hliðstæðum áföngum í reglulegu starfi skólans. Nemendur skrái sig á ákveðnar námsbrautir.
3. Afnot af skólahúsnæði og kennslutækjum verði látin í té án sérstaks gjalds.
4. Launakostnaður skiptist jafnt milli þriggja aðila: Ríkissjóðs, sveitarfélaga þess eða sveitarfélaga, sem að skólanum standa, og nemenda.
5. Annar rekstrarkostnaður skiptist milli ríkissjóðs og aðildarsveitarfélags eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og hliðstæður kostnaður við reglulega starfsemi skólans.

Þessi skilyrði taka m. a. mið af því viðhorfi, að gera beri ákveðnar kröfur um að kennsla í „öldungadeildum“ miði markvisst að tilteknum námslokum í samræmi við reglulega

starfsemi „móðurskólans“ og námið sé að öllu jafngilt í öldungadeild og dagskóla. Jafnframt er með skilyrðunum leitast við að tryggja, að ekki sé efnt til öldungadeildarkennslu nema eðlilegar rekstrarforsendur séu fyrir hendi, þ. á m. að því er varðar nemendafjölda.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þar sem fjölbrautaskólar eru reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, einu eða fleiri, er eðlilegt að samþykki allra rekstraraðila sé áskilið til að heimild til öldungadeildarkennslu á vegum skólans verði veitt. Gert er ráð fyrir, í samræmi við hlutverk fjölbrautaskóla, að slík kennsla þurfi ekki að einskorðast við stúdentspróf heldur geti einnig miðast við önnur lokapróf sem stefnt er að á námsbrautum skólans. Þá er og gert ráð fyrir, að í reglugerð sé kveðið nánar á um starfsemi þessa, sbr. m. a. það sem rakið er hér að framan um þær viðmiðunarreglur sem mótast hafa í framkvæmd um heimild til starfrækslu öldungadeilda á vegum fjölbrautaskóla.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 607. Lög [27. mál]

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 27.

Nd. 608. Lög [23. mál]

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 23.

Nd. 609. Lög [26. mál]

um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 26.

Ed. 610. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Lárus Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Kolbrún Jónsdóttir.	Karl Steinar Guðnason.	Árni Johnsen.

Ed. 611. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum, notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og fengið forustumenn Arnarflugs hf. til að veita upplýsingar og svara spurningum nefndarmanna. Að vel athuguðu máli telur nefndin rétt að ráðherra fái þessa heimild enda liggja fyrir upplýsingar hans og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins um að ábyrgð yrði einungis veitt samkvæmt reglum Ríkisábyrgðarsjóðs sem kveða á um að ábyrgð verði ekki veitt fyrir hærri upphæð en nemur 70% verðmætis fullgildra veða.

Nefndin mælir því með samþykkt frv.

Eiður Guðnason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er sammála nefndarmönnum.

Alþingi, 11. apríl 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Lárus Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.

Ed. 612. Lög [63. mál]

um sjóntækjafræðinga.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 537 (sbr. 397).

Ed. 613. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í neðri deild.

Alþingi, 11. apríl 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Egill Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.	Árni Johnsen.	Skúli Alexandersson.
	Jón Kristjánsson.	

Ed. 614. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Fyrirtæki og einstaklingar, sem um getur í 1. til og með 5. tl. 1. mgr. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru upp í 2. tl., mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra eða séu hluti af birgðum eiturefna, sem flutt hafa verið inn til eigin þarfa fyrirtækjanna. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, sem inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla, er lúta að þessu og sett verða í reglugerð skv. 16. gr. Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við birtingu.

Ed. 615. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Frá Valdimar Indriðasyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Niðurlag 2. gr. laganna orðist svo:
   Ljósatími: Tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás frá 15. maí til 1. september. Annan árstíma, svo og í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði, skulu ljós ökutækja ávallt tendruð í akstri.
2. 3. gr. falli brott.

Ed. 616. Nefndarálit [213. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Egill Jónsson, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 617. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

2. og 3. mgr. 1. gr. breytist og orðist svo:

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3. — 5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

Sþ. 618. Fyrirspurnir. [312. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um lækkun húshitunarkostnaðar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvenær má vænta þess frumvarps um lækkun húshitunarkostnaðar sem iðnaðarráðherra gaf yfirlýsingu um á Alþingi 19. desember s. l. að lagt yrði fram „á fyrstu dögum þings eftir áramót“?
2. Má vænta breytinga á niðurgreiðslu á verði raforku til húshitunar á þessu ári? Ef svo er, þá hvenær og hversu mikil lækkun fengist á raforkuverði með þeim hætti?

II. Til dómsmálaráðherra um þyrlukaup til landhelgisgæslu og björgunarstarfa.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Verður Alþingi kynnt hvernig vali á björgunar- og gæsluþyrlum fyrir Landhelgisgæsluna er háttað?
2. Verða Alþingi kynntar umsagnir Slysavarnafélags Íslands, Flugbjörgunarsveitarinnar, Hjálparsveitar skáta og annarra aðila sem umsögn hafa gefið um þyrlukaupin?

3. Hefur verið leitað umsagnar Björgunarsveitar varnarliðsins eða annarra erlendra, sérfróðra aðila í björgunar- og gæslustörfum um fyrirhuguð þyrlukaup?
4. Hvaða skýringar gefur dómsmálaráðherra á þeirri frétt í Flight International vikuna 4. til 10. febr. s. l. að þyrlukaupanefnd hafi þegar valið Aerospatiale SA 365 N Dauphin?
5. Hvort á að kaupa eina eða tvær þyrlur?

III. Til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar fyrir Norðurlandi.

Frá Pálma Jónssyni.

Er þess að vænta að settar verði reglur um rækjuveiðar úti fyrir Norðurlandi?

Ed. 619. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 620. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3. — 5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

Sþ. 621. Tillaga til þingsályktunar [313. mál]

um sölu á íslenskri sérþekkingu erlendis.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Böðvar Bragason, Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga með hvaða hætti unnt er að koma íslenskri ráðgjöf, sérfræðiþekkingu og reynslu í atvinnulífinu á markað erlendis og hvernig megi samræma vinnubrögð og aðstoða þá aðila sem hafa nú þegar kannað möguleika á útflutningi íslenskrar tækniþekkingar.

Greinargerð.

Til skamms tíma höfum við Íslendingar litið svo á að lífsafkoma okkar byggðist á þeim auðlindum sem felast í landinu sjálfu, hafinu umhverfis það og orkunni í fallvötnum og jarðhita. Að undanförnu hefur athygli manna beinst meira og meira að þeirri auðlindinni sem eðlilegast væri að telja upp fyrsta en það er sú orka sem felst í manninum sjálfum, hugvitið, þekkingin og reynslan.

Eins og nú háttar í þjóðarbúskap okkar má telja að þeir atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, sem mest byggja á landsgæðum og hafinu, hafi nokkurn veginn nýtt þær auðlindir svo sem aðstæður leyfa, vonandi þó aðeins um stundarsakir. Stjórnvöld hafa gefið orkunni verulegan gaum og eru uppi ýmsar áætlanir um virkjun hennar og nýtingu og nefndir að störfum við markaðsöflun fyrir orkuna og afurðir sem vinna má með fulltingi hennar.

Hugvitið er hins vegar sú auðlind er við höfum enn sem komið er lítt hugleitt að geti verið markaðsvara eitt og sér. Á þessu hafa aðrar þjóðir fyrir löngu áttað sig og hagnýtt sína sérþekkingu sem markaðsvöru í öðrum löndum. Íslendingar hafa á undanförnum árum keypt erlendis frá margvíslega þekkingu sem í mörgum tilfellum hefur ekki verið til staðar hér á landi. En þó gæti verið álitamál í sumum tilvikum — t. d. á sviði tækniþekkingar — hvort ekki hafi verið leitað langt yfir skammt. Og þó að við eigum enn eftir að sækja margvíslega þekkingu til annarra landa er mál til komið að brjóta í blað og huga að því með hvaða hætti við getum selt okkar íslensku sérþekkingu erlendis.

Íslendingar eru vel menntuð þjóð og búa yfir reynslu og þekkingu á ýmsum sviðum sem hagnýta mætti í þágu annarra þjóða. Þetta á ekki hvað síst við um þekkingu í útvegi og fiskvinnslu og tækniþekkingu á sviði jarðhita. Einnig má nefna þá miklu reynslu sem fengist hefur vegna framkvæmda við vatnsaflsvirkjanir á undanförnum árum. Miklar framfarir hafa orðið í almennum iðnaði, m. a. við úrvinnslu landbúnaðarafurða, svo sem prjónaiðnaði, skinnaiðnaði og sútun. Veiðarfæragerð er einnig vel þróuð og komin á hana mikil reynsla. Hér er starfræktur öflugur landbúnaður í harðbýlu landi við hin erfiðustu skilyrði og er hann sá atvinnuvegur sem hvað mesta og lengsta reynslu hefur að baki. Ekki er nokkur vafi á að íslenskir landbúnaðarráðunautar hafa öðlast mjög góða þekkingu og dýrmæta reynslu í störfum sínum sem án efa gæti nýst öðrum þjóðum. Ýmsir aðrir möguleikar en þeir, sem hér hafa verið tilgreindir, eru að sjálfsögðu fyrir hendi og ber að leita þeirra og koma á framfæri eftir því sem tækifæri gefast til.

Miðlun á þekkingu til annarra landa, starfsemi Íslendinga erlendis og samskipti á alþjóðavettvangi stuðla einnig að því að viðhalda og auka hæfni innlendra aðila. Slíkt hagnýtist að sjálfsögðu í verkefnum hér heima og færir þjóðinni þar að auki gjaldeyristekjur. Samkeppni á erlendum mörkuðum er hörð í þessu efni sem öðru og brýnt er að nýta þá möguleika sem Íslendingar hafa til að ná traustri fótfestu í greinum þar sem íslensk sérfræðiþekking er á heimsmælikvarða. Aðrar þjóðir sækja fast inn á þau svið og Íslendingar standa að ýmsu leyti höllum fæti í samkeppninni, ekki síst vegna þess að íslensk fyrirtæki eru flest smá í sniðum og samræmingu og heildarstefnumótun á þessu sviði skortir.

Hinn 8. febrúar s. l. gekkst Orkustofnun fyrir fundi um aðferðir við útflutning á jarðhitaþekkingu. Á fundinum komu þær athyglisverðu upplýsingar fram að ráðgjafarfyrirtæki á Norðurlöndum hafa sótt mjög á erlenda markaði undanfarin 15 ár með góðum árangri. Um 40% verkefna finnskra verkfræðinga eru erlendis (mest í Sovétríkjunum) en 25 — 30% verkefna verkfræðinga annars staðar á Norðurlöndum. Íslenskar verkfræðistofur eru langt á eftir í þessu tilliti.

Íslendingar eiga aðild að Norræna verkefnaútflutningssjóðnum sem stofnaður var árið 1982 og starfar í náinni samvinnu við Norræna fjárfestingarbankann. Sjóðurinn veitir norrænum fyrirtækjum áhættufjármagn til að kanna möguleika þeirra á að komast inn á markaði í þróunarlöndum. Áhersla hefur einkum verið lögð á þrjú svið í starfsemi sjóðsins. Það eru tæki og búnaður til sjávarútvegs, landbúnaðar og orkumála. Íslendingar hafa ýmislegt fram að færa á öllum þessum sviðum og getur sjóðurinn því orðið þýðingarmikill íslenskum hagsmunum. Grundvallarþáttur í starfsemi sjóðsins er að styrkja norræn fyrirtæki og samtök við gerð skilyrða- og arðsemisathugana í tengslum við alþjóðleg verkefni. Til að styrkja fyrirtæki við öflun nýrra verkefna í þróunarlöndum gefur sjóðurinn þeim kost á áhættufjármagni, allt að helmingi af kostnaði. Ef verkefni tekst endurgreiðir fyrirtækið það fé sem sjóðurinn veitti. Leiði athugun fyrirtækisins hins vegar ekki til neins fellur endurgreiðsla niður, þ. e. fyrirgreiðslan breytist í beinan styrk.

Meðal ýmissa þjóða hefur tíðkast að veita þróunaraðstoð með fjárframlögum eða hagstæðum lánum með skilyrðum um að sérfræðivinna og tækjabúnaður sé keyptur frá viðkomandi þjóð. Á fyrrnefndum fundi Orkustofnunar kom fram að þetta er ýmist gert með tvíhliða samningum milli þjóðanna um þróunaraðstoð eða með því að styrktarþjóðin leggur ákveðna fjárupphæð til alþjóðastofnunar til sérstaks verkefnis í tilteknu þróunarlandi en á móti kemur fjárframlag frá alþjóðastofnuninni og þróunarlandinu. Oft skipta upphæðir í slíkum þróunarverkefnum milljónum dollara og eru því töluvert hærri en þær takmörkuðu fjárveitingar sem Íslendingar veita til þróunaraðstoðar. Slík verkefni koma þróunarlandinu oft mjög til góða, skapa umtalsverð verkefni fyrir ráðgjafarfyrirtæki, verktaka og iðnfyrirtæki í þróaða landinu, en gera fyrirtækjum í öðrum löndum eins og Íslandi illmögulegt að koma tækniþekkingu sinni á markað. Ef til vill ættu Íslendingar að hugleiða að eyrnamerkja framlög til alþjóðastofnana jafnframt því sem auka þarf slík framlög. Dæmi frá löndum eins og Nýja-Sjálandi benda til þess að þegar til lengri tíma er litið geti framlög til þróunarlanda skilað sér að fullu til baka í formi viðskipta. En það er nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki leiti uppi slík verkefni á erlendri grund því að þau fást ekki að öðrum kosti. Það kom fram á fundinum að danska hitaveitusambandið hefur siglt í kjölfar styrkþega Jarðhitaskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna frá Kína eftir þjálfun þeirra á Íslandi til þess að afla verkefna fyrir dönsk ráðgjafarfyrirtæki og iðnfyrirtæki við hönnun og byggingu hitaveitna í Kína.

Margir telja að á sviði jarðhita standi Íslendingar best að vígi til að flytja út tækniþekkingu. Í því sambandi má geta þess að fyrirhugað er að ráðast í mikla uppbyggingu í tengslum við jarðhitaauðlindir Filippseyinga. Alþjóðabankinn fjármagnar umtalsverðan hluta verkefnisins auk þess sem lítils háttar aðstoð kemur frá Japan, Nýja-Sjálandi og Ítalíu. Íslenskt fyrirtæki — Virkir hf. — hefur með stuðningi Norræna verkefnaútflutningssjóðsins

boðið í verkfræðiþátt, þ. e. hönnun, eftirlit, verkefnisstjórnun o. fl., þessa verkefnis en ef til kæmi gætu Íslendingar hugsanlega einnig tekið að sér t. d. borunarvinnu og aðra þá tæknivinnu þar sem íslensk þekking og reynsla kynni að nýtast. Þess má geta að Virkir hf. hefur um nokkurt árabil unnið að verkefni í Kenya og nú er á döfinni nýtt verkefni fyrir Eþíópíu. Þá mun einnig vera í uppsiglingu stórt jarðhitaverkefni í Grikklandi sem mjög er áhugavert fyrir íslenska tækniráðgjafa að fylgjast með. Eðlilegt er að Orkustofnun fylgist vel með þessum málum þar sem flestir jarðvísindamenn landsins með reynslu á sviði jarðhitarannsókna starfa hjá þeirri stofnun.

Benda má á að Slippstöðin á Akureyri hefur í samvinnu við finnska aðila kannað möguleika á að flytja út þekkingu sína og reynslu við skipasmíðar og hugsanlega smíði tilraunaskipa. Ákveðnir aðilar í Marokkó sýndu þessu verkefni áhuga en samningar náðust ekki. Nú er verið að reyna fyrir sér víðar á þessu sviði.

Úlfur Sigurmundsson framkvæmdastjóri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hefur haft með höndum athuganir á mögulegum útflutningi fiskveiði- og fiskvinnsluverkefna í Vestur-Afríku og víðar. Tilgangurinn er sá að flytja út íslenska framleiðslu, þekkingu og reynslu á fiskveiða- og fiskvinnslusviðinu. Þessi verkefni hafa notið aðstoðar Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, en skilyrði aðstoðar þar eru m. a. þau að norrænir hagsmunir séu skýrir og að hið minnsta tvær Norðurlandaþjóðanna eigi hagsmuna að gæta í hverju verkefni sem sjóðurinn styrkir. Að auki hefur sjóðsstjórnin lagt þunga áherslu á að verkefni feli í sér raunhæfa möguleika á viðskiptum sem byggjast á markaðslegum sjónarmiðum. Í árslok 1983 höfðu íslenskir aðilar fengið 128 000 finnskra marka framlög úr sjóðnum og voru það 6% þess heildarfjár sem varið hafði verið til aðstoðar.

Þótt hér hafi einkum verið vikið að möguleikum Íslendinga til útflutnings á sérþekkingu á sviði sjávarútvegs og jarðhita eru möguleikarnir til á fleiri sviðum. Í erindi Pálma Kristinssonar, byggingarverkfræðings, sem mjög hefur hugað að útflutningsmöguleikum innlends verktakaiðnaðar, á aðalfundi Verktakasambands Íslands 30. mars s. l. kom m. a. fram að útflutningur á verktakastarfsemi væri nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í þróun verktakaiðnaðarins hér á landi. Hann fullyrti að þrátt fyrir frekar bágborið ástand verktakaiðnaðarins í heild væru hér á landi 2–4 verktakafyrirtæki sem ættu möguleika á og hefðu þörf fyrir að komast á erlenda markaði. Ástæðan væri einkum lítill og sveiflukenndur markaður hér á landi og að þannig hefði verið brugðist við svipuðum vanda meðal annarra þjóða. Á Norðurlöndunum hefðu opinberir aðilar og fyrirtæki á öllum sviðum byggingar- og mannvirkjagerðar (ráðgjöf, hönnun, framkvæmdir) tekið höndum saman til að efla þessa starfsemi. Ávinning slíkrar starfsemi taldi Pálmi einkum fólginn í eftirfarandi:

— Tækifæri gefst til að flytja út hugvit, reynslu og verkkunnáttu íslenskra verktakafyrirtækja og tæknimanna.
— Í kjölfar slíkrar starfsemi fylgir oft aukin eftirspurn eftir iðnarðarvörum tengdum mannvirkjagerð.
— Við störf erlendis fæst reynsla á ýmsum sviðum sem síðar kemur að gagni við úrlausn verkefna hér heima og stuðlar því að tækniframförum og aukinni framleiðni í íslenskum byggingariðnaði.
— Við störf erlendis skapast sambönd við erlend verktakafyrirtæki í samkeppni og samstarfi og ætti það að efla fyrirtækin.
— Útflutningur á verktakaiðnaði skapar nýja starfsmöguleika og er gjaldeyrisaflandi.
— Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir að útflutningur á verktakastarfsemi er arðvænlegri en sambærileg starfsemi á heimamarkaði.

Þá kom fram í máli Pálma að markaðsöflun væri gífurlega kostnaðarsöm og í nágrannalöndunum hafi opinberir aðilar komið til aðstoðar með lánafyrirgreiðslu og markaðsöflun gegnum utanríkisþjónustu eða markaðsskrifstofur erlendis.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að það sé lykilatriði að samræma betur útflutningstilraunir Íslendinga. Útflutningur á hugviti og þjónustu þarf að teljast eðlilegur þáttur í útflutningsstarfsemi þjóðarinnar.

Ed. 622. Frumvarp til laga [314. mál]

um sjúkraliða.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðrum skóla hér á landi, er heilbrigðisráðuneytið viðurkennir.

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. þessum lögum.

4. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

5. gr.

Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.

6. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis, skal landlæknir áminna hann. Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi samkvæmt 1. málsgr. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

8. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974 að öðru leyti en þar sem kveðið er á um nám sjúkraliða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lagaákvæði um sjúkraliða er að finna í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, en þar segir m. a. að heimilt sé að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun og að um nám þeirra, starfsréttindi og skyldur skuli kveðið í reglugerð. Þegar þetta ákvæði var lögfest var nám sjúkraliða starfsnám sem hægt var að stunda við nokkur af stærstu sjúkrahúsum landsins. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið, og nú fer nám sjúkraliða fram í sérstökum skóla, Sjúkraliðaskóla Íslands, Reykjavík, og í nokkrum fjölbrautaskólum landsins.

Á undanförnum árum hafa sérlög verið sett um hinar ýmsu starfsstéttir heilbrigðisþjónustunnar. Á þann hátt hefur verið reynt að lögvernda starfsheiti, starfsréttindi og skyldur þessara stétta með það fyrir augum að eingöngu þeir sem til þess eru taldir hæfir sakir náms og starfsreynslu vinni slík störf. Þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þess.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur farið þess á leit að þetta gildi einnig um sjúkraliða, þ. e. a. s. að kveðið verði á um starfsheiti þeirra, réttindi og skyldur í sérlögum. Sér ráðuneytið ekki ástæðu til annars en verða við þeirri beiðni og er frumvarp þetta því fram komið.

Ástæðulaust er að fjalla hér um efnisatriði frumvarpsins, þar sem þeim svipar í öllum meginatriðum til laga sem sett hafa verið á undanförnum árum um hinar einstöku heilbrigðisstéttir. Þó er rétt að vekja athygli á því, að í engu er ætlunin að breyta störfum sjúkraliða og áfram er gert ráð fyrir því að þeir starfi undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðinga sbr. 5. gr. frumvarpsins. Hlutverk þeirra verður sem fyrr að aðstoða við hjúkrun.

Ennfremur er rétt að vekja athygli á gildistökuákvæðinu í 9. gr. þar sem fram kemur að ekki er ætlunin að afnema gildandi ákvæði um nám sjúkraliða, en þau er að finna í áðurnefndri 8. gr. hjúkrunarlaga. Annars væru engin ákvæði um námið í lögum, en frumvarpi þessu er eingöngu ætlað að fjalla um starfsheiti, réttindi og skyldur. Eðlilegur fylgifiskur yrði því að setja ákvæði um námið í sérlög, en í dag er kveðið á um það í reglugerð, sbr. reglugerð nr. 352/1983. Vitanlega eiga þó slík ákvæði best heima í lögum um framhaldsskóla, sem væntanlega líta dagsins ljós áður en langt um líður. Þá verður væntanlega ekki lengur á verksviði heilbrigðisráðuneytis að standa fyrir rekstri skóla eins og nú á sér stað í nokkrum tilvikum, þ. á m. Sjúkraliðaskóla Íslands.

Ed. 623. Frumvarp til ljósmæðralaga. [315. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands.

Ráðherra getur veitt öðrum leyfi, er lokið hafa jafngildu námi erlendis, að dómi ljósmæðraráðs, sem ráðherra skipar. Ljósmæðraráð skal skipað þremur aðilum til 5 ára, og skal einn tilnefndur af heilbrigðisráðuneyti, einn af Ljósmæðrafélagi Íslands og einn af Ljósmæðraskóla Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

3. gr.

Hverjum þeim, sem hefur rétt samkv. 1. gr. og hefur fengið leyfi skv. 2. gr. til ljósmóðurstarfa er frjálst að stunda ljósmóðurstörf hvar sem er hér á landi.

Ljósmóðir, sem stundar fæðingarhjálp í heimahúsum á eigin vegum skal þó tilkynna það viðkomandi héraðslækni og leggja fyrir hann skilríki sín.

4. gr.

Ljósmæður annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Ljósmæður starfa að fæðingarhjálp og mæðravernd.

5. gr.

Óheimilt er að ráða sem ljósmæður aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

6. gr.

Ljósmóður ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Ljósmóður er skylt að gæta þagmælsku, um atriði, sem hún fær vitnesku um í starfi sínu og leynt skulu fara að lögum skv. eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um ljósmæður gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga nr. 80/1969, með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota ljósmæðra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti nr. 17/1933 með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Ljósmæðrafélags Íslands og er að miklu leyti byggt á tillögum félagsins, en gildandi ljósmæðralög eru komin til ára sinna en þau eru að grunni til frá árinu 1933. Gefur því auga leið að mörg ákvæði gildandi ljósmæðralaga eiga ekki við í dag sakir breytinga á lögum um skipan heilbrigðismála og ennfremur þar sem í landinu starfa nú fleiri heilbrigðisstéttir en áður.

Samkvæmt gildandi ljósmæðralögum er landinu skipt niður í ljósmæðraumdæmi, sem hefur enga raunverulega þýðingu þar sem lög um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. nú lög nr. 59/1983 kveða á um skipan heilsugæsluumdæma og störf ljósmæðra við heilsugæslustöðvar. Ber því nauðsyn til að endurskoða lögin, einfalda þau og færa í svipaðan búning og önnur lög, sem sett hafa verið á undanförnum árum um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við upphafsgreinar í öðrum lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum um ýmsar heilbrigðisstéttir.

Um 2. gr.

Ljósmæðraskóli Íslands er eini skólinn hér á landi, sem veitir sérstaklega menntun á þessu sviði.

Hvað snertir leyfi til aðila, sem lokið hafa jafngildu námi erlendis, skulu þau lögð fyrir ljósmæðraráð, sem lagt er til að ráðherra skipi þremur aðilum, þar af tveimur samkv. tilnefningu, til fimm ára í senn. Er hér um að ræða samskonar ákvæði og í hjúkrunarlögum nr. 8/1974 þar sem fjallað er um hjúkrunarráð.

3. gr.

Þar sem fæðingar tíðkast enn í heimahúsum, þótt í litlum mæli sé, er nauðsynlegt að kveða á um að þeim ljósmæðrum, sem ætla sér að stunda fæðingarhjálp í heimahúsum, sé skylt að tilkynna það sérstaklega til viðkomandi héraðslæknis og leggja fyrir hann lögboðin skilríki.

4. gr.

Hér er fjallað um störf ljósmæðra. Þrátt fyrir orðalag greinarinnar er ekki þar með sagt að hér sé um að ræða störf er ljósmæður sitja einar að. Í megindráttum má segja að störf ljósmæðra séu eftirfarandi:

Að útfylla mæðraskrá við fyrstu komu í mæðraeftirlit og að annast mæðraeftirlit og rannsóknir og fræðslu því samfara. Ennfremur foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu og fræðslu um barnið. Ljósmæður annast nú slökunaræfingar fyrir barnshafandi konur, fæðingarhjálp, umönnun, eftirlit og fræðslu fyrir mæður í og eftir fæðingu og eftirlit með ungbörnum í sængurlegu. Ennfremur taka ljósmæður þátt í fjölskylduáætlunum ásamt öðrum starfsstéttum heilbrigðiskerfisins.

Um 5.—11. gr.

Þessar greinar eru samhljóða greinum í öðrum lögum, sem sett hafa verið um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir á undanförnum árum. Er þar tekið mið af reglum læknalaga nr. 80/1969, sérstaklega hvað snertir sviptingu og endurveitingu starfsréttinda svo og fyrir brot í starfi. Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa.

Ed. 624. Lög [223. mál]

um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 573.

Ed. 625. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Frá Salome Þorkelsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Davíð Aðalsteinssyni,
Eyjólfi Konráð Jónssyni, Eiði Guðnasyni, Helga Seljan,
Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

4. gr. frv. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. september 1984.

Nd. 626. Frumvarp til laga [316. mál]

um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim umsækjanda sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Áður en leyfi er veitt, skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðherra að synja um leyfi, ef umsögn er neikvæð eða 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um umsækjanda.

3. gr.

Veita má þeim tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni, sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi.

Sé um erlendan ríkisborgara að ræða, skal hann ennfremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis. Umsækjandi skal sanna að 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um hagi hans. Binda má leyfið við ákveðinn tíma.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

4. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga, sem skulu samdar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð að deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, annar er yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins og hinn þriðji skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Nefndin skal ennfremur kveðja til tvo sérfróða tannlækna til þátttöku í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

5. gr.

Starfssvið tannlækna nær yfir varnir, greiningu og meðferð á sjúkdómum og ágöllum í munni, kjálkum og aðlægum vefjum þar með talið hvers konar tannskekkja og tannvöntun.

6. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa og afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þurfa við lækningar sínar og nota þau tækni og efni, er fram koma á hverjum tíma og þeir þurfa við starfa sinn, enda hafi þeir aflað sér þekkingar á meðferð þeirra.

7. gr.

Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk, svo og sérhæft aðstoðarfólk. Sérhæft aðstoðarfólk skal, hvert á sínu sviði, hafa hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks starfsfólks tannlækna.

8. gr.

Aðstoðarfólk samkvæmt 7. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla.

Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir.

9. gr.

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna, og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum, sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það, ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

11. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að tannlæknir vanræki skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna viðkomandi og skýra jafnframt heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands frá áminningu og tilefni hennar.

Komi áminningin ekki að haldi, ber landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

12. gr.

Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir, að tannlæknir hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krefjast beri af honum, skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis, má svipta viðkomandi tannlæknaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu tannlækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

14. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við fulltrúa tannlæknadeilar Háskóla Íslands og Tannlæknafélags Íslands.

Hér er um að ræða endurskoðaða útgáfu af frumvarpi til tannlæknalaga, sem flutt var á 94. löggjafarþingi 1973—74 og varð ekki útrætt.

Lög um tannlækningar eru að stofni til frá 14. júní 1929. Gefur því auga leið að mörg ákvæði þeirra eru ýmist úrelt eða mjög ófullnægjandi á marga vegu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. læknalaga og velflestra, ef ekki allra sérlaga um heilbrigðisstéttir, sem sett hafa verið á síðustu 10—15 árum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um það, að veita **skuli** leyfi samkvæmt 1. gr. öllum þeim, sem uppfylla skilyrði þessarar greinar.

Í frumvarpi sem fram var lagt á 94. löggjafarþingi var, auk framangreindra skilyrða, ætlast til að umsækjandi væri íslenskur ríkisborgari og hefði meðmæli landlæknis til starfans. Í meðförum Alþingis var skilyrði um íslenskt ríkisfang fellt út. Hér er lagt til að greinin verði af þessu leyti til eins og Alþingi hafði frá gengið, þegar málið dagaði uppi.

Að athuguðu máli er hér líka sleppt skilyrðinu um meðmæli landlæknis, sem var í fyrra frumvarpi. Ástæður þessa eru einkum þær, að hér er verið að fjalla um hæfni manna, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Háskóla og sem **skulu** fá óskerta heimild til að vinna þau störf, sem þeir hafa menntast til, nema fram hafi komið sérstakar vanhæfisástæður. Um það, hvort slíkt hafi komið fram hjá umsækjanda, getur landlæknisembættið ekki vitnað öðrum fremur. Þar verður þekking kennara tannlæknadeidar að vega mest, og því er nauðsyn að umsögn deildarinnar fylgi. Ráðherra getur, hvenær sem hann telur tilefni til, óskað umsagnar landlæknis og að embættið kynni sér hagi mannsins, þá sem máli skipta í þessu samhengi.

Um 3. gr.

Í 2. grein er fjallað um umsækjendur, sem **eiga rétt** á að fá starfsleyfi **nema** bent sé á andlega eða siðferðilega ágalla þeirra, sem vanhæfi gætu valdið.

Í þessari grein er hins vegar fjallað um þá, sem ekki teljast eiga slíkan rétt sjálfkrafa. Það, sem skilur á milli, er að í fyrra tilvikinu hafa menn lokið prófi frá Háskóla Íslands en í síðara tilviki frá öðrum háskólum.

Með tilliti til þess, að kröfur þær, sem gerðar eru til lokaprófs í tannlækningum, eru mjög mismunandi hjá hinum ýmsu þjóðum og skólum, er nauðsynlegt að kanna hvort kröfur viðkomandi skóla hafi verið nægilegar, áður en tannlæknum, sem numið hafa erlendis, er veitt starfsleyfi.

Þetta skilyrði var fellt niður í meðferð neðri deildar Alþingis á hliðstæðu frumvarpi 1973. Það þykir þó nauðsynlegt, enda er þetta sami háttur og hafður er á á hinum Norðurlöndunum.

Eini aðilinn, sem kannað getur þetta hérlendis, er tannlæknadeild Háskóla Íslands eftir að hún fékk viðunandi starfsskilyrði. Hafa tveir erlendir tannlæknar nú þegar fengið aðgang að deildinni til að gangast undir nauðsynleg hæfnispróf.

Útilokað er fyrir þá, sem ekki geta tjáð sig og skilið íslenska tungu að einhverju marki, að annast tannlækningar hérlendis. Er því haldið óbreyttu skilyrði um slíkt úr núgildandi tannlæknalögum.

Með tilliti til þess að í auknum mæli er farið að gera hérlendis vísindalegar rannsóknir á tönnum og umhverfi þeirra, þarf að gera ráð fyrir tímabundinni leyfisveitingu til slíkra starfa.

Norðurlandaþjóðirnar hafa nú þegar gert með sér milliríkjasamning um gagnkvæm starfsréttindi heilbrigðisstétta. Því þykir rétt að gera ráð fyrir að tannlæknar falli undir slíkan samning í framtíðinni.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um sérfræðireglur og sérfræðileyfi. Er hún óbreytt úr núgildandi lögum, nema að í stað annars fulltrúa Tannlæknafélags Íslands í sérfræðinefndinni kemur yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins, sem þykir heppilegt eftir að komin er sérstök tannheilsudeild í ráðuneytið.

Komið hefur fram sú hugmynd að fela tannlæknadeild Háskóla Íslands þessi mál líkt og gert er ráð fyrir í læknalögum og neðri deild Alþingis lagði til 1973. Slíkt er ekki talið heppilegt vegna þess hve tannlæknadeildin er fámenn. Flyttist þá umfjöllun og ákvörðunartaka um þessi mál í hendur þröngs hóps tannlækna, en hvorki stéttarfélag né heilbrigðisyfirvöld hefðu áhrif, sem gæti þó verið æskilegt í mörgum tilvikum.

Um 5. gr.

Skilgreining á starfssviði tannlækna er efnislega lítt breytt en einfaldari heldur en áður.

Um 6. gr.

Þessi grein er nær óbreytt úr núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Skýr ákvæði um aðstoðarfólk tannlækna hefur vantað í núgildandi lög og var það, eitt með öðru, ástæðan til þess að nauðsyn bar til að tannlæknalög yrðu endurskoðuð.

Gera má ráð fyrir að sérhæfing aðstoðarfólks tannlækna aukist og kennsla í þeim greinum verði tekin upp í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Í þessu sambandi má nefna tannfræðinga (hygienista, tandplejere) og aðstoðarfólk (klinikassistenter).

Reynslan hefur orðið sú á hinum Norðurlöndunum, að slíkt aðstoðarfólk hefur tekið að sér, undir yfirstjórn tannlækna, mörg einfaldari störf, sem heyra undir hina almennu tannlæknisþjónustu, en sem oft hefur ekki verið lögð nægileg áhersla á af tannlæknum í önn dagsins.

Má í þessu sambandi nefna fræðslu um varnir gegn tannskemmdum. Án efa má m. a. þakka það starfi tannfræðinga, hve góðum árangri hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa náð

með fyrirbyggjandi starfi, á meðan við höfum orðið á eftir í þeim efnum, en tannfræðingar eru nú fyrst að hasla sér völl hér á landi.

Hvernig svo sem ákveðið verður í framtíðinni að haga menntun þessara stétta, er eðlilegt að endanleg starfsleyfi og löggildingu fái þessar stéttir eins og aðrar heilbrigðisstéttir hjá heilbrigðisráðherra, enda sanni þær fyrir honum að menntun hvers og eins uppfylli þau skilyrði, sem lög setja fyrir slíku starfsleyfi.

Tannsmiðir eru nú orðnir iðnaðarmenn og falla því ekki undir ákvæðin um sérhæft aðstoðarfólk tannlækna. Starfa flestir þeirra á eigin verkstæðum að verkefnum fyrir tannlækna.

Um 8. gr.

Þar sem það er tannlæknirinn einn, sem getur greint sjúkdóm þann, sem til meðferðar kemur og gefið fyrirmæli um eða stjórnað þeirri meðferð, sem sjúklingurinn skal fá, verður öll aðgerð við sjúklinginn að fara fram undir handleiðslu og á ábyrgð hans. Þegar af þessari ástæðu leiðir, að því aðstoðarfólki, sem heimilað er að vinna við tannlækningar, verður aldrei heimilað að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla. Að öðru leyti leiðir ákvæði þessarar greinar beint af lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og stöðu þeirra í heilbrigðiskerfinu.

Um 9. gr.

Rétt þykir að taka ákvæði um þagmælsku tannlæknis og allra annarra, sem að tannlækningum starfa undir handleiðslu hans, beint upp úr læknalögum til að leggja áherslu á þetta atriði.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig tekin upp úr læknalögum, þó eru hér sérreglur um opnum lækningastofu eða flutning. Ákvæði þetta var fellt niður í meðförum Alþingis 1973. Þar sem gera verður ráð fyrir þeim möguleika, að tannlæknar starfi hérlendis án þess að vera í stéttarfélagi tannlækna, er ekki nægjanlegt að hafa þessi ákvæði í siðareglum félagsins.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Grein þessi er að stofni til úr læknalögum, en gert er ráð fyrir að vandamál, sem upp kunna að koma í sambandi við störf tannlækna séu kynnt strax í upphafi heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands, til að flýta fyrir afgreiðslu og gera aðhald virkara.

Einnig var haft í huga að enginn tannlæknir starfar við landlæknisembættið en aftur á móti í ráðuneytinu.

Um 13. gr.

Grein þessi er sömuleiðis efnislega tekin úr læknalögum til að leggja áherslu á þessi atriði.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 627. Frumvarp til laga [317. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

3. málsgr. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 11 1981) orðist svo:

Þó skal heimilt að fella niður að fullu tolla og aðflutningsgjöld af allt að 40 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum er heimild til að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum árlega fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækja. Þar er miðað við ákveðna hámarksupphæð niðurfellingar, þ. e. allt að 24 þús. kr., sem gilti í samþykkt Alþingis 8. apríl 1981. Lögin gera ráð fyrir breytingum samkvæmt framfærsluvísitölu og er niðurfellingin nú 66 þús. kr.

Þetta er hin almenna heimild. Sérstök heimild er svo fyrir tvöfaldri þessari niðurfellingu til þeirra öryrkja sem verst eru staddir en geta þó ekið sérstaklega útbúinni bifreið. Sú heimild er bundin við allt að 40 bifreiðar árlega af heildartölunni 550 og er nú í niðurfellingu samtals 132 þús. kr. að hámarki.

Þessi upphæð er hverfandi miðað við það hversu stórar og um leið dýrar bifreiðar þessir aðilar þurfa að kaupa, annars vegar vegna hjólastóla sinna og hins vegar vegna margháttaðs aukabúnaðar eða almennt vandaðri búnaðar en gengur og gerist. Þessir aðilar, sem niðurfellingar njóta skv. hinni sérstöku heimild, þ. e. 132 þús. kr. eru í raun bundnir kaupum á bifreiðum sem skv. upplýsingum frá Öryrkjabandalaginu kosta frá 500–700 þús. kr. þegar allt er meðtalið og jafnvel meira. Allir vita hve aðflutningsgjöld og tollar eru stór hluti af verði bifreiða og skv. þessu frv. yrði því um verulega bót að ræða fyrir þessa verst settu öryrkja sem þó eiga möguleika á að komast allra sinna ferða í bifreið ef nógu vel er að öllu búið.

Flm. eru þó tilbúnir til þess að skoða allar leiðir til að auka þessar niðurfellingar þótt ekki yrði að fullu.

Hitt er augljóst að miðað við almennt verð bifreiða og möguleika þeirra rúmlega 500 aðila, sem árlega fá hina lægri heimild, til þess að fá ódýrari bifreiðar, þá er hlutfallsleg staða þeirra mun betri en hinna sem mest þurfa á að halda þótt þar sé í engu ofrausn heldur.

Brýnast er að leiðrétta hlut þeirra sem mestir eru öryrkjar og til þess verður að finna færa leið. Til þess að svo megi verða er frv. þetta flutt.

Nd. 628. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til ítarlegrar meðferðar. Leitað var til þeirra mörgu sem tjáðu sig um frv. á s. l. vori auk nokkurra annarra aðila og voru langflestir, sem svöruðu, sammála um nauðsyn slíkrar löggjafar sem þessarar.

Á fund nefndarinnar komu m. a. sumir þeirra sem unnu að samningu frumvarpsins og veittu nefndinni upplýsingar og aðstoðuðu við endanlega gerð þess. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum. Eru brtt. nefndarinnar fluttar á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn eru með fyrirvara um það ákvæði brtt. sem fjallar um markaðan tekjustofn til tóbaksvarna.

Reykjavík, 12. apríl 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Guðmundur Bjarnason, með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 629. Breytingartillögur [70. mál]

við frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „tóbaksneyslu“ í niðurlagi gr. komi: tóbaksreyks.
2. Við 5. gr. Í stað „tóbaksvarnaráð“ í 1. mgr. og hvarvetna í frv. komi: tóbaksvarnanefnd.
3. Við 5. gr. 1. tölul. 2. mgr. orðist svo:
   Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
4. Við 5. gr. 5.mgr. orðist svo:
   Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.
5. Við 6. gr. 3.mgr. orðist svo:
   Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.
6. Við 7. gr. Upphaf 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Þetta nær þó ekki til auglýsinga o. s. frv.
7. Við 7. gr. 4. og 5. mgr. falli brott.
8. Við 8. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ekki má selja tóbak í spítölum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.
9. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Tóbaksreykingar eru óheimilar í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þó skulu þeir á

hverjum tíma hafa afmarkaðan fjölda veitingaborða fyrir gesti sína sem séu sérstaklega merkt að við þau séu tóbaksreykingar bannaðar.

10. Við 9. gr. Í stað „tóbaksnotkun“ í 2. mgr. komi: tóbaksreykingar.
11. Við 10. gr. Aftan við orðið „heimilt“ í 2. mgr. komi: samkvæmt tillögu starfsmannafundar eða starfsmannaráðs.
12. 11. gr. orðist svo:

    Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á samkvæmt 1. mgr. 17. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.
13. Við 12 gr. Í stað „tóbaksnotkun“ í upphafi gr. komi: tóbaksreykingar.
14. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru með gjaldtöku.
15. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:

    Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.
16. Við 13. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

    Setja skal sérreglugerð í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins um tóbaksreykingar um borð í skipum.
17. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Skylt er að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.
18. 17. gr. orðist svo:

    17.1 Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

    17.2 Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.

    17.3 Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með, eftir því sem við á, að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara um takmörkun á tóbaksreykingum.
19. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

    Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.
20. Við 20. gr. Orðin „með aðstoð lögreglu ef með þarf“ í 2. mgr. falli brott.
21. Við 20. gr. 3. mgr. falli brott.

Nd. 630. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur Bjarnason.	Ólafur G. Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.
	Jón Magnússon.	

Nd. 631. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og Kormák Sigurðsson formann Félags heilbrigðisfulltrúa. Veittu þeir nefndinni verðmætar upplýsingar og er meiri hl. sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Guðrún Helgadóttir skilar séráliti.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðmundur Bjarnason.
Ólafur G. Einarsson.	Jón Magnússon.	Jón Baldvin Hannibalsson, með fyrirvara.

Nd. 632. Breytingartillögur [256. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar (PS, GA, GB, ÓE, JM, JBH).

1. Við 1. gr., 5.3. Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Hver svæðisnefnd skal o. s. frv.
2. Við 1. gr., 5.6. Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Heimilt er sveitarstjórnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald o. s. frv.

Nd. 633. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 1984.

Þorsteinn Pálsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Stefán Valgeirsson.
Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.	Björn Dagbjartsson.
	Guðmundur J. Guðmundsson.	

Nd. 634. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar við sig fulltrúa byggingarnefndar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Veittu þeir upplýsingar og lögðu fram gögn um málið. Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins og skilar minni hl. séráliti. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt.

Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1984.

Þorsteinn Pálsson, frsm.	Jón Magnússon.	Kristín H. Tryggvadóttir.
	Björn Dagbjartsson.	

Nd. 635. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Á undan 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Aftan við 4. mgr. 23. gr. laganna bætist:

Hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- eða örorkulífeyrisþega skal enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar.

Sþ. 636. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um vistunarvanda öryrkja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft till. þessa til athugunar og rætt hana á nokkrum fundum sínum.

Umsagnir bárust frá Öryrkjabandalagi Íslands, dr. med. Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni, Endurhæfingardeild Borgarspítalans og ítarleg umsögn frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, undirrituð af Matthíasi Bjarnasyni ráðherra.

Í bréfi ráðherra kemur m. a. fram að fulltrúi ráðuneytisins í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja, skv. lögum nr. 47/1979, hefur flutt um þetta mál ályktun í nefndinni sem samþykkt var í lok október s. l.

Stjórnarnefndin um málefni þroskaheftra og öryrkja hefur lýst yfir að úthlutað verði úr framkvæmdasjóði fatlaðra á árinu 1984 til þess að markmiði ályktunarinnar verði náð.

Á fund nefndarinnar komu þeir Ásgeir B. Ellertsson og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og ræddu og skýrðu málið.

Meiri hl. allsherjarnefndar lýsir stuðningi sínum við framkvæmd þeirrar tillögu sem samþykkt var að tilhlutan stjórnarnefndar um málefni þroskaheftra og öryrkja, skv. lögum nr. 47/1979. Meiri hl. allsherjarnefndar er því sammála um að þingsályktunartillagan verði afgreidd með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar tillögu og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 637. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Sjómannasambandi, Landssambandi ísl. útvegsmanna, svo og fiskimálastjóri sem jafnframt er formaður stjórnar Aflatryggingasjóðs.

Frumvarp þetta var lagt fram vegna þeirrar ákvörðunar um fiskverð sem tekin var 1. febr. s. l. en þar var gert ráð fyrir þeim breytingum á lögunum um Aflatryggingasjóð sem frumvarpið fjallar um.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Björn Dagbjartsson. Níels Á. Lund.

Jón Magnússon.

Ed. 638. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur fram komnar upplýsingar um málið ófullnægjandi. Í umfjöllun nefndarinnar um mál þetta hafa engin rök komið fram fyrir því að eðlilegt sé að kjaradómur ákveði kjör þeirra sem frv. þetta nær til frekar en að þau séu ákveðin í samningum stéttarfélaga.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði fellt.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 639. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum og leggur samhljóða til að það verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndin leitaði umsagnar allmargra aðila og á fund hennar kom Georg Ólafsson verðlagsstjóri.

Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, er samþykk afgreiðslu nefndarinnar.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm. Þorsteinn Pálsson. Svavar Gestsson.

Jón Magnússon. Björn Dagbjartsson. Kristín H. Tryggvadóttir.

Nd. 640. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Síðasta málsgrein falli niður.

Ed. 641. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og notið aðstoðar fjármálaráðuneytis. Ekki náðist samkomulag um afgreiðslu þess. Meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, leggja til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. skilar séráliti.

Lárus Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Ragnar Arnalds.

Eiður Guðnason. Jón Kristjánsson.

Ed. 642. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, RA, JK, EG, VI).

1. Við 1. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.
2. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

Ed. 643. Frumvarp til laga [318. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því, að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmri starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

3. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).

4. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

5. gr.

1. og 2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur 10% eða meira.

Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

6. gr.

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið, hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum, miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

8. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum.

9. gr.

Gildistökuákvæði.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra.

Þeir sjóðfélagar sem þegar hafa hafið töku lífeyris við gildistöku laga þessara eiga rétt á, að um lífeyri þeirra fari samkvæmt 4. eða 6. gr. laga þessara. Þeir sjóðfélagar, sem óska að neyta þessa réttar, skulu tilkynna stjórn lífeyrissjóðsins þá ákvörðun sína fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa lokið greiðslu iðgjalda í 32 ár og enn eru í starfi, eiga rétt á því að kaupa sér lífeyrisrétt vegna hlutastarfs fyrir liðinn tíma sem ekki hafa verið greidd iðgjöld fyrir í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. Tilkynningar um slík réttindakaup skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp að undanskildu gildistökuákvæði 9. gr. var flutt á síðasta Alþingi en hlaut eigi afgreiðslu.

Í athugasemdum við frumvarp það er flutt var á síðasta Alþingi segir svo:

„Í október s. l. fól fjármálaráðherra stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða lög um lífeyrissjóðinn. Er frumvarp þetta samið af sjóðsstjórninni, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Stjórn lífeyrissjóðsins telur nauðsyn bera til, að fram fari heildarendurskoðun á gildandi lögum um lífeyrissjóðinn og hlýtur sú endurskoðun að taka nokkurn tíma. Á hinn bóginn hefur sjóðsstjórnin orðið sammála um að leggja til við fjármálaráðherra að nokkrar breytingar og lagfæringar á lögunum verði gerðar nú þegar. Meðfylgjandi frumvarp felur í sér breytingartillögur stjórnarinnar, sem hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir."

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um lífeyrissjóðinn er ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir samkvæmt þeim miðaður við starfshlutfall sjóðfélaga þegar hann lætur af störfum, alveg óháð því hvernig starfshlutfall hans hefur verið fyrr á starfsævinni. Með 4. gr. þessa frumvarps er lagt til að þessari reglu verði breytt og í raun miðað við meðaltalsstarfshlutfall yfir starfsævina. Hér er um augljóst sanngirnismál að ræða en til þess að koma til móts við þá sjóðfélaga er hugsanlega kynnu að telja hag sínum verr borgið með þessari breytingu er hér lagt til að sjóðfélögum sem hafa um lengri eða skemmri tíma gegnt hlutastarfi verði heimilað að halda áfram að greiða iðgjöld af launum sínum í sjóðinn eftir að 32 ára iðgjaldagreiðsluskyldu er fullnægt allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Notfæri sjóðfélaginn sér þessa heimild er launagreiðanda gert skylt að greiða mótframlag í sjóðinn að sínum hluta.

Um 2. og 3. gr.

Hér er lagt til að 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna sé breytt til samræmis við þá nýju meginreglu (sjá aths. um 4. gr.) að lífeyrisréttur miðist við meðaltalsstarfshlutfall sjóðfélagans yfir starfsævina. Jafnframt er — til að taka af tvímæli — bætt við því ákvæði í 3. mgr. 12. gr. að sjóðfélagi sem ekki notfærði sér 95 ára regluna meðan hann átti þess kost skuli fá endurgreidd iðgjöld sem hann hefur greitt umfram 32 ár í fullu starfi.

Um 4. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 29/1963 eiga sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins rétt á ellilífeyri, er þeir láta af störfum vegna aldurs, miðað við það starf er þeir gegndu síðast, og fer um útreikning lífeyris eftir því, hvort þeir hafa þá gegnt fullu starfi eða hluta af fullu starfi, án tillits til þess hvort þeir hafa fyrr á starfsævi sinni gegnt fullu starfi eða hluta úr starfi.

Þetta ákvæði laganna er líklegt til að valda því m. a. að starfsmenn, sem óska að minnka við sig störf þegar líður á starfsævina, geti það ekki af fjárhagsástæðum, þar eð þeir glata þá hluta af lífeyrisrétti.

Því er hér lagt til, að lífeyrir verði miðaður við meðalhlutfall af fullu starfi þann tíma, sem hlutaðeigandi starfsmaður hefur gegnt starfi hjá ríkinu eða öðrum, sem aðild á að sjóðnum samkvæmt 4. gr. laganna.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum á starfsmaður sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, en hefur látið af þeirri stöðu sem veitti honum aðild að sjóðnum, ekki rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum ef hann hefur látið af störfum af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Hér er lagt til að öll iðgjöld veiti rétt til örorkulífeyris ef sjóðfélagi verður fyrir tekjumissi af völdum örorku sem tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Að öðru leyti er ákvæði greinarinnar efnislega óbreytt.

Um 6. gr.

Lagt er til í tengslum við aðrar tillögur um breytingar á lögunum, sbr. athugasemdir við 1.—4. gr., að orðalagi á 2. mgr. 14. gr. um makalífeyrisrétt verði breytt til samræmis, en jafnframt einfaldað. Í reynd hefur makalífeyrisréttur verið helmingur af áunnum lífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga að viðbættum 20% af þeim launum sem ellilífeyrir hans hefði verið miðaður við. Þær breytingar sem felast í 7. gr. þessa lagafrumvarps munu, ef að lögum verða, auka verulega ellilífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga sem hafa verið skemur en 15 ár í sjóðnum (en náð 3 árum) og hafa hætt aðild sinni þar af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Lífeyrisréttur maka þeirra sjóðfélaga hækkar sjálfkrafa að sama skapi. Því er lagt til að 20% viðbótarlífeyririnn falli niður í þessum tilvikum nema hinn látni sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Um 7. gr.

Í fyrsta lagi er hér lagt til að niður falli takmörkun á rétti sjóðfélaga til örorkulífeyris, sbr. athugasemd við 5. gr. Í öðru lagi er lögð til veigamikil breyting á ákvæðum um verðtryggingu ellilífeyris þeirra sjóðfélaga sem af öðrum ástæðum en elli eða örorku láta af þeim störfum sem veita aðild að sjóðnum. Samkvæmt núgildandi lögum miðast ellilífeyrir sjóðfélagans og lífeyrir eftirlátins maka við laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti honum aðild að sjóðnum. Þessi viðmiðunarlaun taka engum breytingum fyrr en eftir að taka lífeyris hefst. Hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur miðast lífeyririnn þó við launin eins og þau eru orðin (að viðbættum almennum launahækkunum) þegar taka lífeyris hefst. Hér er lagt til að þetta 15 ára mark verði fært niður í 3 ár, og nái þar með til alls þorra sjóðfélaga, þ. e. annarra en þeirra sem einungis staldra stutt við í opinberri þjónustu.

Um 8. gr.

Lagt er til að þær tekjur sem sjóðurinn hefur af skuldabréfakaupum af ríkissjóði og notaðar eru til að fjármagna að hluta verðtryggingu lífeyrisgreiðslna komi öllum launagreiðendum sem aðild eiga að sjóðnum til góða og að skuldabréfakaupin verði aukin upp í 40% af heildarútlánum.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar í stað og gildi um þá er hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að lögin hafi áhrif á lífeyri þeirra sem þegar hafa hafið töku lífeyris við gildistöku þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta heimilar sjóðfélögum sem enn eru í starfi en hafa lokið 32 ára greiðsluskyldu að kaupa sér rétt fyrir liðinn tíma er þeir hafa verið í hlutastarfi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi sérstaki réttur rennur út í árslok 1984 hafi hann ekki verið notaður fyrir þann tíma.“

Að athuguðu máli hefur verið gerð sú breyting á gildistökuákvæði 9. gr. frumvarpsins að þeim lífeyrisþegum, sem þess óska og tilkynna þá ákvörðun sína fyrir árslok 1984, er gefinn kostur á að um lífeyri þeirra fari skv. 4. og 6. gr. frumvarpsins, ef að lögum verður.

Nd. 644. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggínganefndar.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eru frá árinu 1981 og skulu samkvæmt sérstöku ákvæði endurskoðast innan fimm ára frá gildistöku laganna. Töluvert vantar á að lögin séu komin í fulla framkvæmd og því tel ég of snemmt að gera svo afgerandi breytingar á þeim.

Því er borið við að einn hemill á framkvæmd laganna sé fjárskortur sveitarfélaganna og því mun þetta frumvarp m. a. fram komið. Enginn vafi leikur á að mjög hefur verið hert að sveitarfélögunum á síðustu árum með síauknum kostnaðartilfærslum frá ríki til sveitarfélaganna. Til þess að lagfæra þann vanda þarf að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga. Gjaldtakan, sem hér er lögð til, bjargar þar engu enda liggur ekkert fyrir um hvaða upphæðir sé um að ræða eða hvert áætlað hlutfall kostnaðar sé. Ekkert liggur fyrir um álit Vinnuveitendasambandsins, en framleiðendum er gert að greiða gjald af eftirlitsskyldri þjónustu og ekkert liggur heldur fyrir um álit samtaka neytenda sem þjónustan varðar miklu.

Mikilvægast er þó að hætta kann að vera á að samstarfi framleiðslufyrirtækjanna og heilbrigðisyfirvalda sé stefnt í hættu með fyrirhugaðri gjaldtöku og færi svo er undirstaða laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit veikt mjög. Ég get því ekki fallist á að taka þá áhættu fyrir svo óljósar tekjur sveitarfélaganna þegar innheimtukostnaður er dreginn frá og legg til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Guðrún Helgadóttir.

Sþ. 645. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um nýja flugbraut á Egilsstöðum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar eftirtalinna aðila um tillöguna: Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, Félags ísl. atvinnuflugmanna, Flugfélags Norðurlands, Flugfélags Austurlands, Flugmálastjórnar, samgönguráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Með bréfi dags. 6. febrúar s. l. skipaði samgönguráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Skal nefndin semja áætlun um almenna flugvelli sem taki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar. Í bréfinu segir m. a.: „Við samningu þessarar áætlunar verði lögð áhersla á flugvöllinn á Egilsstöðum og flutning flugbrautar þar."

Með vísan til þessa leggur atvinnumálanefnd til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. apríl 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Böðvar Bragason.	Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Garðar Sigurðsson.	

Nd. 646. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin fjallaði um frv. á einum fundi ásamt öðrum stórmálum. Á fundinn komu fulltrúar útgerðar og sjómanna, og frv. síðan afgreitt úr nefnd.

Með flutningi þessa frv. er gert ráð fyrir því að taka meira en allar eigur almennu deildar Aflatryggingasjóðs og færa þær yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa, inn á reikning hvers skips, upphæð sem nemur 4% af fiskverði.

Af sjálfu leiðir að niður falla allar bótagreiðslur almennu deildar sjóðsins árið 1984. Þessi 4% af fiskverði eru færð útgerðinni og koma ekki til hlutaskipta.

Vegna samdráttar í afla verður staða útgerðar lakari sem honum nemur og afkoma sjómanna versnar að sama skapi. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að færa þessa fjármuni til útgerðar vegna versnandi afkomu en leyft sjómönnum náðarsamlegast að bera skaðann óbættan.

Hin almenna deild sjóðsins hefur gegnt því hlutverki að tryggja sjómönnum sín laun þrátt fyrir aflabrest ef útgerðin hefur ekki greitt þau. Minni hl. nefndarinnar lítur svo á að fjármunir Aflatryggingasjóðs séu sameign útgerðar og sjómanna og séu þessir fjármunir fluttir til eigi útgerð og sjómenn að skipta þeim sín á milli eftir lögbundnum leiðum og samningum milli þessara aðila um hlutaskipti.

Minni hl. nefndarinnar lítur svo á að með því að koma því svo fyrir að umrædd 4% af afla komi ekki til hlutaskipta vegi ríkisstjórnin enn í sama knérunn og telur allra síst ástæðu til þess nú að auka þann hlut sem tekinn er fram hjá skiptum.

Minni hl. nefndarinnar áskilur málsmeðferð og mun flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm. Guðmundur Einarsson.

Nd. 647. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GSig, GE).

Niðurlag fyrri málsgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo: og komi þær til hlutaskipta með sama hætti og annað aflaverðmæti.

Nd. 648. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur ákvæðum frumvarpsins og leggur til að það verði fellt.

Ríkisstjórnin hefur marglýst yfir neyðarástandi í fjármálum þjóðarinnar. Ráðherrar hafa nefnt ýmsar leiðir til lausnar vandanum. Þá greinir hins vegar á í öllum meginatriðum um aðgerðir — að sparnaðarleiðinni einni undanskilinni.

Þrátt fyrir samstöðuna um sparnað er það staðföst ætlan ríkisstjórnar að halda til streitu tugmilljóna framkvæmdum við flugstöð. Á sama tíma er boðaður og framkvæmdur margs konar niðurskurður, bæði á framkvæmdum s. s. byggingum barnaheimila og þjónustu og í mennta- og heilbrigðiskerfi.

Áformuð flugstöð er allt of dýr og í engu samræmi við lífskjör þjóðarinnar sem reisir hana. Hún verður óhagkvæm, enda hönnuð með hliðsjón af **„gróðurhúsinu, tákni orkulinda landsins“**, svo vitnað sé til byggingarlýsingar húsameistara ríkisins.

Í núverandi flugstöð er slæm aðstaða, bæði fyrir starfsfólk og farþega. Þar er þörf úrbóta. En það verður að gera þær kröfur að ný flugstöð verði ódýr og hagkvæm. Síst af öllu ætti hún að bera þau merki sóunar sem áformin bera vitni um. Jafnvel gróðurhús geta komið mönnum á kaldan klaka.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, er samþykk þessu nefndaráliti.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Úr byggingarlýsingu flugstöðvar í Keflavík.
(útg. húsameistari ríkisins, mars 1981.)

2.11 *Þróun forms og útlits*

Verður nú vikið að nokkrum atriðum sem afgerandi eru í tillögunni að svipmóti byggingarinnar:

a) Leitast er við að endurspegla í ytri formum þau megineinkenni innra fyrirkomulags sem mótast af flæði flugstöðvarinnar, þ. e. miðskip með hliðarskipum til vesturs og austurs.
b) Leitast er við að undirstrika íslensk sérkenni í svipmóti flugstöðvarinnar, þ. e. gera flugstöðina að íslensku afbrigði af alþjóðlegri flugstöð. Það stef, sem orðið hefur fyrir valinu sem íslenskt áhersluatriði, er gróðurhúsið, tákn orkulinda landsins.

c) Leitast er við að taka tillit til hérlendrar byggingarreynslu, en í þessu atriði hefur tillaga um hallandi þak afgerandi áhrif á útlit byggingarinnar.
d) Leitast er við að veita byggingunni að nokkru svip alþjóðaflugstöðvar, t. d. með því að leggja áherslu á svif-form. Er það m. a. gert með sterkum láréttum skífum og hallandi glerflötum.

Eins og teikningar og myndir af líkani bera með sér er byggingin útlitslega skipt í miðju af skálabyggingu, hinu svonefnda „gróðurhúsi". Skálinn hefur til beggja enda glerflöt með 45° halla, þ. e. til norðurs og suðurs. Mænir þess þakflatar endar í ofanljós-þakglugga, burstum, með austur-vestur stefnu. Þakflötur „skálans" milli þessara ofanljós-þakglugga verður klæddur bæði að innan sem utan með báru-stáli. Að innan mun skálinn hafa að nokkru yfirbragð gróðurhúss. Í þessum skála er transit-svæðið á 2. hæð, en undir því á 1. hæð farangursskálinn. Undir glerþaki í norðurenda skálans á 1. hæð er kaffistofa „gesta" með sjóntengslum við transit-svæði annarrar hæðar. Út úr suðurenda skálans gengur landgangurinn til flugvéla. Innan skálans, á efri hæðinni (transit-svæðinu), eru því skýrar stefnur til flugs eða lands, þ. e. til suðurs eða norðurs. Er því auðvelt fyrir flugfarþega að átta sig á stefnum því að til suðurs blasa við stél flugvéla séð út um suðurglugga skálans, og séð út um norðurgluggann má að kvöldlagi sjá til austurs ljós þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa. Innan þessa skála getur fjölbreytt starfsemi miðsvæðisins, svo sem verslun og veitingasala, þróast með opnu og fjölbreyttu fyrirkomulagi án þess að farþegar tapi áttum í völundarhúsi misbreiðra ganga.

Til austurs og vesturs, samsíða skálanum (miðskipinu), liggja hliðarskipin. Að vestan er afgreiðsla „brottfarar-farþega" á 1. hæð og skrifstofur á 2. hæð. Að austan er afgreiðsla „komu-farþega" á 1. hæð og með eldhús og mötuneyti á 2. hæð. Gert er ráð fyrir að reisulegt þak verði á hliðarskipunum og hafa þakfletir meginhalla frá skálanum til vesturs annars vegar og austurs hins vegar. Brattari halli er á endum til suðurs og norðurs. Auk þess að henta vel hérlendum aðstæðum, þá eykur þetta þakform einnig á reisn byggingarinnar og er því vel við hæfi frá útlitslegu sjónarmiði.

Auk þaksins einkennast hliðarskipin einkum af láréttum línum, brjóstvörnum úr forsteyptum einingum sem skilja 1. hæð frá 2. hæð og 2. hæð frá þaki. Þessi láréttu bönd, sem skiptast lóðrétt í einingar eftir mátkerfi byggingarinnar, ná út fyrir hina eiginlegu húslínu. Einkum er það efri brjóstvörnin, eins konar þakhattur, sem myndar barð undir hinum eiginlega þakfleti.

4. *Kostnaðaráætlun*

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun sem byggist á fullnaðarhönnun útboðsgagna. — Grunnverð í kostnaðaráætluninni miðast við verkframkvæmd í Keflavík og byggingarkostnað 1. janúar 1981. — Vinnuliðir eru reiknaðir skv. hérlendum gjaldskrám nema verkstjórn í einstaka sérhæfðum vinnuliðum. Er þá miðað við innflutta bandaríska sérfræðiþekkingu. — Efnisliðir eru reiknaðir á hérlendu verði, að frádregnum söluskatti og tollum, í þeim tilfellum að byggingarefnið sé innlent að uppruna. Að því er varðar erlent (innflutt) byggingarefni er tekið mið af bandarísku efni, að viðbættum flutningskostnaði til Keflavíkur. Tollar og söluskattur eru eftir sem áður undanskildir. Aðeins raflagnaefni er miðað við verð á evrópsku efni, sömuleiðis án tolla og söluskatts.

Kostnaðaráætlun er gerð á US$ og var bætt 5,5% ofan á kostnað 1. janúar 1981 til þess að mæta kostnaði við yfirumsjón og eftirlit með framkvæmdum og 5,0% ofan á heildarkostnað fyrir ýmsum ófyrirséðum kostnaði.

Til glöggvunar er kostnaðaráætlun reiknuð út í ísl. kr. á meðaltalsgengi kaupa og sölu US$ 1. janúar 1981:

Skipting byggingarkostnaðar 1. janúar 1981:

	Heildarkostnaður, sbr. útboðsgögn frá 27. febr. 1981. US$	Breytt skv. gengi 1. jan. 1981. ísl. kr.
1. Flugstöðvarbygging (fullbúið hús án búnaðar)	31 354 935	195 623 439
2. Landgangur (fullbúinn án búnaðar)	2 164 305	13 503 099
3. Sorphreinsunarskáli	384 199	2 397 018
4. Svæðislagnir (án heimtaugar, rafmagns og hitaveitu)	3 250 512	20 279 944
5. Frágangur svæðis (fullbúið fyrsta byggingarstig)	2 918 526	18 208 684
Heildarupphæð útboðs:	40 072 477	250 012 185
6. Laus búnaður og tæki	1 667 601	10 404 163
7. Heimtaugargjöld (rafmagns og hitaveitu)	2 000 000	12 478 000
Heildarkostnaður fyrsta byggingarstigs:	43 740 078	272 894 348

Fylgiskjal II.

Greinargerð um flugstöð frá þingflokki Bandalags jafnaðarmanna.

(Febr. 1984.)

Hér á eftir fylgja sundurliðun og samanburður á tölulegum upplýsingum um stærðir húsnæðis og áætlaðan byggingarkostnað fyrirhugaðrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt upplýsingum fengnum á tímabilinu frá maí 1983 til febrúar 1984.

Sundurliðun stærða húsrýmis.

Núverandi flugstöð	7 000 m^2	24 500 m^3
Tvöföld stærð núv. flugstöðvar	14 000 m^2	49 000 m^3
Ný flugstöð 1. hæð	5 963 m^2	26 833 m^3
2. hæð	6 321 m^2	28 444 m^3
landgangur	1 319 m^2	8 234 m^3
flugstöðvarrými	13 603 m^2	63 511 m^3
nýtanlegt þakrými	2 450 m^2	38 987 m^3
	16 053 m^2	102 498 m^3
leiðslu-kjallari	5 963 m^2	11 926 m^3
Samtals	22 016 m^2	114 424 m^3

Samanburður stærða húsrýmis.

Núverandi flugstöð	7 000 m^2—100%	24 500 m^3—100%
Ný flugstöð, 1., 2. hæð., landg.	13 603 m^2—194%	63 511 m^3—259%
Ný flugstöð án kjallara	16 053 m^2—229%	102 498 m^3—418%
Ný flugstöð með kjallara	22 016 m^2—314%	114 424 m^3—467%
Notað rými í nýrri flugstöð		63 511 m^3—55,50%
Ónotað þakrými í nýrri flugstöð		38 987 m^3—34,07%
Ónotað kjallararými í nýrri flugstöð		11 926 m^3—10,43%
Samtals rými í nýrri flugstöð		114 424 m^3— 100%

Samanburður á byggingarkostnaði.

Byggingarkostnaður húsnæðis nýrrar flugstöðvar er áætlaður vera US$ 40 000 000 eða ísl. kr. 1 178 000 000 (gengiskráning 6. febr. 1984, 1 US$ = 29,45 ísl. kr.) sem er kr/m^3 = 1 178 000 000/114 424 = 10 295 kr/m^3.

Áætlaður byggingarkostnaður nýrrar flugstöðvar, sem er 10 295 kr/m^3, er notaður til samanburðar á kostnaði við að byggja nýja flugstöð að stærð samsvarandi eftirfarandi hússtærð (til upplýsingar má geta þess að m^3 í vísitöluhúsi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins er áætlaður kosta kr. 5 259):

Ný flugstöð í heild	114 424 m^3 × 10 295 kr/m^3 =	1 178 000 000 kr	—	100,0%
Ný flugstöð, 1., 2.hæð og landg.	63 511 m^3 × 10 295 kr/m^3 =	653 848 285 kr	—	55,5%
Núverandi flugstöð	24.500 m^3 × 10 295 kr/m^3 =	252 228 480 kr	—	21,4%

Af þessum tölum er sýnilegt að skoða þarf nánar hvernig byggingarkostnaður hinnar nýju flugstöðvar er til kominn og hvernig mætti lækka hann.

Niðurstöður á samanburði tölulegra upplýsinga um stærðir húsnæðis og byggingarkostnaðar.

Stærð gólffletar núverandi flugstöðvar er 7 000 m^2 og er þessi stærð nær tvöfölduð í nýrri flugstöð þar sem gólfflötur fyrir flugstöðvarrekstur er 13 603 m^2.

Þegar bornar eru saman stærðir núverandi flugstöðvar og fyrirhugaðrar nýrrar flugstöðvar kemur í ljós að stækkun gólffletar nýrrar flugstöðvar er tvöföld um leið og stækkun rúmmálsins er 4,6–föld.

Í fljótu bragði virðist mega draga þá ályktun að unnt sé að byggja nýja flugstöð með nauðsynlegu gólfflatarrými sem er rúmlega tvöfalt stærra en í núverandi flugstöð fyrir 63/100 þeirrar upphæðar sem áætlað er að ný flugstöð samkvæmt núverandi hönnun kosti. Til þess að svo megi verða þarf að gera þær breytingar á hönnun hússins að gróðurskálinn, sem er um 34% af heildarstærð hússins, eða 38 000 m^3 og kostar 38 000 m^3 × 10 295 kr/m^3 = 391 210 000 kr., er tekinn „ofan af“ húsinu og settur til hliðar við það og byggður síðar ef hann er talinn nauðsynlegur rekstri flugstöðvarinnar.

Nauðsynlegum búnaði loftræstikerfis flugstöðvarinnar og annarri starfsemi sem er fyrirhuguð í nýtanlegu 2 450 m^2 stóru þakrými hennar má koma fyrir í húsnæði sem er 2 450 m^2 × 3,5 m = 8 575 m^3 og kostar 8 575 m^3 × 10 295 kr/m^3 = 88 279 625.

Þessi breyting á færslu gróðurskálans þýðir lauslega áætlaða 302 930 375 kr. lækkun byggingarkostnaðar (391 210 000 — 88 279 625 kr. = 302 930 375 kr.).

Nýtanlegur gólfflötur flugstöðvarinnar eftir ofangreinda breytingu er 13 603 m^2 + 2 450 m^2 = 16 053 m^2 og kostar samkvæmt framangreindu um 875 069 625 kr. eða 29 713 739 US$. Gróðurskálinn „til hliðar“ við flugstöðvarbygginguna kostar eftir sem áður 302 930 000 kr. Áður en bygging hans verður hafin verður án efa komið í ljós að fyrir andvirði byggingarkostnaðar gróðurskálans er hægt að stækka flugstöðina um 6 500 m^2 (6 500 m^2 × 4,5 = 29 250 m^3 × 10 295 kr/m^3 = 301 128 750 kr.) í nýtanlegum gólffleti fyrir flugstöðvarrekstur með 4,5 m lofthæð.


Í ofangreindum kostnaðartölum er ekki reiknað með gerð leiðslukjallara undir flugstöðvarbyggingunni þar sem ekki er ljóst hver er forsenda hans.

Í byggingarlýsingu embættis húsameistara ríkisins er talað um að tekin verði afstaða til þess síðar hve mikinn hluta kjallarans megi taka til nýtingar þar sem lofthæð kjallarans verði mismunandi eftir hæðarlegu klappar undir húsinu.


Án efa má finna hagkvæmari lausn á húsnæði til notkunar fyrir baksvæði vörugeymslu, geymslur, sorp o. s. frv. en í kjallararými undir flugstöðinni þar sem augljóst er að ekki þarf nema brot af þessu rými undir þá starfsemi. Með því að sleppa kjallara þessum ykist sparnaður um ca. 100 000 000 kr. og væri þá alls orðinn um 400 000 000 kr.

Hér eru nefnd aðeins tvö atriði sem lækka myndu byggingarkostnað nýrrar flugstöðvar um 34%, en nánari skoðun hæfra sérfræðinga myndi eflaust gera betur.

Myndræn sundurliðun tölulegra upplýsinga um stærðir húsnæðis flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.



Sneiðingamyndir húsnæðis fyrirhugaðrar nýrrar flugstöðvar þar sem loftrými gróðurskálans er sérstaklega táknað.



Fylgiskjal III.

Utanríkisráðuneytið
Varnarmáladeild
Byggingarnefnd flugstöðvar
á Keflavíkurflugvelli
13. febrúar 1984.

BYGGINGARKOSTNAÐUR FLUGSTÖÐVAR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI.

Áætlaður kostnaður miðað við verðlag 1. ágúst 1983:

Flugstöðvarbygging ásamt landgangi	$ 22,8 millj.
Frágangur lóðar	$ 2,1 millj.
Hönnun og umsjón	$ 1,4 millj.
Ófyrirséður kostnaður 5%	$ 1,3 millj.
Byggingarkostnaður alls	$ 27,6 millj.
Vatns- og skolpveita	$ 1,8 millj.
Hitaveitu- og rafmagnsheimtaug	$ 2,2 millj.
Ýmis búnaður, þ. m. t. landgöngubrýr	$ 1,9 millj.
Heildarkostnaður	$ 33,5 millj.
Verðhækkanir á byggingartíma 1. ág. 1983—1. apríl 1987	$ 8,5 millj.
Samtals	$ 42,0 millj.

Stærðir:

Flatarmál 1. og 2. hæðar	12 284 m^2
Flatarmál þakrýmis (h 2m)	2 450 m^2
Flatarmál landgangs 1. og 2. hæðar	1 685 m^2
Flatarmál kjallara (innréttað)	760 m^2
Heildarflatarmál	17 179 m^2
Rúmmál flugstöðvarbyggingar	94 264 m^3
Rúmmál landgangs	8 234 m^3
Rúmmál kjallara (innréttað)	2 052 m^3
Heildarrúmmál	104 550 m^3

Kostnaðarsamanburður:

Samanburðurinn er miðaður við kostnað í upphafi byggingartímans en venja er að gefa upp byggingarkostnað með þeim hætti hérlendis. Byggingarkostnaður alls $ 27,6 millj. samsvarar 792,9 millj. kr. miðað við gengi dollars 14. desember 1983 (28,73).

$$\frac{792\,900\,000 \text{ kr.}}{17\,179 \text{ m}^2} = 46\,155 \text{ kr/m}^2$$

$$\frac{792\,900\,000 \text{ kr.}}{104\,550 \text{ m}^3} = 7\,584 \text{ kr/m}^3$$

Samkvæmt upplýsingum embættis húsameistara ríkisins var sambærilegur byggingarkostnaður í Reykjavík (byggingarvísitala 155 okt./des. 1983):

	kr/m²	kr/m³
Fjölbýlishús eða skóli	13 000	4 400
Einbýlishús	20 200	6 600
Sjúkrahús (K-bygg. Landspítala)	41 700	8 200
Viðmiðunarkostnaður Arkitektafélags Íslands fyrir sambærilegar byggingar		7 545

Athugasemdir:

1. Til byggingarkostnaðar flugstöðvar er hér talinn kostnaður við:
   — fullnaðarfrágang flugstöðvarinnar sjálfrar ásamt landgangi
   — frágang lóðar, bílastæða og hringvegar umhverfis flugstöðina
   — hönnun og umsjón með framkvæmdum (5,5%)
   — ýmislegt ófyrirséð 5%
2. Til byggingarkostnaðar er ekki talinn kostnaður við:
   — skolpveitu 5 km
   — vatnsveitu 3 km
   — hitaveitu 3—4 km
   — háspennulínur 1,5—2 km

enda munu þessar veitur jafnframt þjóna öllu flugstöðvarsvæðinu, flugskýlum, olíustöð og annarri þjónustustarfsemi við flugið. Kostnaður við veiturnar er háður staðsetningu flugstöðvarinnar fyrst og fremst en ekki stærð eða fyrirkomulagi byggingarinnar.

Ýmis búnaður þ. m. t. landgöngubrýr er heldur ekki talinn til byggingarkostnaðar.

3. Lofthæð er mikil í biðsal flugstöðvarinnar en viðmiðun er þar við alþjóðlegar venjur í þessum efnum. Þetta ber að hafa í huga í samanburði.
4. Mjög fullkominn búnaður er í flugstöðinni og má þar nefna loftræstikerfi, fjarskiptakerfi og öryggisbúnað.
5. Áætlaður byggingarkostnaður er miðaður við upphaf byggingartímans. Byggingarkostnaður er síðan framreiknaður með áætluðum verðhækkunum á byggingartíma til ársins 1987 vegna hlutdeildar Bandaríkjamanna í heildarkostnaði.

Samanburður á svæðum í núverandi og nýrri flugstöð

Svæði	Núv. flugstöð m²	Ný flugstöð m²	m²	Aukning %
1. Starfsmannaaðstaða	157	751	594	378
2. Eldhús, veitingabúðir*	520	1 752	1 232	237
3. Biðsalur	844	1 990	1 146	136
4. Skáli, brottför	571	936	365	64
5. Skáli, koma, tollskoðun	1 261	1 874	613	49
6. Farangursskáli	596	1 353	757	127
7. Banki, póstur og sími, skrifst., Fríhöfn, Ísl. markaður, Útlendingaeftirlit	2 892	3 270	378	13
8. Tæknibún., verkstæði	191	358	167	87
	7 032	12 284	5 252	75

* Þ. m. t. flugeldhús og tvær veitingabúðir.

Fylgiskjal IV.

Utanríkisráðuneytið
varnarmáladeild
19. mars 1984.

Upplýsingar um flugstöðvarbyggingar erlendis.

Á fundi byggingarnefndar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli miðvikudaginn 14. mars 1984 með hv. fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. Alþingis var óskað eftir upplýsingum um flugstöðvarbyggingar í nágrannalöndunum, t. d. London.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er verið að byggja nýja flugstöð (Terminal 4) á Heathrow-flugvelli í London til viðbótar þeim þremur sem þar eru fyrir. Heathrow-flugvöllur er einn þriggja aðalflugvalla við London. Reiknað er með að flugstöðvarbyggingin verði tekin í notkun á næsta ári. Kostnaður er áætlaður 300 milljónir dollara. Áætlaður farþegafjöldi um bygginguna er 8 milljónir farþega á ári. (Heimild: Financial Times 12. október 1983).

Hinn 1. október 1983 var lokið við nýja innanlandsflugstöð við Arlanda fyrir utan Stokkhólm. Byggingin er 19 600 m^2 og kostaði samtals 40 milljónir dollara. (Heimild: Arlanda Innrikes Systemhandlingar 1982-04-15 Projektpresentasjon). Innanlandsflugstöðvar eru mun einfaldari í sniðum og ódýrari en millilandaflugstöðvar. Innanlandsflugstöðin á Arlanda er við hliðina á millilandaflugstöðvarbyggingunni. Á byggingarsvæðinu voru því fyrir hendi margvísleg vega- og veitukerfi.

Fyrirspurnir Guðmundar Einarssonar alþm.

1. Skýring á lækkun áætlaðs kostnaðar flugstöðvarbyggingar og landgangs frá 1981 til 1983 ($2,6 millj.): 1981 var alfarið reiknað með að innflutt efni komi frá Ameríku.
1983 er reiknað með að:

a) steypustyrktarstál verði keypt frá Evrópu,
b) álgluggar verði keyptir af íslenskum framleiðanda,
c) gler verði keypt af íslenskum framleiðanda,
d) mótatimbur verði flutt inn frá Evrópu,
e) límtré verði keypt af íslenskum framleiðanda.

Allt veldur þetta lækkun á kostnaði, t. d. kostar evrópskt steypustyrktarstál, komið á byggingarstað, um 45% minna en ameríska stál.

Jafnframt eykur þetta innlend umsvif við byggingu flugstöðvarinnar og gefur möguleika á þátttöku fleiri íslenskra fyrirtækja frá því sem ráð var fyrir gert í fyrri áætlunum.

Þá hefur gengisþróun undanfarin tvö ár valdið lækkun á innlendum kostnaði.

Kostnaðartala 7 584 kr/m^3 í fullbúna flugstöð tekur ekki til söluskatts á efni og vélavinnu, né innflutningstolla á efni og búnaði til flugstöðvarinnar.

Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að niðurfelling söluskatts nemi um 8—10% af heildarkostnaði og tolla um 4—5%.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson,
formaður byggingarnefndar
flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Fylgiskjal V.

Svavar Gestsson fulltrúi Alþýðubandalagsins í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar er aðili að því nefndaráliti sem birtist í þessu þingskjali. Hér fer á eftir greinargerð ásamt fréttatilkynningu frá Alþýðubandalaginu um málið frá í ágúst 1982. Þá var flugstöðvarmálið mjög til umræðu innan þáverandi ríkisstjórnar þar sem Alþýðubandalagið hafði stöðvunarvald í málinu. Þegar til ákvörðunar kom sendi Alþýðubandalagið frá sér meðfylgjandi fréttatilkynningu og greinargerð um málið ásamt tillögum um stefnu flokksins í þessum efnum. Rétt þykir til upprifjunar að birta þessi gögn hér með í nefndaráliti minni hl.:

Reykjavík, 11. ágúst 1982.

Greinargerð og tillögur um flugstöðvarmálið.

(Fréttatilkynning frá Alþýðubandalaginu.)

Vegna ummæla utanríkisráðherra í Morgunblaðinu í dag um flugstöðvarmálið er nauðsynlegt að fjölmiðlar fái nú þegar greinargerð og tillögur Alþýðubandalagsins sem lagðar hafa verið fram í ríkisstjórninni fyrir einni viku. Í greinargerðinni er þeirri tegund flugstöðvar, sem gert hefur verið ráð fyrir, hafnað þar sem flugstöðin sé allt of stór miðað við fyrirliggjandi forsendur. Þá er Alþýðubandalagið andvígt bandarísku hernaðarfjármagni í flugstöðvarbyggingu eins og áður hefur komið fram. Í lok greinargerðarinnar koma svo fram tillögur Alþýðubandalagsins um það í fyrsta lagi að fjármagni því sem verja á til flugstöðvar á fjárlögum verði varið til að hanna minni og hagkvæmari flugstöð, í öðru lagi að gerð verði heildaráætlun um framkvæmdir í flugmálum hér á landi og í þriðja lagi að gerð verði sérstök athugun á framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Alþýðubandalagið vekur athygli á því að í sameiginlegri greinargerð flugstöðvarnefndarinnar kemur fram að veruleg farþegafækkun hefur orðið í millilandaflugi um Ísland, samkeppnisstaða íslensku flugfélaganna hefur versnað og framtíðarþátttaka Íslendinga í samkeppnisflugi yfir Atlantshafið er í algerri óvissu.

Flugstöðin, sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli, er miðuð við allt aðrar og eldri forsendur. Henni var ætlað að taka mið af stórfelldri farþegaaukningu, en í staðinn hefur orðið veruleg fækkun. Henni var ætlað að þjóna vaxandi Atlantshafsflugi, en í staðinn hefur það minnkað um rúmlega helming og gæti hætt alveg á næstu missirum eða árum. Í sameiginlegu áliti flugstöðvarnefndarinnar segir að hætti Íslendingar þátttöku í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið hafi forsendur fyrir hönnun flugstöðvarbyggingarinnar breyst í svo veigamiklum atriðum að endurhönnunar verði þörf.

Alþýðubandalagið er sammála þessari aðvörun nefndarinnar og þeirri gagnrýni sem kemur fram í séráliti Ólafs Ragnars Grímssonar á þá tegund flugstöðvar sem nú hefur verið teiknuð. Þessi flugstöð er allt annarrar gerðar en flestar evrópskar flugstöðvar. Þær er hægt að stækka og minnka eftir þörfum, en þessa flugstöð verður að reisa alla í einu. Flugstöðin er of stór og verður mjög dýr í rekstri. Nýtanlegt rými hennar er ⅔ af aðalbyggingu DeGaulle-flugstöðvarinnar í París sem ætlað er að anna einhverri mestu flugumferð í stórborgum Evrópu. Flugstöðin í Helsinki, sem er álíka stór og þessi flugstöð, annar 1 700 000 farþegum á ári, en umferðin hér í millilandaflugi Flugleiða er aðeins um 270 þús.

Með hliðsjón af þessu hafnar Alþýðubandalagið að ráðist verði í að reisa þá flugstöðvarbyggingu sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli. Alþýðubandalagið er einnig algerlega andvígt því að bandarísku hernaðarfjármagni verði varið til að reisa íslenskt samgöngumannvirki, enda er slík fjármögnun í andstöðu við grundvallarreglur efnahagslegs sjálfstæðis sem flestir íslenskir stjórnmálamenn telja sig fylgjandi.

Alþýðubandalagið leggur hins vegar til að þeirri fjárhæð, sem í fjárlögum íslenska ríkisins tengist flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, verði varið til að hanna aðra og minni flugstöð, hagkvæmari og hentugri sem samrýmist betur raunveruleikanum í þróun íslenskra flugmála. Við hönnun byggingarinnar verði tekið mið af heildaráætlun um úrbætur í íslenskum flugmálum og hliðsjón höfð af óvissunni sem því miður ríkir um framtíð mikilvægustu þáttanna í flugrekstri Íslendinga.

Þar eð verulegur hluti hönnunarvinnu og þjálfunar, sem fengist hefur við gerð fyrirliggjandi teikninga, getur nýst við hönnun hagkvæmari og smærri byggingar ættu nýjar teikningar að geta orðið tilbúnar á næsta ári.

Þótt nokkrum viðbótartíma verði varið til að hanna flugstöðvarbygginguna að nýju og gera hana hagkvæmari og sveigjanlegri er ljóst að slík bygging gæti engu að síður verið fullbúin og komist í notkun á skemmri tíma en hin stóra og óhagkvæma flugstöðvarbygging sem nú hefur verið hönnuð á Keflavíkurflugvelli. Meiri tími í nýja og betri hönnun getur því þýtt mun minni framkvæmdatíma. Sú leið gæti haft í för með sér að hagkvæm flugstöð á Keflavíkurflugvelli yrði tekin í notkun fyrr en ella.

Við endurhönnun flugstöðvarinnar verði ákveðið að gerð byggingarinnar verði sams konar og flugstöðvanna í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, Glasgow og Luxemborg og feli í sér möguleika á áfangaskiptingu og nýjum álmum eftir þörfum á hverjum tíma.

Bygging flugstöðvarinnar taki mið af forgangsröð verkefna í íslenskum flugmálum og verði samræmd áætlun um heildarúrbætur í íslenskum flugmálum þar sem nauðsyn bættrar öryggisþjónustu og aðrar framkvæmdir á flugvöllum landsins, sem Flugráð hefur lagt ríka áherslu á, skipi jafnháan sess og bygging flugstöðvar.

Alþýðubandalagið leggur því til að ríkisstjórnin samþykki eftirfarandi:

1) að fjármagni í fjárlögum, sem verja á til flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, verði varið til að hanna minni og hagkvæmari flugstöðvarbyggingu sem reisa mætti í áföngum;
2) að gerð verði heildaráætlun um framkvæmdir í íslenskum flugmálum þar sem stefnt verði að því að ljúka óhjákvæmilegum framkvæmdum í öryggismálum flugvalla, lagningu flugbrauta og byggingu flugstöðva víðs vegar um land á næstu 10 árum og verði ný flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli felld inn í þessa heildaráætlun;
3) að gerð verði sérstök athugun á framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Niðurstöður af framangreindum athugunum liggi fyrir ekki síðar en á komandi vetri.

Fylgiskjal VI.

Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens ákvað að setja niður nefnd til þess að fjalla um flugstöðvarmálið. Í nefndinni voru Jóhann Einvarðsson, Edgar Guðmundsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Þegar nefndin lauk störfum 16. júní 1982 skilaði Ólafur Ragnar séráliti. Það er birt hér á eftir.

Álit Ólafs Ragnars Grímssonar.

I.

Í umræðum um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli hafa blandast saman tvær aðgreindar spurningar. Hin fyrri er hvort reisa skuli nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Hin síðari er afstaða til þeirrar flugstöðvarbyggingar sem nú hefur verið teiknuð og nefndinni er falið að fjalla um.

Þótt svarið við fyrri spurningunni geti verið jákvætt vegna þess að núverandi flugstöð sé óviðunandi til lengdar er nauðsynlegt að stjórnvöld geri sér ljóst að sú flugstöðvarbygging, sem teiknuð hefur verið, hvílir á afar hæpnum og óvissum forsendum. Þess vegna er ekki sjálfgefið að um leið og játuð er nauðsyn þess að reisa flugstöð á Keflavíkurflugvelli sé samþykkt að byggja þá tilteknu flugstöðvarbyggingu sem nú hefur verið hönnuð. Hin hannaða flugstöð yrði bæði risavaxin bygging á íslenskan mælikvarða og einnig mjög stór á alþjóðlegan mælikvarða. Má til samanburðar nefna að nýtanlegt flatarmál þessarar fyrirhuguðu byggingar yrði helmingur af nýtanlegu flatarmáli aðalbyggingar flugstöðvarinnar á DeGaulle-flugvellinum við París, ef þeirri byggingu er ætlað að þjóna sem miðstöð millilandaflugs á einhverjum annasamasta flugvelli á öllu meginlandi Evrópu.

Þegar ákvörðun um slíkt mannvirki eins og nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli er tekin er nauðsynlegt að þær forsendur, sem ráða stærð og gerð byggingarinnar, séu traustar og ótvíræðar. Því miður eru forsendur hinnar hönnuðu flugstöðvarbyggingar ekki þannig úr garði gerðar. Sá möguleiki er þvert á móti raunhæfur að innan fárra ára, jafnvel síðar á þessu ári eða á næsta ári, komi í ljós að ein eða fleiri af þeim meginforsendum, sem mótuðu stærð byggingarinnar, séu rangar. Ef aðeins ein þessara forsendna reynist röng er sjálfur grundvöllurinn að stærð og gerð byggingarinnar brostinn. Komi í ljós, innan fárra ára, að þær hafi allar verið rangar yrði hin fyrirhugaða flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli, eins og hún er skv. fyrirliggjandi teikningum, einungis minnisvarði um hrikaleg mistök í skipulagsþróun íslenskra flugmála.

II.

Núverandi stærð og gerð fyrirhugaðrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er byggð á þremur meginforsendum:

(1) Flugleiðir hf. haldi áfram að taka þátt í samkeppnisfluginu yfir Atlantshaf og haldi a. m. k. óbreyttri stöðu sinni á Atlantshafsflugsmarkaðinum.
(2) Farþegafjöldinn í fluginu til og frá Íslandi aukist á næstu árum.
(3) Miðstöð millilandaflugs Íslendinga verði áfram á Keflavíkurflugvelli.

Auk þessara þriggja meginforsendna er miðað við að stærð og gerð byggingarinnar sé hagkvæm bæði byggingarlega og eins í rekstri eftir að byggingin hefur verið tekin í notkun.

Verður nú vikið að þessum meginforsendum til að sýna hve hæpnar þær geta reynst. Jafnframt verður með samanburði við erlendar flugstöðvar og ýmsum öðrum atriðum vakin athygli á að stærð og gerð byggingarinnar samrýmist ekki skynsamlegri verkefnaröð í íslenskum flugmálum á þessum áratug.

Fyrsta meginforsendan.

(„Flugleiðir hf. haldi áfram að taka þátt í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið og haldi a. m. k. óbreyttri stöðu sinni á Atlantshafsflugsmarkaðinum.")

Það er alkunna að framtíðarhorfur varðandi þátttöku Flugleiða í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið eru mikilli óvissu háðar. Í tvö ár hefur fyrirtækið gert það að skilyrði fyrir rekstri Atlantshafsflugsins að ríkisstyrkir frá Íslandi og Luxemborg komi á móti hallanum af þátttöku í þessu samkeppnisflugi. Stjórn fyrirtækisins ákvað á sínum tíma að hætta þátttöku í Atlantshafsfluginu en breytti þeirri ákvörðun vegna þrýstings frá stjórnvöldum. Núgildandi ákvörðun um Atlantshafsflugið nær aðeins til októbermánaðar á þessu ári, eða fimm mánuði til viðbótar frá dagsetningu þessarar skýrslu. Enn sem komið er hefur engin ákvörðun verið tekin um að halda Atlantshafsfluginu áfram eftir þann tíma.

Núverandi vélakostur Flugleiða gerir stöðu félagsins í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið mjög veika. Þótt nýta megi þessar vélar fáein ár til viðbótar er ljóst að eigi Flugleiðir með árangri að taka þátt í Atlantshafsfluginu eftir miðjan þennan áratug þarf félagið að ráðast í stórfelld kaup á nýjum flugvélakosti. Stjórn félagsins hefur ekki treyst sér til að taka

slíka ákvörðun. Stjórnvöld, hvorki á Íslandi né í Luxemborg, hafa ekki heldur gefið til kynna hvort þau eru reiðubúin að styrkja áfram hallarekstur á Atlantshafsleiðinni.

Auk alls þessa ríkir mikil óvissa um framtíð Atlantshafsflugmarkaðarins í heild. Mörg flugfélög berjast við risavaxið tap í þessari samkeppni. Eitt hið stærsta hefur nýlega orðið gjaldþrota. Heildartap flugfélaga á þessari leið var ein billion dollara árið 1980 og árleg meðalaukning farþega hefur fallið úr 17,5% á árabilinu 1947—1973 niður í 6,5% á árabilinu 1974—1980. Hlutdeild Flugleiða í Atlantshafsfluginu hefur farið hríðminnkandi á undanförnum árum. Árið 1970 var hún 3,5% af heildinni en 1980 var hún komin niður í 0,9%.

Það er því ljóst að hvernig sem á málið er litið, — hvort heldur rætt er um stefnu stjórnar Flugleiða, afstöðu ríkisstjórna á Íslandi og í Luxemborg, flugvélakost fyrirtækisins, hrapandi hlutdeild Íslendinga í Atlantshafsfluginu á undanförnum árum, óvissu um hinn alþjóðlega markað í Atlantshafsfluginu, — er framtíðarþátttaka Flugleiða í samkeppnisfluginu yfir Atlantshaf svo óviss að þar er nú nánast tjaldað til einnar nætur. Jafnvel þegar í haust eða á næstu 1—2 árum gæti verið ákveðið að hætta algerlega þátttöku Íslendinga í Atlantshafssamkeppninni, ýmist vegna tapreksturs eða tregðu stjórnvalda til að greiða tapið eða vegna versnandi markaðsaðstæðna almennt, eða hinnar gífurlegu fjárhagshættu sem felst í óhjákvæmilegri endurnýjun á flugvélakosti fyrirtækisins.

Þótt svo afgerandi óvissa ríki um framtíðarhlutdeild Íslendinga í samkeppnisflugi yfir Atlantshafið er þátttaka Flugleiða í því samkeppnisflugi engu síður meginforsenda fyrir stærð og gerð þeirrar flugstöðvarbyggingar sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli. Reynist sú forsenda röng vegna þess að Íslendingar hætti þátttöku í þessum samkeppnismarkaði, — jafnvel strax á fyrstu byggingarárum flugstöðvarinnar, — er ljóst að engin skynsemi er í því að ætla að reisa og reka slíkt mannvirki eins og fyrirhuguð flugstöð er. Allir nefndarmenn eru sammála um að verði hætt við Atlantshafsflugið verði að endurskoða öll byggingaráform um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Ef þátttöku Íslendinga í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið lyki á næstu árum yrði hin fyrirhugaða flugstöð einungis risavaxin umgjörð um afgerandi farþegafækkun — eyðilegur minnisvarði um blómaskeið Íslendinga í samkeppnisfluginu. Auðar og stórar flugstöðvar eru til víða um heim og bera vott um skipulagsmistök í flugmálum sem grundvölluðust á röngum forsendum — farþegaspám sem reyndust draumórar en ekki veruleiki. Íslendingar ættu að forðast slík mistök.

Önnur meginforsendan.

(„Farþegafjöldi í fluginu til og frá Íslandi aukist á næstu árum.")

Matið á farþegafjölda, sem lagt var til grundvallar við hönnun flugstöðvarbyggingarinnar, er nokkurra ára gamalt. Það var gert árið 1977. Auk þessa mats var byggingin miðuð við að geta rúmað verulega fjölgun farþega á næstu árum, jafnvel þreföldun heildarfarþegafjöldans.

Síðan farþegaspáin, sem hönnun byggingarinnar miðast við, var gerð hefur orðið veruleg **fækkun** á farþegum í flugi til og frá Íslandi. Á árunum 1977—78 var farþegafjöldi Flugleiða á bilinu 360 000 — 410 000, en á tveimur síðustu árum á bilinu 272 000 — 291 000, eða rúmlega 27% minnkun sé miðað við meðaltal beggja tímabilanna. Hér munar auðvitað mest um hina hríðversnandi stöðu Flugleiða í Atlantshafsfluginu þar sem farþegafjöldinn hrapaði úr 250 000 árið 1978 niður í rúm 93 000 árið 1981. Hins vegar varð einnig árið 1980 nokkur minnkun á farþegafjölda Flugleiða til og frá Keflavík í Evrópuflugi frá árinu 1979. Á síðustu þremur árum, 1979—81, hefur sá farþegafjöldi verið á bilinu 167 000 — 179 000.

Þegar horft er til hinnar gífurlegu fækkunar sem orðið hefur í Atlantshafsfluginu og þeirrar staðreyndar að engin veruleg fjölgun hefur orðið á fjölda farþega í Evrópufluginu til og frá Íslandi á undanförnum árum er ljóst að ekki eru í vændum neinar stórbreytingar á

heildarfarþegafjölda nema e. t. v. til fækkunar, t. d. ef Atlantshafsflugið fellur niður. Þá yrði fjöldi farþega, sem flugstöðinni yrði ætlað að þjóna á næstu árum, á bilinu 175 000 — 200 000, og meginfjöldi þeirra færi um Keflavíkurflugvöll á þriggja mánaða tímabili, frá miðjum júní til miðs september. (Í þessum útreikningi er miðað við tölur Flugleiða.) Stærðargráða þeirrar flugstöðvarbyggingar, sem nú hefur verið hönnuð, er hins vegar slík að henni er ætlað að geta þjónað 900 000 — 1 000 000 farþegum. Slíkar tölur eru í hrópandi mótsögn við þróun veruleikans á undanförnum árum. Spáin um farþegafjölgun hefur því miður reynst algerlega óraunhæf. Í stað aukningar hefur á síðustu árum orðið afgerandi fækkun. Leggist Atlantshafsflugið niður er munurinn á raunverulegum farþegafjölda og þeim farþegafjölda, sem forsendur byggingarinnar eru miðaðar við, orðinn hrikalegri en nokkurn óraði fyrir þegar forsenduspá byggingarinnar var gerð.

Til samanburðar má geta þess að farþegafjöldi hjá Flugleiðum, sem fer um flugstöðina á Reykjavíkurflugvelli, er nú um 230 000 á ári, eða mun **meiri** en sá farþegafjöldi sem hefur farið um Keflavíkurflugvöll á undanförnum árum ef Atlantshafsflugið er undanskilið. Þótt Atlantshafsflugið væri tekið með munar á síðasta ári, 1981, ekki miklu, en þá fóru alls rúmlega 270 000 farþegar Flugleiða um Keflavíkurflugvöll en 230 000 um Reykjavíkurflugvöll. Flugstöðin á Reykjavíkurflugvelli er þó nánast eins og lítill kofi í samanburði við þá flugstöð sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli. Stjórnvöld hafa ekki séð ástæðu til þess að setja fram neina áætlun um byggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli þótt byggingin þar sé engu betur úr garði gerð en núverandi flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli.

Til frekari skýringar skal getið samanburðar við stærð flugstöðvarinnar í Helsinki. Sú flugstöð er 21 700 m² á stærð en þjónaði á síðast liðnu ári einni milljón og sjö hundruð þúsund farþegum. Nýja flugstöðin á Keflavíkurflugvelli á að vera um 14 000 m² í byrjun, og alls um 22 000 m² þegar allt rými verður nýtt, þótt farþegafjöldinn á síðast liðnu ári hafi aðeins verið 273 000. Flugstöðin í Helsinki er aðeins 50% stærri en hin nýja flugstöð í Keflavík á að vera í fyrstu að nýtanlegu rými og **báðar eru þær álíka stórar** þegar flugstöðin á Keflavíkurflugvelli verður fullnýtt, en engu síður er farþegafjöldinn í Helsinki rúmlega 600% meiri eða 1 700 000 á móti 273 000 (hérlendar tölur Flugleiða).

Greining á farþegafjölda sýnir því að farþegaforsendur hönnunarinnar á fyrirhugaðri flugstöðvarbyggingu samrýmast ekki þróuninni á s. l. árum og spár um aukningu hafa á engan hátt ræst. Þvert á móti hefur orðið veruleg fækkun á farþegum. Því miður eru litlar líkur á aukningu á næstu árum. Fækkunin getur á hinn bóginn haldið áfram.

Þriðja meginforsendan.

(„Miðstöð millilandaflugs Íslendinga verði áfram á Keflavíkurflugvelli.“)

Á síðustu missirum hafa ýmsir ábyrgir aðilar í skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu vakið athygli á nauðsyn þess að endurskoða framtíð Reykjavíkurflugvallar. Ástæður slíkrar endurskoðunar felast m. a. í brýnni þörf höfuðborgarinnar á nýjum byggingarsvæðum, breyttum efnahagslegum og félagslegum forsendum sem gera þéttingu byggðar nauðsynlega, og þeirri staðreynd að ekkert svæði hentar betur eða er fjárhagslega eins hagkvæmt fyrir framtíðarbyggð innan Reykjavíkur næstu áratugi og svæðið nálægt hjarta borgarinnar sem Reykjavíkurflugvöllur hefur nú til afnota.

Ljóst er einnig að verulega fjárfrek endurnýjun þarf að verða á byggingum á Reykjavíkurflugvelli og bæta þarf áralanga vanrækslu í viðhaldi á brautum ef völlurinn á að nýtast á næstu áratugum. Áður en lagt sé í slíka fjárfestingu er talið nauðsynlegt að endurskoða framtíðarstaðsetningu flugvallarins með hliðsjón af hinum nýju aðstæðum í þróun borgarinnar.

Þótt umræður um framtíð Reykjavíkurflugvallar hafi áður farið fram er ljóst að á næstu árum knýr margt á um ferska skoðun á þessu máli. Sá möguleiki er því ekki útilokaður að seinni hluta þessa áratugar verði tekin ákvörðun um að flytja Reykjavíkurflugvöll. Ef slíkur flutningur ætti sér stað er sennilegt að hinn nýi flugvöllur yrði gerður þannig úr garði að hann gæti líka nýst þeim flugvélum sem notaðar eru í Evrópuflugi Íslendinga, enda hefur reynslan á undanförnum árum sýnt hagkvæmni þess að nota slíkar vélar, bæði í innanlandsfluginu milli Reykjavíkur og stærri kaupstaðanna sem og í Evrópufluginu. Hefði það þá einnig gerst að Íslendingar væru hættir þátttöku í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið blasir við að hinn nýi flugvöllur gæti þjónað bæði innanlandsfluginu og Evrópufluginu. **Þar** þyrfti því að reisa flugstöð í samræmi við slíkar þarfir. Flugstöðin í Keflavík væri þá nánast orðin óþörf og það jafnvel á þeim tíma þegar aðeins hefði náðst að byggja hana að hálfu leyti, miðað við að slík ákvörðun um framtíð Reykjavíkurflugvallar yrði tekin á árabilinu 1985—90.

Hugmyndir um að flytja innanlandsflugið til Keflavíkurflugvallar eru hins vegar óraunhæfar miðað við fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu og allar aðstæður í innanlandsfluginu. Þar að auki myndi það varla samrýmast stefnunni um „aðskilnað herlífs og þjóðlífs" sem er ein af meginröksemdum fyrir að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, að flytja allt innanlandsflug Íslendinga yfir á hernaðarflugvöllinn sem fyrst og fremst þjónar hernaðarstarfsemi Bandaríkjanna.

Þótt millilandaflug Íslendinga verði á næstu árum áfram á Keflavíkurflugvelli er ekki hægt að slá því föstu að svo verði áfram næstu áratugi. Koma þar bæði til fjölmargar spurningar sem bornar hafa verið fram um framtíð Reykjavíkurflugvallar og almenn greining á áhrifum þess flutnings á samtengingu innanlandsflugsins og Evrópuflugsins.

Meðan þessi skipulagsmál flugsins eru í deiglunni væri skynsamlegra að reisa smærri flugstöðvar bæði á Keflavíkurflugvelli og á Reykjavíkurflugvelli og hefjast þá fyrst handa um varanlega framtíðarflugstöð þegar ljóst verður innan nokkurra ára

(a) hvort við tökum þátt í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið,
(b) hvort farþegafjöldinn hefur aukist eða minnkað og
(c) hvort Reykjavíkurflugvöllur verður næstu 20—40 árin áfram á sama stað eða hvort hann verður fluttur.

III.

Þær þrjár meginforsendur, sem hér hafa verið ræddar, eru mismunandi að eðli þótt allar hafi þær grundvallaráhrif á það mat hvort stærð og gerð þeirrar flugstöðvar, sem teiknuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli, sé rétt. Reynist aðeins ein af þessum forsendum röng eru röksemdir fyrir réttmæti þeirrar tegundar af byggingu, sem nú er teiknuð, um leið hrundar. Reynist þær allar rangar mun bygging slíkrar flugstöðvar flokkast undir einhver stærstu mistök í skipulagsmálum opinberra mannvirkja og stjórn flugmála á Íslandi.

Það er misjafnlega langur tími sem getur liðið þar til ljóst verður hvort þessar forsendur eru réttar eða rangar. Þegar næsta haust, eða á komandi vetri, gæti þó orðið ljóst að hin fyrsta þessara forsendna er röng. Úrskurður um hina þriðju verður hins vegar að bíða í nokkur ár. Þegar slíkt óvissutímabil fer í hönd, er rangt að taka óafturkallanlegar ákvarðanir. Skynsamlegar ákvarðanir verður að miða við eðli forsendnanna. Áður en vikið verður að formlegri tillögu undirritaðs skal vakin athygli á því að auk hæpinna forsendna, sem hönnun flugstöðvarinnar er byggð á, er ljóst að bæði gerð og stærð fyrirhugaðrar flugstöðvarbyggingar er með þeim hætti að margvíslegir erfiðleikar eru samfara því að reisa þá tegund flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli sem nú hefur verið hönnuð.

Á Norðurlöndum og víðast hvar í Bretlandi og á meginlandi Evrópu hafa verið byggðar flugstöðvar þar sem hver álma eða armurinn tengist öðrum. Mjög auðvelt er að stækka slíkar

byggingar ef aukinn farþegafjöldi knýr á um slíka stækkun og reisa þær í áföngum eftir þörfum flugsins á hverjum tíma. Þessar flugstöðvar líkjast því, svo að notað sé almennt málfar, að einn kassinn sé tengdur við annan. Flugstöðvarnar í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, Glasgow, London og Luxemborg eru ágæt dæmi um slíkar tegundir flugstöðva, en flestir Íslendingar, sem ferðast til Norðurlanda og Evrópu, þekkja þessar byggingar af eigin raun.

Við hönnun fyrirhugaðrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli var hins vegar valin allt önnur tegund af flugstöð og mun sjaldgæfari í okkar heimshluta. Þessi flugstöð minnir, svo notað sé almennt málfar, einna helst á bók sem opnuð er og reist á borði á þann hátt að kjölurinn snýr upp. Slíka flugstöð verður að reisa alla í einu því að byggingarlagið myndar samfellda heild. Þar er ekkert áfangaval varðandi aðalhluta byggingarinnar. Að vísu má reyna að innrétta bygginguna í áföngum en slík áfangaskipting er þó verulegum erfiðleikum háð eins og fram hefur komið í athugunum nefndarinnar.

Með því að velja þá tegund af flugstöðvarbyggingu, sem hönnuð hefur verið á Keflavíkurflugvelli, er mönnum nánast strax í upphafi stillt frammi fyrir afdráttarlausum kostum: „Allt eða ekkert.“ Flestar aðrar flugstöðvarbyggingar í Evrópu fela hins vegar í sér margvíslega möguleika á áfangaskiptingu þar sem fyrst er reist aðeins ein álman, eða einn armur byggingarinnar og síðan annarri álmu bætt við nokkrum eða jafnvel mörgum árum seinna eftir því hvort framtíðarþróun flugsins leiðir í ljós aukna þörf á húsrými.

„Bókarlagið“ á hinni fyrirhuguðu flugstöðvarbyggingu hefur einnig í för með sér að verulegt rými í byggingunni nýtist mjög illa. Þetta sést best þegar borin er saman fermetrastærð og rúmmetrastærð þessarar byggingar við ýmsar aðrar stórbyggingar hérlendis. Þjóðarbókhlaðan er t. d., ef mælt er í fermetrum, álíka stór og flugstöðin á að vera, án nýtingar á þakrými og leiðslukjallara, en flugstöðin er hins vegar rúmlega 100% stærri að rúmmetrafjölda. Annað dæmi er Tollhúsið sem, ef mælt er í fermetrum nýtanlegs rýmis, er 50% stærri en aðalbygging og landgangar flugstöðvarinnar, en flugstöðin er í heild engu síður nærri 200% stærri en Tollhúsið ef mælt er í rúmmetrum. Þegar flugstöðin yrði fullnýtt væri hún tvöfalt stærri en Hús verslunarinnar að nýtanlegu rými, en þó sést ekki öll stærð Húss verslunarinnar frá götu þar eð verulegur hluti byggingarinnar er neðanjarðar. Þannig má nefna ýmis fleiri dæmi.

Það er því ljóst að sú tegund flugstöðvar, sem valin hefur verið til hönnunar, er bæði óhagkvæm að stærð og veitir ekki sams konar möguleika á sveigjanlegri áfangaskiptingu og flestar aðrar flugstöðvar í Evrópu. Má í þessu sambandi benda á að í viðræðum við byggingarnefnd kom fram að nefndin treysti sér ekki til að segja hvað væri hugsanleg „minnsta stærð af flugstöð“ þar eð slíkur mælikvarði lægi ekki fyrir. Því er sú spurning ítrekuð hvort Íslendingar þurfi að reisa flugstöð sem sé svo stór að hún sé helmingur af nýtanlegu flatarmáli af aðalbyggingu DeGaulle-flugstöðvarinnar í París sem Frakkar reistu til að anna einhverri mestu flugumferð sem þekkist í stórborgum álfunnar — og er þó nýtanlegt rými þakrýmis og leiðslukjallara flugstöðvarinnar hér **undanskilið** í þeim samanburði, en flugstöðin yrði rúmlega ⅔ af stærð aðalbyggingar DeGaulle ef það yrði tekið með. Er rétti tíminn til að vera svo stórhuga þegar farþegafjöldi Flugleiða hefur á undanförnum árum hrapað úr rúmlega 400 000 niður í 270 000 og þátttaka okkar í samkeppnisfluginu yfir Atlantshafið kann að verða úr sögunni innan fárra ára?

Til viðbótar þeim atriðum, sem hér hafa verið nefnd, er rétt að vekja athygli á því, að þeir útreikningar, sem gerðir hafa verið um rekstrarhagkvæmni byggingarinnar eftir að hún hefur verið tekin í notkun, byggjast á því að enginn fjármagnskostnaður er tekinn með í útreikninginn. Rökin fyrir slíku eru þau að hér sé um opinbera byggingu að ræða, líkt og skóla, sjúkrahús og aðrar opinberar byggingar. Slík rök verða þó ekki talin gild þar eð í nær allri byggingunni á að vera til starfsemi fyrirtækja sem annast almennan rekstur, bæði flugfélaga, verslana, banka, veitingahúss og fjölmargra annarra aðila sem byggja afkomu

sína á eðlilegum viðskiptagrundvelli. Þótt hið opinbera hafi forgöngu um að reisa flugstöðina er henni ætlað að hýsa almenna viðskiptastarfsemi en ekki þjónustu. Ljóst er að eigi að reikna fjármagnskostnað af flugstöðvarbyggingunni á sama hátt og fjármagnskostnað annarra bygginga þeirra viðskiptaaðila sem starfsemi eiga að hafa í byggingunni mun rekstur byggingarinnar, þegar hún er fullbúin, verða með þeim hætti að árlega verður verulegt tap á rekstrinum. Það blasir því við að hið opinbera verður annaðhvort að gefa þessum viðskiptaaðilum fjármagnskostnaðinn að öllu leyti eða greiða árlega verulegan halla af rekstrinum.

IV.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt er undirritaður andvígur því að sú tegund flugstöðvar, sem hönnuð hefur verið, verði reist á Keflavíkurflugvelli. Ég legg hins vegar til að í hennar stað verði byggð önnur og minni flugstöð sem feli í sér möguleika á hagkvæmari áfangaskiptingu og sé í meira samræmi við raunhæfar forsendur um framtíðarþróun í íslenskum flugmálum og tengist framkvæmd heildaráætlunar um nauðsynlegar úrbætur í flugmálakerfi landsins alls.

Við hönnun slíkrar byggingar verði tekið mið af eftirfarandi:

1. Framtíðarþróun farþegafjölda á Keflavíkurflugvelli er mjög óviss. Í upphafi nægir að miða bygginguna við tæplega 300 þús. farþega sem algert hámark á þessum áratug, og ber þó að hafa í huga að þróunin gæti eins orðið á þann veg, að tæplega 200 þús. farþegar yrði raunveruleikinn innan fárra ára.
2. Óvíst er að Keflavíkurflugvöllur verði á næsta áratug miðstöð millilandaflugs Íslendinga.
3. Tegund byggingarinnar verði samskonar og flugstöðvanna í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, Glasgow, Luxemborg og feli í sér möguleika á áfangaskiptingu og nýjum álmum eftir þörfum á hverjum tíma.
4. Gerð fyrsta áfanga byggingarinnar verði miðuð við þá stefnu að innan fárra ára verði reistar forbyggingar flugstöðva, bæði á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. Verði þeim byggingum ætlað að ráða bót á ástandinu sem ríkir á báðum flugvöllunum uns framtíðarskipun flugmála hefur skýrst á seinni hluta þessa áratugar. Miðað við slíkt eðli fyrsta áfanga byggingarinnar ætti að vera hægt að ljúka henni á fáeinum árum í stað þeirra 10—16 ára sem óhjákvæmilegt er að taki að reisa þá tegund af byggingu sem nú hefur verið hönnuð á Keflavíkurflugvelli.
5. Bygging flugstöðvarinnar taki mið af forgangsröð verkefna í íslenskum flugmálum og verði samræmd áætlun um heildarúrbætur í íslenskum flugmálum þar sem nauðsyn bættrar öryggisþjónustu og aðrar framkvæmdir, sem flugráð hefur lagt ríka áherslu á, skipi jafnháan sess og bygging flugstöðvar.

Á grundvelli framangreindra röksemda er það tillaga mín að þeim fjármunum, sem ákveðið var í fjárlögum að verja í þágu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, **verði varið til að hanna aðra og minni flugstöð, hagkvæmari og hentugri flugstöð sem samræmist betur raunveruleikanum í þróun íslenskra flugmála.** Við hönnun þeirrar byggingar verði tekið mið af heildaráætlun um úrbætur í íslenskum flugmálum og þeirri miklu óvissu sem því miður ríkir á næstu árum um framtíð sumra mikilvægustu þáttanna í flugrekstri Íslendinga. Þessari hönnun verði engu síður lokið innan eins árs og á sama tíma verði gerð ný heildaráætlun um framkvæmdir í flugmálum á Íslandi.

Þótt nokkrum viðbótartíma verði varið til að hanna flugstöðvarbygginguna að nýju og gera hana hagkvæmari og sveigjanlegri er ljóst að slík bygging gæti engu síður verið fullbúin og tekin í notkun á skemmri tíma en sú stóra og óhagkvæma flugstöðvarbygging sem nú hefur verið hönnuð á Keflavíkurflugvelli. Meiri tími í nýja og betri hönnun getur þýtt mun minni framkvæmdatíma. Slík leið gæti haft í för með sér að flugstöð á Keflavíkurflugvelli yrði tekin í notkun fyrr en ella.

Ed. 649. Breytingartillaga [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Við 5. gr. bætist ný mgr. og orðist svo:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 650. Frumvarp til laga [319. mál]

um kvikmyndamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—1984.)

1. gr.

Kvikmyndasjóður Íslands starfar undir sérstakri stjórn. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndasjóðs eru m. a. þessi:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar. Ennfremur er heimilt að styðja kvikmyndagerð, sem unnin er í samvinnu við erlenda aðila, samkvæmt nánari skilyrðum í reglugerð.
2. Aðgerðir til að efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
3. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
4. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenska kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Félags íslenskra leikara.

Þegar fjallað er um málefni Kvikmyndasafns, skulu auk þess stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun taka þátt í stjórnarstörfum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Annað starfsfólk ræður framkvæmdastjóri í samráði við stjórnina og eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

Kvikmyndasjóður Íslands tekur við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum nr. 14/1978.

6. gr.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins, og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Nefndarmenn skulu kosnir árlega og nánari reglur settar um kosningu þeirra og starfssvið í reglugerð.

7. gr.

Kvikmyndasafn Íslands starfar innan vébanda Kvikmyndasjóðs, en um starfsemi þess skal sett sérstök reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um verksvið safnsins og starfsemi.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins, en heimilt skal að fela einum af starfsliði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.

8. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi.

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

9. gr.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Safninu er einnig heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

Einnig er heimilt að veita fé til starfsemi safnsins úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. gr.

Heimilt skal Kvikmyndasjóði að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækniaðferða, sem skyldar eru eða tengjast hefðbundinni kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti. Lögð skal áhersla á samstarf og samvinnu við sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins og aðra dreifiaðila sjónvarpsefnis.

11. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum stjórnar Kvikmyndasjóðs.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 14/1978 um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 11. maí 1981 skipaði menntamálaráðherra Ingvar Gíslason nefnd til þess að kanna leiðir til þess að efla Kvikmyndasjóð. Nefndin skilaði störfum 29. okt. s. á., en sérálit eins nefndarmanns barst ráðuneytinu 25. mars 1982.

Í nefndinni áttu sæti: Guðrún Helgadóttir, samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðubandalagsins, Halldór Blöndal, samkvæmt tilnefningu þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Sigmar B. Hauksson, samkvæmt tilnefningu þingflokks Framsóknarflokksins, Vilmundur Gylfason, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokksins, Jón E. Böðvarsson, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, Þorsteinn Jónsson, samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndagerðarmanna og Indriði G. Þorsteinsson, sem skipaður var formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Nefndin varð sammála um tillögur, sem sendar voru ráðherra í frumvarpsformi, en einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og skilaði séráliti. Tillögur nefndarinnar og sérálitið fylgja hér með sem fylgiskjöl.

Ráðuneytið sendi nokkrum aðilum nefndarálitið til umsagnar og fylgja umsagnirnar einnig hér með sem fylgiskjöl.

Á vegum ráðuneytisins hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. nefndarinnar og eru þessar helstar:

1. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar ný ríkisstofnun, Kvikmyndastofnun Íslands, heldur er Kvikmyndasjóði ætlað að starfa áfram, en sjóðnum ætlað nokkru víðtækara starfssvið en áður.
2. Haldið er þeirri hugmynd að sameina stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns í hagræðingar- og sparnaðarskyni svo að betur megi nýtast starfslið og húsnæði, en að öðru leyti gert ráð fyrir að safnið starfi sjálfstætt með svipuðum hætti og verið hefur.
3. Aðaltekjur Kvikmyndasjóðs eru árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi öllum áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Er þessi breyting í samræmi við sérálit Halldórs Blöndals en á hinn bóginn er fellt niður ákvæði um ábyrgðir á lánum til kvikmyndagerðarmanna, sem næsta óljóst er hvernig ætti að framkvæma.
4. Nýmæli er ákvæði um skylduskil á kvikmyndum til Kvikmyndasafns.
5. Nýmæli er einnig að Kvikmyndasjóði er heimilað að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækninýjunga, sem tengjast hefðbundinni kvikmyndagerð.

Aðrar breytingar eru minni háttar.

Þess skal getið að miðað við áætlaðan söluskatt af kvikmyndum á árinu 1982 hefðu tekjur sjóðsins numið 14.5—16 milljónum króna samkvæmt þessu frv.

Fylgiskjal 1.

Herra menntamálaráðherra,
Ingvar Gíslason.

Nefnd skipuð með bréfi 11. maí 1981, til að kanna leiðir til eflingar Kvikmyndasjóði, hefur nú lokið störfum.

Nefndarmenn eru sammála um meðfylgjandi tillögur, sem yður eru hér með sendar í frumvarpsformi.

Virðingarfyllst,

Indriði G. Þorsteinsson. Vilmundur Gylfason. Guðrún Helgadóttir.
Sigmar B. Hauksson. Halldór Blöndal, með fyrirvara, sem gerð verður grein fyrir í sérstöku áliti. Jón E. Böðvarsson.
Þorsteinn Jónsson.

Frumvarp til laga
um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

I. KAFLI
Kvikmyndastofnun.

1. gr.

Stofna skal Kvikmyndastofnun Íslands.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndastofnunar Íslands eru eftirfarandi:

1. Rekstur Kvikmyndasjóðs.
2. Rekstur Kvikmyndasafns.
3. Aðgerðir til að bæta kvikmyndamenningu á Íslandi.
4. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
5. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndastofnunar til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands ísl. kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Félags íslenskra leikara.

4. gr.

Stjórn Kvikmyndastofnunar ræður framkvæmdastjóra þann tíma, sem hún situr.

II. KAFLI
Kvikmyndasjóður.

5. gr.

Kvikmyndasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Kvikmyndastofnun Íslands.

6. gr.

Kvikmyndasjóður tekur við eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð samþykkt 26. apríl 1978, númer 14/1978.

7. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 60 prósent af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu.
2. Vaxtatekjur.

8. gr.

Stjórn Kvikmyndasjóðs er heimilt að afla sér lánsfjár allt að 50 prósent af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu gegn ábyrgð ríkissjóðs.

Stjórn Kvikmyndasjóðs er heimilt að ábyrgjast lán til kvikmyndagerðar úr lánastofnunum fyrir allt að upphæð er nemur 40 prósent af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu gegn ábyrgð ríkissjóðs.

9. gr.

Kvikmyndasjóður veitir styrki og lán og útvegar ábyrgðir vegna framleiðslu íslenskra kvikmynda.

10. gr.

Kvikmyndasjóður kostar rekstur Kvikmyndastofnunar.

11. gr.

Kvikmyndasafn Íslands fær árlegt framlag úr Kvikmyndasjóði.

12. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Kvikmyndasjóðs til tveggja ára í senn og skal skipta um alla stjórnarmenn á tveggja ára fresti. Stjórnin úthlutar úr sjóðnum. Formaður skal skipaður án tilnefningar en hinir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands kvikmyndaframleiðenda.

III. KAFLI

Kvikmyndasafn.

13. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati stjórnar Kvikmyndastofnunar sem jafnframt er stjórn safnsins.

14. gr.

Ráðinn skal sérhæfður framkvæmdastjóri Kvikmyndasafns og skal hann annast rekstur safnsins. Skulu laun hans greidd úr ríkissjóði.

15. gr.

Kvikmyndasafn Íslands skal hafa sýningar á kvikmyndum safnsins fyrir almenning og áhugamannahópa.

Kvikmyndasafn skal koma upp safni af bókum og tímaritum um kvikmyndir, og skal hafa frammi til sölu þær bækur og tímarit sem ástæða þykir til. Kvikmyndasafn skal halda uppi fræðslu og umræðum um kvikmyndalist.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Kvikmyndastofnun, Kvikmyndasjóður og Kvikmyndasafn skulu í sameiningu stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og auknum skilningi á kvikmyndalist almennt. Skulu stofnun, sjóður og safn leitast við í trausti samvinnu að sinna þessu verkefni með öllum tiltækum ráðum eftir því sem fjárhagur og aðstæður frekast leyfa.

17. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð með lögum þessum þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Kvikmyndastofnunar, Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns, og settar reglur um úthlutun úr Kvikmyndasjóði.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982, en jafnframt falla úr gildi lög númer 14/1978. Lög þessi falla úr gildi 31. des. 1987.

Greinargerð.

Óþarft er að fjölyrða um mikilvægi kvikmyndagerðar hér á landi. Ótvíræður áhugi almennings á íslenskum kvikmyndum tekur af allan vafa þar um. Íslendingar standa í engu að baki öðrum menningarþjóðum í listsköpun, en þessa listgrein hafa menn til skamms tíma orðið að sækja frá öðrum löndum eingöngu, fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni til framleiðslu íslenskra kvikmynda.

Íslensk kvikmyndagerð tók stórt stökk fram á við árið 1979 þegar Kvikmyndasjóður Íslands var stofnaður og fyrstu styrkirnir voru veittir. Viðbrögð kvikmyndagerðarmanna létu ekki á sér standa og árangurinn verður að teljast góður, enda hafa þær íslenskar kvikmyndir, sem gerðar hafa verið á þessum stutta tíma, vakið athygli heima og erlendis. Aðsókn hér heima hefur farið langt fram úr því sem þekkist annars staðar í heiminum. Íslendingar hafa nú yfir að ráða tækni og þekkingu sérmenntaðs fólks í kvikmyndagerð. Síðustu fjórar kvikmyndir þeirra hafa staðið undir kostnaði, en erfiðleikar kvikmyndagerðarmanna eru fólgnir í að afla fjár til að framleiða myndirnar. Síðar ætti kvikmyndagerð að geta orðið arðbær atvinnugrein sem ekki er minni ástæða til að örva en aðrar atvinnugreinar. Þess vegna er kominn tími til að stíga annað skrefið til eflingar Kvikmyndasjóðs, svo að tryggt verði að ekki komi til stöðvunar nú. Með þessu frumvarpi ætti það að vera tryggt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nauðsyn á stofnun Kvikmyndastofnunar hefur um nokkurt skeið verið ljós. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að samræma störf í þágu íslenskrar kvikmyndagerðar og kvikmyndamenningar. Stofnunin mun gegna mikilvægu hlutverki við að safna upplýsingum um íslenskar kvikmyndir og gefa út kynningarrit um þær og afla þeim markaða. Undir Kvikmyndastofnun fellur einnig rekstur Kvikmyndasjóðs, þó að sérstök stjórn annist úthlutun úr honum.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Kvikmyndahúsaeigendur og leikarar fá aðild að stjórn Kvikmyndastofnunar, en svo var ekki um Kvikmyndasjóð. Þetta er gert til þess að efla samstarf þessara aðila við kvikmyndagerð og dreifingu.

Um 4. gr.

Framkvæmdastjóri er fyrst og fremst rekstraraðili og því viðskiptamenntun æskileg.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að Kvikmyndasjóður veiti í auknum mæli lán til framleiðslu mynda í stað þess að veita styrki. Skilmálar ættu að vera þannig að hægt væri með samþykkt sjóðsstjórnar að breyta lánum í styrki hafi kvikmynd ekki staðið undir kostnaði. Auk lána og styrkja býður sjóðurinn upp á ábyrgð á lánum sem fengin eru í lánastofnunum. Þannig gæti aðstoð sjóðsins við ákveðið verkefni t. d. verið: 20% styrkur, 20% lán og 20% ábyrgð og er þá miðað við framleiðslukostnað meðalmyndar.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Framkvæmdastjóri og ritari í hálfu starfi ættu að valda þessu verkefni.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Efnislega samhljóða 2. grein laga númer 14/1978.

Um 14. gr.

Framkvæmdastjóri er nú í hálfu starfi við safnið.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. og 17. gr.

Eru að mestu samhljóða 10. og 11. grein laga númer 14/1978, en lagfærðar með tilliti til breytinga á þeim.

Um 18. gr.

Talið er eðlilegt að endurskoða lögin að fimm árum liðnum, og mætti svo vera um hina ýmsu sjóði sem byggja á mörkuðum tekjustofnum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sérálit Halldórs Blöndals um frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Á s. l. hausti skiluðum við, sem skipuð vorum í nefnd til þess að gera tillögur um hvaða leiðir væru færar til eflingar Kvikmyndasjóði, drögum að frumvarpi til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Ég boðaði þá að ég mundi skila séráliti, sem hér skal gerð grein fyrir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstök 5 manna stjórn skuli skipuð yfir Kvikmyndastofnun til fjögurra ára í senn. Verksvið hennar er allvíðtækt og fellur rekstur Kvikmyndasjóðs m. a. undir það, svo og rekstur Kvikmyndasafns. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að sérstök stjórn þriggja manna skuli skipuð yfir Kvikmyndasjóð til tveggja ára í senn og skuli jafnan skipt um alla stjórnarmenn. Meðal verkefna Kvikmyndasjóðs er að kosta rekstur Kvikmyndastofnunar. Að minni hyggju er ónauðsynlegt að skipta Kvikmyndastofnun upp með þessum hætti og tel ég eðlilegra og vænlegra til árangurs að sama stjórnin skuli annast

rekstur og bera ábyrgð á Kvikmyndastofnun, Kvikmyndasjóði og Kvikmyndasafni. Ef á hinn bóginn þessi kostur verður valinn að hafa stjórnirnar tvær, tel ég nauðsynlegt að sami formaður sé fyrir þeim báðum til þess að eðlileg tengsl haldist og ekki komi til árekstra vegna fjárþarfar Kvikmyndastofnunar og getu sjóðsins til þess að rísa undir henni.

Það er álitamál hversu mikil fjárþörf Kvikmyndasjóðs er á ári hverju og verður reynslan að skera úr um það. Við því er þó að búast að hún sé meiri en Alþingi er reiðubúið að fullnægja á hverjum tíma. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli nema 60% af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu. Ég kysi fremur að hækka þessa fjárhæð upp í 100% af áætluðum söluskatti en gefa Kvikmyndasjóði þær víðtæku ábyrgðarheimildir, sem gert er ráð fyrir í 8. grein. Sé ég raunar ekki, að þær standist, og óneitanlega stuðluðu þær að kæruleysi um meðferð opinbers fjár, ef að lögum yrðu, eins og frá þeim er gengið í drögunum.

Um almennt orðalag frumvarpsins, uppbyggingu þess og einstök atriði í greinargerð hef ég allan fyrirvara.

Reykjavík, 25. mars 1982.
Halldór Blöndal alþingismaður.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 14. október 1982.

Hr. menntamálaráðherra
Ingvar Gíslason,
Menntamálaráðuneyti,
Hverfisgötu,
Reykjavík.

Vegna: Frumvarps til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda lýsir hér með fullum stuðningi við tillögu þingnefndar að frumvarpi til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Vegna sérálits Halldórs Blöndals vill Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda taka fram að það setur sig ekki gegn hugmyndum Halldórs um tekjuöflun til Kvikmyndasjóðs, þ. e. að í stað ríkisábyrgða á lánum komi fé af fjárlögum er sé varið til styrkja.

Formaður sambandsins, Jón Hermannsson, hefur haft samband við fjármálaráðherra Ragnar Arnalds og lýsti hann fullum stuðningi við frumvarpið enda hafði verið haft samráð við hann þegar frumvarpið var samið.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Jónsson ritari.

Fylgiskjal III.

Umsögn Félags kvikmyndagerðarmanna um frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Félag kvikmyndagerðarmanna telur mjög aðkallandi, að fastur tekjustofn sé markaður til handa kvikmyndagerð á Íslandi.

Í frumvarpi til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn er gert ráð fyrir því, að árlegt framlag úr ríkissjóði til Kvikmyndasjóðs skuli nema 60% af áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu, auk ábyrgða.

Fyrir liggur að aðsókn að kvikmyndahúsum hefur minnkað mjög á þessu ári og má búast við að sú þróun haldist hin næstu ár. Ástæðu þess má telja hina öru þróun myndbandsmála hérlendis. Í ljósi minnkandi aðsóknar að kvikmyndahúsum hérlendis getur félagið tekið undir sérálit Halldórs Blöndals, hvað varðar fjármögnun til Kvikmyndasjóðs, um að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði 100% af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum, þó þannig að ábyrgðarhluti frumvarpsins haldi sér.

Að auki vill félagið benda á þann möguleika að farin verði svipuð leið hérlendis og farin hefur verið í nágrannalöndum okkar, þar sem lögð hafa verið gjöld á myndbandstæki og myndbandsspólur til heimilisnota og þeim tekjum varið til kvikmyndagerðar.

Félagið telur nauðsynlegt að Kvikmyndasafni verði tryggt árlega hæfilegt framlag úr ríkissjóði og að Kvikmyndasjóður leggi safninu til samsvarandi upphæð.

Þá telur félagið æskilegt að endurskoðun laganna fari fram innan þriggja ára í stað fimm í frumvarpinu, þar sem einsýnt er að sá hluti frumvarpsins, er fjallar um Kvikmyndasafn, þarfnast nánari skilgreiningar hvað varðar starfssvið safnsins innan Kvikmyndastofnunar, svo og sjálfstæði þess.

Reykjavík 26. 10. 1982.

F. h. Félags kvikmyndagerðarmanna

Helgi Gestsson.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 11. nóvember 1982.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

Vísað er til bréfs Menntamálaráðuneytis, dags. 5. febrúar 1982, Db.: K-32, þar sem óskað er eftir umsögn Kvikmyndasafnsins um frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Fer umsögnin hér á eftir:

Stjórn Kvikmyndasafns Íslands fagnar því, að lög um Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóð frá 26. 04. 1978 verði endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu. Væntanlega verður sú endurskoðun til eflingar íslenskri kvikmyndagerð og annarri tengdri starfsemi, þ. á m. rekstri Kvikmyndasafnsins.

Stjórn Kvikmyndasafnins álítur hins vegar, að í framkomnum frumvarpsdrögum sé hlutur safnsins heldur fyrir borð borinn og jafnvel skref aftur á bak frá eldri lögum. Á þetta einkum við um stjórn safnsins og fjárveitingu til þess.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir, að stjórn Kvikmyndastofnunar sé jafnframt stjórn safnsins. Samkvæmt 3. gr. er hins vegar enginn fulltrúi hreinna varðveislusjónarmiða (safnmanna) í stjórninni. Þar er heldur ekki gert ráð fyrir fulltrúa Sjónvarpsins, en æskilegt væri, að tengsl safnsins við þá stofnun ykjust fremur en hitt.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir, að safnið fái árlegt framlag úr Kvikmyndasjóði, en ekki er getið um neina viðmiðunartölu. Stjórn sjóðsins á hins vegar að vera skipuð fulltrúum kvikmyndagerðarmanna og kvikmyndaframleiðenda auk formanns. Gefur auga leið, hversu hætt er við, að framlag til safnsins yrði látið sitja á hakanum, þegar svo fjárþurfi aðilar eiga í hlut, jafnvel þótt góðviljaðir séu. Góð meining enga gerir stoð.

Það er því álit okkar, að safnið þurfi sína sérstöku stjórn og sjálfstæðan fjárhag, sem tryggður sé með sérstöku framlagi á fjárlögum. Auk þess teljum við, að tryggja þurfi vöxt og viðgang safnsins með fleiri ákvæðum. Við gerum því eftirfarandi breytingartillögur:

a) 2. liður 2. greinar falli niður.
b) Kvikmyndasafnið fái fulltrúa í stjórn Kvikmyndastofnunar.
c) 11. gr. falli niður og röð breytist í samræmi við það.
d) Núverandi 13. gr. orðist svo:
„Kvikmyndasafnið skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, hverju nafni sem nefnist, gömlum og nýjum, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka af erlendum kvikmyndum, sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati stjórnar þess.
Kvikmyndasafnið skal fá eintök af öllum þeim kvikmyndum, sem njóta með einhverjum hætti fyrirgreiðslu Kvikmyndasjóðs, svo og öllum myndum, sem erlendir aðilar fá leyfi til að kvikmynda á Íslandi.
Einnig skal það safna heimildum um íslenska kvikmyndasögu, skrásetja þær og varðveita.
Safnið skal gefa út árlega kvikmyndaskrá.“
e) Núverandi 14. gr. orðist svo:
„Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til Kvikmyndasafns, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Ráðinn skal sérhæfur framkvæmdastjóri safnsins og annað starfslið, eftir því sem þörf krefur og fjárveitingar leyfa.“
f) 15. gr. orðist svo:
„Kvikmyndasafn skal koma upp aðstöðu til kvikmyndasýninga, þar sem fram fari reglubundnar sýningar á vegum safnins. Í Kvikmyndasafninu skal vera aðstaða til fræðiiðkana, og skal safnið koma sér upp bókakosti og tímarita um kvikmyndir og skyld efni. Kvikmyndasafn skal halda uppi fræðslu og umræðum um kvikmyndir.“
g) Við bætist svohljóðandi grein:
Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndasafns til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Námsgagnstofnunar-Fræðslumyndasafns, Ríkisútvarpsins-Sjónvarps og Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um kvikmyndakaup og heildarstarfsemi safnsins, en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvikmyndasafns Íslands
Erlendur Sveinsson, forstöðumaður.

Nd. 651. Frumvarp til laga [320. mál]

um sóknargjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI
Um sóknargjöld.

1. gr.

Hver maður 16 ára og eldri, sem er í þjóðkirkjunni og á er lagt útsvar á gjaldárinu samkvæmt lögum nr. 73/1980, skal greiða sóknargjald ár hvert samkvæmt lögum þessum.

Sóknargjald rennur til þeirrar sóknar, sem gjaldþegn átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá eða þegar hann flutti frá landinu, ef það er fyrr á árinu.

Heimilt er sóknarnefndum (safnaðarráði) að fella niður eða lækka sóknargjöld ellilífeyrisþega, öryrkja eða annarra, sem ástæða þykir til.

Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

2. gr.

Sóknargjald skal vera 0.20—0.40% af útsvarsstofni hvers gjaldanda samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980, og skal það lagt á í heilum tugum króna. Sóknarnefnd tekur ákvörðun um hundraðstölu innan greindra marka í samráði við héraðsprófast, en fyrir skal þá liggja fjárhagsáætlun sóknar. Sóknargjaldið skal að jafnaði vera hið sama innan hvers prófastsdæmis.

3. gr.

Nú hrökkva tekjur sóknarkirkju ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests, og er þá heimilt með samþykki safnaðarfundar að hækka sóknargjöld allt að tvöföldu, enda komi til samþykki kirkjumálaráðherra. Í Reykjavíkurprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni að fengnum tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og leitar samþykkis ráðherra.

II. KAFLI
Um gjöld manna sem standa utan þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Hver sá, sem telst til skráðs trúfélags, sbr. lög nr. 18/1975, skal greiða til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum hefði annars borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

5. gr.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 4. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð, er nemur sóknargjaldi því sem honum hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, ef hann hefði talist til hennar.

Gjöld samkv. 4. og 5. gr. skal greiða til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá 1. desember næstliðinn.

III. KAFLI
Um álagningu gjalda samkv. I.—II. kafla, innheimtu, ábyrgð á greiðslu þeirra o. fl.

6. gr.

Skattstjórar skulu leggja á gjöld samkvæmt I. og II. kafla laga þessara og skulu gjaldákvarðanir birtar með sama hætti og útsvör. Söknarnefnd skal tilkynna skattstjóra ákvarðanir um gjöld þessi eigi síðar en 31. mars það ár, sem gjald er á lagt, en með reglugerð, sbr. 10. gr., má ákveða tímamark fyrr á árinu. Með tilkynningu skal fylgja staðfesting kirkjumálaráðherra á heimild til álagningar gjalds eftir því sem við á.

Framangreind gjöld hlíta sömu reglum og útsvör eftir því sem við getur átt, nema annars sé getið, þ. á m. um kærur og úrskurðun þeirra, gjalddaga, ábyrgð kaupgreiðenda á gjöldum, innheimtuúrræði, þ. á m. tillkall innheimtumanns til greiðslu úr kaupi gjaldþegns og ábyrgð hjóna á gjöldum hvors annars, svo og um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti, sbr. IV. og VI. kafla laga nr. 73/1980. Gjöld þessi og dráttarvextir eru lögtakskræf samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Söknarnefnd getur ákveðið að ósk gjaldanda, að gjöld hans samkvæmt I. kafla laga þessara verði lækkuð eða niður felld, ef sérstaklega stendur á, og á 27. gr. laga nr. 73/1980 ekki við í þessu efni.

7. gr.

Innheimtumönnum þinggjalda eða innheimtumönnum útsvara og annarra gjalda til sveitarsjóða er skylt að annast innheimtu gjalda samkvæmt þessum lögum, ef söknarnefndir eða stjórnir trúfélaga óska þess. Innheimtumaður stendur söknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtufé eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Um innheimtuþóknun fer eftir því sem tíðkast um innheimtu þinggjalda eða um semst.

Söknarnefndir geta sjálfar annast innheimtu framangreindra gjalda eða falið það sérstökum innheimtumanni gegn þóknun, er um semst. Stjórn trúfélags getur á sama hátt haft á hendi innheimtu gjalds samkvæmt 4. gr. Innheimtumenn þinggjalda innheimta gjöld samkvæmt 5. gr.

Söknarnefndum og stjórnum trúfélaga ber eigi síðar en 31. mars á álagningarárinu að tilkynna hlutaðeigandi skattstjóra, sbr. 6. gr., og innheimtumanni, hverjum falin skuli innheimta gjalda samkvæmt ákvæðum I. kafla, svo og 4. gr. Ákveða má í reglugerð, sbr. 9. gr., tímamark fyrr á árinu.

IV. KAFLI
Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

8. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða, að allt að 5% af innheimtum söknargjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu héraðsprófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar.

Ríkissjóður leggur fram fé til héraðssjóðs eftir því sem mælt er fyrir um í fjárlögum, og úthlutar kirkjuráð því fé til sjóðanna og undirbýr tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög.

Söknarnefndum ber að gera stjórn sjóðsins skil á gjaldi samkvæmt 1. mgr. eigi síðar en 30. apríl næstan á eftir að gjöld eru fallin í gjalddaga.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar, sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er héraðsprófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykkta héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

V. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

9. gr.

Heimilt er að setja nánari reglur um gjöld þau, er lög þessi taka til, svo og önnur atriði, er varða framkvæmd laganna, í reglugerð, sem kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

10. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948 um sóknargjöld svo og lög nr. 40 20. maí 1964 um breytingu á þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur kirkjulaganefnd að meginstofni til samið. Í henni áttu upphaflega sæti dr. Sigurbjörn Einarsson, biskup og síðar eftirmaður hans, Pétur Sigurgeirsson og enn fremur dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Frumvarpið var að tilhlutan kirkjuráðs lagt fyrir kirkjuþing 1982 til umfjöllunar.

Frá gerð frumvarpsins eins og kirkjuþing gekk frá því hefur verið gerð ein breyting. Felld hefur verið niður 6. gr. um kirkjubyggingargjald, sem er svofellt:

„Kirkjumálaráðherra er rétt að heimila sóknarnefndum, að fengnu samþykki safnaðarfundar, að leggja á þá, sem sóknargjald eiga að greiða samkvæmt I. kafla laga þessara, sérstakt kirkjubyggingargjald umfram sóknargjald til að standa straum af kostnaði sóknarinnar vegna byggingar eða endurbyggingar kirkju eða safnaðarheimilis, svo og vegna meiriháttar viðgerða á slíkum byggingum. Má gjald þetta nema allt að þreföldu sóknargjaldi, sbr. 2. og 3. gr., og má leggja það á í allt að fjögur ár vegna einnar og sömu framkvæmdarinnar.

Í reglugerð, sbr. 10. gr., skal kveða á um framkvæmd þessa ákvæðis, þ. á m. skyldu sóknarnefnda til að láta skattstjóra og innheimtumönnum í té skrá um gjaldskylda sóknarmenn."

Umrætt ákvæði hefur mætt ákveðinni andstöðu, þar sem talið er að hér sé verið að heimila óhæfilega háa gjaldtöku. Til þess að hefta eigi framgang frumvarpsins hefur greinin verið felld niður.

Til samræmis við framangreindar breytingar á frumvarpinu hafa verið gerðar breytingar á greinargerð er fylgdi frumvarpinu.

I.

Tíundarlögin frá 1096 eru fyrstu lög, sem sett voru um gjöld til kirkna hér á landi. Lagareglur um gjöld til kirkna hafa síðar mótast sumpart fyrir löggjöf og þó meir fyrir venjur, og er af því mikil saga. Þegar kom fram á síðara hluta 19. aldar, var gjaldakerfi þetta orðið svo margslungið, að furðu gegndi. Voru þá flutt frv. til laga um einföldun þessara gjalda, en heildarendurskoðun fór þó ekki fram fyrr en í upphafi aldarinnar. Voru fyrstu heildarlögin um þetta efni lögfest 1909 (nr. 40). Var gerð mikil gjaldahreinsun með lögum þessum, svo og með lögum nr. 36/1911. Með lögum nr. 29/1921 og 72/1941 var sóknargjöldum endanlega komið í það horf, sem þau eru nú í samkvæmt lögum nr. 36/1948, sbr. síðar lög nr. 25/1954 og nú nr. 40/1964.

Samkvæmt gildandi lögum eru sóknargjöld að meginstefnu til persónugjöld, nefskattur, og eru þau eini nefskatturinn eftir að almannatryggingalögum var breytt að þessu leyti. Gjöld þessi eru þó ekki alfarið nefskattur, því að þegar tekjur kirkju hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, að dómi sóknarnefndar, heimilar 3. gr. laga nr. 36/1948 sóknar-

nefnd að jafna niður því, sem á vantar, á sóknarmenn sem hundraðshluta af útsvari, enda komi til samþykki safnaðarfundar.

Sóknargjöld hafa verið mjög lág undanfarna áratugi og að sínu leyti lægri en var fyrr á öldinni. Tekjur sókna verða svo naumar með þessu lagi, að það hlýtur að draga úr safnaðarstarfi, þótt sjálfboðavinna margra áhugasamra manna hafi bjargað miklu í því efni. Er löngu orðið tímabært og raunar aðkallandi að breyta löggjöf um sóknargjöld, svo sem oft hefir verið óskað eftir af hálfu þjóðkirkjunnar.

II.

Á kirkjuþingi hafa breytingar á löggjöf um sóknargjöld oft verið til umræðu, sbr. t. d. 1960 og 1970. Á kirkjuþingi 1972 var samþykkt ályktun um tekjustofna sókna og á grundvelli hennar var skipuð nefnd manna til að gera tillögur að breyttri skipan þessara mála. Samþykkti kirkjuþing frv. til laga um sóknargjöld á árinu 1974, og var þar stuðst við frv., sem samið var á grundvelli þess starfs, sem áðurgreind nefnd leysti af hendi. Frv. til laga um sóknargjöld var svo lagt fyrir Alþingi 1974—1975 og aftur 1975 án þess þó að hljóta afgreiðslu. Á kirkjuþingi 1978 var enn samþykkt frv. til laga um sóknargjöld. Kirkjulaganefnd hefir nú endurskoðað frv. þetta. Er frv. það, sem hér er flutt að ósk biskups og kirkjuráðs, í samræmi við hið endurskoðaða frv., er kirkjulaganefnd samdi.

III.

Meginbreytingin, sem fólgin er í frv. þessu, er sú, að hér er lagt til, að sóknargjöld verði ekki lengur nefskattur, þ. e. sama skattfjárhæð án tillits til tekna manna eða gjaldþols, heldur verði þau tiltekinn **hundraðshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns,** sbr. 1. gr. frv. Í frv. því, sem flutt var á Alþingi 1974 og 1975 var gjaldið miðað við ákveðinn hundraðshluta af útsvari hvers gjaldþegns. Sú tilhögun er að vísu einföld og brotalítil í framkvæmd, en réttara þykir þó að miða hér gagngert við útsvarsstofninn. Heppilegt þykir að reglur útsvarslaga um álagningu, kærur og úrskurðun þeirra, gjalddaga, innheimtu og innheimtuúrræði, dráttarvexti, lögtaksrétt o. fl. gildi einnig um gjöld þessi, og er kveðið á um það í 6. og 7. gr. frv. Ákvæði eru hér um gjöld til utanþjóðkirkjumanna í 4. og 5. gr. frv., svipuð þeim, sem nú eru í lögum.

Í frv. þessu eru ákvæði um það, að tiltekinn hluti af sóknargjöldum hverfi til sameiginlegs sjóðs prófastsdæmis eftir því sem héraðsfundur mælir fyrir um, sbr. 8. gr., en sjóðnum er einnig ætlað framlag frá ríkissjóði. Er þetta hvort tveggja nýmæli.

Ef frv. þetta verður lögfest, er til þess stofnað, að um álagningu gjalda þeirra, sem hér er fjallað um, á árinu 1984, fari eftir lögum þessum, sbr. 9. gr. frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegast þykir að miða gjaldskylduna við útsvarsskyldu, en í gildandi lögum er gjaldskyldan bundin við 16—67 ára aldur. Í frumvarpinu er ráðgert, að það sé á valdi sóknarnefnda (safnaðarráðs) að fella niður eða lækka sóknargjöld ellilífeyrisþega, öryrkja eða annarra. Er að því stefnt af hálfu þjóðkirkjunnar, að kosningarréttur innan hennar verði miðaður við 16 ára aldur, og eru vissulega ýmis rök til þess, að þetta tvennt, gjaldskylda og þegnréttindi innan kirkjunnar, falli saman. Þessi grein fjallar eftir orðanna hljóðan aðeins um þjóðkirkjumenn, en ræður einnig í reynd úrslitum gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna, svo sem 4. og 5. gr. eru úr garði gerðar.

Gjaldskyldir eru þeir, sem orðnir eru 16 ára á tekjuárinu.

Þótt maður sé eigi búsettur hér á landi allt tekjuárið, verður hann allt að einu sóknargjaldsskyldur, ef útsvarsskyldur er, sbr. 2. mgr.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að sóknargjald sé nefskattur og verði í þess stað hundraðshluti af útsvarsstofni. Er sá hundraðshluti að vísu greindur með nokkru svigrúmi. Þessi skipan tryggir sjálfkrafa aðlögun að hækkandi útgjöldum sókna. Á sóknarnefnd að taka ákvörðun um hundraðshlutann innan greindra marka í samráði við héraðsprófast. Áður en sú ákvörðun er tekin, ber sóknarnefnd að semja fjárhagsáætlun, er verði grundvöllur að ákvörðuninni. Mælt er fyrir um, að sóknargjald skuli að jafnaði vera hið sama innan prófastsdæmis, og horfir atbeini héraðsprófasts til þess að stuðla að samræmi í því efni.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er að mestu í samræmi við 3. gr. 1. mgr. laga nr. 36/1948, en ekki þykir ástæða til að lögfesta hér ákvæði, sem hliðstætt sé 3. gr. 2. málsgr. Sérákvæði um Reykjavíkurprófastsdæmi miðast við lagaframkvæmd að undanförnu.

Nauðsynlegt er, að skattstjóri fái vitneskju um ákvarðanir um hækkun sóknargjalda allsnemma árs vegna væntanlegrar álagningar, og eru ákvæði, sem að þessu lúta, í 6. gr. 1. málsgr. frv.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 1. gr. 3. málsgr. laga nr. 36/1948, en vísað er þó hér til laga um trúfélög nr. 18/1975.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er efnislega samhljóða 1. gr. 4. málsgr. laga nr. 36/1948 að því undanskildu, að gjaldið rennur nú í Háskólasjóð, en eigi prófgjaldasjóð. Hefir prófgjaldasjóður verið lagður niður, en Háskólasjóður komið í hans stað að verulegu leyti. Tekið skal fram, að gjöld þessi hafa runnið í Háskólasjóð undanfarin ár.

Í 2. málsgr. er kveðið svo á, að gjöld greiðist til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá næstliðinn 1. desember, sbr. að sínu leyti 1. gr. 2. málsgr. um þjóðkirkjuna.

Um 6. og 7. gr.

Hér eru ákvæði um álagningu gjalda samkv. I.—II. kafla, innheimtu og innheimtuúrræði, ábyrgð á greiðslu, dráttarvexti, lögtaksrétt o. fl.

Í megindráttum á að beita reglum um útsvör eftir því sem við getur átt, sbr. lög nr. 73/1980, IV. og VI. kafla, nema annars sé getið. Er kveðið á um þetta í 6. gr. frv. Um innheimtu er þess þó að geta, að sóknarnefndum eða forstöðumönnum trúfélaga er tveggja kosta völ. Þeir geta óskað eftir því, að innheimtumenn þinggjalda eða gjalda til sveitarsjóða sjái um innheimtuna eða gert það sjálfir sbr. 7. gr. 1. og 2. málsgr. frv. Hins vegar er lagt til, að lögbundið verði, að innheimtumenn þinggjalda innheimti gjöld til Háskóla Íslands, sbr. 7. gr. 2. málsgr. Í 6. gr. er tekið sérstaklega fram, að hjón beri sameiginlega ábyrgð á gjöldum hvors annars, en í hrd. 1976, bls. 1014—1015 var talið, að slíku væri ekki að heilsa samkvæmt gildandi lögum. Bent skal á, að ákvæði 4. gr. 1. málsgr. laga nr. 36/1948, er leggur á „heimilisráðanda" skyldur til að svara til sóknargjalda þeirra manna, sem eiga lögheimili hjá honum, er ekki í frv., enda samrýmist það naumast almennum lagaviðhorfum og meginreglum skattaréttarins, og mun því úrræði ekki beitt í framkvæmd. Þá þykir heldur ekki ástæða til að taka með í frv. ákvæði, sem hliðstætt sé við 5. gr. laga nr. 36/1948, en ekki felst þó breyting á því fyrirkomulagi, sem þar greinir, í þessu.

Mikilvægt er, að sóknarnefndir tilkynni skattstjórum ákvarðanir um gjöld samkvæmt lögunum, og er kveðið á um þetta í 6. gr. 1. málsgr., sem er allsherjarákvæði, er tengist 2. gr. 1. málsgr., 3. gr. og 5. gr.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að lögfest verði heimildarákvæði þess efnis, að héraðsfundur geti mælt svo fyrir, að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum, sbr. 2. og 3. gr. frv., renni í sérstakan sjóð í prófastsdæmi, héraðssjóð, sem ætlað er að sinna sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmis samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og sjóðsstjórnar. Eru ákvæði í 8. gr. um vörslu sjóðsins, reikningshald og stjórn. Gert er ráð fyrir, að veitt sé fé til héraðssjóða úr ríkissjóði eftir því sem fjárlög kveða á árlega og úthluti kirkjuráð því fé milli héraðssjóðanna. Er og eðlilegt að kirkjuráð undirbúi tillögur um fjárlagaveitingar samkv. þessu, að fengnum tillögum stjórna héraðssjóða.

Að því hlýtur að stefna í vaxandi mæli á næstunni, að á vegum prófastsdæma fari fram ýmiss konar kirkjuleg starfsemi og þaðan megi vænta frumkvæðis til nýjunga og eflingar í þeim störfum. Má hér nefna æskulýðsstarfsemi, starf í þágu aldraðra, ýmsa kirkjulega félags- og menningarstarfsemi, þ. á m. starfsemi kirkjukóra og safnaðarfélaga, námskeið og ráðstefnur um kirkjuleg málefni eða einstök störf í þágu kirkjunnar, blaðaútgáfu, fjölritun gagna fyrir safnaðarstarf o. fl. Hér getur einnig komið til samstarf fleiri prófastsdæma, svo sem ýmis dæmi eru um nú þegar, með atbeina héraðssjóða. Héraðssjóðirnir gætu, ef vel tekst til, orðið upphaf að starfsstöðvum prófastsdæma, sem mikil þörf er á, með starfsliði í þágu prófastsdæmis í heild.

Gert er ráð fyrir, að héraðsfundir mæli fyrir um starfsemi héraðssjóða og gæti þar verið bæði um almenn fyrirmæli að ræða og svo sérgreind. Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar. Er hún skipuð þremur mönnum, prófasti, sem er formaður og annast vörslu sjóðsins, og tveimur mönnum, leikmanni og presti, kjörnum af héraðsfundi til fjögurra ára í senn, og eru varamenn kosnir með sama hætti. Héraðsfundur kýs endurskoðendur, héraðsnefnd sér um úthlutanir úr sjóðnum samkvæmt almennri fyrirsögn héraðsfundar og annast reikningshald. Gerir hún héraðsfundi grein fyrir starfsemi sjóðsins og leggur endurskoðaða reikninga fyrir hann til samþykktar.

Árangurinn af störfum héraðssjóðanna veltur vissulega mjög á því, hversu til tekst um fjárútvegi til þeirra, en slíkir sjóðir geta gegnt miklu hlutverki, verkefnin eru næg og brýn.

Um 9. gr.

Rétt þykir að hafa heimildarákvæði um setningu reglugerðar um þau efni sem lögin taka til.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir því í greininni, að um álagningu gjalda á árinu 1984 fari samkvæmt þeim.

Ed. 652. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. töluliður 3. gr. laga nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er breytt var með 1. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „allt að jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi orðin: allt að jafnvirði 33 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.

2. gr.

Við 7. tölulið 3. gr. laganna bætast orðin: svo og stimpilgjald af hlutabréfum.

8. töluliður 3. gr. laganna, sem bætt var inn með 2. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er fyrirhugað að afla ríkisstjórninni lagaheimildar til að gera þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenzka járnblendifélagsins hf. að Grundartanga, sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að ganga frá samningum við Elkem a/s í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan um þátttöku hins síðarnefnda sem samstarfsaðila ríkisins í félaginu við hlið Elkem, samkvæmt 2. gr. laga nr. 18/1977. Er það meginmarkmiðið með samstarfsaðild Sumitomo og þeim ráðstöfunum, sem henni eru tengdar, að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins til varanlegrar frambúðar.

Nánar tiltekið verður hin fyrirhugaða samvinna við Sumitomo Corporation á því byggð, að komið verði á samskiptum til langs tíma um sölu til Sumitomo og viðskiptavina þess í Japan á kísiljárni frá Grundartanga í verulegu magni. Jafnframt gerist Sumitomo minnihlutahluthafi í Járnblendifélaginu ásamt Elkem og eignist þar 15% heildarhlutafjár, en hlutafjáreign Elkem lækki úr 45% í 30%.

Staða ríkisins og hlutafjáreign (55%) í Járnblendifélaginu breytist ekki við tilkomu Sumitomo Corporation sem hluthafa. Staða Elkem verður og óbreytt að öðru en því, að hlutafjáreign þess minnkar samkvæmt framansögðu og það verður ekki söluaðili að kísiljárni því sem Sumitomo tekur við á hverjum tíma. Elkem mun áfram sjá um sölu á öðru kísiljárni frá Grundartanga, á öðrum mörkuðum en hinum japanska, og bera ábyrgð á heildarskipulagningu sölunnar á þeim grundvelli sem um var samið í sölusamningi Elkem og Járnblendifélagsins frá 1977. Jafnframt mun Elkem áfram veita Járnblendifélaginu tækniaðstoð á grundvelli tæknisamnings frá 1976.

Um fjárhagsþátt málsins.

Hin fjárhagslega endurskipulagning á Íslenzka járnblendifélaginu hf., sem tengd er aðild Sumitomo Corporation, verður fólgin í því í fyrsta lagi, að núverandi hluthafar félagsins, ríkisstjórnin og Elkem, munu breyta í hlutafé hinum víkjandi hluthafalánum sem þeir hafa veitt félaginu á árunum 1981—1983 vegna tapreksturs fram til þessa. Nema lánin alls sem næst 140 milljónum norskra króna eða 18,6 milljónum bandaríkjadollara. Frá sjónarmiði hluthafanna er hér aðallega um formbreytingu að ræða, þar sem ekki var gert ráð fyrir endurgreiðslu þessara lána fyrr en félagið væri farið að skila arði umfram greiðslur af öðrum stofnlánum. Að því er ríkið snertir er þess einnig að gæta, að umrædd lán eru byggð á þegar fengnum heimildum í lögum nr. 18/1977 til hluthafaráðstafana (3. mgr. 6. gr.) og hækkunar hlutafjár (1. tölul. 3. gr., þar sem framlagsheimild var hækkuð með lögum nr. 45/1982 úr jafnvirði 13,2 í jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara).

Í öðru lagi og aðallega munu núverandi hluthafar leggja fram nýtt hlutafé til Járnblendifélagsins samkvæmt samkomulagi við Sumitomo, sem alls nemur jafnvirði 120 milljóna norskra króna eða sem næst 15,9 milljóna bandaríkjadollara. Yrði þetta gert eftir núverandi eignarhlutföllum, þannig að ríkið leggi til 55% (66 m NOK) og Elkem 45% (54 m NOK). Er fyrirhugað að fé þetta verði notað að mestu eða öllu leyti til að greiða niður núverandi skuldir Járnblendifélagsins vegna lána til verksmiðjunnar. Munu hluthafarnir því ekki þurfa að afla nýs fjár vegna hlutafjáraukningarinnar, nema þeim þyki það betur henta, heldur geta þeir framkvæmt hana með yfirtöku á hluta þessara lána. Það er fyrst og fremst

vegna þessarar ráðstöfunar sem lagaheimild þarf og málið er lagt fyrir Alþingi í formi þessa frumvarps.

Ráðagerðir aðila um þessa nýju hlutafjáraukningu eru til komnar vegna þess efnahagsvanda sem við hefur verið að glíma í járnblendiiðnaði á undanförnum árum. Á járnblendiverksmiðjunni að Grundartanga hefur hann bitnað með þeim hætti, sem kunnugt er, að ekki hefur verið unnt að selja allt það kísiljárn, sem verksmiðjan gæti framleitt með venjulegum afköstum, og söluverð á heimsmarkaði hefur verið til muna of lágt miðað við þarfir nýrrar verksmiðju með þunga byrði stofnkostnaðar. Vegna þessa hefur Járnblendifélagið safnað mjög verulegu tapi frá því að rekstur hófst vorið 1979, þrátt fyrir þá staðreynd að starfræksla verksmiðjunnar hefur gengið eins og bezt verður á kosið í tæknilegum efnum og í rauninni nær algerlega hnökralaust, þegar frá er talinn orkuskortur veturinn fyrir gangsetningu Hrauneyjafossvirkjunar.

Mjög hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á síðustu mánuðum, þar sem jafnvægi hefur ríkt milli framboðs og eftirspurnar frá því síðla vors 1983 og verksmiðjan því starfað með fullum afköstum, auk þess sem markaðsverð hefur hækkað verulega. Tap Járnblendifélagsins varð því miklu minna 1983 en 1982 og útlit er fyrir að það nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári. Vandinn er þó ekki úr sögunni, þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og afturkippur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendisviðinu.

Ástæða er því til að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki, með auknum framlögum eða ábyrgðum. Hin nýja hlutafjáraukning gengur þó mun lengra en sú aðstoð sem hluthafarnir mundu þannig ráðgera ef þeir stæðu einir að málinu, að minnsta kosti fyrsta kastið. Þetta stafar af því, að hlutafjáraukningin er ekki aðeins hugsuð sem skammtímaráðstöfun til lausnar á aðsteðjandi vanda, heldur er henni einnig ætlað að koma fjárhag félagsins í það horf, að það geti staðið af sér samkeppni á heimsmarkaðnum og haldið velli til frambúðar, jafnvel þótt enn kæmi þar til alvarlegs samdráttar. Um leið má vænta þess, að félagið fari þá tiltölulega fljótt að skila arði, ef vel árar fyrir starfsemina.

Umrædda ráðstöfun telja hluthafarnir rétt að gera með tilliti til þess, að þátttaka þriðja hluthafans stuðlar mjög að því að leysa til frambúðar úr öðrum meginvanda járnblendiverksmiðjunnar, nl. því að tryggja möguleika á að reka verksmiðjuna með fullum afköstum á hverjum tíma. Væntir Sumitomo þess að geta haldið uppi stöðugri sölu á Japansmarkaði á verulegum hluta af framleiðslu verksmiðjunnar, og eru þá allar líkur til að takast megi að selja afganginn af því sem verksmiðjan getur annað við venjulegar aðstæður.

Í kjölfar ofangreindrar hlutafjáraukningar er svo ráðgert að lækka nafnverð heildarhlutafjárins sem svarar uppsöfnuðu tapi félagsins, þannig að bókfært tap í íslenzkum krónum við lok endurskipulagningar sé að fullu jafnað. Þetta bókfærða tap nemur samanlagt sem næst 390 milljónum ísl. króna eða um 100 m NOK. Hefur félagið þá uppfyllt skilyrði hlutafélagalaga til að geta greitt arð til hluthafa miðað við hið lækkaða hlutafjárnafnverð, þegar starfsemin fer að skila ágóða eftir endurskipulagninguna eins og vonir standa til.

Þegar núverandi hluthafar hafa þannig framkvæmt hina ráðgerðu endurskipulagningu á fjárhag Járnblendifélagsins verður gengið frá aðild hins nýja hluthafa að félaginu með því að Sumitomo Corporation kaupi 15% heildarhlutafjárins af hluta Elkem, eins og fyrr segir. Fær Sumitomo hlutabréf sem því svarar, en Elkem mun fyrir sitt leyti nota andvirði hlutabréfanna til að vega á móti þeim framlögum og skuldbindingum sem það hefur tekið á sig við endurskipulagninguna. Þeir endar ná þó ekki alveg saman, þannig að Elkem þarf að taka á sig nokkrar skuldbindingar án þess að hlutafjárandvirði komi á móti.

Gagnvart ríkissjóði verða áhrifin af endurskipulagningunni þannig í stuttu máli, að ríkið breytir núverandi lánum sínum og ábyrgðarskuldbindingum vegna Járnblendifélagsins í

beint hlutafé í félaginu og eykur jafnframt hlutafé sitt til nokkurrar viðbótar með niðurgreiðslu eða yfirtöku frekari skulda félagsins. Með þessu heldur ríkið á hinn bóginn óskertri hlutfallslegri eignarhlutdeild í félaginu og þar með fullri hlutdeild í þeim arðsvonum og öðrum hagsmunum sem tengdir eru áframhaldandi rekstri félagsins. Við þetta bætast svo hinir ýmsu möguleikar sem tengdir eru samskiptunum við Sumitomo beint og óbeint.

Fyrir Elkem verða áhrifin þau, að fyrirtækið breytir lánum og skuldbindingum í hlutafé á sama hátt og ríkið, en fær fjármögnun á þeirri ráðstöfun að verulegum hluta með því að minnka eignarhlutdeild sína í félaginu um þriðjung. Af því leiðir að fyrirtækið á minni arðsvon en áður af áframhaldandi starfsemi járnblendiverksmiðjunnar, auk þess sem það gefur eftir rétt sinn til að selja það kísiljárn sem Sumitomo tekur við. Á móti hinum neikvæðu áhrifum kemur hitt, að með þessum ráðstöfunum hefur Elkem tryggt sér eins og unnt er að þurfa ekki framar að inna af hendi fjárframlög til að standa undir óbreyttum rekstri verksmiðjunnar. Auk þess nýtur fyrirtækið hinna ýmsu möguleika af samstarfi við Sumitomo.

Frá sjónarmiði Íslendinga er endurskipulagningin mjög jákvæð að því leyti, að hún hefur í för með sér umtalsverða lækkun á heildarskuldum þjóðarbúsins, eða sem svarar jafnvirði nærfellt 16 milljóna bandaríkjadollara. Þetta stafar af því, að hið nýja fjármagn til Járnblendifélagsins verður notað til að greiða niður erlendar skuldir félagsins og hinir erlendu hluthafar taka fullan þátt í þeirri fjármögnun að sínum hluta.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að Elkem hefur frá upphafi tekið fullan þátt á móti ríkissjóði í þeirri fjárhagsaðstoð sem Járnblendifélaginu hefur verið veitt á undanförnum árum. Hefur fyrirtækið þannig gert stórum betur en að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Íslendingum um framlög til verksmiðjunnar, þar sem bein loforð þess náðu ekki nema til hins upphaflega hlutafjár (10,2 m USD) og 19,8 m NOK í hluthafalánum samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1977. Enda þótt fyrirtækið hafi nú kosið að verjast frekari áhættu í þessu efni með því að minnka hlut sinn í Járnblendifélaginu er ekki ástæða til að túlka það sem neina uppgjöf gagnvart verksmiðjunni, heldur má nú ætla þvert á móti að rekstrargrundvöllur hennar verði traustari en nokkru sinni.

Fyrir Íslenzka járnblendifélagið hf. hefur endurskipulagningin í för með sér gerbreytta starfsaðstöðu, og tryggir hún verksmiðju þess eðlilegan starfsgrundvöll til varanlegrar frambúðar, eftir því sem slíkt er yfirleitt unnt, eins og gefið var til kynna hér að framan. Vafalaust verður starf félagsins flóknara og þyngra í vöfum að einhverju leyti vegna hins þriðja hluthafa, en á hinn bóginn býr hið nýja samstarf yfir margvíslegum möguleikum, sem engin leið er að sjá yfir nú, auk þess öryggis sem það veitir félaginu.

Rétt er að leggja á það ríka áherzlu, að fjárhagsaðgerðir þær, sem leitað er heimildar fyrir með frumvarpi þessu, eru ekki sambærilegar við þær ráðstafanir í þágu Járnblendifélagsins, sem heimilaðar voru fyrir tveimur árum með lögum nr. 45/1982. Að því sinni var ráðgert að tryggja greiðsluafkomu félagsins næstu árin með (a) beinni hlutafjáraukningu (allt að 5,8 m USD), (b) víkjandi láni með sjálfskuldarábyrgð hluthafa (6,0 m USD) og (c) eigin lánum félagsins án beinnar ábyrgðar hluthafa (10,0 m USD), en hluti hinna síðastnefndu (6,0 m USD) kom í stað rekstrarláns, sem félaginu var tryggt við stofnun. Félagið starfar enn innan þess ramma, sem þarna var settur, þannig að framlög til þess hafa ekki orðið meiri en þá var ákveðið (a). Hins vegar hefur félaginu ekki tekizt að nýta þennan ramma til fullnustu vegna hinnar veiku eiginfjárstöðu sinnar. Hefur hún komið í veg fyrir að félagið gæti framkvæmt þær eigin lántökur sem til var ætlazt (c). Gerðist þetta þegar fyrir árslok 1982, vegna hinnar miklu hækkunar á gengi bandaríkjadollars gagnvart norskri og íslenzkri krónu, sem varð á því ári. Má vísa um það til ársskýrslu félagsins frá maí 1983. Hið nýja hlutafé samkvæmt frumvarpi þessu kemur þannig að sínu leyti í stað lánanna sem hætta þurfti við 1982, auk þess sem það leiðir til þess að lánið, sem þá var tekið með

hluthafaábyrgð (b) og jafngildir í rauninni hluthafalánum, verður nú úr sögunni, sbr. 2. gr. frv.

Ef því mætti treysta með sæmilegri vissu, að núverandi bati á kísiljárnsmarkaði héldi áfram nokkra hríð, væri í sjálfu sér hugsanlegt að láta Járnblendifélagið þrauka áfram með einhverjum stuðningi frá núverandi hluthöfum, þar til það hefði aftur öðlazt bolmagn til að standa undir rekstrarlánum. Til þess þyrfti þó samþykki Elkem, nema allur stuðningurinn ætti að koma frá íslenzka ríkinu. Hins vegar er það samdóma álit beggja, ríkisstjórnarinnar og Elkem, að ekki komi til mála að fara þessa leið samanborið við hina, sem ráðgerð er með frumvarpinu, þegar litið er til samvinnunnar við Sumitomo og þess rekstraröryggis til langs tíma sem vænta má af henni.

Um samninga við Sumitomo.

Upphaf viðræðna við Sumitomo Corporation má rekja til haustsins 1982, en þá áttu fulltrúar Elkem í stjórn Íslenzka járnblendifélagsins hf. fund í Reykjavík með þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, um vandamál félagsins, sem snertu hluthafa mjög um þær mundir vegna áðurnefndrar gengisþróunar. Vörpuðu þeir þar fram hugmyndum um samvinnu við japanskan aðila til að breikka starfsgrundvöll félagsins og töldu ákjósanlegast að líta til Sumitomo Corporation í því sambandi. Iðnaðarráðherra svaraði málaleitan þeirra með bréfi í nóvember 1982, þar sem fallizt var á að taka upp viðræður við japanskan aðila um sölusamning til langs tíma og einnig um eignaraðild að Járnblendifélaginu, að því tilskildu að ríkið héldi þar meirihlutaaðstöðu. Var skipaður starfshópur til að undirbúa viðræður þessar og koma þeim af stað, og áttu þar sæti meðal annarra þeir Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, Ragnar Árnason, lektor, og Hjörtur Torfason, hrl., stjórnarformaður félagsins, auk þess sem Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri félagsins, starfaði með hópnum. Nokkrir fleiri fulltrúar á vegum Iðnaðarráðuneytisins tóku þátt í þessu starfi, og hjá Elkem var settur í það sérstakur starfshópur. Fyrsti viðræðufundur með fulltrúum Sumitomo Corporation var haldinn í Reykjavík í janúar 1983, og síðan fylgdu fundir í Osló og Tokyo nokkru síðar.

Sumarið 1983 varð nokkurt hlé á viðræðum vegna athugunar á fram komnum sjónarmiðum og frestunar á fyrirhugaðri heimsókn Japana hingað til lands, jafnframt því sem stjórnarskipti höfðu átt sér stað. Ákvað núverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, hinn 5. júlí 1983 að fela nýskipaðri Samninganefnd um stóriðju, þeim dr. Jóhannesi Nordal, dr. Gunnari G. Schram og Guðmundi G. Þórarinssyni, að annast frekari viðræður um málið, og hefur hún gert það síðan ásamt ritara sínum Garðari Ingvarssyni. Þeir Páll Flygenring, Hjörtur Torfason og Jón Sigurðsson hafa starfað með nefndinni, auk þess sem fulltrúar Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar hafa komið þar við sögu.

Þessar viðræður Samninganefndar um stóriðju hafa farið fram á fundum hér heima og erlendis síðan í septembermánuði 1983. Hafa þær nú náð því marki, á fundi nefndarinnar með fulltrúum Elkem og Sumitomo dagana 5.—6. apríl 1984, að samkomulag hefur náðst um að stefna að endanlegum samningum milli aðila á tilteknum grundvelli. Var þetta staðfest með undirritun samkomulagsyfirlýsingar hinn 6. apríl.

Samkomulagið var undirritað með fyrirvara um samþykki stjórnar Elkem, Sumitomo, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar og íslenzkra stjórnvalda, auk þess sem málið verður borið undir lánveitendur Járnblendifélagsins. Var ákveðið að stefna að því að leiða alla samningsgerð og heimildaöflun til lykta fyrir 1. júní 1984. Er frumskilyrði í því sambandi að Alþingi fallist á að veita þá lagaheimild sem hér er leitað eftir.

Grundvelli samkomulagsins hefur þegar verið lýst að nokkru, en hann er í stuttu máli sem hér segir:

1. Núverandi hluthafalánum verði breytt í hlutafé, sbr. aths. um 1. gr. frv.
2. Núverandi hluthafar leggi til nýtt hlutafé sem nemur jafnvirði 120 milljóna norskra króna, m. a. með yfirtöku skulda sem nú eru með ábyrgð hluthafanna.
3. Sumitomo kaupi 15% hlutabréfa í fyrirtækinu af Elkem, eftir að endurskipulagning eiginfjárstöðu Járnblendifélagsins hefur farið fram.
4. Sumitomo verði skipað einkaumboðsmaður á Japansmarkaði fyrir kísiljárn frá járnblendiverksmiðjunni og taki að sér sölu á tilteknu árlegu magni á þeim markaði (20 000 tonnum). Að öðru leyti verður sölustarfsemi áfram í höndum Elkem á grundvelli gildandi sölusamnings, og er gert ráð fyrir að unnt verði að tryggja fulla sölu á framleiðslu verksmiðjunnar miðað við venjuleg afköst.
5. Kísiljárn til Sumitomo verður afhent með sömu kjörum og gilda samkvæmt sölusamningnum við Elkem, þ. e. eftir markaðsverði.
6. Gert er ráð fyrir sérstökum samningi við Landsvirkjun um viðbótargreiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arð- og eiginfjárstöðu járnblendiverksmiðjunnar er náð.
7. Jafnframt ofangreindu hefur einnig tekizt samkomulag um aukna þátttöku Elkem í kostnaði við sérstök tækniþróunar- og rannsóknarverkefni hjá Íslenzka járnblendifélaginu. Einnig er gert ráð fyrir virkari þátttöku Íslenzka járnblendifélagsins í markaðsmálum.

Lagafrumvarpið sjálft snertir einungis fjármögnunarþátt samninganna, þar sem aðrir þættir þeirra kalla ekki á lagabreytingar. Aðild Sumitomo að Járnblendifélaginu fellur að öðru leyti inn í ákvæði laga nr. 18/1977 með eðlilegum hætti, þ. á m. ákvæði 2. gr. um þátttöku, 4. gr. um hluthafa, 6. gr. um samstarfssamninga og 8. gr. um skattamál.

Auk lagaákvæða um hlutafé og lán er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir heimild til lækkunar á stimpilgjaldi af hlutabréfum (2% af nafnverði) til viðbótar núgildandi heimild til lækkunar gjalda af skuldabréfum. Er þetta m. a. gert með tilliti til þess, að hlutafé er nú ætlað að leysa lánsfé af hólmi í verulegum mæli.

Um forsendur samningsgerðar.

Sjónarmið aðila varðandi fyrirhugaða samninga við Elkem og Sumitomo hafa þegar komið fram í meginatriðum, en rétt er að víkja einnig stuttlega að viðhorfum Sumitomo og öðrum atriðum varðandi Járnblendifélagið en hinni fjárhagslegu endurskipulagningu.

Sumitomo Corporation (Sumitomo Shoji Kaisha) er eitt hinna stóru verzlunarfélaga (trading houses) í Japan og rekur sögu sína allt aftur til loka 16. aldar. Félagið leggur stund á alhliða viðskipti á fjölmörgum sviðum atvinnulífs og starfar í beinum og óbeinum tengslum við framleiðslu-, verzlunar- og þjónustufyrirtæki í hinum ýmsu starfsgreinum víðsvegar um heim, þar á meðal á sviði stáliðnaðar og álframleiðslu.

Áhugi félagsins á samstarfi um verksmiðjuna að Grundartanga er meðal annars af því sprottinn, að grundvallarbreyting hefur orðið á fáum árum í járnblendiiðnaði Japana vegna hækkunar olíuverðs í heiminum. Þeir framleiddu áður sjálfir mestallt kísiljárn fyrir stálverksmiðjur sínar, allt að 400 000 tonnum á ári, en hafa nú orðið að skera þá framleiðslu niður um meira en helming vegna hins háa orkukostnaðar og grípa í staðinn til innflutnings á kísiljárni, sem nú er orðinn yfir 200 000 tonn á ári. Sumitomo hefur verið í viðskiptasambandi við ýmis fyrirtæki í Japan, sem eru framleiðendur eða notendur að kísiljárni og búa nú við breyttar aðstæður.

Með tilliti til þessa hefur það verið á stefnuskrá félagsins að koma á fót viðskiptasamböndum erlendis til að tryggja þetta efni fyrir viðskiptavini sína og þá helzt á frambúðargrundvelli. Að athuguðu máli hefur það verið mat félagsins, að áhættusamt væri að taka þátt

í byggingu alveg nýrrar verksmiðju vegna hins háa stofnkostnaðar sem því væri samfara. Hefur félagið því fremur leitað eftir samstarfi við nýlega og vel búna verksmiðju, sem samkeppnishæf væri bæði með tilliti til stofn- og rekstrarkostnaðar, og er ljóst að verksmiðjan á Grundartanga getur fullnægt þeim skilyrðum eftir nokkra leiðréttingu á fjárhagsstöðu hennar. Jafnframt var það ákveðin skoðun hinna japönsku aðila, að fyrirtækið verði að hafa nægilega traustan fjárhag til að geta staðið undir eigin rekstri og skilað nokkrum arði til hluthafa.

Af hálfu Íslendinga hefur frá upphafi verið lögð stund á að athuga í viðræðum um málið, bæði við Elkem og Sumitomo, hvort efni væru til að breyta formerkjum hinna gildandi samninga um járnblendiverksmiðjuna í tilefni af þátttöku Sumitomo og tengdum aðgerðum. Um sölusamninginn við Elkem er það að segja, að skilmálar hans eru hagstæðir Grundartangaverksmiðjunni, og ekki er getuleysi Elkem um að kenna, nema síður væri, þótt treglega hafi gengið að selja framleiðsluna. Er því ástæða til að fagna því, að unnt verður að byggja einnig á þessum samningi í viðskiptunum við Sumitomo. Hins vegar er nú um það rætt, að fulltrúar Járnblendifélagsins taki virkari þátt í framkvæmd markaðsmála en verið hefur, og skiptir það mestu í þessu sambandi.

Samkvæmt tæknisamningnum við Elkem greiðir Járnblendifélagið þangað árlegt gjald fyrir tækniaðstoð sem er verksmiðjunni mjög mikilvæg. Rætt hefur verið um þetta gjald og niðurstaðan orðið að halda því óbreyttu, meðal annars vegna þess að Sumitomo telur enga ástæðu til að lækka það. Í þess stað er gert ráð fyrir að Elkem auki þátttöku í kostnaði við tækniþróunar- og rannsóknarverkefni sem unnin verði hér heima, eins og um getur í 7. lið í undanfarandi kafla.

Viðræðurnar hafa því einkum snúizt um það, hvort tök séu á að breyta rafmagnsverði Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins.

Ljóst er að félagið hefur ekki bolmagn til að greiða hærra rafmagnsverð en um hefur verið samið, eins og sakir standa nú. Er því gert ráð fyrir að gildandi rafmagnssamningur haldist óbreyttur, en í honum eru m. a. sjálfstæð ákvæði um endurskoðun vegna breyttra forsendna. Hins vegar verði gerður viðbótarsamningur við hann um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð, þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu er náð hjá félaginu, í formi skiptingar milli þess og Landsvirkjunar á umframágóða verksmiðjunnar. Hér er um mikilvægt samningsatriði að ræða sem tryggir hagsmuni Íslendinga eins og á verður kosið um sinn.

Með ofangreindum samningum um málefni Íslenzka járnblendifélagsins hf. verður brotið blað í sögu félagsins og íslenzkra atvinnumála. Er ástæða til að vona að þeir muni marka drjúg og gæfurík spor í þróun fyrirtækisins og orkufreks iðnaðar hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að 1. tölul. 3. gr. laganna um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði verði breytt á þá lund, að ríkisstjórninni verði heimilt að leggja fram allt að jafnvirði 33 milljóna bandaríkjadollara sem hlutafé til að halda 55% hlutdeild í Járnblendifélaginu. Svarar þetta til þess, að heildarhlutafé félagsins geti orðið allt að 60 milljónum bandaríkjadala. Ekki er víst að heimild þessi verði notuð alveg til fullnustu, þar sem viðbótarframlög hluthafa nú mundu ráðast af fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins þegar endurskipulagning hennar yrði framkvæmd (væntanlega sem næst 1. júní 1984), og eru líkur til að hin endanlega fjárhæð verði nokkru lægri. Afganginn mætti þá nota síðar, ef því yrði að skipta, en ekki er líklegt að til slíks kæmi.

Hlutafé ríkissjóðs í félaginu var upphaflega jafnvirði 13,2 m USD (55% af 24 m USD), en með lögum nr. 45/1982 var heimilað að hækka þetta mark í 19 m USD. Hlutafjárhækkunin nú verður þó ekki einhliða frá 19 í 33 m USD, heldur kemur fleira til.

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því við inngöngu Elkem í Járnblendifélagið veturinn 1976—1977, að hluthafarnir tryggðu félaginu víkjandi hluthafalán allt að 44 m NOK, ef á þyrfti að halda. Þetta fé var hugsað sem viðbót við hlutaféð, þótt réttara þætti að hafa það í lánsformi á því stigi, og átti að tryggja að eiginfjárhlutfall félagsins yrði ekki lægra en 35% í byrjun rekstrar. Það var einungis fyrir þá sök, að félaginu tókst að byggja verksmiðju sína fyrir minna en áætlað kostnaðarverð, að ekki þurfti að leggja þetta fé fram fyrr en út í rekstur var komið, á árunum 1981—82. Féð var lagt fram með erlendum lánum, í dollurum og sterlingspundum, og er verðgildi þess nú ásamt vöxtum rúmlega 8,1 m USD (hluti ríkissjóðs þannig tæplega 4,5 m USD).

Í öðru lagi eru hluthafar í beinni ábyrgð á láni til félagsins frá árinu 1982, sem heimiluð var með 2. gr. laga nr. 45/1982, sbr. 2. gr. frv. Verðgildi þessa láns, frá Den norske Creditbank og Bank of America, er nú með vöxtum sem næst 7,2 m USD (hlutur ríkissjóðs sem næst 4,0 m USD). Þetta lán er víkjandi fyrir stofnlánum félagsins og hefur því sams konar stöðu og hluthafalánin.

Í þriðja lagi eru svo hin síðari hluthafalán, sem veitt voru félaginu 1982 og 1983 út á heimildina í lögum nr. 45/1982 um hækkun hlutafjár og verður nú breytt í hlutafé samkvæmt þeirri heimild. Heildarverðgildi þeirra er nú tæplega 10,5 m USD og hlutur ríkissjóðs tæplega 5,8 m USD.

Það er einungis hækkunin umfram þessa þætti sem nú verður ný í reynd, og má sundurliða heimildina um 33 m USD þannig í stórum drættum:

Upphaflegt hlutafé	13,2
Fyrri hluthafalán, skv. 3. mgr. 6. gr. l. 18/1977, ca.	4,5
Síðari hluthafalán, skv. 1. tölul. 3. gr.	5,8
	23,5
Nýtt fé til greiðslu ríkisábyrgðarláns, skv. 8. tölul. 3. gr., ca.	4,0
	27,5
Nýtt fé á móti öðrum lánum	4,8
	32,3
Viðbót fyrir gengishreyfingum, ónákvæmni o. þ. h.	0,7
	33,0

Á móti nýju hækkuninni, 4,8 m USD, standa stofnlán félagsins frá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) og Eksportfinans í Noregi, sem greiða á niður að hluta með henni. Lánið frá Eksportfinans er í bandaríkjadollurum, sem hefur verið óhagstæð mynt, en er með hagstæðum vöxtum. Lánin frá NIB eru í dollurum, vestur-þýzkum mörkum og svissneskum frönkum og eru til mjög langs tíma (15 ára hvert). Hið elzta þeirra kemur til endurnýjunar nú í sumar, og má þá búast við vaxtahækkun frá því sem var við lántökuna.

Ekki er unnt að slá því föstu nema eftir frekari athugun og viðræður við lánveitendur, hvað heppilegast sé að yfirtaka af þessum lánum, en allt eru þetta hagkvæm lán, þótt þungbær hafi verið fyrir járnblendiverksmiðjuna. Og enda þótt ríkissjóður sé ekki í beinni ábyrgð fyrir lánunum mætti telja það verulegt áfall fyrir lánabúskap Íslendinga, ef vanhöld yrðu á greiðslu þeirra.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein ræðir um heimild til lækkunar á stimpilgjöldum, sem gilt hefur frá upphafi varðandi stofnlán Járnblendifélagsins, og vísast um hana til almennra athugasemda.

Með síðari málsgrein er ráðgert að fella niður ábyrgðarheimild ríkissjóðs vegna víkjandi láns til félagsins frá 1982, þar sem lánsfé þetta mundi nú verða endurgreitt og falla saman við hlutafjáraukninguna skv. 1. gr. frv., sbr. athugasemd um hana og almennar athugasemdir.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 653. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 22. mars 1960, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Böðvar Bragason, Valgerður Sverrisdóttir, Níels Á. Lund.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Nýmjólk og mjólkurafurðir, með eða án efnisþátta sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur, enda séu þeir ekki yfir 25% af þyngd vörunnar. Veitingasala á þessum vörum er þó söluskattsskyld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skal ekki innheimta söluskatt af sölu mjólkurafurða fyrir tímabilið 1. janúar 1978 og þar til lög þessi öðlast gildi. Söluskattur, sem innheimtur hefur verið af þessum vörum á fyrrgreindu tímabili, skal endurgreiddur.

Greinargerð.

Þann 1. apríl s. l. ákvað fjármálaráðuneytið að fella niður tímabundið vörugjald af gosdrykkjum og ávaxtasöfum. Jafnframt því voru tollar af ýmsum efnum til gosdrykkjagerðar lækkaðir eða felldir niður. Samhliða því lagði ráðuneytið fyrir að hafin yrði innheimta á söluskatti og vörugjaldi af tilteknum drykkjarvörum sem blandaðar eru úr mjólk eða mjólkurafurðum og bragðefnum. Eru þetta kakómjólk, jóki og mangósopi. Virðist með þessu hafa verið stefnt að því að bæta það tekjutap, sem varð við lækkun gjalda á öli og gosdrykkjum, með gjaldtöku af mjólkurdrykkjum. Hefur ráðuneytið með þessu sett þessa mjókurdrykki á bekk með límonaði og gosdrykkjum.

Fjármálaráðherra hefur rökstutt aðgerð sína við innheimtu á vörugjaldi og söluskatti af mjólkurdrykkjum með því að hann sé aðeins að framkvæma gildandi lög. Þar er þó hins vegar um verulega stefnubreytingu að ræða því að heimildir laga til innheimtu söluskatts og vörugjalds hafa verið óbreyttar frá því að framleiðsla umræddra mjólkurvara hófst fyrir tæpum áratug. Þann tíma hafa skattyfirvöld ekki krafið um þessi gjöld af mjólkurvörum og verður að álíta að yfirvöld hafi talið ótvírætt að ákvæði laga um skattfrelsi mjólkurvara næðu til áðurnefndra mjólkurdrykkja og þar hafi því farið saman sjónarmið skattyfirvalda og framleiðenda varanna. Til þess að skera úr um allan vafa um gjaldfrelsi mjólkur og mjólkurvara hvað varðar söluskatt og vörugjald er talið rétt að taka slíkt fram í lögum með ótvíræðum hætti.

Flutningsmenn þessa frumvarps geta ekki sætt sig við að við skattlagningu séu mjólk og mjólkurvörur lagðar að jöfnu við munaðarvörur eins og öl og gosdrykki. Samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins nær gjaldfrelsið til vara sem hafa að lágmarki ¾ hluta mjólkur. Ótvírætt er að mjólk er sú matvara sem hefur einna mest hollustugildi. Í henni eru ýmis næringarefni sem eru ómissandi fyrir börn og unglinga. Einkum af þessum sökum hafa framleiðendur mjólkurvara lagt verulega áherslu á að koma með nýjar mjólkurvörur og mjólkurdrykki sem svöruðu kröfum um breytt mataræði og neysluvenjur á íslenskum heimilum. Þá hafa þessar framleiðsluvörur orðið uppistaðan í skólakosti barna í skólum og á dagvistarstofnunum.

Af því sem að framan greinir má sjá að með því að flytja gjaldtöku af gosdrykkjum yfir á mjólkurdrykki er verið að létta skattaálögum af þeim sem neyta gosdrykkja, t. d. á skemmtistöðum, yfir á það fólk sem hefur börn sín í skólum og á dagheimilum. Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins er talið að skattlagning ríkissjóðs á kakómjólk einni saman á heilu ári, miðað við núverandi verðlag, gefi ríkissjóði um 30 milljónir króna í tekjur. Hér er um verulegan skatt að ræða þó svo að hann verði tæplega nægjanlegur til að bæta upp tekjutap það sem verður við lækkun gjalda til ríkissjóðs af öli og gosdrykkjum, en talið er að tekjur ríkissjóðs fyrir þessa breytingu hefðu numið um 305 millj. kr. á ári miðað við núverandi verðlag en verði um 260 millj. kr. Með skattheimtu af því tagi, sem fjármálaráðherra hefur nú beitt sér fyrir, er sú viðleitni mjólkuriðnaðarins að leita nýrra leiða til að nýta íslenskar mjólkurafurðir sem best og bjóða fram nýjar vörur drepin í dróma. Verður að telja að hér sé um mjög varhugaverða stefnu að ræða.

Verði frv. þetta að lögum er úr því skorið að allar þær vörur sem hafa ¾ hluta mjólkur eða meira skulu vera undanþegnar söluskatti.

Nd. 654. Frumvarp til laga [323. mál]

um breyting á lögum um vörugjald, nr. 77 23. des. 1980.

Flm.: Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Böðvar Bragason, Valgerður Sverrisdóttir, Níels Á. Lund.

1. gr.

Vöruheiti við tollskrárnúmerin 22.02.01 og 22.02.09 í B-lið 1. gr. laganna breytist og orðist svo:

Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07, eða drykkjarvörur unnar úr mjólk eða mjólkurvörum, með eða án efnisþátta, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur, enda séu þeir ekki yfir 25% af þyngd vörunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og áður gildandi laga um sama efni skal ekki innheimta vörugjöld skv. lögunum af drykkjarvörum unnum úr mjólk eða mjólkurvörum fyrir tímabilið 1. janúar 1978 og þar til lög þessi öðlast gildi. Vörugjöld, sem innheimt hafa verið af þessum vörum á fyrrgreindu tímabili, skulu endurgreidd.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða öðru frv. um breytingu á lögum um söluskatt nr. 10 22. mars 1960, með síðari breytingum, en í því frv. er lagt til að söluskattur verði ekki lagður á nýmjólk og mjólkurafurðir sem eru að ¾ hlutum mjólk eða meira. Frumvarp þetta tekur hins vegar aðeins til vörugjalds af mjólkurdrykkjum.

Um athugasemdir við frumvarp þetta vísast að öðru leyti til áðurnefnds frumvarps um breytingu á söluskattslögum.

Ed. 655. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta með hefðbundnum hætti. Fulltrúar allsherjarnefndar neðri deildar tóku þátt í athugun frumgagna málsins svo sem venja hefur verið til. Einnig naut nefndin aðstoðar skrifstofustjóra Alþingis við athugun málsskjala.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. febr. 1984.

Ólafur Jóhannesson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Valdimar Indriðason.	Ey. Kon. Jónsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 656. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Pétri Sigurðssyni og Karvel Pálmasyni.

Við 1. gr. Niðurlag fyrri málsgr. ákvæðis til bráðabirgða I hljóði svo: og koma þær til hlutaskipta sem annar afli á viðkomandi skip frá og með 1. júní 1984.

Ed. 657. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 67 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 8. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr. komi: forgangsréttur.

10. gr. hljóðar svo:

Á eftir XIII. kafla laganna komi nýr kafli, XIV. kafli er beri yfirskriftina: Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o. fl.

Í XIV. kafla eins og hann er þá orðinn komi ný grein, 77. gr., svohljóðandi, en aðrar greinar og kaflaskipti færast aftur sem þessu nemur:

Bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skulu í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara á fjögurra ára fresti könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboði á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félagsmálaráðuneytisins.

Ed. 658. Frumvarp til laga [204. mál]

um Ljósmæðraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 366 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu: stjórnarnefndar ríkisspítalanna, Ljósmæðrafélags Íslands, Hjúkrunarfélags Íslands og nemenda skólans.

Skipunartími skólanefndar skal vera fjögur ár, nema fulltrúa nemenda, sem skal skipa til eins árs í senn.

Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um stjórn og rekstur skólans.

4. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar skólastjóra og skal hann vera ljósmóðir með hjúkrunarfræðimenntun.

7. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi og starfslið skólans að fengnum tillögum skólanefndar.

Ed. 659. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadóm-

ara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

Sþ. 660. Tillaga til þingsályktunar [324. mál]

um atvinnumál á Norðurlandi.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Pálmi Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Valgerður Sverrisdóttir, Stefán Guðmundsson, Svanfríður Jónasdóttir, Ragnar Arnalds, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta vinna nú þegar að tillögum til úrbóta í atvinnumálum á Norðurlandi. Tekið verði á eftirfarandi atriðum:

1. Leiðum til úrbóta á þessu ári.
2. Markmiðum sem stefna beri að í náinni framtíð.
3. Fjármögnun atvinnuuppbyggingar.
4. Uppbyggingu iðngarða þar sem fyrirtækjum gæfist kostur á að leigja atvinnuhúsnæði.

Greinargerð.

Atvinnuleysi á Norðurlandi fer vaxandi og veldur síauknum áhyggjum. Hætta er á fólksflótta frá Norðurlandi verði ekki reynt að snúa við blaðinu með því að styrkja stoðir þess atvinnulífs sem fyrir er og leita nýrra leiða í atvinnuuppbyggingu. Atvinnuleysi á Norðurlandi í jan. 1984 svaraði til þess að 1180 voru atvinnulausir allan mánuðinn. Á árinu 1983 var atvinnuleysi 2,05% á Norðurlandi en á sama tíma var landsmeðaltal 1,1%.

Þegar litið er á aflatölur janúarmánaðar þessa árs kemur í ljós að samdráttur í fiskveiðum var afgerandi mestur á Norðurlandi miðað við sama tíma 1983. Afli báta á Norðurlandi dróst saman um 31,3% og afli togara um 27,4%. Ekki er von um bata í aflabrögðum á þessu ári og kemur þar til stjórnin á fiskveiðum sem bitnar þyngst á þeim landssvæðum sem byggja afkomu sína að meginhluta á sjávarútvegi. Er því útlit fyrir að atvinnuleysi muni aukast þegar líður á árið og kvótinn verður uppurinn.


Eitt hið alvarlegasta við búseturöskunina á landsbyggðinni er að hún er mest í aldurshópnum 20—30 ára. Það er fólk sem er að stofna heimili og fjárfesta og velja sér dvalarstað, oftast til frambúðar. Í því sambandi má minna á að atvinnuframboð fyrir langskólagengið fólk er ákaflega takmarkað úti á landi. Þetta kom fram í máli Þórðar Skúlasonar á fjórðungsþingi Norðlendinga á Raufarhöfn á s. l. hausti.

Mikilvægt er að fjölbreyttari atvinnuuppbygging eigi sér stað á landsbyggðinni þannig að flestum gefist kostur á starfi við sitt hæfi. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að stjórnvöld marki stefnu í atvinnumálum.

Þau fjögur atriði, sem þessi tillaga til þingsályktunar felur í sér, mætti hugsa sér að yrðu falin fleiri en einum aðila til úrlausnar. Kemur vel til greina að setja á stofn opinbera nefnd um smáiðnað er starfi með svipuðum hætti og stóriðjunefnd.

Í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari kemur glögglega fram að Norðurland hefur verið með hæsta hlutfall atvinnulausra síðan 1975.

Fylgiskjal



(Úr bókinni: Landsskipulag og áætlanagerð.
Forsendur. Útg.: Skipulag ríkisins og Framkvæmdastofnun byggðadeild.)

Sþ. 661. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um endurskoðun laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922. Sérstaklega skal taka til endurskoðunar ákvæði laga um fyrningarfresti þegar seldur varningur verður hluti af fasteign, svo og önnur þau ákvæði laganna sem úrelt mega teljast vegna breyttra viðskiptahátta og margvíslegra tækniframfara í framleiðslu og sölu ýmiss konar varnings. Leita skal álits lagadeildar Háskóla Íslands, verkfræðideildar Háskóla Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á viðfangsefninu. Frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Um lausafjárkaup gilda lög nr. 39/1922. Þau lög eru aðallagaákvæðið um kaup hér á landi. Í þeim lögum er helstu réttarreglum um lausafjárkaup raðað saman á skipulegan hátt. Setning þeirra laga átti sér alllangan aðdraganda á sínum tíma og ákvæði þeirra byggjast á langri þróun í almennum viðskiptum manna á meðal. Með setningu þeirra laga komst að verulegu leyti á samstaða milli íslenskra réttarreglna um lausafjárkaup og réttar annarra Norðurlandaþjóða um sama efni og hefur sú samstaða haldist fram til síðustu ára.

Löggjöf þessi er nú rúmlega 60 ára gömul. Þótt hún hafi verið vönduð á sínum tíma og haldi enn að mörgu leyti gildi sínu sem grundvallarlög í viðskiptum manna á milli gefur auga leið að ýmislegt hefur breyst í viðskiptaháttum á þessu tímabili. Hvers konar tækni hefur fleygt fram og viðskiptahættir hafa breyst.

Að undanförnu hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma sem byggðir eru á þessum lögum og vakið hafa nokkra athygli. Hér er um að ræða dóma sem snerta sölu á byggingarefni sem verður hluti af fasteign en reynist gallað. Rétt er að vitna hér í dóm Hæstaréttar frá 27. júní 1983. Úrlausnarefnið er það að húsbyggjandi hafði keypt steinsteypu sem reyndist gölluð og var það talið sannað. Hins vegar fékk húsbyggjandinn ekki dæmdar bætur sér til handa þar sem hann hafði ekki borið gallann fyrir sig innan árs frá afhendingu steypunnar eins og ákvæði kaupalaga kveða á um. Átti hann þess reyndar engan kost þar sem gallinn hafði þá ekki komið fram. Í dómi Hæstaréttar segir svo:

„Fallast ber á úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var byggingarfróðum meðdómsmönnum, um það að skemmdir á útveggjum í húsi stefnda verði raktar til þess að steinsteypunni, er áfrýjandi seldi honum, hafi verið áfátt að gæðum er hún var lögð í steypumótin, en ósannað er að of mikil vatnsblöndun í steypuna, ef henni hefur verið til að dreifa, hafi verið að beiðni stefnda eða manna á hans vegum. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á að nein þau atvik hafi verið fyrir hendi sem hafi undanþegið hann skaðabóta ábyrgð á göllum á steinsteypunni eftir ákvæðum 3. mgr. 43. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, en á því ákvæði reisir stefndi dómkröfur sínar í málinu alfarið.

Við það þykir mega miða að stefndi hafi ekki orðið var við að steinsteypunni hefði verið áfátt fyrr en skemmdir komu í ljós í útveggjum húss hans síðari hluta júnímánaðar 1976. Þá var hins vegar fyrir löngu fallinn niður allur réttur hans til skaðabóta úr hendi áfrýjanda samkvæmt framangreindu lagaákvæði þar sem nær 14 ár voru liðin frá því að stefndi veitti steypunni viðtöku og því úti sá ársfrestur sem 54. gr. lausafjárkaupalaga setur kaupanda til að bera fyrir sig að söluhlut hafi verið ábótavant. Er í því sambandi þess að geta að hvorki verður á það fallist með stefnda að umrætt ákvæði taki ekki til hinnar seldu steinsteypu vegna þess að fyrir notkun sína hafi hún orðið hluti af fasteign né er því haldið fram í málinu að undantekningarákvæði greinarinnar eigi við í skiptum málsaðilja.

Við málflutning fyrir Hæstarétti var því að vísu haldið fram af hálfu stefnda að nefnd 54. grein lausafjárkaupalaga ætti engu að skipta um úrslit þessa máls vegna þess að áfrýjandi hefði ekki borið fyrir sig ákvæði hennar fyrr en í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi í upphafi málssóknarinnar. Ekki verður þó séð að stefndi hafi hreyft þessu í málinu fyrr en við munnlegan málflutning þess fyrir Hæstarétti, svo sem sagt var, og auk þess kemur það fram í bréfi áfrýjanda til stefnda 29. mars 1977 þar sem áfrýjandi hafnar bótakröfum hans að áfrýjandi hefur þá þegar bent á það hve langur tími væri liðinn frá skiptum aðilja synjun sinni til skýringar. Þegar af þessum ástæðum verður ekki fallist á það með stefnda að áfrýjandi hafi með framkomu sinni firrt sig rétti til að bera fyrir sig ákvæði margnefndrar 54. greinar lausafjárkaupalaga.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í málinu en eftir atvikum er rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður."

Einn dómari Hæstaréttar skilaði sératkvæði og segir svo í atkvæði hans:

„Ég er sammála niðurstöðu meiri hlutans, en með eftirfarandi rökstuðningi:

Enda þótt steypa verði ekki að fasteign fyrr en hún hefur bundist og breyst í varanlegt mannvirki, þá er það ekki sjálfgefið að hún falli undir fyrningarákvæði laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, þar sem hún er allt annars eðlis en venjulegur verslunarvarningur sem téð lög taka fyrst og fremst til. Það eru einkum og sér í lagi hinar ýmsu framleiðsluvörur sem daglega ganga kaupum og sölum, svo sem skæði og klæði, tól og tæki alls konar, sem lög nr. 39/1922 taka yfir. Einkum verður munurinn milli steypu og annars lausafjár skýr þegar kemur til gallanna og uppgötvunar þeirra. Í venjulegum verslunarvarningi koma gallar yfirleitt fljótt fram eða unnt er að staðreyna þá tiltölulega tímanlega með vandlegri skoðun. Um steypu er þessu þveröfugt farið. Erfitt er að staðreyna galla á steypuefni við afhendingu og gallar koma yfirleitt ekki í ljós fyrr en mörgum árum síðar, m. a. vegna þess að steypan er venjulega varin með pússningu eða málningu, nema hvort tveggja sé. Það er því með öllu ótækt að fella skaðabætur vegna steypugalla undir hinn skamma fyrningarfrest 54. gr. laga nr. 39/1922. Slíkt leiðir til ranglætis gagnvart kaupanda, gerir ábyrgð seljanda of léttvæga og stuðlar því eigi að vöruvöndun. Því þarf að skapa dómvenju á þessu sviði er tekur sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila, kaupanda og seljanda steypuefnis. Þess vegna ber að leitast við að finna jafnvægi á metaskálunum milli skaðabótaréttar kaupanda annars vegar og ábyrgðar seljanda hins vegar. Í þeirri leit hljóta lög nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, að verða fyrst á vegi. Í þeim lögum er hvergi berum orðum vikið að fyrningu á skaðabótakröfum vegna steypugalla. Því er eðli málsins rétt að skipa kröfu þessari undir ákvæði 4. gr. 2. mgr. laganna og miða við 10 ára fyrningarfrest. En þar með er málið eigi leyst því að enn á eftir að ákveða upphaf fyrningarfrestsins. Við þá ákvörðun verður að leggja höfuðáherslu á hagsmuni seljanda ella yrði ábyrgð hans úr hófi. Af þeim sökum er ekki fært að miða við það tímamark er kaupandi verður gallans var. Þess vegna þykir mér rétt að miða upphaf fyrningarfrests við afhendingu steypunnar sem var 20. júní 1962. Stefndi kvartaði við áfrýjanda sumarið 1976. Var þá skaðabótaréttur hans fallinn niður fyrir fyrningu, skv. 4. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905."

Af þessum dómi má sjá að lögin leiða til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu gagnvart kaupanda. Auðvitað hefur seljandi einnig vernd gegn því að ekki sé unnt að koma kröfum á hendur honum í hið óendanlega, en ljóst er að núgildandi ákvæði ganga of langt í því að veita seljanda vernd þegar um slík kaup er að ræða sem hér er um fjallað.

Endurskoðun laga um lausafjárkaup hefur verið á dagskrá í alllangan tíma. Sú endurskoðun gengur hægt, ekki síst þar sem um samnorræna löggjöf er að ræða. Slík endurskoðun er mjög þung í vöfum. Samstarf milli þjóða á þessu sviði er góðra gjalda vert en það má heldur ekki verða til að tefja nauðsynlegar réttarbætur á öðru sviði.

Rétt er að taka fram að fleiri en ein leið kemur til greina við lausn á þessu máli. T. d. má nefna tryggingu af hálfu seljanda gegn hugsanlegu tjóni sem gallað efni veldur kaupendum.

Vegna þess að lausn málsins er ekki einhlít er málið hér flutt í formi þingsályktunar með áskorun á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun umræddra laga.

Nd. 662. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið barst sjávarútvegsnefnd 28. nóvember s. l. Málið var síðan sent til umsagnar 8. desember. Alls bárust 16 umsagnir og hefur nefndin kynnt sér þær ítarlega á alls sjö fundum.

Á fundi nefndarinnar komu einnig aðilar er þetta mál snertir og skýrðu sjónarmið sín varðandi þetta frumvarp og gáfu ýmsar upplýsingar.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 13. apríl 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Jón Magnússon. Níels Á. Lund.

Björn Dagbjartsson.

Nd. 663. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, JM, NL, BD).

1. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð hráefnis eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu og sviptingu vinnsluleyfis.

2. Heiti VI. kafla verði: **Um skyldur útflytjenda.**

3. Við 17. gr. Greinin falli brott.

4. 28. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1984.

5. Orðin „1. mars 1984“ í ákvæði til bráðabirgða verði: 1. ágúst 1984.

Nd. 664. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. apríl.)

1. gr.

Aftan við 4. mgr. 23. gr. laganna bætist:

Hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- eða örorkulífeyrisþega skal enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar.

2. gr.

26. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „35 000 kr.“ í 1. mgr. komi: 1 800 kr.

Í stað „7 000 kr.“ í 1. og 2. málslið 2. mgr. komi: 360 kr.

Í stað „10 000 kr.“ í 7. mgr. komi: 520 kr.

8. mgr. orðist svo:

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Síðasta mgr. orðist svo:

Útsvar skal lagt á í heilum tug króna, þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983.

Nd. 665. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. apríl.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 666. Lög [198. mál]

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 571 (sbr. 354).

Nd. 667. Lög [222. mál]

um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 391.

Ed. 668. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adal, Myrtle Rosina, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 4. júlí 1962 í Guyana.
2. Akasheh, Mahshid, verkfræðingur í Garðakaupstað, f. 21. maí 1957 í Íran.
3. Anna Björg Michaelsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 21. ágúst 1957 á Íslandi.
4. Assmann, Wolfgang, verkamaður í Reykjavík, f. 25. maí 1940 í Þýskalandi.
5. Bang, Anne Lise, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. okt. 1942 á Íslandi.
6. Berman, Robert Clive, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 í Bretlandi.
7. Björn Ryel Ólafsson, námsmaður í Kaupmannahöfn, f. 24. júlí 1955 í Danmörku.
8. Boulter, Fred, nuddari í Reykjavík, f. 22. febr. 1956 í Bandaríkjunum.
9. Bui, Thuy Xuan, mælingamaður í Reykjavík, f. 14. júlí 1952 í Víetnam.
10. Campbell, Duncan Wilson, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 5. nóv. 1950 í Skotlandi.
11. Chau, Minh Chi Tran, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 22. des. 1956 í Víetnam.
12. Chinotti, Gerard Marcel Fernand Henri, kennari í Reykjavík, f. 13. júní 1941 í Frakklandi.
13. Christiansen, Johan Sophus Dahl, nemi í Reykjavík, f. 6. mars 1955 í Reykjavík.
14. Coënca, Carol, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. jan. 1953 í Frakklandi.
15. David, Marie Ivy Doris, húsmóðir á Akureyri, f. 7. apríl 1960 á Mauritius.
16. Du, Cuong Quoc, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júní 1956 í Víetnam.
17. Du, Le Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. sept. 1961 í Víetnam.
18. Du, Minh, Phuoc, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 29. júní 1960 í Víetnam.
19. Du, Quang Phuoc, verkamaður á Stöðvarfirði, f. 9. des. 1958 í Víetnam.
20. Edna María Michaelsdóttir, listakona í Svíþjóð, f. 18. júlí 1958 á Íslandi.
21. Foulger, Gillian Rose, jarðeðlisfræðingur í Reykjavík, f. 19. des. 1952 í Bretlandi.

22. Gaziza, Shanaz Taherali Yusufali, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1955 í Tansaníu.
23. Guldhammer, Lea Hjorth, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 27. sept. 1940 í Danmörku.
24. Hua, Hiep Vinh, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. jan. 1955 í Víetnam.
25. Huynh, Can Kien, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 10. júlí 1949 í Víetnam.
26. Huynh, De, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 5. jan. 1946 í Víetnam.
27. Huynh, Nam De, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1954 í Víetnam.
28. Huynh, Nuoi Nhut, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. des. 1951 í Víetnam.
29. Huÿbens, Hermanus Henricus, matreiðslumaður á Akureyri, f. 18. ágúst 1948 í Hollandi.
30. Hwang, Jin Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. okt. 1954 í Suður-Kóreu.
31. Ilić, Dusan, vörubílstjóri í Reykjavík, f. 28. júní 1955 í Júgóslavíu.
32. Ivan Kári Sveinsson, Reykjavík, f. 19. sept. 1978 á Spáni.
33. de Jesus, Justiniano, verslunarmaður í Reykjavík, f. 4. mars 1938 á Filippseyjum.
34. Jones, Ellen Rósa, húsmóðir í Grundarfirði, f. 8. jan. 1953 á Íslandi.
35. Lareau, Jean Noel, flugvirki í Reykjavík, f. 28. maí 1956 á Íslandi.
36. Lentz, Walter Ludwig, gleraugnafræðingur á Seltjarnarnesi, f. 6. ágúst 1934 í Þýskalandi.
37. Lewis, Joan, starfsþjálfari á Akureyri, f. 9. nóv. 1946 í Englandi.
38. Loewenstein, Hope Nancey, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 8. sept. 1943 í Bandaríkjunum.
39. Lozanov, Malgorzata, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. febr. 1949 í Póllandi.
40. Maloney, Róberta Bára, verkakona í Keflavík, f. 9. ágúst 1963 í Bandaríkjunum.
41. Marth, Jochen Wilhelm Paul Otto, verkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júní 1953 í Þýskalandi.
42. Marth, Ulrike Eleonore, fóstra í Djúpárhreppi, Rang., f. 12. mars 1955 í Þýskalandi.
43. McQueen, Frances Jane Milne, húsmóðir á Akureyri, f. 27. nóv. 1942 í Skotlandi.
44. Milijević, Stanko, aðstoðarmaður í brauðgerð í Kópavogi, f. 28. sept. 1952 í Júgóslavíu.
45. Nguyen, Chien Van, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1957 í Víetnam.
46. Nguyen, Ho Van, nemandi í Kópavogi, f. 17. maí 1954 í Víetnam.
47. Nguyen, Man Ngoc, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. des. 1955 í Víetnam.
48. Nilssen, Julianne Marie, húsmóðir í Keflavík, f. 2. okt. 1949 á Íslandi.
49. Papazian, Berjouhi, kennari í Reykjavík, f. 24. okt. 1936 í Írak.
50. Pescia, Enrico Emanuel, verkamaður í Njarðvík, f. 18. sept. 1954 í Bandaríkjunum.
51. Pham, Hang Le, nemandi í Reykjavík, f. 19. jan. 1955 í Víetnam.
52. Renner, Margo Jeanne, listamaður í Vestmannaeyjum, f. 29. des. 1953 í Bandaríkjunum.
53. Romo, Julio Cesar Ocares, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 21. okt. 1952 í Chile.
54. Salas, Jose Manuel Salvador, forstjóri í Reykjavík, f. 14. des. 1949 á Spáni.
55. Schaaber, Ursula Lore, læknir í Reykjavík, f. 17. ágúst 1946 í Þýskalandi.
56. de Sousa, Ruben Araújo, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 17. febr. 1953 í Brasilíu.
57. Stefán Brandur Stefánsson, viðskiptafræðingur í Hafnarfirði, f. 29. okt. 1954 í Bandaríkjunum.
58. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, f. 6. mars 1932 í Þýskalandi.
59. Tamimi, Suleiman, nemi í Reykjavík, f. 1. mars 1955 í Jórdaníu.
60. Tran, Trieu Di, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1949 í Víetnam.
61. Vestergaard, Ingibjörg, matráðskona í Garðabæ, f. 24. apríl 1938 í Færeyjum.
62. Webster, Decarsta Unsont, körfuboltaþjálfari í Hafnarfirði, f. 7. maí 1955 í Bandaríkjunum.

63. Wilhelmsen, Willy Peter, verkamaður í Keflavík, f. 11. okt. 1952 í Noregi.
64. Wilkinson, Bernard Stephen Wilmot, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. mars 1951 í Englandi.
65. Zak, Marjan, verkamaður í Kópavogi, f. 18. júlí 1953 í Júgóslavíu.
66. Zarioh, Mohamed Hamadi, rafsuðumaður á Akureyri, f. 17. okt. 1950 í Marokkó.
67. Þórunn Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 22. jan. 1947 í Bandaríkjunum.

Sþ. 669. Fyrirspurn [326. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skipti eða sölu aflakvóta milli skipa.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hversu mikil brögð eru að kvótaskiptum, sbr. 18. gr. reglugerðar um stjórn botnfiskveiða 1984, milli skipa:
   a) frá sömu verstöð,
   b) milli verstöðva og
   c) að öðru leyti, sbr. lokamálsgr. 18. gr., að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis og umsögn sveitarstjórna og sjómannafélaga í viðkomandi stöð?
2. a) Er ráðuneytinu kunnugt um viðskipti með aflakvóta milli útgerða?
   b) Hefur ráðuneytið heimilað slík viðskipti?
3. Ef svo er, getur ráðuneytið upplýst
   a) á hvaða verði tonnið af þorski gengur í slíkum viðskiptum?
   b) hversu mikið aflamagn hefur þannig gengið kaupum og sölum?
   c) hver er hlutur áhafna þeirra skipa sem selt hafa hluta af aflakvóta sínum, eða kemur hagnaður eingöngu í hlut útgerðarinnar?
4. Ef ráðuneytinu er, á þessu stigi málsins, ókunnugt um slík kvótaviðskipti, mun það beita sér fyrir rannsókn á málinu?

Nd. 670. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson.

Alþingi, 25. apríl 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.

Guðmundur Einarsson.

Nd. 671. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson.

Alþingi, 25. apríl 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm. | Guðrún Helgadóttir, fundaskr. | Friðjón Þórðarson.

Guðmundur Einarsson.

Ed. 672. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. apríl 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm.

Eiður Guðnason. Valdimar Indriðason.

Ed. 673. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frv. var flutt í Nd. Þar var það samþykkt samhljóða. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. apríl 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm.

Valdimar Indriðason. Tómas Árnason. Eiður Guðnason.

Sþ. 674. Nefndarálit [172. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1984.

Ólafur Jóhannesson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Gunnar G. Schram.	Guðrún Agnarsdóttir.	Svavar Gestsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 675. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur rætt frv. Fyrir nefndinni hafa legið erindi sveitarstjórna og sumarbústaðaeigenda varðandi málið. Nefndin varð sammála um að rétt væri að lækka fasteignaskatt á sumarbústöðum úr 1% af fasteignamati lóðar og mannvirkja í ½%. Fyrir því flytur nefndin sameiginlega breytingartillögu á þskj. 676 og mælir með því að frv. verði samþykkt þannig breytt.

Alþingi, 25. apríl 1984.

Þorsteinn Pálsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Svavar Gestsson.	Eggert Haukdal.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 676. Breytingartillaga [40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Aftan við a-lið 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

Nd. 677. Frumvarp til laga [256. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 473 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
5. gr. laganna orðist svo:

5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.

5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðunum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg.

5.3. Hver svæðisnefnd skal fyrir 1. október ár hvert hafa gert tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár, og skal þá þegar senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum tillöguna til umfjöllunar.

5.4. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 15. október ár hvert hafa sent hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár ásamt áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu.

5.5. Tillögur heilbrigðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvers sveitarfélags.

5.6. Heimilt er sveitarstjórnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 2. gr., tl. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

Ed. 678. Lög [149. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 664.

Nd. 679. Frumvarp til laga [327. mál]

um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

4. gr. laganna falli niður, og breytist röð annarra greina til samræmis við það.

2. gr.

5. gr. laganna, sem verður 4. gr., breytist og orðist svo:

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á lögunum, er leiðir af sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í bankanum. Breytingar þessar eru einungis tvær.

Fjórða grein laganna hljóðar nú þannig:

„Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.“ Ákvæði þetta falli brott.

Fimmta grein laganna hljóðar nú þannig:

„Stjórn félagsins skipa 5 menn. — Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn, til eins árs í senn. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt.“

Grein þessi verði fjórða grein og orðist þannig:

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að framselja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að 4. gr. núgildandi laga falli brott og röð annarra greina breytist í samræmi við það.

Um 2. gr.

Stjórnarkjör í félaginu breytist vegna sölu hlutabréfanna og verður í samræmi við lög um hlutafélög.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 680. Frumvarp til laga [328. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf. Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963. Í því frumvarpi er lagt til að gerðar verði breytingar á lögunum, er leiðir af sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í félaginu.

Lög um Iðnaðarbanka Íslands hf. tóku gildi í árslok 1951. Bankinn hóf starfsemi sína hinn 25. júní árið 1953 og varð því 30 ára á síðastliðnu ári. Í lögunum var kveðið á um, að hlutafé bankans skyldi nema allt að 6,5 Mgkr. og þar af skyldi ríkissjóður leggja fram 3 Mgkr., eða um 46% hlutafjárins.

Við stofnun bankans lögðu aðilar í heildarsamtökum iðnaðarins, Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna, hvor um sig fram 1,5 Mgkr., en 500 þús. gkr. var safnað í hlutafé á almennum markaði. Hluthafar voru upphaflega um 1100.

Hlutafé bankans hefur verið aukið nokkrum sinnum. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti til hlutfallslegrar aukningar hlutafjáreignar, og hefur því hlutdeild ríkisins í bankanum minnkað í 27% af heildarhlutafé. Hluthafar í bankanum eru nú 1441, og var nafnverð hlutafjárins hinn 31. des. 1983 samtals kr. 38 492 154.

Nafnverð hlutafjár ríkissjóðs í bankanum var hinn 31. desember 1983 kr. 10 391 700.

Segja má, að rekstur Iðnaðarbankans hafi gengið vel undanfarin ár. Innlánsaukning í Iðnaðarbankanum hefur verið hvað mest allra bankanna.

Útibú bankans eru nú átta að tölu, þar af eru fjögur utan Reykjavíkur, í Hafnarfirði (1964), á Akureyri (1965), á Selfossi (1977) og í Garðabæ (1982).

Veðdeild var stofnuð við bankann í mars 1970, m.a. í þeim tilgangi að veita lán til kaupa á verkfærum og smærri tækjum fyrir iðnaðarmenn. Lán til slíkrar fjárfestingar höfðu ekki verið veitt af fjárfestingarlánasjóðum iðnaðarins. Heildarútlán veðdeildar námu í árslok 1983 rúmlega 283 Mkr.

Iðnlánasjóður hefur allt frá stofnun Iðnaðarbankans verið þar í vörzlu, og hefur bankinn annazt daglegan rekstur hans.

Góð afkoma bankans undanfarin ár hefur gert það kleift að gefa árlega út jöfnunarhlutabréf í samræmi við verðlagsþróun, auk þess sem greiddur hefur verið arður samsvarandi viðunandi ávöxtun af verðtryggðum skuldabréfum.

Starfsemi Iðnaðarbanka Íslands 1983. Bráðabirgðauppgjör.

Í árslok 1983 námu heildarinnlán bankans 1 156 137 þús. kr. og höfðu aukizt frá fyrra ári um 542 372 þús. kr. eða 88,4%. Innlánsaukning allra viðskiptabankanna árið 1983 varð að meðaltali 80,3%. Hlutdeild Iðnaðarbankans er nú 7,3% af heildarinnlánum viðskiptabankanna.

Heildarútlán bankans í lok ársins 1983 námu 1 062 233 þús. kr. fyrir afskriftir útlána og án útlána veðdeildar, og jukust þau um 556 267 þús. kr. eða 109,9% á árinu. Ef lán, sem endurseld voru Seðlabankanum, eru undanskilin, var aukningin 106,1%.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga var hlutfallslega svipuð og 1982. Hlutur iðnaðar og byggingarverktaka er eftir sem áður langmestur eða 48,8% af öllum útlánum bankans.

Í árslok 1983 námu heildarútlán veðdeildar 282 538 þús. kr., og er það 121,7% aukning frá fyrra ári.

Lántökur veðdeildar hjá lífeyrissjóðum voru 91 382 þús. kr. á árinu, samanborið við 49 979 þús. kr. árið áður og er það 82,8% aukning frá fyrra ári.

Afkoma bankans 1983.

Heildartekjur bankans árið 1983 námu 651 493 þús. kr. og er það 116,1% aukning frá fyrra ári. Heildargjöld bankans voru 624 241 þús. kr. og er það 111,9% aukning frá árinu áður.

Rekstrarkostnaður bankans var 90 758 þús. kr. og er það 92,6% aukning frá fyrra ári. Launakostnaður nam 50 586 þús. kr. og er það 78,7% aukning frá fyrra ári.

Meðalfjöldi starfsfólks bankans var 150 árið 1983, samanborið við 129 árið áður. Tekjuafgangur til ráðstöfunar árið 1983 varð 12 554 þús. kr. en 6 838 þús. kr. árið áður.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1983.*

Rekstrartekjur	651 493 186
Rekstrargjöld	624 241 171
Hagnaður	14 697 962
Eignir	1 927 707 220
Skuldir	1 784 403 855
Eigið fé	143 303 365

* Með veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf.

Aðalfundur Iðnaðarbankans verður haldinn 26. apríl 1984, og verða þá endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 1983 lagðir fram.

Skv. gildandi lögum skipar iðnaðarráðherra tvo af fimm bankaráðsmönnum til eins árs í senn.

Söluverð hlutabréfa ríkissjóðs og fyrirkomulag sölunnar.

1. Hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf. hafa verið boðin til sölu á samtals kr. 32 000 000. Verð þetta er reiknað út samkvæmt upplýsingum frá Fjárfestingarfélagi Íslands hf. og Iðnaðarbankanum. Tekið er fyrst og fremst mið af verðmæti hreinnar eignar Iðnaðarbanka Íslands í lok desember 1983 og áætlaðrar arðgreiðslu af hlutabréfunum. Einnig er tekið mið af kaupum og sölum hlutabréfa í bankanum á undanförnum árum, sem vitað er um.
2. Núverandi hluthöfum í Iðnaðarbankanum hefur verið sent bréf, þar sem þeim er boðinn forkaupsréttur að bréfum ríkissjóðs í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign þeirra. Tilboð þetta er háð samþykki Alþingis á því frumvarpi, er hér um ræðir. Áskriftarfrestur er til 1. júní n.k. Arður fyrir árið 1983, sem kann að verða ákveðinn á næsta aðalfundi, fylgir ekki bréfunum.
3. Verðið á hlutabréfum miðast við 1. janúar 1984, og verða hæstu lögleyfðu útlánsvextir reiknaðir á bréfin frá þeim degi til greiðsludags.
4. Greiðsluskilmálar eru eftirfarandi:
   a) Útborgun 50%.
   Útborgun er tvenns konar. Við sölu staðgreiðast 25% af verði bréfanna. Jafnframt má greiða 25% af verði bréfanna með skuldabréfi með 3 afborgunum á 9 mánuðum, 1. september 1984, 1. desember 1984 og 1. mars 1985. Skuldabréfin verða gefin út á greiðsludegi og bera hæstu leyfða vexti frá þeim tíma (nú 21% p.a.).
   b) Lán 50%.
   Eftirstöðvar má greiða með vísitölubundnu skuldabréfi (lánskjaravísitala) til 3ja ára með gjalddögum 1. júní ár hvert. Skuldabréfin verða gefin út 1. júní 1984 og bera hæstu leyfða vexti frá þeim tíma (nú 3,5% p.a.).
5. Við útgáfu skuldabréfanna fá kaupendur í hendur bráðabirgðaskírteini, en sameina verður A- og B-flokka hlutabréfin í einn flokk, þegar salan er um garð gengin.
6. Þau hlutabréf, sem ekki seljast í þessari umferð, verða boðin til kaups á almennum markaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf. Ríkissjóður á nú 27% hlutafjár í bankanum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 681. Frumvarp til laga [181. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóni Sigurðssyni eyðijörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 682. Frumvarp til laga [182. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Niðurlag 2. gr., frá og með „*Ljósatími*...", fellur niður.

2. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein er verði 40. gr. og orðist svo:

Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða á móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvernig merkingum á skólabifreiðum skuli háttað og um notkun þeirra.

3. gr.

Í stað 1. málsliðar 1. málsgr. 53. greinar komi:

Við akstur bifreiðar, bifhjóls og létts bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum, eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1984.

Ed. 683. Frumvarp til laga [213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stefáni Jónssyni, nnr. 8350-8663, jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 684. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa, sem afgreidd verða á árinu 1984, megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd skuldbreytingarlána samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í framhaldi af setningu reglugerðar um stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1984 og ákvörðunar fiskverðs í byrjun febrúar 1984, er nauðsynlegt að gera ráðstafanir í fjárhagsmálum sjávarútvegsins. Einn þáttur í þeim ráðstöfunum er skuldbreyting stofnlána útvegsins. Skuldir útvegsins eru miklar og greiðslubyrðin þung. Í ítarlegri úttekt, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert á fjárhagsstöðu útvegsins, kemur m. a. fram að áhvílandi skuldir útgerðar vegna stofnlána námu í árslok 1983 7 470 millj. kr., þar af voru 1 075 millj. kr. í vanskilum. Á sama tíma námu viðskiptaskuldir útgerðarinnar um það bil 850 millj. kr., samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar.

Hugmyndir um skuldbreytingu útgerðarskulda, sem lagðar hafa verið fram og m. a. hefur verið mælt með af ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál, gera ráð fyrir því að áhvílandi skuldum, hvort sem þær eru í skilum eða vanskilum, allt að 90% af húftryggingarverðmæti, verði breytt í lán, sem hafa jafnlangan lánstíma og upphaflegu stofnlánin að viðbættu einu til sjö árum, og ræðst lengingin af hlutfalli áhvílandi skulda. Slík skuldbreyting myndi létta greiðslubyrði útgerðarinnar af stofnlánum verulega.

Áhvílandi skuldir útgerðar við Fiskveiðasjóð í árslok 1983 námu 5 401 millj. kr., þar af voru 762 millj. kr. í vanskilum.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 44/1976 er Fiskveiðasjóði heimilt að veita lán sem nemur allt að ¾ hlutum kostnaðar eða matsverðs. Ein af forsendum þess að til skuldbreytingar geti komið er að Fiskveiðasjóður hafi heimild til að veita lán sem nemi allt að 90% af húftryggingarverðmæti skipanna. Því er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Ed. 685. Frumvarp til laga [330. mál]

um jöfnun hitunarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Markmið og leiðir.

1. gr.

Lög þessi kveða á um ráðstafanir til að
1) jafna hitunarkostnað
2) lækka kostnað við upphitun húsnæðis
3) auka nýtingu innlendra orkugjafa.

2. gr.

Ráðstafanir skv. 1. gr. skulu gerðar með
1) niðurgreiðslu raforku til hitunar húsnæðis
2) styrkjum til þeirra sem nota olíu til húshitunar
3) aðstoð við hitaveitur með sérvanda
4) hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði
5) notkun innlendra orkugjafa í stað olíu.

3. gr.

Ríkissjóður skal leggja til óafturkræft framlag, sem varið skal til að greiða niður verð á orkugjöfum til upphitunar húsa í landinu, kostnað við orkusparnað og við að auka nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Til að mæta kostnaði skv. 1. mgr. skal ríkissjóður verja orkujöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 12/1980.

II. KAFLI

Niðurgreiðsla raforku og varmaorku frá varmaveitum.

4. gr.

Verð raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis svo og verð varmaorku frá varmaveitum sem nota rafmagn og olíu til hitunar skal greitt niður að því marki að hitunarkostnaður við kyndingu íbúðarhúsa verði eigi hærri en sem nemur 1,8–földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Er þá miðað við gjaldskrár á hverjum tíma. Skal hið vegna meðaltal reiknað út fjórum sinnum á ári og verði þá jafnframt tekið tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á raforku frá síðasta útreikningi, þegar ákveðin er upphæð niðurgreiðslna fram til næsta útreiknings.

Heimilt er að greiða niður verð raforku og varmaorku, sbr. 1. mgr., til hitunar skólahúsnæðis.

5. gr.

Niðurgreiðsla raforku og varmaorku skal greidd til viðkomandi orkuveitna og skal í raforkureikningum til notenda koma fram hve há niðurgreiðslan er. Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um hámarksniðurgreiðslu til notenda, sem hafa mikla notkun.

6. gr.

Raforka til húshitunar skal ekki greidd niður á hitaveitusvæðum nema sérstakar ástæður séu til þess.

III. KAFLI

Olíustyrkir.

7. gr.

Verð á olíu til húshitunar skal greitt niður þannig að kostnaður við olíukyndingu verði eigi hærri en sem nemur tvöföldu vegnu meðalverði, sbr. 4. gr.

8. gr.

Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðarhúsa eiga rétt á niðurgreiðslu olíu samkvæmt 7. gr. í formi styrkja til húsráðenda.

Heimilt er að greiða niður verð á olíu til hitunar skólahúsnæðis.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um að viðkomandi sæki um niðurgreiðslu og færi sönnur á að hann eigi ekki kost á innlendum orkugjafa.

9. gr.

Olíustyrkir vegna íbúða, sbr. 8. gr., skulu greiddir húsráðanda vegna þeirra íbúa sem hafa lögheimili í viðkomandi íbúð meirihluta styrktímabils.

Fjöldi styrkja reiknast þannig:

a) Fyrir einn íbúa greiðast 2 olíustyrkir.
b) Fyrir tvo íbúa greiðast 3 olíustyrkir.
c) Fyrir þrjá íbúa greiðist 3 ½ olíustyrkur.
d) Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 olíustyrkir.
e) Fyrir fimm íbúa greiðist 4 ½ olíustyrkur.
f) Fyrir sex íbúa greiðast 5 olíustyrkir.
g) Fyrir sjö íbúa eða fleiri greiðast 5 ½ olíustyrkur.

Við framangreinda styrki bætist ½ olíustyrkur vegna lífeyrisþega, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og annarra lífeyrisþega, sem hafa svipaðar heildartekjur.

10. gr.

Olíustyrkir skv. 9. gr. skulu ekki taldir til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

11. gr.

Heimilt er að styrkja aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. 9. gr. laganna.

12. gr.

Þeir sem kost eiga á hitaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olíustyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneyti sker úr um vafaatriði.

13. gr.

Styrkir til einstaklinga sbr. 8. gr. skulu greiddir ársfjórðungslega fyrir milligöngu sveitarfélaga. Sveitarfélögum er skylt að senda Iðnaðarráðuneytinu ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja. Vanræki sveitarfélag slíkt er heimilt að fresta greiðslum til þess, þar til úr hefur verið bætt. Skylt er orkuveitum og olíusölum að gefa upplýsingar um orkusölu til einstakra húseigna.

IV. KAFLI

Aðstoð við hitaveitur.

14. gr.

Til að tryggja að hitaveitur með sérvanda séu samkeppnishæfar við olíukyndingu og rafhitun er heimilt að veita þeim aðstoð til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og rafmagni.

15. gr.

Aðstoð skv. 14. gr. getur verið í formi framlags til lækkunar stofnkostnaðar og með skuldbreytingu lána.

V. KAFLI

Hagkvæm orkunotkun og orkusparnaður við húshitun.

16. gr.

Skipuleggja skal sérstakt átak í orkusparnaði til þess að jafna hitunarkostnað m. t. t. mismunandi orkunýtingar húsa. Stefnt skal að því að á næstu árum verði framkvæmdar endurbætur á eldra húsnæði, sem miði að bættri einangrun og orkunýtingu. Samkvæmt áætlun skal raða framkvæmdum þannig að íbúðarhúsnæði gangi fyrir þar sem hæst orkuverð er til húshitunar, orkunotkun á rúmmálseiningu er yfir ákveðnu marki og hagkvæmar lausnir til orkusparnaðar eru framkvæmanlegar.

Til þess að tryggja þátttöku almennings og hraða framkvæmdum skal af opinberri hálfu veita upplýsingar, tækniþjónustu og hagkvæm lán til framkvæmda.

17. gr.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna verkefnisstjórn, þar af einn skv. tilnefningu félagsmálaráðherra, er skal annast yfirstjórn verkefnisins (skv. 16. gr.), gera áætlanir um framkvæmd og fjárþörf, skila skýrslum um framvindu, samræma störf mismunandi stofnana og annast samstarf við hagsmunaaðila.

18. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skal safna og miðla upplýsingum um framkvæmd, eiginleika og hagkvæmni mismunandi orkusparnaðaraðgerða. Stofnunin skal annast menntun, viðurkenningu og hafa umsjón með starfsemi sérstakra skoðunarmanna. Einnig skal hún annast fræðslu byggingarfulltrúa, iðnaðarmanna og almennings um þætti, sem varða hagkvæma orkunýtingu við húshitun.

19. gr.

Skoðunarmenn skv. 18. gr. skulu í samráði við sveitarstjórnir og á grundvelli upplýsinga frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Orkustofnun meta þörf endurbóta á húsum og gera áætlun um kostnað við aðgerðir til að draga úr orkunotkun til húshitunar. Heimilt er að setja sem skilyrði fyrir áframhaldandi niðurgreiðslum á orku til húshitunar að húsráðendur samþykki slíkt mat á húsum sínum. Heimilt er að greiða starfsemi skoðunarmanna úr ríkissjóði af fé því sem ætlað er til jöfnunar hitunarkostnaðar.

20. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði er leiða til orkusparnaðar í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur eftirlit með framkvæmdum, annast lánveitingar og setur reglur þar um í samráði við verkefnisstjórn (sbr. 17. gr.). Stefnt skal að skjótri afgreiðslu lána og er heimilt að veita bráðabirgðalán þegar við upphaf framkvæmda samkvæmt nánari reglum er stofnunin setur.

21. gr.

Orkustofnun skal, í samstarfi við orkuveitur, fylgjast með orkunotkun við hitun íbúðarhúsnæðis. Sérstaklega skal aflað upplýsinga um húsnæði þar sem orkunotkun er óeðlilega há og fylgst með orkunotkun húsa fyrir og eftir endurbætur. Orkuveitur, sem selja orku til húshitunar, skulu reglulega veita notendum samanburðarupplýsingar um orkunotkun.

22. gr.

Til fræðslu, rannsókna og upplýsingastarfsemi á sviði hagkvæmrar orkunýtingar og orkusparnaðar skal heimilt að verja árlega upphæð, sem nemur allt að einum hundraðshluta af fjárhæð þeirri sem veitt er til framkvæmdar laga þessara skv. 3. gr.

VI. KAFLI

Innlendir orkugjafar.

23. gr.

Heimilt er að veita eigendum íbúðarhúsnæðis, sem nota olíu til upphitunar, lán eða styrk til að auðvelda þeim að taka upp innlenda orkugjafa í stað olíu.

Einnig er heimilt að veita lán eða styrk til húseigenda sem þurfa að breyta úr beinni rafhitun húsa sinna í vatnshitun til að taka í notkun varmaveitur.

Heimilt er að veita orkufyrirtækjum styrki til að lækka tengigjöld og flýta þannig nýtingu innlendra orkugjafa.

Heimilt er að styrkja eigendur skólahúsnæðis til að koma fyrir búnaði, sem gerir kleift að nýta innlenda orkugjafa með sem hagkvæmustum hætti.

24. gr.

Heimilt er að styrkja húseigendur til kaupa á kyndibúnaði, sem nýtt getur innlent eldsneyti, svo sem rekavið, surtarbrand eða mó.

VIII. KAFLI

Ýmislegt.

25. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um niðurgreiðslu raforku og varmaorku skv. 4. og 5. gr. laganna, með hvaða hætti skuli ákveða upphæð olíustyrkja skv. 8. gr. laganna og um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað við húshitun skv. V. kafla laganna.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 53 frá 28. maí 1980 um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um ráðstafanir til að jafna hitunarkostnað, lækka kostnað við upphitun íbúðarhúsnæðis og auka nýtingu innlendra orkugjafa.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núverandi lög um jöfnun og lækkun hitakostnaðar og kveða nánar á um ýmis atriði sem snerta þetta mikilvæga mál.

Í frumvarpinu eru sett lagaákvæði um niðurgreiðslu raforku og hitaorku frá veitum sem nota raforku eða olíu til hitunar, en niðurgreiðslur þessar hafa tíðkast frá október 1982.

Gert er ráð fyrir að tilhögun og greiðsla olíustyrkja verði óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum.

Heimild er til að aðstoða hitaveitur sem eiga við sérstök vandamál að stríða, skv. sviputum ákvæðum og nú tíðkast, þannig að verð þeirra geti verið sambærilegt við hitunarkostnað með niðurgreiddri olíu og raforku.

Þá er í frumvarpinu nýmæli varðandi skipulegt átak í orkusparnaði til að jafna hitunarkostnað með tilliti til orkunýtingar íbúðarhúsnæðis. Gert er ráð fyrir sérstakri ráðgjöf fyrir húsráðendur í þessu sambandi, sem kostuð verði af opinberri hálfu.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um aðgerðir af opinberri hálfu til að flýta breytingu kyndibúnaðar frá olíunotkun til innlendra orkugjafa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framkvæmd þessara mála heyri undir iðnaðarráðherra en skv. núgildandi lögum heyrir II. kafli varðandi olíustyrki undir viðskiptaráðherra en III. og IV. kafli undir iðnaðarráðherra.

Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði af orkujöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 12/1980.

Hinn 14. júní s. l. skipaði iðnaðarráðherra orkuverðsnefnd til að gera tillögur um leiðir til að jafna húshitunarkostnað í landinu. Nefndin aflaði ítarlegra gagna og skilaði þeim til ráðuneytisins ásamt drögum að frumvarpi. Byggir frumvarp þetta í ýmsum veigamiklum atriðum á starfi nefndarinnar, en önnur atriði hafa tekið breytingum í meðförum ráðuneytisins.

2. Jöfnun kyndingarkostnaðar.

Eins og kunnugt er, er kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis mjög mismunandi víðs vegar um landið.

Í fskj. 1 er sýndur áætlaður árlegur hitakostnaður 400 m^3 íbúðar og miðað við verðlag í febrúar s. l.

Mismunur þessi kemur í megindráttum fram í eftirfarandi yfirliti:

	Orkuverð kr/kWh	Hitunarkostnaður 400 m^3 húss/ári
Ódýrar hitaveitur	0,38	12.400
Meðaldýrar hitaveitur	0,67	21.800
Dýrar hitaveitur	0,99[1])	32.500
Bæjarrafveitur (1) (án niðurgr.)	0,95[2])	31.200
Bæjarrafveitur (2) (án niðurgr.)	1,10	
RARIK, OV og bæjarrafveitur (með niðurgr.)	0,83	28.800
RARIK og OV (án niðurgr.)	1,36	
Olíuhitun án niðurgr.	1,46	47,900
Olíuhitun með niðurgr.	1,00	33.000

1) Orkuverð hjá hitaveitum er miðað við forsendur Iðnaðarráðuneytis (sbr. fskj. 1) um reiknaða orkuþörf og heitavatnsþörf húsa. Hjá dýrum hitaveitum hefur vatnsnotkun húsa reynst minni, 75—90% af reiknaðri vatnsþörf samkvæmt forsendum Iðnaðarráðuneytis og greiða notendur þar af þeim sökum hlutfallslega lægra orkuverð að meðaltali.

2) Bæjarrafveitur sem eru á hitaveitusvæðum hafa ekki fengið niðurgreiðslur.

Heldur hefur dregið úr þessum mun frá því sem var á s. l. ári. Ódýrar hitaveitur hafa hækkað tiltölulega mest að undanförnu og niðurgreiðslur raforku hafa þegar verið auknar að því marki sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Hlutfall ódýrra hitaveitna (HR) og niðurgreiddrar rafhitunar er nú 1:2,2 en var allt að því 1:5 þegar það var hæst.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að raforka og varmaorka sé greidd niður þannig að hlutfall raforkuverðs og vegið meðalverð allra hitaveitna (fskj. 2) sé 1:1,8. Þessu hlutfalli hefur eins og áður sagði þegar verið náð.

Orkusparnaður.

Auk hins mikla mismunar sem er á verðlagningu orku milli einstakra orkuveitna og orkugjafa er orkunotkun einstakra notenda á sama stað mjög mismunandi.

Í athugun sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði á um 300 húsum í 4 sveitarfélögum á árunum 1979 og 1980, kemur fram mikil orkunotkun einstakra notenda. Niðurstöður koma fram í eftirfarandi töflu:

		Meðalorku-notkun	Dreifing orkunotkunar
Bolungarvík	olíuhitun	19,7 l/m³/ári	5—50 l/m³/ári
	þilofnar	93,3 kWh/m³/ári	40—180 kWh/m³/ári
Raufarhöfn	olíuhitun	18,1 l/m³/ári	14—24 l/m³/ári
	þilofnar	107,8 kWh/m³/ári	30—240 kWh/m³/ári
Neskaupstaður	olíuhitun	14,4 l/m³/ári	5—30 l/m³/ári
	þilofnar	72,3 kWh/m³/ári	20—140 kWh/m³/ári
Hvolsvöllur	olíuhitun	15,3 l/m³/ári	8—24 l/m³/ári
	þilofnar	71,3 kWh/m³/ári	30—120 kWh/m³/ári

Orkunotkun meðalíbúðar, sem er einangruð samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar, er áætluð um 13 lítrar af gasolíu á hvern rúmmetra húsnæðis á ári eða um 80/kWh/m³/ári af rafmagni, en það er svipað þeirri orkunotkun sem Iðnaðarráðuneytið reiknar með (sbr. fskj. 1).

Mismunur sá sem kemur fram í niðurstöðum athugana þessara verður enn tilfinnanlegri á þeim svæðum sem búa við hátt orkuverð.

Í frumvarpinu er því lagt til að tekið verði á þessum vanda með sérstöku átaki til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar íbúðarhúsnæðis með nánu samstarfi þeirra aðila sem hlut eiga að máli og er þetta eitt helsta nýmæli frumvarpsins. Um skipulag þessa átaks er fjallað í V. kafla frumvarpsins.

Húseigendum skal veitt tæknileg aðstoð við skipulagningu og mat á endurbótum sem leiða til orkusparnaðar. Einnig skal þeim standa til boða lánsfjármagn til framkvæmda á hagstæðum kjörum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi þriggja manna verkefnisstjórn, sem skal bera ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er falið að annast fræðilegan og tæknilegan undirbúning verkefnisins og sjá um menntun og starfsemi sérstakra skoðunarmanna. Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja að ráðgjöf sú er skoðunarmenn veita húseigendum sé vel undirbyggð og vönduð og að fyllsta samræmis sé gætt. Ráðgjöf sú er skoðunarmenn veita húseigendum verði án endurgjalds.

Forgangsröð um skoðun húsa og endurbætur skal í fyrsta áfanga miða við að aðstoða þá sem búa við óhóflegan orkukostnað vegna lélegrar orkunýtingar.

Orkustofnun skal, skv. 21. gr. frumvarpsins, í samstarfi við orkuveitur, fylgjast með orkunotkun við upphitun íbúðarhúsnæðis. Sérstaklega á stofnunin að afla upplýsinga um húsnæði, þar sem orkunotkun er óeðlilega há.

Gert er ráð fyrir að veitt verði lán í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og stefnt að því að þau verði til 16 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin og megi þau nema allt að 80% af kostnaði við endurbætur. Lánin eru nú verðtryggð með 0,5% vöxtum. Með því að

hafa lánin afborgunarlaus fyrstu þrjú árin gefst húseigendum ráðrúm til að greiða niður kostnað af eigin framlagi.

Húsnæðisstofnun ríkisins annast veitingu lánanna og eftirlit með framkvæmdum sem lánað er til og setur reglur þar um í samráði við verkefnisstjórn. Sérstaklega ber að stefna að skjótri afgreiðslu lána og gert er ráð fyrir heimild til þess að veita bráðabirgðalán þegar við upphaf framkvæmda.

Er þess vænst að viðleitni þessi muni skila umtalsverðum árangri til orkusparnaðar sem leiði til hagsbóta fyrir húseigendur og þjóðfélagið í heild.

Innlendir orkugjafar.

Í frumvarpinu er heimild til að veita húseigendum hagstæð lán og styrki til að flýta nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu og breyta hitakerfum húsa, þar sem um þilofnahitun er að ræða yfir í miðstöðvarhitun, ef möguleikar eru á að tengjast varmaveitum.

Er gert ráð fyrir að unnt sé að leggja niður verulegan hluta olíuhitunar í landinu á þessu og næsta ári.

Þá er í frumvarpinu heimild fyrir iðnaðarráðherra að hvetja til aukinnar nýtingar innlendra orkugjafa s. s. með því að styrkja orkuveitur til að lækka tengigjöld, styrkja eigendur skólahúsnæðis til að nýta innlenda orkugjafa og til að styrkja húseigendur til að nýta innlent eldsneyti s. s. rekavið, surtarbrand og mó.

Mun það vafalaust fara eftir fjárveitingum hverju sinni hve langt hægt er að ganga í styrkveitingum til þessara þarfa.

3. Kostnaðaráætlun.

Eftirfarandi er áætlun um útgjöld skv. frumvarpinu á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að greiða niður 365 GWh af raforku og varmaorku og greiðslu 13.000 olíustyrkja. Miðað er við verðlag og niðurgreiðslur febrúar 1984.

RAFORKA			Niðurgr.	þús.kr.
RARIK og Orkub. Vestfj.	GWh	300	0,53 kr/kWh	159 000
Hitav. R/O veitur	GWh	44	0,46 kr/kWh	20.240
Bæjarrafveitur	GWh	14	0,41 kr/kWh	5 740
Skólar	GWh	7	0,53 kr/kWh	3.710
Samtals raforka og varmaorka	GWh	365		188.690
OLÍA			Olíust./ári	
Olíustyrkir	Styrkir	13000	4550 olíust./ári	59.150
Skólar	Rúmm.	200000	16.90 rúm/ári	3.380
Samtals olía				62.530
Samtals niðurgr.				251.220
ANNAÐ				
Til hitaveitna				5.000
Til upplýsingast. og tækniþj.				4.000
Til orkusp. framkv. (ráðgjöf lánsfé)				60.000
Til að breyta úr olíu í rafm.				15.000
Annað				6.000
Samtals styrkir og lánsfé				90.000
Kostnaður alls				341.220

Forsendur:
Reglur skv. frumvarpi um niðurgr. rafmagns og olíu
Olíustyrkir kr. 1137 á ársfjórðungi
Verðlag 1. febr. 1984
Lágmarksverð raforku kr/kWh 83 kr/kWh
Vegið meðalverð hitaveitna 0,46 kr/kWh

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing). 330

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um meginmarkmið frumvarpsins, sem er að jafna upphitunarkostnað, að lækka kostnað við upphitun í landinu og auka nýtingu innlendra orkugjafa.

Um 2. gr.

Tilgreindar eru 5 leiðir til að ná fram markmiðum 1. greinar. Leið 1, 2 og 3 miða að jöfnun hitunarkostnaðar með niðurgreiðslu rafmagns, olíustyrkjum og aðstoð við orkuveitur. Leið 4 og 5 miða hins vegar að lækkun hitakostnaðar með orkusparnaði og hagkvæmri orkunotkun, svo sem notkun innlendra orkugjafa þar sem það á við.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um, að greiða skuli úr ríkissjóði kostnað við framkvæmdir samkvæmt frumvarpi þessu.

Einnig er hér kveðið á um að ríkissjóður skuli verja tekjum af orkujöfnunargjaldi samkvæmt lögum nr. 12/1980 til þessara verkefna.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er sett sú regla, að niðurgreiðsla á verði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis svo og verð varmaorku frá varmaveitum, sem nota rafmagn og olíu til hitunar, skuli miðuð við verð upphitunar hjá þeim sem búa við hitaveitur er hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal þannig að orkuverð hverrar hitaveitu í kr/kWh er margfaldað með tölu íbúa á hverju hitaveitusvæði. Margföldunartölurnar fyrir allar hitaveiturnar eru lagðar saman og loks deilt í summu þeirra með samanlögðum íbúafjölda allra hitaveitusvæðanna. Er þá komið hið vegna meðaltal (sjá fskj. 2) sem síðan er margfaldað með 1,8. Miðað við núverandi gjaldskrár hitaveitna í landinu er vegið meðalverð 0,46 kr/kWh. Þetta þýðir að raforku til húshitunar þurfi að greiða niður að því marki að hún kosti 0,83 kr/kWh. Nú nemur þessi niðurgreiðsla hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða 0,53 kr/kWh.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að greiða niður verð á raforku til hitunar skólahúsnæðis. Í gildandi lögum er ekki slík heimild að því er tekur til upphitunar með rafmagni, en hins vegar er nú í lögum heimildarákvæði um olíustyrki til skóla. Þykir rétt að heimild sé fyrir hendi til að styrkja upphitun skóla hvor sem orkugjafinn er, rafmagn eða olía.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að niðurgreiðslur samkvæmt 4. gr. renni til orkuveitna. Hins vegar er tekið upp það nýmæli að niðurgreiðsla ríkisins komi fram á reikningum notenda. Þá er lagt til að heimilt sé að setja ákvæði í reglugerð um hámarksniðurgreiðslu til einstakra notenda, sem hafa óeðlilega mikla orkunotkun.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein skal ekki greiða niður rafmagn til húshitunar þar sem hitaveitur eru nema sérstakar ástæður séu til þess, t. d. hjá rafveitum, þar sem rafveitan sér alfarið um orkusölu í hluta bæjar vegna aflaskorts hitaveitu.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að verð á olíu til húshitunar skuli greitt niður að því marki að kostnaður við olíuhitun verði eigi meiri en tvöfalt hærri en vegið meðalverð hitaveitna sbr. 4. gr. Svarar það til þess að verðið sé 10% hærra en raforka og varmaorka sbr. 4. gr.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein eiga þeir einir rétt á niðurgreiðslu á olíu samkvæmt 7. gr. sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar húsa.

Í 2. mgr. er heimildarákvæði um styrk vegna skólahúsnæðis. Heimilt er að krefjast að viðtakendur olíustyrkja færi sönnur á að þeir eigi ekki kost á innlendum orkugjafa.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að olíustyrkir skuli greiddir húsráðanda, þ. e. eiganda eða leigjanda húsnæðis. Fjöldi einstaklinga með lögheimili (sbr. lög nr. 35/1960) í viðkomandi íbúð er lagður til grundvallar við ákvörðun á tölu olíustyrkja. Fjöldi styrkja á hverja íbúð er reiknaður á sama hátt og í núgildandi lögum og á það einnig við um viðbótarstyrk fyrir lífeyrisþega sem njóta bóta skv. 19. gr. laga um almannatryggingar og aðra lífeyrisþega sem hafa svipaðar heildartekjur.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Miklu varðar að sá kostur sé valinn við upphitun húsnæðis, sem hagkvæmastur er þjóðhagslega. Því er í þessari grein svo fyrir mælt, að enginn eigi rétt á olíustyrk sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu eða rafmagnsveitu. Gildir þetta hvort sem hitaveitan hefur jarðvarma eða annan orkugjafa.

Um 13. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum annast sveitarfélög úthlutun olíustyrkja til einstaklinga og er í frumvarpinu lagt til að svo verði áfram. Nauðsynlegt er að í reglugerð verði kveðið á um framkvæmd og eftirlit með greiðslu olíustyrkja.

Um 14. gr.

Nokkrar hitaveitur, sem hafa átt við sérstakan fjárhagsvanda að etja vegna ófyrirsjáanlegra rekstrarerfiðleika, þurfa að hafa gjaldskrá sem metin er hærri en sem nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og rafmagni. Þetta hefur fyrst og fremst átt við nokkrar smáar hitaveitur, en með þeirri lækkun á hámarksverði hitunar sem felst í 4. og 7. gr. kann að vera að þessum veitum geti fjölgað eitthvað. Í því skyni að treysta samkeppnishæfni þeirra við orkugjafa, sem njóta niðurgreiðslu, er samkvæmt grein þessari heimilt að veita þeim aðstoð.

Um 15. gr.

Hér eru ákvæði um leiðir til að aðstoða hitaveitur sbr. 14. gr.

Í fyrsta lagi með framlagi til greiðslu stofnkostnaðar.

Í öðru lagi getur aðstoðin falist í skuldbreytingu lána, svo sem með lengingu lánstíma, minnkun á gengisáhættu eða lækkun á vöxtum.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakt átak í orkusparnaði til þess að jafna hitunarkostnað m. t. t. mismunandi orkunýtingar húsa. Ennfremur er kveðið á um hvernig forgangsröðun framkvæmda skuli háttað og á hvern hátt þátttaka húseigenda verði tryggð.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi sérstaka verkefnisstjórn er hafi með höndum yfirstjórn verkefnisins skv. 16. gr. og samræmi aðgerðir allra hlutaðeigandi aðila og sé einn þeirra tilnefndur af félagsmálaráðherra.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að tæknilegur undirbúningur verkefnisins og fræðslustarfsemi því tengd fari að mestu leyti fram á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Stofnunin skal og annast daglega umsjón með starfsemi sérstakra skoðunarmanna sem gert er ráð fyrir að taki til starfa á vegum ráðgjafaraðila eða opinberra aðila.

Um 19. gr.

Hér er gert ráð fyrir ráðgjöf sérstakra skoðunarmanna er athugi ástand húsnæðis og meti hagkvæmni einstakra framkvæmda. Athugun þessi verði húseigendum að kostnaðarlausu. Einnig er gert ráð fyrir heimild til að setja sem skilyrði fyrir áframhaldandi niðurgreiðslum að húseigendur láti gera slíka athugun á húsnæði sínu. Gert er ráð fyrir að skoðunarmenn þessir starfi á vegum ráðgjafaraðila og taki eingöngu að sér tiltekin verk eftir því sem verkefnisstjórn ákveður hverju sinni.

Um 20. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lán til orkusparnaðar verði veitt úr Byggingarsjóði ríkisins. Stefnt er að því að lán þessi verði til allt að 16 ára og verði afborgunarlaus fyrstu tvö til þrjú árin, og geti numið allt að 80% af kostnaði við endurbætur. Að öðru leyti verði kjörin í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun afli upplýsinga og fylgist með orkunotkun íbúðarhúsnæðis. Í fyrsta lagi til þess að finna þau hús, þar sem orkunotkun er óeðlilega há og í öðru lagi til þess að meta árangur fjárfestingar í orkusparnaðaraðgerðum með því að kanna hverjar breytingar verða á orkunotkun húsanna. Upplýsinga þessara aflar Orkustofnun frá veitufyrirtækjum.

Einnig er gert ráð fyrir að orkuveitur láti notendum í té upplýsingar, sem geri þeim kleift að meta hvort orkunotkun þeirra liggur ofan eðlilegra marka.

Um 22. gr.

Tillaga er gerð um að heimilt sé að verja allt að 1% af fé því, sem varið er til jöfnunar hitunarkostnaðar til upplýsinga og fræðslustarfsemi um almennan orkusparnað og auk þess er tekin upp heimild til að styðja rannsóknarstarfsemi á þessu sviði.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að veita eigendum íbúðarhúsnæðis lán eða styrk til að taka upp innlenda orkugjafa til hitunar íbúðarhúsnæðis í stað olíu og á það bæði við um hitaveitur og raforku. Gert er ráð fyrir heimild til að veita lán eða styrk til húseigenda sem þurfa að breyta beinni rafhitun húsa sinna í vatnshitun er þeir tengjast varmaveitum. Einnig er heimilt að styrkja orkuveitur til að lækka tengigjöld og flýta þannig nýtingu innlendrar orku, svo og styrkja eigendur skólahúsnæðis til að koma upp búnaði til að nýta innlenda orkugjafa.

Um 24. gr.

Hér er heimild til að stuðla að frekari notkun innlends eldsneytis svo sem rekaviðar, surtarbrands eða mós.

Um 25. gr.

Hér er gert ráð fyrir að með mál þessi fari iðnaðarráðherra. Þetta er breyting frá því sem verið hefur, því að viðskiptaráðherra hefur farið með mál er varða olíustyrki skv. II. kafla núgildandi laga. Þykir þetta eðlileg breyting þar sem hér er um að ræða orkumál og þau mál heyra undir iðnaðarráðherra. Samkvæmt þessu er iðnaðarráðherra falið að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
SAMANBURÐUR HITAKOSTNAÐAR FEB 84 — ÆTLAÐUR ARLEGUR HITAKOSTNAÐUR
30.01.84/KH/gh:niðurgrd — 400 RUMMETRA ÍBÚÐAR NR 8

HÚSHITUN		KOSTN SKV. GJALDSKRÁ KR/ÁRI	AF ÓNIÐUR-GR. OLÍU %	MEÐALVERÐ KR PR. kWH
1. HITAVEITUR				
.01 Reykjavík		12420	26	.38
.02 Seltjarnarnes		11460	24	.35
.03 Mosfellshreppur		10354	22	.32
.04 Bessastaðahreppur		25690	54	.78
.05 Suðurnes		21781	46	.66
.06 Þorlákshöfn		23556	50	.72
.07 Eyrar		32550	69	.99
.08 Selfoss		12222	26	.37
.09 Hveragerði		6962	15	.21
.10 Laugaras		7820	17	.24
.11 Flúðir		8860	19	.27
.12 Brautarholt		760	2	.02
.13 Vestmannaeyjar		26476	56	.81
.14 Akranes og Borgarfj		34608	73	1.06
.15 Reykholar		3831	8	.12
.16 Suðureyri		29425	62	.90
.17 Hvammstangi		17544	37	.53
.18 Blönduos		31099	66	.95
.19 Sauðarkrokur		9324	20	.28
.20 Siglufjörður		30972	65	.94
.21 Ólafsfjörður		11746	25	.36
.22 Dalvík		11261	24	.34
.23 Hrísey		34662	73	1.06
.24 Akureyri		34800	73	1.06
.25 Húsavík		7735	16	.24
.26 Reykjahlið		13510	29	.41
.27 Egilstaðir		36230	76	1.10
.28 Rangæinga		36636	77	1.12
(VEGIÐ MEÐALVERÐ)		14970	32	.46
2. VARMAVEITUR				
.01 Orkubu Vestfja	MN	27262	58	.83
	AN		89	1.29
.02 Seyðisfjörður	MN	27224	57	.83
	AN		89	1.29
.03 Höfn Hornaf.	MN	26928	57	.82
	AN		89	1.28
3. RAFHITUN				
.01 Vestmannaeyjar	MN	26288	56	.80
	AN		76	1.10
.02 Akranes		31320	66	.95
.03 Orkubu Vestfja	MN	27126	57	.83
	AN		94	1.36
.04 Siglufjörður	MN	27224	57	.83
	AN		83	1.20
.05 Akureyri		30957	65	.94
.06 Reyðarfjörður	MN	27258	58	.83
	AN		88	1.27
.07 Rafmagnsveitur	MN	27258	58	.83
rikisins	AN		94	1.36
4. OLÍUHITUN				
.01 An oliustyrks		47400	100	1.45
.02 Með oliustyrk		32840	69	1.00

FORSENDUR SJÁ NÆSTA BLAÐ MN: Með niðurgreiðslum AN: An niðurgreiðslna
SÍÐASTA BREYTING: HÆKKUN HITAVEITNA OG NIÐURGREIÐSLNA 1. FEB.1984


IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

BLAÐ 2 AF 3

FORSENDUR:

1)Husnæði miðast við husstærð	400	rumm 4 ibuar
2)Orkunotkun hitav. og rafhita	82	kWh/rumm./ari
3)Oliunotkun 60% arsmeðalnytni:	13.50	l/rumm/ari
+ raforkukostn. og fastur kostn:	1500	kr/hus
4)Oliustyrkur 4 manna fjölsk(910):	14560	kr/ari
5)Oliuverð	8.50	kr/l
6)Hækkun raforkuverðs 1. agust 83	26.60	%
7)Gjaldskrar hitaveitna 1. agust 1983		
8)Hækkun um 31% a gjaldskra Landsvirkjunar 01.08.83		

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
SAMANBURÐUR HITAKOSTNAÐAR FEB 84
30.01.84/KH/gh:niðurgrd BLAÐ 3 AF 3



(EFTIR OS)080384:KH/ORKUST ARSKOSTNAÐUR VIÐ UPPHITUN ÍBUÐA A HITAVEITUSVÆÐUM
VERÐ I FEB 84 1. FEBRUAR 1984 MIÐAÐ VIÐ 377 RUMM IBUÐ

HITAVEITUR	TALA IBUA 011283 1000	MEÐALN. ÞR.HUS MINL/ARI	VATNSGJALD KR/RUMM	VATNSGJALD KR/MINLA	FASTA GJALD KR/ARI	KOSTN. ÞR HUS KR/ARI	VÆGI 1000 KR	VÆGI %
REYKJAVIK*	119.00	2.50	15.00	3930.00	1620	10890	1295910	49.9
SELTJARNARNES	3.60	2.30		3900.00	930	9900	35640	1.4
MOSFELLSHREPPUR	3.30	2.50		3144.00	1236	9096	30017	1.2
BESSATAÐAHREPPUR**	.60	4.00	20.20		1248	21226	12735	.5
SUÐURNES	13.50	2.20	29.50	7068.00	1284	16834	227254	8.8
ÞORLAKSHÖFN	1.00	2.20	37.80	9060.00		19932	19932	.8
EYRAR***	1.00	3.70	28.20		2376	23498	23498	.9
SELFOSS	3.40	2.30	14.00	3860.00	1800	10678	36305	1.4
HVERAGERÐI	1.30	2.30		2112.00	1260	6118	7953	.3
LAUGARAS	.10	1.80		2292.00	1632	5758	576	0
FLUÐIR	.20	2.50		1452.00	2616	6246	1249	0
BRAUTARHOLT	.10	3.00		182.40	121.8	669	67	0
RANGAA****	.80	2.80	37.50	10260.00	1752	30480	24384	.9
VESTMANNAEYJAR****	3.50	2.80	30.50		2076	23609	82632	3.2
AKRANES OG BORGARF	6.50	2.50	51.40	12360.00		30900	200850	7.7
REYKHOLAR	.10	1.60		1563.00	921	3422	342	0
SUÐUREYRI	.40	4.00		6228.00	776.4	25688	10275	.4
HVAMMSTANGI	.60	2.50	19.80	5160.00	2580	15480	9288	.4
BLÖNDUOS	1.10	4.00	26.60	6516.00	900	26964	29660	1.1
SAUÐARKROKUR	2.30	3.40	8.70	2328.00	12	7927	18233	.7
SIGLUFJÖRÐUR	1.80	2.50	43.70	10680.00	7900	34600	62280	2.4
OLAFSFJÖRÐUR	1.20	4.50		2028.00	1200	10326	12391	.5
DALVIK	1.30	3.80		2472.00	384	9778	12711	.5
HRISEY	.30	4.70		5724.00	3180	30083	9025	.3
AKUREYRI	12.70	2.50	50.10	12000.00		30000	381000	14.7
HUSAVIK	2.60	2.50	12.20	2316.00	1018	6808	17701	.7
REYKJAHLID*****	.30	2.50	21.40		4950	13018	3905	.2
EGILSSTAÐIR	1.00	4.10	21.90	7548.00		30947	30947	1.2
	183.60				MEÐALTAL	16817	2596759	100.1

ÖNNUR VIÐMIÐUN: * 618 RUMM/377 RUMM IBUÐ** 989 RUMM/377 RUMM IBUÐ 14144=VEGIÐ MEÐALTAL
*** 749 RUMM/377 RUMM IBUÐ****706 RUMM/377 RUMM IBUÐ .46 KR/KWH
***** KR/RUMM/IBUÐ/ARI

Nd. 686. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur G. Einarsson.

Alþingi, 26. apríl 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Bjarnason.

Nd. 687. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur G. Einarsson.

Alþingi, 26. apríl 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Bjarnason.

Nd. 688. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Í nefndaráliti frá minni hl. félagsmálanefndar í maí 1980 (þskj. 608 og 641) um frv. til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem þá var til umfjöllunar á Alþingi, kom fram að fjáröflun húsnæðislánakerfisins væri í algeru uppnámi. Mikil óvissa ríkti um fjármögnunarþætti frv. og stefnt væri í stórfelldar lántökur á næstu árum vegna skerts framlags ríkissjóðs og markaðra tekjustofna af launaskatti sem stefndi öllum fjármögnunargrundvelli Byggingarsjóðs ríkisins í mikla tvísýnu.

Reynsla undanfarinna ára staðfestir ótvírætt að viðvaranir Alþýðuflokksins voru á rökum reistar því að sífellt hefur verið að síga á ógæfuhliðina í fjármögnun húsnæðislánakerfisins á undanförnum árum.

Megineinkenni þessa frumvarps um Húsnæðisstofnun er það sama, fjármögnun þess er í molum og fjárhagslega stendur það á brauðfótum, með þeim afleiðingum að við blasir stórfelldur samdráttur í lánveitingum, hrikalegar lántökur og gjaldþrot húsnæðiskerfisins verði ekkert að gert.

Öll fyrirheit um bætt lánakjör, lengingu lánstíma o. s. frv., sem í þessu frv. felast, svo og að opna möguleika til lánveitinga fyrir nýjan valkost í húsnæðiskerfinu eins og húsnæðissamvinnufélagið Búseta, eru því gylliboð og tálvonir einar ef ekki næst pólitísk samstaða um að koma fjárhagsstöðu húsnæðiskerfisins á traustan grundvöll.

Í þessu nál. verður ekki hjá því komist að gera grein fyrir fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og því hvert stefnir miðað við ákvæði frumvarpsins um fjármögnun og það sem veitt er á fjárlögum og lánsfjárlögum á yfirstandandi ári. Eins verður gerð grein fyrir útlánum sjóðanna og þeim samdrætti sem við blasir í útlánum að óbreyttu, svo og greiðslubyrði lántakenda.

I. Byggingarsjóður ríkisins.

Fjárhagsstaða.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram innstreymi til sjóðsins á árunum 1971—1983.

Innstreymi Byggingarsjóðs ríkisins 1971—1982.

(M.kr. á verðlagi ársins 1983.)

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Ríkissjóður	290.9	295.6	280.9	338.8	348.9	376.7	425.0	413.3	382.0	287.4	129.6	118.6	297.5[2]
Vísitölur	100	102	97	116	120	129	146	142	131	99	45	40	102
Skyldusparnaður	48.8	64.2	138.0	43.7	91.9	42.4	75.2	98.1	127.8	73.3	25.8	50.5	−8.4
Vísitölur	100	132	283	90	188	87	154	201	262	150	53	79	−17
Atvinnuleysistryggingasjóður	128.6	103.4	86.7	101.1	39.0	70.6	80.3	72.0	111.7	67.6	94.8	89.2	0.0
Vísitölur	100	80	67	79	30	55	62	56	87	53	74	69	0
Lífeyrissjóðir	27.0	73.7	29.1	117.1	185.5	172.4	134.0	142.8	256.2	322.2	331.1	219.4	267.7
Vísitölur	100	273	108	434	687	639	496	529	949	1193	1226	813	991
Afborganir, vextir, verðbætur	162.5	170.5	170.7	158.5	148.5	168.1	182.3	194.3	241.6	245.2	309.3	345.8	376.9
Vísitölur	100	105	105	98	91	103	112	120	149	151	190	213	232
Annað	8.1	17.0	18.5	19.8	11.9	9.7	19.1	10.7	14.5	31.4	126.1[1]	76.9	23.7
Vísitölur	100	209	228	244	147	119	236	132	179	388	1557	949	293
Samtals	665.9	724.4	723.9	779.0	825.7	839.9	915.9	931.2	1134	1027	1016	900.5	957.4
Vísitölur	100	109	109	117	124	126	138	140	170	154	153	135	144

[1]) Þar af 106.2 m. kr. lán frá Seðlabanka Íslands.
[2]) Þar af 150.0 m. kr. vegna sérstakra viðbótarlána.

Í þessari töflu kemur skýrt fram afleiðing þess að B.R. var sviptur sínum fasta tekjustofni af launaskatti, — en samfara sífellt minnkandi ríkisframlagi á síðustu árum verða lántökur uppistaðan í útlánum sjóðsins.

Sveiflurnar sjást vel á eftirfarandi dæmum:

(M. kr. á verðlagi ársins 1983.)

I	1978	1981	Áætlað 1984
Framlag ríkissjóðs (m. kr.)	**413,3**	**129,6**	**200**
Lántökur (m. kr.)			
Lífeyrissjóðir	142,8	331,1	525,4
Atvinnuleysistryggingasjóður	72,0	94,8	115,0
Lán frá Seðlabanka		106,2	
Sérstök fjáröflun með sölu skuldabréfa			200,0
Samtals lántökur	214,8	532,1	840,4

II	1978	1981	1984
Framlag ríkissjóðs og lántökur sem hlutfall af heildarinnstreymi sjóðsins:			
a) ríkisframlag	44,3	12,7	12,9
b) lántökur	23,06	52,3	54,4

Hvert stefnir í lántökum?

Ljóst er að meðan hlutfall ríkisframlaga er svo lágt og lántökuþörfin þar af leiðandi svo mikil er fjárhagsstöðu sjóðsins á komandi árum stefnt í mikla tvísýnu.

Þjóðhagsstofnun hefur gert athugun á fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins næstu 40 árin.

Útkoman á fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við svo lágt ríkisframlag, eða 17% af útlánaáætlun sjóðsins á yfirstandandi ári, er svo hrikaleg að nauðsynlegt er að Alþingi geri sér fulla grein fyrir í hvað stefnir að óbreyttu.

Í eftirfarandi yfirliti sést hvað ríkisframlagið hefur gífurleg áhrif á aukna þörf fyrir lántökur úr lífeyrissjóðunum. Er þá ekki tekið með lán úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Athyglisvert er einnig að miðað við 17% framlag úr ríkissjóði á yfirstandandi ári er lántökuþörfin 748 millj. úr lífeyrissjóðunum í stað 525,4 sem lánsfjárlög gera ráð fyrir. Staðfestir þetta ótvírætt að samdráttur verður í nýbyggingum og kaupum á eldra húsnæði frá því sem nú er gert ráð fyrir, jafnvel þótt forsendur í fjárlögum og lánsfjárlögum um fjármagn úr Atvinnuleysistryggingasjóði og skyldusparnað standist.

Byggingarsjóður ríkisins — Lántökuþörf.

Helstu forsendur: F-lán 925 á ári til 31 árs.
G-lán 925 á ári til 21 árs.
Vextir af útlánum 2%.
Vextir af lífeyrissjóðslánum 4,16%
(M. kr.).

	[1]) Ríkisframlag 17% Óbreytt lánshlutfall 29% af staðalíbúð	[2]) Ríkisframlag 40% óbreytt lánshlutfall 29% af staðalíbúð	[3]) Ríkisframlag 17% lánshlutfall hækkar í 80% á 8 árum	[4]) Ríkisframlag 40% lánshlutfall hækkar í 80% á 8 árum	[5]) Ríkisframlag 17% lánshlutfall hækkar í 80% á 15 árum	[6]) Ríkisframlag 40% lánshlutfall hækkar í 80% á 15 árum
1984	748	480	748	480	748	480
1985	778	477	884	554	845	525
1986	833	496	1071	667	947	578
1987	876	500	1275	786	1044	620
1988	924	505	1514	926	1151	666
1989	943	487	1793	1088	1269	716
1990	954	456	2107	1266	1389	760
1991	942	399	2450	1449	1499	785
1992	937	344	2758	1600	1627	819
1993	930	283	2837	1574	1767	853
1994	934	229	2921	1543	1931	901
1995	927	158	2993	1489	2101	941
1996	932	92	3083	1443	2298	994
1997	930	14	3174	1385	3507	1044
1998	966	0	3311	1359	2775	1135
1999	951		3407	1277	3013	1177
2000	925		3502	1203	3086	1107
	Fara síðan lækkandi og hverfa árið 2018		Fara hækkandi á næstu 20 árum fram til 2023. **Hæstar á árinu 2007,** — 3913 m. kr. Ekki séð fyrir endann á þessu dæmi því að útreikningar ná aðeins til næstu 40 ára.	Fara síðan lækkandi og hverfa á árinu 2008.	Fara hækkandi á næstu árum fram til ársins 2023. Hæstar á árinu 2012, — 3682 m. kr. Ekki séð fyrir endann á þessu dæmi því að útreikningar ná aðeins til næstu 40 ára.	Fara síðan lækkandi og hverfa árið 2009.

Eins og sjá má á þessum dæmum skipta ríkisframlögin sköpum um viðgang Byggingarsjóðs ríkisins á næstu árum.

Í 2. tl. 9. gr. frumvarpsins kemur ótvírætt fram að framlag ríkissjóðs eigi að vera 40% af útlánaáætlun sjóðsins, en á fjárlögum er einungis gert ráð fyrir 17%, eða 200 milljónum, í stað 467 milljón króna eins og útlánin birtust í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 og 439 millj. ef miðað er við áætlun Húsnæðisstofnunar dags. 14. mars 1984 (fskj. 7).

Ljóst er því að þetta mikilvægasta ákvæði frumvarpsins í fjármögnun sjóðsins er þverbrotið á yfirstandandi ári, og staðfestir það ótvírætt að verði þetta frumvarp með óbreyttri fjármögnun að lögum er það einskis virði fyrir húsbyggjendur og einungis til þess fallið að vekja vonir sem ekki er hægt að standa við.

Ofangreind dæmi sýna svo ekki verður um villst að orð ríkisstjórnarflokkanna um að ná 80% lánsfjárhlutfalli á næstu árum eru gjörsamlega marklaus.

Þróunin á lántökum á næstu árum miðað við 17% framlag úr ríkissjóði, eins og ráð er fyrir gert á yfirstandandi ári, sýnir að lántökuþörfin er slík að gjörsamlega óraunhæf getur talist eins og best sést á eftirfarandi:

Áætlað er að allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1984 sé 2 500 milljónir króna og hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út að það gæti numið röskum 3 000 milljónum eftir 20 ár.

Ef lánshlutfall hækkar í 80% á næstu 8 árum og framlag ríkissjóðs verður svipað og á yfirstandandi ári mun Byggingarsjóður ríkisins þurfa á að halda öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1992, og á árinu 2000 um 600 milljónum umfram allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Ef miðað er við að ná 80% lánshlutfalli á næstu 15 árum og ríkisframlag verði svipað og á yfirstandandi ári má sjá að á árinu 1998 þarf Byggingarsjóður ríkisins á að halda öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Ljóst er af ofangreindu að knýjandi nauðsyn er á að allt fjármögnunarkerfi húsnæðislánakerfisins verði tekið til rækilegrar endurskoðunar með það að markmiði að fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins verði komið á traustan grundvöll og að því stefnt að sjóðurinn geti fjármagnað 80% lánshlutfall í almenna húsnæðislánakerfinu á næstu 8 árum og staðið fjárhagslega á eigin fótum án þess að þurfa að taka nokkur lán eigi síðar en að 15 árum liðnum.

Greiðslubyrði miðað við 80% lánshlutfall og núgildandi lánshlutfall.

Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar um fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins koma fram athyglisverðar tölur um greiðslubyrði lána sem sýna ljóslega hve brýnt er að flýta því eins og kostur er að lánveitingar geti numið 80% af byggingarkostnaði.

Greiðslubyrði af 80% láni — 1 700 þúsundum krónum — yrði 6 700 kr. á mánuði í 29 ár eftir tillögum frumvarpsins og við 2,25% ársvexti.

Til samanburðar kemur fram hjá Þjóðhagsstofnun að sé tekið dæmi af núverandi lánsfjármögnun íbúðabygginga og miðað við 80% lán, þannig að tekið sé 620 þús. kr. húsnæðismálastjórnarlán, lífeyrissjóðslán 260 þús. kr. og bankalán sem nemur því sem á vantar, eða 820 þús. kr., þá yrði greiðslubyrði 210—225 þús. kr. á ári fyrstu fimm árin a. m. k. eða 18—19 þús. kr. á mánuði, en lækkaði í 4 300 krónur á mánuði þegar bankalánin eru uppgreidd.

Samkvæmt þessu er greiðslubyrði í heild af lánum, sem tekin eru hjá Byggingarsjóði, lífeyrissjóðum og í bönkum, nær þrefalt þyngri fyrstu árin en verða mundi ef húsnæðismálastjórnarlán yrðu hækkuð í 80% af byggingarkostnaði samkvæmt því sem fram kemur hjá Þjóðhagsstofnun.

Augljóst er að 80% lánshlutfalli, sem stjórnarflokkarnir hafa lofað, verður ekki náð, — hvorki í bráð né lengd, — nema fjárhagsgrundvöllur sjóðsins verði nú þegar tekinn til rækilegrar endurskoðunar og sjóðnum verði tryggð með mörkuðum tekjustofnum verulega hærri framlög, — til að komist verði hjá gífurlegum lántökum sem stefna sjóðnum í gjaldþrot innan fárra ára.

Gífurlegur samdráttur í íbúðabyggingum.

Ekki verður heldur hjá því komist að gera grein fyrir hvert stefnir í samdrætti í útlánum á þessu ári.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda íbúða sem veitt var lán til árin 1976—1983:

Fjöldi íbúða sem veitt var lán til úr Byggingarsjóði ríkisins árin 1976—1983.

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Nýbyggingar (frumlán)	1515	1823	1833	1687	1665	1072	1182	1087
Eldri íbúðir	783	1346	1897	2408	2044	2183	2132	1895
Íbúðir fyrir aldraða og öryrkja (konverteringar)	12		106	314	57	6	4	28
Viðbyggingar og endurbætur						159	369	252
Heilsuspillandi húsnæði	8	29	43	49	46	33	30	21
Einstaklingar með sérþarfir						73	71	28
Orkusparandi breytingar						189	104	70
Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar)	26	3	177	188	242	60	193	167
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar)	98	87	91	129	145	138	130	48
Verkamannabústaðir (konverteringar)	175	182	81	32	202	36		
Framkvæmdanefndaríbúðir (konverteringar)			50					
Samtals fjöldi íbúða	2617	3470	4278	4854	4401	3949	4215	3596

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun 16. febrúar og 10. apríl, er fjöldi umsókna sem fyrir liggur eftirfarandi:

Nýbyggingar	2 150	umsóknir
Eldri íbúðir	2 400	,,
Meiri háttar viðgerðir	480	,,
Orkusparandi aðgerðir	180	,,
Samtals	5 210	umsóknir

Í athugasemdum sem fylgdu með bréfi til undirritaðrar frá Húsnæðisstofnun, dags. 18. apríl s. l. (Aths. á fskj. VII), kemur fram að í áætlun stofnunarinnar frá 14. mars s. l. **sé einungis gert ráð fyrir frumlánum vegna um 760 íbúða. Öðrum umsóknum verði frestað til næsta árs. Um er að ræða 30% samdrátt í lánveitingum til nýbygginga frá árinu 1983.** Af lánum til eldri íbúða er gert ráð fyrir lánum **vegna 1 820 íbúða og einnig þar verður um frestun að ræða.** Hér er um að ræða að veitt verði **lán til 75 færri eldri íbúða en á árinu 1983 eða um 4% samdráttur.**

Fjárvöntun.

Ofangreind áætlun um fjölda lána til nýbygginga og eldri íbúða er við það miðuð að það fjármagn skili sér að fullu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum og lánsfjárlögum.

Hafa verður í huga í því sambandi að mikil óvissa ríkir um fjármögnunarþætti til Byggingarsjóðs ríkisins á yfirstandandi ári.

1. Gert er ráð fyrir að 115 milljónir króna komi úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki er hægt að búast við að nokkurt fjármagn komi úr Atvinnuleysistryggingasjóði þegar haft er í huga að ekkert fjármagn kom úr sjóðnum á s. l. ári og fyrir liggur bréf hjá Húsnæðisstofnun frá Atvinnuleysistryggingasjóði þess efnis að ekki sé að vænta neinna skuldabréfakaupa af hans hálfu hjá Byggingarsjóði ríkisins á yfirstandandi ári.
2. Áætlað er að 45 millj. kr. komi í Byggingarsjóð ríkisins af skyldusparnaði. Hér gætir mikillar bjartsýni þegar haft er í huga að skyldusparnaður var neikvæður um 8 millj. kr. á árinu 1983 og fyrstu 3 mánuði þessa árs er hann neikvæður um 88 millj. kr. Í áætlun

Húsnæðisstofnunar, dags. 14. mars s. l., er hann áætlaður neikvæður um 40 millj. kr. um næstu áramót. Fjárvöntun samkv. þessum lið er því 85 millj. kr.

3. Áætla verður einnig að ofreiknað sé það fjármagn sem koma á frá lífeyrissjóðunum. Með lántökum Byggingarsjóðs ríkisins hjá lífeyrissjóðum er áætlað að komi 525,4 millj. kr. og er það 96,3% hækkun milli ára. Á sama tíma er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hækki um tæp 7% milli ára.

   Frá lífeyrissjóðunum hefur fengist samkv. bréfi Húsnæðisstofnunar, dags. 18. apríl s. l., samtals 119 694 þús. kr. fyrstu 3 mánuði ársins, en samtals verið greitt í afborganir, vexti og verðtryggingu til lífeyrissjóðanna 119 290 208 kr. fyrstu 2 mánuði ársins. Samkvæmt bréfi Húsnæðisstofnunar, dags. 18. apríl, **er nettó útkoma fyrstu tvo mánuði ársins neikvæð um 9,2%.**

   Óvarlegt virðist að áætla að hækkun á lánum frá lífeyrissjóðunum verði meiri en 50% milli ára. Samkvæmt því yrði fjárvöntun á þeim lið um 125 millj. kr.

4. Af sérstakri fjáröflun ríkissjóðs er áætlað að komi 200 millj. Af þeirri fjáröflun hefur Byggingarsjóður móttekið 68 millj. kr. Hér er um mjög óvissar tekjur að ræða, og óvarlegt að áætla að þær skili sér nema í mesta lagi að ¾ hluta.

Í yfirliti hér að neðan kemur fram samanburður á ofangreindum liðum samkvæmt lánsfjárlögum og því sem raunhæft má telja að inn komi í Byggingarsjóð ríkisins á yfirstandandi ári:

	Samkv. lánsfjárlögum	Raunhæf áætlun
1. Atvinnuleysistryggingasjóður	115,0 m.kr.	0 m.kr.
2. Skyldusparnaður	45,0 m.kr.	÷85 m.kr.
3. Lífeyrissjóðir	525,4 m.kr.	400 m.kr.
4. Sérstök fjáröflun	200,0 m.kr.	150 m.kr.
Samtals	885,4 m.kr.	465 m.kr.

Fjárvöntun í Byggingarsjóð ríkisins er því 420,4 millj. kr., en af því leiddi að samdráttur í nýbyggingum milli ára yrði enn meiri en 30%, svo og í lánum til kaupa á eldra húsnæði en í áætlun Húsnæðisstofnunar um 760 nýbyggingar og 1 820 íbúðir vegna kaupa á eldra húsnæði er miðað við að allir tekjustofnar samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum skili sér að fullu, nema skyldusparnaður.

Skv. áætlun Húsnæðisstofnunar, dags. 7. febr. 1984, er fjárvöntun B.R. áætluð 269 m. kr. þrátt fyrir að allir tekjustofnar og lánamöguleikar nýtist að fullu (fyrir utan skyldusparnað).

II. Byggingarsjóður verkamanna.

Þjóðhagsstofnun hefur gert áætlun um fjárflæði Byggingarsjóðs verkamanna og þar kemur m. a. fram eftirfarandi tafla, en til samanburðar er áætlun 1984, sbr. lánsfjárlög.

Fjárstreymi Byggingarsjóðs verkamanna 1982—1983.

(M. kr.)

	1982	1983	Áætlað 1984
Tekjur	**237,8**	**385,9**	**442,1**
Framlag ríkissjóðs	104,6	158,0	200,0
Framlög sveitarfélaga	20,7	38,0	38,3
Greiðslur kaupenda eldri íbúða	11,0	23,3	21,0
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	66,8	117,6	164,6
Afborganir, vextir, verðbætur	34,4	48,6	18,2
Annað	0,2	0,5	
Gjöld	**9,2**	**29,3**	
Kostnaður	6,4	9,6	15,5
Afborganir, vextir, verðbætur	2,5	19,1	21,0
Annað	0,3	0,6	
Ráðstöfun, útlán	**230,9**	**409,2**	**405,6**
Nýbyggingar	181,8	333,2	
Endursöluíbúðir	49,1	76,0	
Sjóður í ársbyrjun	**10,8**	**8,6**	
Sjóður í árslok	**8,6**	**−44,0**	

Eins og sést á ofangreindri töflu **hefur fjármagn til útlána aukist um 43,5% milli áranna 1982 og 1983, eða um 178,3 milljónir, en milli áranna 1983 og 1984 minnkar fjármagn til útlána um tæpar 4 milljónir milli ára eða tæplega 1%.**

Samdráttur í lánveitingum til félagslegra íbúða.

Allt stefnir í það að um verulegan samdrátt verði að ræða í lánveitingum til félagslegra íbúða. Samkvæmt bréfi Húsnæðisstofnunar, dags. 10. apríl s. l., var fjöldi íbúða, sem lán fengu úr Byggingarsjóði verkamanna, eftirfarandi á árunum 1981—82 og 1983.

Fjöldi íbúða:	1981	1982	1983
Nýbyggingar	205	304	326*
Endursöluíbúðir	176	177	156
Samtals	381	481	482

* Þar af 158 nýir samningar, sem lán voru veitt til að fokheldu, og 168 samningar sem samþykktir voru en engin lán veitt til á árinu 1983.

Í neðangreindri áætlun Húsnæðisstofnunar frá því í mars s. l. er gert ráð fyrir tvenns konar forsendum.

Í dálki (1) er miðað við sama fjölda nýbygginga (158 íbúðir) og á árinu 1983. Skv. því er um að ræða fjárvöntun alls kr. **149 milljónir.** Í dálki (2) er miðað við fjáröflun skv. lánsfjáráætlun og eftirfarandi forsendur:

a) Að fjöldi endursöluíbúða verði sá sami og á árinu 1983.
b) Að engar nýframkvæmdir verði á árinu.
c) Að skuld sjóðsins um áramót við Seðlabanka Íslands verði endurgreidd á árinu.

Eftirfarandi er áætlun Byggingarsjóðs verkamanna (mars 1984):
Byggingarsjóður verkamanna.

	(1) Áætlun 5.3.1984	(2) Áætlun miðuð v/lánsfjáráætlun
Innstreymi		
Ríkissjóður	200	200
Sveitarfélög	54	37
Kaupendur eldri íbúða	21	21
Afborgun, vextir, verðbætur	63	36
Lífeyrissjóðir	165	165
	503	459
Útstreymi		
Rekstrarkostnaður	14	14
Afborganir, vextir, verðbætur	35	35
Lánveitingar	559	382
Skuld um áramót	44	44
	652	475
Fjárvöntun	**149**	**16**
Lán 1984		
Þegar gerðir samningar	359	282
Nýir samningar	100	—
Endursöluíbúðir	100	100
	559	382

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja og þeirri áætlun sem nú er unnið eftir er ljóst **að ekki verða gerðir neinir nýir samningar á yfirstandandi ári** og af þegar gerðum samningum sem veitt var lán til á s. l. ári (158) verður að fresta ¼ fram á næsta ár. Því til viðbótar er ljóst að af þeim 168 lánveitingum, sem samþykktar voru á s. l. ári en ekki var veitt neitt fjármagn til verður enn að fresta verulegum fjölda fram á næsta ár en ekki liggja endanlegar tölur fyrir þar um hjá Húsnæðisstofnun.

Í frv. er eins og í núgildandi lögum ákvæði um að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Ljóst er að með fjármagni, sem Byggingarsjóður verkamanna hefur yfir að ráða og þeim geysilega niðurskurði sem áformaður er í félagslegum íbúðabyggingum, kemur ekki fram nein viðleitni til að standa við þetta markmið, því að enginn nýr samningur verður gerður á þessu ári um nýbyggingarlán.

Lántökuþörf.

Þjóðhagsstofnun hefur gert útreikninga um lánsfjárþörf miðað við 300 íbúðir í félagslegum íbúðabyggingum annars vegar og hins vegar miðað við 600 íbúðir árlega eða einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf.

Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er eftirfarandi (sjá fskj. 8—11):

I. Lánsfjárþörf við mismikil árleg útlán

A1:300 íbúðir á ári, lánshlutfall 80%.
B1:600 íbúðir á ári, lánshlutfall 80%.
A2:300 íbúðir á ári, lánshlutfall 90%.
B2:600 íbúðir á ári, lánshlutfall 90%.

M. kr.

Ár.	A1	B1	A2	B2
1.	446	817	496	906
4.	459	953	538	1 056
8.	567	1 234	671	1 258
12.	711	1 367	807	1 516
16.	846	1 652	965	1 834
20.	912	1 778	1 040	1 975
30.	1 012	1 984	1 152	2 206
40.	842	1 705	968	1 902

Í þessum dæmum er miðað við framlag ríkissjóðs af launaskatti og 0,5% útlánsvexti. Hér kemur fram að miðað við dæmið um 300 nýbyggingarlán er framlag ríkissjóðs nægjanlegt þegar fram í sækir til þess að standa undir þeim mikla mun sem er á vöxtum veittra lána og tekinna. Veitt lán eru til 43 ára og bera 0,5% ársvexti, tekin lán til 15 ára og bera 5% ársvexti. Í dæmi A1 fer lánsfjárþörfin vaxandi í 30 ár en síðan tekur að draga úr henni svo að talsverðu munar. Í hliðstæðu dæmi en með helmingi meiri nýbyggingarlánum (B1) verður lántökuþörfin um tvöfalt meiri, en þó er tekið að draga úr henni síðasta áratuginn. Þó reynir þegar í þessu dæmi á ákvæðin um að framlög ríkissjóðs skuli að lágmarki vera 30% af fjármagnsþörf og framlög ríkissjóðs eru því miklum mun meiri en í dæmi A1 um lán til 300 íbúða á ári. Í dæmi B1 um lán til 600 íbúða á ári er árleg lántökuþörf mest röskir 2 milljarðar en 1 milljarður á ári í dæminu um 300 íbúðir. Framlag ríkissjóðs fer mest í 954 m. kr. í dæmi B1 en í 490 m. kr. í dæmi A1. Þessi dæmi benda til þess að forsendur um lán til 600 íbúða á ári séu naumast raunhæfar við þann mikla mun sem er á vöxtum veittra og tekinna lána. Vaxtamunurinn er hér 4,5% sjóðnum í óhag. Þetta er lántakendum hjá sjóðnum vitaskuld mjög í vil en svo mikill munur krefst þess að sjóðurinn njóti verulegra óafturkræfra framlaga og launaskatturinn einn virðist þá engan veginn nægjanlegur. Dæmi A2 og B2 sýna útlán miðað við 90% lánshlutfall. Þetta eykur lántökuþörfina í dæmunum og jafnframt krefst þetta meira ríkisframlags en áður í dæminu um 600 lán á ári.

Í ofangreindum dæmum er gert ráð fyrir að sjóðurinn nyti 1% launaskatts eða 30% af fjármagnsþörf að lágmarki í framlögum frá ríkissjóði.

Eins og sést í útreikningum Þjóðhagsstofnunar er lánsfjárþörfin, ef miðað er við 600 íbúðir á ári, langt umfram það sem eðlilegt getur talist eða flest árin um helmingur af öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og þar yfir. **Samanlagt myndu Byggingarsjóður verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins þurfa á að halda í lántökum frá lífeyrissjóðum tvisvar sinnum hærri fjárhæð en nemur öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Þá er miðað við óbreytt**

ríkisframlag, — 600 íbúðir í félagslegum íbúðabyggingum árlega og að 80% lánshlutfall úr Byggingarsjóði ríkisins verði náð á næstu 8 árum. Ljóst er því að endurskoða þarf einnig allan fjármögnunargrundvöll Byggingarsjóðs verkamanna og hækka verulega framlag ríkissjóðs frá því sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Breytingartillögur við frumvarpið.

Á þskj. 689 flytur 1. minni hl. breytingartillögur við frumvarpið en í þeim felst eftirfarandi:

1. að efla félagslegar íbúðabyggingar og tryggja að lánakjör rýrni ekki frá því sem nú er,
2. að endurskoða skipulag og fjármögnun félagslegra íbúðabygginga og skapa nýja valkosti í húsnæðismálum landsmanna,
3. að jafna lánskjör milli kaupa á nýju og notuðu húsnæði,
4. að vaxtaákvarðanir verði ekki í höndum ríkisstjórnar heldur verði hámark vaxtastigs ákveðið í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eins og verið hefur,
5. að tryggja Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna fastan tekjustofn og aukið framlag úr ríkissjóði. Markmiðið er að ryðja braut til þess að hægt verði að hækka lánshlutfall í áföngum á næstu árum í 80% byggingarkostnaðar og að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna án þess að fjárhagsstöðu sjóðsins sé stefnt í gjaldþrot með stórfelldum lántökum,
6. að tryggt verði að lánshlutar fylgi breytingu á lánskjaravísitölu þannig að lánveitingar rýrni ekki þegar lán eru greidd út í tvennu eða þrennu lagi,
7. að viðskiptabankar og sparisjóðir auki til muna lánveitingar til húsnæðismála.

Félagslegar íbúðabyggingar.

Í nál. hefur því þegar verið lýst hve mikinn samdrátt stefnir í í félagslegum íbúðabyggingum. Í þessu frumvarpi kemur ekki fram nein markviss stefna um hvernig efla eigi félagslegar íbúðabyggingar eða hvernig því markmiði verði náð að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Óvissa ríkir einnig um réttarstöðu húsnæðissamvinnufélaga eins og Búseta í félagslega kerfinu. Þeirri óvissu þarf að eyða, — og gera ákvæði frumvarpsins markvissari í þessu efni.

Ljóst er einnig að með tilkomu fleiri valkosta í félagslegum íbúðabyggingum þarf að auka framlag ríkissjóðs í Byggingarsjóð verkamanna verulega þannig að nýir valkostir skerði ekki fjármagn til uppbyggingar íbúða í verkamannabústaðakerfinu.

Í 34. grein frumvarpsins er ákvæði um að fjármögnun félagslegra íbúðabygginga eigi m. a. að vera þannig háttað að sjóðurinn fái 1% af launaskatti og með framlögum á fjárlögum ef með þarf til að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins. Áætlað er að 1% af launaskatti nemi 270 millj. Svo gífurlegur niðurskurður er á fjármagni til sjóðsins að sjóðurinn nýtur ekki einu sinni óskerts framlags af launaskatti sem honum ber samkvæmt ákvæðum frv. og fær aðeins 200 millj. en afgangur er tekinn í ríkissjóð.

Í tillögum 1. minni hl. felst að mörkuð verði skýr stefna í uppbyggingu félagslegra íbúða þannig að því marki verði náð á árinu 1986 að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Í því skyni verði sjóðnum tryggt 1% af launaskatti og með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og á fjárlögum ár hvert nemi 60% af fjármagnsþörf sjóðsins. Samkvæmt þessu hefði sjóðurinn yfir að ráða næstum 200 millj. meira en ráð er fyrir gert á yfirstandandi ári.

Aukið framlag ríkissjóðs mundi draga verulega úr lántökuþörf. Í ákvæði til bráðabirgða er m. a. kveðið á um endurskoðun á fjármögnun hins félagslega húsnæðislánakerfis, — en ljóst er að endurmeta verður framlag ríkissjóðs með hliðsjón af því að lántökur stefni ekki

sjóðnum í tvísýnu. Í því ákvæði felst einnig endurskoðun á skipulagi hins félagslega húsnæðislánakerfis.

Í breytingartillögum 1. minni. hl. við 1. grein frumvarpsins er lagt til að markmið laganna verði einnig að koma til móts við þá sem velja vilja sér annan kost í húsnæðismálum en að eignast eigið húsnæði.

    Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. mega nema allt að 90% af áætluðum byggingarkostnaði sem gildir til viðmiðunar fyrir samsvarandi íbúðir, sbr. ákvæði 32. gr. laga þessara.
23. Við 61. gr. Greinin orðist svo:
    Óheimilt er að selja leiguíbúðir eða breyta leiguíbúðum eða búseturéttaríbúðum sem byggðar eru skv. lögum þessum í eignaríbúðir meðan á þeim hvílir lán frá Byggingarsjóði verkamanna.
24. Við 62. gr. Í stað „30 daga“ í 2. mgr. komi: 45 daga.
25. Við 64. gr. Í stað „80%“ í 3. mgr. komi: 90%.
26. Á eftir ákvæði til bráðabirgða bætist við tvö ný ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:
    a. (II.) Stjórn Húsnæðisstofnunar skal beita sér fyrir því í samvinnu við viðskiptabankana og sparisjóði að komið verði á nýju sparnaðarformi tengdu rétti til viðbótarlána til lengri tíma úr bankakerfinu vegna húsnæðisöflunar.
    b. (III.) Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa þriggja manna nefnd er í eigi sæti einn fulltrúi ASÍ, einn frá húsnæðissamvinnufélaginu Búseta og einn fulltrúi sem félagsmálaráðherra tilnefnir úr stjórn Húsnæðisstofnunar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin hafi það verkefni að endurskoða ákvæði gildandi laga um fjármögnun og skipulag hins félagslega húsnæðislánakerfis. Nefndin miði tillögur sínar um fjármögnun við það að unnt verði að standa við yfirlýst markmið um að ⅓ hluti íbúða á ári hverju verði byggður á vegum hins félagslega kerfis og að tryggja félagasamtökum, eins og t. d. búseturéttarfélögum, ótvíræða aðild að kerfinu, bæði fjármögnun þess og stjórn, í því skyni að koma frambúðarskipulagi á leigumarkaðinn. Einnig verði kannað hvort koma megi á kaup/leigu-fyrirkomulagi í félagslegum íbúðabyggingum.

Nd. 690. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins hefur verið til meðferðar í félagsmálanefnd neðri deildar um skeið. Hefur undirritaður tekið þátt í lokaafgreiðslu málsins fyrir hönd Alþýðubandalagsins. Á sérstöku þingskjali flytja þingmenn Alþýðubandalagsins breytingartillögur við frumvarpið og verður gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir og í framsögu. Þá áskiljum við okkur rétt til þess að styðja aðrar breytingartillögur eftir því sem þær kunna að koma fram.

Frumvarpið eins og það kom frá ríkisstjórninni er að verulegu leyti endurflutningur á gildandi lögum, en auk þess eru í frumvarpinu ný ákvæði. Sum þeirra eru til bóta, önnur eru með þeim hætti að Alþýðubandalagið er á móti þeim og mun greiða atkvæði gegn þeim er málið kemur til atkvæða.

Verður nú gerð grein fyrir breytingartillögum Alþýðubandalagsins.

1. Nokkur breyting er gerð á markmiðsgrein frv. til þess að árétta það meginstefnuatriði að það sé öryggi í húsnæðismálum sem keppt er að. Í því skyni verði beitt öllum tiltækum ráðum eins og gerð er grein fyrir í þriðja þætti markmiðsgreinarinnar.

2. Breytingartillagan birtir aðeins efnisyfirlit frumvarpsins og er tilgangur hennar ekki síst sá að undirstrika gildi húsnæðissamvinnufélaganna strax í upphafi laganna.

3. Þessi breytingartillaga er sama eðlis og gerir ráð fyrir því að fjallað verði um málefni húsnæðissamvinnufélaganna í deild Húsnæðisstofnunar fyrir félagslegar íbúðabyggingar.

4. Meginbreyting þessarar greinar er sem hér segir:

a) Að Alþingi taki ábyrgð á heildarfjármagni Byggingarsjóðs ríkisins hverju sinni. Núverandi ástand er óþolandi þar sem ábyrgðin er einungis hjá félagsmálaráðherra sem ekki hefur bolmagn til þess að tryggja sæmilega framkvæmd húsnæðislaganna sem meðal annars sést á því að veðdeildin hefur verið lokuð tvisvar á þessu ári vegna fjárskorts. Í frv. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að 40% útlánaáætlunarinnar komi úr ríkissjóði. Það er auðvitað óeðlilegt að Alþingi komi þá ekki nærri sem ábyrgðaraðili. Þess vegna er breytingartillagan flutt. Verður þá að gera ráð fyrir að útlánaáætlunin komi til meðferðar fjárveitinganefndar á haustin samhliða afgreiðslu fjárlaga.

b) Atvinnuleysistryggingasjóður gat ekki keypt skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins á s. l. ári. Hið sama mun að öllum líkindum endurtaka sig í ár. Félagsmálaráðherra lítur svo á að ríkissjóður eigi þá að tryggja Byggingarsjóði fé í staðinn. Breytingartillagan í 3. tl. er flutt til þess að staðfesta þennan lagaskilning félagsmálaráðherra.

c) Hér er sú nýlunda að lögfest verði í húsnæðislögum að lífeyrissjóðirnir noti 30% af ráðstöfunarfé sínu til þess að kaupa skuldabréf af byggingarsjóðunum. Skal fyrst tryggja Byggingarsjóði verkamanna fjármagn svo hann geti staðið við þriðjungsmarkmið íbúðabygginga á félagslegum grundvelli.

d) Í 6. tl. er gert ráð fyrir sölu skuldabréfa á almennum markaði fyrir byggingarsjóðinn. Þetta getur vafalaust orðið miklum mun álitlegri tekjustofn en nú er um að ræða.

5. Þessi breytingartillaga skyldar allar innlánsstofnanir, banka, bankaútibú og sparisjóði, hvar sem er á landinu, til þess að afgreiða húsnæðislán, en ríkisstjórnin ákveði þóknunina.

6. Hér er gert ráð fyrir því einu að byggingarsamvinnufélögin séu tekin með í upptalningu þeirra sem lán geta fengið — til þess þannig að leggja áherslu á þýðingu byggingarsamvinnufélaga.

7. Meginbreyting þessarar tillögu er í því fólgin að stuðla skuli að samstarfi Framkvæmdasjóðs aldraðra og Húsnæðisstofnunar varðandi lánveitingar vegna bygginga fyrir aldraða. Þá er gert ráð fyrir því að menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti sé skylt að taka afstöðu til þess hvort byggja eigi íbúðir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn þegar þessi ráðuneyti senda inn umsagnir sínar.

8. Hér er lagt til að Húsnæðisstofnun fái sérstakan stuðning til þess að stuðla að orkusparnaðarbreytingum á íbúðarhúsnæði.

9. Nú eru allir vextir af húsnæðislánum lögákveðnir. Hér er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin ákveði vexti Byggingarsjóðs ríkisins að öðru leyti en því að lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði og til fatlaðra vegna sérstakra breytinga á íbúðum verði vaxtalaus.

10. Hér eru sett inn skýrari ákvæði um greiðsluáætlanir Byggingarsjóðs ríkisins. Í lokamálsgrein er svo nýtt ákvæði um að heimilt sé að hækka sérstaklega lán til þeira sem byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn og í öðru lagi að heimilt verði að lækka lán til þeirra sem hafa fengið lán tvisvar sinnum úr Byggingarsjóði ríkisins.

Af sjálfu leiðir að greiðsluáætlun Byggingarsjóðs verkamanna hlyti að fá sömu meðferð og greiðsluáætlun Byggingarsjóðs ríkisins þó ekki sé gerð um það sérstök breytingartillaga.

11. Þessi breytingartillaga er sett inn til þess að taka af öll tvímæli um rétt húsnæðissamvinnufélaga til lána. Það skilyrði er þó sett að sérstakt fjármagn beri að tryggja til húsnæðissamvinnufélaga á fjárlögum hverju sinni. Auðvitað hljóta þau sérstaka meðferð þar sem reglur um endursölu, tekjumörk o. fl. hljóta að vera aðrar í húsnæðissamvinnufélögum en í verkamannabústöðum. Eðlilegt er að setja í reglugerð ákvæði um húsnæðissamvinnufélög og að undirbúa sérstakan kafla í húsnæðislöggjöfina um stöðu þeirra.

12. Í þessari tillögu er einnig gert ráð fyrir því að tryggja húsnæðissamvinnufélögunum strax á þessu ári 200 millj. kr. Það er skylda Alþingis að sjá svo um, ekki síst eftir yfirlýsingar húsnæðismálaráðherra í þessum efnum á undanförnum mánuðum. Þá er í tillögunni miðað við sömu ákvæði um lífeyrissjóði og áður var gerð grein fyrir varðandi skuldabréfakaup þeirra.

13. Hér er gerð tillaga um að staðfesta þá reglu sem skapast hefur um bílskýli við verkamannabústaði í Ártúnsholti í Reykjavík og í Kópavogi.

14. Hér er gert ráð fyrir því að lánað verði til verkamannabústaða 90% lán eins og verið hefur.

15. Hér er lagt til að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna verði lögbundnir 0.5%.

16. Sama og 14. tillaga.

17. Hér eru staðfestar þær uppgjörsvenjur sem tíðkast hafa milli byggingarsjóðanna.

18. og 19. tillaga gera ráð fyrir sömu reglum um endursölu og endurkaup verkamannabústaða og verið hafa. Þær reglur, sem stjórnarmeirihlutinn gerir tillögur um, eru óljósar og munu að öllum líkindum hafa í för með sér lægra verð á íbúðum í verkamannabústöðum en greitt hefur verið til þessa.

20. Greinin fjallar um matsnefnd félagslegra íbúða. Tilgangur greinarinnar er að tryggja samræmt mat verkamannabústaðanna og um leið hagsmuni seljenda verkamannabústaða andspænis verkamannabústaðakerfinu.

21. Þessi breytingartillaga er ein veigamesta tillagan. Í A-lið hennar er gert ráð fyrir því að bankalán verði veitt þeim sem byggja og kaupa í fyrsta sinn sem nemi 50% af lánum Húsnæðisstofnunarinnar.

Í b-lið er gert ráð fyrir samstarfi við lífeyrissjóðina og jafnframt að þeir, sem ekki eiga rétt á láni hjá lífeyrissjóðum, eigi kost á jafnháu láni frá Húsnæðisstofnun.

22. Breytingartillagan um heiti frumvarpsins er flutt vegna þess að í tillögum Alþýðubandalagsins er gert ráð fyrir samræmdu húsnæðislánakerfi, þ. e. banka, lífeyrissjóða og opinberra aðila og að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að þessir aðilar vinni saman að lánveitingum til húsnæðismála. Fullvíst er að viðunandi ástand í þessum efnum næst ekki fyrr en allir þessir aðilar hafa lagst á eitt um að ná hærra lánshlutfalli en nú er kostur á. Þessar tillögur eru mjög í samræmi við tillögur sem hvað eftir annað voru kynntar og ræddar innan fráfarandi ríkisstjórnar en fengu þá ekki stuðning.

Alþingi, 26. apríl 1984.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Alþýðusambands Íslands.

Á fundi 16. febrúar s. l. samþykkti miðstjórn samhljóða eftirfarandi umsögn:

„A. S. Í. telur að í frumvarpinu séu ýmis nýmæli sem ótvírætt eru til bóta, svo sem hækkun lána, lenging lánstíma, að lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin, aukning á föstum tekjuliðum, sbr. 2. tl. 9. gr., og fljótari afgreiðsla á lánum til þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Slíkum lagfæringum og nýjungum ber að fagna.

Í frumvarpinu felast einnig mjög alvarlegar breytingar til hins verra á ákvæðum um Byggingarsjóð verkamanna og er þeim eindregið mótmælt, en þær eru:

Eigin framlag þeirra sem kaupa nýjar íbúðir í verkamannabústöðum er hækkað um helming. Í stað 90% láns, sem veitt er skv. núgildandi lögum, skal koma 80% lán. Enginn vafi er á að þetta ákvæði veldur því að mjög stór hópur lágtekjufólks ræður alls ekki við að eignast nýja íbúð í verkamannabústöðum og tapar þannig eina hugsanlega möguleikanum á að eignast viðunandi húsnæði. Heimildarákvæðið um hækkun lánshlutfallsins í 90% er sáralítils virði og sýnist aðeins eiga að gilda í algerum undantekningartilvikum.

Ákvörðun um vexti verður færð til ríkisstjórnar og Seðlabanka í stað þess að vera bundin í lögum. Þessi breyting bendir ótvírætt til þess að stefnt sé að hækkun vaxtanna með þeim afleiðingum að greiðslubyrði lánanna mun stórlega aukast og verður í mörgum tilfellum a. m. k. 30—50% af dagvinnutekjum láglaunafólks.

Í frumvarpinu virðast veittar heimildir til að lána húsnæðissamvinnufélögum og fleiri aðilum sem byggja leiguíbúðir. Þessi heimild væri fagnaðarefni ef séð yrði fyrir fjármunum til þessara lána. Samkvæmt frumvarpinu er Byggingarsjóði verkamanna ætlað að veita lán í þessu skyni án þess að honum séu fengnar nokkrar viðbótartekjur.

Alþýðusambandið telur því að heimildarákvæði þetta sé gagnslaust fyrir húsnæðissamvinnufélögin og hættuleg fyrir verkamannabústaðakerfið eins og í pottinn er búið.

A. S. Í. telur að tryggja verði að Byggingarsjóður verkamanna geti staðið við þær skuldbindingar sem honum eru ætlaðar með núgildandi lögum og að séð verði fyrir fjármagni til að lána húsnæðissamvinnufélögum og fleirum sem byggja vilja leigu- eða kaupleiguíbúðir.

Þá er alvarlega varað við þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu um lán til kaupa á notuðum íbúðum. Nái þessi breyting fram að ganga er augljóst að verulega mun draga úr kaupum á notuðum íbúðum sem sannarlega væri veruleg afturför.

A. S. Í. lýsir sig andvígt niðurfellingu forkaupsréttar á þeim íbúðum í verkamannabústaðakerfinu sem hafa verið samfellt í eigu sama eiganda í 30 ár. Árlegar umsóknir um íbúðir í verkamannabústöðum eru margfalt fleiri en þær íbúðir sem koma til ráðstöfunar. Þar af leiðir að fjöldi efnalítils fólks, sem ekki hefur möguleika á að leysa sín húsnæðisvandamál nema í gegnum verkamannabústaðina, hefur ekki fengið neina lausn sinna mála. Á meðan svo er leggst A. S. Í. gegn því að íbúðum sé fækkað í kerfinu með þessum hætti.

Einnig skal á það minnt að innheimta á skyldusparnaði ungmenna er afar léleg og í því sambandi bent á að eðlilegt gæti verið að skyldusparnaðurinn væri innheimtur af verkalýðsfélögunum með öðrum gjöldum, svo sem lífeyrissjóðsiðgjöldum, sem þau sjá um innheimtu á fyrir sína félagsmenn.“

Fylgiskjal II.

Alþýðubandalagið í Reykjavík:
TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA Í HÚSNÆÐISMÁLUM.
(Unnið af starfshópi ABR haustið 1983: Einar Matthíasson hópstjóri, Auður Styrkársdóttir, Ingi Valur Jóhannsson og Sigurður Einarsson.)

Inngangur.

Þar eð umræður um húsnæðismálin hafa verið mjög ofarlega á baugi undanfarið, og jafnvel leitt til aðgerða eins og kunnugt er, þótti rétt að skipaður yrði starfshópur á vegum Alþýðubandalagsins í Reykjavík þar sem fjallað yrði um húsnæðismálin í sem víðastri merkingu, og er þá átt við ekki einungis það er snýr að íbúum höfuðborgarsvæðisins heldur að landsmönnum öllum.

Sem flokkur félagslegra úrlausna, sem Alþýðubandalagið telst vera, mótuðust þær umræður, er áttu sér stað innan hópsins, að sjálfsögðu í þá átt að leita úrræða er komi alþýðu manna, og þá sérstaklega hinum verr settu í þjóðfélaginu, til góða, svo sem láglaunafólki, öldruðum og öryrkjum auk námsmanna og ungu fólki sem er að hefja búskap. Þar sem mjög mörg atriði komu inn í umræðurnar og af mörgu var að taka þótti rétt að takmarka tillögur hópsins við þrjá meginþætti, þ. e.: félagslegt framtak í húsnæðismálum, endurskipun fjármögnunar og lánamála og fasteignamarkaðinn sem ekki hvað síst þarf endurskoðunar við. Það er von þeirra er að þessu hafa starfað að flokksfélagar taki þessar tillögur hópsins til umræðu og fjalli um þær fordómalaust og reyni að koma þeim á framfæri við sem flesta en með því teljum við að markmiðum, sem byggjast á félagslegum lausnum, verði best náð.

Áhersluatriði.

Húsnæðishópur Alþýðubandalagsins í Reykjavík telur að við stefnumörkun flokksins í húsnæðismálum beri einkum að leggja áherslu á neðangreind atriði:

1. Húsnæði er **félagslegt réttindamál** á borð við t. d. menntun og heilbrigðisþjónustu. Höfuðatriði félagslegrar húsnæðisstefnu er að skipting húsnæðis milli þegna landsins miðist sem mest við þarfir þeirra en fari ekki eingöngu eftir kaupmætti.
2. Markmið húsnæðislánakerfisins skal vera að ná sem mestum **jöfnuði** milli landsmanna varðandi húsrými og húsnæðiskostnað en hvoru tveggja er nú mjög misskipt milli þjóðfélagshópa og kynslóða. Val skal vera um eignarhaldsform, þannig að allir geti komist í öruggt húsnæði.
3. Stefna ber að því að húsbyggingar miðist mest við **þarfir** þegnanna, en nú og á næstu árum mun þörfin verða mest fyrir litlar íbúðir. Skipulag íbúðahverfa taki mið af þörfum ólíkra þjóðfélags- og aldurshópa, þannig að ekki komi til einangrunar hópa í mismunandi hverfum eins og nú stefnir í.

4. Leggja ber áherslu á **félagsleg íbúðarform.** Þar má nefna verkamannabústaði, byggingu leiguíbúða (á almennum markaði, á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana), námsmannaíbúðir, byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög, íbúðir fyrir aldraða og fatlaða.
5. **Húsnæðislánamarkaðurinn** verði samræmdur þannig að fjármagn til húsnæðis verði betur nýtt en nú er. Húsnæðislánin þurfa að stórhækka.
6. Efla skal **sparnað** í þágu húsnæðislánakerfisins. Í stað núverandi skyldusparnaðar ungmenna 16—26 ára komi 8% sparnaður 18—24 ára ungmenna og felldar niður allar undanþágur. Einnig verði komið á fót almennum og tímabundnum sparnaði vegna fjármögnunar íbúðakerfisins.
7. **Fasteignamarkaðurinn** verði tekinn til endurskoðunar með það fyrir augum að hann verði betur fær um að sinna hlutverki sínu en nú er. Ákveðnari reglur verði settar um starfsemi fasteignasala sem auki skyldur þeirra og geri þær ábyrgari.
8. **Útborgun** í eldri íbúðum verði **lækkuð** í 30—40 prósent og eftirstöðvar lána greiddar á löngum tíma. Réttlætanlegt er að grípa til þvingandi opinberra aðgerða í þessum tilgangi, svo sem með hertum reglum útlána úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að lán verði ekki veitt nema útborgun íbúðar sé sannanlega 30—40 prósent af heildarverði. Benda má á að vegna hinnar háu útborgunar og skamma lánstíma, sem hér gildir nú, er þörf kaupenda fyrir opinbert lánsfjármagn miklu meira en eðlilegt er. Á yfirstandandi ári myndi t. d. lækkun útborgunar úr 75 prósentum í 50 prósent jafngilda 800 milljón króna opinberu láni til kaupenda.
9. Tekin verði upp **ráðgjöf** í fjármálum er tengjast húsnæðiskaupum t. d. á vegum Húsnæðisstofnunar og bankanna.
10. Komið verði til móts við **vanda fólks í dreifbýli** þegar það vegna veikinda eða sveiflna í atvinnulífi verður fyrir verulegum eignamissi við búferlaflutninga.

Þættir til grundvallar í stefnumótun.

Húsnæðishópur ABR telur að stefna í húsnæðismálum eigi að grundvallast á því að húsnæði sé félagslegt réttindamál á borð við t. d. menntun og heilbrigðisþjónustu. Markmið húsnæðislánakerfisins skal vera að ná sem mestum jöfnuði milli landsmanna varðandi húsrými og húsnæðiskostnað. Höfuðatriði félagslegar húsnæðisstefnu er að skipting húsnæðis milli þegnanna miðist sem mest við þarfir þeirra, en fari ekki eingöngu eftir kaupmætti fólks á markaðnum. Bæði húsrými og húsnæðiskostnaði er nú mjög misskipt milli þjóðfélagshópa og kynslóða. Láglaunafólk og hópar á borð við einstæðar mæður, ungt fólk, öryrkja og aldraða eru mjög afskipt á húsnæðismarkaðnum.

Núverandi ástand í húsnæðismálum bitnar án vafa harðast á börnunum. Fólk þarf að basla við að sinna einni af frumþörfum sínum — húsnæðisþörfinni — á sama tíma og fjölskyldan stækkar og ekki er önnur lausn á þeim málum nú en báðir foreldrar vinni utan heimilis og þá oft á tíðum mikla vinnu af beggja hálfu. Börn þurfa mestrar umhyggju og umönnunar við fyrstu æviárin, en foreldrar eru flestir sviptir möguleikum til að veita þessa umönnun sem ætti þó að vera réttur bæði barna og foreldra. Þótt uppbygging dagvistarstofnana sé tvímælalaust börnum og konum í hag getur það vart verið stefna samfélagsins að konur eignist börn til þess að sjá um að ekki verði auð pláss á þeim stofnunum. Núverandi ástand virðist þó benda í þá átt.

Verst bitnar ástandið á láglaunafólki og einstæðum mæðrum og börnum þeirra. Hlutskipti meginþorra þessara barna er flækingur milli borgarhverfa í misgóðum leiguíbúðum sem skapar óhjákvæmilega rótleysi og öryggisleysi með börnunum. Verkamannabústaðakerfið hefur veitt hluta þessa stóra hóps úrlausn, en því miður eru hinir fleiri sem hafa í engin hús að venda. Þeirra hlutskipti í lífinu er þrotlaus vinna, ótryggt húsnæði, lítið sem

ekkert fjölskyldulíf og sífellt öryggisleysi vegna afkomu og ekki síst húsnæðismála. Afkoma þessa stóra hóps Íslendinga hlýtur að vera áhyggjuefni allra er íhuga vilja samfélagsmál. Þessa afkomu mætti stórbæta með úrbótum í húsnæðismálum.

Konur hafa löngum haft orð á því að þær ættu að geta valið milli þess að sinna heimili og vinna utan heimilis — jafnvel að sameina mætti hvort tveggja með góðu móti. Fæstum konum stendur slíkt val til boða; konur verða að vinna utan heimilis og eiga húsnæðismálin þar drjúgan hlut að máli. Að loknum löngum vinnudegi utan heimilis taka barnauppeldi og heimilisstörf við, en ýmsar kannanir sýna að íslenskar konur gegna flestum heimilisstörfum nær einar á sínum heimilum. Jafnþrotlaus vinna slítur konum langt um aldur fram en slíkt hefur aldrei verið talinn álitsauki í nokkru samfélagi, a. m. k. ekki þeim er siðuð vilja kallast. Innanhússmál sín verða konur að leysa á eigin spýtur en samfélagið getur og ber raunar skylda til að koma til móts við samfélagsþarfir kvenna með því t. d. að koma sæmilegu skikki á húsnæðismálin og fjármögnun þeirra.

Skipulag borga og bæja þarf að taka meira mið af þörfum kvenna, barna, aldraðra og fatlaðra en þau hafa fram til þessa gert. Þetta eru þeir hópar sem hvað mest eru háðir nánasta umhverfi en einnig þeir hópar sem minnst áhrif hafa haft á skipulagsmál. Við uppbyggingu hverfa ber að hafa alla hópa þjóðfélagsins í huga og stefna að því að uppbygging hverfanna verði sem jöfnust og félagsleg þjónusta sé til staðar um leið og fyrstu íbúarnir flytjast í hverfin.

Nauðsynlegt er að vekja athygli á því mikla öryggisleysi sem húseigendur í dreifbýli eiga við að búa. Byggingarkostnaður húsnæðis þeirra er ekki umtalsvert lægri en á höfuðborgarsvæðinu, en söluverð þess hins vegar miklu lægra. Ekki er óalgengt að söluverð sé 45—65 prósent af byggingarkostnaði og enn lægra í mörgum litlum þéttbýlisstöðum og til sveita. Þá má geta þess að fólk sem þarf að flytjast búferlum af atvinnuástæðum tapar oft miklum hluta eigna sinna. Sama er oft uppi á teningnum þegar snögg veikindi eða aðrar óhjákvæmilegar flutningsástæður koma upp. Lagt er til að leitað verði ráða við vanda fólks í dreifbýli þegar það vegna veikinda eða sveiflna í atvinnulífi verður fyrir verulegum eignamissi við búferlaflutninga.

Tryggja þarf öllum húsnæðisöryggi á eðlilegum kjörum óháð búsetu og því hvort fólk vill kaupa, leigja eða byggja. Í þessu skyni þarf að:

— **auka félagslegt framtak í húsnæðismálum;**
— **endurskipuleggja húsnæðislánakerfið;**
— **endurskoða lög um fasteignasölur og breyta viðskiptaháttum á fasteignamarkaðnum.**

Félagslegt framtak í húsnæðismálum.

Til að ná fram jöfnuði í húsnæðismálum þarf að auka félagslegt framtak en með því er unnt að ná fram meiri hagkvæmni í framkvæmdum og betri nýtingu fjármagns. Langt er síðan menn komu auga á að einungis með þessum hætti mætti leysa eina af frumþörfum mannsins sem húsnæði telst vera og tryggja sómasamlegt húsnæði og þar með öryggi með því að stofna til hópsamvinnu við aðra er voru í svipaðri aðstöðu. Síðan hefur þessi hópsamvinna þróast yfir í formleg almannasamtök sem hafa haft forgöngu um að byggja íbúðarhúnæði fyrir félagsmenn sína og oftar en ekki hafa slík samtök verið í beinum tengslum við verkalýðsfélög eða starfshópa á vinnustöðum. Nú kallast þessi samtök byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög eða verkamannabústaðir. Fullyrða má að hefði slíkra félaga ekki notið við hefði ekki verið hægt að útvega öllum þeim fjölmörgu launamönnum, er í dag búa í slíkum íbúðum, sómasamlegt húsnæði.

Öll hafa þessi félög það sameiginlegt að húsnæðið er selt félagsmönnum á kostnaðarverði. Slíkar framkvæmdir hljóta að vera þjóðhagslega hagkvæmar og ætti því að veita þeim meiri fyrirgreiðslu varðandi lán og lóðir heldur en hinum sem hafa húsbyggingar að

gróðavegi. Sumar ríkisstjórnir og sveitarfélög hafa hins vegar lagt stein í götu þessara aðila til að hefta framgang þeirra. Á næstu árum mun stór hópur ungs fólks koma á húsnæðismarkaðinn og á sama tíma hefur vaknað áhugi hjá eldra fólki að huga að þægilegu húsnæði í ellinni og minnka við sig. Almennt er viðurkennt að mikil þörf sé á litlum íbúðum á næstu árum. Með þeirri efnahagsstefnu, sem fylgt er í dag, er nánast ófært að leysa þessa þörf nema með félagslegu átaki.

Hingað til hafa byggingasamvinnufélög og verkamannabústaðir reynt að leysa þarfir þessara hópa, en þó hver í sínu lagi, og hefur eftirspurnin yfirleitt verið miklu meiri en framboðið á íbúðum. Þrátt fyrir þetta hefur þessum aðilum ekki verið séð fyrir nægum lóðum til að geta haldið uppi eðlilegri og samhangandi starfsemi. Þetta hefur leitt til mikillar óhagkvæmni í fjárfestingum og minni nýtingar á tækjum og þekkingu en eðlilegt getur talist.

Þrátt fyrir mikla þörf munu Verkamannabústaðir í Reykjavík hefja framkvæmdir á aðeins 200 íbúðum á þessu ári og hinu hæsta. Fjórir til fimm umsækjendur eru um hverja íbúð sem bendir til að byggja þurfi a. m. k. þúsund slíkar íbúðir á ári hverju. Hlutur byggingasamvinnufélaga hefur verið heldur meiri, einkum á árunum 1968—78, en á allra síðustu árum hefur hlutur þeirra farið minnkandi og þó sérstaklega s. l. 2 ár. Stefna borgaryfirvalda í Reykjavík hefur leitt til meiri samdráttar í byggingu fjölbýlishúsa sem kemur sérstaklega niður á félagslegum samtökum er standa í framkvæmdum fyrir þá sem eru að eignast sitt fyrsta húsnæði. Þessi „kreppa" byggingasamvinnufélaganna hefur þó leitt af sér þann jákvæða hugsunarhátt að þau hafa reynt að ná saman, m. a. með því að stofna til samtaka byggingasamvinnufélaga og ber að styðja allar tilraunir í þá átt.

Bent hefur verið á aðra leið í átt að sama marki en það er stofnun húsnæðissamvinnufélags. Slík félög eru vel þekkt í öðrum löndum, m. a. á Norðurlöndunum, og þar hafa þau haft forgöngu um byggingu íbúðarhúsnæðis sem félagsmenn eiga og reka í sameiningu. Félögin eru öllum opin gegn greiðslu félagsgjalds og er þátttaka í byggingaráfanga háð ákveðnu stofnframlagi sem veitir rétt til búsetu. Þessi réttur er til ótímabundinna afnota af því húsnæði sem viðkomandi hefur fengið með greiðslu síns stofnframlags. Þetta húsnæðissamvinnuform gerir fólki kleift að komast í húsnæði á mjög viðráðanlegum kjörum. Tilurð húsnæðissamvinnufélaga léttir þrýstingi af leigumarkaðnum og opinbert fjármagn til byggingarframkvæmda helst til frambúðar innan hins félagslega húsnæðiskerfis. Ekki er verið að fjármagna sömu íbúðina 3—4 sinnum eins og á hinum frjálsa sölumarkaði. Hér er um ótvíræðan kost að ræða og þjóðfélagslegan hag og eykur jafnframt nýtingu þess fjármagns er hið opinbera veitir til húsnæðismála.

Aðeins með því að styðja við bakið á félagslegum íbúðaframkvæmdum verður unnt að leysa þann hnút sem húsnæðismálin eru nú komin í og markaðskerfið hefur hingað til átt að leysa en hefur aðeins haft í för með sér skipulagsleysi í fjárfestingum, mikið öryggisleysi og ómælda vinnu húsbyggjenda og -kaupenda og mikið félagslegt ranglæti.

Til að ná sem best fram kostum hins félagslega íbúðaforms er lagt til:

— að komið verði á betri samvinnu milli hinna einstöku aðila svo sem byggingasamvinnufélaga, verkamannabústaða, húsnæðissamvinnufélaga og Húsnæðisstofnunar til að samræma og auka nýtingu á reynslu, tækjakosti og fjármagni;
— að beina tilmælum til sveitarfélaga að auka lóðaúthlutanir til aðila með félagslegar framkvæmdir, þannig að stöðugt verði nægjanlegt framboð af lóðum og framkvæmdir falli því ekki niður um lengri eða skemmri tíma;
— að auka þátttöku væntanlegra byggjenda og kaupenda í skipulagningu íbúðahverfa, þannig að fleiri fái íbúð við hæfi og móti um leið það umhverfi sem þeir eiga að búa í og búa við og skapi jafnframt nánari tengsl.

Endurskoðun lánakerfis.

Lánsfjármögnun íbúða er nú dreifð á margar hendur og möguleikar fólks til fjárútvegunar afar mismunandi. Lánsfé er sótt til Húsnæðisstofnunar, lífeyrissjóða og banka. Þessi skipan mála hefur marga ókosti í för með sér. Erfitt er að sjá fyrir heildarfjárútvegun eða tryggja nægilegt fjármagn áður en kaup eru gerð eða byggingarframkvæmdir hefjast. Dreifing lánamarkaðarins kemur í veg fyrir að hægt sé að nota lánveitingar til að knýja fram meiri hagkvæmni í byggingum og lægri húsnæðiskostnað. Enn fremur er erfitt að koma við eftirliti með fjárfestingum í íbúðarbyggingum. Þetta síðarnefnda ber að gaumgæfa sérstaklega þegar haft er í huga að s. l. ár hefur stærð nýbygginga aukist verulega. Eðlilegt hlýtur að teljast að lánakerfið verði ekki notað til bygginga óhófsíbúða.

Núverandi kerfi mismunar landsmönnum mjög. Möguleikar á bankalánum eru háðar samböndum eða harðfylgi við bankastjóra. Yfir 90 lífeyrissjóðir eru starfandi í landinu og veita þeir sjóðfélögum veðlán til húsnæðisöflunar en lánsfjárhæðir og kjör eru mjög mismunandi eftir sjóðum. Í þessu sambandi má einnig nefna að algengt er að foreldrar nýti lánsrétt fyrir börn sín þannig að sumir eiga kost á allt að 2—3 lífeyrissjóðslánum en aðrir fá eitt eða jafnvel ekkert (námsfólk og heimavinnandi húsmæður). Flest bendir til þess að samræming lífeyriskerfisins yrði mjög til hagsbóta og þá helst fyrir alþýðuheimili landsins. Ef komið yrði á fót sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna mætti ná meiri jöfnuði í fjármögnun íbúða.

Brýn nauðsyn er á að þátttaka lánaaðila í fjármögnun íbúða verði samræmd. Samræmd og endurskoðuð skipan húsnæðislána gæti sem best orðið með þeim hætti að Húsnæðisstofnun ríkisins yrði einhvers konar húsnæðislánasjóður og tæki yfir starfsemi veðdeildar Landsbanka Íslands. Nýskipan húsnæðislánakerfisins með virkri tengingu lífeyrissjóðakerfisins og lánastarfsemi hins opinbera ásamt almennum sparnaði í sameiginlegum húsnæðislánasjóði gæfi möguleika á öflugri heildarstjórnun húsnæðismála og meiri jöfnuði meðal landsmanna.

Hlutur innlánsstofnana í þessu samræmda kerfi gæti verið að annast meginhluta fjármögnunar meðan á framkvæmdum stendur — er íbúð eða stærri framkvæmdir eru samþykktar lánshæfar hjá húsnæðislánasjóðnum verði greið leið að framkvæmdafé hjá innlánsstofnunum skv. föstum reglum eða samningum.

Þátttaka lífeyrissjóða, eða öllu heldur lífeyrissjóðs landsmanna, í sameiginlegri fjármögnun húsnæðismála á vegum húsnæðislánasjóðsins gæti verið á þann hátt að vextir hjá húsnæðislánasjóðnum yrðu lægri en nú tíðkast hjá sjóðunum. Vextina má lækka án þess að útgjöld ríkisins aukist verulega með því að fella niður hina óbeinu niðurgreiðslu á húsnæðiskostnaði sem felst í skattaafslætti vegna vaxtagreiðslna. Þar sem hið opinbera aðstoðar við húsnæðisöflun með skattaafslætti dreifist aðstoðin mjög ójafnt meðal þegnanna; þannig hefur t. d. komið í ljós í Finnlandi og Svíþjóð að þessi aðstoð hefur farið ríflegast til hátekjufólks. Þetta hefur einnig leitt til mismunar milli leigjenda og eigenda varðandi húsnæðiskostnað.

Meginþættir þess nýja fyrirkomulags, sem húsnæðishópur ABR telur rétt að tekið verði upp, eru þessir:

Húsnæðislánakerfið verður tengt saman í forsjá húsnæðislánasjóðs. Sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna veitir stærstum hluta ráðstöfunarfjár farveg til sjóðfélaga fyrir milligöngu húsnæðislánasjóðsins. Til jöfnunar á húsnæðiskostnaði verða vextir húsnæðislánasjóðsins greiddir niður en í þess stað hætt að veita skattaafslátt vegna húsnæðisöflunar sem mest kemur hátekjufólki til góða nú. Mikilvægt er að efla sparnað í þágu húsnæðislánakerfisins. Núverandi skipan skyldusparnaðar ungmenna er um margt óhentug því að lítill hluti árlegrar innheimtu er geymdur til lengri tíma. Lagt er til að fyrirkomulaginu verði breytt þannig að skyldusparnaður verði bundinn við t. d. 8 prósent

launa í stað 15 prósent og sparnaðartímabilið miðað við t. d. 18—24 ára ungmenni. Engar undanþágur verði veittar. Hvatt verði til viðbótarsparnaðar skyldusparenda með t. d. hærri lánum sem umbun. Þá er einnig lagt til að komið verði á fót almennum og tímabundnum skyldusparnaði vegna fjármögnunar íbúða.

Fasteignamarkaðurinn.

Það fyrirkomulag, sem verið hefur á sölu fasteigna hér á landi, hefur reynst illa. Fullyrða má að vanþróaður fasteignamarkaður sé eitthvert mesta vandamál þeirra sem eru að leita sér að íbúð til leigu eða kaups. Fasteignasalar hafa ekki reynst þess megnugir að viðhalda heilbrigðum viðskiptakjörum á fasteignamarkaði hérlendis. Mismunur þeirra greiðslukjara, sem boðin eru hér á landi og í öðrum löndum, er með ólíkindum. Íbúðarkaupandi á Íslandi þarf að hafa 400—600 prósentum meira fé handbært til að geta keypt íbúð heldur en kaupandi í nágrannalöndum okkar. Fasteignasalar eru nánast ábyrgðarlausir og hafa litlar skyldur gagnvart umbjóðendum sínum. Fólk, sem hlunnfarið er í viðskiptum á fasteignamarkaði, á sjaldnast möguleika á að leita réttar síns gagnvart fasteignasölum ef þær eiga í hlut.

Til merkis um þýðingu fasteignamarkaðarins má nefna að helmingi fleiri íbúðir eru seldar á frjálsum markaði hér á landi ár hvert en byggðar eru og þetta hlutfall mun vera vaxandi.

Það sem stefna ber að í þessum málaflokki er eftirfarandi:

— Ákveðnar reglur verði settar um starfsemi fasteignasala sem auki skyldur þeirra og geri þær ábyrgari fyrir gerðum sínum (t. d. með því að skylda þær til að kaupa ábyrgðartryggingu).
— Opinberum aðila verði gert að fylgjast með starfsaðferðum fasteignasala og gefa út reglur um þær.
— Lögð verði áhersla á að beina viðskiptavenjum á fasteignamarkaði inn á það sem eðlilegt má teljast fyrir svo stórar eignir. Útborgun verði lækkuð í t. d. 30—40 prósent og eftirstöðvar lána greiddar á það löngum tíma að greiðslubyrði verði eðlileg. Þessu markmiði sé fyrst og fremst náð með því að auka það lán sem seljandi eignar veitir og veita það til lengri tíma.
— Réttlætanlegt er að grípa til þvingandi opinberra aðgerða í þessum tilgangi, svo sem með hertum reglum á úthlutun lána úr Byggingarsjóði ríkisins til eldra húsnæðis, þannig að lán verði ekki veitt nema útborgun íbúðar sé sannanlega 30—40 prósent af heildarverði. Í þessu sambandi má taka fram að telja verður að þeim eigendum fasteigna, sem keyptu þær á óverðtryggðum verðbólgukjörum með neikvæðum vöxtum, beri siðferðileg skylda til að lána því unga fólki sem nú þarf að greiða fullt verð fyrir sínar íbúðir.
— Benda má á að vegna hinnar háu útborgunar og hins skamma lánstíma sem gildir hér nú er þörf kaupenda fyrir opinbert lánsfjármagn miklu meira en eðlilegt er. Á yfirstandandi ári myndi lækkun útborgunar úr 75 prósentum í 50 prósent jafngilda 800 milljón króna opinberu láni til kaupenda.

Núverandi ástand — Hvert stefnir?

Á árabilinu 1966—1970 var meðalstærð íbúða í byggingu 433 rúmmetrar. Árið 1981 var meðalstærðin 540 rúmmetrar.

Árið 1975 var tæplega helmingur allra íbúða í Reykjavík fjögurra herbergja eða stærri. Nú eru 27,1 prósent íbúða í Reykjavík fimm herbergja og stærri.

Mikið og veglega hefur verið byggt hér á landi á undanförnum árum.

Athuganir sýna hins vegar að nýting á húsrými er mjög léleg. Flest bendir til þess að á næstu árum þurfi að leggja áherslu á byggingu minni íbúða. Helstu skýringarþættir eru þessir:

Meðalstærð fjölskylduheimila hefur farið minnkandi undanfarin ár. Nefna má sem dæmi að árið 1964 var meðalstærð fjölskylduheimila í Reykjavík 3,4 einstaklingar en **2,9** árið 1982.

Hjónavígslum hefur farið fækkandi allt frá árinu 1974.

Tíðni lögskilnaða hefur aukist um 125 prósent frá 1961 til 1981. Árið 1965 voru einstæðar mæður í Reykjavík með börn undir 16 ára aldri 15,4 prósent barnafjölskyldna í borginni. Árið 1982 voru þær **21,9** prósent barnafjölskyldnanna.

Hlutfall einhleypinga meðal landsmanna er stöðugt að vaxa. Í Reykjavík hefur þetta hlutfall vaxið úr tæpum 15 prósentum allra heimila í rúm **37** prósent árið 1982.

Stærstu árgangar á Íslandi síðan byggð hófst er fólk fætt í kringum 1960 (1957—1963). Þetta fólk er nú 19—26 ára gamalt og á í ríkum mæli eftir að berast inn á húsnæðismarkaðinn.

Öldruðu fólki sem hlutfall af landsmönnum hefur mjög fjölgað. Margt af því býr í stóru húsnæði og vill gjarnan minnka við sig. Slíkt er hins vegar nánast ókleift innan núverandi kerfis þar sem þjónustu skortir víðast.

Fylgiskjal III.

Úr frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum lagt fram í ríkisstjórn sumarið 1982.

13. gr.

Ríkisstjórnin ákveður þann hluta arðs Seðlabankans sem skilað skal í ríkissjóð. Arðinum skal varið til framleiðni uppbyggingar í atvinnuvegunum eða til Byggingarsjóðs ríkisins.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að bankarnir veiti allt að 100 millj. kr. til að lengja lán húsbyggjenda á þessu ári, 1982, með svipuðum aðferðum og beitt var 1981.

15. gr.

Á árinu 1983 skulu einstaklingar og lögaðilar sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. gr. l. nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, leggja fé til hliðar sem varið skal til þess að hækka lán þeirra í Byggingarsjóði ríkisins sem byggja og kaupa í fyrsta sinn. Lánin skulu tvöfölduð að verðgildi. Sparnaður samkvæmt þessari grein skal varðveittur í ríkissjóði sem endurlánar sparifé Byggingarsjóði ríkisins. Skylda til sparnaðar nær þó ekki til einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri 1. janúar 1983.

Skyldusparnaður nemur 10% á þann tekjuskattsstofn sem lendir í hæsta skattþrepi eins og það verður á árinu 1983 samkvæmt l. nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, þó þannig að miða má skyldusparnað við lægri tekjuskattsstofn ef veittur er jafnhár afsláttur á móti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Jafnframt skal veita afslátt fyrir hvert barn sem er á framfæri manna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Hið sparaða fé skal bundið á reikningi hjá ríkissjóði á nafni þess er sparar til 1. febrúar 1988 með 1% vöxtum og verðbótum á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á lánskjaravísitölu frá 1. nóvember 1983. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1984 reiknast verðbætur aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

Fylgiskjal IV.

ÚR NOKKRUM UMSÖGNUM.

1. Markmið laganna.

Búseti:

Við 1. gr. frumvarpsins:

Í stað orðanna „til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði“ í síðustu málsgrein 1. gr. frumvarpsins komi: „til þess að auka möguleika fólks að geta búið í öruggu húsnæði“.

Félagsstofnun stúdenta:

1. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir lánum til þeirra einstaklinga sem eru að kaupa húsnæði, svo og til aðila sem byggja húsnæði til leigu, því teldum við það vera í anda frumvarpsins að breyta orðalagi í síðari málsgrein 1. gr. og skilgreina tilgang laganna þannig að hann væri að auka möguleika fólks til að **komast í öruggt húsnæði** í stað orðalagsins **að eignast húsnæði.**

2. Byggingasjóður ríkisins.

Verkamannasambandið:

V. M. S. Í. telur að ýmsar breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á þessum kafla gildandi laga séu til bóta, á þetta einkum við um hækkun lána og lengingu lánstíma, þó að æskilegt hefði verið — og reyndar nauðsynlegt við núverandi aðstæður — að gengið væri lengra í þessum efnum þar sem, þrátt fyrir ráðgerða hækkun, lánahlutfall verður aðeins 30% af byggingarkostnaði meðalíbúðar. Í þessu sambandi skal þó á það bent að fjármögnun B. R. er skv. frv. reist á ótraustum grunni þar sem telja má ósennilegt miðað við núverandi aðstæður að Atvinnuleysistryggingasjóður verði í stakk búinn til skuldabréfakaupa af B. R. og með vaxandi greiðslubyrði lífeyrissjóðanna þrengjast mjög möguleikar þeirra til bréfakaupa. Þá verður og að telja eðlilegt að lífeyrissjóðirnir beini því fjármagni, sem þeir geta varið til bréfakaupa, öðru fremur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Samband almennra lífeyrissjóða:

SAL tekur ekki efnislega afstöðu til einstakra greina frumvarpsins enda er ekki fjallað að marki um lífeyrissjóðina í frumvarpsgreinunum.

Hins vegar tekur SAL undir þá skoðun, sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að stefnt verði að því að íbúðarlánasjóðirnir styðjist í minna mæli en undanfarin ár við lántökur frá lífeyrissjóðunum.

Afborganir fjárfestingarlánasjóða af lánum frá lífeyrissjóðum vaxa hröðum skrefum á sama tíma sem heildarlántökur fjárfestingarlánasjóðanna hjá lífeyrissjóðum hafa aukist ár frá ári. Í árslok 1982 námu þessi lán alls 2986 m. kr. og hafði hlutdeild lífeyrissjóðanna aukist úr 5,8% í árslok 1971 í 43,8% í árslok 1982.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna aukist einungis um 6,4% milli áranna 1983 og 1984, en á sama tíma er gert ráð fyrir 35,8% aukningu á lífeyrisgreiðslum sjóðanna.

Ber því að undirstrika þá skoðun í greinargerð frumvarpsins að íbúðarlánasjóðirnir styðjist í minna mæli en verið hefur við lántökur frá lífeyrissjóðunum. Þá skal að lokum bent á að lánveitingar lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga ganga að langmestu leyti til húsnæðismála.

3. Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðir.

Búseti:

C. liður 33. gr. frumvarpsins orðist svo:

c) Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagasamtökum, svo og búseturéttaríbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af búseturéttarfélögum til ótímabundinna afnota félagsmanna samkvæmt X. kafla laga þessara.

Miðað við þær eindæma góðu undirtektir og þann mikla stuðning sem félag okkar hefur hlotið teljum við óhjákvæmilegt að hið háa Alþingi veiti búseturéttarforminu þá viðurkenningu að það sé sérstaklega nefnt í væntanlegri löggjöf, og þannig verði jafnframt tekin af öll tvímæli um rétt húsnæðissamvinnufélaga til lánafyrirgreiðslu, sem geri þessa nýju von þúsunda alþýðufólks á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst að veruleika.

4. Sérstök lagaákvæði um búseturétt:

Búseti:

Svo sem fram kom í tillögunni um orðalag c-liðar 33. gr. þá telur stjórn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta að til þurfi að koma sérstakur kafli um búseturétt og búseturéttarfélög. Stjórnin er að láta semja á sínum vegum sérstakt frumvarp að slíkum sérkafla sem félagið mun skila af sér með umsögn sinni um tillögu til þingsályktunar um húsnæðissamvinnufélög (Sþ. þskj. 116).

Helstu efnisatriði sérstaks kafla um búseturéttarfélög væru þessi:

- Markmið slíks félags sé að ráðstafa ótímabundið íbúðum til félagsmanna.
- Slíkur ráðstöfunarréttur sé bundinn við búseturéttarfélög.
- Félögin séu skyld að leggja fram fjárhagsáætlun og áætlun um byggingu/kaup á íbúðum. Áætlunina yrði að leggja fyrir húsnæðisyfirvöld sem vottuðu raunhæfni hennar.
- Ákvæði þyrftu að vera í þessum kafla laganna um eigendaskipti á búseturétti. Frjáls ráðstöfunarréttur félagsmanna getur boðið heim braski með búseturétt og því væri æskilegast að búseturéttarfélagið hefði í byrjun (t. d. fyrstu 10 árin) kaupskyldu en síðan forkaupsrétt á búseturétti þeirra félagsmanna sem endurselja rétt sinn. Ákvæði yrðu að vera um reglur (reglugerð sett?) um það hvernig félögin ráðstöfuðu búseturétti svo girt yrði fyrir geðþóttaákvarðanir og fyrirgreiðslupólitík.
- Búseturéttarfélög mætti ekki reka í gróðaskyni og yrði skattlagning þeirra í samræmi við það.
- Þessu til viðbótar þyrftu að vera í lögum ákvæði um réttarsamband félags og félagsmanns sem í eðli sínu líkist að nokkru réttarsambandi leigjanda og leigusala. Ákvæði þyrftu að vera um fyrirkomulag viðhalds og ábyrgð á því, ákvæði um viðurlög við samningsrofum, svo og um rétt búseturéttarhafa til þess að leigja íbúðina tímabundið þriðja aðila.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins Búseta er auk þess að finna ýmis helstu ákvæði sem þurfa að vera í lagagreinum um búseturéttarfélög. Þar segir m. a.:

Markmið félagsins er að afla félagsmönnum góðs og hagkvæms húsnæðis og auka jöfnuð og sparnað í húsnæðismálum... Markmiði þessu hyggst félagið meðal annars ná með því að eignast og reka fasteignir sem látnar eru félagsmönnum í té, sem leiguhúsnæði með búseturétti... Búseturéttinn kaupa félagsmenn með ákveðnu framlagi sem er visst hlutfall af kostnaðarverði viðkomandi húsnæðis.... Félagið hefur forkaupsrétt að búseturétti félagsmanna... Kaupverð búseturéttar skal vera upphaflegt kostnaðarverð að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á það verð, frá þeim degi er seljandi keypti búseturéttinn til söludags. Þá skal bæta við matsverði endurbóta á íbúðinni, en draga frá kostnað við að bæta úr göllum íbúðarinnar samkvæmt mati eða samkomulagi.

5. 34. gr. frumvarpsins.

Búseti:

Þessi grein fjallar um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Stjórn Búseta telur það liggja í augum uppi, að núverandi fjármögnun hins félagslega byggingarsjóðs er allsendis ófullnægjandi.

Fram til þessa hefur sjóðnum fyrst og fremst verið ætlað það hlutverk að fjármagna byggingar eignaríbúða í verkamannabústöðum. Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir bætast við tveir meiri háttar byggingaraðilar sem að því samþykktu munu öðlast rétt á lánveitingum úr sjóðnum, annars vegar Félagsstofnun stúdenta, sem hyggst hefja byggingu 50—100 íbúða á næstunni, og hins vegar húsnæðissamvinnufélagið Búseti.

Félagsmenn Búseta í Reykjavík eru nú, sem fyrr sagði, um 2500 talsins, og jafnvel þó að alls ekki allir þeirra þarfnist íbúðar í svipinn **þá er ljóst að lágmarksbyggingarþörf félagsins í fyrsta byggingaráfanga er 150—200 íbúðir.**

Af þessu má ljóst vera að ef ætlun Alþingis er sú að lánsheimildir til húsnæðissamvinnufélaga séu annað en dauður lagabókstafur þá er þörf stórkostlega aukins fjárstreymis til sjóðsins. Stjórn Búseta er reiðubúin til þess að leggja fram raunhæfar tillögur um fjáröflun í þessu skyni ef þess er óskað.

Það er skýr og ótvíræð stefna núgildandi húsnæðislöggjafar og fyrirliggjandi frumvarps að sem lágmark skuli þriðjungur allra íbúðabygginga í landinu vera á félagslegum grunni.

Þessu markmiði hefur enn ekki verið náð en þær undirtektir sem Búseti hefur fengið sýna ótvírætt að markið er síst of áætlað. Það er einnig augljóst að til að ná þessu marki er nauðsynlegt að veita aukið fjármagn til félagslegra íbúðabygginga.

Með tilkomu búseturéttaríbúða mun þetta aukna fjármagn fljótt skila sér. Búseturéttaríbúðir þarf aðeins að fjármagna einu sinni þar sem engin eigendaskipti verða samhliða mögulegum íbúaskiptum. Ekkert af upphaflegu fjármagni endar sem hagnaður eða þóknun millilliða. Þetta hefur í för með sér augljósan þjóðhagslegan sparnað. Engin ný lán þótt skipt sé um íbúð, ekkert fjármagnsrennsli til utanaðkomandi aðila, engan þarf að „kaupa út úr kerfinu".

6. 45. grein.

Stjórn verkamannabústaða í Rvík:

Lagt er til að stjórnir verkamannabústaða ákveði sjálfar skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir, eins og gert var ráð fyrir í lögunum frá 1970, óháð sameignarhlutföllum, í fjölbýlishúsum, enda grundvallast þau ekki á kostnaðarhlutföllum.

Breyta þarf 3. málsgrein á þessa lund.

7. 46. grein.

Húsnæðisstjórn:

Lagt er til að við greinina bætist svohljóðandi setning:

Áður en réttur kaupanda fellur niður samkvæmt framansögðu skal sveitarstjórn eða félagsmálastofnun sveitarstjórnar tilkynnt um greiðslubrest framlags.

8. 48. grein.

Húsnæðisstjórn:

Spurning er hvort ekki sé rétt að setja orðið „má" í stað „skal" þar sem segir: „Einnig skal fella niður verðbætur ..." o.s. frv.

Meistarasamband byggingamanna:

Vér fögnum þeim breytingum sem fram koma í greininni, bæði hvað varðar heimild til veðsetningar og einnig um strangari reglur um útleigu íbúða.

9. 49. grein.

Húsnæðisstjórn:

Lagt er til að við setninguna: „Lánið má nema allt að 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar, skv. 32. gr. þessara laga", bætist svohljóðandi setning: „þó ekki hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði þeirra framkvæmda sem í gangi eru".

Um lækkun lánshlutfalla úr 90% í 80% er fjallað sérstaklega í fylgiskjali með umsögninni.

Stjórn verkamannabústaða í Rvík:

Lagt er til að hámarkslánsfjárhæð verði óbreytt þ. e. 90% en lækki ekki niður í 80% eins og gert er ráð fyrir í 1. mgr.

Til vara er lagt til að hámarkslánsfjárhæð megi nema allt að 90% af söluverði íbúða enda fari það ekki yfir 80% af verði staðalíbúðar.

Þá er og lagt til að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna verði lögbundnir eins og áður en ekki háðir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.

Samband byggingamanna:

Auk þessa, sem að framan er talið er það álit Sambands byggingamanna, að því sé illa farið ef 90% lánshlutfall á ekki lengur að vera aðalatriði heldur, eins og segir í 49. gr. frumvarpsins: Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og/eða fjárhagsástæður. Samkvæmt frumvarpinu er 80% lánshlutfall gert að aðalatriði en 90% lánshlutfall, eins og það er í núgildandi lögum, gert að aukaatriði. Þessu mótmælir Samband byggingamanna harðlega.

Vextir í núgildandi lögum eru ákveðnir 0,5% og lánið afborgunarlaust fyrsta árið. Í 49. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því að ríkisstjórnir, á hverjum tíma geti ákveðið vextina að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Þennan hátt á ákvörðun vaxta telur Samband byggingamanna algjörlega óviðunandi fyrir lántaka Byggingarsjóðs verkamanna.

10. 50. grein.

Samband byggingamanna:

Lagt er til, að í stað orðanna: „byggðum skv. lögum þessum", í 1. málsgrein komi: byggðum eftir gildistöku l. nr. 51/1980.

11. 61. grein.

Búseti:

61. gr. orðist svo:

Óheimilt er að breyta leiguíbúðum eða búseturéttaríbúðum sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum í eiguíbúðir meðan að á þeim hvílir lán frá Byggingarsjóði verkamanna. Sala íbúðanna er heimil ef tryggt er að íbúðirnar verði áfram í útleigu og kaupandi hyggist ekki reka hið keypta húsnæði í hagnaðarskyni.

12. Um Byggingarsjóð verkamanna.

Verkamannasambandið:

V. M. S. Í. vill í upphafi minna á þá staðreynd að þessi kafli gildandi laga er í raun samningur verkalýðssamtakanna og stjórnvalda, byggður á yfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 26. febrúar 1974, en sú yfirlýsing var ítrekuð af ríkisstjórn Geirs

Hallgrímssonar frá 1976 og fullnægt af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens með setningu laga nr. 51/1980. Með þeim lögum var sú stefna mörkuð að stórauka félagslegar íbúðabyggingar í formi verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga og skyldi fjármögnun B. V. vera með þeim hætti að sjóðurinn gæti fjármagnað a. m. k. þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Það er eindregin skoðun V. M. S. Í. að öll frávik frá meginmarkmiðum gildandi laga séu brigður á gerðu samkomulagi ríkisvaldsins og verkalýðssamtakanna, samkomulagi sem staðfest var af Alþingi með setningu laga nr. 51/1980.

Það er skoðun V. M. S. Í. að ýmsar þeirra breytinga sem stefnt er að með frv. brjóti gersamlega í bága við framangreint samkomulag og hlýtur V. M. S. Í. að mótmæla slíkum vanefndum. Jafnframt skal bent á að slíkt hlýtur að verða til þess að rýra traust verkalýðssamtakanna á hvers konar samningum við stjórnvöld ef ekki er hægt að treysta gerðum samningum, þó að stjórnarskipti verði.

Þau atriði í frv., sem V. M. S. Í. gerir sérstakar athugasemdir við og mótmælir eindregið, eru eftirfarandi:

a) Hækkun eiginframlags kaupenda nýrra íbúða um helming, úr 10% í 20% með lækkun lánahlutfalls úr 90% í 80%. Verði þessi breyting að lögum mun slíkt leiða til þess að stórum hópi lágtekjufólks verður gert ókleift að eignast íbúð í verkamannabústöðum, sérstaklega þeim sem lakast eru settir. Auk þess sem slík breyting gengur að dómi V. M. S. Í. þvert á gert samkomulag væri himinhrópandi ranglæti að framkvæma slíka breytingu þegar kjör lágtekjufólks eru lakari en oftast áður eftir þá kjaraskerðingu sem launafólk hefur mátt þola bótalaust.

b) Í stað þess að vextir af lánum eru nú, svo sem jafnan frá því að fyrstu lög um verkamannabústaði voru sett, ákveðnir með lögum gerir frv. ráð fyrir að vaxtaákvörðunarvaldið sé fengið í hendur ríkisstjórnar og Seðlabanka. Slík tilhögun er að dómi V. M. S. Í. ótæk og skapar þvílíkt öryggisleysi fyrir lántakendur að óviðunandi er. Þeir sem eignast íbúðir á félagslegum grundvelli þurfa öðrum fremur að geta treyst því að greiðslubyrði lána verði ekki stórlega aukin á lánstímanum og fari ekki yfir hóflegt hlutfall dagvinnutekna þess sem í hlut á. Að þessu leyti ganga ákvæði frv. þvert gegn félagslegum tilgangi laganna.

c) Með auknum kvöðum á Byggingarsjóð verkamanna, svo sem að gera honum skylt að veita lán til leiguíbúða umfram það, sem kveðið er á um í gildandi lögum, án þess að tryggja honum nýja tekjustofna, er brotið gegn því grundvallaratriði að sjóðurinn geti fjármagnað einn þriðja af árlegri íbúðaþörf með byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga. V. M. S. Í. myndi að sjálfsögðu fagna því að bygging leiguíbúða verði aukin og fleiri aðilum en sveitarfélögum gert kleift að standa fyrir slíkum byggingum. Hins vegar telur V. M. S. Í. ótækt að velta slíku yfir á B. V. án þess að honum sé séð fyrir viðbótartekjum.

13. Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum.

Verkamannasambandið:

Þær nýju reglur um endurkaup íbúða sem frv. gerir ráð fyrir, eru að áliti V. M. S. Í. síst til bóta. Bæði virðast reglur þessar mjög flóknar og hæpið að þær séu framkvæmanlegar, en auk þess er óviðunandi fyrir íbúðaeigendur að sífellt sé verið að hringla með endurkaupsreglur. Þá verður að telja það skref afturábak að gera ráð fyrir að íbúðir, sem reistar eru á félagslegum grundvelli, geti farið á almennan braskmarkað eftir aðeins 15 ára eignarhald.

Þau atriði, sem nú hafa verið talin, brjóta að dómi V. M. S. Í. í bága við yfirlýsingar fyrri ríkisstjórna og það samkomulag milli verkalýðssamtakanna og stjórnvalda sem staðfest var með setningu laga nr. 51/1980.

V.M.S.Í. skorar því á Alþingi að fella umrædd ákvæði frv. og virða gert samkomulag verkalýðssamtakanna og stjórnvalda.

Stjórn verkamannabústaða í Rvík:

Lagt er til að núgildandi ákvæði (bráðabirgðalög) sem grundvallast á svonefndri 4% verðbótareglu haldist í meginatriðum óbreytt.

Í frumvarpinu er lagt til að gjörbreyta þeim reglum sem gilt hafa um innkaupsverð íbúða byggðum samkvæmt lögum fyrir 1. júlí 1980.

Með frumvarpsgreininni er horfið frá 4% reglunni en í staðinn teknar upp sérstakar vaxtagreiðslur og lækkuð fyrning. Þessi breyting gæti leitt til mikillar röskunar á verðlagningu eldri íbúða og valdið miklu misræmi þegar fram líða stundir sem erfitt yrði úr að bæta síðar. Þessi fyrirhugaða nýskipan yrði auk þess torveld í framkvæmd.

Verði þessi nýskipan samt sem áður lögfest er engu síður nauðsynlegt að setja miklu skýrari ákvæði um efni hennar og inntak en fram koma í 63. grein.

Fylgiskjal V.

Húsnæðisstofnun ríkisins:

UM FJÖLGUN UMSÓKNA.

Reykjavík, 10. apríl 1984.

Alþingi,
Félagsmálanefnd neðri deildar,
Hr. formaður Þorsteinn Pálsson,
Alþingishúsinu við Austurvöll,
Reykjavík.

Í bréfi yðar, dags. 3. apríl s. l., er óskað eftir upplýsingum um það, „hvort forsendur og/eða niðurstöður“ í bréfi stofnunarinnar til yðar, hinn 16. febrúar s. l., hafi breyst og þá hvernig. Af því tilefni skal yður hér með skýrt frá því að breytingar hafa orðið á þann veg sem hér greinir:

I. Byggingarsjóður ríkisins.

Umsóknum um íbúðarlán hefur fjölgað verulega frá því að ofangreint bréf var ritað. Hefur sú fjölgun orðið á þennan veg:

a. Til viðbótar 450 umsóknum um nýbyggingarlán sem bárust frá einstaklingum fyrir 1. febrúar s. l., hafa borist 200 umsóknir í febrúar og mars. Hafa því samtals borist 650 slíkar umsóknir á fyrsta fjórðungi þessa árs. Hér er um að ræða talsverða fjölgun frá því sem búist hafði verið við.
b. Nú liggur fyrir að á fyrsta fjórðungi ársins, fram að eindaganum 1. apríl s. l., hafa borist 1100 umsóknir um lán til kaupa á eldri íbúðum (s.k. G-lán). Þetta er veruleg aukning frá því sem reiknað hafði verið með í áætlunum ársins þar sem gert hafði verið ráð fyrir um 700 umsóknum á fyrsta fjórðungi þess.
c. Lokatölur koma nú í stað bráðabirgðatalna fyrir árið 1983 í töflu nr. 3 um veitt lán (fjöldi íbúða) s. l. 3 ár, efst á bls. 3 í ofangreindu bréfi frá 16. febrúar s. l. Þannig breytt verður taflan þá á þessa leið:

3. Veitt lán (fjöldi íbúða) s. l. 3 ár.

a. Byggingarsjóður ríkisins:

Fjöldi íbúða	1981	1982	1983
Nýbyggingar (frumlán)	1072	1182	1087
Eldri íbúðir	2183	2132	1895
Leiguíbúðir fyrir aldraða (konverteringar)	6	4	28
Viðbyggingar og endurbætur	159	369	252
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði	33	30	21
Einstaklinga með sérþarfir	73	71	28
Orkusparandi breytingar	189	104	70
Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar)	60	193	167
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar)	138	130	48
Verkamannabústaðir (konverteringar)	36		
Samtals	3949	4215	3596

II. Byggingarsjóður verkamanna.

Að því er varðar Byggingarsjóð verkamanna hafa neðangreindar breytingar orðið frá ofangreindu bréfi stofnunarinnar:

a. Í lið „b. Byggingarsjóður verkamanna", á bls. 2 í bréfinu frá 16. febrúar s. l. segir m. a. að ekki hafi verið „tekið tillit til sjóðsstöðu um s.l. áramót sem var neikvæð um 38 milljónir króna". Nú er komið í ljós, að hin neikvæða sjóðsstaða um s. l. áramót var 44 milljónir króna.

b. Dálkur sá sem ber heitið „Bráðabirgðatölur 1983" í töflunni „b. Byggingarsjóður verkamanna" á bls. 3 í ofangreinu bréfi frá 16. febrúar s. l. á að falla út og annar að koma í staðinn. Þannig breytt verður taflan þá á þessa leið:

b. Byggingarsjóður verkamanna:

Fjöldi íbúða	1981	1982	1983
Nýbyggingar	205	304	326
Endursöluíbúðir	176	177	156
Samtals	381	481	482

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Sigurður E. Guðmundsson.

Fylgiskjal VI.

UM SKYLDUSPARNAÐ.

Reykjavík, 24. apríl 1984.

Félagsmálanefnd,
neðri deildar Alþingis,
Hr. formaður Þorsteinn Pálsson,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 11. apríl s. l. kom staða innlánsdeildar Byggingarsjóðs ríkisins (skyldusparnaður unga fólksins) nokkuð til umræðu. Greint var frá nýjum upplýsingum sem borist höfðu frá veðdeild Landsbanka Íslands og málin rædd m. a. á grundvelli þeirra. Stjórnin taldi að þar sem nú eru um tveir mánuðir liðnir frá því hún sendi yður umsögn sína um fyrirliggjandi frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins væri rétt að vekja athygli yðar á þeim nýju upplýsingum sem fyrir liggja um stöðu innlánsdeildarinnar, þeim viðhorfum sem fyrir hendi eru á því sviði og hverjar hugmyndir eru m. a. uppi um breytta framkvæmd skyldusparnaðarins. Væntir hún síðan þess að þetta verði yður tilefni til gaumgæfilegrar athugunar á VII. kafla fyrirliggjandi frumvarps um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Með bréfi þessu fylgja yfirlit, bæði um hreyfingar skyldusparnaðarfjár á árunum 1983 og 1984 sem og um endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár í samræmi við heimildir í gildandi lögum. Skal nú gera þeim atriðum nokkur skil.

Hreyfingar skyldusparnaðar á árinu 1983 eru m. a. eftirtektarverðar fyrir þá sök að í öllum mánuðum þess árs nema útborganir lægri fjárhæðum en innborganir, að einum mánuði undanteknum. Jafnframt er athyglisvert að innborganir aukast mjög sumarmánuðina og má vafalaust rekja til sumarvinnu skólafólks. Slík þróun er að sjálfsögðu stórlega hagstæð fyrir Byggingarsjóðinn.

Að því er varðar fyrstu mánuði þessa árs er eftirtektarvert að útborgunarfjárhæðir í janúar og febrúar s. l. mega heita tvöfalt hærri en innborgunarfjárhæð hvors mánaðar um sig. Í því sambandi verður þó að geta þess að útborganir í janúar eru ætíð mjög háar m. a. sakir þess að þá sækja þeir greiðslur sínar sem orðið hafa 25 ára árið á undan. Að öðru leyti er athyglisvert að mánaðarlegar útborganir hafa á tímabilinu janúar – mars s. l. dregist saman um nær þriðjung og nýjustu upplýsingar benda til að sú þróun haldi áfram.

Bæði þess ár gildir hið sama, að fjöldi útborgana er ámóta frá mánuði til mánaðar en dregst þó verulega saman yfir sumarmánuðina. Jafnframt er ljóst að þær eru að fjölda til aðeins lítill hluti miðað við fjölda innborgana.

Að því er varðar framkvæmd skyldusparnaðarins gæti ef til vill verið til bóta að stofnunin hefði frjálsari hendur en nú er, skv. gildandi lögum, til þess að haga henni á þann veg sem hagkvæmast þykir hverju sinni. Núverandi fyrirkomulag, þar sem framkvæmd hans er njörvuð niður með lögum í ef til vill of miklum smáatriðum, hefur ekki gefist vel að öllu leyti. Því hlýtur að koma til álita að í löggjöfinni komi einkum fram meginlínurnar en síðan verði nánar kveðið á um það í reglugerð hvernig að framkvæmdinni skuli staðið. Að öðru leyti liggur ljóst fyrir að brýna nauðsyn ber til að styrkja mjög framkvæmd sparnaðarins, enda er unnið að því nú, m. a. á grundvelli skýrslu frá Hagvangi hf. sem fenginn var til að gera tillögur um breytta og bætta tilhögun þessara mála. Í tengslum við það er rétt að eftirfarandi komi fram:

a) Endurgreiðsluheimildir skv. c-lið 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. núgildandi reglugerðar, nr. 193/1983, hafa haft í för með sér mjög háar endurgreiðslur, þegar á allt er litið. Flestar þessar heimildir eru aðeins fárra ára gamlar og auk þess í höndum annarra aðila en þessarar stofnunar þótt hún eigi að bera ábyrgð á innlánsdeildinni og framkvæmd skyldusparnaðarins.

b) Brýnt er að tryggja það betur en nú er gert að örugglega rétt vottorð liggi fyrir þegar óskað er eftir endurgreiðslu skyldusparnaðarfjár. Er nú unnið að endurbótum á því.

c) Til álita hlýtur að koma að stofnunin áskilji að sparifjáreigendur segi upp innlánsreikningum sínum með t. d. 4–5 daga fyrirvara, eins og altítt mun vera í öðrum innlánsdeildum þegar svipað stendur á, í stað þess sem nú er að inneignir á þeim eru greiddar fyrirvaralaust.

Þetta eru nokkur þau atriði sem nú er unnið að athugun á, jafnframt því sem á ýmsan annan hátt er unnið að styrkingu sparnaðarins um þessar mundir.

Þessu máli er hér með komið á framfæri við yður. Jafnframt skal yður tjáð að stofnunin er að sjálfsögðu reiðubúin til að veita yður allar nánari upplýsingar eftir því, sem um verður beðið.

Með virðingu.
Sigurður E. Guðmundsson.

Viðaukar:

1. Hreyfingar skyldusparnaðarfjár á árinu 1983 og 1984, dags. 19. apríl 1984.
2. Endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár á fyrstu 3 mánuðum áranna 1983 og 1984, dags. 19. apríl 1984.
3. Sundurliðun innstæðu sparifjár eftir aldri, dags. 31 des. 1982.

Viðauki 1.

Hreyfingar skyldusparnaðarfjár í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1983.

	Innborganir	Fjöldi	Útborganir	Fjöldi	Saldó kr. 553 941 161,56
Janúar	34 716 093,05	54 707	27 999 969,02	2 807	551 476 800,65
Febrúar	46 921 529,25	53 706	30 351 539,83	2 963	568 046 790,07
Mars	48 481 780,28	53 122	24 735 944,39	2 501	591 792 625,96
Apríl	58 159 915,48	53 581	13 584 899,10	1 937	631 367 642,34
Maí	66 214 439,00	54 143	23 184 623,25	1 692	674 365 092,39
Júní	85 946 091,92	62 339	23 807 579,46	1 405	736 535 971,25
Júlí	79 721 626,18	68 183	23 046 913,66	1 317	793 210 683,77
Ágúst	86 562 074,72	69 793	26 536 453,63	1 424	853 203 938,46
September	108 514 936,48	63 899	38 335 750,81	2 761	923 415 490,53
Október	42 318 709,00	59 413	49 508 372,04	3 833	916 225 827,49
Nóvember	55 363 047,61	58 544	37 612 337,34	3 297	1 066 803 456,15
Desember	47 800 930,52	58 787	35 650 258,68	2 867	946 127 209,60
		710 217		28 804	
				+ Vextir	16 983 670,47
			Saldó 31. des. 1983:		963 110 880,07

Hreyfingar skyldusparnaðarfjár í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1984.

	Innborganir	Fjöldi	Útborganir	Fjöldi	Saldó kr. 763 110 880,07
Janúar	33 586 890,12	55 489	66 227 720,22	2 903	930 470 049,97
Febrúar	29 598 716,42	54 253	54 270 500,55	3 216	905 798 265,84
Mars	30 497 021,61	54 680	46 632 728,50	2 536	889 662 558,95

Viðauki 2.

Endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár.

Árið 1983. Janúar — Febrúar — Mars.

V/aldurs	kr. 24 265	þús.	28,21%
— hjúskapar	kr. 4 484	þús.	5,39%
— skólanáms	kr. 17 332	þús.	20,86%
— iðnnáms	kr. 889	þús.	1,07%
— fjárhagsbyrða	kr. 8 045	þús.	9,68%
— veikinda	kr. 321	þús.	0,38%
— ómegðar	kr. 3 827	þús.	4,60%
— andláts/brottfarar	kr. 666	þús.	0,81%
— kaupa á húsnæði	kr. 22 637	þús.	27,25%
— annars	kr. 606	þús.	0,73%
Samtals	kr. 83 072	þús.	

Endurgreiðslur skyldusparnaðarfjár.

Árið 1984. Janúar — Febrúar — Mars.

V/aldurs	kr. 41 923	þús.	25,08%
— hjúskapar	kr. 8 663	þús.	5,18%
— skólanáms	kr. 32 551	þús.	19,47%
— iðnnáms	kr. 1 960	þús.	1,16%
— fjárhagsbyrði	kr. 18 643	þús.	11,15%
— veikinda	kr. 876	þús.	0,54%
— ómegðar	kr. 9 569	þús.	5,72%
— andláts/brottfarar	kr. 1 176	þús.	0,70%
— kaupa á húsnæði	kr. 51 296	þús.	30,69%
— annars	kr. 472	þús.	0,28%
Samtals	kr. 167 128	þús.	

Viðauki 3.

Skyldusparnaður

Sundurliðun innstæðu eftir aldri 16–26 ára.

Aldur	Innstæða	Fjöldi	Fjöldi í hreyfingu 1982
15 ára og yngri	173 362,81	109	95
16 ára	7 184 819,69	1 654	1 638
17 ára	30 548 401,63	3 391	3 269
18 ára	51 275 327,74	3 849	3 342
19 ára	66 895 819,16	4 061	3 384
20 ára	72 654 508,85	4 017	3 151
21 árs	71 474 961,27	3 731	2 732
22 ára	62 551 090,82	3 650	2 487
23 ára	57 521 764,91	3 368	2 127
24 ára	47 529 323,19	2 814	1 688
25 ára	41 046 964,76	2 515	1 447
26 ára	22 231 334,27	2 024	1 191
27 ára og eldri	10 528 988,71	4 796	1 196
Annað	3 144 008,81	794	385
Samtals	544 760 676,62	40 773	28 132

Fylgiskjal VII.

Ýmsar upplýsingar um Byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Frá Húsnæðisstofnun ríkisins skv. spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur.

Fjöldi íbúa sem veitt var lán til árin 1976–1983.

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Nýbyggingar (frumlán)	1515	1823	1833	1687	1665	1072	1182	1087
Eldri íbúðir	783	1346	1897	2408	2044	2183	2132	1895
Íbúðir fyrir aldraða og öryrkja, (konverteringar)	12		106	314	57	6	4	28
Viðbyggingar og endurbætur						159	369	252
Heilsuspillandi húsnæði	8	29	43	49	46	33	30	21
Einstaklingar með sérþarfir						73	71	28
Orkusparandi breytingar						189	104	70
Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar)	26	3	177	188	242	60	193	167
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar)	98	87	91	129	145	138	130	48
Verkamannabústaðir (konverteringar)	175	182	81	32	202	36		
Framkvæmdanefndaríbúðir (konverteringar)			50					
Samtals fjöldi íbúða	2617	3470	4278	4854	4401	3949	4215	3596

Fram til ársins 1976 er ekki fyrir hendi sambærileg flokkun lána. Fyrir árin 1974 og 1975 eru til upplýsingar um fjölda nýbyggingarlána (frumlán), lána vegna kaupa á notuðum íbúðum og til nýbygginga í stað heilsuspillandi húsnæðis:

	1974	1975
Nýbyggingarlán, frumlán	2003	1590
Eldri íbúðir	408	847
Heilsuspillandi húsnæði	54	63

Varðandi nýbyggingarlán vegna verkamannabústaða úr Byggingarsjóði verkamanna vísast til Ársskýrslu Húsnæðisstofnunar ríkisins 1982, bls. 89–92 (Yfirlit um félagslegar íbúðabyggingar).

Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu 1971–1982[1]

	Byrjað á árinu		Fullgert á árinu		Í byggingu 31. des.	
	Fjöldi íbúða	þús m³	Fjöldi íbúða	þús m³	Fjöldi íbúða	þús m³
1971	1 833	677	1 362	544	3 510	1 416
1972	1 963	862	1 930	789	3 543	1 489
1973	3 377	1 346	2 220	888	4 672	1 935
1974	2 640	1 116	2 193	886	5 119	2 185
1975	2 261	992	2 068	874	5 312	2 303
1976	2 268	940	2 172	877	5 408	2 365
1977	1 980	924	2 300	1 005	5 088	2 285
1978	2 278	1 032	2 283	972	5 083	2 345
1979	1 932	955	2 045	925	4 970	2 375
1980	1 758	905	2 237	919	4 491	2 361
1981	1 648	815	1 623	782	4 516	2 394
1982	1 829	864	1 924	917	4 421	2 341
Þar af í fjölbýlishúsum[2]						
1971	919	270	574	169	1 337	406
1972	870	279	1 010	320	1 197	365
1973	1 501	443	824	242	1 874	566
1974	978	284	1 058	313	1 974	537
1975	977	328	900	287	1 871	578
1976	963	280	976	296	1 858	562
1977	816	260	941	310	1 733	512
1978	907	266	1 107	337	1 533	441
1979	626	199	695	210	1 464	430
1980	315	90	970	273	809	247
1981	445	133	362	107	892	273
1982	551	206	488	147	955	332

1) Upplýsingar um byggingarstarfsemina á öllu landinu 1983 liggja ekki fyrir en flest bendir til þess að nýbyggingar á síðastliðnu ári séu nálægt meðaltali áranna 1981 og 1982.
2) Sex eða fleiri íbúðir í húsi.

Innstreymi Byggingarsjóðs ríkisins 1971–1983.

(M. kr. á verðlagi ársins 1983.)

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Ríkissjóður	290.9	295.6	280.9	338.8	348.9	376.7	425.0	413.3	382.0	287.4	129.6	118.6	297.5[2]
Vísitölur	100	102	97	116	120	129	146	142	131	99	45	40	102
Skyldusparnaður	48.8	64.2	138.0	43.7	91.9	42.4	75.2	98.1	127.8	73.3	25.8	50.5	−8.4
Vísitölur	100	132	283	90	188	87	154	201	262	150	53	79	−17
Atvinnuleysis-tryggingasjóður	128.6	103.4	86.7	101.1	39.0	70.6	80.3	72.0	111.7	67.6	94.8	89.2	0.0
Vísitölur	100	80	67	79	30	55	62	56	87	53	74	69	0
Lífeyrissjóðir	27.0	73.7	29.1	117.1	185.5	172.4	134.0	142.8	256.2	322.2	331.1	219.4	267.7
Vísitölur	100	273	108	434	687	639	496	529	949	1193	1226	813	991
Afborganir, vextir, verðbætur	162.5	170.5	170.7	158.5	148.5	168.1	182.3	194.3	241.6	245.2	309.3	345.8	376.9
Vísitölur	100	105	105	98	91	103	112	120	149	151	190	213	232
Annað	8.1	17.0	18.5	19.8	11.9	9.7	19.1	10.7	14.5	31.4	126.1[1]	76.9	23.7
Vísitölur	100	209	228	244	147	119	236	132	179	388	1557	949	293
Samtals	665.9	724.4	723.9	779.0	825.7	839.9	915.9	931.2	1134	1027	1016	900.5	957.4
Vísitölur	100	109	109	117	124	126	138	140	170	154	153	135	144

1) Þar af 106.2 m. kr. lán frá Seðlabanka Íslands.
2) Þar af 150.0 m. kr. vegna sérstakra viðbótarlána.

Greiðsluyfirlit Byggingarsjóðs ríkisins 1977–1983.

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Í MILLJÓNUM KRÓNA Á VERÐLAGI HVERS ÁRS:							
1. Eigið framlag, nettó	8,3	12,8	23,8	34,9	55,7	76,8	129,0
2. Skyldusparnaður, nettó	5,5	10,7	20,4	18,2	9,7	29,3	−8,4
3. Framlag ríkissjóðs	31,2	45,1	61,0	71,3	48,8	69,7	297,5
4. Tekin lán	15,7	23,4	50,7	86,7	195,4	181,3	267,7
5. Uppruni=ráðstöfun	60,9	91,9	155,9	211,2	309,6	357,1	685,8
6. Útlán	61,6	89,5	149,4	215,5	287,3	393,1	692,0
7. Sjóðbreyting	−0,7	2,4	6,5	−4,3	22,3	−36,0	−6,2
HLUTFÖLL TEKNA AF RÁÐSTÖFUNARFÉ:							
1. Eigið framlag, nettó	13,9	13,9	15,3	16,5	18,0	21,5	17,8
2. Skyldusparnaður, nettó	9,1	11,6	13,1	8,6	3,1	8,2	
3. Framlag ríkissjóðs	51,2	49,0	39,1	33,8	15,8	19,5	43,4
4. Tekin lán	25,8	25,5	32,5	41,1	63,1	50,8	39,0
5. Ráðstöfunarfé	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Sjóðstreymi Byggingarsjóðs verkamanna

(M. kr.)

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Framlög ríkissjóðs	2,3	3,9	1,0	3,9	4,3	73,0	104,6
Vísitölur	100	131	22	60	43	475	436
Framlög sveitarfélaga[1]	1,2	3,7	3,9	6,0	8,1	12,3	20,0
Vísitölur	100	241	170	177	155	155	162
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	—	—	—	—	—	13,4	66,8
Vísitölur	—	—	—	—	—	100	320
Afborganir, vextir og verðbætur	1,2	1,5	2,1	3,3	—	3,1	9,5
Vísitölur	100	99	96	100	—	40	79
Annað	0,1	0,1	0,02	0,03	—	—	—
Vísitölur	100	52	10	13			
Samtals	4,7	9,2	7,1	13,2	12,4	101,8	200,9
Vísitölur	100	149	77	98	60	322	407

1) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ásamt beinum framlögum sveitarfélaga.

Nýbyggingar.

	Nýbygg-ingar	pr. 1000 íbúa	þar af í fjölbýli: fjöldi íbúða	%
1971	1362	6,6	574	42,1
1972	1930	9,2	1010	52,3
1973	2220	10,4	824	37,1
1974	2193	10,1	1058	48,2
1975	2068	9,4	900	43,5
1976	2172	9,8	976	44,9
1977	2300	10,3	941	40,9
1978	2283	10,2	1107	48,5
1979	2045	9,0	695	34,0
1980	2217	9,8	970	43,8
1981	1623	7,0	362	22,3
1982	1924	8,2	488	25,4

Staðalíbúðir

Staðalíbúðir voru ekki teknar upp sem viðmiðun við útreikninga nýbyggingarlána fyrr en frá og með árinu 1981. Viðmiðun við staðalíbúðir getur því aðeins náð aftur til þess árs. Því verður hér einnig notast við byggingarkostnað *vísitöluíbúðar* sem viðmiðun. Nýr vísitölugrundvöllur byggingarvísitölunnar tók gildi 1. október 1975 og byggði hann á upplýsingum allt frá árinu 1973. 1. mars 1983 tók enn á ný gildi nýr vísitölugrundvöllur byggingarvísitölu. Vísitöluíbúðin er því sýnd sem viðmiðun þann tíma er grundvöllur hennar hélst sá sami, þ. e. 10 ára tímabilið 1973–1982.

	Staðalíbúð			Vísitöluíbúð	
	Upphæð F-láns kr.[1]	Byggingar-kostnaður kr.	Láns-hlutfall %	Byggingar-kostnaður kr.	Láns-hlutfall %
1973	8 000			25 490	31,4
1974	10 600			37 810	28,0
1975	17 000			54 990	30,9
1976	23 000			63 580	36,2
1977	27 000			79 050	34,0
1978	36 000			117 000	30,8
1979	54 000			161 000	33,5
1980	80 000			263 000	30,4
1981	129 000	739 708	17,4	394 000	32,7
1982	205 000	1 056 111	19,4[2]	578 000	35,5
1983	389 000	2 003 890	19,4		

1) G. kr. umreiknaðar til nýkróna.
2) Frá og með 1. apríl 1982 voru opinber gjöld felld niður í verðútreikningi staðalíbúða og breyttist þá reiknað lánshlutfall úr 17.4% í 19.4%.

Fylgiskjal VIII.

BÚSETINN

Málgagn húsnæðissamvinnufélaga



Alexander Stefánsson, Jón Ásgeir, Jón Rúnar og Reynir.

Alexander Stefánsson, félagsmálaráðherra: Búseti fái lán

„Ég hef lagt áherslu á að opna leið inn í lánakerfið fyrir þetta form," sagði Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra á fundi með forsvarsmönnum Búseta 20. janúar síðastliðinn. „Þótt það hafi ekki verið útvegað fjármagn á fjárlögum 1984 til húsnæðissamvinnufélaga, á það ekki að hindra að þessu formi á uppbyggingu leiguhúsnæðis sé fundinn staður í húsnæðislánalöggjöfinni. Ég tel síður en svo útilokað að hægt sé að ná samkomulagi um túlkun á félagslegu húsnæði, þannig að það hugtak nái til húsnæðis á vegum Búseta."

„Félagsmálanefnd Alþingis mun eflaust leita eftir nánari útfærslu Búseta á þeim skilningi sem þar er lagður í „félagslegar byggingar". Eina athugasemdin sem ég hef gert við aðild húsnæðissamvinnufélaga að þessum lögum hefur verið sú, að núverandi túlkun laga um Byggingarsjóð verkamanna gerir ráð fyrir ákveðnum tekjumörkum hjá þeim sem fá úthlutað íbúðum, sem byggðar eru fyrir fjármagn úr þeim sjóði. Ef talsmenn Búseta reikna hins vegar með því að engin tekjumörk verði sett sem skilyrði fyrir úthlutun íbúða á vegum félagsins, þá samræmist sú túlkun einfaldlega ekki núgildandi lögum, né þeirri túlkun, sem ég álít að felist í framlögðu frumvarpi."

„Ég tel nauðsynlegt að tekinn sé af allur vafi á því, hver sé skilgreining félagslegs húsnæðis í lögum um Húsnæðisstofnun," sagði Alexander Stefánsson. „Ég hef fram til þessa lagt þann skilning í frumvarp til breytingar á þessum lögum, að Búseti tilheyri Byggingarsjóði verkamanna, að með c-lið 33. greinar frumvarpsins sé meðal annars átt við Búseta, það er að segja félagasamtök sem ætla að byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína, sem ekki hafa möguleika á að byggja eigin íbúðir."

„Ég vil á engan hátt draga úr mikilvægi verkamannabústaða – en ég lít ekki á búseturéttaríbúðir sem ógnun við það kerfi. Það fyrirkomulag er alveg nýtt og þarfnast *sérstakrar löggjafar til viðbótar* því að það sé tekið inn í húsnæðislánalöggjöfina. En ég vil endurtaka að ég álít nauðsynlegt, að áður en frumvarpið verður tekið til lokaumræðu á Alþingi, liggi fyrir ótvíræð túlkun á „félagslegum byggingum" og stöðu húsnæðissamvinnufélaga með hliðsjón af þeirri túlkun."

Eindreginn stuðningur verkalýðshreyfingarinnar

Verkalýðshreyfingin styður Búseta, ef marka má fund sem nýlega var haldinn í Hamragörðum með ýmsum forystumönnum verkalýðsfélaga.

Á fundinn, sem haldinn var 14. janúar síðastliðinn, mættu meðal annarra: Guðríður Elíasdóttir, formaður verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður starfsmannafélagsins Sóknar, Benedikt Davíðsson, formaður Sambands byggingamanna, Guðjón Jónsson, formaður Félags járniðnaðarmanna og varaformaður Stjórnar verkamannabústaða, og Guðmundur Þ. Jónsson, formaður Landssambands iðnverkafólks og varaformaður Iðju í Reykjavík.

Einhugur ríkti á fundinum um það að Búseti ætti að vera með í húsnæðislöggjöfinni og að tryggt yrði fjármagn til félagsins, sem fengi lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Fundarmenn lögðu áherslu á að lánahlutfall hjá Byggingarsjóði verkamanna yrði óskert, sjóðurinn fengi í það minnsta þriðjung lánsfjár til nýbygginga í landinu og að lögbinda þurfi vaxtahlutfall af húsnæðislánum.

Fundurinn með forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar stóð í rúmlega tvær klukkustundir, þarna voru mættir 20–25 manns og spunnust líflegar umræður um þessi sameiginlegu hagsmunamál húsnæðissamvinnufélaga og verkalýðsfélaga.

Reitur fyrir límmiða

Tekjumörk í Verkamannabústöðum

Við umsóknir um íbúðir í verkamannabústöðum í desember s.l. giltu þau tekjumörk, að meðaltekjur fjögurra manna fjölskyldu (hjóna með tvö börn) máttu ekki fara yfir kr. 166.000 að meðaltali fyrir árin 1980, 1981 og 1982. Þetta meðaltal miðast við verðlag hvers árs, en ekki verðlag eins og það var 1983.

Þetta hefur það í för með sér, að tekjumörkin eru í raun miklu hærri en virðist við fyrstu sýn.

Sé þetta meðaltal framreiknað til verðlags í janúar 1984 (miðað við vísitölu byggingarkostnaðar), þá reynast tekjumörk fjögurra manna fjölskyldu við umsókn um íbúð í verkamannabústöðum vera kr. 474.000 á ári, eða **kr. 39.500 á mánuði**.

Fylgiskjal IX.

VENJUR Á FASTEIGNAMARKAÐI OG ÞÝÐING HANS Í HÚSNÆÐISMÁLUM LANDSMANNA.

(Fasteignamat ríkisins, apríl 1984)

Samandregnar niðurstöður.

Helstu niðurstöður þessarar skýrslu eru dregnar saman hér á eftir í samanþjöppuðu formi.

Heildarvelta fasteignamarkaðarins var 6—7 milljarðar í fyrra. Útborgun var 4,5—5,2 milljarðar. Fjárþörf áætlast 2,5—3,0 milljarðar. Það er mjög hátt.

Sala íbúða er mjög ör. 5%—6% af öllum íbúðum eru seldar á ári. Í öðrum löndum fer 2%—3% nærri lagi.

Greiðslukjör eru mjög óhagstæð fyrir kaupendur. Útborgun er 75% hér en 10%—30% er algengt erlendis.

Óhagstæð greiðslukjör hafa mikil áhrif á lánsfjárþörf markaðarins í heild. Ef útborgun lækkar úr 75% í 50% jafngildir það 830 millj. kr. til kaupenda.

Vöntun á litlum íbúðum er áberandi. Verð þeirra er hátt og ekki eru teikn á lofti um meira framboð.

Hætta á offramboði á vissum flokkum íbúða er fyrir hendi ef sú þróun sem verið hefur í húsbyggingum heldur áfram. Við fjárfestum árlega hátt í 1,5 milljarði í það eitt að stækka húsnæði á hvert mannsbarn. Þegar eru 38 fermetrar á manninn.

Miklar verðsveiflur eru á verði íbúða. Frá 1982 til 1983 féll raunverð íbúða um fjórðung.

Fasteignamiðlun er heldur laus í böndum. Margir smáir aðilar fást við fasteignasölu. Samræmingu og festu vantar.

Breyttar forsendur á fasteignamarkaði undanfarin ár gera félitlu fólki mun erfiðara að kaupa en áður. Útborgun er nú 50% hærri en hún var síðast þegar verðbólgan í þjóðfélaginu var af sömu stærðargráðu og nú.

Erfiðleikar ungs fólks eru miklir og fara vaxandi. Há útborgun er mesti þröskuldurinn eins og er. Þegar frá líður munu verðtrygging og jákvæðir raunvextir þó hafa meiri áhrif.

Samkvæmt könnunum Fasteignamats ríkisins á kaupum og sölu íbúðarhúsnæðis er greinilegt að fasteignamarkaðurinn gegnir meira hlutverki í húsnæðismálum landsmanna en áður hefur komið fram.

Óhagstæð greiðslukjör á þessum markaði eru augsýnilega eitt mesta vandamál sem við er að glíma í húsnæðismálum hér á landi. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem koma fram í þessari skýrslu, mun það eitt að útborgunarhlutfall í fasteignaviðskiptum lækki í það horf,

sem það var fyrir rúmum áratug, hafa sömu áhrif fyrir kaupendur íbúðarhúsnæðis og að lánsfjárhæð hins opinbera lánakerfis til kaupa á eldra húsnæði verði rúmlega fimmfölduð.

Ef útborgunin færi niður í það horf sem er talið eðlilegt í nágrannalöndum okkar mundi það jafngilda meira en tíföldun opinberu lánanna.

Í þessari greinargerð er leitast við að draga saman helstu einkenni hins íslenska fasteignamarkaðar og lýsa þýðingu hans í húsnæðismálum landsmanna.

Heildarvelta 6—7 milljarðar.

Árið 1983 benda kannanir til að seldar hafi verið á landinu 4500—5000 íbúðir. Heildarsöluverð þeirra er talið vera 6000—7000 milljón krónur. Áætlað er að 4500—5200 millj. kr. hafi verið greiddar í útborgun.

Lánsþörf og eigið fé kaupenda er þó talið vera nokkru lægra, eða 2500—3000 milljón krónur. Ástæðan er sú að þegar fólk er að stækka við sig húsnæði leitast það við að láta þær greiðslur, sem það fær fyrir eldri íbúðina, ganga áfram upp í verð hinnar nýju.

Lán Byggingarsjóðs ríkisins til kaupa á notuðu húsnæði nema sennilega 5%—6% af þessari upphæð.

Fasteignamarkaðurinn hér á landi er hlutfallslega miklu fjármagnsfrekari en við þekkjum annars staðar. Orsakanna er fyrst og fremst að leita í mjög háu útborgunarhlutfalli. Þá eru fleiri íbúðir seldar hér miðað við fólksfjölda en í grannlöndum okkar.

Meira en tuttugasta hver íbúð er seld árlega.

Fasteignaviðskipti eru mjög lífleg hér á landi. 5%—6% af öllu notuðu húsnæði á landinu skiptir um eigendur árlega. Það jafngildir því að dæmigerð fjölskylda kaupi eða byggi íbúð þrisvar eða fjórum sinnum á „ævinni". Til samanburðar má nefna að í Svíþjóð er velta húsnæðis 2,5% af öllum íbúðum á ári. Það er líklega nokkuð dæmigert fyrir skandinavísku löndin og fleiri Evrópuríki.

Talið er að erfið greiðslukjör á fasteignamarkaði hér og takmarkaðir lánamöguleikar eigi stærstan þátt í hárri veltu hér.

Óhagstæð greiðslukjör.

Greiðslukjör eru afar óhagstæð fyrir kaupendur fasteigna. 75% söluverða eru greidd í útborgun. Eftirstöðvarnar eru annaðhvort yfirtekin lán eða lán sem seljandi veitir. Lán seljenda eru allt að 25% þegar íbúðir eru seldar skuldlausar. Þau eru almennt óverðtryggð, greiðast á fjórum árum og bera 20% ársvexti. Þessi kjör eru gjörólík því sem við þekkjum í öðrum löndum. Erlendis er útborgun almennt 10%—30% af söluverði þegar íbúðarhús eiga í hlut. Lán eru einnig veitt til lengri tíma. 20 til 40 ára lán þekkjast.

Sem dæmi um þann mun, sem er á greiðslukjörum hér og annars staðar, má bera saman „meðalkjör" í Reykjavík í árslok 1983 og tilsvarandi kjör í Danmörku 1981 en þau eru svipuð enn.

	Ísland	Danmörk
Útborgun	75%	10%
Yfirtekin lán	10%	55%
Lán seljanda	15%	35%
Heildarverð	100%	100%

Þessi samanburður sýnir að kaupendur fasteigna hér þurfa margfalt meira reiðufé til að geta tryggt sér íbúð en í Danmörku. Útborgun í tveggja herbergja íbúð í Reykjavík er til dæmis nálægt 950 þúsund krónur en útborgun í 150 fermetra einbýlishús í Danmörku (Khöfn) var nálægt 300 þús. ísl. kr. samkvæmt fasteignaauglýsingum í febrúar.

Samkvæmt því er samanlögð útborgun í þremur einbýlishúsum í Danmörku ekki hærri en útborgun í 55 fermetra íbúð í Reykjavík.

Þessi óhagstæðu greiðslukjör eru tiltölulega nýtilkomin. Árin 1960—1970 var útborgun 50% af söluverði íbúðarhúsa. Eftirstöðvarnar voru þá lánaðar til 10 ára og báru innlánsvexti á bankabókum. Þessi kjör hafa sennilega gilt frá stríðsárum eða lengur. Um 1970 voru vextir 8% en lánið var til 10 ára og nam allt að 50% af söluverði. Upp úr því fer útborgun að hækka og greiðslutími lánsins að styttast jafnhliða því að það lækkar. 1977 er útborgunin komin upp í 65%. Eftirstöðvar voru lánaðar til 8 ára með 12% ársvöxtum. 1979 var útborgunin komin í 75% eins og hún er enn. Lánið var þá komið niður í 5 ár og vextir voru 18%. Þessi kjör eru sem næst þau sömu og nú eru. Þróunina má lesa úr töflunni hér að neðan.

Ár	Útborgun	Eftirstöðvar	Lánstími	Vextir
1960	50%	50%	10 ár	6%
1970	50%	50%	10 ár	8%
1977	65%	35%	8 ár	12%
1979	75%	25%	5 ár	18%
1984	75%	25%	4 ár	20%

Áhrif óhagstæðra greiðslukjara.

Bein afleiðing hárrar útborgunar er óvenjulega mikil þörf kaupenda fyrir lánsfjármagn. Ef útborgunin lækkar minnkar þessi þörf. Lækkun útborgunarhlutfalls jafngildir því beinu peningaláni til kaupenda íbúðarhúsnæðis. Ef útborgunin væri þannig lækkuð niður í 50% eins og hún var fyrir rúmum áratug jafngilti það 830 milljón króna láni til kaupenda. Það er meira en fjórföld upphæð allra G-lána árið 1983. Þetta er athyglisverður samanburður því að útborgunin hefur lengst af verið 50% hér á landi eins og sést að framan.

Í töflunni hér á eftir má lesa yfirlit um jafngildi þeirra lána sem fengjust með breyttum greiðslukjörum. Upphæðirnar eru áætlaðar af Fasteignamati ríkisins. Upphæðir eru á verðlagi 1983.

75% útborgun jafngildir engu láni
65% útborgun jafngildir 330 milljón króna láni
50% útborgun jafngildir 830 milljón króna láni
40% útborgun jafngildir 1170 milljón króna láni
25% útborgun jafngildir 1670 milljón króna láni
10% útborgun jafngildir 2170 milljón króna láni

Árin 1977—1979 hækkaði útborgun úr 65% í 75%. Við þá breytingu eina hefur lánsþörf kaupenda aukist um 330 millj. kr. Það er allt að því tvöföld upphæð G-lána 1983.

Af þessu dæmi má glögglega sjá hversu mikilvægur þáttur greiðslukjörin eru þegar litið er á fjármögnunarþátt fasteignamarkaðarins.

Á sama hátt má benda á þá breytingu á lánsfjárþörf sem orðið hefur á síðasta áratug. Heildarfjárþörf markaðarins er hér að framan talin 2500—3000 milljónir. Ef sú upphæð er borin saman við síðustu töflu sést að ef sömu greiðslukjör giltu hér og í Danmörku væri fjárþörfin ekki nema 800 milljónir í hæsta lagi.

Vöntun á litlum íbúðum.

Undanfarin ár hefur verið nokkuð greinileg aukning í eftirspurn eftir einstaklingsíbúðum og tveggja herbergja íbúðum. Svo er að sjá að markaðurinn hafi að mestu náð að fullnægja eftirspurninni fram til ársins 1982. Í fyrra var hins vegar augljós skortur á þessari stærð íbúða.

Söluverð litlu íbúðanna var af þessum sökum talsvert hærra en verð stærri eigna þegar miðað er við verð á fermetra. Hver fermetri í litlu íbúðunum kostaði oftast 12% meira en fermetrinn í fjögurra herbergja íbúð. Mestur varð munurinn 16% í ágúst. Svo mikill munur hefur ekki verið síðustu ár. Sem dæmi má nefna að þessi munur hafði fyrir 1983 ekki farið yfir 10% nema örfáa mánuði þann tíma sem sölukannanir FMR ná til.

Í næstu töflu er sýnt hlutfall lítilla íbúða af öllum íbúðum sem voru seldar á hverju ári í Reykjavík árin 1979—1983.

1979 voru litlar íbúðir 27% af seldum íbúðum
1980 voru litlar íbúðir 29% af seldum íbúðum
1981 voru litlar íbúðir 32% af seldum íbúðum
1982 voru litlar íbúðir 32% af seldum íbúðum
1983 voru litlar íbúðir 29% af seldum íbúðum
(Íbúðir af þessari stærð eru liðlega 20% af öllum íbúðum)

Hlutfallið fer vaxandi fyrstu árin en fellur 1983 vegna of lítils framboðs að því er FMR telur. Orsakir aukinnar eftirspurnar virðast vera nokkuð margar. Þær helstu eru taldar hér á eftir.

Meðal ástæðna fyrir **aukinni eftirspurn** má telja þessar:

— Minnkandi fjölskyldustærð í þjóðfélaginu.
— Stórir árgangar af ungu fólki eru að koma út á fasteignamarkaðinn. Þetta fólk ræður almennt ekki við að kaupa stærri íbúðir vegna hinnar háu útborgunar.
— Eldra fólki, sem vill minnka við sig húsnæði, fjölgar.
— Hjónaskilnuðum fjölgar og um leið fólki sem þarf að fá íbúð tímabundið.
— Meðal annarra þátta má nefna almennt auknar húsnæðiskröfur. Einstaklingum fjölgar og fólk sem áður bjó hjá skyldfólki eða leigði herbergi þarf nú litla íbúð.

Meðal ástæðna sem **draga úr framboði** má nefna:

— Lítið er byggt af litlum íbúðum.
— Fólk er lengur að komast yfir kaup lítilla íbúða en var á tímum neikvæðra raunvaxta. Af þeim sökum lengist sá tími sem líður á milli þess að þær komi í endursölu.

Hætta á offramboði.


Íslendingar búa mjög rúmt. Nú hefur hver íbúi 38 fermetra af gólffleti í íbúðarhúsnæði fyrir sig. Þá er sameign í fjölbýlishúsum ekki talin með. 2,9 Íslendingar búa til jafnaðar í hverri íbúð. Það jafngildir því að hver landsmaður hafi heilt herbergi fyrir sig og deili auk þess stofu, eldhúsi og baðherbergi með tveimur öðrum.

Húsnæði á mann hefur stækkað um nær þriðjung á síðasta áratug. Það heldur enn áfram að stækka um rúmlega 1% á ári.

Með sama áframhaldi mun gólfflötur á mann fara upp í 42—45 fermetra á næsta áratug. Þá verða 2,5—2,6 íbúar í hverri íbúð til jafnaðar. Þessar húsbyggingar samsvara því að við byggjum á ári hverju 40 fermetra fyrir alla „nýja“ Íslendinga og að auki hús með gólffleti sem gæti rúmað alla landsmenn.

Það eitt að stækka húsnæði á hvert mannsbarn kostar 1400—1500 milljónir kr. á ári lauslega áætlað. (Apríl 1984).

Þær íbúðir, sem eru byggðar, hafa farið stækkandi undanfarin ár. Í línuritinu hér á eftir sést þróunin vel. Hún sýnir meðalstærð nýbyggðra íbúða síðustu ár.




Þessi aukning húsnæðis skapar umtalsverða hættu á því að offramboð verði á vissum hópum íbúða. Það mun síðan valda verðfalli á þessum eignum. Sérstaklega er áberandi að stækkun nýbyggðra íbúða gengur á móti aukinni eftirspurn eftir litlum íbúðum.


Miklar verðsveiflur.

Á íslenska fasteignamarkaðinum eru miklar verðsveiflur. Kannanir FMR ná yfir tæplega tveggja áratuga tímabil. Á þeim tíma hafa breytingar verið miklar. Í næstu tveimur línuritum, sem tekin eru úr ársskýrslum stofnunarinnar, sjást verðsveiflurnar vel.

Fyrri myndin sýnir verðþróun á 15 ára tímabili 1966—1980. Hún sýnir meðalverð fjölbýlishúsa í Reykjavík á hverju ári. Reiknað er á föstu verðlagi og meðalverð hvers árs sýnt. Síðari myndin sýnir verðþróun í einstökum ársfjórðungum árin 1975—1980, einnig á föstu verðlagi.



Mestu breytingar, sem FMR hefur mælt, voru frá ágúst 1982 til ágúst 1983. Verð íbúða í fjölbýlishúsum í Reykjavík féll þá um nálega fjórða hluta söluverðs reiknað á föstu verðlagi. Myndin hér á eftir sýnir þessa þróun.



Fasteignamiðlun.

Sennilega annast 80—100 aðilar fasteignamiðlun á landinu. Af þeim starfa 50—60 á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar tekið er tillit til þess að fasteignasalar annast ekki miðlun allra þeirra eigna sem ganga kaupum og sölum er ljóst að umsvif einstakra fyrirtækja eru almennt ekki mikil. Breytingar eru talsvert örar. Til dæmis hafa a. m. k. fimm nýjar fasteignasölur verið stofnaðar á síðasta hálfu ári. Árið 1983 sendu tæplega 50 fasteignasölur 4000 samninga til FMR. Það eru minna en 80 samningar á hverja þeirra. Engin fasteignasala hefur stærri hlutdeild en nemur 6%—7% af öllum markaðinum.

Fasteignasalar hafa til skamms tíma ekki haft formleg samtök sín á milli. Í febrúar s. l. voru slík samtök stofnuð. Félagar eru sennilega rúmlega 20. Sennilega má rekja það til samtakaleysis að ýmsislegs misræmis hefur gætt við frágang samninga og aðra starfshætti. Sem dæmi um það má nefna að reglur um uppgjör áhvílandi lána eru nokkuð á reiki og að við núvirðingu áhvílandi lána og útgefinna skuldabréfa er ekki heldur stuðst við samræmdar reglur. Venjur á markaðinum eru ekki skráðar hjá öðrum en Fasteignamatinu og ekki er til opinber skráning á gengi skuldabréfa.

Að mati FMR er nauðsynlegt að koma betri reglu á þær aðferðir sem notaðar eru í fasteignaviðskiptum. Því er ekki að neita að nokkurrar andstöðu hefur gætt meðal ýmissa aðila sem stunda fasteignasölu gegn stöðlun, samræmingu og opinberum afskiptum af þessum markaði. Til dæmis eru enn starfandi nokkrar fasteignasölur sem neita að hlýða þeirri lagaskyldu að senda afrit af kaupsamningum sem þeir ganga frá til FMR.

Breyttar forsendur á fasteignamarkaði.

Með verðtryggingu lána breyttust forsendur fyrir kaupum og sölu íbúðarhúsnæðis. Vextir af lánum eru almennt taldir hafa mikil áhrif á verð og kaupgetu. Árið 1980 hófst verðtrygging flestra þeirra lána, sem vega þyngst í fasteignaviðskiptum. Það jafngilti hækkun raunvaxta. Afleiðingar verðtryggingarinnar komu þó ekki fram næstu tvö til þrjú ár. Verð fasteigna hækkaði á þessum tíma meira en lánskjaravísitala. Fólk, sem keypti stærri íbúðir en það réði við, gat því selt þær aftur án þess að bíða fjárhagslegan skaða.

Frá haustmánuðum 1983 hefur verðbólga verið mjög lítil. Verðbólgulækkunin hefur í för með sér hækkun á raunvirði fasteigna þó að heildarverð í krónum breytist ekki. Greiðslubyrði af óverðtryggðum lánum þyngist einnig.

Almennt má segja að þau kjör, sem kaupendum fasteigna séu boðin nú, séu einkar erfið fyrir fólk sem er að kaupa sína fyrstu íbúð. **Útborgun er til dæmis 50% hærri en hún var þegar verðbólga var síðast svipuð því sem hún er nú. Lán fyrir eftirstöðvum bera þrefalt hærri vexti og greiðast á 60% skemmri tíma en þá tíðkaðist.** Ætla má að þetta sé einkum erfitt fyrir ungt fólk.

Erfiðleikar ungs fólks.

Ef núverandi greiðslukjör haldast mun ungt fólk, sem er að koma út á fasteignamarkaðinn, eiga í sífellt meiri erfiðleikum með að kaupa sér íbúð. Þetta er mjög alvarlegt mál því að þeir árgangar fólks sem vænta má að þurfi að finna sér húsnæði á næstu árum eru þeir stærstu í sögu þjóðarinnar. Unga fólkið þarf að greiða það háa útborgun að það getur einungis keypt minnstu íbúðirnar. Í þær er þó ásóknin mest fyrir. Með því að færa útborgunina niður má gefa þessu fólki kost á að kaupa stærri eignir.

Til þess að gefa hugmynd um áhrif útborgunar fyrir unga kaupendur má lýsa því hversu stóra íbúð þeir gætu fengið fyrir útborgun sem nægir þeim nú fyrir tveggja herbergja íbúð (mars 1984).

Ef útborgunin er 75% geta þeir keypt	2 herb.	55 ferm. íbúð
Ef útborgunin er 65% geta þeir keypt	3 herb.	70 ferm. íbúð
Ef útborgunin er 50% geta þeir keypt	4 herb.	100 ferm. íbúð
Ef útborgunin er 40% geta þeir keypt	sérhæð	125 ferm. íbúð
Ef útborgunin er 25% geta þeir keypt	raðhúð	170 ferm. íbúð

Útborgunin ein er þó ekki ráðandi um kaupgetu. Lánstími og raunvextir hafa þar mikil áhrif. Áhrif vaxtanna eru miklu meiri en flestir átta sig á í fljótu bragði.

Næsta tafla sýnir áhrif raunvaxta á kaupgetu þess manns sem þarf að fá allt verð íbúðar að láni. Hún sýnir þær lágmarkstekjur sem kaupandi þarf að hafa til að geta keypt mismunandi stærðir íbúða. Miðað er við lán til 25 ára í öllum tilfellum.

Íbúðarstærð	Raunvextir −1%	0%	3%	5%
Einstaklingsíbúð 40 ferm.	8 þús.	10 þús.	18 þús.	25 þús.
2 herbergja 55 ferm.	9 þús.	13 þús.	22 þús.	28 þús.
3 herbergja 75 ferm.	11 þús.	15 þús.	26 þús.	33 þús.
4 herbergja 100 ferm.	14 þús.	19 þús.	33 þús.	42 þús.
Sérhæð 125 ferm.	17 þús.	22 þús.	39 þús.	50 þús.
Raðhús 150 ferm.	24 þús.	32 þús.	56 þús.	72 þús.

Þessi tafla er athyglisverð fyrir þá sök að við gerð hennar er kaupgetan reiknuð eftir sömu reglum og bankar og lánastofnanir erlendis nota almennt við að meta greiðslugetu lántakanda þegar um lán til íbúðarkaupa er að ræða. Lánsupphæðin er miðuð við að afborganir og vextir séu samanlagt ekki hærri en 25%—30% af brúttótekjum lántakanda. Þessi regla er til dæmis ráðandi í Bandaríkjunum og Kanada og mörgum Evrópulöndum að sögn.

Kaupgeta miðað við 3% raunvexti er sennilega lýsandi fyrir núverandi ástand en kaupgeta miðað við −1% vexti lýsir ef til vill ástandinu 1979. **Munurinn er ótrúlega mikill. Fjölskylda, sem gat greitt af raðhúsi árið 1979, gæti tæpast ráðið við þriggja herbergja íbúð nú 1984.** Allur munurinn stafar af hækkandi vöxtum. Af þessu dæmi má ráða að það unga fólk, sem er með tvær hendur tómar og þarf að koma sér upp húsnæði nú, er langtum verr sett en þeir sem keyptu eða byggðu á síðasta áratug.

Nd. 691. Breytingartillögur. [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Svavari Gestssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Markmið laganna er:
   — að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum.
   — að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að tryggja fólki öruggt húsnæði.
   — að leggja áherslu á félagslegar aðgerðir í þessu skyni meðal annars með byggingu leiguhúsnæðis, verkamannabústöðum, húsnæðissamvinnufélögum, byggingasamvinnufélögum og öðrum aðgerðum eftir því sem fjárráð Húsnæðisstofnunar og annarra lánaaðila leyfa hverju sinni.

2. Á eftir 1. gr. komi ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:
   Lögin skiptast í þessa meginþætti:
   1. Ákvæði um Byggingarsjóð ríkisins.
   2. Ákvæði um Húsnæðissamvinnufélög.
   3. Ákvæði um byggingasamvinnufélög.
   4. Ákvæði um Byggingarsjóð verkamanna.
   5. Ákvæði um íbúðalán utan Húsnæðisstofnunar.
   6. Ákvæði um tækniþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins.
   7. Önnur almenn ákvæði.

3. 3. gr. orðist svo:
   Húsnæðisstofnun starfar sem ein heild en skiptist í deildir sem hér segir:
   Deild fyrir almenn íbúðalán sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.
   Deild fyrir félagslegar íbúðabyggingar, þar sem fjallað er um húsnæðissamvinnufélög og málefni Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar úr honum.
   Tæknideild sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.
   Rekstrarbókhald stofnunarinnar er unnið á vegum ríkisbókhaldsins.

4. 9. gr. orðist svo:
   Fjár til Byggingarsjóðs ríkisins skal aflað sem hér segir:
   1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.

2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár. Alþingi ákveður heildarútlán Húsnæðisstofnunar með afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ríkissjóður tryggir lánsfé Atvinnuleysistryggingasjóðs ef greiðslugeta sjóðsins brestur.
4. Með sölu á skuldabréfum til lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna sem nemi 30% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna ár hvert. Byggingarsjóður ríkisins fær þá í sinn hlut það sem eftir er þegar tryggt hefur verið að Byggingarsjóður verkamanna hafi fjármagn til þess að byggja þriðjung íbúða í verkamannabústaðakerfinu sbr. 34. gr.
5. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VII. kafla þessara laga.
6. Með sölu skuldabréfa á almennum markaði.

5. 10. gr. orðist svo:
Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabankans.
Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta fer fram í almennum lánastofnunum og er lánastofnunum skylt að annast alla milligöngu um húsnæðislánin fyrir þóknun sem ákveðin er af ríkisstjórninni.

6. Við 11. gr. 9. tl. 1. mgr. orðist svo:
Lán til byggingasamvinnufélaga og viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

7. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:
Umsókn um lán til bygginga leiguíbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila skv. niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið skulu eftir því sem kostur er beita sér fyrir samstarfi Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. l. nr. 49/1981, og Húsnæðisstofnunar um lánveitingar og framkvæmdaáætlanir. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytisins. Er það skilyrði lánveitingar samkvæmt þessari grein að umsagnir ráðuneytanna séu jákvæðar, þannig að skýrt komi fram að um bein meðmæli sé að ræða.

8. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Fjárhæð láns má nema allt að 80% endurbótakostnaðar, enda tryggi ríkisstjórnin fjármagn fyrir að minnsta kosti helmingi kostnaðar við þennan lánaflokk með sérstökum aðgerðum til orkusparnaðar. Lán skv. þessari grein má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

9. Við 30. gr. 2. mgr. orðist svo:
Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Þó skal aldrei taka vexti af lánum skv. 5. og 6. tl. 11. gr. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

10. 31. gr. orðist svo:
Þegar fjárlög hafa verið afgreidd er gengið frá greiðsluáætlun ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins fyrir hvern mánuð ársins. Þá ákveður ráðherra lánahlutföll lánaflokka þar sem það á við.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli lánaflokka innan ársins, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Húsnæðismálastjórn gerir tillögu til ráðherra um skiptingu fjárins á einstaka lánaflokka skv. 11. gr.

Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að fengnu samþykki félagsmálaráðherra að ákveða hærra hlutfall og lengri lánstíma handa þeim sem eru að eignast fyrstu íbúð sína og að lækka lán til þeirra sem hafa fengið lán tvisvar eða oftar áður.

11. Við 33. gr. Aftan við c-lið bætist: Húsnæðissamvinnufélög geta fengið lán skv. þessum kafla laganna, enda sé tryggt handa þeim sérstakt fjármagn á fjárlögum í útlánaáætlun Byggingarsjóðs verkamanna.

12. Við 34. gr. Í stað d-liðar 1. mgr. og 2. og 3. mgr. komi:
    d. Með sérstökum lántökum sem ákveðnar eru hverju sinni þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a—c nægir ekki til áformaðra framkvæmda. Gera skal ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af báðum byggingarsjóðunum fyrir 30% af ráðstöfunarfé sínu. Byggingarsjóður verkamanna fái þann hluta af þessu fjármagni að nægi til þess að fjármagna þriðjung af árlegri íbúðaþörf landsmanna skv. stafliðum a og b í 33. gr.
    e. Með sérstöku framlagi á fjárlögum sem gangi til lánveitinga á vegum húsnæðissamvinnufélaga sem verði eigi lægra en 200 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu eins og hún er í apríl 1984.
    f. Með öðrum lántökum og sölu spariskírteina til þeirra sem sérstaklega vilja beita sparnaði sínum til þess að efla húsnæðissamvinnufélögin.

    Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fara fram í almennum lánastofnunum. Ríkisstjórnin ákveður þóknun fyrir slíka þjónustu sbr. og 10. gr.

13. Við 39. gr.
    a. Aftan við 2. mgr. bætist: Skal lánið sem hlutfall af byggingarkostnaði lækka sem nemur kostnaði við bílskúr eða bílskýli. Við endursölu slíkra íbúða skal tillit tekið til stærri eignarhluta seljanda íbúðarinnar og sama regla gilda um hlutfall lána til kaupanda.
    b. 3. mgr. falli brott.

14. Við 49. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 32. gr. þessara laga. Áður en framkvæmdir hefjast o. s. frv.

15. Við 49. gr. 3. mgr. orðist svo:
    Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna eru 0.5%.

16. Við 51. gr. Þar sem stendur „80%“ í 7. mgr. komi: 90%.

17. Við 62. gr. Á eftir 3. mgr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
    Þegar Byggingarsjóður verkamanna greiðir upp áhvílandi lán hjá Byggingarsjóði ríkisins vegna íbúða sem keyptar eru inn skv. 3. mgr. þessarar gr. skal greiðsla á milli sjóðanna fara fram í formi skuldabréfa. Skuldabréfin skulu vera til 25 ára en að öðru leyti með sömu kjörum og önnur lán Byggingarsjóðs ríksins skv. 30. gr.

18. 63. gr. frumvarpsins orðist þannig:

Kaupverð félagslegra íbúða skv. 62. gr. skal vera kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð að viðbættri hækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar sem orðið hefur á kostnaðarverði íbúðarinnar þegar forkaupsréttar er neytt. Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni skv. mati matsnefndar félagslegra íbúða. Frá mati kaupverðs til seljanda skal draga ógjaldfallnar eftirstöðvar stofnlána sem veittar voru til íbúðarinnar úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins framreiknaðar að fullu samkvæmt sömu vísitölu og er þá seljandi laus við greiðslu eftirstöðvanna.

Seljandi skal að nokkru leyti njóta reiknaðra verðbóta eftir byggingarvísitölu af óverðtryggðum eftirstöðvum fyrrnefndra stofnlána þannig að hann fái 4% af verðbótum fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, að hámarki fyrir 25 ár. Þessar verðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstíma eftir 31. desember 1984. Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal einnig draga uppfærðar eftirstöðvar skuldabréfa vegna annarra lána sem veitt hafa verið síðar úr Byggingarsjóði ríkisins umfram fyrrnefnd stofnlán.

Frá greiðslu kaupverðs til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin var afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda skv. mati matsnefndar svo og lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Nú er framreiknað kostnaðarverð félagslegra íbúða skv. 1. mgr. mjög frábrugðið því hlutfalli sem almennt gildir um félagslegar íbúðir miðað við fasteignamat eða markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi og er þá matsnefnd félagslegra íbúða heimilt að hækka eða lækka kaupverð hennar um allt að 15% eftir því sem við á.

Ef verðlag íbúðar er lækkað skal afskrifa eftirstöðvar áhvílandi stofnlána hjá Byggingarsjóði ríkisins í sama hlutfalli.

19. 64. gr. orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á kaupverði samkv. 63. gr. að viðbættri hækkun skv. lánskjaravísitölu. Enn fremur er heimilt að bæta við kaupverðið kostnaði við endurbætur og viðhald sem framkvæmt er á íbúð eða sameign.

Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta veðböndum af íbúðinni. Skal hún síðan seld með hliðstæðum kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða í verkamannabústöðum.

Heimilt er að veita nýtt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupenda þeirra íbúða sem koma til endursölu og keyptar eru inn samkvæmt 62. gr. þessara laga.

Slíkt lán má nema allt að 90% af söluverði slíkra íbúða, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af lánsfjárhæðinni til Byggingarsjóðs verkamanna að frádregnu eldra láni hjá sjóðnum sem greitt er upp við sölu íbúðarinnar.

Heimilt er að láta lán hjá Byggingarsjóði ríkisins fylgja íbúðunum við endursölu ef þau eru að fullu verðtryggð.

Hagnaður, sem verða kann við sölu íbúða sem keyptar eru inn samkv. 62. gr., skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna enda greiði sjóðurinn kostnað við rekstur íbúðanna á meðan á sölu stendur og annan kostnað sem falla kann á íbúðirnar við endursölu.

Húsnæðismálastjórn ákveður þóknun sem stjórnum verkamannabústaða er heimilt að taka af söluverði íbúða vegna kostnaðar við endursöluna.

Þegar íbúð hefur verið endurseld skv. þessari gr. og nýtt lán veitt til hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 50. og 51. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt inn öðru sinni.

20. 66. gr. hljóði þannig:
Húsnæðismálastjórn skipar matsnefnd félagslegra íbúða og ákveður henni þóknun fyrir störf sín. Nefndin skal starfa á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins og annast verðlagningu félagslegra íbúða skv. ákvæðum 51., 63. og 64. gr. þessara laga.
Ágreiningi vegna starfa nefndarinnar má vísa til félagsmálaráðuneytisins til úrskurðar.

21. Á eftir 83. gr. komi tvær nýjar gr. er orðist svo:
a. (84. gr.) Sá sem á rétt á láni til þess að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn skv. 11. gr. á jafnframt rétt á láni hjá sínum viðskiptabanka. Lánið nemur 50% af láni Húsnæðisstofnunar eins og það er á hverjum tíma og sætir sömu kjörum og lán Húsnæðisstofnunar að öllu leyti. Húsnæðisstofnun getur afgreitt lánið til lántakandans og haft milligöngu um lántökuna að öðru leyti, t. d. ef viðskiptabanki sér sér ekki fært eða neitar að tryggja rétt lántakandans skv. þessari grein.
Seðlabankinn endurkaupir þessi lán viðskiptabankanna.
b. (85. gr.) Nú á lántakandi, sem byggir eða kaupir íbúð í fyrsta sinn, ekki rétt á láni í lífeyrissjóði þótt hann hafi eigi áður fengið lán og skal hann þá eiga rétt á sérstöku viðbótarláni í Byggingarsjóði ríkisins. Viðbótarlánið verður þá að öllu leyti veitt með sömu kjörum og almennt gildir um lán lífeyrissjóðanna til félagsmanna sinna að því er varðar lánstíma og lánakjör. Þó skulu lán skv. 11. gr., 84. gr. og þessari gr. aldrei nema hærra hlutfalli en 80% af kostnaðarverði íbúðar skv. nánari fyrirmælum í reglugerð.

22. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og samræmt húsnæðislánakerfi.

Nd. 692. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað ítarlega um frv. á fjölmörgum fundum, athugað umsagnir sem borist hafa og kallað fyrir nefndina ýmsa þá sem málið hefur varðað. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykki frv. með breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali. Í því sambandi þykir rétt að taka fram:

1. Á undanförnum árum hefur eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins brunnið upp í verðbólgu og framlög til hans úr ríkissjóði lækkað mjög verulega frá 1978 sem hlutfall af ráðstöfunarfé hans. Eftir stjórnarskiptin á s. l. vori var ákveðið að hækka lán til bygginga og kaupa á íbúðum mjög verulega og er því fylgt eftir með því að ákveðið er í frv. að árleg framlög úr ríkissjóði skuli eigi nema lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins fyrir viðkomandi ár, enda sé hún samþykkt af félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra.
2. Í brtt. nefndarinnar eru víkkaðar heimildir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, þannig að lánveitingar í því skyni eru ekki bundnar við sveitarstjórnir.

3. Lagt er til að félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast viðhald á íbúðum félagsmanna, sé heimilt að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur.
4. Endurgreiðsla á skyldusparnaði nemenda er takmörkuð, þannig að hún sé ekki innt af hendi á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.

Meiri hl. nefndarinnar tekur fram, að gefnu tilefni, að 1. tl. 11. gr., sbr. 13. gr., tekur til byggingar íbúða, þ. á m. leiguíbúða, sem ætlaðar eru fyrir almennan markað, enda kveðið skýrt á um það í c-lið 33. gr. að þar er fjallað um leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

Einn nefndarmanna, Valgerður Sverrisdóttir, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1984.

Þorsteinn Pálsson, form.	Halldór Blöndal, frsm.	Stefán Guðmundsson.

Eggert Haukdal.

Nd. 693. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (ÞP, HBl, StG, EH).

1. Við 4. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: og tvo til vara.
2. Við 9. gr. Aftan við 2. tölul. bætist: sem samþykkt er af félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra.
3. Við 10. gr. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
4. Við 17. gr. Í stað „16 ára“ í 2. mgr. komi: 21. árs.
5. Við 20. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Lán skv. 5. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarstjórnum og öðrum sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.
   b) Orðin „til endursölu“ í a-lið 2. mgr. falli brott.
6. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki, sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárri fjárhæð og hámarkslán er á því ári samkv. 1. tölul. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði. Lán samkv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð

bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni skv. 1. tölul. 11. gr. en gegn 2. veðrétti að jafnaði ef keypt er notuð íbúð.

Lánstími skal vera allt að 26 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

7. Við 22. gr. Orðið „sveitarfélögum“ í 1. mgr. falli brott.
8. Við 43 gr. 3. mgr. orðist svo:

   Framkvæmdalán skulu veitt með sömu kjörum og lán skv. 49. gr. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.
9. Við 44. gr. 1. mgr. og 2. mgr. c-liðar 1. mgr. orðist svo:

   Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en svarar kr. 318 000 fyrir einhleyping eða hjón og kr. 29 000 fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

   Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltöl tekna á árinu 1983. Tekjumörk þessi skulu ákvörðuð af Húsnæðismálastjórn í upphafi hvers árs að fengnum upplýsingum hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.
10. Við 45 gr. Orðin „skv. ákvæðum 51. gr. þessara laga“ í 3. mgr. falli brott.
11. Við 47. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða ákveða byggingarkostnað en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.
12. Við 49. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo: Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður samkvæmt lögum þessum. Lánið má nema allt að 80% af kostnaði staðalíbúðar skv. 32. gr. þessara laga, þó ekki hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði þeirrar framkvæmdar sem í gangi er. Heimilt er húsnæðismálastjórn o. s. frv.
13. Við 50. gr. Upphaf hennar orðist svo: Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 og koma til endursölu við verði sem tilgreint er o. s. frv.
14. Við 51. gr.
    a) 3. mgr. orðist svo:

       Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt samkomulagi eða að mati matsnefndar félagslegra íbúða.
    b) Niðurlag 4. mgr. orðist svo: Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda skv. samkomulagi eða mati matsnefndar, svo og lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.
15. Við 63. gr. Aftan við 3. mgr. bætist: Heimilt er að lækka útreikning eða afskrifa eftirstöðvar lána úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins í sama hlutfalli og verð íbúðar.
16. Við 64. gr. Orðin „eða Byggingarsjóði ríkisins eftir því sem við á“ í 6. mgr. falli brott.
17. Á eftir 65. gr. bætist ný gr. er verði 66. gr. og hljóði svo:

    Heimilt er félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði l. nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

18. Við 66. gr. Í stað „greiðslu til seljenda skv. 63. gr.“ o. s. frv. komi: greiðslu til seljanda samkvæmt 51. og 63. gr. svo og ákvarðanir um endursölu íbúða samkv. 51 og 64. gr.
19. Við 69. gr. Í stað „við næstu áramót eftir að hann verður 26 ára” í 1. mgr. komi: þegar hann verður 26 ára.
20. Við 70. gr. Við 1. mgr. bætist: þó ekki á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.
21. Við 84. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.
22. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðin „ef uppfærðar eftirstöðvar láns nema hærri fjárhæð en 415 þúsundum króna miðað við október 1983“ falli niður.

Nd. 694. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
   — að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika landsmanna á öruggu húsnæði til eignar eða leigu.
2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Húsnæðisstofnun starfar sem ein heild en skiptist í tvær deildir:
   b. 4. mgr. falli brott.
3. Við 7. gr. 2. mgr. falli brott.
4. Við 9. gr. 4. tölul. falli brott.
5. Við 13. gr. 6. mgr. orðist svo:
   Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstíminn vera allt að 40 árum sé um að ræða íbúðir til einkaeignar. Sé um að ræða búseturéttaríbúðir skal lánstíminn vera allt að 60 árum og skal lánið veitt gegn 1. veðrétti.
6. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Hagkvæmni íbúða og sem lægst íbúðarverð skal tryggja með því að framkvæmdir við byggingar verkamannabústaða skuli ætíð boðnar út.
7. Við 42. gr. Upphaf 1. mgr. hljóði svo: Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um það hvort framkvæmdin o. s. frv.
8. Við 42. gr. 2. mgr. orðist svo: Húsnæðisstofnun skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg atriði framkvæmda.
9. Við 49. gr. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða skal trúnaðarmaður, sem tilnefndur er af Húsnæðisstofnun, yfirfara teikningar og gera tillögur um skv. hvaða staðli lán verði veitt út á hverja íbúð.
10. VI. kafli, Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar, falli brott.
11. VII. kafli, Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga, falli brott.

Ed. 695. Frumvarp til laga [331. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1951 um Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31/1963 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84).

1. gr.

3. ml. 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu vera háð staðfestingu ráðherra þess er fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur verið unnið að heildarendurskoðun löggjafar um bankakerfið og hefur bankamálanefnd skilað tillögum sínum. Meðal þess sem nefndin leggur til er að yfirstjórn bankamála verði sameinuð í einu ráðuneyti og er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. maí 1983. Ljóst er hins vegar að ekki vinnst tími til að fá samþykkta nýja löggjöf um málefni banka og sparisjóða á þessu þingi. Vegna mikilvægis framangreinds stefnuatriðis fyrir framvindu málsins í heild er því nauðsynlegt að flytja þetta frumvarp.

Samkvæmt reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands fer iðnaðarráðherra með mál er varða Iðnaðarbanka Íslands h.f. og hefur hann m. a. forræði yfir hlutafjáreign ríkisins í bankanum. Skv. lögum nr. 113/1951 um Iðnaðarbankann samþykkir iðnaðarráðherra samþykkt félagsins og reglugerð bankans, jafnframt því sem hann skipar tvo menn í stjórn bankans.

Fyrir Alþingi liggja nú tvö frumvörp um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum og um breyting á stjórn bankans. Iðnaðarráðherra mun hafa umsjón með sölu hlutabréfanna, en málefni bankans munu að öðru leyti heyra undir viðskiptaráðherra, sem fer með bankamálin.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 um breyting á þeim lögum. Þar er lagt til að yfirstjórn Búnaðarbankans verði framvegis í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál. Um frekari skýringar á því frumvarpi sem hér liggur fyrir má vísa til þessa síðartalda frumvarps.

Að lokum skal þess getið að Iðnlánasjóður, sem starfar á grundvelli laga nr. 68/1967 ásamt síðari breytingum, lýtur yfirstjórn iðnaðarráðherra. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að hér verði breyting á.

Frumvarpið er flutt af forsætisráðherra þar sem það varðar lagaákvæði um starfssvið tveggja ráðherra og er forsenda breytinga á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 (sjá Stjórnartíðindi A 18 1969), sem gera verður til samræmis við efni frumvarpsins.

Ed. 696. Frumvarp til laga [332. mál]

um breyting á lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

1. ml. 8. gr. laganna orðist svo:
Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur verið unnið að heildarendurskoðun löggjafar um bankakerfið og hefur bankamálanefnd skilað tillögum sínum. Meðal þess sem nefndin leggur til er að yfirstjórn bankamála verði sameinuð í einu ráðuneyti og er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. maí 1983. Ljóst er hins vegar að ekki vinnst tími til að fá samþykkta nýja löggjöf um málefni banka og sparisjóða á þessu þingi. Vegna mikilvægis framangreinds stefnuatriðis fyrir framvindu málsins í heild er því nauðsynlegt að flytja þetta frumvarp, en það felur í sér að yfirstjórn Búnaðarbanka Íslands verði framvegis í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál, en landbúnaðarráðherra fer nú með yfirstjórn bankans, sbr. lög nr. 28/1976 og reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt reglugerðinni hefur viðskiptaráðherra með höndum yfirstjórn hinna ríkisviðskiptabankanna, Landsbankans og Útvegsbankans. Einnig falla undir hann mál er varða hlutafélagsbankana, að Iðnaðarbankanum undanskildum. Iðnaðarráðherra fer með málefni þess banka.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1951, sbr. lög nr. 31/1963, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. Miðar það einnig að því að færa þau mál er iðnaðarráðherra fer með samkvæmt þeim lögum í hendur þess ráðherra er fer með bankamálin.

Kostir þess að allir viðskiptabankarnir heyri undir sama ráðherra eru augljósir. Reyndar má segja að önnur skipan mála sé ekki eðlileg. Séu bankarnir undir sama ráðherra tryggir það samræmdari afstöðu stjórnvalda gagnvart bönkunum en verið hefur. Núverandi skipan mála er t. d. af ýmsum talin eiga sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanförnum árum. Þá er þessi breyting til þess fallin að ýta undir þau viðhorf að hver viðskiptabanki skuli sinna atvinnulífinu í heild en sé ekki bundinn að verulegu leyti af þjónustu við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahóp.

Þess má geta að með tillögum bankamálanefndar fylgdi bókun um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Í bókuninni kemur fram að nefndin er sammála um að sameining viðskiptabanka væri til mikilla hagsbóta. Í því sambandi er bent á að sú stækkun banka sem leiða myndi af sameiningu yrði til þess að þjónusta þeirra við atvinnulífið myndi batna, sparnaður í bankarekstri ykist og jafnari dreifing yrði milli banka á útlánum til atvinnuvega, svo og á landfræðilegri dreifingu útlána. Þá segir í bókuninni að meirihluti nefndarinnar sé þeirrar skoðunar að það myndi flýta sameiningu og fækkun viðskiptabanka, ef viðskiptaráðherra hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar sem leggja mætti fyrir Alþingi í frumvarpsformi á næsta þingi. Frumvarp þetta og frumvarp til laga um breyting á lögum nr.

113/1951 um Iðnaðarbanka Íslands tengjast því máli. Frumvörp til laga um Seðlabanka Íslands, viðskiptabanka og sparisjóði verða hins vegar lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Að lokum skal þess getið að Stofnlánadeild landbúnaðarins sem starfar á grundvelli laga nr. 45/1971 ásamt síðari breytingum lýtur nú yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að hér verði breyting á. Á hinn bóginn mun veðdeild Búnaðarbankans sem starfar samkvæmt lögum nr. 34/1979 falla undir yfirstjórn þess ráðherra sem fer með bankamál, sbr. aðrar veðdeildir. Leiðir það af orðalagi 1. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið er flutt af forsætisráðherra þar sem það varðar lagaákvæði um starfssvið tveggja ráðherra og er forsenda breytinga á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 (sjá Stjórnartíðindi A 18 1969), sem gera verður til samræmis við efni frumvarpsins.

Sþ. 697. Nefndarálit [98. mál]

um till. til þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft málið til umfjöllunar og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skattrannsóknastjóra, ríkisskattstjóra, Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Þorsteinn Pálsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.

Sþ. 698. Breytingartillaga [98. mál]

við till. til þál. um aðgerð stjórnvalda gegn skattsvikum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni tafarlausa framkvæmd eftirtalinna verkefna í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú er:

1. Að endurskoða lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, svo og lög um meðferð opinberra mála, nr. 73/1973, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem fengi m. a. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir,

verðlagsbrot og fleiri skyld brot. Einnig skal fjölgað sérhæfðum starfsmönnum hjá embætti saksóknara og efla starfsemi Rannsóknarlögreglu ríkisins í þessum málaflokkum.

2. Að beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum.

3. Að undirbúa nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum, nr. 51/1968, og reglugerð þar að lútandi, svo og lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, auk framtalsreglna, sem tryggi ítarlegri og samræmdari sundurliðun á reikningsliðum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri með skýrari og fjölþættari upplýsingum en nú er fyrir skattayfirvöld. Sérstaklega verði endurskoðaðir frádráttarliðir af tekjum, svo sem risnukostnaður, bifreiðafríðindi, enn fremur launamat o. fl.

4. Að láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það að markmiði að koma á skilvísara eftirliti með innheimtu söluskatts. Heimild sú sem er í 17. gr. laga um söluskatt til að fylgjast með fjármagnsinnstreymi í fyrirtækjum verði notuð þar sem því verður við komið. Athugað verði einnig hvort hægt sé að fá betri skil með því að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt.

5. Að beita sér fyrir aukinni hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala.

6. Að fjölgað verði sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknastjóra svo og á skattstofum. Veitt verði á fjárlögum nauðsynlegt fjármagn til að stórauka allt skatteftirlit og rannsókn skattsvika, sbr. 1.—5. tl. Að því verði stefnt að hægt sé að taka til ítarlegrar rannsóknar a. m. k. 10% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri.

Sþ. 699. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um úttekt á umfangi skattsvika.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skattrannsóknastjóra, ríkisskattstjóra, Þjóðhagsstofnun, Hagstofunni og viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Þorsteinn Pálsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Pétur Sigurðsson.	Guðrún Helgadóttir.	Eggert Haukdal.

Sþ. 700. Breytingartillaga [169. mál]

við till. til þál. um úttekt á umfangi skattsvika.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfshópi sem í samvinnu við skattyfirvöld hafi það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina.
3. Umfang söluskattsvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Niðurstöður skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1985. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 701. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til lögræðislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum og rætt það ítarlega. Á fund nefndarinnar til viðræðna um frv. komu m. a. fulltrúar ríkisskipaðrar nefndar sem vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála, fulltrúar Geðhjálpar, Ólöf Pétursdóttir deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu og Guðrún Erlendsdóttir dósent.

Nefndin var sammála um að gera þær breytingar á frv. sem lagðar eru til á þskj. 702. Efnislega er þar fyrst og fremst um eina breytingu að ræða. Er hún í samræmi við hliðstæða löggjöf sem gildir um þessi efni annars staðar á Norðurlöndum.

Alþingi, 30. apríl 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Guðmundur Einarsson.	Friðjón Þórðarson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 702. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til lögræðislaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr.
   a. Niðurlag 1. mgr. orðist svo: en óskylt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:
      Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytis, sbr. 17. gr., skal fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a, c, d og

e-liða 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.

2. Við 17. gr. Greinin hljóði svo:

Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfar trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar. Nefndina skipa lögmaður, sem er formaður hennar, geðlæknir og einn fulltrúi hins almenna borgara. Varamenn séu jafnmargir.

Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni er þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkvæmt 13. gr. Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Nefndin setur sér vinnureglur sem samþykktar eru af ráðherra.

3. Við 18. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins skal veita þeim, sem vistaður er á sjúkrahúsi, sbr. 14.—17. gr., gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins til vistunar hans.

Sþ. 703. Fyrirspurn [333. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu í heimilisfræðum í grunnskólum.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hefur þeim skólum fjölgað sem hafa kennslu í heimilisfræðum á stundaskrá?
2. Hver er ástæðan fyrir því að heimilisfræði eru ekki kennd í öllum grunnskólum landsins?
3. Eru á döfinni úrbætur til að tryggja að allir grunnskólar landsins taki upp heimilisfræðikennslu?
4. Hefur viðmiðunarstundaskrá verið breytt frá s.l. ári og þá hvernig?

Nd. 704. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða komi nýtt ákvæði er hljóði svo:

Þeir fjármunir, sem innheimtir hafa verið sem skyldusparnaður, skv. VII. kafla laga nr. 51/1980, eða eldri lagaákvæðum, skulu greiddir út skv. reglum um endurgreiðslu í 72. gr. laga nr. 51/1980.

Nd. 705. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

1. gr.

Aftan við a-lið 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 706. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela Skógrækt ríkisins í samráði við sveitarfélög og félagssamtök á Suðurnesjum að kanna hvaða landsvæði í eigu þessara aðila eru hæf til ræktunar trjágróðurs.

Ef slík svæði reynast hæf til skóg- og trjáræktar leiti Skógræktin eftir samningum við sveitarfélög og félagssamtök á þessum slóðum um sérstakt átak til slíkrar ræktunar þar sem aðstæður eru bestar.

Greinargerð.

Á Suðurnesjum búa um 14 þús. manns í sjö sveitarfélögum. Þar byggist mannlíf fyrst og fremst á þeim verðmætum sem úr sjó eru dregin. Ræktun lands er þar ekki teljandi og umhverfi byggðarlaganna þykir mörgum æði berangurslegt og nakið. Furðu vel getur þó tekist að koma upp gróðri við híbýli manna á þessum slóðum, og á Suðurnesjum hafa verið gerðar raunhæfari ráðstafanir til verndar gróðri en víðast annars staðar þar sem landsvæðið sunnan Voga á Vatnsleysuströnd og vestan Grindavíkur, um 35 000 ha., hefur verið girt og friðað fyrir ágangi sauðfjár, en veturinn 1971—1972 voru ríflega 3 600 fjár á fóðrum í þessum sjö sveitarfélögum. Jafnframt hefur verið gert nokkurt átak til ræktunar graslendis til verndar jarðvegs til augnayndis og til hagnýtingar vegna hrossahalds.

Þessar ráðstafanir íbúa á Suðurnesjum hafa þegar breytt nokkuð svipmóti næsta nágrennis sumra þéttbýlissvæða og þróunin mun ótvírætt skila árangri á komandi árum. En meira mundi orka til úrbóta í því efni ef unnt reyndist að koma upp trjágróðri, runnum og skjólbeltum sem næst sjávarplássunum þar sem gætu orðið útivistarsvæði fyrir íbúana þegar fram líða stundir. Til þess þyrfti sjálfsagt langan tíma, en þeim mun meiri þörf er á að hefjast handa sem fyrst.

Ljóst er að hér er um að ræða landsvæði þar sem ekki er auðvelt að koma upp trjágróðri, en tilraunir skógræktarfélaga á þessu svæði hafa borið nokkurn árangur þó að þeim hafi engan veginn verið unnt að sinna sem skyldi. Á það ber einnig að líta að verulegar framfarir hafa orðið almennt í skóg- og trjárækt á undanförnum árum og þekking aukist á þessu sviði. Árangri af ræktunarstarfi einstaklinga á íbúðarhúsalóðum á þessu svæði hefur einnig fleygt fram þótt aðstæður séu erfiðar vegna skjólleysis og nálægðar við sjó. Ljóst er enn fremur að betri árangurs má vænta en ella ef að þessu verki er staðið með skipulögðu samstarfi Skógræktar ríkisins, sveitarfélaga og félagssamtaka á svæðinu.

Þekkingu og fjármagni Skógræktar ríkisins ætti ekki hvað síst að beina að því að bæta það umhverfi sem landsmenn eru í nánastri snertingu við í daglegu lífi og fegra og gera hlýlegra umhverfi þorpa og bæja.

Í því skyni að gera átak í þessum efnum, þar sem hvað mest þörf er á slíkum aðgerðum, er með flutningi þessarar þingsályktunartillögu lagt til að Skógrækt ríkisins kanni hvaða svæði, sem til ráðstöfunar gætu orðið til trjáræktar í nágrenni byggðarlaga á Suðurnesjum, eru hæf til ræktunar og henta best.

Kanna þarf vilja sveitarstjórna, félagssamtaka og einstaklinga til þess að verða aðilar að slíku átaki og gera síðan áætlun um framkvæmdir og ráðast í þær.

Átak til ræktunar trjágróðurs í nágrenni byggðarlaga á Suðurnesjum gæti, þegar fram líða stundir, orðið til skjóls og fegrunar þar sem nú er berangur og plöntun og umhirða viðfangsefni fyrir unglinga á þessum slóðum að sumarlagi. Jafnframt því yrði komið til móts við sveitarfélög sem hafa sýnt sérstakt framtak í gróðurvernd með friðun 35 000 ha. svæðis fyrir ágangi sauðfjár.

Ed. 707. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta mjög ítarlega og alla fjárhagsstöðu fyrirtækisins, og er það skemmst frá að segja að hún er hörmuleg. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri komu á fund nefndarinnar og veittu einnig skriflegar upplýsingar. Fylgir nefndarálitinu bréf frá fyrirtækinu.

Ljóst er að Áburðarverksmiðjan hefur fyrir löngu notað peninga þá sem hér um ræðir og er því vart unnt annað en staðfesta bráðabirgðalögin. En nefndin leggur áherslu á að viðskiptalán, sem verksmiðjan tekur, séu ekki endurlánuð til langs tíma með lakari kjörum fyrir fyrirtækið.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.
Ragnar Arnalds.	Valdimar Indriðason.	Lárus Jónsson.

Fylgiskjal.

ÁBURÐARVERKSMIÐJA RÍKISINS
Reykjavík, 23. mars 1984.

Hr. Eyjólfur Konráð Jónsson alþm.
formaður fjárhags- og viðskiptanefndar
efri deildar Alþingis.

Varðandi munnlega fyrirspurn yðar, hr. alþingismaður, um vaxtakjör, söluskilmála og rekstrarstöðu Áburðarverksmiðjunnar skal eftirfarandi upplýst.

1. 11. gr. laga nr. 43 16. apríl 1971 hljóðar svo:

„Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verslunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum eða öðrum opinberum aðilum.“

2. Greiðsluskilmálar fyrir seldan áburð eru þessir:

Mánaðarlegar greiðslur fyrir úttekt innist af hendi á tímabilinu maí, júní, júlí, ágúst.

Þeir aðilar, sem njóta réttar til afurðalána (út á sauðfjárafurðir og/eða aðrar afurðir sem afurðalán eru veitt fyrir) greiði 50% úttektar með mánaðarlegri greiðslu á tímabilinu maí, júní, júlí og ágúst, og síðari 50% úttektar á tímabilinu sept., okt., nóv. eftir því sem afurðalán þessi koma til útborgana frá lánastofnunum.

Vextir greiðist af úttektarskuldum frá og með 1. júní.

3. Árið 1983 voru þessir vextir reiknaðir 42% p. a., eftir á reiknaðir (ekki forvextir), en lækkuðu síðar á því ári til samræmis við innlendar vaxtalækkanir á því ári.

Dráttarvextir reiknast á ógreidda viðskiptaskuld, sem komin er í eindaga.

Fyrir árið 1984 gilda sömu greiðsluskilmálar og voru fyrir árið 1983 og vextir samkvæmt því sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni, og óbreytt fyrirkomulag um dráttarvexti.

4. Drög II að ársreikningi fyrir árið 1983 fylgja hér með. Fullnaðarreikningur fyrir árið 1983 getur ekki legið fyrir fyrr en eftir að áburðarverð fyrir árið 1984 hefur verið ákveðið vegna endanlegs mats á áburðarbirgðum í árslok 1983.

Virðingarfyllst,

H. Finnsson.
frkvstj.

Ed. 708. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Hinn 15. mars s. l. samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um staðfestingu Flórens-sáttmála. Í þessu frumvarpi er að finna breytingar á tollskrá sem þingsályktunin gerir m. a. ráð fyrir.

Tómas Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Lárus Jónsson.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.

Ed. 709. Nefndarálit [310. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1970, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Árni Johnsen, fundaskr.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.
Eiður Guðnason, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 710. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, sbr. l. nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Árni Johnsen, fundaskr.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.
Eiður Guðnason, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 711. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. l. nr. 39/1983, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. fundaskr., með fyrirvara.	Valdimar Indriðason.
Ragnar Arnalds.	Eiður Guðnason.	Lárus Jónsson.
	Tómas Árnason.	

Ed. 712. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Eiður Guðnason.	Lárus Jónsson.	Valdimar Indriðason.
	Tómas Árnason.	

Ed. 713. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. l. nr. 31/1963, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Valdimar Indriðason.
Ragnar Arnalds.	Eiður Guðnason.	Lárus Jónsson.
	Tómas Árnason.	

Ed. 714. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Ragnar Arnalds.	Eiður Guðnason.	Lárus Jónsson.
	Tómas Árnason.	

Sþ. 715. Tillaga til þingsályktunar [335. mál]

um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

Með vísun til laga nr. 70 frá 17. maí 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, ályktar Alþingi að veita ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð, og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Greinargerð.

Hinn 5. apríl s.l. barst iðnaðarráðherra svohljóðandi bréf frá stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf.:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. sendi iðnaðarráðherra í janúar 1983 skýrslu um starfsemi félagsins og þær athuganir, sem hún hafði þá gert samkvæmt fyrirmælum í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Niðurstöður þeirrar skýrslu voru eftirfarandi:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur, á grundvelli þessarar skýrslu, að:

— kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu,
— stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það, að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986,
— ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum,
— auka þurfi hlutafé félagsins,
— verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar hf. skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja,
— vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda.“

Eins og ráðuneytinu er kunnugt um hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. unnið að frekari undirbúningi og athugunum vegna þessa máls, og vísast í því efni m.a. til bréfa og greinargerða, dags. 24. maí, 1. júní og 25. nóvember 1983.

Forhönnun verksmiðjunnar er nú lokið og nýir stofnkostnaðarútreikningar liggja fyrir, sbr. meðfylgjandi skýrslu (Basic Engineering Report). Einnig liggja fyrir nýjar verðspár, og hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. því gert nýja arðsemisreikninga, sem sendir eru ráðuneytinu með bréfi þessu.

Á grundvelli fyrirliggjandi verðspár staðfesta hinir nýju útreikningar, að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur orkunýtingarkostur. Reiknuð arðsemi verksmiðjunnar er nú meiri en áður var talið, og er meginskýring þess sú, að áætlaður stofnkostnaður hefur lækkað sem og ýmsir rekstrarliðir.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur eðlilegt, að yfirstandandi eignaraðildarkönnun og pólitískum ákvörðunum um framtíð fyrirtækisins verði hraðað eftir föngum enda er áframhaldandi óvissa um málið kostnaðarsöm og getur haft óheppileg áhrif á atvinnulíf á Austurlandi.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar
Geir H. Haarde, formaður (sign)
Geir A. Gunnlaugsson, framkv.stj. (sign)“

Á vegum Stóriðjunefndar og með þátttöku fulltrúa úr stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. hefur málið verið kynnt undir forystu Birgis Ísl. Gunnarssonar, alþingismanns, formanns nefndarinnar, fyrir erlendum stóriðjufyrirtækjum.

Án þess að nokkuð teljist öruggt á þessu stigi máls, má fullyrða, að vaxandi áhugi er fyrir aðild að slíku fyrirtæki.

Það er og mat þeirra, sem að þeirri kynningu hafa staðið, að ákvörðun eins og sú, sem felst í þessari þingsályktunartillögu, muni auka líkur þess, að árangur náist í viðræðum við hugsanlega sameignaraðila.

Með vísun til þessa og álits stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. þykir nú rétt að óska eftir heimild Alþingis til handa ríkisstjórninni að taka ákvörðun um að reisa og reka slíka verksmiðju og leita samvinnu út fyrir landssteina.

Nd. 716. Lög [140. mál]

um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 180.

Nd. 717. Lög [201. mál]

um breyting á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 358.

Nd. 718. Lög [202. mál]

um breyting á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 359.

Nd. 719. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 614.

Nd. 720. Lög [273. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 524.

Sþ. 721. Fyrirspurn [336. mál]

til viðskiptaráðherra um dreifingu olíu innanlands.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að olíubirgðageymir Olíuverslunar Íslands á Seyðisfirði hefur ekki verið notaður um eins árs skeið?
2. Hvaða þjóðhagsleg áhrif hefur það að nýta ekki þennan geymi til eðlilegs birgðahalds en flytja þess í stað alla olíu út frá Reykjavík?
3. Hafa olíufélögin gert kröfu um greiðslu flutningskostnaðar vegna umrædds olíumagns úr Verðjöfnunarsjóði olíu, og ef svo er, um hversu miklar upphæðir er þar að ræða?
4. Hver er afstaða viðskiptaráðherra í þessu máli?

Skriflegs svars er óskað.

Ed. 722. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., frsm.	Ragnar Arnalds.
Tómas Árnason.	Lárus Jónsson.	Eiður Guðnason.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 723. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leitaði umsagnar L.Í.Ú. og Sambands skipafélaga. Enn fremur ræddi nefndin við ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, formann Hafnasambandsins, starfsmenn Hafnamálastofnunar og hafna utan af landi.

Nefndarmenn eru sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Tómas Árnason.	Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Ed. 724. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Fyrirsögn I. kafla verði: **Yfirstjórn hafnamála.**
2. Við 5. gr. Niðurlag fyrri málsl. hljóði svo: og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið og sérhæfð tæki.
3. Við 7. gr.
   a. Niðurlag fyrri mgr. orðist svo: enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.
   b. Á eftir orðinu „reglugerð“ í síðari mgr. komi: samkvæmt staðfestu deiliskipulagi.
4. Við 10. gr.
   a. Í staðinn fyrir „hafnarstjórnar“ í 1. málsl. komi: eigenda hafna.
   b. Við 1. tl. bætist: á sjó og landi.
5. Við 11. gr. Á eftir c-lið 1. tl. komi nýr stafliður er verði d-liður og orðist svo:
   d) Gjöld af ferjuflutningum.
6. Við 12. gr.
   a. Niðurlag 4. mgr., „og hefur hafnarsjóður“ o. s. frv., falli niður.
   b. 5. og 6. mgr. falli brott.
7. Við 13. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er verði 3. mgr. og hljóði svo:
   Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.
8. Við 17. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.
9. Við 18. gr. Á eftir orðinu „hafnarstjórn“ í 1. mgr. komi: og hafnamálastjóra.
10. Við 20. gr. Niðurlag gr., „og skulu um það gilda“ o. s. frv., falli brott.
11. Við 22. gr. Á eftir orðinu „frumrannsókna“ í síðustu mgr. komi: framkvæmdir.
12. Við 24. gr.
   a. Á eftir orðunum „Stofnkostnaður við hafnarvogir“ í 7. tl. 1. mgr. komi: hafnsögubáta.
   b. Á eftir orðunum „enda sé það liður í nýbyggingu“ í 2. mgr. komi: til umhverfisbóta.
13. Við 25. gr. 4. tl. gr. falli niður.
14. Við 26. gr. Í stað „mannvirkin“ í síðasta málsl. 3. tl. komi: hafnarmannvirkin.
15. Við 27. gr. Í stað orðanna „hafnaráðs og hafnamálastjóra“ í 1. mgr. komi: hafnaráðs, hafnamálastjóra og hlutaðeigandi hafnarstjórnar.

16. Við 28. gr. Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:
Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.
Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Ed. 725. Lög [176. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 317.

Ed. 726. Lög [157. mál]

um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 227.

Ed. 727. Frumvarp til laga [167. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adal, Myrtle Rosina, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 4. júlí 1962 í Guyana.
2. Akasheh, Mahshid, verkfræðingur í Garðakaupstað, f. 21. maí 1957 í Íran.
3. Anna Björg Michaelsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 21. ágúst 1957 á Íslandi.
4. Assmann, Wolfgang, verkamaður í Reykjavík, f. 25. maí 1940 í Þýskalandi.
5. Bang, Anne Lise, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. okt. 1942 á Íslandi.
6. Berman, Robert Clive, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 í Bretlandi.
7. Björn Ryel Ólafsson, námsmaður í Kaupmannahöfn, f. 24. júlí 1955 í Danmörku.
8. Boulter, Fred, nuddari í Reykjavík, f. 22. febr. 1956 í Bandaríkjunum.
9. Bui, Thuy Xuan, mælingamaður í Reykjavík, f. 14. júlí 1952 í Víetnam.
10. Campbell, Duncan Wilson, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 5. nóv. 1950 í Skotlandi.
11. Chau, Minh Chi Tran, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 22. des. 1956 í Víetnam.
12. Chinotti, Gerard Marcel Fernand Henri, kennari í Reykjavík, f. 13. júní 1941 í Frakklandi.
13. Christiansen, Johan Sophus Dahl, nemi í Reykjavík, f. 6. mars 1955 í Reykjavík.

14. Coënca, Carol, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. jan. 1953 í Frakkalandi.
15. David, Marie Ivy Doris, húsmóðir á Akureyri, f. 7. apríl 1960 á Mauritius.
16. Du, Cuong Quoc, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júní 1956 í Víetnam.
17. Du, Le Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. sept. 1961 í Víetnam.
18. Du, Minh, Phuoc, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 29. júní 1960 í Víetnam.
19. Du, Quang Phuoc, verkamaður á Stöðvarfirði, f. 9. des. 1958 í Víetnam.
20. Edna María Michaelsdóttir, listakona í Svíþjóð, f. 18. júlí 1958 á Íslandi.
21. Foulger, Gillian Rose, jarðeðlisfræðingur í Reykjavík, f. 19. des. 1952 í Bretlandi.
22. Gaziza, Shanaz Taherali Yusufali, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1955 í Tansaníu.
23. Guldhammer, Lea Hjorth, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 27. sept. 1940 í Danmörku.
24. Hua, Hiep Vinh, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. jan. 1955 í Víetnam.
25. Huynh, Can Kien, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 10. júlí 1949 í Víetnam.
26. Huynh, De, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 5. jan. 1946 í Víetnam.
27. Huynh, Nam De, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1954 í Víetnam.
28. Huynh, Nuoi Nhut, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. des. 1951 í Víetnam.
29. Huÿbens, Hermanus Henricus, matreiðslumaður á Akureyri, f. 18. ágúst 1948 í Hollandi.
30. Hwang, Jin Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. okt. 1954 í Suður-Kóreu.
31. Ilić, Dusan, vörubílstjóri í Reykjavík, f. 28. júní 1955 í Júgóslavíu.
32. Ivan Kári Sveinsson, Reykjavík, f. 19. sept. 1978 á Spáni.
33. de Jesus, Justiniano, verslunarmaður í Reykjavík, f. 4. mars 1938 á Fillippseyjum.
34. Jones, Ellen Rósa, húsmóðir í Grundarfirði, f. 8. jan. 1953 á Íslandi.
35. Lareau, Jean Noel, flugvirki í Reykjavík, f. 28. maí 1956 á Íslandi.
36. Lentz, Walter Ludwig, gleraugnafræðingur á Seltjarnarnesi, f. 6. ágúst 1934 í Þýskalandi.
37. Lewis, Joan, starfsþjálfari á Akureyri, f. 9. nóv. 1946 í Englandi.
38. Loewenstein, Hope Nancey, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 8. sept. 1943 í Bandaríkjunum.
39. Lozanov, Malgorzata, húsmóðir Reykjavík, f. 24. febr. 1949 í Póllandi.
40. Maloney, Róberta Bára, verkakona í Keflavík, f. 9. ágúst 1963 í Bandaríkjunum.
41. Marth, Jochen Wilhelm Paul Otto, verkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júní 1953 í Þýskalandi.
42. Marth, Ulrike Eleonore, fóstra í Djúpárhreppi, Rang., f. 12. mars 1955 í Þýskalandi.
43. McQueen, Frances Jane Milne, húsmóðir á Akureyri, f. 27. nóv. 1942 í Skotlandi.
44. Milijević, Stanko, aðstoðarmaður í brauðgerð í Kópavogi, f. 28. sept. 1952 í Júgóslavíu.
45. Nguyen, Chien Van, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1957 í Víetnam.
46. Nguyen, Ho Van, nemandi í Kópavogi, f. 17. maí 1954 í Víetnam.
47. Nguyen, Man Ngoc, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. des. 1955 í Víetnam.
48. Nilssen, Julianne Marie, húsmóðir í Keflavík, f. 2. okt. 1949 á Íslandi.
49. Papazian, Berjouhi, kennari í Reykjavík, f. 24. okt. 1936 í Írak.
50. Pescia, Enrico Emanuel, verkamaður í Njarðvík, f. 18. sept. 1954 í Bandaríkjunum.
51. Pham, Hang Le, nemandi í Reykjavík, f. 19. jan. 1955 í Víetnam.
52. Renner, Margo Jeanne, listamaður í Vestmannaeyjum, f. 29. des. 1953 í Bandaríkjunum.
53. Romo, Julio Cesar Ocares, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 21. okt. 1952 í Chile.
54. Salas, Jose Manuel Salvador, forstjóri í Reykjavík, f. 14. des. 1949 á Spáni.
55. Schaaber, Ursula Lore, læknir í Reykjavík, f. 17. ágúst 1946 í Þýskalandi.
56. de Sousa, Ruben Araújo, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 17. febr. 1953 í Brasilíu.
57. Stefán Brandur Stefánsson, viðskiptafræðingur í Hafnarfirði, f. 29. okt. 1954 í Bandaríkjunum.

58. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, f. 6. mars 1932 í Þýskalandi.
59. Tamimi, Suleiman, nemi í Reykjavík, f. 1. mars 1955 í Jórdaníu.
60. Tran, Trieu Di, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1949 í Víetnam.
61. Vestergaard, Ingibjörg, matráðskona í Garðabæ, f. 24. apríl 1938 í Færeyjum.
62. Webster, Decarsta Unsont, körfuboltaþjálfari í Hafnarfirði, f. 7. maí 1955 í Bandaríkjunum.
63. Wilhelmsen, Willy Peter, verkamaður í Keflavík, f. 11. okt. 1952 í Noregi.
64. Wilkinson, Bernard Stephen Wilmot, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. mars 1951 í Englandi.
65. Zak, Marjan, verkamaður í Kópavogi, f. 18. júlí 1953 í Júgóslavíu.
66. Zarioh, Mohamed Hamadi, rafsuðumaður á Akureyri, f. 17. okt. 1950 í Marokkó.
67. Þórunn Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 22. jan. 1947 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 728. Tillaga til þingsályktunar [337. mál]

um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun smáfyrirtækja.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu atvinnulífs með aðgerðum til stuðnings við stofnun smáfyrirtækja. Aðgerðir þessar nái m. a. til eftirtalinna atriða:

1) **Fræðsla** verði efld fyrir almenning um stofnun og rekstur smáfyrirtækja, m. a. með samningu fræðsluefnis, útgáfu handbóka og námskeiðahaldi.
2) **Tímabundin, ódýr sérfræðiþjónusta** verði veitt stofnendum smáfyrirtækja, t. d. með rekstrarráðgjöf, bókhaldsaðstoð, markaðskönnunum, lögfræðiþjónustu og aðstoð við vöruþróun.
3. **Fjárhagslegur grundvöllur fyrir stofnun smáfyrirtækja** verði styrktur t. d. með eftirfarandi hætti:
   a) **Lánsábyrgðir smáfyrirtækja.** Ríkisábyrgðir verði veittar á stofnlánum til smáfyrirtækja. Ábyrgð nemi allt að helmingi lánsupphæðar frá banka. Ríkissjóður taki áhættuvexti er bætist ofan á venjulega útlánsvexti banka. Stefnt sé að því að áhættuvextirnir tryggi hallalausan rekstur ábyrgðakerfisins.
   b) **Bankar og lífeyrissjóðir** verði hvattir til að leggja fram áhættufé til stofnunar smáfyrirtækja.
   c) **Tímabundin niðurfelling eða frestur** verði veitt á greiðslu opinberra gjalda.

Greinargerð.

I. KAFLI. EFLING ATVINNULÍFS.

Einhver algengasta ræða íslenskra stjórnmálamanna er um nauðsyn þess að fjölga atvinnugreinum. Þetta er kallað ýmsum nöfnum, svo sem að renna fleiri stoðum undir, að auka fjölbreytni, að brydda á nýjungum, að fjölga burðarásum o. s. frv. Þrátt fyrir óþrjótandi hugkvæmni við nafngiftirnar hefur árangurinn látið á sér standa. Enn þá er íslenskt atvinnulíf einhæft. Enn þá bíðum við fjölbreytileikans.

Hvers vegna er þörf á nýbreytni í atvinnulífi?

Ástæðurnar eru ýmsar og má nefna t. d.:

a. Á næstu 15 árum, þ. e. til aldamóta, mun gífurlegur fjöldi ungmenna koma á vinnumarkaðinn, líklega nærri 20 þúsund talsins.

b. Vegna samdráttar og breyttra atvinnuhátta, svo sem aukinnar sjálfvirkni og tölvuvæðingar, munu landbúnaður og sjávarútvegur ekki taka við auknum fjölda fólks á komandi árum. Þvert á móti mun störfum þar í heild fara fækkandi. Það er brýnt að nýr atvinnurekstur komi í staðinn. Sá rekstur þarf að vera af því taginu sem gæti unnið gegn óheppilegum afleiðingum byggðaröskunar og félagslegrar upplausnar.

c. Sú lækkun verðbólgu, sem náðst hefur með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar frá því í maí 1983, byggist, því miður, eingöngu á aðgerðum í launamálum. Það er augljóst að launafólk hefur tekið á sig verulegar byrðar og mun bera þær enn um sinn. Hver ársfjórðungur, sem þjóðin býr við þessi skertu lífskjör, er henni þungbær og verður ekki endurgreiddur.

Hvað þarf til að bæta lífskjörin til frambúðar?

Í fyrsta lagi þarf að hyggja að ýmsum **gömlum fyrirtækjarekstri** og uppræta þar ýmis rótgróin vandamál íslensks þjóðarbúskapar, sem eru m. a. fjáraustur í ríkisrekin hallærisfyrirtæki, glórulausar fjárfestingar í sjávarútvegi og landbúnaði, millifærslur og ölmusugjafir. Í þessum tilfellum er í engu sinnt sjálfsögðum kröfum um arðsemi og heilbrigðan rekstur fyrirtækja, sem framtíðarþróun öflugs efnahagslífs verður að byggja á. Þessi rekstur er heldur ekki samboðinn fólki sem vill standa á eigin fótum. Það er staðreynd að atvinnurekendur og launafólk á Íslandi er orðið langþreytt á því að þurfa að vera bónbjargarmenn við borð stjórnmálamannanna. Þetta fólk vill bera ábyrgð á gerðum sínum.

Í öðru lagi þarf að byggja **ný fyrirtæki** undir forsjá fólksins í landinu. Þessi fyrirtæki eiga að byggja á framtaki einstaklinga og frjálsum samtökum þeirra. Þau þurfa að fá að bera arð til nýsköpunar og fjárfestingar og að greiða aðstandendum eðlilegan hagnað. Slíkt þurfa skattalög að tryggja. Með slíkum atvinnurekstri er hægt að endurreisa lífskjörin í landinu.

d. Á Vesturlöndum eru þegar orðnar miklar breytingar á atvinnuháttum. Þar hefur **þriðja iðnbyltingin** hafið innreið sína. Einkenni **fyrstu iðnbyltingarinnar** var **vélaraflið** sem gufuvélin leysti fyrst úr læðingi. Einkenni **annarrar iðnbyltingarinnar** var **stóriðjurekstur risafyrirtækjanna** á síðustu áratugum sem byggðist á framförum í tækni og vísindum og verksmiðjur efna- og málmiðnaðarins eru dæmi um. Einkenni **þriðju iðnbyltingarinnar** eru hins vegar **hugvit og þekking einstaklinga** sem nýtist með framtaki þeirra og atorku í fyrirtækjum sem flest eru lítil hvað varðar starfsfólk og fjármagnsþarfir. Þar er fjárfesting fyrir hvern starfsmann margfalt lægri en í stóriðjunni.

Þessi fyrirtæki þriðju iðnbyltingarinnar hafa t. d. haslað sér völl í nýtæknigreinunum svokölluðu, þ. e. örtölvutækni og líftækni. Þessar greinar hafa þegar valdið stórkostlegum breytingum á þjóðfélagsgerð Vesturlanda (örtölvutæknin) og munu verða undirstaða atvinnulífs næstu aldar (líftækni).

Á hvaða sviðum er hægt að færa út kvíarnar?

Í sjávarútvegi og landbúnaði verður ekki hægt að fjölga störfum. Því veldur fyrirsjáanlegur samdráttur og breytingar á vinnsluaðferðum sem minnka þörf á vinnuafli.

Í **landbúnaði** er unnið ötullega að því að kynna nýjar búgreinar svo sem loðdýrarækt, fiskeldi, ferðaþjónustu, nýtingu hlunninda og fleira. Þarna er um mikilvæga nýbreytni að ræða sem stuðlar að nýtingu náttúruauðlinda okkar. Þessar nýju greinar ber að efla og það er nauðsynlegt að halda áfram leitinni að öðrum tækifærum. Þessar greinar munu hins vegar ekki fjölga störfum í landbúnaði. Þeim mun fækka **í heild** vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í hinum hefðbundnu búgreinum, aðallega sauðfjárrækt.

Í **sjávarútvegi** er mikilla breytinga þörf. Þar er löngu orðið tímabært að endurskipuleggja verðlagningarkerfi, gæðaeftirlit og alla rekstrarhætti greinarinnar. Millifærslunum og sjóðadansinum, sem nú ríkir, verður að linna. Þar verður að draga fólk til aukinnar ábyrgðar á eigin rekstri og hætta að greiða niður hallærisfyrirtæki. Einnig verður að tryggja eðlilega eigin fjármunamyndun fyrirtækja sem vel eru rekin, þannig að þau geti fjármagnað starfsemi sína, nýjungar, rannsóknarstarfsemi, bættan aðbúnað starfsfólks o. fl. Hugsanlegt er að taka verði upp sölu veiðileyfa á næstu árum. Í kjölfar slíkrar ráðstöfunar yrði veruleg breyting á rekstrarháttum sjávarútvegsins. Sennilega myndi útgerðar- og vinnsluaðilum fækka verulega.

Hinir hefðbundnu nytjastofnar við Ísland virðast nú næstum fullnýttir. Það er hugsanlegt að auka að einhverju leyti sókn í einstaka stofna, eins og t. d. úthafsrækju, og gera tilraunir með veiðar sem ekki hafa verið stundaðar áður, eins og t. d. á ígulkerum. Í langan tíma hefur verið talað um fullnýtingu sjávarafla og nýjar vinnslugreinar, t. d. í niðursuðu. Í slíkum tilfellum þarf að fylgjast að hráefnisöflun, þekking á vinnslu og þekking á markaði og sölutækni. Á þessu sviði eru vafalaust ónýtt mörg tækifæri.

Þegar tekið er tillit til allra þessara þátta í sjávarútvegi og óvissunnar um framtíð þeirra er augljóslega erfitt að gera nákvæma áætlun um vinnuaflsþörf þar í framtíðinni. En breyttir atvinnuhættir og ástand helstu nytjastofna munu líklega valda því að atvinnutækifærum í sjávarútvegi fjölgar ekki, jafnvel þótt farið yrði út í fullnýtingu afurða og nýjar vinnslugreinar.

Í hefðbundnum **iðnaði** er ekki talið að verði veruleg mannaflaaukning á næstunni. Ýmsar greinar hans hafa átt við talsverð vandamál að stríða, svo sem húsgagnaiðnaður. Þau vandamál eru ekki aðeins hér á Íslandi, heldur og í löndunum í kringum okkur. Sams konar erfiðleika hefur gætt í vefnaðar- og fataiðnaði og þetta tengist breyttum atvinnuháttum, tækni og sjálfvirkni, ódýru vinnuafli í Suður-Evrópu eða Austurlöndum og fleiri þáttum sem hafa gert það að verkum að á brattann hefur verið að sækja. Í löndunum í kringum okkur hefur mest aukning orðið í þeim hluta iðnaðarins sem kenndur er við nýtæknigreinarnar, þ. e. tölvutækni, líftækni, fjarskiptatækni og þess háttar, vafalaust mun svo verða hér einnig, en nánar verður vikið að því síðar.

Í **stóriðju** eru ýmsar tillögur uppi. Jafnvel þótt öll áformuð stóriðjufyrirtæki yrðu reist fyrir aldamót, svo sem í Straumsvík, Eyjafirði og Reyðarfirði, er líklegt að bein vinnuaflsþörf þeirra yrði innan við 1000 ársverk. Þessari stóriðju mundu síðan tengjast ýmiss konar þjónusta og afleiddur iðnaður. Atvinnutækifærin yrðu hins vegar tiltölulega fá miðað við þá gífurlegu fjárfestingu sem að baki þeim lægi í orkumannvirkjum og iðjuverum. Stóriðja af því taginu, sem hugmyndir eru um hérlendis, **er leið til að nýta auð í fallvötnum frekar en fólki.** Fram til aldamóta þarf að finna 20 þúsund Íslendingum atvinnu.

Atvinna nýrrar aldar.

Kunnáttumenn telja að Vesturlönd muni hafna stóriðjukostinum í síauknum mæli en snúa sér frekar að nýtæknigreinunum eins og tölvutækni, líftækni, fjarskiptatækni,

geimtækni og þess háttar. Þessi staðreynd ætti að vera Íslendingum til umhugsunar sem um árabil hafa fylgt þeirri stefnu að nýting fallvatna til stóriðju væri þeirra eina von til aukinnar hagsældar.

Á Vesturlöndum er vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu á sviði nýtæknigreinanna. Undirstaða þeirra er **þekking og hugvit.** Bismark sagði forðum að framtíðin væri þeirrar þjóðar sem ætti bestu skólana. Það sannast enn einu sinni nú þegar **tæknimenntunin** hefur verið undirstaða tölvubyltingarinnar sem er stórkostlegasta framrás í atvinnulífi síðustu áratuga. Í fyrstu var bygging tölvanna undirrót atvinnusóknarinnar og nú er framleiðsla hugbúnaðar ein þeirra greina sem örast vaxa. Af sama toga þekkingar og hugvits er **líftæknin.** Einfaldari greinar hennar, svo sem öl- og ostagerð hafa verið þekktar frá örófi alda. Á síðari árum hafa orðið geysilegar framfarir í líftækni þegar notkun ýmissa lífhvata í iðnaðarskyni hefur færst í vöxt, svo sem til sykurgerðar. Við stöndum hins vegar nú á þröskuldi stórkostlegustu framfaranna í greininni þar sem farið er að beita aðferðum erfðaverkfræðinnar við breytingar á erfðaeiginleikum fruma, t. d. gerla og sveppa. Þannig er hægt að búa til nýjar örverur sem geta framleitt ný efni á ódýrari og stórvirkari hátt en áður hefur þekkst. Þessar aðferðir erfðatækninnar munu einnig nýtast til stórkostlegra framfara í læknisfræði.

Eins og áður segir er hugvit og þekking undirstaða þessara nýju tæknigreina.

Þjóð, sem á í efnahagsörðugleikum og býr sig undir sókn til bættra lífskjara, ætti því að styrkja skólakerfi sitt og bæta aðbúnað nemenda og kennara. Þá ætti það að vera stjórnvöldum landsins umhugsunarefni að **kennslustörf á öllum stigum skólakerfisins eru láglaunastörf.** Menn skyldu spyrja sig hvort þannig sé tryggt að þjóðin njóti bestu hugsanlegu leiðsagnarinnar inn í 21. öldina sem verður öld menntunar, þekkingar og hugvits.

Menntun, þekking og hugvit.

Þegar John F. Kennedy Bandaríkjaforseti setti þjóð sinni það takmark að senda mann til tunglsins mátti finna áhrifin á mörgum sviðum þjóðlífsins. Greinilegastar voru þó breytingarnar í skólakerfi landsins sem naut ríkulegri uppbyggingar en nokkru sinni áður í kjölfar þessarar stefnumörkunar forsetans. Á öllum sviðum raunvísinda voru rannsóknir og kennsla aukin stórkostlega. Afleiðingar þessarar áætlunar eru öllum kunnar. Maður komst til tunglsins en um leið þróuðust ótal fylgifiskar geimferðaáætlunarinnar, allt frá tefloni á pönnur til tölva upplýsingabyltingarinnar. Tölvuöldin, eins og við þekkjum hana nú, er ein af niðurstöðum þessarar stórkostlegu eflingar vísinda og tækni.

Sé tekið mið af Vesturlöndum verja Íslendingar tiltölulega minnstu fé til rannsókna í tækni og vísindum. Stór hluti íslenskrar rannsóknaviðleitni er í þjónustuskyni við ýmsan atvinnurekstur, svo sem landbúnað og fiskvinnslu eða er hluti af þjónustustofnunum heilbrigðiskerfisins. Slík þjónusta er auðvitað sjálfsögð og nauðsynleg en má hins vegar ekki rugla saman við rannsóknir sem eru til öflunar nýrrar þekkingar eða atvinnutækifæra.

Ein meginforsenda þess að Íslendingar geti bætt lífskjör sín á næstu árum er að þeir efli rannsóknarstarfsemi. Þannig þarf að efla frjálsar rannsóknir hjá rannsóknastofum atvinnuveganna, háskólans og heilbrigðisstofnananna. Einnig þarf að auka verulega rannsóknavinnu hjá fyrirtækjum. Fjöldi íslenskra fyrirtækja er nægilega stór til að reka eigin rannsóknastofur þar sem farið gætu fram rannsóknir á nýjum möguleikum og þjónusta og eftirlitsrannsóknir við framleiðslu fyrirtækjanna.

Hinar auknu rannsóknir þurfa bæði að beinast að uppgötvunum nýrrar þekkingar og tækifæra til atvinnu og að því að staðfæra og nýta upplýsingar og hugmyndir annars staðar frá. Erlendis skýtur á hverju ári upp kollinum fjöldi nýjunga í atvinnumálum og vísindum. Þessar upplýsingar þarf að nýta. Þessi þekkingarmiðlun er raunar viðfangsefni hinnar nýju upplýsingastefnu, og það mun hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks þjóðfélags og þeirra gæða sem það býður þegnum sínum í framtíðinni að hér verði sem fyrst mörkuð stefna í þessum málum.

Útdráttur.

Til að bæta lífskjör á Íslandi í nútíð og framtíð er nauðsynlegt að hefja nýjan atvinnurekstur. Í landbúnaði og sjávarútvegi er hans þörf til að mæta samdrætti sem verður vegna ofnýtingar og breyttra atvinnuhátta. Stóriðja nýtir fallvötn en ekki fólk. Vaxtarbroddur á næstu árum verður í nýtæknigreinunum. Undirstaða þeirra er þekking og hugvit sem á uppsprettu sína í góðu skólakerfi og öflugri rannsóknarstarfsemi.

II. KAFLI. SMÁFYRIRTÆKI.

Nýlegar rannsóknir hafa sannfært menn um að smáfyrirtæki standa fyrir flestum nýjum störfum og mestum hagvexti. Þau sýna mikla nýsköpun og framtak. Þessi fyrirtæki eru næstum þau einu sem leggja til ný störf í iðnaði og þjónustu. Hlutur þeirra í heildaratvinnu í framleiðsluiðnaði hefur aukist víða. Í mörgum OECD-löndum virðast smáfyrirtækin hafa staðið sig betur í kreppu undanfarinna ára heldur en þau stóru.

Rannsókn, sem gerð var í OECD-löndunum á árunum 1977 og 1978, bendir til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki hafi lagt til 40—70% í allri atvinnu í iðnaði. Lægri tölurnar, 40—45%, fundust í löndum eins og Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, þ. e. a. s. löndum sem eiga sér langa iðnaðarsögu og eru stór á evrópska vísu. Hæstu hlutföllin, þ. e. a. s. 60—70%, voru í minni löndum, svo sem Sviss, Danmörku og Belgíu. Framleiðsluhlutur þessara fyrirtækja var minni en hlutdeild þeirra í atvinnutækifærunum sem þýðir að þau kröfðust tiltölulega meira vinnuafls en stóru fyrirtækin.

Smáfyrirtæki skapa vinnu.

Vísindamenn við Tækniháskóla í Massachusettes gerðu athugun á bandarískum fyrirtækjum á árunum 1969—1976. Þessi rannsókn sýndi að næstum tveir þriðju hlutar allra nýrra starfa mynduðust hjá fyrirtækjum sem höfðu 20 starfsmenn eða færri.

Bandaríska viðskiptaráðuneytið gerði aðra rannsókn. Þar var bandarískum fyrirtækjum skipt niður í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru rótgróin fyrirtæki. Í öðrum hópnum voru fyrirtæki sem höfðu fylgst vel með tímanum og sýnt góð merki nýsköpunar. Í þriðja hópnum voru ný fyrirtæki í svo kölluðum nýtæknigreinum, svo sem rafeindaiðnaði, upplýsingaiðnaði og þess háttar. Vöxtur í sölu og atvinnu á árunum 1969—1974 hjá þessum fyrirtækjum var mældur. Gömlu, grónu fyrirtækin sýndu einungis 1% fjölgun á störfum, framsýnu fyrirtækin í öðrum flokk höfðu 4,3% aukningu á störfum en nýtæknifyrirtækin sýndu 41% aukningu á störfum.

Sölutölur gáfu svipaða niðurstöðu. Gömlu grónu fyrirtækin juku sölu um 11,4%. Fyrirtækin í öðrum flokki juku sölu um 13,2% en nýju fyrirtækin sýndu 43% vöxt í sölu. **Þessar tölur ítreka að fjölgun starfa verður hjá nýjum smáfyrirtækjum.**

Smáfyrirtæki, uppspretta nýsköpunar.

Eins og áður er vikið að sýna smáfyrirtæki yfirleitt betri merki nýsköpunar. Bandarískar rannsóknir sýna að á 20 ára tímabili, milli 1950 og 1970, kom fjórðungur mikilvægra tækninýjunga á markaðinn frá litlum fyrirtækjum.

Smáfyrirtæki hafa ýmsa fleiri kosti en þessa. Þau geta hentað vel til að endurreisa eða styrkja atvinnuástand í borgarhluta eða bæjarfélagi sem hefur átt í erfiðleikum. Smáfyrirtæki geta verið ágætis uppspretta hlutastarfa sem henta fjölskyldum, bæði foreldrum og unglingum í ýmsum tilfellum. Annað dæmi um efnahagslegan ávinning sést í borgum, þar sem smáfyrirtæki, sem dreift er um borgina, minnka akstur og flutning fólks til og frá vinnu. Að slíku er mikill sparnaður bæði í vegaframkvæmdum og almenningsfarartækjum. Þessar röksemdir eiga ágætlega við á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í mörgum bæjarfélögum á Íslandi er atvinnulíf einhæft og byggist upp á rekstri örfárra stórra fyrirtækja í fiskiðnaði. Á slíkum stöðum er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í atvinnuháttum, ekki einungis til að vernda hagsmuni bæjarfélagsins gegn sveiflum í grunnatvinnugreinunum, heldur, og ekki síður, til að veita ýmiss konar þjónustu og til að veita atvinnu því fólki sem ekki má eða vill vinna við grunnframleiðslugreinarnar. Þannig geta smáfyrirtæki skapað félagslegar aðstæður sem eru bæjarfélaginu og íbúum þess til mikilla hagsbóta.

Af þessum ástæðum ættu stórfyrirtæki víða um land að huga að því sérstaklega hvort þau geta ekki beinlínis stutt við stofnun smáfyrirtækja með ýmiss konar þjónustu og hjálparaðgerðum. Slík hefur orðið raunin víða erlendis.

Smáfyrirtæki, umhverfi fyrir fólk.

Í löndum, þar sem smáfyrirtækjarekstur stendur í blóma, hefur þess talsvert orðið vart að starfsfólk flytji sig úr stórfum hjá stórfyrirtækjum og fari til smáfyrirtækja. Ástæðurnar segir það m. a. vera aukið frjálsræði í stjórnun og samskiptum fólksins innan fyrirtækjanna. Það skiptir miklu máli að samráð milli starfsfólks sé á hverjum tíma sem allra best og það taki höndum saman við uppbyggingu fyrirtækisins. Í því sambandi er rétt að benda á ýmsar kenningar í stjórnun sem leggja mikla áherslu á lýðræðislega stjórnarhætti í fyrirtækjum samfara greinilega afmarkaðri ábyrgð. Fólk, sem hefur flutt sig til smáfyrirtækja, hefur einnig tilgreint þær ástæður að í mörgum tilfellum sé þar betri fjárhagsleg afkoma. Í litlum fyrirtækjum er launakerfið oft óbundnara og starfsmenn geta þar haft frjálsari hendur um að semja sjálfir um eigin laun við vinnuveitendur sína. Það er mikilvægt að launasamningakerfið sé þannig að starfsfólk megi á hverjum tíma njóta þess þegar vel gengur.

Í þessu sambandi getur þurft að huga sérstaklega að hlutverki verkalýðsfélaga. Það getur verið smáfyrirtækjum mjög erfitt ef starfsmenn þeirra eru í mörgum verkalýðsfélögum. Í þessu sambandi er vert að líta á tillögur Bandalags jafnaðarmanna um full réttindi vinnustaðafélaga til lögformlegra samninga. Reyndar hafa nú á síðustu mánuðum verið uppi umræður hjá verkalýðssamtökunum í landinu um endurskoðun á fyrirkomulagi launasamninga.

Útdráttur.

Hér hefur verið fjallað um ýmsa kosti smáfyrirtækja. Þar má nefna nýsköpun í atvinnuháttum, mikla vinnuaflsþörf, gott atvinnuumhverfi fyrir starfsfólk og betri fjárhagslega afkomu þess. Fjárfesting að baki hverju starfi í smáfyrirtæki er mörgum sinnum minni en í stóriðju. Önnur dæmi um efnahagslegan og félagslegan ávinning af þeim eru að veita fjölbreytni í atvinnu og þjónustu bæjarfélaga eða borgarhverfa og minnka þarfir á fólksflutningum vegna atvinnu.

III. KAFLI. FRÆÐSLA.

Fræðsla um atvinnulíf og stofnun smáfyrirtækja þarf að vera tvenns konar. Í fyrsta lagi þarf hún að vekja áhuga á atvinnulífi og fyrirtækjarekstri og veita almenna undirstöðu. Í öðru lagi þarf sérhæfða fræðslu um ákveðin atriði, t. d. um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Sú fræðsla þarf að vera af ýmsu tagi. M. a. má nefna eftirtalin atriði:

a) **Lögfræðileg atriði.** Þar þarf að gera fólki almenna grein fyrir ábyrgð og skyldum þeirra sem standa að stofnun og rekstri fyrirtækja. Það þarf að gera grein fyrir löggjöf um ýmis félagaform, skattamál, bókhaldsskyldu og fleira.

b) **Fjármál.** Nauðsynlegt er að gefa almennar upplýsingar um lánasjóði, bankastarfsemi, gerð fjárhagsáætlana, rekstraráætlana og lánaumsókna svo dæmi séu nefnd.

c) **Markaðsmál og sölumennska.** Það er nauðsynlegt að væntanlegir atvinnurekendur geri sér grein fyrir mikilvægi þessa málaflokks. Þetta er raunar sá liðurinn í fyrirtækjarekstri á Íslandi sem mest hefur orðið útundan. Á þessu sviði þarf að gefa grundvallarhugmyndir um markaði, einkenni þeirra, markaðskannanir og aðferðir við sölu á varningi eða þjónustu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að almennt er brýn þörf á skólahaldi og menntun fyrir fólk sem gæti stundað sölustörf á erlendum mörkuðum. Til að ná árangri á því sviði þarf umfangsmikla vöruþekkingu, góða kunnáttu í tungumáli viðkomandi markaðar, skilning á einkennum og lífsmynstri viðkomandi þjóða, dugnað og ósérhlífni.

d) **Vöruþróun, stjórnun og fleira.** Markmið með fræðslu af þessu tagi ættu í fyrsta lagi að vera þau að gefa fólki hugmynd um þá ábyrgð, áhættu og möguleika sem svona rekstri fylgir. Einnig þyrfti öllum að vera ljós þörfin á aðhaldi og arðsemi.

Í öðru lagi ættu markmið að vera þau að gefa þeim sem frekar vilja kynna sér málin og spreyta sig á viðfangsefninu nánari innsýn inn í ýmsa efnisflokka eins og þeir voru raktir hér á undan.

Þessa fræðslu má inna af hendi með ýmsum hætti:

a) **Fræðsluefni fyrir fjölmiðla.** Hugsanlegt er að gera þætti til flutnings í fjölmiðlum. Í þessu sambandi má geta þess að breska sjónvarpið BBC hefur útbúið þætti til sýningar í sjónvarpi sem fjalla um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Hugsanlegt væri að gera þætti fyrir útvarp, sjónvarp eða til birtingar í dagblöðum og tímaritum.

b) **Útgáfa handbóka.**

c) **Námskeiðahald.** Námskeið, sem fjalla mundu um þessi efni, mætti skipuleggja og halda á ýmsan hátt, til dæmis sem **valnámskeið** í mennta- og fjölbrautaskólum, verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans, iðnskólum, tækniskólum og fleiri sérgreinaskólum. Auk þess mætti halda námskeið í starfsmannafélögum og verkalýðsfélögum. Einnig er hægt að stofna námsstöður í fyrirtækjum sem væru í tengslum við viðskiptanám í skólum. Þangað gætu nemendur farið í lengri eða skemmri tíma og kynnst þessum málum af eigin raun.

Sumar þeirra hugmynda, sem hér eru settar fram, hafa þegar verið reyndar hérlendis. Á vegum iðnaðarráðuneytisins, félagasamtaka og iðnráðgjafa landshlutanna hafa verið haldin námskeið um skylda hluti.

Í fréttabréfi Iðntæknistofnunar Íslands í mars 1984 er skýrt frá fjölsóttum námskeiðum á Suðurnesjum um atvinnurekstur. Þar segir:

„Í vetur hafa verið haldin á Suðurnesjum þrjú námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja, eitt fyrri hluta vetrar í Grindavík og tvö standa nú yfir í Keflavík og eru á þeim yfir 20 manns. Námskeiðin eru haldin á vegum iðnráðgjafa Suðurnesja og standa yfir fjögurra mánaða tímabil. Haldnir eru átta vinnufundir, fjóra tíma í senn, og veitt aðstoð tvisvar í mánuði, fyrir hvern fund. Veitt er ráðgjöf um vöruþróun, lánasjóði og fleira og aðstoðað við gagnasöfnun, markaðsleit, áætlanagerð og þess háttar. Að sögn Jóns Unndórssonar iðnráðgjafa hafa komið fram margar athyglisverðar hugmyndir á námskeiðunum og sum fyrirtækjanna eru þegar farin af stað. Fyrirhuguð eru fleiri slík námskeið víðar á Suðurnesjum."

IV. KAFLI. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA.

Það er augljóst að ýmiss konar sérfræðiþjónusta er nauðsynleg fyrir allan rekstur fyrirtækja. Í stórum fyrirtækjum er þessari þörf mætt með því að hafa ýmiss konar sérfræðinga í vinnu hjá fyrirtækinu, svo sem lögfræðinga, verkfræðinga, tölvufræðinga o. s. frv. Smáfyrirtæki þurfa ekki að njóta óskiptra starfskrafta svona sérmenntaðs fólks, en þurfa hins vegar að eiga greiðan aðgang að þekkingu þeirra þegar þörf er á. Útseld þjónusta af þessu tagi er nokkuð dýr og getur verið þungur baggi fyrir rekstur fyrirtækis sem er að hefja starfsemi, en þá er þörfin fyrir slíka þjónustu e. t. v. brýnust og fjármagnsstaðan erfiðust.

Það er skynsamlegt að örva stofnun atvinnufyrirtækja með því að aðstoða þau við að fá ódýra, tímabundna sérfræðiþjónustu af þessu tagi á meðan þau eru að komast á legg. Það er hægt að gera á ýmsan hátt, t. d. með því að setja á stofn sérstaka þjónustuaðila í þessu skyni eða með því að veita nýjum fyrirtækjum fjárhagslega styrki til að kaupa þessa þjónustu af öðrum. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um þjónustu sem nauðsynlegt er að veita:

a) **Tæknismiðja.** Það er nauðsynlegt að koma á fót tæknismiðju þar sem hugvitsmenn geta unnið að úrfærslum á hugmyndum sínum með aðstoð tæknimanna. Þannig er hægt að kanna hvort og hvernig ástæða sé til að eyða fé og fyrirhöfn til frekari kynningar og markaðsathugana fyrir viðkomandi framleiðslu.

b) **Tengsl við skóla og rannsóknastofur.** Það færist nú mjög í vöxt erlendis að háskólar eða rannsóknastofnanir og fyrirtæki hafi með sér samvinnu um þróun nýrrar framleiðslu, vöru eða þjónustu. Að hluta er þetta svar háskólanna við minnkandi framlögum frá ríkinu til rannsókna á tímum kreppu í efnahagsmálum. Að hluta er þetta einnig til komið vegna þess að á þennan hátt er leidd saman þekking frá ólíkum sviðum. Rannsóknarmennirnir úr háskólunum hafa fræðilega þekkingu á viðkomandi sviði, en fólkið úr fyrirtækjunum þekkir þarfir og möguleika markaðanna. Þar er skynsamlegt að hafa milligöngu um að koma á þessum samskiptum.

Í þessum tilfellum geta báðir aðilar grætt þar sem nemendur og kennarar hagnast á að fá tækifæri til að útfæra bæði í vísindaskyni og í þjálfunarskyni ýmsar hugmyndir. Fyrirtækin græða að sínu leyti á því að láta kanna fyrir sig hugmyndir sem gætu síðan reynst verðugar til frekari útfærslu. Með þátttöku nemenda í rannsóknastörfum af þessu tagi eru aukin tengsl þeirra við atvinnulífið.

c) **Ýmiss konar þjónusta.** Eins og vikið hefur verið að hér að framan er skynsamlegt að veita smáfyrirtækjum tímabundna aðstoð í ýmsu sem varðar rekstur þeirra svo sem bókhald, rekstrarráðgjöf, tölvuþjónustu, auglýsingagerð og umbúðahönnun svo nokkur dæmi séu nefnd.

V. KAFLI. AÐGERÐIR Í FJÁRMÁLUM.

Grundvallarforsenda fyrir aukningu fyrirtækjarekstrar undir forsjá einstaklinga eða samtaka þeirra er tilvist áhættufjármagns. Á fjármagnsmarkaði, þar sem vextir eru frjálsir, geta smáfyrirtæki átt erfitt uppdráttar vegna þess að lán eru dýrari til þeirra. Einnig eru þeim settar strangari kröfur um ábyrgðir en stórfyrirtækjum. Við þessar aðstæður geta smáfyrirtækin átt mjög erfitt með að fá fjármagn. Smáfyrirtæki í framleiðslugreinum geta lent í því að það sé nauðsynlegt framleiðslu þeirra að þau auki við sig til að sinna eftirspurn og valda ekki vonbrigðum á markaði. Reynslan erlendis hefur sýnt að á því stigi verði mörg slík fyrirtæki gjaldþrota. Þeim tekst ekki að útvega nægilegt fjármagn eða fjármagn á nægilega góðum kjörum til að auka reksturinn.

Það eru fleiri orsakir til þess að stórfyrirtæki eiga að ýmsu leyti auðveldara uppdráttar í viðskiptalífinu. Þau geta fengið afslætti frá fyrirtækjum sem leggja þeim til rekstrarvörur vegna þess að þau gera stóra samninga. Þau geta síðan á líkan hátt veitt sínum eigin viðskiptavinum afslátt af eigin vörum. Opinber fyrirtæki hafa venjulega tilhneigingu til að kaupa af stórum fyrirtækjum og ýta þannig undir stóru fyrirtækin á kostnað þeirra litlu. Þess vegna gæti það verið hugmynd að ríkisfyrirtæki sneru viðskiptum sínum sérstaklega til smáfyrirtækja til að ýta undir þroskun þeirra og hlutdeild í atvinnulífinu, þó þannig að eðlilegrar samkeppni í verðlagi sé gætt. Á krepputímum eiga smáfyrirtæki líka í erfiðleikum vegna lánskjara til viðskiptavina sinna. Þau þola illa að veita greiðslufresti á seldri vöru eða þjónustu.

Það skiptir miklu máli við örvun atvinnulífs að bankarnir starfi á jákvæðan hátt. Í Þýskalandi og Japan standa bankar nálægt atvinnurekstri. Þeir eru jafnvel með fulltrúa í

stjórnum fyrirtækjanna sem taka virkan þátt í stefnumótun í sambandi við framleiðslu og markaðsáætlanir. Í sumum borgum í Bandaríkjunum hafa bankar verið skyldaðir til að leggja ákveðið hlutfall útlána sinna í áhættu til uppbyggingar atvinnurekstrar í borgarhverfum sem verið er að endurreisa.

Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna hafa yfir gífurlegu fjármagni að ráða. Það er ávaxtað á ýmsan hátt, t.d. með kaupum á skuldabréfum ríkissjóðs, húsnæðissjóðanna svo og þátttöku í byggingu skrifstofuhúsnæðis, samanber hús verslunarinnar. Það er fyllsta ástæða til að athuga hvort ekki beri að hvetja eða jafnvel skylda lífeyrissjóði til að leggja ákveðið hlutfall af tekjum sínum í lánastarfsemi til stuðnings stofnunar smáfyrirtækja.

Þær aðgerðir, sem til greina koma til að styrkja fjárhagslegan grundvöll fyrir stofnun smáfyrirtækja, eru því meðal annarra þessar:

a) **Lánsábyrgðir smáfyrirtækja.** Árið 1981 setti breska ríkisstjórnin af stað lánsábyrgðakerfi fyrir smáfyrirtæki. Samkvæmt því tekur ríkisstjórnin ábyrgð á 80% ákveðinna útlána sem bankar lána smáfyrirtækjum. Ríkisstjórnin tekur 3% vaxtaálag umfram venjulega bankavexti til að mæta afföllum. Þetta kerfi hefur verið mjög vinsælt. Í dag sækja um 200 smáfyrirtæki á hverjum mánuði um lán til sinna viðskiptabanka sem síðan meta lánsumsóknir og leita eftir ríkisábyrgðum. Í lok janúarmánaðar sl. höfðu 13 327 lán verið veitt samkvæmt þessu kerfi að heildarupphæð 439 millj. sterlingspunda, en af þeirri upphæð voru ríkisábyrgðir veittar fyrir 351 millj.

Bankar hafa verið gagnrýndir fyrir að nota ábyrgðarheimildirnar til lánsútvegunar fyrir fyrirtæki sem eru óeðlilega áhættusöm. Reyndin hefur orðið sú að talsvert meira hefur verið um gjaldþrot heldur en reiknað hafði verið með í byrjun þegar þessu kerfi var hrundið af stokkunum 1981 til reynslu. Í þrjú ár var gert ráð fyrir að það stæði undir sér með hinum aukalegu áhættuvöxtum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar, þegar nú er komið, tapað 30 millj. sterlingspunda.

Þetta lánskerfi er til endurskoðunar á þessu vori og til lagfæringar hefur verið ákveðið að lækka ábyrgðarhluta ríkissjóðs í 60% þannig að bankarnir taki á sig hlutfallslega meiri áhættu. Þannig er ábyrgð bankastjóranna og hagdeilda þeirra aukin til þess að meta á raunhæfari hátt hvaða nýrekstur sé líklegur til velgengni. Einnig er lagt til að bankarnir eða rekstrarráðgjafarfyrirtæki fylgist með þeim smáfyrirtækjum sem njóta ríkisábyrgðanna til að tryggja betur skynsamlegan rekstur.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að tekin verði upp hliðstæð ábyrgðaþjónusta hérlendis með milligöngu bankanna og eftirliti hagdeilda þeirra.

b) Eins og þegar hefur verið vikið að er nauðsynlegt að hvetja bankakerfið og lífeyrissjóði landsmanna til að taka virkari þátt í fjármögnun atvinnurekstrar. Í því sambandi er mikilvægt að ríkisvaldið takmarki umsvif sín á fjármálamarkaði til að valda þar ekki óeðlilegri þenslu og vaxtahækkunum.

c) Tímabundin niðurfelling eða frestun á greiðslu opinberra gjalda er möguleg leið til að styðja við stofnun fyrirtækja. Slíkar aðgerðir mundu sérstaklega snúa að sveitarfélögum. Athugandi er að veita þeim aðstoð frá ríkissjóði til að létta undir á þennan hátt.

d) Auk þessara atriða eru fjölmargar leiðir til að styðja við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Þar má nefna byggingu iðngarða sem væru leigðir smáfyrirtækjum í ákveðinn tíma en þau síðan skylduð til að skipta um húsnæði. Þetta mundi hjálpa fyrirtækjum til að komast yfir erfiðasta hjallann í byrjun. Nauðsynlegt væri að tryggja að þau settust ekki að í slíku leiguhúsnæði til frambúðar, til að vera ekki í vegi fyrir þeim sem hugsanlega vildu koma á eftir.

Nefna má ýmsar aðgerðir í skattamálum. Þegar hafa verið gerðar breytingar hérlendis á skattalögum sem munu hugsanlega í framtíðinni hvetja sparifjáreigendur til að leggja fé sitt í atvinnurekstur. Annað dæmi um skattalegar aðgerðir væri að verðlauna fyrirtæki sem

framleiddu til útflutnings. Til greina kæmi að veita þeim skattalega umbun ef til dæmis 35% af framleiðslu þeirra færi á erlendan markað. Þessi ívilnun gæti síðan aukist með vaxandi útflutningi þeirra. Þetta er dæmi um aðgerðir, sem gætu hugsanlega hvatt til aukins útflutnings.

VI. KAFLI. STJÓRN AÐGERÐA

Í tengslum við þær aðgerðir, sem hér hefur verið lýst á fræðslu-, þjónustu- og fjármálasviðinu, er nauðsynlegt að tryggja eðlilega, óvilhalla og faglega stjórnun. Aðgerðir af þessu tagi þurfa að verða með samhentu átaki ríkisvalds, sveitarstjórna, aðildarsamtaka vinnumarkaðarins, skóla, fjölmiðla og allra þeirra sem þarna gætu komið við sögu.

Að svo miklu leyti sem þessi uppbygging atvinnulífsins varðar byggðastefnu má benda á tillögu Bandalags jafnaðarmanna um þróunarstofur landshlutanna. Hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegunar.
4. Þróunarstofur starfi í nánum tengslum við Byggða- og áætlanadeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
5. Þróunarstofur skuli m. a.
   a) sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir;
   b) vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
   c) varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
   d) starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Í greinargerð með tillögunni segir að almenn markmið tillagnanna séu þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Lögð er áhersla á það tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofunum.

Þá er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa, enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna

um almennar kosningar fylkisstjórnvalda sem myndu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Mikil áhersla er lögð á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum, er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Þróunarstofur eiga að starfa í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Einnig er í þessari þingsályktun lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Rétt sé að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, s. s. Vegagerðar, Pósts og síma og Rarik, svo dæmi séu nefnd.

Það skal ítrekað að sú nýsköpun í atvinnulífi sem hér er lýst, má aldrei verða flokkspólitískri greiðastarfsemi að bráð. Því þarf að tryggja fulla ábyrgð og fagleg vinnubrögð allra aðila.

Nauðsynlegt væri að fylgjast stöðugt með framvindu þessa átaks og áhrifum þess á atvinnulíf. Síðan ætti að meta gagnsemi þess vandlega að liðnum ákveðnum árafjölda, t.d. 3—5 árum, og ákveða þá um framtíð aðgerðanna.

Fjármagn til þessara verkefna þarf að nást að mestu með endurskoðun þeirra fjárframlaga sem nú fara til byggðamála, landbúnaðar, sjávarútvegs og orkuframkvæmda. Til greina kæmi að taka erlend lán til þessa verkefnis að einhverju leyti, því að aðgerðir á þessu sviði eru óumdeilanlega með arðbærustu fjárfestingum sem íslenska þjóðin getur ráðist í.

Sþ. 729. Fyrirspurn [338. mál]

til utanríkisráðherra um kaup varnarliðsins á íslenskum afurðum.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Hve miklum upphæðum námu kaup varnarliðsins á síðasta ári á landbúnaðar- og iðnaðarvörum frá íslenskum framleiðendum?
2. Um hvaða vöruflokka var þar helst að ræða?
3. Er talið að unnt sé að auka sölu á íslenskum afurðum og framleiðsluvörum til varnarliðsins frá því sem nú er?

Sþ. 730. Tillaga til þingsályktunar [339. mál]

um stöðvun framkvæmda við útvarpshús.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stöðva framkvæmdir við svonefnt útvarpshús. Gaumgæfileg athugun verði gerð á því áður en framkvæmdir hefjast að nýju hvernig hagnýta megi þetta mannvirki. Sérstaklega verði athugað hvort hugsanlegt sé að koma fyrir í því smáíbúðum, en ella efnt til hugmyndasamkeppni um notkun þess.

Greinargerð.

Menn hafa nú fyrir augunum stórframkvæmdir við byggingu svonefnds útvarpshúss sem þenst út og suður og upp í loft án þess að unnt sé að ímynda sér hvernig þessi ósköp ætti að nota til útvarpsreksturs, nema e. t. v. eitthvert horn hússins.

Ljóst er að þau verðmæti, sem bundin eru í byggingunni, ber að hagnýta eins og best verður á kosið, en framkvæmdir verður að stöðva meðan leiðir eru fundnar út úr ógöngunum.

Sþ. 731. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um vistunarvanda öryrkja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi varðar skjóta lausn á vanda örfárra sjúklinga sem eru svo illa á sig komnir andlega og líkamlega vegna slysa eða annarra áfalla að sjúkrastofnanir geta ekki sinnt þeim. Vandi aðstandenda þessara sjúklinga er í öllum tilvikum óbærilegur og heimilislíf jafnvel stefnt í hættu vegna þess álags sem veru sjúklinganna á heimilinu fylgir og áhyggjum um framtíð þeirra.

Meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að afgreiða tillöguna með rökstuddri dagskrá í „trausti þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar (um málefni þroskaheftra og öryrkja) að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári...“ Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til nefndarinnar kemur fram að fulltrúi þess í stjórnarnefndinni bar tillöguna fram, og segir í bréfi ráðuneytisins að ályktunin hafi verið send því og þar með verði að telja að stjórnvöld hafi þegar tekið á þessu vandamáli og að lausn þess sé í sjónmáli.

Minni hl. nefndarinnar er þessu ósammála og hafnar þessari afgreiðslu. Í greinargerð með áðurnefndri samþykkt stjórnarnefndarinnar kemur fram að hún telur æskilegt að umrædd sjúkradeild verði stofnuð við Kópavogshælið og þar yrði gert ráð fyrir vistun 6—10 sjúklinga, en 10 vistmenn hælisins yrðu þess í stað vistaðir á sambýlum. Minni hl. telur fráleitt að vista þessa sjúklinga á Kópavogshælinu og bendir á hversu mjög sú ráðstöfun bryti í bága við þá stefnu sem löggjafinn hefur markað varðandi málefni þroskaheftra á undanförnum árum. En auk þess er hér um óraunhæfa lausn að ræða þar sem Kópavogshælið er yfirfullt og stefnt að því að fækka þar vistmönnum og engar horfur á að

sambýlisrými verði fáanlegt fyrir þessa 10 vistmenn á þessu ári. Framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra hefur verið úthlutað fyrir árið 1984 og ekkert fé þar eftir. Markmið þingsályktunartillögunnar verður því ekki náð á þennan hátt á þessu ári.

Minni hl. nefndarinnar er fullljóst að með þeim niðurskurði, sem stjórnvöld hafa gert á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um tugi milljóna á þessu ári, er allt fé hans bundið í verkefnum um land allt sem nú er unnið að og byrjað var á í trausti þess að framlög yrðu veitt skv. lögum um málefni fatlaðra. Til þess að leysa vanda þessara fáeinu sjúklinga nú þegar þarf sérstök fjárframlög á þessu ári, fyrst og fremst í því skyni að stofna slíka deild innan Borgarspítalans í Reykjavík eða annarra endurhæfingarstöðva fatlaðra á Reykjavíkursvæðinu. Landssamtökin Þroskahjálp hafa lýst sig samþykk þessu sjónarmiði en í umsögn þeirra um þáltill. segir svo:

„Stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar telur heppilegast að leysa vanda þessa fólks með því að koma upp sérstakri deild í nágrenni og tengslum við stofnun sem þegar sinnir endurhæfingu og hjúkrun, auk þess að efla stuðning við hjúkrun og endurhæfingu í heimabyggð þeirra sem í hlut eiga."

Í umsögn dr. med. Ásgeirs B. Ellertssonar segir einnig svo:

„Ég hallast helst að því að viðkomandi einstaklingar fái þá hjúkrun, sem með þarf, í heimabyggð á hjúkrunarheimilum, hjúkrunardeildum eða sjúkradeildum svæðissjúkrahúsa. Með þessu móti varðveitast best fjölskyldu-, vináttu- og önnur félagsleg tengsl viðkomandi einstaklinga og blöndun við aðra sjúklingahópa verður eðlileg. Hjúkrunarþyngd þessa fólks er mikil en dreifist á fleiri hendur með þessu fyrirkomulagi."

Minni hl. telur að þetta sé unnt að gera á skömmum tíma ef vilji hins háa Alþingis er ljós, og sættir sig ekki við óljós loforð um sjóðsfé, sem ekki er til, og lausnir sem brjóta í bága við markaða stefnu í velferðarmálum fatlaðra. Hann leggur því til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1984.

Guðrún Helgadóttir, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 732. Nefndarálit [3. mál]

um till. til þál. um sölu ríkisbanka.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um sölu ríkisbanka og leggur minni hl. nefndarinnar til að tillagan verði samþykkt. Af sex umsagnaraðilum tóku ekki nema tveir afstöðu til tillögunnar. Hræðsla flestra umsagnaraðila við að taka afstöðu og þær skoðanir, sem birtast í sumum umsagnanna, sýna að aðilar gera sér grein fyrir að hér er verið að hreyfa við grunni stjórnkerfis okkar og aðaltækisins í stjórn (óstjórn) íslenskra efnahagsmála síðastliðin 50 ár. Atburðir undanfarinna mánaða sýna nauðsyn þessa máls og að hagsmunum hverra er vegið.

Eitt gleggsta dæmið um pólitíska spillingu þess kerfis, sem við nú búum við, er það offors og ofurkapp sem formaður Sjálfstæðisflokksins hefur lagt á að tiltekinn þingmaður flokksins, sem enga reynslu hefur af bankastörfum svo vitað sé, yrði bankastjóri. Þau ummæli, sem formaður Sjálfstæðisflokksins leyfir sér að viðhafa vegna ráðningar bankastjóra Búnaðarbankans, báru þess vitni að formaðurinn treysti síður heiðarlegu starfsfólki

bankans til að gæta þeirra hagsmuna sem hann telur mikilvægasta. Þetta síðasta þjóðþrifamál Sjálfstæðisflokksins hefur nú verið farsællega leitt til lykta með því að fyrrverandi þingmaður flokksins, og núverandi tengdafaðir formannsins, hefur staðið upp úr sínum bankastjórastól í Útvegsbanka Íslands og bjargað þannig hagsmunum flokks og formanns. Þessir atburðir sýna að sú fullyrðing stendur óhögguð að núverandi skipan bankakerfisins þjónar fremur hagsmunum flokkanna en fólksins og því leggur minni hl. til að þingsályktunin verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1984.

Stefán Benediktsson.

Ed. 733. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans, Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri Járnblendifélagsins og Ragnar Árnason lektor komu á fund í nefndinni til viðræðna um málið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar sérálíti.

Alþingi, 3. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Davíð Aðalsteinsson, frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.
Lárus Jónsson.	Egill Jónsson.	Stefán Benediktsson.

Nd. 734. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt fellur meiri hl. nefndarinnar frá nál. á þskj. 622 og afturkallar brtt. á þskj. 663.

Frumvarpið barst sjávarútvegsnefnd 28. nóv. s. l. Málið var síðan sent til umsagnar 8. des. Alls bárust 16 umsagnir um frv. og hefur nefndin fjallað um það á níu fundum.

Á fundi nefndarinnar komu einnig aðilar er þetta mál snertir og skýrðu sjónarmið sín varðandi frv. og gáfu ýmsar upplýsingar.

Nefndin tekur fram að nauðsynlegt sé að bæði fulltrúar kaupenda og seljenda séu í hópi þeirra er ráðherra skipar frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins í fiskmatsráði.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur Einarsson, með fyrirvara.
Gunnar G. Schram.	Halldór Blöndal.	Ingvar Gíslason.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 735. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er o. s. frv.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Sjávarútvegsráðherra skipar sjö menn í fiskmatsráð til fjögurra ára er verði ráðherra til ráðuneytis varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Eigi skulu færri en fjórir þeirra, er í fiskmatsráði sitja, vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðherra skipar formann ráðsins.

   Tillagna fiskmatsráðsins skal leitað vegna setningar reglna er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Fiskmatsráð skal vera umsagnaraðili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila sjávarútvegsins um gæðamat sjávarafla og gera tillögur um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð og nýjungum í vinnslu hans.

   Fiskmatsráð kynnir sér erlend ákvæði eða reglur um lágmarksákvæði.

   Fiskmatsráði ber að gera tillögur til ráðherra um hvaðeina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits, svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

   Ráðherra getur óskað umsagnar fiskmatsráðs um hvaðeina varðandi stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða, þar á meðal ráðningar í stöður innan stofnunarinnar.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fjögurra ára í senn og nefnist hann fiskmatsstjóri. Við skipun í starfið skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Skrifstofa fiskmatsstjóra annast fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og önnur rekstrar- og starfsmannamál stofnunarinnar. Skrifstofan skal enn fremur annast söfnun og úrvinnslu matsgagna.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkismat sjávarafurða starfar í tveimur deildum, afurðadeild og ferskfiskdeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn forstöðumann fyrir hvora deild. Við skipun í störfin skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar og starfsreynslu.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Hjá Ríkismati sjávarafurða skal starfa sérfræðingur í hreinlætismálum sem hefur yfirumsjón með hreinlætismálum sjávarafurða á vegum Ríkismatsins í samvinnu við og undir stjórn fiskmatsstjóra. Hann skal hafa á hendi faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar, svo og þjálfun þeirra starfsmanna er annast framkvæmd hreinlætiseftirlitsins samkvæmt lögum þessum.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar fulltrúa forstöðumanna er hafi með höndum stjórn og eftirlit með störfum yfirmatsmanna samkvæmt nánari fyrirmælum viðkomandi forstöðumanns.
8. Við 10. gr. Síðasti málsl. 5. mgr. falli brott.
9. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.
   Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.
   Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.
   Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis.
10. Heiti VI. kafla verði: **Um skyldur útflytjenda.**
11. Við 17. gr. Greinin falli brott.
12. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða, sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur.
   Þó er skylt að láta Ríkismati sjávarafurða í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna alvarlegra galla eða skemmda á vörum.
   Ríkismat sjávarafurða fer með upplýsingar þessar sem trúnaðarmál.
13. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til ráðherra.
14. Við 26. gr. Í stað „framleiðsluleyfis“ í fyrri mgr. komi: vinnsluleyfis.
15. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1984.
16. Í stað „1. mars 1984“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1. ágúst 1984.

Nd. 736. Frumvarp til laga [340. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1984 að lækka ríkisútgjöld um allt að 370 m. kr.

2. gr.

Samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna skal eigi nema hærri fjárhæð en 658 m. kr. á árinu 1984.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna á árinu 1984 miðuð við það fjármagn sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur til ráðstöfunar, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 95/1981 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. er heimilt að greiða framlög úr ríkissjóði á árinu 1984 vegna þess halla sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1983—1984 er nemi allt að 468 m. kr. Framlög umfram 468 m. kr. verði ekki greidd úr ríkissjóði á árinu 1984.

4. gr.

1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga orðist svo:

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum. Skal Innheimtustofnunin skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða, sbr. 1. mgr. 4. gr., innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt.

5. gr.

4. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga orðist svo:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnunni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Skulu greiðslur Jöfnunarsjóðs inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnun geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum skv. 3. gr.

Skal innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. apríl hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr., fyrir 1. júní ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

6. gr.

2. mgr. 74. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 11/1982 um breytingu á þeim lögum, orðist svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1984 eigi nema hærri fjárhæð en 495 m. kr. og greiðslur af verðtollstekjum eigi nema hærri fjárhæð en 100 m. kr.

8. gr.

3. mgr. 45. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Samlagsmenn njóti sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi, séu þeir óvinnufærir a. m. k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðreynd af lækni.

9. gr.

1. málsl. a-liðar 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings, sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur gert samning við.

10. gr.

b-liður 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis hjá sérfræðingum, sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald, sem ákveða skal með reglugerð.

11. gr.

1. mgr. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert fyrir þeirra hönd, eða samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir:

12. gr.

Í stað „37,5%“ í 1. málsl. 2. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum komi: 25%.

13. gr.

Í stað „75%“ í 3. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum komi: 50%.

14. gr.

Í stað „75%“ í 1. og 2. mgr. 4. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum komi: 50%.

15. gr.

5. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta a. m. k. hálfrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega, 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem Tryggingaráð setur í allt að 100%.

16. gr.

Frá gildistöku þessara laga til 1. apríl 1985 er greiðsla samkvæmt b-lið 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum ekki háð tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis.

17. gr.

Niðurlag 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna.

II. KAFLI

18. gr.

Á árinu 1984 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1983, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 19. og 20. gr. laga þessara.

19. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 12 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1983 fer fram úr 220 000 kr., uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 370 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1983 fer fram úr 150 000 kr., uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 300 000 kr.

20. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 2,4% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 250 þús. kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 000 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 500 þús. kr.

21. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 18.—21. gr. laga þessara.

22. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1984 til 31. desember 1984 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema kr. 1,30 af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

23. gr.

Um gjald skv. 22. gr. skulu gilda eftir því sem við getum átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

24. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirmælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 22. gr.

III. KAFLI

25. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

26. gr.

Félagsmálaráðherra f.h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

27. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

28. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að bregðast við vanda sem við blasir að öllu óbreyttu í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum á árinu 1984.

Fyrir skömmu var lögð fram á Alþingi skýrsla um afkomu ríkissjóðs á árinu 1983, en þá kom glöggt í ljós hversu háður hagur ríkissjóðs er almennri þróun efnahagsmála þjóðarinnar.

Efnahagshorfur fyrir árið 1984 eru nú heldur bjartari en þær þóttu um síðastliðin áramót. Í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984, sem lögð var fram á Alþingi í októbermánuði sl., voru taldar horfur á 2,4% samdrætti í þjóðarframleiðslu. Endurskoðuð spá Þjóðhagsstofnunar í janúar síðastliðnum gaf til kynna enn meiri samdrátt eða 4,4%, en þá var tekið mið af þeim aflakvótum, sem ákveðnir voru í lok ársins 1983. Frá því þessi spá var gerð hafa aflakvótar á þorskveiðum verið hækkaðir, loðnukvótinn var jafnframt rýmkaður mjög og loðnuaflinn á fyrstu mánuðum þessa árs varð um 440 þús. tonn. Jafnframt hefur gerð almennra kjarasamninga verið lokið. Endurskoðun þjóðhagsspár á þessum breyttu forsendum bendir til meiri framleiðslu og tekna en áður var talið, og virðast horfur nú á því að samdráttur þjóðarframleiðslu 1984 verði um eða innan við 2%. Að hluta stafar rýrnun þjóðarframleiðslu af aukinni byrði vaxta af erlendum lánum, þannig að samdráttur landsframleiðslu gæti orðið minni.

Sé gert ráð fyrir að allur sá afli náist, sem leyfður hefur verið, og loðnuaflinn verði um 600 þúsund tonn á árinu (þ. e. um 160 þúsund tonn næsta haust), má búast við að sjávarvöruframleiðslan aukist um 5% í stað þess að hún minnki um 2½% eins og horfur voru á í janúar. Útflutningsframleiðslan í heild ykist þá um 6—7%, enda er séð fram á verulega aukningu í iðnaðarvöruframleiðslu til útflutnings. Niðurstaða hinna almennu kjarasamninga varð heldur meiri hækkun kauptaxta en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 1984, en jafnframt mun meiri framleiðsla hafa í för með sér meiri atvinnu og tekjur en áður þótti líklegt. Loks ákvað ríkisstjórnin í tengslum við gerð kjarasamninga að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í félags- og skattamálum er auka kaupmátt á þessu ári. Nú eru taldar horfur á, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna verði í heild um 5½% minni á þessu ári en var á sl. ári og um 6½% minni á mann. Þetta er svipuð rýrnun og reiknað var með í þjóðhagsáætlun sl. haust en 2½% minni rýrnun en horfur þóttu á í janúar á grundvelli fjárlagaforsendna og þáverandi horfa um afla og framleiðslu. Á þessum forsendum er einkaneysla nú talin dragast saman um 5%, en miðað við að húsnæðis- og heilbrigðisútgjöld neyslunnar minnki ekki felst í þessu 6—7% samdráttur í einkaneyslunni að öðru leyti. Þessum samdrætti fylgja óhjákvæmilega minni umsvif í þeim greinum er starfa fyrst og fremst fyrir innlendan markað, t. d. verslun og ýmsum þjónustu- og viðgerðargreinum.

Í þjóðhagsáætlun var reiknað með að samneysla og fjárfesting drægjust nokkuð saman á árinu frá því sem var í fyrra. Nú þykja hins vegar fremur horfur á, að samneyslan verði lík því sem var í fyrra og fjárfestingin minnki frekar lítið. Þjóðarútgjöld (án birgðabreytinga) eru á þessum forsendum talin verða 4% minni en í fyrra en að birgðabreytingum meðtöldum er samdrátturinn um 2%. Meiri þjóðarútgjöldum og framleiðslu fylgir meiri innflutningur vöru og þjónustu og er hann alls talinn aukast um 1% á árinu, en það er svipuð aukning og nú þykir sennilegt hvað útflutningstekjur varðar. Horfur um viðskiptakjör eru nú þær að

naumast sé unnt að gera ráð fyrir viðskiptakjarabata. Því er ekki talið líklegt að viðskiptahallinn við útlönd minnki að marki á árinu og hann verði um 2% af þjóðarframleiðslu.

Verulegur árangur hefur náðst í viðureigninni við verðbólguna og hefur árshraði hennar undanfarna mánuði verið 10—15%. Eftir tímabundna aukningu í kjölfar kjarasamninga á fyrsta fjórðungi ársins er því nú spáð, að verðbólguhraðinn í árslok verði um 10%. Hvort tekst að halda áfram að draga úr verðbólgu, er ekki síst undir því komið að girt verði fyrir alvarlegan halla á ríkisbúskapnum og fyllsta aðhalds verði gætt í stjórn peningamála, þannig að gengi krónunnar megi halda sem stöðugustu. Það er megintilgangur þessa frumvarps að stuðla að framgangi slíkrar stefnu, sem er í samræmi við þann ásetning ríkisstjórnarinnar að festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgerð ákvarðana í efnahagslífinu.

Þessi viðhorf réðu gerð fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Við athugun á ríkisfjármálum í ársbyrjun kom í ljós, að héldi sem horfði yrði ríkissjóður ekki rekinn á árinu 1984 án verulegs greiðsluhalla. Endurskoðun á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkisins sýndi að útlit væri fyrir að ríkisfjármálin yrðu þensluvaldur í efnahagslífinu, kæmu ekki til forvarnaraðgerðir.

Árið 1983 dróst neysla og fjármunamyndun saman um 6% og sem fyrr segir eru nú horfur á 4% samdrætti á þessu ári. Óbeinir skattar, þ. e. skattar af veltu, nema um 80% af tekjum ríkissjóðs og dragast því sjálfkrafa saman þegar samdráttur verður í þjóðarútgjöldum. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til að draga úr umframneyslu í þjóðfélaginu, sem lýsti sér í miklum innflutningi og viðskiptahalla, koma því vitaskuld niður á tekjum ríkissjóðs. Á hinn bóginn eru útgjöld ríkisins að miklu leyti bundin af ákvæðum gildandi laga og útgjaldaáformum, sem erfitt er að breyta innan fjárlagaársins nema með sérstökum ráðstöfunum.

Þróun peningamála sýnir ennfremur ýmis einkenni þenslu, þótt raunvextir hafi hækkað að mun vegna hjöðnunar verðbólgu. Útlánaaukning bankakerfisins er enn verulega umfram verðlagsbreytingar. Á þessu eru ýmsar skýringar, og sumar tímabundnar, m. a. erfið rekstrarfjárstaða atvinnuveganna, einkum sjávarútvegs. Við bætist síðan erfið lausafjárstaða bænda, sem gerir tilkall til lánsfjárfyrirgreiðslu.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að gripið verði til aðhaldsaðgerða á sviði peningamála. Mikilvægasta forsenda þess að betra jafnvægi náist á lánamarkaði um þessar mundir er þó að komið verði í veg fyrir alvarlegan halla á ríkissjóði.

Auk greiðsluhalla ríkissjóðs hefur að undanförnu einnig komið fram á peningamarkaði misvægi sem enn gætir víða í hagkerfinu vegna verðbólgu og áfalla síðustu ára. Jafnframt því að gerðar séu ráðstafanir til þess að jafna fjárlagahallann, ber því nauðsyn til þess að herða aðgerðir af hálfu Seðlabankans til þess að ná jafnvægi í peninga- og lánamálum.

Á árinu 1983 varð greiðsluhalli á ríkissjóði sem nam 1 260 m.kr. Á fyrsta fjórðungi þessa árs varð nýr yfirdráttur við Seðlabankann 884 m.kr. til samanburðar við 780 m.kr. á sama tíma fyrir ári. Staðfestir það í megindráttum horfurnar á alvarlegum greiðsluhalla, að óbreyttum aðstæðum, annað árið í röð. Með frv. því sem hér liggur fyrir er hallinn á ríkissjóði helmingaður innan marka rekstrarreiknings en það, sem á vantar, mun mæða á lánamarkaði, einkum erlendum lánum.

Sjálfvirk endurkaup afurða- og rekstrarlána atvinnufyrirtækja af viðskiptabönkum og sparisjóðum eru einn veikasti hlekkurinn í stjórn peningamála og er auk ríkissjóðshallans helsta uppspretta nýrrar peningaþenslu, jafnt við gott árferði sem á erfiðleikatímum. Sökum hinna sérstöku erfiðleika, sem steðjað hafa að um sinn, hefur veruleg fjárhæð skuldbreytingalána sjávarútvegsins bæst við endurkaupafyrirgreiðsluna.

Hefur þannig enn ágerst sá þráláti vandi undanfarinna ára, að endurkaupin hafa farið að marki fram úr innlánsbindingunni og þannig valdið öndverðum almennum efnahags-

áhrifum við það sem þurft hefði. Í lok mars sl. námu endurkaup ásamt verðbréfum 5 910 m.kr. eða um 500 m.kr. meiru en nam bundnum innlánum ásamt áföllnum vöxtum.

Hinir margþættu annmarkar endurkaupakerfisins hafa orðið til þess, að ríkisstjórnin setti í upphaflega stefnuskrá sína það ákvæði, að afurða- og rekstrarlán atvinnuveganna skyldu færð til viðskiptabanka og sparisjóða. Liggur nú fyrir ríkisstjórninni tillaga frá Seðlabankanum um samhliða lækkun allra endurkaupa um sem næst 5 prósentustig eða nálægt tíunda hluta þeirra.

Við þau skilyrði í þjóðarbúskapnum, sem nú ríkja, steðjar vandinn í stjórn peningamála að frá báðum hliðum: peningauppsprettu frá ríkissjóðshalla, endurkaupum og erlendum lánum annars vegar og mikilli lánsfjáreftirspurn hins vegar til þess að mæta víðtækum fjárhagsörðugleikum fyrirtækja og einstaklinga. Þessu fylgir mikið álag á bankakerfið og hefur leitt til mikillar aukningar útlána. Á fyrsta fjórðungi ársins hafa útlán aukist um 9,1% og innlán með áætluðum vöxtum um 8,9%, eða um 42% að ársvexti, meðan verðbólgustig telst um eða innan við 15%, en aukning þessi svarar jafnframt til nálægt tvöfaldri meðalársávöxtun á vegum innlánsstofnana. Óhagstæð þróun inn- og útlána hefur leitt til neikvæðra lausafjárstöðu innlánsstofnana um tveggja ára skeið, og var hún neikvæð um 1 029 m.kr. í marslok.

Þar til peningalegur sparnaður hefur aukist verulega á ný er óhjákvæmilegt að beita ströngu aðhaldi að útlánum með hliðsjón af lausafjárstöðu innlánsstofnana. Að undanförnu hefur Seðlabankinn hert aðhald að lausafjárfyrirgreiðslu við innlánsstofnanir, gert þeim að endurgreiða sérstök lán frá fyrra ári og bundið þær samkomulagi um útlánamörk, meðan verið er að koma lausafjárstöðunni í lag. Þessari stefnu verður fram haldið af fyllstu einbeitni. Auk þess verður að koma til strangara aðhald að erlendri stöðu bankanna.

Við þær aðstæður sem nú ríkja telur Seðlabankinn ekki ráðlegt að breyta vöxtum óverðtryggðra útlána, þrátt fyrir allháa raunvexti. Á það sjónarmið hefur ríkisstjórnin fallist. Seðlabankinn hefur lýst því yfir að hann muni ekki heimila hækkun útlánsvaxta, þótt innlánsstofnanir hafi hækkað innlánsvexti um sinn í samkeppni um sparifé, sem bundið er til sex mánaða eða lengur. Nú verður að koma í ljós hvernig innlánsstofnanir geta búið við ríkjandi vaxtakjör, því að annars er hætta á að dregið verði úr því trausti sem tekist hefur að skapa á dvínandi verðbólgu á þessu ári.

Halda verður fast við núgildandi vaxtakjör á óverðtryggðum lánum þar til ljóst er orðið, að þau auki peningalegan sparnað og dragi úr eftirspurn eftir lánsfé. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að samræma lánakjör verðtryggðra og óverðtryggðra útlána banka og fjárfestingalánasjóða. Jafnframt verður haldið áfram viðleitni til þess að gera spariskírteini ríkissjóðs aðlaðandi kost til ávöxtunar fjár. Allt kapp verður á það lagt að auka innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs á næstunni í því skyni að ekki þurfi að nýta til fulls þær heimildir til erlendrar lántöku sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Auk breytinga á endurkaupareglum og samræmingar vaxta er í þessu frv. lagt til að Seðlabankinn fái heimild til að beita, með samþykki ríkisstjórnarinnar, sérstakri bindiskyldu gagnvart innlánsstofnunum, er nemi allt að 10% af innlánum, auk þeirrar bindiskyldu sem fyrir er. Fé sem þannig yrði bundið í Seðlabankanum í hagstjórnarskyni er alls ekki mótvirði útlána eða endurkaupa. Beiting þessarar heimildar yrði sveigjanleg eftir aðstæðum og fyrst og fremst er hennar þörf þar til aðlögun að lægra verðbólgustigi er gengin um garð og meira má treysta á vaxtaákvarðanir til þess að koma á jafnvægi á lánamarkaði.

Í endurskoðaðri áætlun um afkomu ríkissjóðs 1984 frá því í marsbyrjun var talið að rekstrarhalli ríkissjóðs gæti án nokkurra aðgerða numið 1 910 m. kr. (sjá fylgiskjal 3). Með þeim aðgerðum sem í þessu frumvarpi felast eru horfur á því að rekstrarhalli ríkissjóðs fari ekki yfir 1 045 m. kr.

Í eftirfarandi yfirliti eru dregnar saman niðurstöður áætlunar þessa frumvarps um afkomu ríkissjóðs með aðgerðum í ríkisfjármálum og samanburður sýndur við fjárlög 1984.

	Fjárlög 1984	Áætlun frumvarps
Tekjur	17 895	18 525
Gjöld	18 301[1])	19 570
	− 406	−1 045
Lánahreyfingar:		
Útstreymi; afborgun lána o. fl.	−1 228	− 1 350
Viðskiptareikningar; útstreymi	− 20	− 100
Fjárþörf alls	1 654	2 470
Frá dregst: innheimtar afborganir	− 110	− 110
Lántaka	1 544	2 385
þ. a.		
— innlend fjáröflun	945	765
— erlend fjáröflun	605	1 620

1) Viðbót í lánsfjárlögum 17 m. kr. vegna flugmálastjórnar.

Tekjuhlið fjárlaga er talin taka nokkrum breytingum. Fyrst ber að nefna að með ákvæðum um tekju- og eignarskatt í lögum nr. 7/1984 var breytt frá áætlun fjárlaga og er talið að sú ráðstöfun auki tekjur ríkissjóðs um 70 m. kr.

Áhrif kjarasamninga á tekjur ríkissjóðs eru metin þannig að tekjur aukist um 200 m. kr. á árinu 1984 vegna aukins kaupmáttar og meiri innlendrar veltu. Jafnframt benda niðurstöður ársins 1983 og innheimta 1. ársfjórðungs 1984 til þess að tekjur aukist nokkuð. Þá er gert ráð fyrir hertu eftirliti með skattskilum veltuskatta. Samtals er áætlað að tekjuauki ríkissjóðs af þessu nemi um 425 m. kr. frá áætlun fjárlaga.

Binding á hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af tolli og söluskatti er talin auka ríkissjóðstekjur um 35 m. kr. og tekjur af fóðurbætisgjaldi eru áætlaðar 60 m. kr. Ákvæði frumvarps þessa um greiðslu tekjutengds barnabótaauka mun lækka innheimtar tekjur ríkissjóðs um 160 m. kr. eins og skýrt er sérstaklega í athugasemdum við hlutaðeigandi greinar.

Alls er því gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 630 m. kr.

Með fyrirhuguðum aðgerðum á gjaldahlið fjárlaga eru horfur á að heildargjöld A-hluta ríkissjóðs verði 19 570 m. kr.

Aukin útgjöld ríkissjóðs vegna hækkunar launa og almannatryggingabóta sem af kjarasamningum leiðir eru talin um 220 m. kr. umfram áætlun í fjárlögum. Gjöld sem ekki var að fullu gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga eru áætluð 646 m. kr. og ber þar helst að nefna framlag til almannatrygginga og kostnað við grunnskóla og embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Við afgreiðslu fjárlaga var áformað að ýmsum útgjöldum yrði létt af ríkissjóði. Þannig má nefna um 300 m. kr. sem draga átti úr framlögum til almannatrygginga og er enn gert ráð fyrir að svo verði gert.

Horfur eru nú á að greiðslur vegna útfluttra landbúnaðarvara verði mun meiri en nemur fjárlagatölum eða 188 m. kr., og er þetta sérstaklega skýrt í athugasemdum við 3. gr.

Í tengslum við lausn kjaradeilu VSÍ og ASÍ gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu um sérstakar bætur til þeirra tekjulægstu að fjárhæð 300–325 m. kr. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sérstakri hækkun barnabóta sem nemur 160 m. kr. en sérstök hækkun bóta lífeyristrygginga til hinna lægstlaunuðu er talin kosta ríkissjóð 190 m. kr. Hér er þannig lagt til að nokkru

meira fé verði varið til þess að lagfæra kjör hinna lakast settu en fólst beinlínis í tillögum ASÍ og VSÍ. Ástæðurnar eru tvær: Í fyrsta lagi þótti ekki fært að ákveðnar þjóðfélagsstéttir ættu ekki rétt á barnabótaauka án tillits til tekna eða eigna. Í öðru lagi þótti það sanngirnismál að rétta hlut hinna tekjulægstu í hópi lífeyrisþega á líkan hátt og gert var við starfandi fólk með sérstakri hækkun lágmarkstekna fyrir fulla dagvinnu.

Ljóst er nú að ýmsar ábyrgðir sem ríkissjóður hefur veitt kunna að falla á Ríkisábyrgðasjóð. Hér má nefna ábyrgð vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs frá 1981 og ábyrgðir veittar Flugleiðum hf. Áformað er að skuldbreyta umræddum lánum alls að fjárhæð 240 m. kr. Þá hafa útgjöld margra stofnana verið endurmetin og nemur útgjaldaauki vegna þessa um 300 m. kr.

Jafnhliða endurskoðun á tekjum og gjöldum ríkissjóðs hafa ýmsir þættir lánsfjárlaga verið endurmetnir. Horfur eru á að afla verði erlendra lána til þess að mæta greiðsluvanda A-hluta ríkissjóðs svo og vegna brests í innlendri lánsfjáröflun sem nú er talin verða. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að afla heimilda til erlendrar lántöku A-hluta ríkissjóðs. Alls er leitað heimildar til 1 015 m. kr. lántöku, þar af 302 m. kr. vegna brests í innlendri lántöku.

Sýnt þykir að lánsfjáröflun til húsnæðislánasjóðanna verður önnur en stefnt var að í lánsfjárlögum. Má t. d. ætla að lánveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs verði engar en það þýðir 115 m. kr. lækkun frá áætlun og 75 m. kr. vanti á skyldusparnað ungmenna. Við afgreiðslu lánsfjárlaga féll niður lántökuheimild vegna Hitaveitu Rangæinga að fjárhæð 11 m. kr. og er tillit til þess tekið í frumvarpi þessu.

Lánsfjárþörf atvinnuveganna hefur verið endurmetin og er áformað að auka lántökur þeirra um 680 m. kr. Leitað er heimildar til handa Framkvæmdasjóði til erlendrar lántöku í þessu skyni.

Yfirlit um lántökur er sýnt á fylgiskjali 1. Þar kemur m. a. fram að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu í árslok 1984 er áætlað 59,6%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lækkun ríkisútgjalda um 370 m. kr. skiptist þannig á einstök ráðuneyti:

	Í m. kr.
Forsætisráðuneyti	6
Menntamálaráðuneyti	25
Utanríkisráðuneyti	2
Landbúnaðarráðuneyti	5
Sjávarútvegsráðuneyti	11
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	40
Félagsmálaráðuneyti	5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	5
Fjármálaráðuneyti	45
Samgönguráðuneyti	25
Iðnaðarráðuneyti	14
Viðskiptaráðuneyti	187
Alls	370

Einstök ráðuneyti munu gera tillögur til fjármálaráðherra um skiptingu útgjaldalækkunar á einstaka fjárlagaliði.

Um stærsta liðinn hér að framan er rétt að nefna, að ákveðin hefur verið lækkun niðurgreiðslu búvöruverðs um 185 m. kr. frá því sem fjárlög heimila, en niðurgreiðslur eru í umsjá viðskiptaráðuneytis. Þessi lækkun niðurgreiðslna kemur til framkvæmda 7. maí.

Um 2. gr.

Á fjárlögum fyrir árið 1984 eru veittar 400 m. kr. til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Að auki er gert ráð fyrir að lántökur sjóðsins nemi 258 m. kr. Af ákvæðum greinarinnar má ráða að útlánareglur sjóðsins verði að miða við fjármagn það er hann hefur til ráðstöfunar.

Um 3. gr.

Fjárlög ársins 1984 gera ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir að fjárhæð 280 m. kr. Áætlað er nú að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu verðlagsársins nemi um 4 500 m. kr. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tryggja greiðslu til bænda fyrir útflutning landbúnaðarvara miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsárs.

Samkvæmt framansögðu mun bótaþörf vegna verðlagsársins 1983—1984 nema 450 m. kr. Hluta af útflutningi vegna verðlagsársins 1982—1983 var frestað fram yfir s. l. áramót og nema greiðslur á árinu 1984 vegna þess útflutnings 18 m. kr. Greiðslur umfram tölur fjárlaga munu því að líkindum nema 188 m. kr. Lagt er til að aflað verði 60 m. kr. tekna með gjaldi á kjarnfóður til að greiða hluta þessara útgjalda, sbr. ákvæði 22. gr. frumvarpsins. Ákvæði greinarinnar miða og að því að heildargreiðslur á árinu 1984 verði eigi hærri en 468 m. kr.

Um 4.—6. gr.

Samkvæmt lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga er Tryggingastofnun ríkisins falið að greiða meðlög, sbr. lög nr. 67/1971.

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt. Þá er í nefndum lögum kveðið á um uppgjör Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins á greiðslum meðlaga.

Í árslok 1983 nam skuld Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins 150,5 m. kr. en skuld þessi hefur myndast annars vegar vegna þess að innheimta Innheimtustofnunar sveitarfélaga er látin ganga til greiðslu meðlaga síðasta árs og hins vegar er endanlegt uppgjör sveitarfélaga á greiðslu meðlaga síðasta árs innt af hendi 1. október ári síðar. Með þessari uppgjörsaðferð, sem er í samræmi við núgildandi lög og reglugerð nr. 214/1973, fjármagnar Tryggingastofnun ríkisins um 90% af greiðslum meðlaga hvers árs, en heildargreiðslur vegna meðlaga á árinu 1983 námu 167,4 m. kr. og áætlað er að þær nemi 213,0 m. kr. á árinu 1984.

Lagt er til að innheimtum meðlögum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði skilað til Tryggingastofnunar ríkisins mánaðarlega en Innheimtustofnunin endurgreiði Tryggingastofnuninni að fullu innan tveggja mánaða frá því meðlag var greitt.

Um 7. gr.

Í fjárlögum fyrir árið 1984 var gert ráð fyrir því að ýmsum kostnaði tengdum rekstri skóla yrði létt af ríkissjóði og tækju sveitarfélög að sér að greiða hann. Þar sem sveitarfélög telja sig bundin af fjárhagsáætlunum fyrir árið 1984 og eigi hafa svigrúm til tekjuöflunar hefur þessum áformum verið frestað. Þess í stað er gert ráð fyrir að ríkissjóður njóti góðs af þeirri hækkun sem verða kann á tekjum af söluskatti og tollum sem að óbreyttum lögum hefði runnið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Torvelt er að meta áhrif þessa af nákvæmni en líklegt má telja að hér geti orðið um 30—40 m. kr. að ræða á árinu 1984.

Um 8. gr.

Í tillögu frv. felst einkum að atvinnurekendur beri yfirleitt sjúkratryggingarkostnað 14 fyrstu veikindadagana í stað 10 nú, enda hafi launþegi verið óvinnufær 21 dag í stað 14 áður. Áætlað er að þessi breyting spari almannatryggingum 25 m. kr. á ári.

Þessi lenging á biðtíma eftir sjúkradagpeningum mun fyrst og fremst minnka þann rétt sem atvinnurekendur eiga til sjúkradagpeninga. Í kjarasamningum er launþegum yfirleitt tryggður réttur til launa í allt að þrjár vikur verði þeir veikir.

Um 9. gr.

Í breytingu á orðalagi 1. málsl. a-liðar 43. gr. felst að sjúkratryggingar geti hafnað reikningi læknis eða endurgreiðslu lækniskostnaðar til sjúklings, starfi viðkomandi læknir ekki samkvæmt samningi þeim sem gerður hefur verið við læknasamtökin.

Um 10. gr.

Með greininni er slegið föstu að sjúkratryggingum beri aðeins að greiða læknisþjónustu sérfræðinga, sem starfa samkvæmt samningi við sjúkratryggingarnar. Á það við hvort sem reikningur kemur beint frá sérfræðingi eða sem krafa sjúklings um endurgreiðslu.

Um 11. gr.

Grein þessi hefur þá breytingu í för með sér að Tryggingastofnun ríkisins eða sjúkrasamlög skuli því aðeins greiða tannlæknakostnað samkvæmt 44. gr. að fyrir liggi um það samningar við viðkomandi aðila, ella verða greiðslur ákvarðaðar samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra setur. Þá er það skilyrði sett að reikningar séu á reikningsformi, sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður.

Um 12.—15. gr.

12. gr. felur í sér að kostnaðarþátttaka almannatrygginga í gullfyllingum, krónu- og brúargerð og tannréttingu lækki úr 37,5% í 25% fyrir 6 til 15 ára börn og unglinga.

13. gr. felur í sér að kostnaðarþátttaka ríkisins í tannviðgerðum hvers konar fyrir 16 ára unglinga lækki úr 75% í 50%.

Í 14. gr. felst að kostnaðarþátttaka í tannréttingum unglinga eldri en 16 ára lækkar úr 75% í 50%.

Í 15. gr. er ákvæðum um þátttöku í tannviðgerðum aldraðra breytt en núgildandi ákvæði hljóða svo:

„Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%. Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.“

Í heild er talið að þessar breytingar muni spara allt að 50 m. kr. á heilu ári.

Gert er ráð fyrir að allar almennar tannlækningar á börnum á grunnskólastigi verði eftir sem áður greiddar að fullu, til helminga af sjúkratryggingum og til helminga af sveitarfélögum. Langstærsti hluti þeirra tannlækninga, sem ekki er greiddur að fullu er vegna tannréttinga. Kostnaður vegna tannréttinga hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur.

Það hefur hins vegar verið lengi ljóst að kostnaður vegna tannlækninga hefur verið ofviða elli- og örorkulífeyrisþegum, sem aðeins hafa bætur almannatrygginga sér til lífsviðurværis. Reynt er með þessu frumvarpi að rétta nokkuð hlut þeirra.

Um 16. gr.

Nýlega hefur Tryggingastofnun ríkisins gert samninga fyrir hönd sjúkrasamlaga við heimilislækna og sérfræðinga. Báðir fela samningar þessir í sér umtalsverðar breytingar frá eldri samningum. Helstu breytingar á samningi við heimilislækna eru þær að í stað númeragjalds, þar sem greitt er fyrir hvern samlagsmann, verða greiðslur til heimilislækna með svipuðum hætti og til heilsugæslulækna, en í því felst m. a. að greitt er fyrir hvert unnið læknisverk. Í samningi við sérfræðinga er m. a. gert ráð fyrir að leitað sé eftir undanþágu frá skilyrði b-liðar 43. gr. almannatryggingalaga um tilvísanir heimilis- eða heilsugæslulækna til reynslu út samningstímann eða til 1. apríl 1985. Er talið að tilvísanakerfið hafi í framkvæmd reynst gallað og ekki verið sú trygging gegn ofnotkun sérfræðingaþjónustu sem því var ætlað og er í samningnum leitað nýrra leiða til að fyrirbyggja slíkt. Þykir rétt að láta á það reyna.

Að því er varðar tannlækna er ekki í gildi samningur við þá og er því nauðsyn á að útgjöld sjúkratrygginga ákvarðist af reglum sem heilbrigðisráðherra setur meðan samningar eru ekki fyrir hendi.

Um 17. gr.

Með ákvæði þessu er frestað um eitt ár því ákvæði grunnskólalaganna, að síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda haustið 1984. Frestur þessi hefur í för með sér sparnað á fyrirsjáanlegum útgjöldum ríkissjóðs vegna kostnaðar við námsbækur, rekstur mötuneyta o. fl. Sá kostnaður er áætlaður 10–12 m.kr. og hefði að meginhluta fallið á ríkissjóð á árinu 1984. Er þetta liður í þeim sparnaði sem um getur í 1. gr. þessara laga að því er menntamálaráðuneytið varðar.

Um 18.—21. gr.

Í tillögum aðila vinnumarkaðarins, dags. 21.02.1984, sem forsætisráðherra féllst á í meginatriðum með bréfi dags. sama dag, er gert ráð fyrir greiðslu tekjutengds barnabótaauka. Er gert ráð fyrir að barnabótaaukinn verði sem hér segir:

Hjón og sambýlisfólk		Einstæðir foreldrar	
Tekjur 1983	Fjárhæð	Tekjur 1983	Fjárhæð
0 — 220 þús.	12 000	0 — 150 þús.	12 000
221 — 370 þús.	6,67% lækkun f. hver 10 þús.	151 — 300 þús.	6,67% lækkun f. hver 10 þús.

Ekki er berlega tekið fram við hvaða tekjur er miðað. Í útreikningum mun hafa verið miðað við vergar tekjur til skatts. Það hugtak er hvergi skilgreint í lögum. Er því lagt til að miðað verði við útsvarsstofn en það er mjög hliðstæð stærð og er hann nákvæmlega skilgreindur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í tillögum ASÍ og VSÍ virðist gengið út frá því að barnabótaaukinn lækki í stökkum við hverjar byrjaðar 10 þús. kr. viðbótartekjur. Er lagt til að hann lækki þess í stað jafnt og þétt um 8% af útsvarsstofni umfram 150 eða 220 þús. kr. Með þessu er komið í veg fyrir allar stökkbreytingar í barnabótaaukanum en heildarútkoman verður nánast hin sama hvor aðferðin sem er notuð.

Í tillögum ASÍ og VSÍ er gert ráð fyrir að „barnabótaaukinn verði útfærður þannig, að þeir skattgreiðendur fái hann ekki, sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti, svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, af eignum eða námslánum."

Í tillögum aðila vinnumarkaðarins eru ekki nánari hugmyndir um útfærslu á þessu atriði. Til þess að komast hjá óeðlilegri mismunun milli manna eftir starfsstétt er hér lagt til að þessum tilgangi verði náð með því að binda rétt til barnabótaviðauka við það að eignir viðkomandi fari ekki fram úr ákveðnu marki, eins og segir í frv. greininni. Áætlað er að þessar tillögur um barnabótaauka muni valda 160 m. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð 1984.

Um 22. — og 24. gr.

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 1. júní — 31. desember 1984 verði sérstakt gjald lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur. Tollskrárnúmer sem upp eru talin í 22. gr. eru þau sömu og talin eru í reglugerð nr. 465/1983 og fylgt er við innheimtu kjarnfóðursgjalds. Önnur ákvæði 22. greinar eru í flestum atriðum sótt í nefnda reglugerð.

Áætlað er að tekjur af gjaldi því sem hér um ræðir muni nema 60 m. kr. og verður þeim varið til að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Tekið verður tillit til þessa tolls við ákvörðun kjarnfóðursgjalds skv. reglugerð nr. 491/1981 til lækkunar.

Um 25. gr.

Með þessari grein er lagt til að Seðlabankinn fái að nýju sérstaka heimild til þess að binda fé innlánsstofnana almennt að fengnu samþykki ríkisstjórnar umfram það sem nú er ákveðið í lögum. Ákvæði hliðstætt þessu, en óbundið, var í gildi á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983. Tilgangurinn með þessu er að Seðlabankinn geti dregið úr útlánum bankanna með sveigjanlegum hætti, en þá innan þeirra marka sem sett eru í greininni. Ákvæði þetta er tímabundið og fellur úr gildi í lok næsta árs, enda er reiknað með því að þá hafi ný bankamálalöggjöf tekið gildi, þar sem þetta ákvæði verði leyst af hólmi.

Um 26. gr.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. þessa frumvarps ber Innheimtustofnun sveitarfélaga að endurgreiða Tryggingastofnuninni barnsmeðlög mun fyrr en til þessa hefur verið. Fé sitt sækir Innheimtustofnunin að hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og svo mun verða um allt það fé er til þarf til þess að örari greiðslur verði raunveruleiki. Jöfnunarsjóðnum er nauðsynlegt að dreifa þessari íþyngingu á nokkur ár. Leitað er eftir lántökuheimild til handa Jöfnunarsjóði að fjárhæð 150 m.kr. til þess að gera upp skuldir frá fyrri árum sem falla á Innheimtustofnunina.

Um 27. gr.

Leitað er eftir heimildum til lántöku er nemi 1 222 m. kr. eða jafnvirði þessarar fjárhæðar í erlendri mynt. Þessi fjárhæð skýrist þannig: 719 m. kr. vegna halla ríkissjóðs í samræmi við endurskoðun á gjöldum og tekjum, 302 m. kr. sem er áætlað að vanti á innlenda fjáröflun til A-hluta ríkissjóðs og 190 m. kr. sem ráðgert er að endurlána húsnæðiskerfinu í stað fjár er koma átti frá Atvinnuleysistryggingasjóði og skyldusparnaði ungmenna. Þá er áætlað að lána Hitaveitu Rangæinga 11 m. kr. til framkvæmda, en lánaheimild til þessa féll niður við afgreiðslu lánsfjárlaga 1984.

Um 28. gr.

Leitað er heimildar til erlendrar lántöku Framkvæmdasjóðs í samræmi við endurskoðaða áætlun um lánsfjárþörf atvinnuvega. Fjárþörf í sjávarútvegi skýrir 300 m. kr. lántöku, skuldbreyting í landbúnaði 80 m. kr. Þá er ráðgert að afla 150 m. kr. vegna skipasmíðastöðva til viðhaldsverkefna á skipaflotanum og 150 m. kr. til nýsköpunar í atvinnulífinu.

Fylgiskjal 1.

Yfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1984 (í m. kr.).

	Innlend fjáröflun			Erlend lán	Alls
	Spariskírteini, verðbréfakaup bankakerf. o. fl.	Lífeyris-sjóðir	Önnur innlend fjáröflun		
1. Ríkissjóður					
A-hluti	387[1])	120	258[2])	1 620	2 385
B-hluti	—	—	—	1 126	1 126
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	1 064	1 064
Sveitarfélög	—	—	—	297[3])	297
Samtals	387	120	258	4 107	4 872
2. Húsbyggingarsjóðir					
Byggingarsjóður ríkisins	—	525	200	190	915
Byggingarsjóður verkamanna	—	165	—	—	165
Samtals	—	690	200	190	1 080
3. Lánastofnanir					
Framkvæmdasjóður Íslands	250[4])	110	—	1 332[5])	1 692
Iðnþróunarsjóður Íslands	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	18	—	—	18
Samtals	250	128	—	1 382	1 760
4. Atvinnufyrirtæki					
Sbr. lánsfjáráætlun '84	—	—	—	1 000	1 000
Alls	637	938	458	6 679	8 712

1) Ný spariskírteini 200 m. kr., innheimt umfram innlausn spariskírteina 187 m. kr.
2) Þ. a. 122 m. kr. vegna 50% hækkunar lána Byggingarsjóðs ríkisins frá 1982 og 1983 sem verða endurlánaðar Byggingarsjóði ríkisins.
3) Þ. e. 11 m. kr. Hitaveita Rangæinga og 150 m. kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
4) Verðbréfakaup bankakerfisins 250 m. kr.
5) Samkvæmt lánsfjárlögum 652 m. kr., viðbætur til atvinnuvega 680 m. kr.

Staða þjóðarbúsins út á við í árslok
(Í m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlán	Staða í hlutfalli (%) af vergri þjóðarframl. Löng lán	Nettóskuld	Greiðslubyrði (vextir og afb.) í % af útflutningstekjum
1980	4 623,1	4 248,9	34,4	31,6	14,1
1981	7 523,2	6 525,2	36,7	31,8	16,4
1982	14 904,7	15 008,7	47,8	48,1	21,2
1983[1])	32 125,0	31 120,0	60,6	58,7	20,6
1984[2])	37 500	...	58,9	...	21,0
1984[3])	39 550	...	59,6	...	21,0

[1]) Bráðabirgðatölur.
[2]) Lánsfjáráætlun 1984, VÞF 63 660 m. kr.
[3]) Endurskoðuð áætlun 1984. Afar lausleg áætlun um VÞF er að hún verði 66 300 m. kr.

Fylgiskjal 2. Þjóðhagsstofnun

Horfur um verðlag og kaupmátt í ljósi ráðstafana í ríkisfjármálum í maíbyrjun 1984

Spá Þjóðhagsstofnunar um þróun verðlags tekna og kaupmáttar, sem reist var á forsendum fjárlaga fyrir árið 1984 (sbr. Ágrip úr Þjóðarbúskapnum nr. 1, janúar 1984), gaf þá niðurstöðu, að kaupmáttur kauptaxta myndi á árinu rýrna um 2% frá því sem var um sl. áramót. Eftir fjárlagaforsendum var þá gert ráð fyrir, að kauptaxtar allra launþega hækkuðu um 4% frá upphafi árs 1984 til meðaltals ársins en um 6½% frá upphafi til loka ársins. Að meðaltali voru kauptaxtar þannig taldir verða 13% hærri á árinu 1984 en að meðaltali 1983. Verðlag, mælt á kvarða framfærsluvísitölu, var talið hækka um 8—9% frá upphafi til loka ársins og verða að jafnaði á árinu 26—27% hærra en á árinu 1983. Eftir þessu var kaupmáttur kauptaxta talinn verða 10—11% lakari að meðaltali í ár en í fyrra og 4—5% lakari en á síðasta fjórðungi ársins 1983. Á hinn bóginn var reiknað með, að ráðstöfunartekjur einstaklinga ykjust nokkru meira en svaraði breytingum taxtanna einna, og því var kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna talinn verða um 9% lakari á mann í ár en í fyrra.

Horfur um þróun tekna og verðlags hafa nú verið endurskoðaðar, bæði í ljósi þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu til þessa, og með hliðsjón af þeim ráðstöfunum í ríkisfjármálum, sem ráðgerðar eru í frumvarpi þessu.

Endanlegt mat á kjarasamningunum er ekki fyrirliggjandi. Tiltækar áætlanir gefa þá niðurstöðu, að meðalhækkun kauptaxta félaga innan Alþýðusambands Íslands hafi í fyrsta áfanga numið um 7%, en tekjuáhrif samninganna gætu þó reynst heldur meiri. Taxtar opinberra starfsmanna og bankamanna eru hins vegar taldir hafa hækkað um rösklega 5% í fyrsta áfanga samninganna. Meðalhækkun kauptaxta allra launþega ætti eftir þessum tölum að dæma að hafa verið um 6½% í fyrsta áfanga samninganna.

Samkvæmt þessu og þeim áfangahækkunum, sem um samdist að yrðu síðar á árinu, verða kauptaxtar allra launþega um 8% hærri að jafnaði á árinu en við upphaf þess og hækka um nær 12% frá upphafi til loka ársins. Auk þessa hækka taxtar um 3% 1. janúar 1985. Kauptaxtar allra launþega verða því rösklega 17% hærri að meðaltali í ár en í fyrra, en sambærileg tala fyrir ASÍ er um ½% hærri. Endurskoðun verðlagsspár á þessum forsendum og m. v. verðlagshækkanir á fyrsta þriðjungi ársins gæfi þá niðurstöðu, að framfærsluvísitala hækkaði um 11—12% frá upphafi til loka þessa árs og yrði að meðaltali á árinu rösklega 27% hærri en í fyrra. Kaupmáttur kauptaxta hefði eftir þessu að dæma haldist um það bil hinn sami á árinu 1984 og var á síðasta fjórðungi 1983, heldur lakari væri miðað við kauptaxta allra launþega en jafnvel aðeins skárri væri miðað við kauptaxta ASÍ. Vegna þeirrar rýrnunar kaupmáttar sem varð síðari hluta árs 1983 hefði kaupmáttur taxtanna orðið um 8% lakari að meðaltali í ár en í fyrra væri miðað við taxta allra launþega, en taxtakaup ASÍ-félaga um 7½% lakara en í fyrra.

Horfur eru nú á nokkru meiri framleiðslu og umsvifum innanlands en gert var ráð fyrir í upphafi ársins, einkum vegna þess að leyfa á meiri sjávarafla en áður var gert ráð fyrir. Á mælikvarða þjóðartekna gæti sá munur sem hér um ræðir numið um 1½%. Þessi viðbótarframleiðsla mun án efa koma fram í tekjum almennings og munurinn á aukningu tekna og taxta gæti því orðið nokkru meiri en áður var gert ráð fyrir. Núverandi áætlanir gera ráð fyrir 21% aukningu atvinnutekna milli áranna 1983 og 1984 og svipaðri aukningu ráðstöfunartekna heimilanna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefði samkvæmt þessu orðið um 6% lakari á mann á þessu ári en á síðastliðnu ári.

Í þessum áætlunum hefur þó ekki verið reiknað með áhrifum af þeim ráðstöfunum á sviði félagsmála sem afráðnar voru í tengslum við gerð kjarasamninga. Hér er um að ræða um 350 m. kr. útgjöld á þessu ári eða sem nemur tæplega 1% af ráðstöfunartekjum á árinu 1984.

Þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem nú hafa verið ákveðnar, meðal annars til að standa straum af ofangreindum félagsmálaútgjöldum, eru taldar valda um 1½% hækkun á framfærsluvísitölu í upphafi. Vísitalan er nú talin hækka um 13½—14% frá upphafi til loka ársins og verða 29% hærri að meðaltali á árinu en í fyrra. Verðbólgan í árslok, mæld sem þriggja mánaða breyting framfærsluvísitölu, virðist þó geta verið innan við 10%. Að jafnaði á árinu er verðlagshækkunin 1¼% meiri en verið hefði án aðgerða og meðalkaupmáttur kauptaxta og tekna yrði rýrari sem því næmi.

Eftir þessar aðgerðir eru horfur á, að kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali í ár 1½% rýrari en á 4. ársfjórðungi 1983 og um 9% lakari en að jafnaði allt árið 1983. Fyrri helming þessa árs er kaupmáttur taxtanna litlu lægri en á síðasta fjórðungi ársins 1983 en síðari helming ársins yrði hann um 2% slakari. Á fyrsta fjórðungi næsta árs hækkar kaupmáttur taxtanna aftur og verður þá 1—1½% lakari en á síðasta fjórðungi ársins 1983, miðað við þær horfur sem hér hafa verið raktar. Kaupmáttur taxta ASÍ yrði þá tæplega 1% lakari en á síðasta fjórðungi ársins 1983.

Sú rýrnun kaupmáttar kauptaxta, sem hér er gert ráð fyrir, verður að hluta vegin upp með þeirri aukningu tilfærslutekna og skattalækkana sem ákveðnar hafa verið í tengslum við gerð kjarasamninganna. Sem fyrr segir er áætlað, að verðlag einkaneyslu hækki um 1¼% umfram það sem verið hefði án aðgerða. Á móti því koma áhrif félagsmálaútgjaldanna, sem metin eru tæplega 1% af ráðstöfunartekjum á almanaksárinu 1984, þannig að bein áhrif á ráðstöfunartekjur á árinu má meta sem ½% af tekjum. Til viðbótar má loks reikna með, að niðurskurður ríkisútgjalda eða tilfærslna geti haft nokkur áhrif á tekjur einstaklinga. Niðurstaðan verður því sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði ½—¾% lakari til jafnaðar á árinu en verið hefði án fyrrgreindra ráðstafana og verði þannig um 6½% lakari á mann á árinu 1984 en á árinu 1983.

Sú rýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna, sem hér er reiknað með, er lík því sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun á sl. hausti. Hins vegar hafa kjarasamningarnir og þær aðgerðir í félags- og skattamálum, sem ákveðnar voru í tengslum við samningana, haft talsverð áhrif á skiptingu ráðstöfunarteknanna. Kaupmáttur þeirra, sem notið hafa hækkunar lágmarkstekna í kjarasamningum, hækkunar lífeyrisbóta, einkum tekjutryggingar og mæðralauna, og hins sérstaka barnabótaauka hefur þannig hækkað og er hækkunin umtalsverð í sumum tilvikum. Einkum á þetta við þann hópinn, sem talinn hefur verið verst settur, tekjulág einstæð foreldri með þunga framfærslubyrði, eins og fram kemur í töflu 4. Þar kemur fram, að hinir tekjulægstu fá leiðréttingu umfram aðra tekjuþega, sem fyrir tekjulága einstæða foreldra nemur 18—23% en 7—8% fyrir tekjutryggingarþega.

Að endingu er rétt að benda á, að úrtaksathugun á skattframtölum einstaklinga 1984 bendir til þess að meðalhækkun atvinnutekna hafi verið heldur meiri 1983 en talið hefur verið, e. t. v. 58—59% í stað fyrri áætlunar um 55% hækkun. Í þessu gæti einnig falist ástæða til að hækka áætlanir um kaupmátt tekna 1984 nokkuð. Ef þessi frekari hækkun hefur orðið í ársins rás 1983, kæmi hún einnig að hluta fram 1984, e. t. v. svo næmi ½—1% á meðalkaupmátt þess árs. Enn er of fljótt að meta þennan þátt nánar. En í heild virðist ekki fjarri lagi að meðalkaupmáttur ársins 1984 verði svipaður eða lítið eitt lakari en var á síðasta fjórðungi ársins 1983.

Tafla 1.

Spár um verðlag, tekjur og kaupmátt 1984
Breytingar á ári í prósentum

	Þjóðhags-áætlun í október 1983 %	Spá í janúar 1984 m. v. forsendur fjárlaga[1]) %	Spá í maíbyrjun Án aðgerða í félags- og fjármálum %	Spá í maíbyrjun Eftir aðgerðir í félags- og fjármálum %
I. Meðalbreyting milli ára				
Kauptaxtar	15,0	13,0	17,2	17,2
Önnur tekjuáhrif[2])	4,3	2,7	3,5	3,2
Atvinnutekjur í heild	20,0	16,0	21,1	20,8
Aðrar tekjur	25,0	22,0	26,0	28,5
Bráttótekjur alls	21,0	17,5	22,1	22,4
Ráðstöfunartekjur í heild	19,0	16,0	20,8	21,6
Verðlag einkaneyslu	26—27	26—27	27,2	28,9
Framfærsluvísitalan	26—27	26—27	27,2	28,9
Kaupmáttur m. v. verðlag einkaneyslu				
Kauptaxtar	−9	−10½	−7,9	−9,1
Ráðstöfunartekjur í heild	−6	−8	−5,0	−5,6
Ráðstöfunartekjur á mann	−7	−9	−6,0	−6,6
II. Breyting frá upphafi til loka árs				
Kauptaxtar[3])	9½	6½	12	12
Meðalgengi	3	5	5	5
Innflutningsverð í krónum	6	8	8	8
Framfærsluvísitalan[4])	9—10	8—9	11½	13½—14

Athugasemdir:

[1]) Sbr. Ágrip úr Þjóðarbúskapnum nr. 1, janúar 1984.

[2]) Fjölgun á vinnumarkaði, breytingar í atvinnuþátttöku, vinnutími, áhrif ýmissa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga, tekjur sjómanna, bænda, sjálfstæðra atvinnurekenda o. fl.

[3]) Í forsendum Þjóðhagsáætlunar var gert ráð fyrir, að hækkun taxta frá árslokum 1983 til meðaltals 1984 yrði um 6%, en það svarar til 9—10% hækkunar á árinu öllu. Hins vegar var í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir að hækkun frá áramótum til meðaltals 1984 yrði 4%, sem aftur svarar til 6—7% hækkunar á árinu öllu. Nýgerðir kjarasamningar fela í sér um 8% hækkun frá árslokum 1983 til meðaltals 1984, sem svarar til um 12% hækkunar frá upphafi til loka ársins 1984.

[4]) Verðbólgan í lok árs, mæld sem þriggja mánaða breyting framfærsluvísitölu, virðist mjög svipuð í báðum spánum í maíbyrjun, eða innan við 10%.

Tafla 2.

Spár um þróun kaupmáttar kauptaxta 1984
Vísitölur

	Kaupmáttur kauptaxta allra launþega		Kaupmáttur kauptaxta ASÍ	
	Án aðgerða	Eftir aðgerðir	Án aðgerða	Eftir aðgerðir
1983				
4. ársfjórðungur	100,0	100,0	100,0	100,0
1984				
1. ársfjórðungur	99,8	99,8	100,1	100,1
2. ársfjórðungur	100,2	99,1	100,6	99,6
3. ársfjórðungur	99,8	97,8	100,2	98,3
4. ársfjórðungur	99,5	97,5	99,9	97,9
Meðaltal	99,8	98,5	100,2	99,0
1985				
1. ársfjórðungur	100,5	98,7	100,9	99,1

Aths. Taflan sýnir eingöngu þróun kaupmáttar kauptaxta. Líklegt má telja að vísitala kaupmáttar tekna 1984 sé ívið hærri en taxta.

Tafla 3.

Yfirlit yfir verðlags- og tekjuáhrif aðgerða í ríkisfjármálum í maíbyrjun 1984

	Áhrif á framfærsluvísitölu %
1. Lækkun niðurgreiðslna um 185 m. kr. 1984 frá maíbyrjun	0,7
2. Aukin þátttaka almennings í lyfja- og lækniskostnaði	0,6
3. Nýtt innflutningsgjald af kjarnfóðri, skv. frumvarpinu	0,1
Samtals, upphafsáhrif	1,4
Samtals, áhrif á meðalverðlag 1984	1¼

Auk þeirra verðlagsáhrifa, sem hér eru tíunduð, gæti lækkun ríkisútgjalda á ýmsum sviðum haft nokkur áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna. Slík áhrif verða ekki metin með góðu móti að svo stöddu en afar lauslega mætti gera ráð fyrir að þau svöruðu til ½% af ráðstöfunartekjum á heilu ári en um ¼% á árinu 1984. Samkvæmt þessu yrðu kaupmáttaráhrif af verðlags- og tekjubreytingum vegna aðgerðanna um 1½% á árinu 1984, en á móti vega áhrif aðgerða í félags- og skattamálum, sbr. töflu 4, tæplega 1% af tekjum.

Tafla 4.

Yfirlit yfir áhrif aðgerða í félags- og skattamálum í tengslum við gerða kjarasamninga 1984

	Útgjaldaauki/ tekjumissir ríkissjóðs á árinu 1984 M. kr.	Hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna í heild, miðað við heilt ár %
1. Breytingar bóta lífeyristrygginga	190	0,6
2. Sérstakur barnabótaauki	160	0,4
Samtals	350	1,0

Tafla 5.

Dæmi um áhrif launabreytinga í kjarasamningum í febrúar 1984 og tengdra aðgerða í félags- og skattamálum[1])

	A. Einstætt foreldri á lágmarkslaunum með 1 barn á framfæri (yngra en 7 ára)			B. Einstætt foreldri á lágmarkslaunum með 2 börn á framfæri[2])		
	Kr. á mánuði			Kr. á mánuði		
	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %
Laun	10 961	12 660	15,5	10 961	12 660	15,5
Mæðralaun	513	1 263	146,2	1 809	3 309	82,9
Meðlag	1 615	2 015	24,8	3 230	4 030	24,8
Barnabætur	1 500	2 500	66,7	2 500	4 500	80,0
Samtals	14 589	18 438	26,4	18 500	24 499	32,4

	C. Ellilífeyrisþegi, sem ekki hefur tekjur frá öðrum en almanna-tryggingum (með fulla tekjutryggingu og heimilisuppbót)			D. Ellilífeyrisþegi með tekjutryggingu og heimilsuppbót hálfskerta vegna greiðslna úr lífeyrissjóði[3])		
	Kr. á mánuði			Kr. á mánuði		
	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %	Fyrir samninga og aðgerðir	Eftir samninga og aðgerðir	Breyting %
Ellilífeyrir	3 157	3 378	7,0	3 157	3 378	7,0
Tekjutrygging	3 861	4 728	22,5	1 931	2 922	51,3
Heimilisuppbót	1 293	1 422	10,0	646	879	36,1
Lífeyrissjóður	—	—	—	7 189	7 548	5,0
Samtals	8 311	9 528	14,6	12 923	14 727	14,0

[1]) Dæmin sýna þá hækkun sem verður í fyrsta áfanga kjarasamninganna ásamt áhrifum hækkunar á bótum almannatrygginga í mars sl. og barnabótaauka samkvæmt frumvarpinu.

[2]) Annað barnið yngra en 7 ára.

[3]) Dæmið varðar einhleyping, sem hafði fyrir samninga og aðgerðir tekjur frá lífeyrissjóði, sem voru það háar, að tekjutrygging hans var skert að hálfu. Við hækkun frítekjumarks og lækkun skerðingarhlutfalls hækkaði tekjutrygging þessa einhleypings úr því að vera 50% af fullri bótafjárhæð í það að vera nær 62% af fullri tekjutryggingu.

Fylgiskjal 3.

Fjárlaga og hagsýslustofnun
Fjármálaráðuneytið, gjaldadeild

Endurskoðuð áætlun frá mars 1984 um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1984

(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárlög 1984	Endurskoðuð áætlun	Frávik
Tekjur:			
Beinir skattar	2 916	2 986	70
Óbeinir skattar og aðrar tekjur	14 979	15 404	425
Tekjur alls	17 895	18 390	495
Gjöld:			
Laun	4 911	5 240	329
Önnur rekstrargjöld	1 877	1 990	113
Viðhald	614	614	—
Vextir	840	920	80
Almannatryggingar	4 623	5 373	750
Niðurgreiðslur	945	945	—
Útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir	280	400	120
Niðurgreiðsla rafhitunar	230	310	80
Verðjöfnunargjald raforku	360	360	—
Lánasjóður ísl. námsmanna	400	500	100
Aðrar rekstrartilfærslur	922	1 101	179
Samtals	16 002	17 753	1 751
Frá dragast sértekjur	−519	−540	21
Rekstur samtals	15 483	17 213	1 730
Framkvæmdaframlög:			
Verklegar framkvæmdir og fjárfestingarstyrkir	1 829	1 829	—
Framlög til fjárfestingarlánasjóða og lánagreiðslna	989	1 258	269
Samtals	2 818	3 087	269
Útgjöld alls	18 301	20 300	1 999
Rekstrarjöfnuður	−406	−1 910	1 504
Lánahreyfingar:			
Útstreymi: Afborganir lána o. fl.	−1 228	−1 350	122
Viðskiptareikningar, nettó	−20	−100	80
Frá dragast innheimtar afborganir lána	110	110	—
Samtals	−1 138	−1 340	202
Fjárþörf alls	1 544	3 250	1 706

Nd. 737. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Leitaði hún umsagnar ríkisendurskoðunar um málið varðandi kaupverð og lánskjör. Ríkisendurskoðun gerði ekki athugasemdir við frv. og benti á „að skuldabréf fyrir kaupverði er verðtryggt að fullu miðað við lánskjaravísitölu auk þess sem það ber hæstu vexti af slíkum lánsskjölum. Slík skjöl hafa fram að þessu þótt góð fjárfesting og ávöxtunarleið hjá sparifjáreigendum."

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. lagði til að frv. yrði samþykkt en Hjörleifur Guttormsson skilar séráliti.

Alþingi, 3. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Ingvar Gíslason.	Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.

Nd. 738. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Friðjón Þórðarson.	Stefán Guðmundsson.	Guðmundur Einarsson.

Nd. 739. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og varð sammála um að afgreiða það óbreytt.
Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Halldór Blöndal.	Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 740. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og varð sammála um að afgreiða það óbreytt.
Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Halldór Blöndal.	Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 741. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja kristfjárjörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og varð sammála um að afgreiða það óbreytt.
Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Halldór Blöndal.	Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 742. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 35. þingi Evrópuráðsins, apríl 1983 til janúar 1984.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félagsmál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Samgöngumál.
13. Önnur mál.
14. Yfirlit um ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun sem er fyrst og fremst samansett af þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna, og ráðherranefnd sem er fulltrúi ríkisstjórnanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing sem er svipað þjóðþingum að samsetningu, og hlítir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með gangi mála á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands

Fulltrúar Íslands á 35. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Ingvar Gíslason,
Ólafur Ragnar Grímsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson,
Pétur Sigurðsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:

Fastanefnd.
Stjórnmálanefnd.
Þingskapanefnd (varamaður).
Laganefnd (varamaður).

Ingvar Gíslason:

Sameinaða nefndin.
Vísinda- og tækninefnd.
Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:
Efnahagsnefnd.
Upplýsinganefnd.
Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).
Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).
Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Menntamálanefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.
Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:
Þingskapanefnd.
Fjárhags- og áætlananefnd.
Fastanefnd (varamaður).
Stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt

35. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 25.—29. apríl 1983, annar hlutinn 26. september — 3. október 1983 og þriðji hlutinn 30. janúar — 3. febrúar 1984. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasborg.

Forseti Ítalíu, Sandro Pertini, var gestur vorþingsins. Ræddi hann kosti lýðræðisins og nauðsyn þess að lýðræðisríkin berðust gegn alræðinu. Hann kvaðst fagna fyrirhugaðri inngöngu Spánar og Portúgals í Efnahagsbandalagið. Þá vildi hann auka þýðingu Evrópuráðsins með því að koma á meirihluta-atkvæðagreiðslu í ráðherranefndinni í stað þess sem nú gildir að öll ríkin verði að vera sammála til að mál fáist afgreidd.

Spánski þingmaðurinn og forseti þingsins, Jose María de Areilza, tapaði þingsæti sínu í spánska þinginu og var því gengið til kosninga um nýjan forseta þings Evrópuráðsins. Jafnaðarmaðurinn Karl Ahrens var kjörinn forseti, fyrsti Vestur-Þjóðverjinn til að gegna því embætti. Varaframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Gaetano Adinolfi, var endurkjörinn.

Utanríkisráðherra Belgíu, Leo Tindemanns, fylgdi hefðbundinni skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði á vorfundi, en utanríkisráðherra Kýpur, George Jacovou, mælti fyrir sömu skýrslu á haustfundi og utanríkisráðherra Danmerkur, Uffe Ellemann-Jensen á janúarfundi.

Þá ávarpaði Olaf Palme forsætisráðherra Svíþjóðar haustfund þingsins. Sagði hann það vera stefnu stjórnar sinnar að leggja aukna áherslu á tengslin við Evrópuráðið. Styrkur Evrópuráðsins fælist í sáttmála þess sem krefðist þess að aðildarríkin stæðu vörð um grundvallarhugtök lýðræðisins er snertu frelsi einstaklingsins, frelsi stjórnmálanna og réttarsamfélagið. Tyrkland gæti ekki talist uppfylla ofangreind skilyrði sem Evrópuráðið setti aðildarríkjum sínum. Því hefði Svíþjóð ásamt fjórum öðrum Evrópuráðsríkjum kært Tyrkland fyrir mannréttindanefndinni. Stjórnarskrá Tyrklands gæfi ekki fullnægjandi fyrirheit um það lýðræði sem Tyrkir hugðust innleiða og Evrópuráðið gæti ekki dregið úr kröfum sínum til lýðræðislegra stjórnarhátta til að aðlaga sig að einstaka aðildarríkjum.

Meginþáttur í ræðu Palmes fjallaði að öðru leyti um atvinnuleysið í Evrópu, en í lokaorðum ræddi hann um varnarmál í Evrópu.

Af öðrum, sem ávörpuðu 35. þing Evrópuráðsins, má nefna franska félagsmálaráðherrann, Pierre Beregavoy, írska menntamálaráðherrann, Gemmu Hussey, og framkvæmdastjóra OECD, Emile van Jennep. Janúarfundinn ávörpuðu þingið forsætisráðherra Spánar, Felipe Conzales, Johan J. Jakobsen samgönguráðherra Noregs og Carl-Dieter Spranger aðstoðarráðherra frá Þýska sambandslýðveldinu.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði

Fyrir 35. þinginu lá skýrsla sem norski íhaldsflokksþingmaðurinn Harald Lied hafði tekið saman og fjallaði um samskipti austurs og vesturs. Um 40 þingmenn tóku til máls og lýstu skoðunum sínum á skýrslunni. Sætti hún ámæli fyrir að vera of einhliða og tók Harald Lied það til greina og dró hana til baka og kvaðst mundu semja aðra skýrslu með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram komu í umræðunum. M. a. kom fram í umræðunum nauðsyn þess að Evrópuráðið héldi tengslum við Austur-Evrópuríkin, ekki síst þar sem þau hafa ekki viðurkennt Evrópuráðið.

Ástandið í Tyrklandi var á dagskrá á haustfundi þingsins í tvo daga, en skýrsla Ludwig Steiners, austurríska þjóðarflokksþingmannsins, þingskjal 5117 um það mál, lá fyrir fundinum. Að venju skiptust þingmenn í fylkingar eftir stjórnmálaskoðunum um afstöðu til málsins. Þingmenn hægri flokkanna töldu skýrsluna bera vott um sleggjudóma varðandi fyrirhugaðar kosningar í Tyrklandi 6. nóvember, en hins vegar töldu þingmenn vinstri- og miðflokkanna að beita ætti tyrknesk stjórnvöld miklu meiri þrýstingi eins og fram kom að framan í máli Olafs Palme.

Ályktun stjórnmálanefndar þingsins um Tyrklandsmálið, nr. 803, var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Í ályktuninni er vitnað í fyrri tilmæli Evrópuráðsins til tyrkneskra stjórnvalda sem verið hafa árangurslítil. Enn eru ítrekaðar áhyggjur aðildarríkja Evrópuráðsins af ástandi mannréttindamála í Tyrklandi. Í lok ályktunarinnar áskilur þing Evrópuráðsins sér rétt til þess að mæla með því við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hún hefji aðgerðir er miði að brottrekstri Tyrklands í samræmi við ákvæði stofnskrár Evrópuráðsins. Þá lýsir þingið því yfir að með tilliti til aðstæðna og fyrirliggjandi upplýsinga virðist þingið, sem kosið verður til 6. nóvember n. k., ekki vera lýðræðislega kosið og því geti það ekki sent sendinefnd á þing Evrópuráðsins. Loks var stjórnmálanefndinni og laganefndinni falið að fylgjast með þróun mála í Tyrklandi og leggja fram skýrslu þess efnis í janúar 1984.

Ástandið í miðausturlöndum var á dagskrá þingsins eins og oft áður. Tveir þingmenn, austurríski jafnaðarmaðurinn Karl Reinhart og spánski miðflokksþingmaðurinn Miguel Angel Martinez, lögðu fram skýrslu um ferð til Líbanon, Jórdaníu, Sýrlands og Ísraels í júlí 1983. Í lokaorðum skýrslunnar er mælt með því að PLO verði viðurkenndur sem samningsaðili. Ályktun nr. 804, um ástandið í Miðausturlöndum, var samþykkt. Í ályktuninni er þess krafist að allir erlendir herir hverfi á brott frá Líbanon, að friður haldist í þessum heimshluta og stefna Ísraels á herteknu svæðunum verði fordæmd. Loks er skorað á ríkisstjórnir Evrópuríkja að taka frumkvæði í að finna leið til friðar í Miðausturlöndum og mælt með því að evrópskir ráðherrar miðli málum þar.

Samstarf Evrópuríkja á þessum áratug var á dagskrá þingsins. Þingmaður norska íhaldsflokksins, Harald Lied, lagði fram skýrslu fyrir hönd stjórnmálanefndarinnar um ofangreint efni og ályktun nr. 805, sama efnis, og var hún samþykkt. Í ályktuninni var hvatt til aukinna umsvifa Evrópuráðsins og betri samhæfingar milli starfsemi Evrópuráðsins og Efnahagsbandalagsins. Lagði hann til að sett yrði á stofn nefnd háttsettra stjórnmálamanna í Evrópu til að vinna að þessu máli.

Rætt var um Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu í Madrid og ályktun nr. 806, sama efnis, var samþykkt. Í ályktuninni kom fram ánægja þingsins með árangur ráðstefnunnar um aðgerðir til að efla traust. Einnig kom fram hvatning til aðildarríkja Evrópuráðsins að upplýsa almenning um framkvæmd Helsinki-sáttmálans og lokasamþykktar Madrid-ráðstefnunnar.

Í tillögu nr. 972, um málefni Þjóðverja í Sovétríkjunum, eru Sovétríkin hvött til að leyfa þeim Þjóðverjum, sem fara vilja frá Sovétríkjunum að flytja þaðan. Enn fremur er skorað á Sovétríkin að láta af mismunun gagnvart þýska þjóðarbrotinu í landi þeirra. Skorað er á ráðherranefndina að styðja þýsk stjórnvöld í viðleitni þeirra til að bæta aðstæður þýska minnihlutans í Sovétríkjunum og flýta fyrir afgreiðslu vegabréfsáritana fyrir þetta fólk. Þá er loks hvatt til þess að um málið verði fjallað í víðara samhengi á Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Vegna stjórnskipulags þess, sem nú ríkir í Tyrklandi, gætir verulegrar andstöðu á þingi Evrópuráðsins gegn því að Tyrkir eigi þar fulltrúa þótt þeir séu enn aðilar að Evrópuráði þar sem þeim hefur ekki verið vikið úr samtökunum. Réttur Tyrkja til þess að eiga fulltrúa á þinginu var ákveðinn sem sérstakur dagskrárliður á janúarfundi þingsins og urðu um það mál miklar umræður sem ekki tókst að ljúka áður en þinginu var slitið. Kjörbréf tyrknesku fulltrúanna voru aldrei samþykkt en eigi að síður sátu Tyrkir í þingsalnum og voru taldir hafa til þess formlegan rétt meðan ekki fengjust úrslit í atkvæðagreiðslu um málið, en til atkvæðagreiðslunnar kom aldrei enda lauk þinginu nokkuð óvænt vegna verkfalls starfsmanna þar (túlka) sem ekki tókst að leysa í tæka tíð. Úrslit Tyrklandsmálsins verða því að bíða næsta þings. Þá tókst heldur ekki að ljúka umræðum um ástandið á Kýpur sem er eitt af aðildarlöndum Evrópuráðsins.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál

Fyrir vorfundi lá skýrsla frá svissneska sósíalistanum Willy Donze um þróun heimsviðskipta og fjallaði einkum um þróunina innan GATT og verndunaraðgerðir í heimsviðskiptum.

Í ályktun nr. 796, sem samþykkt var, var skorað á aðildarríkin að fylgja stefnu er hvetti til meiri viðskipta en leiddi þó ekki til aukinnar verðbólgu. Manfried Vohrer, þingmaður frjálslyndra í V-Þýskalandi, lagði fram skýrslu um ár helgað smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Ályktun sama efnis, nr. 798, var samþykkt.

Tvær skýrslur lágu fyrir vorfundi undir þessum dagskrárlið, skýrsla um starfsemi OECD 1982 og skýrsla um stáliðnaðinn í Evrópu. Í ályktun nr. 809, um starfsemi OECD, var ákveðið að bæta efnahag aðildarríkja OECD bæði í náinni framtíð og til langtíma, en Hollendingurinn Greetje der Ouden-Dekkers, þingmaður Frjálslynda flokksins, stóð að skýrslunni er lá til grundvallar ályktuninni.

Franski sósíalistinn Lucien Pignion ritaði skýrslu um stöðu stáliðnaðarins í Evrópu. Ályktun nr. 809, um það efni, var samþykkt en í henni er bent á ýmsar leiðir til úrbóta.

Þing Evrópuráðsins efndi til fjölmennrar ráðstefnu sem haldin var í Lissabon 9.—12. apríl s. l. um „samskipti norðurs og suðurs", þ. e. iðnríkjanna og þriðja heimsins, og gekk ráðstefnan undir heitinu: Norður-Suður — Hlutverk Evrópu. Ólafur Ragnar Grímsson hafði á sínum tíma frumkvæði að tillöguflutningi um þessa ráðstefnu innan Evrópuráðsþingsins. Var hann kjörinn formaður skipulagsnefndar ráðstefnunnar og aðalframsögumaður. Auk Ólafs Ragnars sátu ráðstefnuna af Íslands hálfu: dr. Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal, Ingvar Gíslason og Kjartan Jóhannsson.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna

Austurríski jafnaðarmaðurinn Karl Reinhart samdi skýrslu um fordóma heimamanna í aðildarríkjum Evrópuráðsins í garð farandverkamanna. Í tillögu nr. 968, um hleypidóma í garð farandverkamanna, voru ríkisstjórnir aðildarríkja hvattar til að skýra fyrir almenningi aðstöðu þessa fólks. Málinu var að öðru leyti vísað til þingnefndar um farandverkafólk og flóttamenn sem falið var að fylgjast með þróun þessara mála með tilliti til fyrirmæla þingsins, nr. 420, um aðgerðir varðandi hleypidóma í garð farandverkamanna. Sama nefnd skyldi undirbúa ráðstefnu árið 1984 til að vekja athygli fjölmiðla á aðstöðu farandverkamanna.

7. Félagsmál

Austurríski jafnaðarmaðurinn Karl Reinhart lagði fram skýrslu um upplýsingar og samráð milli starfsmanna í stórum fyrirtækjum, sem annars vegar eru í eigu aðila í mörgum þjóðríkjum, og hins vegar stórfyrirtækjum í eigu aðila frá sama landi. Samþykkt var tillaga er mælti með ákveðnum aðgerðum til að efla upplýsingamiðlun og áhrif starfsmanna á stjórn fyrirtækjanna.

Eins og kunnugt er hurfu eiturefni í borginni Seveso á Ítalíu og fundust í Norður-Frakklandi. Þingið samþykkti ályktun nr. 797 þar sem stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur eru hvött til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að málið verði upplýst.

Allmiklar umræður urðu á haustfundinum um atvinnuleysi en 19 milljónir manna í aðildarríkjunum ganga nú atvinnulausar. Þá samþykkti þingið ályktun nr. 809, um starfsemi OECD á árinu 1982.

Á janúarfundi lagði Worrell, þingmaður frá Hollandi, fram tillögu, þingskjal 5104, varðandi rétt manna til að ákveða sjálfir aðild að verkalýðsfélagi. Þessi tillaga var ekki samþykkt þar sem ekki náðist tilskilinn meirihluti atkvæða (⅔). Miklar umræður urðu um málið og 20 þingmenn tóku til máls.

8. Menningar- og menntamál

Á menningarsviðinu lá fyrir haustfundi skýrsla austurríska jafnaðarmannsins Hilde Hawlicek er fjallaði um samstarf á sviði kennslu. Menntamálaráðherra Írlands Gema Hussey, formaður fastanefndar evrópskra menntamálaráðherra, tók einnig til máls. Ályktun nr. 807 var samþykkt og fjallaði um aukið starf fastanefndar menntamálaráðherranna.

Flutningur listaverka og hvatning til að skila þeim aftur til upprunalands var efni tveggja skýrslna, Beith-skýrslunnar og Tummer-skýrslunnar. Fyrrnefnda skýrslan er kennd við breska þingmanninn Alan Beith en hin síðari við hollenska öldungadeildarþingmanninn Nic Tummers. Á grundvelli Beith-skýrslunnar voru fyrirmæli 421 samþykkt, en þar var flutningi listaverka vísað til efnahagsnefndar og laganefndar. Tummerskýrslan leiddi til ályktunar nr. 808 þar sem því var beint til aðildarríkjanna að stofna til tvíhliða samvinnu, hugsanlega fyrir atbeina UNESCO, til að kanna hvenær eðlilegt er að Evrópuríki skili aftur listaverkum frá ríkjum Evrópu.

Þingið samþykkti ályktun nr. 814, um menningartengsl Evrópu og Suður-Ameríku, og tillögu nr. 976, um framlag Evrópuráðsins til menningarsamstarfs í Suður-Ameríku.

Ofangreind þingskjöl áttu rætur að rekja til skýrslu þingmannanna Tummers og Martinez, þingskjal 5161.

9. Löggjafarmálefni

Fulltrúar eftirfarandi ríkja voru kosnir til setu í mannréttindadómstólnum: Sambandslýðveldisins Þýskalands, Grikklands, Ítalíu, Möltu, Bretlands og Sviþjóðar.

Í skýrslu Antons Muheims, svissnesks sósíalista, varðandi mannréttindasáttmála Evrópu er vakin athygli á þeim langa tíma sem það tekur mannréttindanefndina og

dómstólinn að ljúka málum. Í tillögu til ráðherranefndarinnar, nr. 970, er mælt með því að meðferð mannréttindamála verði bætt. Í ályktun þingsins, nr. 802, eru sendinefndirnar hvattar til að bjóða fram menn sem hafa nægan tíma til að taka að sér dómara- og nefndarstörf.

Þingið tók einnig afstöðu til beiðni ráðherranefndar um umsögn varðandi bókun við sáttmála Evrópuráðsins, um verndun mannréttinda og grundvallarfrelsis.

Í skýrslu, er fjallaði um vernd fanga gegn pyntingum, lagði franski sósíalistinn Noel Barrier til að gengið yrði frá lögum sem kveða á um heimsóknir í fangelsi í aðildarríkjunum sem þingnefnd frá Evrópuráðinu stæði að. Í tilmælum nr. 971 er ráðherranefndin hvött til þess að samþykkja lagafrumvarp þessa efnis.

Þingið samþykkti án umræðu ályktun nr. 801 þar sem Amnesty International er stutt í baráttunni fyrir því að aðstoða fólk sem tekið hefur verið til fanga vegna skoðana sinna.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál

Franski sósíalistinn Philippe Bassinet lagði fram skýrslu, þingskjal 5049, með athugasemdum við drög að Evrópuráðssamningi um verndun dýra sem notuð eru í tilraunaskyni. Á vorfundi var frumvarpið tekið til atkvæðagreiðslu en náði ekki tilskildum meirihluta atkvæða.

11. Landbúnaðarmál

Fjallað var um skýrslur hr. Müllers, þingmanns frá Þýska sambandslýðveldinu, þingskjal nr. 5758, varðandi loftmengun og súrt regn, og þingskjal 5148, um skógrækt í Evrópu og um heim allan. Aðstoðarráðherra í innanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskalands, Carl-Dieter Sprange, ávarpaði þingið af þessu tilefni. Niðurstaða umræðna um ofangreind þingmál leiddi til þess að tillaga nr. 977 var samþykkt, um loftmengun og súrt regn, en þar er lagt til að Evrópuráðið standi að samningi um þetta mál er taki mið af ákvæðum Efnahagsbandalags Evrópu um sama efni. Í tillögu nr. 978, um skógrækt í Evrópu, eru aðildarríkin hvött til að stefna að því að Evrópa verði í ríkara mæli sjálfri sér nóg um timbur.

12. Samgöngumál

Johan J. Jakobsen samgönguráðherra Noregs og formaður fastanefndar samgönguráðherra Evrópu ávarpaði þingið í umræðum um þingskjöl 5164 og 5166 varðandi skýrslu samgönguráðherranna. Í máli hans kom m. a. fram að á síðustu fimm árum hefði framlag til samgöngumála á Norðurlöndum staðið í stað eða jafnvel lækkað.

13. Önnur mál

Fastanefnd þingsins samþykkti fyrirmæli um stefnu í launamálum starfsmanna skrifstofu Evrópuráðsins árið 1984. Enn fremur fjárlög og reikninga áranna 1982, 1983 og 1984, svo og fyrirmæli um fjármálalið tillagna þings Evrópuráðsins.

14. Yfirlit yfir ákvarðanir 35. þings Evrópuráðsins (apríl 1983 — janúar 1984).

Tillögur

965 um samráð milli launþega hjá fjölþjóðlegum fyrirtækjum og stórfyrirtækjum.
966 um þunga málma í ræktaðri jörð.
967 um skuldbindingar gistihúsaeigenda.
968 um hleypidóma í garð farandverkamanna.

969 um sölu á lyfjum í þróunarlöndum.
970 um mannréttindi í ríkjum sem aðild eiga að Evrópuráðinu.
971 um aðgerðir til verndunar fanga gegn pyntingum.
972 um aðstöðu þýska minnihlutans í Sovétríkjunum.
973 um Öryggismálaráðstefnuna í Madrid.
974 um ástandið á Kýpur.
975 um sýningu á evrópskri húsagerðarlist.
976 um framlag Evrópuráðsins til menningarstarfs í Suður-Ameríku.
977 um loftmengun og súrt regn.
978 um skógrækt í Evrópu og um heim allan.

Ályktanir

796 um þróun heimsviðskipta.
797 um eiturefni í Seveso.
798 um að árið 1983 verði tileinkað smáfyrirtækjum, meðalstórum fyrirtækjum og handiðnaði.
799 um ástandið í Mið-Ameríku.
800 um grundvallarkenningar lýðræðisins.
801 um baráttu Amnesty International í þágu samviskufanga.
802 um umsækjendur um setu í mannréttindanefnd Evrópuráðsins.
803 um ástandið í Tyrklandi.
804 um ástandið í Miðausturlöndum.
805 um samstarf Evrópuríkja á níunda áratugnum.
806 um öryggismálaráðstefnu í Madrid.
807 um samstarf Evrópuríkja í menntamálum.
808 um heimflutning listaverka.
809 um starfsemi OECD á árinu 1982.
810 um ástandið í stáliðnaðinum í Evrópu.
811 um starfstímabil nefndarformanna.
812 um áunna ofnæmisbæklun.
813 um nútíma húsagerðarlist.
814 um menningartengsl Evrópu og Suður-Ameríku.
815 svar við 28. og 29. ársskýrslu samgönguráðherra Evrópu.

4. Fyrirmæli

418 um vísindasamstarf Evrópuríkja á níunda áratugnum.
419 um vernd dýra við dýrarannsóknir.
420 um aðgerðir varðandi hleypidóma gagnvart farandverkamönnum.
421 um heimflutning listaverka.

5. Álitsgerðir

114 um fjárlög þings Evrópuráðsins 1984.
115 um reikninga og fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1982, 1983 og 1984.
116 um drög að bókun varðandi verndun mannréttinda og pólitískra og borgaralegra réttinda.

Sþ. 743. Skýrsla

utanríkisráðherra um verktakastarfsemi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka.

Efnisyfirlit

I. Inngangur
II. Upphaf og grundvöllur framkvæmda fyrir varnarliðið
III. Íslenskir aðalverktakar s.f.
IV. Sameinaðir verktakar h.f.
V. Reginn h. f.
VI. Keflavíkurverktakar
VII. Afgreiðsla á tollfrjálsum innflutningi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka
VIII. Svör við spurningum um starfsemi Íslenskra aðalverktaka s.f.
IX. Hliðstæð svör við spurningum um starfsemi Keflavíkurverktaka eftir því sem við á

Fylgiskjöl:

1. Samkomulag um íslenska verktöku
2. Félagssamningur Íslenskra aðalverktaka s.f.
3. Dverghamrar s.f. — Eigendur pr. 31.12.1983
4. Yfirlýsing endurskoðenda Íslenskra aðalverktaka s.f.
5. Sameinaðir verktakar h. f. — Hluthafaskrá pr. 31.12.1983
6. Félag vatnsvirkja h. f. — Hluthafaskrá pr. 31.12.1983
7. Rafvirkjadeildin h. f. — Hluthafaskrá pr. 31.12.1983
8. Verktakafélag málarameistara s.f. — Eigendur pr. 31.12.1983
9. Stofnsamningur Keflavíkurverktaka
10. Keflavíkurverktakar — Hluthafalisti fjögurra félaga, er mynda Keflavíkurverktaka pr. febrúar 1984

I. Inngangur.

Þingmenn Alþýðuflokks og Bandalags jafnaðarmanna lögðu fram á Alþingi 23. janúar s. l. beiðni um skýrslu frá utanríkisráðherra um starfsemi Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli. Settar voru fram 17 spurningar, sem óskað er svara við.

Utanríkisráðherra vill verða við þessari beiðni, en þar sem umræddar spurningar og svör við þeim gefa einungis takmarkað yfirlit um verktakastarfsemina eru í þessari skýrslu og fylgiskjölum veittar ítarlegri upplýsingar en óskað var eftir. Lagðar eru m. a. fram upplýsingar um Keflavíkurverktaka, en það fyrirtæki hefur með höndum verulegan hluta af viðhaldsframkvæmdum fyrir varnarliðið. Í skýrslunni eru jafnframt raktar sögulegar forsendur fyrir núverandi verktakastarfsemi.

Í greinargerð þingmanna Alþýðuflokks og Bandalags jafnaðarmanna er tekið fram, að tilgangur þessarar beiðni sé fyrst og fremst að varpa ljósi á starfsemi og fjármál Íslenskra aðalverktaka, þannig að fordómalausar umræður reistar á staðreyndum geti farið fram um starfsemi og framtíð fyrirtækisins. Rétt þykir að geta þess, að utanríkismálanefnd hefur við ýmis tækifæri rætt starfsemi Íslenskra aðalverktaka. Má í þessu sambandi nefna, að í september 1981 fóru nefndarmenn til Keflavíkurflugvallar og kynntu sér starfsemi fyrirtækisins. Fengu þingmennirnir við það tækifæri reikninga fyrirtækisins fyrir árin 1977—1980. Í febrúar 1983 komu forráðamenn verktakafyrirtækjanna á fund utanríkismálanefndar að beiðni hennar og greindu frá starfsemi fyrirtækjanna, auk þess að svara margvíslegum spurningum þingmanna.

Við gerð þessarar skýrslu hefur varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins haft samband við og fengið upplýsingar frá ríkisendurskoðun, ríkisbókhaldi, tollstjóranum í Reykjavík, lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, Seðlabanka Íslands, Bifreiðaeftirliti ríkisins og varnarliðinu. Jafnframt hafa fyrirtækin Íslenskir aðalverktakar sf., Sameinaðir verktakar h. f., Reginn h. f. og Keflavíkurverktakar látið ráðuneytinu í té þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir.

II. Upphaf og grundvöllur framkvæmda fyrir varnarliðið.

Við komu varnarliðsins til Íslands árið 1951 hófust umfangsmiklar byggingarframkvæmdir á varnarsvæðunum. Aðalverktaki fyrstu árin var bandarískt fyrirtæki, er gerði verksamninga við varnarliðið, sá um öll efnisinnkaup og lagði jafnframt til vélar og tæki. Undirverktakar voru bæði erlend og íslensk fyrirtæki, þ. á m. Sameinaðir verktakar, sem voru samtök íslenskra iðnmeistara og byggingarfélaga er stofnuð voru fyrir tilverknað þáverandi ríkisstjórnar í því skyni að tryggja, að Íslendingar ættu kost á öllum þeim framkvæmdum fyrir varnarliðið, sem þeir gætu annast. Eftir því sem fleiri þættir verktakastarfseminnar færðust í hendur Íslendinga var talið óþarft að hafa hér erlendan millilið, enda voru þá fyrir hendi vissir samstarfserfiðleikar, sem erfitt var að ráða fram úr.

Árið 1954 var ákveðið með samningi Íslands og Bandaríkjanna að framvegis sæju Íslendingar einir um alla verktöku fyrir varnarliðið. Meginatriði samkomulagsins, dags. 25. mars 1954 (sjá fskj. nr. 1) voru þessi:

— að allri verktöku á vegum varnarliðsins yrði hagað þannig, að komið yrði í veg fyrir neikvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.

— að íslenskir verktakar, tilnefndir af ríkisstjórn Íslands, sæju um alla verktöku, sem þeir væru færir um.

— í því skyni að auka tæknimenntun Íslendinga, er unnu að varnarliðsframkvæmdum, voru skipulögð þjálfunarnámskeið.
— að íslenskir verktakar tækju að sér rekstur á verktakabúðum og verkstæðum bandarísku verktakanna, sem yrðu áfram í eigu varnarliðsins.
— að öll tæki, efni og þjónusta, sem notuð yrði við varnarliðsframkvæmdir af íslenskum verktökum yrðu undanþegin öllum sköttum, gjöldum og öðrum álögum í samræmi við 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn, er fjallar um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951.
— að fylgt yrði öllum íslenskum stöðlum hvað varðar hönnun á mannvirkjum varnarliðsins, er ekki væru hagnýtt sem varnarmannvirki.

Ofangreint samkomulag hefur síðan verið grundvöllurinn að starfsemi íslensku verktakafyrirtækjanna. Meginósk Bandaríkjamanna var og er, að íslenskur verktaki sé þannig í stakk búinn með framkvæmdagetu, að hann geti með stuttum fyrirvara tekið að sér hvaða verk sem er, hversu vandasamt sem það kann að vera. Í þessu sambandi er rétt að benda á eftirfarandi þætti varðandi varnarliðsframkvæmdir, sem eru að vissu leyti frábrugðnir annarri verktöku á Íslandi.

— Verktaki verður ávallt að hafa í sinni þjónustu sérþjálfaða starfsmenn er hafa reynslu, þekkingu og innsýn í bandaríska verklýsingu, hönnun og tækni. Verklýsingar varnarliðsins eru bæði ítarlegri og kröfuharðari en almennt gildir á íslenskum byggingarmarkaði. Sérfræðingar með slíka kunnáttu verða að vera til staðar, enda þótt sveiflur séu á verkefnum.
— Verktaki verður að hafa öll þau tæki og áhöld, sem nauðsynleg eru til þess að leysa sérhvert verkefni af hendi.
— Vegna tollfrelsis á byggingarefni, vinnuvélum og varahlutum við varnarliðsframkvæmdir, verða verktakafyrirtækin að sýna alveg sérstaka aðgæslu hvað varðar innflutning þessara vara, notkun tækja og birgðahald á varnarsvæðunum.
— Verktaki verður að hafa víðtæka þekkingu á þeim efniskröfum, sem bandarískri sjóherinn gerir til framkvæmda, þ. á m. útvegun efnis í Bandaríkjunum.
— Einn verktaki (Íslenskir aðalverktakar) verður að annast, auk framkvæmda við nýbyggingar, margvíslega verkfræðiþjónustu og reka fyrir varnarliðið malbikunarstöð, steypustöð, og grjót- og sandnámu, án tillits til þess hver framleiðsluþörfin kann að vera á hverjum tíma.
— Úthlutun á verkefnum til verktaka getur átt sér stað einu til tveimur árum áður en til endanlegra samninga kemur og framkvæmdir hefjast.

Utanríkisráðherra tilnefnir aðalverktaka til að annast framkvæmdir varnarliðsins á Íslandi. Gerðir eru rammasamningar um einstök verk fyrir næsta fjárhagsár og jafnhliða gengið frá samningum um greiðslu fyrir starfrækslu og viðhald á verktakamannvirkjum í eigu varnarliðsins og þjónustu er verktaki lætur af hendi án tillits til framkvæmdamagns. Íslenskir aðalverktakar hafa ávallt verið tilnefndir til að annast þessar framkvæmdir og þjónustu.

III. Íslenskir aðalverktakar s.f.

Íslenskir aðalverktakar voru stofnaðir árið 1954 í framhaldi af áðurgreindu samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna, um að íslenskur verktaki taki við hlutverki bandaríska verktakans Metcalfe, Hamilton, Smith & Beck, sem samningsaðili við varnarliðið um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Íslenskir aðalverktakar tóku jafnframt að sér að reka nauðsynleg verkstæði, mötuneyti, svefnskála, geymsluhús og framleiðslustöðvar, svo sem steypustöð, malbikunarstöð, grjót- og sandnám, sem voru í eigu varnarliðsins. Árið

1957 var fyrirtækinu jafnframt falið að annast allar byggingaframkvæmdir, sem Sameinaðir verktakar höfðu haft með höndum sem undirverktaki.

Stofnaðilar Íslenskra aðalverktaka voru ríkissjóður með 25% eignaraðild, Sameinaðir verktakar h. f. með 50% og Reginn h. f. með 25%. Núverandi félagssamningur fyrirtækisins er frá árinu 1957 (sjá fskj. nr. 2). Félagsstjórn er skipuð fulltrúa ríkisstjórnarinnar, tilnefndur af utanríkisráðherra og er sá fulltrúi jafnframt formaður félagsstjórnar, tveimur fulltrúum Sameinaðra verktaka h. f. og einum fulltrúa Regins h. f. Núverandi stjórn skipa:

Vilhjálmur Árnason, hrl., formaður.
Geir Magnússon, framkvæmdastjóri.
Halldór H. Jónsson, arkitekt.
Ingólfur Finnbogason, húsasmíðameistari.

Stjórnin er skipuð til eins árs í senn. Framkvæmdastjórar fyrirtækisins eru tveir, Thor Ó. Thors og Gunnar Þ. Gunnarsson. Endurskoðendur fyrirtækisins eru þrír, Helgi Hannesson, fv. deildarstjóri, tilnefndur af utanríkisráðherra, Kristleifur Jónsson, bankastjóri og Þorkell Ingibergsson, byggingameistari. Hjörtur Pjetursson, cand. oecon. er löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins.

Íslenskir aðalverktakar hafa með höndum allar nýframkvæmdir fyrir varnarliðið, auk meiriháttar viðhaldsframkvæmda. Verkefnin, sem fyrirtækið hefur fengið í hendur, hefur það ýmist framkvæmt sjálft, látið í undirverktöku til verktaka í eigu aðilja, er standa að Sameinuðum verktökum eða til annarra undirverktaka.

Verkefnasvið Íslenskra aðalverktaka er margþætt og mun víðtækara en almenningur virðist gera sér grein fyrir. Til marks um þá fjölbreytni og sérþekkingu, sem fyrirtækið býr yfir, skulu nefnd nokkur verkefni undanfarinna ára:

Nýbyggingar íbúðarhúsnæðis.
Félagslegar byggingar, t. d. dagheimili, kirkja, félagsheimili, skólar, íþróttahús og mötuneyti.
Mannvirki, svo sem flugskýli, gervihnattajarðstöð, flugturn, flugvélaverkstæði, skrifstofubyggingar.
Vegalagning og veglýsing, hitaveitulögn, rafmagns-, holræsa-, vatns- og símalagnir á öllu varnarsvæðinu.
Flugbrautarlagning og viðhald á þeim, uppsetning aðflutningsljósa og flugleiðsögutækja.
Olíurými og bryggja í Hvalfirði, tankasmíði í Helguvík.

Ofangreind upptalning gefur e. t. v. betur til kynna en margt annað umfang þeirrar starfsemi, sem um ræðir. Meðfylgjandi yfirlit um ýmsar deildir fyrirtækisins og starfsmannafjölda um s. l. áramót lýsir einna gleggst þeirri sérþekkingu, er starfsmenn fyrirtækisins búa yfir.

Starfslið Íslenskra aðalverktaka 3. janúar 1984.

Verkamenn	136
Hvalfjörður	12
Steypustöð	5
Efnisnám	9
Járnaverkstæði	43
Rafmagnsverkstæði	7
Pípulagningaverkstæði	3
Blikksmiðja	11
Trésmiðja	7
Véladeild	68

Bílaverkstæði	28	
Smurstöð	4	
Varahlutalager	4	
Mötuneyti	30	
Svefnskálar	8	
Ræsting skrifstofu	4	
Almenn skrifstofa	16	
Reykjavík	8	
Verkfræðideild	29	
Innkaupadeild	4	
Birgðadeild	22	
Eignaumsjón	8	476
Undirverktakar:		
Trésmiðir	60	
Vatnsvirkjar	12	
Rafvirkjar	11	
Málarar	4	87
		563

Flestir undirverktakar eru félög, er tengjast Íslenskum aðalverktökum eða Sameinuðum verktökum með vissum hætti. Eitt þeirra, Dverghamrar sf. voru stofnaðir 1961 af sömu aðilum er voru hluthafar í byggingardeild Sameinaðra verktaka. Í félagssamningi er ákvæði um útvegunarskyldu á smiðum og múrurum, þegar mikið er umleikis. Samsvarandi ákvæði er fyrir hendi í félagssamningum fyrri sérdeilda Sameinaðra verktaka (sjá síðar). Dverghamrar hafa síðan 1961 annast í vaxandi mæli undirverktöku hjá Íslenskum aðalverktökum. Hluthafar í félaginu eru nú 99 (sjá fskj. nr. 3).

Af undirverktökum, er ekki tengjast Íslenskum aðalverktökum má nefna Suðurnesjaverktaka, er hafa haft ýmis verkefni hjá Íslenskum aðalverktökum undanfarin árin.

Íslenskir aðalverktakar hafa rekið innkaupaskrifstofu í Bandaríkjunum í 30 ár, sem annast kaup á byggingarvörum og varahlutum vegna verkefna fyrirtækisins. Hér er um all umfangsmikla starfsemi að ræða, þar sem samkvæmt samningi við varnarliðið verður oftast að leita eftir mörgum tilboðum í sömu vöru eða hlut. Starfsmenn skrifstofunnar eru 6. Endurskoðendur fyrirtækisins gera úttekt á starfsemi hennar árlega, nú síðast í nóvember 1983 (sjá fskj. nr. 4).

Fyrirtækið hefur í samræmi við samkomulagið frá 1954 og viðbæti við varnarsamninginn frá 1951 notið toll- og skattfríðinda af öllu efni, tækjum og þjónustu, sem það hefur flutt inn fyrir starfsemi sína.

Á verkefnaskrá Íslenskra aðalverktaka í lok ársins 1983 voru óunnin alls 25 verk á mismunandi byggingarstigum að upphæð 34,4 millj. dollara. Af samtölu þessara verkefna nema kostnaðarliðir vegna vinnu og vélanotkunar 14,7 millj. dollara, en efnisliðir framangreindra verka eru nálægt 19,7 millj. dollara. Stærstu verkefnin, sem nú er unnið að, eru bygging flugskýla fyrir orrustuþotur varnarliðsins, framkvæmdir við fyrsta áfanga eldsneytisgeymarýmis í Helguvík, nýtt malbikslag á norður-suður-flugbrautina, viðgerðir á íbúðum varnarliðsmanna, kirkjubygging og húsnæði fyrir bókhaldsdeild varnarliðsins. Samtals nema þessar sex framkvæmdir um 30 millj. dollara. Verður flestum lokið fyrir árslok 1985.

Fyrir hendi eru jafnframt tvö samþykkt verkefni frá árinu 1982 að upphæð 2,3 millj. dollara og sex frá árinu 1983 að upphæð 9,3 millj. dollara. Samningum um þessi verkefni

verður væntanlega lokið á næstu mánuðum, þannig að þau verkefni koma til framkvæmda að einhverju leyti á þessu ári eða næsta ári.

Þess er rétt að geta, að eitt til tvö ár geta liðið frá því samningsgerð er hafin við verktaka þar til framkvæmdir byrja. Stafar þessi langi tími m. a. af nauðsynlegum efniskaupum, breytingum eða frekari hönnun á verkefninu eða jafnvel seinkun á fjármögnun.

Vakin er athygli á því, að á árabilinu 1957—1971 framkvæmdu Íslenskir aðalverktakar ýmis verkefni utan varnarsvæða fyrir ríkisstofnanir og sveitarfélög. Hér var aðallega um að ræða byggingu varanlegra vega. Öll verkefnin voru unnin með samþykki hlutaðeigandi utanríkisráðherra og oft að ósk viðkomandi ríkisstjórnar. Öll gjöld, tollar og skattar voru greiddir af þessum framkvæmdum, svo og framkvæmdum við húsbyggingar félagsins að Höfðabakka 9, er hófust 1968 og enn er ekki að fullu lokið (sjá spurningu nr. 3).

IV. Sameinaðir verktakar h. f.

Stofnendur Sameinaðra verktaka sf. 1951 voru húsamíðameistarar, múrarameistarar, byggingarfélög og verktakar í byggingariðnaði, samtals 43 einstaklingar og fyrirtæki. Fyrirtækið var stofnað í því skyni að taka að sér undirverktöku hjá bandarískra aðalverktakanum, er hafði með varnarliðsframkvæmdir að gera. Sameinaðir verktakar voru skipulagðir með þeim hætti, að sérhver iðngrein, þ. e. a. s. vatnsvirkjar, rafvirkjar, málarar og járnsmiðir störfuðu í sérstökum deildum, er voru félög út af fyrir sig. Voru þetta opin og frjáls samtök iðnaðarmanna og byggingarfélaga. Sameinaðir verktakar gerðu verksamninga við bandarísk aðalverktaka, önnuðust alla jarðvinnu, múrvinnu og trésmíði, en leitaði síðan tilboða hjá einstökum deildum, sem sáu um framkvæmdir undir yfirstjórn Sameinaðra verktaka, sem jafnframt byggði og rak mötuneyti, svefnskála, verkstæði og aðra aðstöðu. Fyrir þessa þjónustu greiddu deildirnar sameiginlegan kostnað fyrirtækisins.

Þegar Íslenskir aðalverktakar voru stofnaðir gerðust Sameinaðir verktakar framkvæmdaaðili hjá því fyrirtæki á sama hátt og áður fyrir bandarískra aðalverktaka, jafnframt því að ljúka þeim verksamningum, er í gildi voru við hinn erlenda verktaka. Árið 1957 verður sú breyting, að Sameinaðir verktakar hætta allri verktöku. Íslenskir aðalverktakar skiptu áfram við deildir Sameinaðra verktaka og þá sem undirverktaka, en Sameinuðum verktökum var breytt í hlutafélag með eignaraðild hinna ýmsu sérdeilda, en við bættust blikksmíðameistarar. Með þessari eignarsamsetningu varð félagið síðan 50% eignaraðili að Íslenskum aðalverktökum. Fyrirtækið starfar því áfram í dag sem eignarfélag. Hluthafar árið 1957 voru samtals 159, en eru nú 147 (sjá fskj. nr. 5). Hlutafé nemur 32 millj. kr. Félagið er í dag helmingseigandi að fasteigninni Höfðabakka 9 á móti Íslenskum aðalverktökum.

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir aðilar:
Halldór H. Jónsson, arkitekt, formaður.
Bergur Haraldsson, pípulagningameistari.
Geir Magnússon, framkvæmdastjóri.
Thor Ó. Thors, framkvæmdastjóri.
Þorbjörn Jóhannesson, kaupmaður.

Arður greiddur hluthöfum Sameinaðra verktaka h. f. frá stofnun félagsins 1957 til 1983 nemur eftirfarandi upphæðum í nýkrónum:

1957	enginn
1958	enginn
1959	1 582
1960	2 500
1961	2 500
1962	2 500

1963	3 750
1964	7 650
1965	9 000
1966	9 000
1967	9 000
1968	9 000
1969	9 000
1970	13 500
1971	18 000
1972	18 000
1973	36 000
1974	36 000
1975	36 000
1976	48 000
1977	64 000
1978	96 000
1979	128 000
1980	160 000
1981	280 000
1982	480 000
1983	3 200 000

Áðurnefndar sérdeildir Sameinaðra verktaka, sem starfað hafa sem sjálfstæð félög í undirverktöku hjá Íslenskum aðalverktökum eru:

Félag vatnsvirkja h. f., hluthafar 24 (sjá fskj. nr. 6).

Rafvirkjadeildin h. f., hluthafar 19 (sjá fskj. nr. 7).

Verktakafélag málarameistara sf., eigendur 16 (sjá fskj. nr. 8).

V. Reginn h. f.

Reginn h. f. var stofnað 1943. Á árunum 1953—1957 hafði fyrirtækið með höndum ýmsar byggingarframkvæmdir um allt land, þ. á m. varnarliðsframkvæmdir sem undirverktaki í tengslum við Sameinaða verktaka. Var helsta verkefni fyrirtækisins að byggja hús úr tilbúnum húsaeiningum frá Hollandi.

Fyrirtækið er stofnaðili að Íslenskum aðalverktökum með 25% hlutdeild. Reginn er jafnframt eignaraðili að Sameinuðum verktökum og nemur eignarhlutdeild þess í dag 7.46%, þannig að bein eða óbein eignaraðild fyrirtækisins að Íslenskum aðalverktökum er samtals 28.73%.

Fyrirtækið starfar nú sem eignarfyrirtæki. Það er í raun alfarið í eigu Sambands ísl. samvinnufélaga, sem á 95 750 kr. af samtals 97 500 kr. hlutafé félagsins. Fimm einstaklingar, sem eru starfsmenn Sambandsins, eiga hver 50 kr. hlut og eigið hlutafé félagsins er 1 500 kr.

Stjórn Regins h. f. er skipuð þessum mönnum:

Erlendi Einarssyni, forstjóra, formaður.

Sigurði Markússyni, framkvæmdastjóra.

Hirti Hjartar, framkvæmdastjóra.

VI. Keflavíkurverktakar.

Keflavíkurverktakar eru fjögur fyrirtæki, stofnað árið 1957 fyrir forgöngu Iðnaðarmannafélags Suðurnesja, til að starfa saman að framkvæmdum á vegum varnarliðsins, en stofnendur voru svo til allir starfandi iðnmeistarar á svæðinu (sjá fskj. nr. 9). Þessi fyrirtæki eru:

Byggingaverktakar Keflavíkur h. f.
Járniðnar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur h. f.
Málaraverktakar Keflavíkur h. f.
Rafmagnsverktakar Keflavíkur h. f.

Fyrirtækin fengu árið 1957 heimild þáverandi utanríkisráðherra til að vinna fyrst og fremst að viðhaldsframkvæmdum fyrir varnarliðið og hefur þessi tilhögun haldist síðan.

Ofangreind fyrirtæki eru öll skráð í Keflavík. Hluthafar í dag eru á annað hundrað (sbr. fskj. nr. 10). Að öllu jöfnu eru hlutabréf til sölu hjá öllum fjórum félögunum til þeirra aðila, er uppfylla skilyrði um iðnréttindi og búsetu.

Í stjórn fyrirtækisins eru eftirtaldir aðilar:

Byggingaverktakar Keflavíkur h. f.
Jakob Árnason, húsasmíðameistari, formaður.
Jón V. Einarsson, húsasmíðameistari.
Bragi Pálsson, húsasmíðameistari.
Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur h. f.
Björn Magnússon, járnsmiður, formaður.
Þormar Guðjónsson, bifvélavirki.
Einar Þorleifsson, pípulagningameistari.
Málaraverktakar Keflavíkur h. f.
Jóhann R. Benediktsson, málarameistari, formaður.
Áki Gränz, málarameistari.
Högni Gunnlaugsson, málarameistari.
Rafmagnsverktakar Keflavíkur h. f.
Eyjólfur Þórarinsson, rafvirkjameistari, formaður.
Jóhann Líndal, rafvirkjameistari.
Guðbjörn Guðmundsson, rafvirkjameistari.

Stjórn Keflavíkurverktaka er skipuð 9 mönnum. Fjórir þeirra eru stjórnarformenn hinna fjögurra hlutafélaga hér að framan, en hinir eru:

Jón H. Jónsson, framkvæmdastjóri Byggingaverktaka Keflavíkur h. f.
Ingvar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Járniðnaðar- og pípulagningaverktaka Keflavíkur h. f.
Hilmar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Rafmagnsverktaka Keflavíkur h. f.
Þorbergur Friðriksson, framkvæmdastjóri Málaraverktaka Keflavíkur h. f.
Sigurður Halldórsson, ráðgjafarverkfræðingur.

Hlutverk Keflavíkurverktaka er að annast sameiginlega þætti fyrir fyrrgreind félög með því að bjóða í og semja um viðhaldsverkefni fyrir varnarliðið. Keflavíkurverktakar annast eftirlit með einstökum verkframkvæmdum, bókhald, innkaup á efni og aðra sameiginlega þjónustu.

Starfslið fyrirtækjanna fjögurra og skipting eftir starfsheiti var sem hér segir í lok ársins 1982:

Eftirlitsmenn	4
Húsasmiðir	48
Iðnnemar	8
Iðnverkamenn	44
Málarar	16
Múrarar	5
Pípulagningamenn	5
Plötusmiðir	2
Rafsuðumenn	1
Rafvirkjar	8
Rennismiðir	1
Skrifstofumenn	5
Vélvirkjar	4
Verkfræðingar	1
Starfsmenn samtals	152

Starfsmenn í lok ársins 1983 voru 145.

Verkframkvæmdir fyrirtækisins hafa, eins og áður segir, verið fyrst og fremst viðhaldsverkefni stór og smá fyrir varnarliðið. Fyrirtækið hefur jafnframt unnið ýmis verk fyrir íslenska aðila á varnarsvæðinu, svo sem flugmálastjórn, fríhöfnina og Flugleiðir. Jafnframt hefur fyrirtækið unnið talsvert í undirverktöku fyrir Íslenska aðalverktaka. Þegar um slíka framkvæmd hefur verið að ræða, þá hafa Íslenskir aðalverktakar jafnan lagt til allt efni, en Keflavíkurverktakar annast vinnu eingöngu.

Á árinu 1984 er áætlað að fyrirtækið geti haft verkefni frá varnarliðinu fyrir allt að 11,1 millj. dollara, en samningar um sum þeirra hafa ekki enn farið fram.

Til glöggvunar um arðsemi fyrirtækisins skal hér greint frá greiðslum til hluthafa tímabilin 1973—1982, en heildarhlutafé nemur alls 20 millj. kr. Allar upphæðir eru í nýkrónum.

1973	11 475
1974	18 835
1975	21 709
1976	27 101
1977	45 281
1978	45 671
1979	69 663
1980	94 586
1981	122 900
1982	441 205

VII. Afgreiðsla á tollfrjálsum innflutningi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka.

Að fengnu leyfi varnarmáladeildar eru skjöl vegna tollfrjáls innflutnings Íslenskra aðalverktaka afgreidd hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og er ljósrit sent tollgæslunni í Reykjavík. Skjöl vegna tollfrjáls innflutnings Keflavíkurverktaka eru hins vegar afgreidd hjá tollgæslunni í Reykjavík. Heimild til afhendingar vöru úr vörugeymslu í Reykjavík til verktakafyrirtækja er gefin af tollgæslunni í Reykjavík. Er vara þá flutt í tollbandi til Keflavíkurflugvallar eða í tollvörugeymslu Suðurnesja. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli áritar tollseðla og staðreynir, að varan hafi borist í hendur réttra aðila þegar hún er afhent notanda. Aðflutningsskýrslur fara í gegnum tollbók viðkomandi embætta og þaðan til réttmætra yfirvalda, þar á meðal ríkisendurskoðunar.

Sending vara í tollbandi frá komuhöfn til afgreiðslustaðar er þekkt og viðurkennt fyrirkomulag í heiminum, þegar vörur eru sendar á milli tollsvæða. Að sögn tollstjóraembættisins í Reykjavík hefur aldrei orðið misbrestur á flutningi vara, sem sendar hafa verið í tollbandi frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar.

Þess má geta, að auk þess að tollfrjáls innflutningur sé afgreiddur til Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka, þá er og tollfrjáls innflutningur afgreiddur til fríhafnar, varnarliðsins, Flugleiða og Arnarflugs á Keflavíkurflugvelli.

Athugun stendur nú yfir hjá varnarmáladeild hvort ástæða er til að gera einhverjar breytingar á gildandi fyrirkomulagi varðandi afgreiðslu tollfrjáls varnings til verktaka.

VIII. Svör við spurningum um starfsemi Íslenskra aðalverktaka s. f.

Spurning 1.

Hverjir eru eignaraðilar í Íslenskum aðalverktökum, annað hvort beint eða í gegnum önnur félög, og í hvaða hlutföllum?

Svar:

Íslenskir aðalverktakar er sameignarfélag þriggja aðila:

Sameinaðra verktaka h. f. (hluthafar 147) (sjá fskj. nr. 5)	50%
Regins h. f. (eign Sambands ísl. samvinnufélaga)	25%
Ríkissjóðs	25%

Spurning 2.

Eignarfjárstaða Íslenskra aðalverktaka og matsverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1982 — a) húseignir; b) bifreiðar; c) aðrar eignir?

Svar:

Í árslok 1982 nam eigið fé félagsins 226 624 þús. kr.

a) Húseignir voru bókfærðar á 64 048 þús. kr. Fasteignamat var 52 373 þús. kr.

b) Bifreiðaeign félagsins var bókfærð á 16 354 þús. kr., en það eru efnisflutningabifreiðar, steypubifreiðar, festi- og tengivagnar, mannflutninga- og sendibifreiðar.

c) Aðrir bókfærðir varanlegir rekstrarfjármunir eru vinnuvélar og stærri tæki 18 108 þús. kr., og áhöld, verkfæri og innbú 4 313 þús. kr.

Spurning 3.

Hvernig hefur húseignin Höfðabakki 9 verið fjármögnuð og hvaða starfsemi fer þar fram?

Svar:

Húseignirnar að Höfðabakka 9 eru helmingaeign félagsins á móti Sameinuðum verktökum h. f. Þeir hafa greitt sinn helming hvor af byggingarkostnaði allt frá árinu 1968.

Félagið hefur engin lán tekið vegna byggingarframkvæmda á þessum 15 árum.

Húseigendur hafa eigin skrifstofur á staðnum og leigja auk þess eftirtöldum aðilum:

Gliti h. f.
Hagkaupum h. f., saumastofu
Plastprenti h. f.
Tækniskóla Íslands
Véladeild S.Í.S.
Samvinnubankanum
Virki h. f., verkfræðistofu
Landsbanka Íslands
Iceland Review
Endurskoðunarmiðstöðinni h. f.
Lögfræðiskrifstofunni, Höfðabakka 9
Verkfræðistofunni Þróun
Kísilmálmvinnslunni h. f.

Nokkuð af húsnæðinu er ófullgert.

Spurning 4.

Heildarvelta Íslenskra aðalverktaka árin 1980, 1981 og 1982?

Svar:

Heildarvelta félagsins var sem hér segir (í þús. kr.):

Ár	Heildarvelta
1980	84 105
1981	127 968
1982	371 994

Spurning 5.

Árlegur hagnaður fyrirtækisins árin 1980, 1981 og 1982 og hvernig honum hefur verið ráðstafað?

Svar:

Árlegur hagnaður félagsins eftir skatta og ráðstöfun hans var sem hér segir (þús. kr.):

Ár	Hagnaður	Lagt í varasjóð	Yfirfært til næsta árs
1980	5 056	3 019	2 037
1981	3 533	2 555	978
1982	53 984	27 617	26 367

Meðalhagnaður af heildarveltu þessi ár hefur numið 10.7% en ráðstöfunarfé eftir varasjóðstillag 5.0%.

Spurning 6.

Hverjar tekjur íslenska ríkisins hafa verið og eignaaukning hjá Íslenskum aðalverktökum s. l. ár og hvernig það hefur verið fært í ríkisbókhaldi?

Svar:

Þar sem félagið er sameignarfélag og jafnframt því sjálfstæður skattaðili, teljast tekjur þess hjá sameignarfélaginu sjálfu, en ekki sem tekjur eignaraðila. Aftur á móti má úthluta eigendum árlega af höfuðstóli félagsins í samræmi við niðurlag 1. tl. 55. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Reikningar félagsins fyrir árið 1983 liggja ekki fyrir. Úthlutun til ríkissjóðs á árinu 1983 vegna ársins 1982 nam alls 5 000 þús. kr. Innborgaður hluti til ríkissjóðs er færður í A-hluta ríkisreiknings á tekjuliðinn „Sameignir ríkissjóðs".

Hluti ríkissjóðs í eignaaukningu félagsins á árinu 1982 nam 27 761 þús. króna. Þar af eru 16 682 þús. króna bókfærðar endurmatshækkanir vegna almennra verðhækkana milli áranna 1981 og 1982. Mismunurinn 11 079 þús. krónur kemur úr rekstri félagsins. Hlutur ríkissjóðs í eignaaukningu er ekki færður í ríkisbókhaldi.

Spurning 7.

Stofnfjárframlag íslenska ríkisins og verðmæti eignarhluta þess í árslok 1982?

Svar:

Stofnfjárframlag ríkissjóðs hefur staðið óbreytt í bókum félagsins frá árinu 1967, þá að upphæð 8.5 millj.g. kr., eða nú 85 þús. kr. Framreiknað til ársloka 1982 með verðbreytingastuðli ríkisskattstjóra nemur stofnfjárframlagið 6 221 þús. kr. Verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í árslok 1982 nam 56 656 þús. kr. að stofnfé meðtöldu.

Spurning 8.

Hversu miklum gjaldeyri Íslenskir aðalverktakar hafa skilað inn s. l. 5 ár, hversu háar gjaldeyrisyfirfærslur þeir hafa fengið vegna innflutningsskrifstofu fyrirtækisins í Bandaríkjunum og hvernig háttað hefur verið skilagrein til bankanna:

Svar:

Gjaldeyrisskil Íslenskra aðalverktaka s. f. árin 1978—1983 hafa verið sem hér segir:

1978	USD 14 831 466
1979	USD 8 416 639
1980	USD 12 106 708
1981	USD 13 273 250
1982	USD 26 456 540
1983	USD 27 930 798

Gjaldeyrisnotkun sömu ár vegna reksturs innkaupaskrifstofu:

1978	USD 285 185
1979	USD 377 742
1980	USD 371 767
1981	USD 292 986
1982	USD 293 282
1983	Tölur ekki fyrirliggjandi.

Skilagrein um gjaldeyrisviðskipti fyrirtækisins er send Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti.

Spurning 9.

Hvort Íslenskir aðalverktakar hafi fengið umboðslaun og ef svo er, hver þau hafa verið s. l. 5 ár og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka?

Svar:

Félagið hefur engin umboðslaun fengið.

Spurning 10.

Hverjir viðskiptabankar fyrirtækisins eru og hver var hlutfallsleg skipting innstæðna í þeim bönkum í árslok 1981 og 1982?

Svar:

Nær öll bankaviðskipti félagsins eru við Landsbanka Íslands, en félagið átti innstæðu í öllum hinum bönkunum og í þremur sparisjóðum. Hlutfallsleg skipting innstæðna í þeim var sem hér greinir:

Í árslok	1981	1982
Landsbanki Íslands	53.6%	70.0%
Samvinnubanki Íslands hf.	18.5%	9.5%
Iðnaðarbanki Íslands hf.	11.3%	5.8%
Verslunarbanki Íslands hf.	6.0%	5.1%
Aðrir bankar	6.8%	3.0%
Sparisjóður Keflavíkur	3.2%	6.3%
Aðrir sparisjóðir	0.6%	0.3%

Spurning 11.

Verðmæti tollfrjáls innflutnings Íslenskra aðalverktaka s. l. þrjú ár, sem heimilaður hefur verið af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins vegna eftirfarandi: a) varnarliðsframkvæmda, sem unnar eru á grundvelli verktaksamninga við varnarliðið; b) annars innflutnings sem ekki er skráður á ákveðna verksamninga?

Svar:

Innflutningur félagsins (í þús. kr.) árin 1981, 1982 og 1983 vegna a) verktakasamninga; b) annars innflutnings:

Ár	a) verksamninga	b) annars	Alls
1981	kr. 23 061	8 412	31 473
1982	kr. 54 206	13 008	67 214
1983	kr. 240 058	40 788	280 846

Varðandi a) ber að hafa í huga, að innflutningur vegna verksamninga getur spannað tvö eða jafnvel þrjú ár.

Spurning 12.

Upphæð umsaminna efniskaupa samkvæmt verktakasamningum fyrir sama tímabil milli Íslenskra aðalverktaka og varnarliðsins:

Svar:

Umsamin efniskaup vegna verksamninga voru á sama tíma:

1981	$ 8 346 522
1982	$ 12 258 059
1983	$ 9 289 371

Spurning 13.

Eftirgjöf ríkisins s. l. 3 ár (fært fram til verðlags í dag) á tollum og aðflutningsgjöldum af vélum, tækjum og búnaði vegna verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Svar:

Innflutningur á ökutækjum Íslenskra aðalverktaka:

Ár	Fjöldi	Tollar og aðfl.gjöld	Framreiknistuðull	Núvirði kr.
1981	13	2 222 438	2 6399	5 867 014
1982	19	3 355 730	1 7167	5 760 782
1983	22	4 249 944	1 0000	4 249 944
			Alls:	15 877 740

Upplýsingar frá Íslenskum aðalverktökum hafa verið bornar saman við upplýsingar frá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Upphæð tolla og aðflutningsgjalda er þinglýst sem veðband á ökutækinu.

Um tolla og aðflutningsgjöld af vélum, tækjum og búnaði umfram það sem að ofan greinir er það að segja að nær ógjörningur er að svara spurningunni til hlítar nema með ærnum kostnaði og fyrirhöfn. Fara þyrfti í gegnum þúsundir skjala og tína þessa liði sérstaklega út. Þá má benda á að ekki kemur skýrt fram í spurningunni hvað átt er við með búnaði. Til frekari upplýsinga vísast til c) liðar svars við spurningu 2 þar sem fram kemur að bókfært virði vinnuvéla og stærri tækja í árslok 1982 er 18 108 þús. kr.

Spurning 14.

Hvort yfirvöld hafa kannað hvort innflutningur tækja, véla eða varahluta hvers konar, sem ekki eru skráð á ákveðna verktakasamninga, séu í samræmi við raunverulega þörf Íslenskra aðalverktaka?

Svar:

Yfirvöld hafa ekki kannað sérstaklega rekstrarþörf fyrirtækisins fyrir ofangreindan innflutning. Fyrirtækið hefur með höndum umfangsmikla og fjölþætta starfsemi, eins og áður hefur komið fram, sem kallar á mismunandi mikla notkun tækja eftir eðli verkefna. Fyrirtækið verður að vera í stakk búið að sinna ólíkum verkefnum með stuttum fyrirvara. Verður því að telja, að það sé best fært um að meta þessar þarfir með hliðsjón af verkefnum og rekstri.

Spurning 15.

Hvernig háttað er eftirliti með innflutningi samkvæmt 8. gr. 6. tl. fylgiskjals með varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna og hverjar hafa verið tollatekjur íslenska ríkisins af þeim innflutningi?

Svar:

Varnarliðinu er samkvæmt 3. tl. 8. gr. viðbætis við varnarsamninginn heimilað að flytja inn á varnarsvæðið tollfrjálsan varning til nota fyrir varnarliðsmenn og skyldulið þeirra. Stuttu eftir komu varnarliðsins var sett á stofn verslun með tollfrjálsan varning (núverandi Navy Exchange). Skoða varð því ákvæði 6. tl. 8. greinar í ljósi breyttra aðstæðna varðandi einstaka hluti, sem varnarliðsmenn óskuðu að flytja inn á varnarsvæðið fyrir atbeina pósthúss Bandaríkjanna til eigin afnota. Það varð því fljótlega niðurstaða í varnarmálanefnd, að varnarliðsmönnum væri heimilað að taka á móti tollfrjálsum varningi með

bögglapóstsendingum, sem háðar væru reglum um hámarksþyngd og stærð, ef um væri að ræða hluti til einkaafnota. Hluti af póstsendingum eru vörur keyptar í gegnum póstverslun (þ. á m. póstverslun, sem Navy Exchange rekur).

Þeirri reglu hefur verið fylgt af varnarmáladeild, að heimila ekki innflutning tollfrjáls varnings til einstaklinga með öðrum hætti, nema um væri að ræða komu í fyrsta sinn til Íslands, sbr. 4. tl. 8. greinar.

Spurning 16.

Verkamannakaup pr. klst. í verksamningum á árinu 1983 og starfsmannafjöldi fyrirtækisins s. l. þrjú ár?

Svar:

Félagið vinnur engin verk fyrir varnarliðið í tímavinnu. Verksamningar eru jafnan byggðir á einni heildarupphæð. Við gerð tilboðs er stuðst við gildandi kjarasamninga hverju sinni.

Fjöldi starfsmanna á launaskrá var þessi:

1980 528
1981 584
1982 583

Spurning 17.

Utanríkisráðherra hafi áform um að breyta fyrirkomulagi verkútboða á vegum varnarliðsins og, ef svo er, þá hvernig og hvort það fyrirkomulag verkútboðs, sem hér ríkir, eigi sér hliðstæður við samsvarandi aðstæður í öðrum löndum og, sé ekki svo, þá hvernig því sé háttað?

Svar:

Upplýsingar um verktakastarfsemina á Keflavíkurflugvelli, sem lagðar hafa verið fram með þessari skýrslu, gefa yfirlit um mismunandi framkvæmdaþörf varnarliðsins og þá sérstöðu, sem verktakar varnarliðsins búa við í dag.

Skipta má verkefnum verktakanna í eftirfarandi þætti:

1. Samningsgerð við varnarliðið
2. Rekstur verktaka- og þjónustuaðstöðu
3. Birgðahald
4. Nýjar framkvæmdir
5. Meiriháttar viðhaldsframkvæmdir
6. Almennt viðhald á mannvirkjum

Íslenskir aðalverktakar hafa með höndum verkefni, er falla undir liði 1—5, en Keflavíkurverktakar verkefni samkvæmt lið 1 og lið 6 að mestu leyti.

Hugmyndir um breytingar á verktakastarfseminni verða að taka mið af framtíðartilhögun ofangreindra þátta, svo og því samkomulagi, sem í gildi er milli Íslands og Bandaríkjanna um toll- og skattfrelsi á efni, tækjum og þjónustu. Samskonar ákvæði eru í gildi um framkvæmdir Bandaríkjanna í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins, svo og milli bandalagsríkjanna innbyrðis varðandi verkefni, sem greidd eru úr sameiginlegum sjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Telja verður, að athuguðu máli, að hvorki sé heppilegt né hagkvæmt að fjölga beinum viðsemjendum varnarliðsins frá því sem nú er. Ástæða er hins vegar til þess að opna fyrir þá möguleika, að nýir verktakar hefðu aðstöðu til að taka að sér verkefni í auknum mæli og á sama grundvelli og félögin er tengjast Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum.

Þá er einnig rétt að kanna ítarlega skilyrði þess að opna aðildarfélög samningsaðila frekar en nú er. Til þess að undirbúa þetta hefur utanríkisráðherra ákveðið að koma á fimm manna samstarfsnefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar Verktakasambands Íslands, fulltrúi Íslenskra aðalverktaka, fulltrúi Keflavíkurverktaka og fulltrúi ráðuneytisins. Nefndinni verði jafnframt falið að kanna fyrirkomulag þessara mála og reynslu í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins.

IX. Hliðstæð svör við spurningum um starfsemi Keflavíkurverktaka eftir því sem við á.

Spurning 1.

Hverjir eru eignaraðilar Keflavíkurverktaka, annað hvort beint eða í gegnum önnur félög, og í hvaða hlutföllum?

Svar:

Eigendur Keflavíkurverktaka eru eftirtalin hlutafélög:

Byggingaverktakar Keflavíkur hf.
Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur hf.
Málaraverktakar Keflavíkur hf.
Rafmagnsverktakar Keflavíkur hf.

Hluthafar þessara félaga eru alls 104 (sjá fskj. nr. 10).

Spurning 2.

Eignarfjárstaða Keflavíkurverktaka og matsverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1982 — a) húseignir; b) bifreiðar; c) aðrar eignir?

Svar:

Eigin fjárstaða í árslok 1982 kr. 44 391 þús. kr.
Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna var í árslok 1982:

a) Húseignir	27 735 þús. kr.
b) Bifreiðar og skráðar vinnuvélar	3 910 þús. kr.
c) Aðrar eignir	3 751 þús. kr.

Spurning 4.

Heildarvelta Keflavíkurverktaka árin 1980, 1981 og 1982?

Svar:

Heildarvelta var sem hér segir (í þús. kr.):

Unnið fyrir:		1980	1981	1982
Varnarliðið	kr.	18 407	53 432	117 772
Útistandandi v/varnarliðs	kr.	226	38	1 479
Innlendir aðilar	kr.	1 746	1 103	3 803
Samtals:	kr.	20 379	54 573	123 054

Spurning 5.

Árlegur hagnaður Keflavíkurverktaka árin 1980, 1981 og 1982 og hvernig honum hefur verið ráðstafað?

Svar:

Árlegur hagnaður og ráðstöfun hans hefur verið sem hér segir (í þús. kr.):

Árið 1980. **Rekstrarhalli** ..... kr. −354
Arður til hluthafa ..... — 94

Lagt var í varasjóð og halli yfirfærður til lækkunar á eigin fé.

Árið 1981. **Hagnaður** ..... kr. 2 130
Arður til hluthafa ..... — 123

Jafnframt var lagt í varasjóð og eftirstöðvar yfirfærðar til næsta árs.

Árið 1982. **Hagnaður** ..... kr. 6 454
Arður til hluthafa ..... — 441

Jafnframt var lagt í varasjóð og eftirstöðvar yfirfærðar til næsta árs.

Spurning 8.

Hversu miklum gjaldeyri Keflavíkurverktakar hafa skilað inn s. l. 5 ár, og hvernig háttað hefur verið skilagrein til bankanna?

Svar:

Gjaldeyrisskil:

Öllum gjaldeyri, sem Keflavíkurverktakar afla, er skilað með sölu í Landsbanka Íslands. Þessar upphæðir voru sem hér segir (í þús. kr.):

Árið 1978 ..... kr. 9 567
Árið 1979 ..... — 11 908
Árið 1980 ..... — 18 407
Árið 1981 ..... — 53 432
Árið 1982 ..... — 117 772

Keflavíkurverktakar reka ekki skrifstofu né aðra starfsemi erlendis.

Spurning 9.

Hvort Keflavíkurverktakar hafi fengið umboðslaun og ef svo er, hver þau hafa verið s. l. 5 ár og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka:

Svar:

Keflavíkurverktakar taka ekki umboðslaun erlendis.

Spurning 10.

Hverjir viðskiptabankar fyrirtækisins eru og hver var hlutfallsleg skipting innstæðna í þeim bönkum í árslok 1981 og 1982?

Svar:

Viðskiptabankar eru tveir, og var staðan við þá hlutfallslega sem hér segir:

Sparisjóðurinn í Keflavík.
Inneign 1981 ..... 100.186%
Inneign 1982 ..... 92.895%

Landsbanki Íslands.
Skuld 1981 ..... – 0.186%
Inneign 1982 ..... 7.105%

Spurning 11.

Verðmæti tollfrjáls innflutnings Keflavíkurverktaka s. l. þrjú ár, sem heimilaður hefur verið af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins vegna eftirfarandi: a) varnarliðsframkvæmda, sem unnar eru á grundvelli verktakasamninga við varnarliðið; b) annars innflutnings sem ekki er skráður á ákveðna verksamninga?

Svar:

Tollfrjáls innflutningur, heimilaður af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins var sem hér segir (í þús. kr.):

a) Varnarliðsframkvæmdir samkvæmt verksamningum.
1980 ..... kr. 3 419
1981 ..... — 13 080
1982 ..... — 32 824

b) Vélar og tæki, ekki skráð á ákveðna samninga.
1980 ..... kr. 264
1981 ..... — 658
1982 ..... — 2 274

Spurning 12.

Upphæð umsaminna efniskaupa samkvæmt verktakasamningum fyrir sama tímabil milli Keflavíkurverktaka og varnarliðsins?

Svar:

Umsamin efniskaup vegna verksamninga voru á sama tíma:
1980 ..... $ 1 007 200
1981 ..... $ 1 955 900
1982 ..... $ 3 182 100

Spurning 13.

Eftirgjöf ríkisins s. l. 3 ár (fært fram til verðlags í dag) í tollum og aðflutningsgjöldum af vélum, tækjum og búnaði vegna verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Svar:

Ökutæki:

Ár	Fjöldi	Tollar og aðfl.gjöld	Framreiknistuðull	Núvirði kr.
1981	1	30 532	2 6399	80 601
1982	6	746 032	1 7167	1 280 713
1983	5	1 181 521	1 0000	1 181 521
			Alls:	2 542 835

Upplýsingar frá Keflavíkurverktökum hafa verið bornar saman við upplýsingar frá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Upphæð tolla og aðflutningsgjalda er þinglýst sem veðband á ökutækinu.

Spurning 16.

Verkamannakaup pr. klst. í verksamningum á árinu 1983 og starfsmannafjöldi fyrirtækisins s. l. þrjú ár?

Svar:

Keflavíkurverktakar vinna ekki nein verk í tímavinnu fyrir varnarliðið. Þeir hafa því ekki samið við varnarliðið um neitt slíkt tímakaup.

Allir samningar eru gerðir fyrir fast verð í dollurum. Margir þeirra eru svo með ákvæðum um, hvernig breyta skuli ef til koma breytingar á gengi krónunnar miðað við dollar, eða ef kaup breytist á samningstímabilinu. Verði slíkar breytingar þá er tekið mið af tímatöxtum iðnaðarmanna samkvæmt kaupgjaldsskrá og gengi samkvæmt skráningu Seðlabankans.

Starfsmannafjöldi í lok hvers árs var:

1980 94
1981 118
1982 152

Fylgiskjal 1.

25. mars 1954

Samkomulag

Efni: Skipulag framkvæmdar áætlunar um varnarframkvæmdir á Íslandi. — Meginreglur.

Í framhaldi af orðsendingu ríkisstjórnar Íslands hafa fulltrúar Bandaríkjanna og Íslands rætt saman í Reykjavík um tiltekin vandamál sem upp hafa komið við framkvæmd varnarsamningsins frá 5. maí 1951. Í viðræðum þessum var samþykkt að fulltrúi framkvæmdastofnunar Bandaríkjanna og fulltrúi ríkisstjórnar Íslands skyldu gera drög að og undirrita samkomulag um meginreglur sem ráða skyldu starfsaðferðum varðandi áætlun um varnarframkvæmdir á Íslandi. Í samræmi við samkomulagið samþykkja aðilar hér með að neðanskráðar meginreglur gilda um skipulag Varnarliðsins héðan í frá á framkvæmd áætlunar um varnarframkvæmdir á Íslandi.

1. **Markmið.** Markmið framkvæmdaáætlunarinnar er að láta í té þau hernaðarmannvirki sem þörf er á vegna varna Íslands samkvæmt varnarsamningnum frá 5. maí 1951. Að óhnekktri tímaáætlun um lok verksins sem bandarísk hernaðaryfirvöld setja og íslensk stjórnvöld samþykkja samkvæmt varnarsamningnum, skal áætluninni um varnarframkvæmdirnar framfylgt á þann hátt að forðast sé skaðleg áhrif á efnahag Íslands.

2. **Íslenskir verktakar.** Íslenskir verktakar sem ríkisstjórn Íslands samþykkir skulu inna af hendi allar framkvæmdir sem þeir eru færir um. Ráðstafa skal framtíðarstörfum, sem enn hafa ekki verið samþykkt, í þeim anda sem ríkti við gerð núgildandi ráðstöfunar. Ráðstöfun framtíðarstarfa skal rædd um leið og framkvæmdaáætlun komandi árs er ákveðin, helst í nóvember eða desember.

Nýir samningar skulu gerðir við hæfa íslenska verktaka, enda hafi viðeigandi tilboði eða tillögu um sanngjarnt verð verið skilað innan 30 daga frá birtingu auglýsingar um tilboð eða tillögu, eða innan 45 daga ef efnishluti samningsins er verulegur. Ef ákvæði tilboðsins eða tillögunnar eru óviðeigandi eða ósanngjörn skulu fulltrúi Varnarliðsins og verktakinn leita sanngjarnrar lausnar innan tíu daga. Fulltrúa ríkisstjórnar Íslands er heimilt að vera viðstaddur þessar viðræður í því skyni að fræðast um grundvöll endanlegrar afgreiðslu mála.

Ef þörf krefur meðan á viðræðunum stendur skulu fulltrúar ríkisstjórnar Íslands og Varnarliðsins hittast sérstaklega og skulu þeir vinna saman að því að ná sanngjarnri lausn óleystra deilumála.

Ef lausn næst ekki innan tíu daga skal semja um verkið samkvæmt útboði þar sem íslenskir og bandarískir verktakar hafa jöfn tækifæri. Tilboð skulu opnuð opinberlega annað hvort í Keflavík eða New York borg í viðurvist fulltrúa samningsaðila.

3. **Vanefndir.** Nú fer íslenskur verktaki ekki eftir skilmálum eða áætlun um lok verks sem samið hefur verið um við hann og skal þá gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja verklok samkvæmt fyrirskipaðri áætlun, uppdráttum og skilmálum.

4. **Núverandi aðalverktaki.** Störfum núverandi aðalverktaka á Íslandi skal lokið í áföngum í samræmi við fyrirhugaða ráðstöfun. Núgildandi samningi aðalverktakans um sjúkrahús- og hafnarframkvæmdir skal tafarlaust rift.

Áhersla skal lögð á að tryggja að framkvæmdum aðalverktakans utanhúss ljúki fyrir árslok 1954 og óloknum minni háttar störfum þess verktaka (störfum við vörugeymslu o. s. frv.) skal lokið eins fljótt og auðið er í samræmi við grein 7a hér að neðan.

5. **Íslenskt vinnuafl.** Varnarliðið skal fyrir milligöngu verktaka sinna notast eins og frekast er unnt við íslenskt vinnuafl í samræmi við markmið sem sett eru fram í 1. kafla. Í þeim tilgangi að auka framboð hæfs mannafla vegna áætlunarinnar um varnarframkvæmdirnar skal koma á, í samræmi við samþykkta áætlun, sameiginlegu þjálfunarverkefni kostuðu af bandarísku fé. Tilgangur þjálfunarverkefnisins er að uppræta eins og frekast er unnt þörf fyrir erlent vinnuafl við framkvæmdir á Íslandi í samræmi við áætlanir í hjálagðri skrá, sem er hluti þessa samkomulags.

Ríkisstjórn Íslands skal gera allt sem unnt er til að tryggja nauðsynlegt íslenskt vinnuafl til fyrirhugaðra starfa, í almennu samræmi við það sem fram kemur í hjálagðri skrá, sem er hluti þessa samkomulags.

6. **Bandarískar vélar og efni.** Vélar og efni í eigu ríkisstjórnar Bandaríkjanna skal látið íslenskum verktökum í té á grundvelli gagnkvæms samkomulags. Þegar íslenskur verktaki starfar sem aðalverktaki skal hann halda við og reka allar slíkar vélar.

7. **Bandarískir vinnuskálar.**

a) Þegar núverandi aðalverktaki þarf ekki lengur á þeim að halda skulu íslenskum verktökum látnir í té, á grundvelli gagnkvæms samkomulags, bandarískir vinnuskálar, þ. m. t. verkstæði, mötuneyti, svefnskálar, geymslur og tómstundaaðstaða.
b) Samþykkt er að íslenskir verktakar notfæri sér þessa aðstöðu áður en þeir koma upp umfram aðstöðu til sömu nota, enda raski það ekki skipulagi varnarsvæðisins.
c) Að framkvæmdaáætlun lokinni skal húsum og öðrum búnaði í bandarísku vinnuskálunum sem íslenskir verktakar hafa notað skilað til bandarískra stjórnvalda í sama ástandi og íslenskir verktakar tóku við þeim, en þó skal tekið tillit til eðlilegrar notkunar og slits.

8. **Íslenskir tollar og skattar.** Vélar, efni og þjónusta sem íslenskir verktakar notfæra sér við framkvæmd varnarsamninga við Bandaríkin skal undanþegin öllum íslenskum tollum, gjöldum og sköttum í samræmi við 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn frá 5. maí 1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

9. **Hafnaraðstaða.** Höfn og hafnaraðstaða í grennd við Keflavík, sem ríkisstjórn Íslands samþykkir, skal gerð samkvæmt útboði þar sem bandarískir og íslenskir verktakar hafa jöfn tækifæri til að gera tilboð.

10. **Endurskoðun.** Ríkisstjórn Íslands skal hafa milligöngu um allar framkvæmdir á Íslandi samkvæmt eftirfarandi, og skipar fulltrúa sinn til þess:

a) Öll hönnun, skilmálar og uppdrættir vegna mannvirkja annarra en virkra hernaðarmannvirkja skulu háðir samþykki sem tryggir að farið sé eftir íslenskri byggingarreglugerð. Samþykki eða breytingartillögur skal láta varnarliðinu í té innan 15 daga frá því að íslensk stjórnvöld taka við uppdráttunum.
b) Fulltrúar ríkisstjórnanna beggja skulu endurskoða framkvæmdaáætlunina reglulega til að kanna framkvæmdahraða, vinnuafl og önnur mál er varða framkvæmd þessa samkomulags.

11. **Túlkun.** Nú rís ágreiningur um túlkun þessara meginreglna og skal honum þá vísað til fulltrúa Varnarliðsins og ríkisstjórnar Íslands.

Fylgiskjal 2.

Ríkissjóður Íslands, Reykjavík, Sameinaðir verktakar h. f., Reykjavík, og Reginn h. f., Kjósarsýslu, hafa orðið ásátt um eftirfarandi

félagssamning:

1. gr.

Nafn félagsins og varnarþing.

Félagið heitir „Íslenskir Aðalverktakar", sameignarfélag (Iceland Prime Contractor). Heiti félagsins er skammstafað Í. A. V. á íslensku, en IPC á ensku. Varnarþing þess er á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Hlutverk félagsins og starfssvið.

Félagið semur við stjórnarvöld Bandaríkja Norður-Ameríku um verklegar framkvæmdir fyrir varnarlið Bandaríkjanna hér á landi í samræmi við samninga ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna, eins og þeir eru á hverjum tíma. Ber félagið ábyrgð á framkvæmd mannvirkja þeirra, sem um er samið gagnvart stjórnvöldum Íslands og Bandaríkjanna, eins og þeir eru á hverjum tíma. Getur félagið framkvæmt verkin sjálft eða falið þau undirverktökum eftir því sem henta þykir hverju sinni að dómi félagsstjórnar.

3. gr.

Framlög félaga og eignahlutdeild í félaginu.

Hluti hvers félaga í félaginu ákvarðast af stofnframlögum hans, en þau eru sem hér segir:

Framlag Sameinaðra verktaka h. f. er kr. 2 000 000.- — tvær milljónir króna — framlag Ríkissjóðs kr. 1 000 000.- — ein milljón króna — og framlag Regins h. f. kr. 1 000 000.- — ein milljón króna.

Ágóða og halla af starfsemi félagsins skipta félagarnir í réttu hlutfalli við ofangreind framlög sín. Gagnvart kröfuhöfum ber hver þeirra um sig fulla og beina (solidariska) ábyrgð á skuldum félagsins. Ef breytingar verða á ofangreindum eignahlutföllum félaganna í félaginu, samkvæmt samkomulagi þeirra, skal ágóða og halla skipt í samræmi við hin nýju eignahlutföll.

4. gr.

Um stjórn félagsins og starfshætti.

Stjórn félagsins skal skipuð fjórum aðalmönnum og fjórum varamönnum. Sameinaðir verktakar h. f. nefna til tvo stjórnarmenn og hinir aðilarnir sinn stjórnarmanninn hvor til eins árs í senn. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar er formaður félagsstjórnar.

Stjórnin ræður málefnum félagsins og skuldbindur félagið fyrir þess hönd. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Samþykki allra félaga þarf þó til að lána eða láta af hendi með öðrum hætti peninga eða aðrar eignir félagsins, umfram lagaskyldu, nema brýna nauðsyn beri til vegna starfsemi félagsins. Þá þarf og samþykki allra aðilanna til að afhenda eignir félagsins eða stofna til hlutbundinna trygginga yfir þeim og til að skuldbinda félagið með víxiláritun eða ábyrgðum.

Formaður kveður stjórnina til fundar með hæfilegum fyrirvara, er hann telur þess þörf, svo og samkvæmt tilmælum eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra.

Stjórnin færir gerðarbók um fundi sína.

5. gr.

Um framkvæmdastjóra og prókúru-umboð.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, samkvæmt nánari ákvörðun, og aðra starfsmenn.

Stjórn félagsins getur veitt framkvæmdastjóra, einum eða fleirum, prókúruumboð fyrir félagið, og skal sú ákvörðun tilkynnt lögum samkvæmt.

6. gr.

Aðalfundur.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir marslok ár hvert. Auk stjórnenda Aðalverktaka eiga stjórnendur hlutafélaga þeirra, sem að félaginu standa, rétt til að sitja fundinn, svo og fulltrúar þeir, sem ríkisstjórnin kann að tilnefna hlutfallslega (miðað við eignarhluta í félaginu). Aðilar skulu tilnefna fulltrúa í stjórn Aðalverktaka innan 14 — fjórtán — daga frá lokum aðalfundar, og tekur hin nýja stjórn við störfum þegar að þeim tíma liðnum. Hver aðili tilnefnir af sinni hálfu einn endurskoðanda til eins árs í senn og einn til vara fyrir sama tíma.

Á aðalfundi skulu endurskoðaðir ársreikningar liggja fyrir, og er stjórninni skylt að svara á fullnægjandi hátt athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru, en því næst skulu ársreikningar bornir undir atkvæði til samþykktar eða synjunar.

7. gr.

Um reikningsskil og ágóðahlut.

Gera skal nákvæm reikningsskil um rekstur félagsins og efnahag á ári hverju, miðað við áramót. Skal þeim lokið í síðasta lagi fyrir lok eftirfarandi febrúarmánaðar. Ágóða eða halla skal þá jafna niður eftir fyrirmælum 3. gr. samnings þessa. Aðilar eiga rétt á að fá helming ágóðahluta greiddan, eftir nánara samkomulagi við stjórn félagsins, en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur skattgreiðslum aðilanna og skulu slíkar greiðslur inntar af hendi innan 6 mánaða frá lokum aðalfundar. Ágóðahluti hvers aðila skal að öðru leyti standa inni hjá félaginu samkvæmt nánari ákvörðun félagsstjórnar og með þeim kjörum, sem stjórnin kveður á um. Frekari fjárframlög af hendi hvers félaga til félagsins eru hins vegar óheimil, nema samþykki allra aðila komi til. Lántaka hjá félaga er þó heimil, ef meirihluti stjórnar fellst á hana.

8. gr.

Um heimild félaga til að fylgjast með rekstri félags o. fl.

Hverjum félaga um sig er heimilt að fylgjast með rekstri félagsins og bókum þess á hvaða tíma sem er.

Stjórninni er skylt að halda fund með aðilum (eigendum) ársfjórðungslega og gefa þeim fullnægjandi skýrslu um reksturinn og svara fyrirspurnum er fram verða bornar. Á slíkum fundum eiga stjórnendur hlutafélaganna rétt á að mæta og þeir fulltrúar, er ríkisstjórnin kann að tilnefna, sbr. 6. gr.

Ársreikningur, ásamt athugasemdum endurskoðenda, skal liggja frammi félögum til sýnis í skrifstofu félagsins síðustu vikuna fyrir aðalfund.

9. gr.

Um vanefnd félagssamnings.

Nú vanefnir félagi verulega samning þennan, og er hinum þá heimilt að krefjast þess, að sá, sem sannur er að vanefndum, víki úr félaginu. Ágreiningi, er rísa kann út af þessu efni, má skjóta til almennra dómstóla.

Nú er félaga vikið úr félaginu, og eiga þá hinir félagarnir rétt á að leysa til sín eignarhluta þess, sem víkur, í réttu hlutfalli við eignarhlutdeild þeirra í félaginu, sbr. 3. gr. Nú óskar annar þeirra félaga, sem eftir er í félaginu, ekki að hagnýta sér rétt sinn samkvæmt næsta málslið á undan, og getur þá hinn félaginn leyst til sín allan hluta þess félagans, sem vikið var úr félaginu.

10. gr.

Um gjaldþrot félagsaðilja.

Gjaldþrot einstaks félagsaðila hefur engin áhrif á starfsemi félagsins.

Nú sætir bú Regins h. f. eða Sameinaðra verktaka h. f. gjaldþrotaskiptameðferð og er hinum félögunum þá heimilt að krefjast þess, að félagið haldi áfram starfsemi sinni. Krafa um þetta skal þó koma fram innan mánaðar frá upphafi gjaldþrotaskipta. Vinda skal þó bráðan bug að því að gera upp hag félagsins og getur búið krafist þess, að hluti þess í félaginu verði greiddur af hendi með 6 mánaða fyrirvara eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

11. gr.

Tilmæli félags um úrgöngu úr félaginu.

Nú óskar félagi að ganga úr félaginu og hinir fallast á þau tilmæli og skal þá beita reglum 9. gr. 2. mgr. um rétt hinna félaganna til að leysa til sín hluta þess, er hverfur úr félaginu.

12. gr.

Um félagsslit.

Félaginu skal slitið, þegar það hefur lokið hlutverki sínu svo sem því er lýst í 2. gr. samnings þessa. Félaginu má og slíta, ef allir félagar samþykkja.

Nú kemur til félagsslita, og kýs stjórnin þá skilanefnd. Skal hún haga störfum sínum í samræmi við VI. kafla laga nr. 77/1921 um hlutafélög, eftir því sem við á. Gildir þetta jafnt fyrir því, þótt þau lög kunni að vera felld úr gildi.

Nú þarf að koma til mats á eignum félagsins vegna könnunar á efnahag þess, og getur þá hver félagi um sig eða bú gjaldþrota félags krafist þess, að dómkvaddir menn virði eignir félagsins til fjár.

13. gr.

Nú greinir félaga á um skilning á ákvæðum þessa samnings, og skal þá leggja ágreining fyrir gerðardóm, ef ágreiningur verður ekki jafnaður með greiðara hætti. Sameinaðir verktakar h. f. nefna til tvo menn í gerðardóm þennan, en ríkissjóður og Reginn h. f. sinn manninn hvort. Borgardómarinn í Reykjavík nefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Úrlausn gerðardóms er fullnaðarúrslit máls.

14. gr.

Um brottfall samnings frá 10. nóvember 1954.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi samningur sá um aðild að Íslenskum Aðalverktökum, sem undirritaður var 10. nóvember 1954.

Samningur þessi er gerður í 5 samhljóða eintökum, eitt handa hverjum félagsaðila og tvö handa félaginu.

Til staðfestu eru nöfn fulltrúa samningsaðila undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 27. júní 1957.

Vitundarvottar:
Helgi Bergs
(sign.)
Vitundarvottar:
Thor Ó. Thors
(sign.)
Helgi Bergs
(sign.)
Vitundarvottar:
Thor Ó. Thors
(sign.)
Helgi Bergs
(sign.)

f. h. Ríkissjóðs Íslands
Guðm. Í. Guðmundsson
(sign.)
f. h. Sameinaðra verktaka h. f.
Halldór H. Jónsson (sign.)
Grímur Bjarnason (sign.)
Kristjón Kristjónsson
(sign.)
f. h. Regins h. f.
Kristjón Kristjónsson
(sign.)

Fylgiskjal 3.

Dverghamrar s. f., Gerðum, Gerðahreppi.

Félagaskrá pr. 31. 12. 1983.

Adolf Wendel, Sörlaskjóli 18, R.
Áki Gränz, Norðurstíg 5, Njarðvík.
Andrés Andrésson, Glaðheimum 16, R.
Andrés Karlsson, Tómasarhaga 45, R.
Anton Sigurðsson, Fornhaga 26, R.
Arngrímur Guðjónsson, Álfaskeiði 50, Hafnarf.
Árni Pálsson, Fornhaga 17, R.
Árni Valdimarsson, Rauðalæk 25, R.
Ásta Björg Kristjónsdóttir, Melabraut 67, Seltjn.
Bergsteinn Sigurðsson, db., Suðurgötu 37, Kef.
Byggingamiðstöðin h. f., c/o Garðar Gíslason h. f., Hverfisg. 4, R.
Fjóla Valdimarsdóttir, Skólavegi 32, Kef.
Björn Guðmundsson, Strandgötu 10, Hvammstanga
Bóas Emilsson, Reynivöllum 6, Selfossi
Brynhildur Guðmundsdóttir, Ljósheimum 6, R.
Brynjólfur Jónsson, c/o Jón Ásgeirsson
Byggingafélagið Brú h. f.
Daníel G. Einarsson, Rauðalæk 17, R.
Skipasmíðastöðin Dröfn, Strandgötu 75, Hafnarf.
Einar Sigurðsson, Hverfisgötu 25, Hafnarf.
Eyþóra Valdimarsdóttir, Fremristekk 6, R.
Erla Unnur Ólafsdóttir, Álftamýri 20, R.
Erlendur Steinar Ólafsson, Miðtúni 46, R.
Erna Vigdís Ingólfsdóttir, Dvergholti 14, Mosfellssv.
Gissur Símonarson, Bólstaðarhlíð 34, R.
Byggingafélagið Goði h. f.
Guðmundur Tómasson, Tungubakka 32, R.
Guðni Magnússon, Suðurgötu 35, Kef.
Guðríður G. Petersen, Tjarnarbraut 7, Hafnarf.
Guðrún Þórarinsdóttir, Langholti 7, Kef.
Halldór Guðmundsson, Laugatungu v/Engjaveg, R.
Hanna María Kristjónsdóttir, Völvufelli 22, R.
Haraldur Einarsson, Tjarnarflöt 10, Garðabæ
Helga C. Jessen, Kaplaskjólsvegi 29, R.
Helga Símonardóttir, Rauðarárstíg 3, R.
Helgi Kristjánsson, Lambastaðabraut 10, Seltjn.
Hervin Guðmundsson, db., Langholtsvegi 120, R.
Hilmar Árnason, Elliheimilinu, Skjaldarvík
Hjálmar H. Guðmundsson, Hrísateig 39, R.
Hrafnkell Ásgeirsson, Miðvangi 5, Hafnarf.
Hulda Sigfúsdóttir, Grænuhlíð 19, R.
Hörður Valdimarsson, Skólavegi 16, Kef.

Iðnsamtök h. f., c/o Jón Guðjónsson, Starmýri 4, R.
Ingólfur Finnbogason, Viðjugerði 12, R.
Ingólfur Stefánsson, Suðurgötu 25, Hafnarf.
Ingvi Guðmundsson, Nökkvavogi 46, R.
Jóhann P. K. Vigfússon, Tómasarhaga 14, R.
Jóhanna L. Jónsdóttir, db., Brávallagötu 4, R.
Jón Bergsteinsson, Fjólugötu 19, R.
Jón G. Halldórsson, Hlunnavogi 7, R.
Jón Halldórsson, Sólheimum 22, R.
Jón Rúnar Kristjónsson, Fífuseli 9, R.
Jónína Þórðardóttir, Háteigsvegi 18, R.
Karl Sæmundsson, Reynimel 22, R.
Karvel Ögmundsson, Bjargi, Y. Njarðv.
Kristín Friðsteinsdóttir, db., Bergstaðastræti 12, R.
Kristín Guðmundsdóttir, Tómasarhaga 26, R.
Kristjón Kristjónsson, Reynimel 84, R.
Laufey Snævarr, Laufásvegi 47, R.
Leifur Ingólfsson, Skildinganesi 62, R.
Magnús Árnason, Blönduhlíð 31, R.
Magnús Guðjónsson, Arnarhrauni 4, Hafn.
Magnús K. Jónsson, Hólastekk 6, R.
Margrét Valdimarsdóttir, Öldugötu 44, Hafn.
Múr h. f., c/o Kristinn Baldursson, Stigahlíð 42, R.
Ólafía Jochumsdóttir, Melhaga 13, R.
Ólafur Pálsson, Kleifarvegi 8, R.
Ólöf Ingvarsdóttir, Miklubraut 54, R.
Páll Guðjónsson, Kirkjuteig 13, R.
Pétur Guðmundsson, Nökkvavogi 15, R.
Ragnar Bárðarson, Faxatúni 42, Garðabæ
Reginn h. f., Sambandshúsi v/Sölvhólsgötu, R.
Sameinaðir verktakar h. f., Höfðabakka 9, R.
Oddur Magnússon, Jörvabakka, Stokkseyri
Þorsteinn Magnússon, Ásbúð 87, Garðabæ
Sif Ingólfsdóttir, Heiðargerði 74, R.
Sigríður Jónsdóttir, Hofteigi 54, R.
Sigríður Valdimarsdóttir, Álftamýri 6, R.
Sigurbergur Árnason, Grundarlandi 18, R.
Sigurður Guðjónsson, Hringbraut 50, Hafn.
Sigþrúður Ingólfsdóttir, Faxatúni 38, Garðabæ
Sólveig Guðmundsdóttir, db., Stigahlíð 42, R.
Sólveig Guðmundsdóttir, Fellsmúla 11, R.
Stefán Einarsson, db., Samtúni 10, R.
Stefán G. Guðmundsson, Ljósheimum 6, R.
Byggingafélagið Stoð h. f., c/o Óskar Eyjólfsson
Sveinbjörn Sigurðsson, Safamýri 73, R.
Sveinn Aðalsteinn Gíslason, db., Tjarnargötu 11, Sandgerði
Sveinn Sigurjónsson, Suðurgötu 42, Kef.
Trésmiðja Borgarfjarðar, c/o Garðar Gíslason h. f., Hverfisgötu 4, R.
Tryggvi Stefánsson, db., Brekkugötu 26, Hafnarf.

Valdís Guðjónsdóttir, Blikanesi 9, Garðabæ
Vilberg Hermannsson, Blönduhlíð 6, R.
Vilfríður Bjarnadóttir, Austurbrún 4, R.
Þórður Kristjánsson, Bjarmalandi 8, R.
Þorkell Ingibergsson, Víðimel 19, R.
Þorkell Jónsson, Birkihvammi 12, Kóp.
Þorsteinn Þorbjörnsson, Sörlaskjóli 18, R.
Snorri Tómasson, Brekkutanga 10, Mosfellssv.

Fylgiskjal 4.

Undirritaðir endurskoðendur Íslenskra aðalverktaka tilnefndir af eignaraðilum félagsins framkvæmdu endurskoðun hjá skrifstofu fyrirtækisins í Norfolk í októbermánuði síðastliðnum.

Endurskoðunin fór fram með sama hætti og undanfarin ár.

Endurskoðunin leiddi ekkert það í ljós, er við álitum gefa tilefni til athugasemda.

Eins og fram kom í skýrslu okkar s. l. ár töldum við athyglisvert, að þrátt fyrir hækkandi verðlag í Bandaríkjunum hafði forstjóra skrifstofunnar tekist að lækka verulega rekstrarkostnað hennar á árinu 1981, og var áframhald þeirrar þróunar árið 1982.

Varðandi vöruinnkaup teljum við að fyllstu hagkvæmni sé gætt.

Reykjavík, í nóvember 1983
Helgi Hannesson
Kristleifur Jónsson
Þorkell Ingibergsson

Til stjórnar Íslenskra aðalverktaka
Reykjavík.

Fylgiskjal 5.

Sameinaðir verktakar h. f.

Hluthafaskrá pr. 31. 12. 1983

Nafn	Heimilisfang	%
Adolf Wendel	Sörlaskjóli 26, R.	0,28
Áki Gränz	Norðurstíg 5, Ytri Njarðvík	0,28
Andrés Andrésson db.	Glaðheimum 16, R.	0,44
Andrés Karlsson	Tómasarhaga 45, R.	0,28
Anton Sigurðsson	Fornhaga 26, R.	1,04
Arngrímur Guðjónsson	Álfaskeiði 50, Hafnarfirði	0,11
Árni Pálsson db.	Fornhaga 17, R.	0,70
Árni Valdimarsson	Rauðalæk 25, R.	0,09
Ásgeir Guðmundsson	Skaftahlíð 10, R.	0,04
Ásgerður Runólfsdóttir	Byggðarenda 6, R.	0,04
Ásta Björg Kristjónsdóttir	Melabraut 67, Seltjarnarnesi	0,2325
Ástvaldur Stefánsson	Ásenda 10, R.	0,02
Bergsteinn Sigurðsson db.	Suðurgötu 37, Keflavík	0,28
Byggingamiðstöðin s. f.	Hverfisgötu 4, R.	2,98
Birna Fjóla Valdimarsdóttir	Skólavegi 32, Keflavík	0,09
Bjarni Karlsson	Bárugötu 37, R.	0,04
Björn J. Guðmundsson	Strandgötu 10, Hvammstanga	0,30
Blikksmiðja Reykjavíkur	Lindargötu 26, R.	0,08
Bóas Emilsson	Reynivöllum 6, Selfossi	0,28
Brynhildur Guðmundsdóttir	Ljósheimum 6, R.	0,30
Byggingafél. Brú h. f.	Flókagötu 59, R.	4,48
Daníel Einarsson	Rauðalæk 17, R.	0,28
Skipasmíðastöðin Dröfn h. f.	Strandgötu 75, Hafnarfirði	1,20
Einar Guðjónsson	Egilsgötu 16, R.	0,06
Einar Gunnarsson	Brautarlandi 2, R.	0,04
Einar Sigurðsson	Hringbraut 35, R.	0,44
Eyþóra Valdimarsdóttir	Fremristekk 6, R.	0,15
Erlendur Steinar Ólafsson	Miðtúni 46, R.	0,44
Erla Unnur Ólafsdóttir	Álftamýri 20, R.	0,28
Erna Vigdís Ingólfsdóttir	Dvergholti 14, Mosfellssveit	0,24
Félag Vatnsvirkja h. f.	Ármúla 21, R.	7,00
Gissur Símonarson	Bólstaðarhlíð 35, R.	0,60
Blikksmiðjan Glófaxi	Ármúla 42, R.	0,08
Byggingafél. Goði h. f.	Vesturgötu 22, R.	4,48
Guðmundur Einarsson	Gimli, Garðabæ	0,28
Guðmundur Tómasson	Tungubakka 32, R.	0,90
Guðni Magnússon	Suðurgötu 35, Keflavík	0,28
Guðný Ottesen Jósafatsdóttir	Túngötu 36A, R.	0,04
Guðríður G. Petersen	Tjarnarbraut 7, Hafnarfirði	0,105
Guðrún Þórarinsdóttir	Langholti 7, Keflavík	0,10
Gústaf Þórðarson	Hrísateigi 31, R.	0,06
Halldór Guðmundsson	Laugatungu v/Engjaveg, R.	0,36
Halldór Magnússon	Melbæ 43, R.	0,04
Hamar h. f.	Borgartúni 26, R.	0,76
Hanna María Kristjónsdóttir	Völvufelli 22, R.	0,2325
Haraldur Einarsson	Tjarnarflöt 10, Garðabæ	0,28
Helga C. Jessen	Hrafnistu, Laugarási, R.	2,02
Helga Símonardóttir	Rauðarárstíg 3, R.	0,60
Helga Þorbergsdóttir db.	Rauðalæk 32, R.	0,04
Helgi Kristjónsson db.	Lambastaðabraut 10, Seltjarnarn.	1,20
Hervin H. Guðmundsson db.	Ljárskógum 2, R.	0,28

Nafn	Heimilisfang	%
Héðinn h. f.	Seljavegi 2, R.	1,52
Hilmar Árnason	Skjaldarvík, Akureyri	0,275
Hjálmar H. Guðmundsson	Hrísateigi 39, R.	0,28
Hjálmar Kjartansson	Sólheimum 27, R.	0,02
Hrafnkell Ásgeirsson	Miðvangi 5, Hafnarfirði	0,54
Hreiðar Guðjónsson	Haðarstíg 4, R.	0,04
Hulda Sigfúsdóttir	Grænuhlíð 19, R.	0,60
Hörður & Kjartan h. f.	Mávahlíð 29, R.	0,04
Hörður Valdimarsson	Skólavegi 16, Keflavík	0,09
Iðnsamtök h. f.	Starmýri 4, R.	2,98
Inga S. Þorkelsdóttir	Víðimel 19, R.	0,75
Ingibergur Þorkelsson	Kirkjuteigi 5, R.	0,75
Ingólfur Finnbogason	Viðjugerði 12, R.	2,08
Ingólfur Stefánsson	Suðurgötu 25, Hafnarfirði	0,54
Ingvar Ólafsson	Hávallagötu 36, R.	0,04
Ingvi Guðmundsson	Nökkvavogi 46, R.	0,30
Ingþór Sigurbjörnsson	Kambsvegi 3, R.	0,04
J.B. Pétursson, blikksm.	Ægisgötu 4, R.	0,08
Jóhanna L. Jónsdóttir db.	Hringbraut 46, R.	0,44
Jón Bergsteinsson	Vesturgötu 52, R.	1,48
Brynjólfur Jónsson	Drápuhlíð 42, R.	0,28
Jón G. Halldórsson	Hlunnavogi 7, R.	1,66
Jón Halldórsson	Sólheimum 22, R.	0,28
Jón Rúnar Kristjónsson	Bylgjubyggð 25, Ólafsfirði	0,235
Jónína Þórðardóttir	Háteigsvegi 18, R.	1,20
Karl Ásgeirsson	Stýrimannastíg 10, R.	0,04
Karl Sæmundsson	Reynimel 22, R.	0,60
Karvel Ögmundsson	Bjargi, Ytri Njarðvík	0,44
Katrín Vigfússon	Grenimel 41, R.	1,04
Keilir h. f.	Suðurlandsbraut 18, R.	0,12
Kjartan Gíslason	Skeiðarvogi 155, R.	0,04
Kristín Friðsteinsdóttir db.	Bergstaðastræti 12B, R.	0,76
Kristín Guðmundsdóttir	Tómasarhaga 26, R.	2,90
Kristjón Kristjónsson	Reynimel 92, R.	0,025
Landsmiðjan	Sölvhólsgötu 1, R.	1,08
Laufey Snævarr	Laufásvegi 47, R.	2,90
Leifur Ingólfsson	Skildinganesi 62, R.	0,24
Magnús Árnason	Blönduhlíð 31, R.	0,60
Magnús Guðjónsson	Arnarhrauni 4, Hafnarfirði	0,11
Magnús K. Jónsson	Hólastekk 6, R.	0,28
Magnús Magnússon, blikksm. m.	Skólavegi 44, Kópavogi	0,08
Margrét Valdimarsdóttir	Ölduslóð 44, Hafnarfirði	0,09
Múr h. f.	Stigahlíð 42, R.	0,90
Oddur Magnússon	Jörvabakka, Stokkseyri	0,30
Ólafía Jochumsdóttir	Melhaga 13, R.	0,76
Ólafur Pálsson	Kleifarvegi 8, R.	0,60
Ólöf Ingvarsdóttir	Miklubraut 54, R.	0,60
Óskar Jóhannsson	Meðalholti 7, R.	0,04
Páll Guðjónsson	Kirkjuteigi 13, R.	0,44
Pétur Guðmundsson	Nökkvavogi 15, R.	0,30
Pétur Hjaltested	Brávallagötu 6, R.	0,04
Rafvirkjadeildin h. f.	Keflavíkurflugvelli	3,60
Ragna Ágústsdóttir	Hólabraut 11, Hafnarfirði	0,04
Ragnar Bárðarson	Faxatúni 42, Garðabæ	0,44
Reginn h. f.	Sólvhólsgötu 4, R.	7,46
Sameinaðir verktakar h. f.	Höfðabakka 9, R.	1,20
Sif Ingólfsdóttir	Hvassaleiti 153, R.	0,24
Sigríður Ólafsdóttir db.	Garðaflöt 15, Garðabæ	0,08

Nafn	Heimilisfang	%
Sigríður Jónsdóttir	Drafnarstíg 2, R.	0,44
Sigríður Valdimarsdóttir	Fýlshólum 9, R.	0,15
Sigurbergur Árnason	Grundarlandi 18, R.	0,90
Sigurður Guðjónsson	Hringbraut 50, Hafnarfirði	0,11
Sigurður Guðmundsson	Skeiðarvogi 153, R.	0,04
Sigurjón Guðbergsson db.	Hverfisgötu 99A, R.	0,04
Sigþrúður Ingólfsdóttir	Faxatúni 38, Garðabæ	0,24
Snorri Tómasson	Brekkutanga 10, Mosfellssveit	0,90
Sólveig Guðmundsdóttir db.	Stígahlíð 42, R.	0,60
Sólveig Guðmundsdóttir	Fellsmúla 11, R.	0,28
Stálsmiðjan h. f.	Austurbakka v/Brunnstíg, R.	0,52
Vélsm. Steðji h. f.	Skúlagötu 32—34, R.	0,12
Stefán Einarsson db.	Samtúni 2, R.	0,28
Stefán G. Guðmundsson	Ljósheimum 6, R.	0,28
Steingrímur Oddsson	Sörlaskjóli 38, R.	0,04
Byggingafélagið Stoð h. f.	Grenimel 4, R.	4,48
Sveinbjörn Sigurðsson	Safamýri 73, R.	0,90
Sveinn Aðalsteinn Gíslason db.	Tjarnarbraut 11, Sandgerði	0,28
Sveinn Sigurjónsson	Óðinsvöllum 19, Keflavík	0,28
Sæmundur Sigurðsson	Miðtúni 24, R.	0,04
Thor Ó. Thors	Lágafelli, Mosfellssveit	0,90
Trésm. Borgarfjarðar h. f.	Hverfisgötu 4, R.	0,44
Tryggvi Stefánsson db.	Brekkugötu 26, Hafnarfirði	0,54
Unnur Þorkelsdóttir	Guðrúnargötu 1, R.	0,75
Valdimar Hannesson	Gautlandi 5, R.	0,04
Valdís Guðjónsdóttir	Blikanesi 9, Garðabæ	0,105
Valgeir Hannesson	Akraseli 2, R.	0,04
Verktakafél.málarameistara	Melbæ 43, R.	1,08
Vélav. Sigurðar Sveinbj. h. f.	Skeiðarási, Garðabæ	0,24
Vélsm. Kristjáns Gíslasonar	Nýlendugötu 15, R.	0,12
Vilberg Hermannsson	Blönduhlíð 6, R.	0,60
Vilfríður Bjarnadóttir	Austurbrún 4, R.	0,44
Blikksm. Vogur h. f.	Auðbrekku 65, Kópvogi	0,08
Þórður Kristjánsson	Bjarmalandi 8, R.	0,44
Þorkell Ingibergsson	Víðimel 19, R.	2,23
Þorkell Jónsson	Birkihvammi 12, Kópavogi	0,28
Þorsteinn M. Magnússon	Ásbúð 87, Garðabæ	0,30
Þorsteinn Þorbjörnsson	Sörlaskjóli 18, R.	0,28
Samtals 147 hluthafar		100%

Fylgiskjal 6.

Félag vatnsvirkja h. f.

Hluthafaskrá pr. 31. 12. 1983

Ásbjörn Guðmundsson, Borgarvegi 40, Y.Nj.
Svanhvít Smith, Eiríksgötu 11, Rvk.
Benóný Kristjánsson, Hellulandi 16, R.
Bergur Haraldsson, Hrauntungu 22, Kóp.
Gísli Halldórsson, Úthlíð 16, R.
Guðmundur Finnbogason, Sæviðarsundi 15, R.
Hallbjörn Jónsson, Barónsstíg 25, R.
Guðrún Elíasdóttir, Blönduhlíð 27, R.
Sigurður Einarsson, Brávallagötu 44, R.
Thelma Grímsdóttir, Miðbraut 13, Seltjn.
Runólfur Jónsson, Bollagötu 2, R.
Helgi Jasonarson, Safamýri 47, R.
Jóhannes Sigvaldason, Réttarholtsvegi 47, R.
Sigurður J. Jónsson, Ásvallagötu 53, R.
Tryggvi Gíslason, Guðrúnargötu 8, R.
Magnús Eyjólfsson, Víðihvammi 8, Kóp.
Jóhann E. Jóhannsson, Írabakka 34, R.
Sigurbjörg Sighvatsdóttir, Flókagötu 47, R.
Bjarni Ólafsson, Öldugötu 21, Hafn.
Tryggvi Valdemarsson, Starmóa 3, Y.Nj.
Jónas Guðmundsson, Grænagarði 3, Kef.
Elías Nikolaisson, Birkiteig 25, Kef.
Eiður R. Vilhelmsson, Kirkjuvegi 15, Y.Nj.
Guðbjörn Ásbjörnsson, Borgarvegi 42, Y.Nj.

Fylgiskjal 7.

Hluthafar í Rafvirkjadeildinni h. f.,

þann 31. des. 1983.

Guðrún M. Þorsteinsdóttir, c/o Magnús Hannesson,	Hagamel 25,	Reykjavík
Siguroddur Magnússon,	Brekkugerði 10,	Reykjavík
Guðfinna Finnsdóttir, c/o Finnur B. Kristjánsson,	Háaleitisbraut 103,	Reykjavík
Gísli Jóh. Sigurðsson,	Bræðraborgarstíg 38,	Reykjavík
Ljósvirki h. f., c/o Sigurður Kristinsson,	Garðaflöt 19,	Garðabæ.
Vilberg Guðmundsson,	Sörlaskjóli 22,	Reykjavík.
Þórður Finnbogason,	Egilsgötu 30,	Reykjavík.
Kári Þórðarson,	Kirkjuvegi 5,	Keflavík.
Guðný Karlsdóttir, c/o Ágúst Ó. Sæmundsson,	Skólabraut 1,	Seltjarnarnesi.
Sigurður Bjarnason,	Lindargötu 29,	Reykjavík.
Katrín Arndal, c/o Júlíus Helgason,	Engjavegi 19,	Ísafirði.
Rafvirkjadeildin h. f.	Skúlagötu 63,	Reykjavík.
Sigurjón Guðmundsson,	Ránargrund 3,	Garðabæ.
Bræðurnir Ormsson h. f.,	Laufásvegi 34,	Reykjavík.
Svava Rönning, c/o Johan Rönning,	Espigerði 16,	Reykjavík.
Gissur Pálsson,	Kaplaskjólsvegi 31,	Reykjavík.
Vilhjálmur Hallgrímsson,	Nóatúni 28,	Reykjavík.
Þorlákur Jónsson,	Grettisgötu 6,	Reykjavík.
Kristján Einarsson,	Grettisgötu 48,	Reykjavík.

Fylgiskjal 8.

Verktakafélag málarameistara s. f.

Félagaskrá pr. 31. 12. 1983.

Almenna húsamálunin c/o Ástvaldur Stefánsson, Ásenda 10, R.
Ásgeir Guðmundsson, Skaftahlíð 10, R.
Bjarni Karlsson, Bárugötu 37, R.
Einar G. Gunnarsson, Brautarlandi 2, R.
Halldór Magnússon, Hjarðarhaga 54, R.
Hreiðar Guðjónsson, Haðarstíg 4, R.
Hörður & Kjartan h. f., Mávahlíð 25, R.
Ingþór Sigurbjörnsson, Kambsvegi 3, R.
Karl Ásgeirsson, Stýrimannastíg 10, R.
Kjartan Gíslason, Skeiðarvogi 155, R.
Óskar Jóhannsson, Meðalholti 7, R.
Pétur Hjaltested, Brávallagötu 6, R.
Stefán Guðmundsson, Mávahlíð 1, R.
Steingrímur Oddsson, Sörlaskjóli 38, R.
Valgeir Hannesson, Álfheimum 42, R.
Sæmundur Sigurðsson, Miðtúni 24, R.

Fylgiskjal 9.

Keflavíkurverktakar.

Eftirtalin verktakafélög í Keflavík, sem öll eru skráð í hlutafélagaskrá Keflavíkur og hafa heimili og varnarþing í Keflavík, Byggingaverktakar Keflavíkur hf., Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur hf., Málaraverktakar Keflavíkur hf., og Rafmagnsverktakar Keflavíkur hf. hafa samþykkt að stofna innbyrðis samvinnunefnd undir nafninu Keflavíkurverktakar.

Tilgangur samvinnunefndar þessarar og verksvið er að koma fram fyrir verktakafélögin, sem að henni standa, út á við að því er varðar heildarsamninga um verklegar framkvæmdir og annað er þeim framkvæmdum viðkemur.

Framkvæmdarstjórar hvers verktakafélaganna, sem að samvinnunefndinni standa, skipa nefndina. Nefndin kýs sér sjálf formann, sem jafnframt er framkvæmdastjóri og prókúruhafi nefndarinnar.

Heimili samvinnunefndarinnar og varnarþing er í Keflavík.

Allan kostnað vegna starfa samvinnunefndarinnar greiða verktakafélögin, sem að henni standa, í réttu hlutfalli við fjárhæð þeirra verkefna, sem samið er um fyrir hönd hvers félaganna.

Verktakafélögin hafa tilnefnt eftirgreinda menn í samvinnunefndina. Frá Byggingaverktökum Keflavíkur hf. Jón Halldór Jónsson, frkvstj., Hólabraut 15, Keflavík. Frá járniðnaðar- og pípulagningaverktökum Keflavíkur hf. Ingvar Jóhannesson, frkvstj., Hólagötu 41, Ytri-Njarðvík. Frá Málaraverktökum Keflavíkur hf. Þorbergur Friðriksson, frkvst., Sunnubraut 18, Keflavík. Frá Rafmagnsverktökum Keflavíkur hf. Guðmundur Sveinsson, Hafnargötu 79, Keflavík.

Fylgiskjal 10.

Hluthafaskrár Keflavíkurverktaka 21. febrúar 1984.

Byggingarverktakar Keflavíkur h/f

Árni Guðgeirsson	húsasmiður	Smáratúni 9	Keflavík
Árni Gunnarsson	húsasmiður	Fífumóa 5d	Keflavík
Árni Júlíusson	húsasmíðam.	Hraunsvegi 7	Keflavík
Benjamín Guðmundsson	húsasmiður	Heiðarbraut 9d	Keflavík
Birna Fjóla Valdimarsdóttir	húsmóðir	Skólavegi 32	Keflavík
Björgvin Skarphéðinsson	húsasmiður	Heiðarbóli 1	Keflavík
Björn Pálsson	húsasmiður	Hátúni 34	Keflavík
Björn Samúelsson	húsasmiður	Skólavegi 48	Keflavík
Borgar Jónsson	húsasmiður	Kirkjuvogi 11	Hafnir
Bragi Pálsson	húsasmiður	Langholti 9	Keflavík
Einar Árnason	húsasmiður	Kirkjuteig 3	Keflavík
Eiríkur S. Sigurbjörnsson	húsasmiður	Hringbraut 92	Keflavík
Guðmundur Ívarsson	húsasmiður	Víkurbraut 40	Keflavík
Gísli Grétarsson	húsasmiður	Hjallavegi 11c	Keflavík
Guðmundur Árnason	húsasmiður	Sóltúni 12	Keflavík
Engilbert Jónsson D.B.	húsasmiður	Arnarhrauni 12	Grindavík
Guðmundur Skúlason	húsasmiður	Túngötu 14	Keflavík
Gunnar Jóhannsson	skipasmiður	Blikabraut 10	Keflavík
Hilmar Hafsteinsson	húsasmiður	Hæðargötu 13	Keflavík
Hjalti Örn Ólason	múrari	Heiðarbakka 1	Keflavík
Hreinn Guðmundsson	húsasmiður	Túngötu 2	Sandgerði
Hörður Valdimarsson	bifreiðastjóri	Skólavegi 16	Keflavík
Ingólfur Ingibergsson	húsasmiður	Hjallavegi 7	Keflavík
Jakob Árnason	húsasmiður	Miðtúni 2	Keflavík
Jakob Kristjánsson	húsasmiður	Háteigi 1	Keflavík
Jón V. Einarsson	húsasmiður	Suðurgötu 13	Keflavík
Jón Halldór Jónsson	skipasmiður	Faxabraut 62	Keflavík
Jón H. Jónsson jr.	húsasmiður	Sunnubraut 46	Keflavík
Kristinn Gunnlaugsson	húsasmiður	Ásgarði 11	Keflavík
Kristján Sveinsson	húsasmiður	Borgarvegi 8	Keflavík
Margrét Valdimarsdóttir	húsmóðir	Öldulóð 44	Hafnarfjörður
Matthías Guðmundsson	húsasmiður	Hringbraut 104	Keflavík
O. Arnar Jónsson	húsasmiður	Hjallavegi 1	Keflavík
Ólafur Eyþór Ólason	múrari	Heiðarhvammi 6	Keflavík
Sigurbjörn R. Eiríksson	húsasmiður	Eyjaholti 11	Gerðar
Sigurbjörn Þ. Sigurðsson	húsasmiður	Faxabraut 3	Keflavík
Skúli H. Skúlason D.B.	húsasmiður	Tjarnargötu 30	Keflavík
Smári Friðjónsson	húsasmiður	Starmóa 1	Keflavík
Svavar Tjörvason	múrari	Langholti 19	Keflavík
Sveinn H. Jakobsson	húsasmiður	Holtsgötu 39	Keflavík
Sævar Árnason	húsasmiður	Sléttu, Bergi	Keflavík
Valur Björnsson	húsasmiður	Faxabraut 14	Keflavík
Valur B. Kristinsson	húsasmiður	Ásgarði 11	Keflavík
Vilhjálmur K. Jakobsson	húsasmiður	Háteigi 1	Keflavík

Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur h/f

Adda B. Þormarsdóttir	húsmóðir	Heiðarhorni 8	Keflavík
Andrés Þorsteinsson	vélvirki	Miðgarði 14	Keflavík
Árni Geir Þormarsson	kerfisfræðingur	Heiðarhorni 8	Keflavík
Ásgeir Skúlason	rennismiður	Grundarvegi 21	Keflavík
Ásmundur Cornelíus	vélvirki	Heiðarbóli 11	Keflavík

Auður Ingvarsdóttir	húsmóðir	Faxabraut 61	Keflavík
Björg Ingvarsdóttir	húsmóðir	Hjallavegi 1	Keflavík
Björn Magnússon	plötusmiður	Suðurgötu 18	Keflavík
Einar Guðberg Björnsson	plötusmiður	Háaleiti 20	Keflavík
Einar Þorleifsson	pípulagningam.	Faxabraut 68	Keflavík
Eyþór Þórðarson	vélvirki	Holtsgötu 17	Keflavík
Elta Eyþórsdóttir	kennari	Skipholti 42	Reykjavík
Elías Þormarsson	skipasmiður	Álsvöllum 10	Keflavík
Friðgeir Ben. Þorbjörnsson	rennismiður	Sunnubraut 10	Keflavík
Gréta Ásgeirsdóttir	kennari	Hólum 11	Laugar
Guðmundur Ásgeirsson	véltæknifræð.	Grundarvegi 21	Keflavík
Guðmundur Einarsson	verkfræðingur	Gimli	Garðabæ
Gunnar Þ. Þormarsson	nemi	Heiðarhorni 8	Keflavík
Hallfríður Ásgeirsdóttir	húsmóðir	Grundarvegi 21	Keflavík
Helgi Magnússon	verkamaður	Kirkjubraut 22	Keflavík
Hildur Ingvarsdóttir	húsmóðir	Háteigi 14	Keflavík
Ingvar Jóhannsson	vélvirki	Hlíðarvegi 5	Keflavík
Jóhann G. Einarsson	verkfræðingur	Faxabraut 68	Keflavík
Jóhanna Þormarsdóttir	húsmóðir	Hlíðarvegi 70	Keflavík
Lúðvík G. Björnsson	rafsuðumaður	Melbraut 17	Gerðar
María K. Björnsdóttir	húsmóðir	Suðurgötu 18	Keflavík
Ólafur H. Þorvaldsson	pípulagningam.	Hraunsvegi 9	Keflavík
Óskar Jónsson	rennismiður	Holtsgötu 32	Keflavík
Rósa Ingvarsdóttir	húsmóðir	Hjallavegi 1	Keflavík
Sigurður A. Ásgeirsson	verkamaður	Grundarvegi 21	Keflavík
Skúli S. Ásgeirsson	verkamaður	Grundarvegi 21	Keflavík
Valgeir Ásgeirsson	verkamaður	Birkiteigi 27	Keflavík
Þórey Eyþórsdóttir	bankaritari	Heiðarbóli 23	Keflavík
Þorleifur Einarsson	nemi	Faxabraut 68	Keflavík
Þormar Guðjónsson	vélvirki	Heiðarhorni 8	Keflavík
Þórmundur Guðlaugsson	pípulagningam.	Norðurgarði 23	Keflavík

Málaraverktakar Keflavíkur h/f

Áki Granz	málarameistari	Norðurstíg 5	Keflavík
Birgir Guðnason	málarameistari	Hringbraut 46	Keflavík
Guðni Magnússon	málari	Suðurgötu 35	Keflavík
Högni Gunnlaugsson	málari	Grænagarði 5	Keflavík
Jóhann R. Benediktsson	málari	Smáratúni 29	Keflavík
Jóhann Páll Friðmundsson	málari	Suðurgötu 5	Keflavík
Kristinn Guðmundsson	málari	Mávabraut 1d	Keflavík
Kristján Sigmundsson	málari	Ásabraut 5	Keflavík
Olgeir M. Bárðarson	málari	Hlíðarvegi 17	Keflavík
Þór Gils Helgason	málari	Háholti 15	Keflavík
Þorbergur Friðriksson	málari	Sunnubraut 18	Keflavík

Rafverktakar Keflavíkur h/f

Eyjólfur Andrésson	rafvirki	Síðumúla	Borgarnes
Eyjólfur Þórarinsson	rafvirki	Tjarnargötu 41	Keflavík
Garðar Pétursson	rafvirki	Elliðavöllum 11	Keflavík
Grétar Magnússon	rafvirki	Háteigi 16	Keflavík
Guðbjörn Guðmundsson	rafvirki	Sóltúni 12	Keflavík
Gunnlaugur Magnússon	rafvirki	Greniteig 29	Keflavík
Hilmar Þórarinsson	rafvirki	Brekkubyggð 30	Garðabæ
Jóhann Líndal Jóhannsson	rafvirki	Hraunsvegi 2	Keflavík
Reynir Ólafsson	rafvirki	Norðurgarði 2	Keflavík
Sigurður H. Guðmundsson	rafvirki	Vesturgötu 5	Keflavík
Viðar Þorláksson	rafvirki	Stórageröi 32	Reykjavík
Þorleifur Sigurþórsson	rafvirki	Brekkubraut 3	Keflavík

Ath: D.B=óskipt dánarbú

Sþ. 744. Skýrsla

Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis 1984 um utanríkismál.

EFNISYFIRLIT

I. **Inngangur**
II. **Alþjóðamál**
a Samskipti austurs og vesturs
b Madridráðstefnan
c Stokkhólmsráðstefnan
d Afvopnunarmál
e Austurlönd nær
f Sunnanverð Afríka
g Mið- og Suður-Ameríka
III. **Alþjóðastofnanir og svæðasamtök**
a Sameinuðu þjóðirnar
b Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
c Alþjóðaheilbrigðisstofnunin
d Evrópuráðið
e Norðurlandasamvinna
IV. **Varnar- og öryggismál**
V. **Hafréttarmál**
VI. **Þróunarsamvinna**
VII. **Utanríkisviðskipti 1983**
VIII. **Utanríkisþjónustan**

Skýrsla
Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis 1984.

I. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, sem mynduð var hinn 26. maí 1983, er kaflinn um utanríkismál svohljóðandi:

„Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m. a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.

Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar, og réttindi landsins á hafsbotnssvæðunum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila."

Á því tæpa ári sem liðið er frá því að ríkisstjórnin tók til starfa hefur verið unnið með virkum hætti að framkvæmd þessarar stefnu.

Höfuðþáttur hennar er að tryggja áfram sjálfstæði og öryggi landsins á þeim viðsjárverðu tímum sem við nú lifum; tryggja að íslenska þjóðin geti áfram búið við þá þjóðfélagsskipan frelsis og fullra mannréttinda sem lýðræðið býr henni.

Í margvíslegum samskiptum við aðrar þjóðir og með samvinnu við þær er leitast við að gæta hagsmuna þjóðarinnar og efla hag hennar. Með bættum samgöngum hefur Ísland færst nær öðrum þjóðum. Því fylgja bæði kostir og gallar. Hættan á að dragast inn í árekstra annarra og öflugri ríkja hefur aukist. Þörfin á að tryggja öryggi lands og þjóðar gagnvart þeirri hættu hefur að sama skapi vaxið. En um leið bjóða hinar bættu samgöngur upp á aukna samvinnu við aðrar þjóðir til stórstígari framfara en fámenn þjóð ræður við ein sér. Í samskiptum við aðrar þjóðir verður sífellt að velja og hafna. Meðferð utanríkismála felst í því að bægja frá utanaðkomandi hættum en nýta hvaðeina sem þaðan má til heilla hafa.

Enda þótt Ísland sé eitt af fámennari ríkjum heims ber því engu að síður að rækja þær skyldur sem hvíla á hverju fullvalda ríki og taka þátt í umbótaviðleitni samfélags þjóðanna. Á þessum grundvelli byggist stefna ríkisstjórnarinnar að vinna á alþjóðavettvangi að aukinni mannúð, mannréttindum og friði. Í þessum efnum hefur of skammt miðað til betri vegar í heimsbyggðinni. Sama máli gegnir um vígbúnaðar- og afvopnunarmálin sem um skeið hafa verið í alvarlegri sjálfheldu. Á þessum sviðum er brýn verk að vinna.

Um leið og vakað er yfir því sem beint varðar hag lands og þjóðar leitast utanríkisþjónustan — innan ramma raunsæis hvað fámennri þjóð hæfi og sé fært — við að leggja lóð á vogarskálar hverskyns umbóta- og framfaramála sem um er fjallað á alþjóðavettvangi.

Í skýrslu þessari eru rakin sum þessara mála eftir því sem aðstæður leyfa.

II. Alþjóðamál.

Frá því forveri minn í starfi utanríkisráðherra flutti Alþingi skýrslu um utanríkismál hefur sigið á ógæfuhliðina í alþjóðamálum. Þar vegur þyngst versnandi sambúð risaveldanna. Viðhorf Sovétríkjanna í samningaviðræðum um afvopnunarmál, slit þeirra á viðræðum um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu (INF), ótiltekin frestun á viðræðum um langdrægar kjarnaflaugar (START) og um tíma sams konar frestun viðræðnanna um gagnkvæman samdrátt herafla í Evrópu, hafa valdið þungum áhyggjum um heim allan.

Nokkrar vonir hafa verið bundnar við, að leiðtogaskiptin í Sovétríkjunum leiði til þess að viðræður verði teknar upp að nýju. Raunsærri er þó sú von að Stokkhólmsráðstefnan um afvopnunarmál geti stuðlað að breyttri afstöðu ráðamanna í Kreml og greitt leið að nýjum samningaviðræðum risaveldanna um takmörkun og samdrátt kjarnorkuvopna undir gagnkvæmu og öruggu eftirliti. En merki slíkra breytinga sjást ekki enn sem komið er.

Nánar verður vikið að þessum málum á eftir í köflunum um samskipti austurs og vesturs og afvopnunarmál.

Stríðin og átökin í heiminum, hafa mörg staðið árum, jafnvel áratugum, saman og ný halda áfram að brjótast út. Tilraunir til að finna friðsamlega lausn deilumálanna bera lítinn sem engan árangur.

Stríðið milli Íran og Íraks hefur færst í aukana og mannfall verið óhugnanlegt. Hótanir hafa verið hafðar uppi um lokun Hormuz-sunds og þar með stöðvun olíuflutninga frá Persaflóa. Gæti hún, ef framkvæmd yrði, haft víðtækar afleiðingar í för með sér og leitt til þriðju olíukreppunnar á rúmum áratug og ennþá magnaðra ófriðarbáls.

Ástandið í Líbanon var um skeið ískyggilegra en nokkru sinni fyrr og sættir virðast eiga langt í land. Innrásarher Víetnama í Kamputsheu berst gegn sveitum ríkisstjórnar Norodoms Sihanouks og hlutast til um mál fleiri grannlanda. Á annað hundrað þúsund manna sovéskur her er enn í Afghanistan í miklum erfiðleikum vegna hetjulegrar andstöðu afgönsku þjóðarinnar gegn hernámsliðinu. Stríðið milli Eþíópíuhers og sjálfstæðishreyfingar Eritreu hefur nú staðið í nær tvo áratugi. Borgarastyrjöld er í Chad og nýtur uppreisnarherinn stuðnings Líbýu. Sífelld hernaðarátök hafa átt sér stað í sunnanverðri Afríku og innrásir hers Suður-Afríku í nágrannaríkin hafa verið tíðar, en nýlega gerðir samningar benda vonandi til minnkandi hernaðarátaka þar. Borgarastyrjaldir eru háðar í nokkrum ríkjum Mið-Ameríku. Fleiri dæmi um ófrið og vopnuð átök mætti nefna þótt hér verði látið staðar numið.

Við þetta bætist að veröldin er enn í böndum efnahagskreppu, þótt ástandið hafi nokkuð vænkast í iðnvæddu ríkjunum, einkum Bandaríkjunum. En þrátt fyrir batamerkin í efnahagslífi Vesturlanda er atvinnuleysið áfram geigvænlegt vandamál.

Hundruð milljóna manna í heiminum búa við mjög krappan kost eða svelta heilu hungri en talið er að um 800 milljörðum dollara hafi á síðastliðnu ári verið varið til vígbúnaðar í ríkjum heims. Því miður eiga fátækustu þjóðirnar þar einnig sinn hlut að og sumar sívaxandi.

Þegar ástand heimsmála er svo slæmt sem hér hefur verið lýst beinast augu manna gjarna að Sameinuðu þjóðunum.

Víst er að án Sameinuðu þjóðanna væri ástandið í heiminum mun verra í ýmsum heimshlutum en hér hefur verið lýst. Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra vinna ómetanlegt hjálpar- og uppbyggingarstarf, einkum í hinum fátækari löndum heims. En Sameinuðu þjóðunum hefur ekki tekist að stöðva hið geigvænlega vígbúnaðarkapphlaup þrátt fyrir marga tugi ályktana þar um á ári hverju og þeim gengur erfiðlega að skakka vopnuð átök ríkja í milli, m. a. vegna þess að aðildarríkin sem í átökum eiga virða ekki samþykktir Öryggisráðsins um raunhæfar friðaraðgerðir.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er mikilvægur vettvangur þjóðanna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og kynnast skoðunum annarra. Þar er mikið talað og margt

ályktað. Dagskrárliðir eru nær hálft annað hundrað og fer fjölgandi á hverju þingi sem stendur frá miðjum september til jóla. Undir sumum dagskrárliðum er gerður fjöldi ályktana. Ályktanir og samþykktir síðasta allsherjarþings voru orðnar 456 talsins er því var frestað. Flestar eru þessar ályktanir efnislega óbreyttar þing eftir þing en taka samt ár eftir ár mikinn tíma í störfum þingsins. Þess vegna heyrast nú þær raddir að nauðsynlegt sé að breyta starfsháttum þingsins, fækka málum og tillögum.

Ekki tókst að ljúka 38. allsherjarþinginu fyrir jól vegna málafjölda og var því frestað fram á þetta ár. Enn er óákveðið hvenær það verður kallað saman til framhaldsfunda, en líklegast talið að það verði nokkrum dögum fyrir setningu 39. þingsins í september n. k.

Í ræðu sinni við frestun 38. allsherjarþingsins í desember sl. gerði forseti þingsins, Jorge E. Illueca frá Panama, vinnubrögð allsherjarþingsins að umtalsefni og spurði m. a. hvort ekki væri ástæða til að ætla, að sú spenna, sem nú ríkir í alþjóðamálum og vaxandi átök sem átt hafa sér stað, eigi sér nokkrar rætur í þeim fjölmörgu vandamálum, sem eru til meðferðar í stofnunum Sameinuðu þjóðanna ár eftir ár án þess að nokkur lausn finnist? Þessi sömu vandamál hafi verið tekin til ítarlegrar meðferðar á þessu þingi. Og þau væru óleyst enn. Staldra þyrfti við og hugleiða hvort ekki gæti verið að við stæðum ekki rétt að málum og hvort við gætum ekki notað krafta okkar með skynsamlegri og hagnýtari hætti en við höfum gert. Hvort ekki hefði í raun á þessu þingi í mörgum tilvikum aðeins verið endurteknar ræður og ályktanir frá fyrri þingum um mál sem enn væru óleyst.

Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki hefði dregið úr hæfni okkar til að finna lausnir vandamálanna með því að samþykkja allt of margar ályktanir í allt of mörgum málum í stað þess að einbeita sér að stærstu og mikilvægustu málunum í leit að raunverulegum árangri og hagnýtum lausnum.

Forseti þings Sameinuðu þjóðanna benti í ræðu sinni ennfremur á að árangurinn virtist í öfugu hlutfalli við fjölda ályktana. Þannig hefði þingið samþykkt 63 tillögur um afvopnunarmál. Sumar þeirra skildu fáir aðrir en þeir sérfræðingar sem hefðu samið þær. Málefni Palestínuaraba hefðu verið rædd vikum saman í fjórum fastanefndum þingsins sem hefðu samþykkt 20 tillögur um málið. Og 11 ályktanir voru gerðar um kynþáttaaðskilnaðarstefnu S-Afríku (apartheid).

Ég tel að þær spurningar sem forseti allsherjarþingsins beindi til þingheims hafi verið mjög tímabærar og vona að ábendingar hans muni stuðla að bættu vinnulagi og vinnubrögðum í framtíðinni.

Ríkisstjórnir Norðurlanda stóðu á sl. ári sameiginlega að skýrslu og tillögum um eflingu Sameinuðu þjóðanna til að setja niður deilur og vopnuð átök þjóða í milli. Er þar m. a. gert ráð fyrir að auka afskipti Öryggisráðsins af deilumálum áður en til valdbeitingar og vopnaðra átaka kemur og í því sambandi vakin athygli á nauðsyn þess að styrkja stöðu og hlutverk aðalframkvæmdastjóra samtakanna. Hingað til hafa friðargæslusveitir S. þj. eingöngu verið sendar á vettvang eftir að vopnuð átök hafa átt sér stað. Ennþá mikilvægara er að samtökin öðlist aukinn mátt til að koma í veg fyrir átök.

Þessar tillögur Norðurlandanna voru lagðar fyrir 38. allsherjarþingið og Öryggisráðið.

Viðleitnin til að auka mannréttindi og bæta hag þeirra jarðarbúa, sem lifa við bágust kjör hefur einkennt störf Sameinuðu þjóðanna og ýmissa sérstofnana þeirra. Sorglega seint hefur miðað, margt er því óunnið og bágindin víða átakanleg. En það má ekki verða til þess að vanmetið sé það sem gert hefur verið. Þvert á móti þarf þó sá árangur sem náðst hefur að verða hvatning til nýrra átaka.

Vonbrigðin með starf Sameinuðu þjóðanna felast fyrst og fremst í því hve lítið hefur áunnist í afvopnunarmálunum og hve erfiðlega samtökunum hefur gengið að koma í veg fyrir vopnuð átök og stríð eða koma á friði í stríðshrjáðum löndum. Síðan 1945 er talið að 105 meiriháttar vopnuð átök og stríð hafi verið háð í 66 löndum og í þeim átökum hafi ekki færri en 16 milljónir manna látið lífið. Tæpast er hægt að hafa tölu á þeim fjárfúlgum sem

farið hafa til vígbúnaðar frá stofnun Sameinuðu þjóðanna í lok síðari heimsstyrjaldarinnar 1945. Yfirgangsöfl hafa skapað svo ótryggan heim að jafnvel friðsömustu þjóðir og þær sem frábitnastar eru vopnaburði hafa ekki treyst sér til að hafna þeirri vörn sem vopnin veita gegn ásælni og yfirgangi. Árangur í friðarviðleitni mannkyns næst ekki nema traust milli þjóða vaxi. Því miður hefur nú mjög syrt í álinn. En viðleitnin nú verður að halda áfram með óendanlegri þolinmæði og auknum þrótti.

a. Samskipti austurs og vesturs.

Í byrjun síðasta áratugar fóru samskipti Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra við Vesturlönd mjög batnandi og jukust á flestum sviðum. Hömlum sem verið höfðu á útflutningi háþróaðrar tækni og tæknibúnaður frá Vesturlöndum til Sovétríkjanna og annarra kommúnistaríkja var að mestu aflétt og viðskipti fóru ört vaxandi.

Bandaríkin og Sovétríkin stigu fyrsta skrefið í átt til takmörkunar langdrægra kjarnavopna með SALT I-samningunum. Í kjölfarið kom undirskrift Helsinki-sáttmálans um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þetta var tímabil slökunarstefnunnar (détente) og Vesturlönd drógu úr vígbúnaði sínum og juku framlög til félags- og velferðarmála. Nýr samningur um takmörkun langdrægra eldflauga SALT II var undirritaður. Samningurinn hefur ekki verið staðfestur af Bandaríkjaþingi, en aðilar eru taldir virða ákvæði hans.

SALT I og SALT II samningarnir fólu ekki í sér neinar takmarkanir á meðaldrægum kjarnaflaugum og meðan samningarnir voru í undirbúningi var annar undirbúningur í fullum gangi í Sovétríkjunum: Áætlun um uppsetningu mörg hundruð meðaldrægra flauga sem hver um sig ber þrjá kjarnaodda er skjóta má á sitt hvert skotmarkið allt að 5 þúsund kílómetra leið, þ. e. á skotmörk í gervallri Vestur- og Norður-Evrópu. Sovétríkin hófu uppsetningu þessara SS-20 flauga 1977.

Uggur greip um sig vegna þessarar nýju ógnunar, sem stefnt var gegn Vestur-Evrópu. Vonir manna um áframhald slökunar, er skapaði skilyrði fyrir frekari takmörkun vígbúnaðar, dofnuðu.

Meðan slökunarstefnan stóð sem hæst og eftir að SALT samningarnir höfðu verið gerðir lýstu ráðamenn Sovétríkjanna því opinberlega yfir við hátíðleg tækifæri í samskiptum við vestræn ríki að þeir teldu hernaðarjafnvægi ríkja milli stórveldanna. Þetta ítrekuðu þeir eftir að þeir hófu uppsetningu SS-20 flauganna rétt eins og þær hefðu engin áhrif á jafnvægið í Vestur-Evrópu.

Ráðamenn Vestur-Evrópuríkja með Helmut Schmidt, leiðtoga jafnaðarmanna og kanslara Vestur-Þýskalands, í fararbroddi lögðu fast að Bandaríkjastjórn á árunum 1978 og 1979 að þessari nýju voveiflegu ógnun gegn Vestur-Evrópu yrði svarað með uppsetningu bandarískra meðaldrægra flauga í nokkrum ríkjum Vestur-Evrópu.

Í desember 1979 tók ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins tvíþætta ákvörðun:

1. Hafinn skyldi undirbúningur að uppsetningu Pershing II eldflauga og stýriflauga en uppsetning þeirra skyldi ekki hefjast fyrr en í árslok 1983 og þá lokið á 5 árum, þ. e. í árslok 1988.
2. Hafnar skyldu strax viðræður við Sovétríkin um fækkun kjarnaflauga í Evrópu og skyldi reynt til þrautar að ná slíku samkomulagi á þeim 4 árum sem til stefnu voru, en uppsetning bandarísku flauganna skyldi því aðeins hafin að allar tilraunir til samkomulags við Sovétríkin færu út um þúfur.

Sovétríkin voru treg til þessara viðræðna og hófust þær ekki fyrr en tveimur árum eftir að Atlantshafsbandalagið gerði samþykkt sína.

Í sama mánuði og samþykkt NATO ríkjanna var gerð réðust Sovétríkin með her manna inn í Afghanistan í desember 1979. Innrásin leiddi til stóraukinnar spennu og versnandi sambúðar austurs og vesturs. Síðar varð svo alkunn atburðarás í Póllandi og sá óhugnanlegi

verknaður er Sovétmenn grönduðu kóreskri farþegavél með hátt á 3. hundrað manns til þess að auka viðsjár í alþjóðamálum.

Þessa sögu alla verða menn að hafa í huga þegar meta skal hlutlægt það ástand sem nú ríkir í vígbúnaðarmálum og orsakirnar til þess, að slökunarstefnan í sambúð austurs og vesturs hefur átt svo erfitt uppdráttar sem raun ber vitni.

Er hafin var uppsetning fyrstu Pershing II flauganna í Evrópu seint á sl. ári slitu Rússar m. a. Genfarviðræðunum um fækkun meðaldrægra kjarnaflauga í Evrópu og lýstu yfir að kjarnaflaugar jafnvel enn „fullkomnari" en SS-20 yrðu líka settar upp í Þýska alþýðulýðveldinu og Tékkóslóvakíu. Þá hafa Rússar aukið kafbátaferðir sínar suður fyrir Ísland þ. á m. ferðir Delta kafbáta og lýsa yfir að frá þeim megi hæfa skotmörk í 3000 km fjarlægð.

Atlantshafsbandalagsríkin leggja áherslu á að viðræður hefjist sem fyrst að nýju og hafa gert að tillögu sinni að allar meðaldrægar kjarnavopnaflaugar í Evrópu verði fjarlægðar, en benda á, til vara að uppsetning bandarísku eldflauganna megi stöðva með gagnkvæmum samningum um fækkun slíkra vopna. Svör Rússa hafa verið þau til þessa, að þeir taki ekki upp viðræður að nýju fyrr en Pershingflaugarnar hafa allar verið teknar niður. Þeir ætlast því til meira af mótherjum sínum en sjálfum sér — og vilja halda því forskoti sem þeir hafa skapað sér.

Helsti Þrándur í Götu raunhæfs árangurs í samningum um afvopnun, er andstaða Sovétríkjanna gegn fullnægjandi gagnkvæmu eftirliti til að tryggja að samningar séu haldnir.

Sovétríkin reyna að breiða yfir þessa andstöðu með áróðursherferð á alþjóðavettvangi fyrir samningum um almennt orðaðar yfirlýsingar þess efnis, að ríki skuldbindi sig til þess að beita ekki kjarnavopnum að fyrra bragði eða valdi í samskiptum ríkja.

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er megininntakið að ekki skuli beita valdi í samskiptum ríkja — og þá að sjálfsögðu þar með alls ekki hinum gereyðandi kjarnorkuvopnum. Eitt meginatriði í Helsinki-sáttmálanum um öryggi og samvinnu í Evrópu er einmitt að aðilar sáttmálans beiti ekki valdi í samskiptum við önnur ríki. Þannig eru því miður margar af tillögum Sovétríkjanna endurtekningar á skuldbindingum sem ríki hafa þegar samþykkt. Það er stundum engu líkara en með slíkum endurtekningum og hjakki í sama fari sé verið að draga athyglina frá hinum brennandi vandamálum og raunhæfum ráðstöfunum til afvopnunar.

Nú fara viðræður um afvopnunarmál fram á fundum afvopnunarnefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf, á fundum fulltrúa Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins í Vín um gagnkvæman samdrátt herafla í Evrópu og síðast en ekki síst á Stokkhólmsráðstefnunni.

Stokkhólmsráðstefnunni er ætlað að ræða ráðstafanir til þess að auka traust ríkja á milli og menn gera sér vonir um að sá árangur náist að samningaviðræður risaveldanna um takmörkun meðaldrægra kjarnaflauga (INF) og langdrægra kjarnaflauga (START) hefjist að nýju.

Bið kann að verða á því, en Stokkhólmsráðstefnunni er ætlaður rúmur tími. Sumir hafa gert sér vonir um að leiðtogaskiptin í Sovétríkjunum geri þeim auðveldara að ganga til samninga, en fátt bendir til þess og meðal annars er talið, að stefnubreytingar Sovétmanna sé ekki að vænta fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum í nóvember nk.

Í yfirlýsingu nýafstaðins utanríkisráðherrafundar Varsjárbandalagsins í Búdapest er lögð áhersla á að raunhæfar viðræður á jafnréttisgrundvelli séu nauðsynlegar til þess að slökunarstefnan geti aftur orðið ráðandi og ríkin lýsa sig reiðubúin til slíkra viðræðna. Engu að síður binda ráðherrarnir upptöku slíkra viðræðna sömu óraunhæfu skilyrðum og Sovétmenn höfðu áður lýst yfir.

b. Madridráðstefnan.

Madridráðstefnunni lauk formlega með fundi utanríkisráðherra þátttökuríkjanna dagana 7.—9. september 1983 og voru þá nærri 3 ár frá upphafi hennar. Tilgangur ráðstefnunnar var að ganga til ítarlegra umræðna bæði um framkvæmd lokasamþykktarinnar frá Helsinki og lausn þeirra verkefna sem lokasamþykktin kveður á um. Einnig var í Madrid rætt hvernig unnt væri að auka gagnkvæm samskipti, styrkja öryggi og samvinnu í Evrópu og efla viðleitnina til að draga úr spennu í framtíðinni. Þrátt fyrir verulegan ágreining tókst samkomulag um lokaskjal ráðstefnunnar. Áttu hlutlausu og óháðu ríkin í Evrópu stóran þátt í því að málamiðlun náðist milli þátttökuríkjanna um raunhæft lokaskjal.

Þegar tekið er tillit til ástands alþjóðamála undanfarin ár verður að telja að sá árangur sem náðist í Madrid feli í sér vilja allra þátttökuríkjanna 35 til þess að efla samstarf sitt innbyrðis. Aukin samvinna á sviði mannréttinda og mannúðarmála annars vegar og öryggismála hins vegar voru meginverkefni ráðstefnunnar. Á fyrrnefnda sviðinu náðist samkomulag um aukin réttindi einstaklingsins að því er varðar verkalýðsmál, þróun mannlegra tengsla og endursameiningu fjölskyldna, iðkun trúarbragða, upplýsingamál, starfsaðstöðu blaðamanna og frjálsan aðgang að erlendum sendiráðum og ræðisskrifstofum. Auk þess varð samkomulag um að gera verulegt átak í baráttunni gegn hryðjuverkum.

Í öryggismálum varð samkomulag um að halda Afvopnunarráðstefnu Evrópu í Stokkhólmi er fjalli fyrst um auknar aðgerðir til að efla traust og öryggi í Evrópu og síðar um afvopnun á breiðari grundvelli.

Madridráðstefnan ákvað að næsta framhaldsráðstefna til að meta árangur og ráðgast um frekari framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar frá 1975 um öryggi og samvinnu í Evrópu hefjist í Vínarborg í nóvember 1986.

Auk þess ákvað Madridráðstefnan eftirfarandi fundi og ráðstefnur innan ramma Helsinki-samþykktarinnar:

1) Um friðsamlega lausn deilumála í Aþenu 21. mars 1984.
2) Um Miðjarðarhafsmálefni í Feneyjum 16.—26. október 1984.
3) Um mannréttindamál er hefjist 7. maí 1985 í Ottawa. Undirbúningsfundur var ákveðinn 23. apríl 1985.
4) Fundarhöld í Helsinki vegna 10 ára afmælis Helsinki-samþykktarinnar, væntanlega í byrjun ágúst 1985.
5) Um menningarmál í Búdapest 15. október 1985, ásamt undirbúningsfundi þar 21. nóvember 1984.
6) Um hin mannlegu tengsl er hefjist 15. apríl 1986, í Bern, ásamt undirbúningsfundi 2. apríl það ár.

Gert er ráð fyrir að Stokkhólmsráðstefnan og fundir þessir skili skýrslum til áðurnefndrar framhaldsráðstefnu í Vínarborg haustið 1986 — og verða þar teknar frekari ákvarðanir um framhaldið.

Vonir stóðu til að samkomulagið í Madrid myndi skapa skilyrði fyrir raunhæfri gagnkvæmri afvopnun en svo hefur enn ekki orðið. Framhald Helsinki-ferilsins var hins vegar a. m. k. að forminu til tryggt með ákvörðuninni um Afvopnunarráðstefnu Evrópu í Stokkhólmi og Vínarfundinn 1986. Á sérfræðingafundunum um mannréttindamál og hin mannlegu tengsl gefast tækifæri til að ræða frekar framkvæmd Helsinki lokasamþykktarinnar og Madrid-samkomulagsins og veita þeim ríkjum, sem hafa vanefnt þessa samninga nauðsynlegt aðhald. Þótt útlitið sé ekki gott í bili verður að gera sér vonir um, eins og kom fram í lokaræðu minni í Madrid, að efndirnar verði í samræmi við ákvæði Madrid skjalsins og skilningur og samvinna ráði ferðinni þannig að þátttökuríkin geti lifað saman, unnið saman og stuðlað að raunhæfari samskiptum byggðum á friði, öryggi og réttlæti.

c. Stokkhólmsráðstefnan.

Stokkhólmsráðstefnan um eflingu trausts og öryggis- og afvopnun í Evrópu 17. janúar 1984 en undirbúningsfundur var haldinn í Helsinki fyrir áramótin. Hún mun starfa 6—8 mánuði á ári næstu þrjú árin.

Stokkhólmsráðstefnan fjallar um sameiginlegar aðgerðir til að efla öryggi og traust í allri Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla. Svæðið sem aðgerðum er ætlað að spanna náði skv. Helsinki-samþykktinni 1975 einungis 250 km inn í Sovétríkin en samkvæmt Madrid-samkomulaginu mun svæðið ná til alls Evrópuhluta Sovétríkjanna og ennfremur til aðliggjandi hafsvæðis eða loftrýmis þátttökuríkja í Evrópu eftir því sem við á.

Við upphaf Stokkhólmsráðstefnunnar lögðu Atlantshafsríkin þegar fram tillögur sem fjalla efnislega um ráðstafanir til að auka gagnkvæmt traust með upplýsingum um herskipan og æfingar, tilkynningarskyldu um herflutninga eða heræfingar og virkt eftirlit þar að lútandi. Óháðu ríkin í Evrópu lögðu einnig fram tillögur sem ganga mjög í sömu átt og var þar m. a. vísað til ákvæða Helsinki-sáttmálans um að ríki beiti ekki valdi í samskiptum sínum. Varsjárbandalagsríkin hafa hins vegar engar tillögur lagt fram en í ræðum endurtekið málflutning frá síðasta allsherjarþingi S. þj. og lýst hugmyndum um samning um að beita ekki valdi í samskiptum ríkja og verða ekki fyrst til að beita kjarnorkuvopnum rétt eins og stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og Helsinki-sáttmálinn væru ekki til.

Vonandi tekur ráðstefnan markvissar á málum þegar störf verða tekin upp að nýju eftir fundarhlé það er stendur síðan um miðjan mars sl. til 8. maí nk.

d. Afvopnunarmál.

Þróun afvopnunarmála almennt undanfarið ár hefur áfram einkennst af víðsjálu ástandi alþjóðamála og því kuldakasti í samskiptum stórveldanna sem að framan hefur verið lýst. Viðræður stórveldanna í Genf um meðaldræg (INF) og langdræg (START) kjarnorkuvopn héldu þó áfram mestan hluta sl. árs, uns fulltrúar Sovétríkjanna hættu þátttöku í viðræðunum um meðaldrægar kjarnorkuflaugar hinn 23. nóvember 1983 er þjóðþingin í Bretlandi, Ítalíu og Sambandslýðveldinu Þýskalandi höfðu samþykkt í samræmi við hina tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá 1979 að nýjum meðaldrægum kjarnorkuvopnum skyldi komið fyrir til mótvægis við SS—20 flaugar Sovétmanna. Um svipað leyti var START-viðræðunum í Genf um langdræg kjarnorkuvopn frestað að tilhlutan Sovétmanna án þess að nokkuð væri ákveðið um framhaldið. Þessi spenna sem ríkt hefur milli stórveldanna undanfarin ár hefur einnig leitt til þess að lítill sem enginn árangur hefur orðið á öðrum sviðum afvopnunarviðræðna. Þannig varð enginn raunhæfur árangur í afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf. Árangur í beinum viðræðum stórveldanna virðist vera lykillinn að æskilegri þróun annarra samninga og viðræðna um afvopnunarmál og skyld efni.

Afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf ræddi ítarlega um gerð alþjóðasamnings um algert bann við kjarnorkutilraunum en hvorki Frakkland né Kína tóku þátt í þessum umræðum sem fóru fram í sérstakri undirnefnd. Eitt megin ágreiningsefnið er hversu víðtækt slíkt bann skuli vera. Flest Vesturlönd vilja að bannið nái jafnt til tilrauna með kjarnorkuvopn og kjarnorkusprenginga í friðsamlegum tilgangi en nokkur önnur ríki vilja leyfa slíkar sprengingar í friðsamlegum tilgangi þótt mjög erfitt sé að greina þar á milli. Einnig voru skoðanir um fyrirkomulag eftirlits mjög skiptar.

Afvopnunarnefndin í Genf ræddi einnig um leiðir til þess að kjarnorkuvopnakapphlaupinu verði hætt og um kjarnorkuafvopnun almennt. Ekkert samkomulag varð um hlutverk nefndarinnar í þessum efnum en ýmsar hugmyndir voru ræddar án niðurstöðu. Af hálfu Vesturlanda var lögð áhersla á það takmark að koma í veg fyrir hvers konar styrjaldir hvort sem um venjuleg vopn eða kjarnorkuvopn væri að ræða.

Nú fyrir skemmstu lögðu Bandaríkjamenn fram í Genf drög að alþjóðasamningi um bann við eiturefnavopnum. Er þar einnig um brýnt mál að ræða ekki síst eftir að talið er að farið sé að beita slíkum vopnum. Sovétmenn telja tillögur þessar ekki raunhæfar.

Umræður um afvopnunarmálin í fyrstu nefnd 38. allsherjarþingsins fóru fram með hefðbundnum hætti. Fjöldi tillagna var með mesta móti og margar svipaðs eðlis, eins og vikið var að framar í skýrslu þessari. Nokkrar þessara tillagna sem fjölluðu um frystingu kjarnorkuvopna urðu tilefni umræðna á Alþingi fyrir áramótin en Ísland ýmist sat hjá við afgreiðslu þeirra eða greiddi atkvæði gegn þeim, aðallega af svipuðum ástæðum og fyrirrennari minn í starfi gerði grein fyrir í síðustu skýrslu um utanríkismál til Alþingis á sl. ári. Frysting kjarnorkuvopna er í raun óframkvæmanleg nema með samkomulagi kjarnorkuveldanna sjálfra, þ. á m. um raunhæft eftirlit.

Ísland tók eins og kunnugt er þátt í hinni tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsríkja 12. desember 1979 um að næðust ekki samningar við Sovétríkin bæri að koma fyrir 572 nýjum meðaldrægum flaugum til varnar Vestur-Evrópu til jafnvægis við ógnun SS-20 flauga Sovétmanna. Yfirburðir Sovétríkjanna á sviði kjarnorkuvopna og venjulegs vopnabúnaðar í Evrópu voru til þess fallnir að auðvelda þeim að beita og auka pólitíska þrýsting til þess að ná vilja sínum fram. Mundi það að minni hyggju eyða líkum á að samningar um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun takist, ef varanlegir yfirburðir Sovétríkjanna yrðu viðurkenndir. Engin von væri þá til að þau vildu semja sig úr þeirri stöðu. Hins vegar geta viðhorfin fljótt breyst að þessu leyti og ber því að fylgjast vel með þróun mála og leita allra ráða til að stöðva kjarnavopnakapphlaupið.

Samhliða endurnýjun bandarískra kjarnorkuvopna í Evrópu hafa Atlantshafsbandalagsríkin ákveðið fækkun 2400 kjarnasprengja í álfunni og er sú fækkun vel á veg komin.

Ísland gerðist á 38. allsherjarþingi S. þj. meðflytjandi að ályktunartillögum um könnun á vígbúnaði á hafinu, þ. á m. kjarnorkuvígbúnaði, og var hún samþykkt. Auk Íslands, stóðu m. a. Austurríki, Finnland og Svíþjóð að þessari tillögu. Gert er ráð fyrir að 40. allsherjarþingið árið 1985 fái niðurstöður þessarar könnunar til umfjöllunar.

Í ræðu minni við upphaf allsherjarþingsins komst ég svo að orði um þetta efni:

„Við Íslendingar byggjum afkomu okkar fyrst og fremst á auðlindum sjávarins. Við höfum því miklar áhyggjur af vígbúnaði í hafinu. Lítilsháttar óhapp, að ekki sé talað um meiriháttar slys, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskstofna okkar og þar með allan efnahag. Þetta skiptir ekki eingöngu Íslendinga heldur og okkur öll máli. Verndun hafsins sem matarkistu fyrir milljónir sveltandi manna er lífsnauðsyn og okkur er öllum skylt að vinna saman að því að koma í veg fyrir hvers konar mengun hafsins. Okkur ber sífellt að hafa þetta í huga og haga gerðum okkar samkvæmt því."

Viðræðunum í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og venjulegs vopnabúnaðar virtist lítið miða á sl. ári. Eftir hlé sem varð vegna afstöðu Sovétríkjanna hafa þær nú verið teknar upp að nýju og lögðu fulltrúar NATO-ríkja fram nýjar tillögur til málamiðlunar nú fyrir skemmstu. Tillögur þessar taka m. a. mið af tregðu Austur-Evrópuríkjanna að veita fullar upplýsingar um herstyrk sinn við upphaf fækkunar, en þetta atriði hefur verið eitt helsta vandamálið í viðræðunum. Hafa vestrænu ríkin nú dregið úr kröfum sínum að þessu leyti og reynt í fleiri efnum að liðka til fyrir samkomulagi. Stefnt er að því að í samkomulagi felist fækkun landherja hvors aðila í 700 þúsund manns og að samanlagður land- og flugher hvors um sig verði eftir fækkunina ekki yfir 900 þúsund manns. Um þetta takmark eru aðilar sammála.

Lýðræðisríkin hljóta að leggja síaukna áherslu á stöðvun vopnakapphlaupsins, enda verða þau að sækja heimild til aukinna skattaálaga vegna vígbúnaðar til kjósenda. Þótt einræðisríkin búi ekki við slíkt aðhald frá þegnum sínum, þá er efnahag þeirra eins og Sovétríkjanna svo háttað að getu þeirra til takmarkalausra vígbúnaðarútgjalda hljóta einnig

að vera takmörk sett. Þegar við bætist ógn sú sem öllum stafar af gereyðingarvopnum hljóta menn einnig austan tjalds, þótt friðarhreyfingar hafi þar ekki frelsi til áhrifa, að hugsa sinn gang, áður en til örþrifaráða er gripið.

Skilyrði almennrar afvopnunar og þar með ekki eingöngu frystingar kjarnorkuvopna heldur fækkunar þeirra eru:

1. Að enginn geti í krafti hernaðaryfirburða sinna sagt öðrum fyrir verkum, síst af öllu lokuð einræðisríki.
2. Að samkomulagi um markvissa alhliða og gagnkvæma afvopnun sé fylgt eftir með tryggu, alþjóðlegu og opnu eftirliti.

e. Austurlönd nær.

Borgarastyrjöldin í Líbanon hefur nú staðið í nærri fullan áratug og eru þær miklu hörmungar sem hún hefur haft í för með sér nær ólýsanlegar. Utanaðkomandi öfl hafa hellt olíu á eld átaka hinna stríðandi afla borgara Líbanons sem eru af ólíkum trú- og ættflokkum. Landið er hersetið af Sýrlendingum og Ísraelsmönnum og PLO, samtök Palestínumanna, réðu lengi lögum og lofum á vissum landsvæðum. Fram til þessa hafa allar tilraunir til að ná þjóðarsátt í Líbanon mistekist. Þegar þetta er ritað á svo að heita að vopnahléi hafi verið komið á. Hefur það gerst áður en verið illa haldið. E. t. v. eru þó horfur á samkomulagi lítið eitt betri nú en fyrr.

Ísraelsmenn réðust inn í Líbanon sumarið 1982 til þess að hamla gegn skæruliðaárásum á Ísrael af líbönsku landssvæði. Þeir hafa hingað til virt að vettugi fyrirmæli Öryggisráðsins um að draga heri sína til baka. Biðu Ísraelar mikinn álitshnekki, er þeir létu viðgangast að andstæðingar Palestínumanna færu inn í búðir þeirra í Beirút til hinna hryllilegustu fjöldamorða.

Í maí 1983 tókst fyrir milligöngu Bandaríkjanna að ná samkomulagi milli ríkisstjórna Ísraels og Líbanons um brottflutning hers Ísraelsmanna. Þessi samningur bar því miður ekki tilætlaðan árangur þar sem Sýrlendingar og PLO neituðu að verða á brott samtímis Ísraelsher svo sem áskilið hafði verið. Í framhaldi af þessu varð samkomulag milli Líbanons og Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Ítalíu um að þessi vestrænu ríki sendu allöflugar friðargæslusveitir til Beirút til að halda uppi lögum og reglu. Þær gerðu gagn en höfðu þó tæpast erindi sem erfiði. Spennan og átökin mögnuðust og sjálfsmorðssveitir ollu miklu mannfalli í gæsluliði Bandaríkjanna og Frakklands. Hafa vestrænu sveitirnar nú verið dregnar til baka. Áhugi var á að gæslusveitir Sameinuðu þjóðanna tækju við friðargæslu í Beirút en Sovétríkin hindruðu það með neitunarvaldi sínu í Öryggisráði S. þj. Líbanonstjórn hefur nú nýlega sagt upp samkomulaginu við Ísrael frá í maí 1983.

Uppreisn öflugs flokks palestínskra skæruliða gegn Yassir Arafat leiðtoga PLO leiddi til þess að Arafat og menn hans hröktust frá Líbanon. Var Arafat og lið hans flutt til Túnis á grískum skipum sem fallist var á að sigldu undir fána Sameinuðu þjóðanna er hótanir höfðu verið uppi um að granda skipunum. Eftir vinslit við Assad Sýrlandsforseta sem studdi andstæðinga Arafats er nú komið á samband milli hans og Egypta en frá því Sadat Egyptalandsforseti gekk til samninga við Ísraela hafði ríkt fullkomið hatur þar á milli.

Þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli Öryggisráðsins halda Ísraelsmenn áfram miklu landnámi á herteknum svæðum utan landamæra sinna. Ísraelsmenn eiga vissulega í vök að verjast. Mörgum þykir þeir þó hafa sýnt meiri óbilgirni en réttlætanleg sé. Tilraunir til þess að telja Ísraelsstjórn hughvarf hafa ekki borið verulegan árangur. Ísraelsstjórn fer sínu fram og hefur því einangrast nokkuð á alþjóðavettvangi.

Erfitt er að spá um framvinduna í Austurlöndum nær á komandi misserum. Kosningar hafa verið ákveðnar í Ísrael í lok júlí n. k. en hvort hugsanleg stjórnarskipti leiði til verulegra breytinga á stefnu Ísraela er stuðlað geti að samningum skal ósagt látið. Samningar eru líka

undir fleirum komnir. Ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 (1967) og 338 (1977) eru áfram sá grundvöllur sem byggja verður á ef viðunandi heildarsamkomulag á að nást í þessum hrjáða heimshluta. Tryggja þarf öryggi allra ríkja á svæðinu þ. á m. Ísraels innan ljósra landamæra jafnframt því sem tekið verði fullt tillit til þjóðréttinda Palestínumanna.

Styrjöld Íraks og Írans heldur enn áfram og engin teikn eru um það að henni sé að linna. Allar tilraunir til þess að koma á samningaviðræðum um stjórnmálalega lausn hafa farið út um þúfur. Ayatolah Khomeini setur þau skilyrði fyrir slíkum samningum að fyrst verði Írakar að skila öllu herteknu landi og valdhafaskipti að hafa átt sér stað í Bagdad. Mannfall í Íran-Írak stríðinu er orðið meira en í öllum öðrum átökum í Mið-Austurlöndum síðan 1948 og nú síðast hafa borist óhugnanlegar fréttir um beitingu eiturefnavopna í þessum átökum.

Svipaða sögu er að segja um samkomulagsumleitanir til pólitískrar lausnar í Afghanistan. Þar eru það Sovétmenn sem setja skilyrðin. Þau eru að fyrst verði „heimsvaldasinnar" að hætta öllum afskiptum af innanríkismálum Afghanistan og að ríkisstjórn Karmals verði viðurkennd sem eini löglegi fulltrúi afgönsku þjóðarinnar í væntanlegum samningum. Baráttuþrek afgönsku frelsissveitanna virðist enn óbugað þótt þær eigi við mikið ofurefli liðs og vopnabúnaðar að etja. Veita þær hernámsliði Sovétríkjanna sem nú telur töluvert á annað hundrað þúsund hermenn öflugt viðnám. Sovétmenn hafa svarað með því að jafna við jörðu bæi og þorp sem þeir telja að styðji frelsissveitirnar og taka af lífi alla íbúa, karla, konur og börn. Böl afgönsku þjóðarinnar er átakanlegt. En um leið hefur innrás yfirgangsaflanna þar náð að spilla andrúmslofti í samskiptum einræðisríkjanna og hins frjálsa heims með þeim afleiðingum að engir samningar nást um knýjandi úrlausnarefni.

f. Sunnanverð Afríka.

Þrátt fyrir sífellda fordæmingu gjörvallrar heimsbyggðarinnar heldur minnihlutaríkisstjórn hvítra manna í Suður-Afríku fast við kynþáttaaðskilnaðarstefnu sína (apartheid). Nýlega voru samþykktar í „þjóðaratkvæðagreiðslu" hvítra manna breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Suður-Afríku sem í orði kveðnu eiga að draga úr misréttinu en margir óttast að geti í raun orðið til þess að festa enn í sessi hið hróplega réttleysi mikils meirihluta íbúanna. 38. allsherjarþingið fordæmdi þessar breytingar.

Þá þverskallast Suður-Afríkustjórn við að hlíta fyrirmælum Öryggisráðsins um að láta Namibíu af hendi. Namibía er gæsluverndarsvæði Sameinuðu þjóðanna og hafa þær fyrir löngu svipt Suður-Afríkustjórn umboði til afskipta þar. Stjórnmálahreyfingin SWAPO hefur háð skæruhernað gegn her Suður-Afríku í Namibíu hátt á annan áratug og her Suður-Afríku hefur í sífellu gert innrásir í nágrannaríkin þar sem skæruliðar hafa aðsetur, einkum Angólu og Mósambík.

Eftir samþykkt Öryggisráðsins nr. 435 (1978) um sjálfstæði Namibíu hafa verið gerðar margítrekaðar tilraunir til að fá Suður-Afríkustjórn til þess að fallast á þá leið til sjálfstæðis Namibíu er þar var mörkuð. Suður-Afríkustjórn hefur ekki vísað fyrirmælum ályktunarinnar algerlega á bug heldur sett ýmis skilyrði og fyrirvara. Veigamesti fyrirvari Suður-Afríkustjórnar hefur verið og er enn sá að allar hersveitir Kúbu verði á brott frá Angólu áður en ályktanir 435 og 539 (1983) verði framkvæmdar.

Í febrúar og mars sl. voru gerðir samningar um vopnahlé milli Suður-Afríku og Angólu og Mósambík. Þessir samningar komu mjög á óvart jafnvel þeim sem fylgst hafa best með þróun mála í sunnanverðri Afríku. Menn vona, að samningar þessir verði vísir að frekari lausn ágreiningsmála suður þar og að kúbanska herliðið fari brott frá Angólu í áföngum þannig að opnuð verði leið til fulls sjálfstæðis Namibíu. Efnahagsleg rök styðja einnig slíka ráðstöfun þar sem styrjöldin og útgerð kúbönsku hersveitanna hefur orðið Angólu efnahagslega mjög þung í skauti.

Norrænu ríkin hafa verið mjög framarlega í hópi þeirra ríkja sem fordæma kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar og styðja sjálfstæði Namibíu. Að frumkvæði utanríkisráðherra Svíþjóðar hefur verið ákveðið að halda sameiginlegan fund utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum nágrannaríkja Suður-Afríku (Angóla, Botswana, Mósambík, Tanzaníu, Zambíu, Zimbabwe) í Stokkhólmi 20.—21. júní n. k. til þess að fjalla um ástandið í sunnanverðri Afríku og möguleika til að bæta það.

g. Mið- og Suður-Ameríka.

Í þessum heimshluta hefur athyglin einkum beinst að ástandinu í El Salvador og Nicaragua. Í báðum löndum ríkir borgarastyrjöld, þar sem hin stríðandi öfl njóta utanaðkomandi aðstoðar.

Í Nicaragua batt sigur „Þjóðfrelsishreyfingar Sandinista" (FSLN) enda á hálfrar aldar samfellda einræðisstjórn harðstjóra er Somoza hershöfðingja var steypt af stóli 1979. Við tók fimm manna ríkisstjórn (junta) sandinista, sem hét frjálsum kosningum innan tveggja ára, fullum mannréttindum og fjölflokkakerfi, blönduðu hagkerfi og hlutleysisstefnu í utanríkismálum. Eftir fall Somoza þurfti sandinistastjórnin mjög á efnahagsaðstoð að halda og veittu ýmis vestræn ríki henni verulega aðstoð á fyrstu tveimur stjórnarárunum. Mest lögðu Bandaríkin til eða um 150 milljónir dollara. Kúba lagði stjórninni hins vegar til vopn, hernaðarsérfræðinga og kennara. Her og varalið telur 75 þúsund manns sem er stærsti her í Mið-Ameríku en auk þess eru um 2 þúsund kúbanskir hermenn og öryggisráðgjafar í Nicaragua og fjöldi sérfræðinga frá Austur-Þýskalandi, Lýbíu, PLO o. fl.

Sandinistastjórnin naut stuðnings og samúðar lýðræðisríkjanna í upphafi valdaferils síns og vonir stóðu til að staðið yrði við þau heit að koma á lýðræðisskipulagi. Þróun mála hefur orðið önnur. Marxist-Leninistar hafa náð undirtökunum í Sandinistahreyfingunni og landið þróast hratt á átt til einræðisstjórnar í nánu sambandi við Moskvu og Havana. Þessi þróun hefur skapað ugg meðal nágrannaþjóðanna enda hafa herskáustu foringjar sandinista lýst því yfir að þeir stefni að „byltingu án landamæra".

Sandinistar hafa nú ákveðið að kosning forseta og þjóðþings skuli fara fram í nóvember nk., en ekki er enn ljóst hvernig framkvæmd kosninganna verður eða hverjir fá að bjóða fram.

Í El Salvador berjast vinstri sinnaðir skæruliðaflokkar FMLN („þjóðfrelsishreyfingin") gegn stjórninni og hryðjuverk, morð og hvers konar mannréttindabrot eru stunduð af öfgaöflum til hægri og vinstri. Forsetakosningar fóru fram í El Salvador 25. mars sl. Enginn frambjóðenda hlaut tilskilinn meirihluta og verður kosið milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu í maí nk. Kosningar við þær aðstæður sem nú ríkja í Nicaragua og El Salvador eru því miður ekki líklegar til að leysa þau miklu pólitísku og félagslegu vandamál sem þar er við að etja eða binda enda á borgarastyrjöldina.

Rætur átakanna í Mið-Ameríku liggja í þeim efnahagslegu og félagslegu vandamálum þessa heimshluta sem ekki verða leyst með hernaði. Örfá prósent íbúanna eiga meirihluta þjóðarauðæfa og allur þorri íbúanna er bláfátækur og menntunarsnauður. Þessi misskipting auðsins og skortur lýðréttinda er undirrót ólgunnar. Vonir hefðu því átt að standa til þess, að unnt reyndist að leysa þessi vandamál í tengslum við þróunarsamvinnu norðurs og suðurs, en augljóst er, að Kúbu- og Sovétmenn nýta sér ólguna og snúa henni í deilur og spennu milli austurs og vesturs.

Vonir manna um frið í Mið-Ameríku eru einkum bundnar við friðaráætlun Contadorahópsins (Mexikó, Venesúela, Columbíu, Costa Rica og Panama). Mikilvægasta tillagan í þessari áætlun kveður á um takmörkun og eftirlit með vopnum og herjum í þessum ríkjum; tímaáætlun um brottför erlendra hernaðarsérfræðinga frá svæðinu, afvopnun skæruliðasveita og útilokun vopnasendinga til þeirra frá erlendum ríkjum; tímaáætlun um undirbúning

fjálsra lýðræðislegra kosninga í friðuðu umhverfi, fulla virðingu fyrir mannréttindum og markvissar umbætur í félags- og efnahagsmálum. Varanleg lausn finnst ekki nema hún sé reist á grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og réttlátari skiptingu tekna og eigna. Þetta er megin inntakið í tillögum Contadora-hópsins og njóta þær stuðnings mikil meirihluta þjóða heims. Bandaríkin styðja einnig þessar tillögur í grundvallaratriðum.

Í tillögum nefndar er Kissinger fyrrum utanríkisráðherra veitti forystu og lagðar hafa verið fyrir Bandaríkjaþing er lagt til að Bandaríkin veiti 8.4 milljörðum dollara til svæðisins til að stuðla að framkvæmd Contadora-áætlunarinnar. Nefndin telur þó einnig tímabundna hernaðaraðstoð við El Salvador og Honduras nauðsynlega meðan uppreisnaröflin njóti hernaðaraðstoðar og vopnasendinga utanað frá.

Bandaríkin og nágrannaríkin á karabísku eyjunum fóru með herlið til Grenada í október sl. en stjórnleysi og upplausnarástand ríkti þá á eyjunni. Forsætisráðherra landsins hafði verið myrtur og landstjórinn í samvinnu við nágrannaríkin hafði farið fram á aðstoð Bandaríkjanna við að koma á friði og tryggja sjálfsákvörðunarrétt íbúanna. Engu að síður var talið að um alvarlegt brot á alþjóðalögum og skerðingu á sjálfstæði Grenada væri að ræða eins og fram kom í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem harmaði mjög þessa hernaðaríhlutun. Ísland var meðal þeirra ríkja sem greiddu ályktuninni atkvæði. Áhersla var þar lögð á að erlent herlið hyrfi frá Grenada og efnt yrði til frjálsra kosninga sem fyrst. Bandarískí herinn varð nær allur á brott aftur frá eyjunni fyrir áramót og eru þar nú nokkur hundruð hermenn og sérfræðingar frá nágrannaríkjunum og Bretlandi við löggæslustörf og til þjálfunar lögreglu eyjanna og embættismanna. Unnið er að undirbúningi frjálsra kosninga á eyjunni með þátttöku allra stjórnmálaflokka.

Ánægjulegustu umskiptin sem orðið hafa í málefnum Mið- og Suður-Ameríku á sl. ári er stjórnarbreytingin í Argentínu eftir 7 ára ógnarstjórn herforingja í landinu. Mannréttindabrot voru víðtæk og óhugnanleg og alræmd tíð mannshvörf. Tugþúsundum saman hurfu andstæðingar stjórnarinnar sporlaust. Þeir höfðu verið líflátnir og lík þeirra husluð í fjöldagröfum.

Hinn nýi forseti landsins, Raúl Alfonsín, sem kjörinn var í lýðræðislegum kosningum hefur hafið málssókn gegn leiðtogum herforingjastjórnarinnar fyrir mannréttindabrot. Vandamálin sem hin nýja lýðræðisstjórn Argentínu hefur við að kljást eru gífurleg. Þjóðin er reyrð í viðjar erlendra skulda, efnahagur almennings bágur og verðbólga gífurleg, en svipuðu máli gegnir raunar um flest ríki álfunnar, þ. á m. Brasilíu. Það yrði þessari heimsálfu ómetanlegur styrkur ef það tekst að treysta lýðræði og mannréttindi í Argentínu og koma efnahag og félagsmálum á öruggari grundvöll.

Í Chile er áfram við völd einræðisstjórn herforingja og hefur andstöðuöflum gegn henni vaxið fiskur um hrygg. Verkföll og mótmælaaðgerðir hafa verið tíðar þótt hvort tveggja sé bannað.

Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna stutt eindregið ályktanir sem fordæmt hafa mannréttindabrot í ríkjum latnesku Ameríku. Vísast um þau efni nánar til sérstakrar skýrslu um þátttöku Íslands í störfum allsherjarþingsins.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana var á undanförnu ári með svipuðum hætti og áður. Um samstarf við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu.

a. Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamestu alþjóðamálum sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna eru gerð skil í öðrum köflum þessarar skýrslu. Jafnframt fylgir að venju sérstök ítarleg skýrsla fastanefndar Íslands um störf síðasta allsherjarþings. Í henni er í samþjöppuðu formi greint frá afgreiðslu tillagna á þinginu, þ. á m. nokkurra tillagna sem Ísland var meðflytjandi að en skrá yfir þær birtist sem fylgiskjal 2 aftast í þessari skýrslu.

Ísland er einnig aðili að flestum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðastofnum, sbr. skrá í fylgiskjali 1. Margar sérstofnananna, m. a. Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO), Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO), Tolla- og viðskiptastofnunin (GATT) og Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hafa aðsetur í Genf, þar sem önnur fastanefnd annast fyrirsvar Íslands jafnframt því að vera fastanefnd hjá EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu. Þá er í Genf skrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu með ýmsum deildum samtakanna t. a. m. mannréttindadeild, flóttamannafulltrúa (UNHCR), neyðarhjálparskrifstofu (UNDRO), efnahagsnefnd fyrir Evrópu o. fl. Hefur Ísland margvíslegt gagn af þessu fjölþætta alþjóðasamstarfi.

b. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) er ein sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og hefur aðsetur í París. Sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá UNESCO (og einnig hjá OECD). Á þingi UNESCO á síðasta ári sem Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra sótti var Ísland kjörið til að taka sæti Norðurlanda í framkvæmdastjórn UNESCO. Gegnir Andri Ísaksson prófessor, sem um langt árabil var ritari íslensku UNESCO-nefndarinnar, því starfi.

Að loknu UNESCO-þinginu ákvað Bandaríkjastjórn að segja Bandaríkin úr samtökunum frá næstu áramótum að telja. Er það stofnuninni mikið áfall, ef úrsögnin kemur til framkvæmda, m. a. þar sem Bandaríkin hafa staðið undir fjórðungi af heildarútgjöldum hennar. Bandaríkjastjórn rökstuddi úrsögn sína með því að starfsemi og stjórn UNESCO beindist um of að beinum pólitískum markmiðum sem væru utan við svið samtakanna og afstaðan oft óeðlilega andsnúin Vesturlöndum. Allt of miklum tíma og fjármunum væri varið til mála sem heyra undir aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna þ. á m. allsherjarþing og Öryggisráð. Á sama tíma væru brýn verkefni sem stofnuninni beri skylda til að sinna vanrækt. Tóku fulltrúar Bandaríkjanna sem dæmi að stofnunin hefði varið 750 þúsund Bandaríkjadölum til friðar- og afvopnunarmála á síðasta ári en aðeins 32 þúsund dollurum til menntunar flóttamanna í heiminum sem væru um 10 milljónir. Þá telja þeir óráðsíu einkenna fjármálastjórn stofnunarinnar og sitthvað undarlegt í mannaráðningum og stöðuhækkunum hjá stofnuninni.

Fastanefndir Vesturlanda hafa haldið sameiginlega fundi undanfarið til að ræða þann fjárhagsvanda sem nú blasir við stofnuninni og hvernig megi nota þá endurskoðun fjármála sem óhjákvæmileg er til að gera varanlegar umbætur á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Norðurlöndin efndu til samráðsfundar um mál þessi í Reykjavík nú í aprílbyrjun. Mjög æskilegt þykir að málamiðlun takist og starf stofnunarinnar geti fallið í eðlilegan farveg,

m. a. átt sér stað samþjöppun starfsskrár, umbætur á stjórnsýslu og þátttaka framkvæmdastjórnar í mótun starfsskrár orðið virkari. Með slíku móti ætti þessi umfangsmikla og mikilvæga stofnun að geta náð vaxandi árangri á starfssviði sínu.

c. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin.

Þátttaka Íslands í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og samstarf við stofnunina hefur orðið æ nánara síðustu árin. Á 36. alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 1983 var Ísland kjörið af hálfu Norðurlandanna í 30 manna framkvæmdastjórn WHO til 3ja ára. Fulltrúi Íslands var tilnefndur Almar Grímsson lyfjafræðingur. Náið samráð er milli Norðurlandanna um afstöðu til einstakra mála í stjórninni og á Alþjóðaheilbrigðisþingi. Fellur það í hlut þess lands sem á fulltrúa í stjórninni að annast samræmingu á aðgerðum og afstöðu. Áhugi stofnunarinnar á Íslandi hefur sérstaklega beinst að faraldsfræðilegum rannsóknum hér á landi en þær hafa oft verið taldar mjög gagnlegar sem fyrirmynd slíkra rannsókna meðal fjölmennari þjóða sakir hinna sérstöku skilyrða hér s. s. fámennis, góðra upplýsinga um íbúa og heilsufar og tiltölulega vel skipulagðs heilsugæslukerfis.

WHO leitaði eftir þátttöku Íslands í sérstöku samvinnuverkefni um forvarnir og var samningur um það undirritaður 10. febrúar sl. af Matthíasi Bjarnasyni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og dr. Leo A. Kaprio framkvæmdastjóra Evrópusvæðisins. Á sviði krabbameinsmála ber að geta samkomulags við WHO um eflingu hópleitar á leghálskrabbameini til að greina meinið á frumstigi og auka þar með verulega líkur á lækningu. Sett hefur verið það markmið að engin kona deyi af völdum leghálskrabbameins hér á landi árið 2000. WHO hefur í þessu skyni styrkt Krabbameinsfélag Íslands til að efla innköllunarkerfi leitarstöðva félagsins.

Ársfundur Evrópusvæðisins var haldinn í Madrid í september 1983 og sat heilbrigðisráðherra hann. Meginverkefni þessa fundar var umræða um einstakar aðgerðir til stuðnings stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um heilbrigði allra árið 2000. Stofnunin hefur gengist fyrir ítarlegri upplýsingasöfnun til samanburðar á heilbrigðisástandi í álfunni í þeim tilgangi að sýna aðildarþjóðunum fram á stöðu þeirra í heilbrigðismálum. Ljóst er að almennt heilbrigðisástand á Íslandi er með því besta sem þekkist. Samt er greinilega þörf á átaki til varnar langvinnum sjúkdómum.

Hin almennu faglegu samskipti Íslands við WHO eru einkum við skrifstofu Evrópusvæðisins í Kaupmannahöfn sem þjónar 32 aðildarríkjum. Framkvæmdastjóri hennar kom í opinbera heimsókn til Íslands í ágúst 1983 og átti þá viðræður við utanríkisráðherra, heilbrigðisráðherra og aðra fulltrúa heilbrigðisstjórnarinnar, auk þess sem hann ferðaðist til Austur- og Norðurlands og heimsótti heilsugæslustöðvar.

d. Evrópuráðið.

Stofnskrá Evrópuráðsins var undirrituð í London hinn 5. maí 1949 af tíu Vestur-Evrópuríkjum. Á stofnunin þannig 35 ára afmæli á þessu ári. Nú eru aðildarríkin 21, þ. e. nær öll lýðræðisríki Vestur-Evrópu.

Samkvæmt stofnskránni starfar Evrópuráðið í tveim deildum, ráðherranefndinni og ráðgjafarþinginu. Slíkt ákvæði um tvískiptingu í fjölþjóðastofnun var algert nýmæli á þeim tíma og er talið að sú tilhögun hafi gefist mjög vel.

Markmið Evrópuráðsins eru að koma á nánari einingu meðal aðildarríkjanna í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra. Þau starfa m. a. saman að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda-, laga- og stjórnarfarsmála og leitast við að treysta framkvæmd mannréttinda og frelsis.

Ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar er í höndum ráðherranefndarinnar og nánast öllum málum er vísað til hennar. Afgreiðir ráðherranefndin þau í formi ályktana, tillagna eða samninga.

Sérfræðinganefndir fjalla hver á sínu sviði um hina ýmsu málaflokka og taka íslenskir sérfræðingar virkan þátt í þessum nefndarstörfum á fjölmörgum sviðum.

Á ráðherrafundum Evrópuráðsins fara fram umræður um sérmál Evrópu og um alþjóðamál. Þar bera menn saman bækur sínar og skiptast á skoðunum. Þykir Evrópuráðið gagnlegur vettvangur til slíkra umræðna ekki síst með tilliti til þess að það er víðfeðmast þjóðabandalaganna í álfunni og sameinar þannig hlutlaus ríki og NATO-ríki, ríki EFTA og Efnahagsbandalagsins.

Meðal þeirra samráðsmála sem hæst bera má nefna lokasamþykktina frá Helsingfors um öryggi og samvinnu í Evrópu, þróun mála í Tyrklandi og afturhvarf landsins til lýðræðislegri stjórnarhátta og Kýpurmálið er hefir um langt skeið verið fastur liður á dagskrá ráðherranefndarinnar og nú síðast í sambandi við yfirlýsingu Kýpur-Tyrkja um stofnun sjálfstæðs ríkis á Norður-Kýpur. Ísland tók afstöðu gegn síðastnefndri yfirlýsingu bæði í Evrópuráðinu og hjá Sameinuðu þjóðunum, enda gengur hún í öfuga átt við þá sáttaviðleitni sem haldið hefur verið uppi. Mikill fjöldi ríkja þ. á m. Ísland hefur harmað yfirlýsinguna, lýst hana ólögmæta og tekið þá afstöðu að ríkisstjórn Kýpur-lýðveldisins undir forystu Kyprianous forseta sé hin eina löglega ríkisstjórn landsins. Trútt stefnumörkum sínum hefur Evrópuráðið viljað leitast við að leggja sitt af mörkum til þess að lausn mætti finnast á þessum vandamálum.

Um ýmis þau mál Sameinuðu þjóðanna, sem eru á dagskrá allsherjarþingsins, fara fram skoðanaskipti innan ráðherranefndarinnar. Á þetta einkanlega við um mál er varða kynþáttamisrétti, afvopnunarmál og ástandið í Miðausturlöndum.

Á ráðgjafarþinginu sitja 170 fulltrúar kosnir af þjóðþingum aðildarríkjanna. Alþingi kýs 3 menn og 3 til vara. Ýmsar meiriháttar ráðstefnur eru haldnar að frumkvæði ráðgjafarþingsins og á þess vegum. Má þar t. d. nefna ráðstefnu um þingbundið lýðræði, sem haldin var í Strasbourg í október 1983 með þátttöku þingmanna frá 27 Evrópuríkjum og ríkjum utan Evrópu, og nýafstaðna ráðstefnu í Lissabon um málefni þróunarríkja. Ég mun ekki rekja störf ráðgjafarþingsins sérstaklega þar sem fulltrúar Alþingis munu væntanlega leggja fram greinargerð um það efni eins og undanfarið.

Frá stofnun Evrópuráðsins hafa verið gerðir um 100 milliríkjasamningar á þess vegum. Hafa ýmsir þessir samningar víðtæka þýðingu fyrir þær 385 milljónir manna er byggja aðildarríki Evrópuráðsins. Ísland hefur gerst aðili að ýmsum þessara samninga. Meðal þýðingarmestu samninganna eru Mannréttindasáttmálinn og samningurinn um Viðreisnarsjóð Evrópu. Fyrri samninginn má án efa kalla einn af hornsteinum Evrópuráðsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafi fullgilt samninginn og þar með tekist á hendur skuldbindingar um að samræma löggjöf og venjur viðkomandi lands ákvæðum samningsins og að hlíta fjölþjóðaeftirliti með því að mannréttindaákvæðin séu haldin. Við mannréttindasáttmálann hafa í áranna rás verið gerðar sex viðbótarbókanir um einstaklingsfrelsi, sú síðasta, er fjallar um afnám dauðarefsingar í aðildarríkjunum, var lögð fram til undirskriftar í apríl 1983.

Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins var stofnaður 1956 og hefur Ísland verið aðili að honum frá upphafi. Sjóðurinn leggur fyrst og fremst áherslu á að styðja með lánum verkefni, sem varða atvinnumál, húsnæðismál, starfsmenntun og byggðaáætlanir. Hefur hann þannig gegnt mikilvægu hlutverki með lánafyrirgreiðslu til aðildarlandanna til að hrinda í framkvæmd áætlunum um félagslega uppbyggingu á ýmsum sviðum og hefur Ísland verið meðal þeirra landa sem notið hafa þesshátt lánafyrirgreiðslu til verulegs gagns.

e. Norðurlandasamvinna.

Daglega eru okkur fluttar fréttir frá ýmsum svæðum í heiminum þar sem nágrannar elda grátt silfur og vega hver annan í vopnuðum átökum. Leiðir þetta stundum hugann að þeirri farsælu þróun sem orðið hefur á Norðurlöndum í tímans rás. Norðurlandaþjóðirnar háðu fyrr á öldum marga hildi en nú ríkir ekki aðeins friður og vinátta þeirra í milli heldur hafa þær nánara samstarf á nær öllum sviðum stjórnmála, félagsmála og menningarmála en dæmi er um meðal annarra ríkja. Hér er ekki aðeins um samstarf ríkisstjórna og þjóðþinga að ræða heldur einnig samstarf frjálsra samtaka fólksins á öllum sviðum þjóðlífsins. Í öryggismálum hafa þessar þjóðir þó valið sér mismunandi leiðir, hver eftir því sem hún telur þjóna öryggi sínu best, enda eru m. a. landfræðilegar aðstæður þeirra ólíkar. Ríkir meðal Norðurlanda fullur skilningur hvað þetta snertir.

Norræn samvinna er svo náin, mikilvæg og árangursrík að gjarna er til hennar vitnað sem fyrirmynd fyrir frjáls og fullvalda ríki sem vilja eða hafa myndað svæðasamtök til að stuðla að friði og vináttu milli nágranna og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Norræn samvinna er talandi dæmi þjóðum heims til hvatningar að búa saman í sátt og samlyndi.

Við teljum að þátttaka Íslands í samstarfi Norðurlanda sé ein meginstoð utanríkisstefnu Íslands ásamt aðildinni að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu. Það er þó svo að aðeins lítill hluti af þeim málum sem til norrænnar samvinnu heyrir fellur undir utanríkisráðuneytið. Að samstarfinu er unnið af öllum ráðuneytum beint og sýnir það glöggt hve náin þessi samvinna er. Hvert þeirra hefur síns sviðs að gæta og næstum hver einasta íslensk stofnun á samstarf við norrænar systurstofnanir.

Samstarfið á sviði utanríkismála er okkur mjög mikilvægt og hefur borið góðan árangur. Norðurlönd eru nær ætíð sammála í grundvallarafstöðu til alþjóðamála. Mjög oft koma Norðurlönd fram sem ein heild á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Skiptast ríkin á að flytja þar mál fyrir hönd allra fimm ríkjanna. Norræn samvinna nýtur mikillar virðingar á alþjóðavettvangi og hefur Norðurlöndum oft tekist að hafa veigamikil áhrif til farsællar þróunar mála langt umfram það sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki.

Utanríkisráðherrafundir Norðurlanda eru haldnir tvisvar á ári og eru helgaðir málefnum sem fjallað er um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðamálum. Næsti fundur utanríkisráðherranna verður haldinn hér í Reykjavík 4. og 5. september n. k. Náið samstarf er á milli embættismanna utanríkisráðuneytanna og regluleg samráð milli fastanefnda landanna hjá alþjóðastofnunum. Þessi samráð og samvinna er okkar fámennu utanríkisþjónustu ómetanleg vegna þess upplýsingastreymis sem henni fylgir um mikilvæg mál. Íslenska utanríkisþjónustan getur ekki tekið þátt í öllu sem gerist en fær þannig greinargóðar skýrslur og upplýsingar um málin.

Stundum heyrast hér á landi raddir um það að norræn samvinna sé lítið meira en orðagjálfur, fundahöld, veislur, skriffinnska og pappírsflóð. En verkin sýna merkin og kveða slíkar úrtölur niður. Nefna má t. d. sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námshlunnindi, gagnkvæmur búseturéttur og atvinnuréttindi, þ. e. sameiginlegur vinnumarkaður (Ísland fékk þar vissan fyrirvara viðurkenndan) og gagnkvæmur kosningaréttur til sveitarstjórna. Af öðrum ótvíræðum ávinningi Íslendinga að samstarfi við Norðurlönd mætti minna á Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, lánafyrirgreiðslur og lánamöguleikar hjá Norræna fjárfestingabankanum, Norrænu eldfjallarannsóknastöðina og Norræna húsið. Á þessu ári ákváðu Norðurlönd að veita Íslendingum verulegan fjárstuðning til átaks í markaðsöflun fyrir íslenskar vörur á Norðurlöndum og er nánar skýrt frá því máli í kaflanum um utanríkisviðskipti hér á eftir. Á þessu sést að norræn samvinna er ekki aðeins í orði heldur svo sannarlega einnig á borði. Nú beinist athyglin að nýju og mikilvægu sviði, samvinnu í orkumálum. Slíkt samstarf gæti orðið Íslendingum til mikils framdráttar ef rétt verður að staðið.

Langt er síðan óskir komu fram um það í Norðurlandaráði að veita bæri Færeyingum, Grænlendingum og Álandseyingum sérstaka aðild að ráðinu. Þetta hefur verið viðkvæmt deilumál en Íslendingar hafa jafnan veitt þessum óskum stuðning sinn. Færeyingar og Álandseyingar fengu nokkra aðild að ráðinu fyrir allmörgum árum. Hefur aðild þeirra nú verið styrkt jafnframt því sem Grænlendingar sendu sína eigin sendinefnd í fyrsta sinn á þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi um mánaðamót febrúar/mars sl. Þar með hefur loks fundist langþráð málamiðlunarlausn. Þessar þjóðir hafa nú fengið viðunandi aðild að Norðurlandaráði þótt sendinefndir þeirra teljist að formi til hluti af sendinefndum ríkisheilda Danmerkur og Finnlands. Íslendingar fagna lausn þessa máls.

Hagsmunir Íslands og nánustu nágranna okkar Færeyinga og Grænlendinga fara að mörgu leyti saman og hefur samstarfið við Færeyinga verið all náið, einkum á sviði fiskveiða, svo sem annars staðar er vikið að. Segja má að formlegt samband hafi komist á milli Grænlands og Íslands, þegar fulltrúar grænlensku landsstjórnarinnar komu í heimsókn til Íslands 1980 undir forustu Jonatans Motzfeldts formanns landstjórnar. Þær viðræður sem þá áttu sér stað lofuðu góðu um aukin samskipti okkar við Grænlendinga og sýndu þeir mikinn áhuga á að færa sér í nyt sérþekkingu okkar og reynslu á ýmsum sviðum m. a. sjávarútvegi, fiskveiðum og fiskvinnslu, og landbúnaði. Alþingi fylgdi þessu máli þegar fast eftir og hafði frumkvæði um stofnun Grænlandssjóðs og kjörin hefur verið sérstök nefnd þingmanna til að vinna að auknu samstarfi Íslendinga við Færeyinga og Grænlendinga.

Þegar Danir gengu í Efnahagsbandalagið fylgdi Grænland með sem hluti Danmerkur. Grænlendingar hafa nú sagt sig úr bandalaginu að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu og gert samning við Efnahagsbandalagið um sérstöðu og tollfríðindi á markaði bandalagsins gegn fiskveiðiréttindum sem þeir jafnframt fá gjald fyrir. Íslendingar hafa nokkrar áhyggjur af þessum fiskveiðisamningi vegna hættu á að fiskveiðar Efnahagsbandalagsríkja í fiskveiðilögsögu Grænlands geti leitt til ofveiði fiskstofna sem ganga á Íslandsmið. Af þessu tilefni samþykkti Alþingi hinn 22. febrúar sl. ályktun um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál, sérstaklega að því er snertir verndun fiskistofna og fiskveiða, og leita jafnframt nánari samvinnu þeirra ríkja, sem liggja að fiskimiðunum norðarlega í Atlantshafi, um verndun og nýtingu fiskistofna og önnur sameiginleg hagsmunamál."

Á fundi sem Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra átti með Jonatan Motzfeldt í Stokkhólmi skömmu síðar er fundur Norðurlandaráðs stóð þar voru þessi mál rædd og kom þar enn fram eindreginn vilji grænlensku landsstjórnarinnar að eiga sem best samstarf við Íslendinga um fiskirannsóknir og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Von er á formönnum grænlensku og færeysku landstjórnanna til viðræðna í Reykjavík í sumar um fiskveiðimál og önnur mál þessara norðlægu grannþjóða. Landsþing Grænlendinga hefur nú verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Verður þessi fundur því vart haldinn fyrr en að loknum kosningum og myndun nýrrar landstjórnar í Grænlandi.

Utanríkisráðuneytið hefur einkum síðan á árinu 1979 hugað á ýmsan hátt að samstarfi við Grænlendinga og mun gera það áfram þótt eðlilegt sé að þar eins og í öðru norrænu samstarfi komi til atbeini margra fleiri aðila.

IV. Varnar- og öryggismál.

Það er réttur sérhverrar þjóðar að tryggja fullveldi og frelsi sitt af fremsta megni og þar með sjálfsákvörðunarrétt sinn. Við Íslendingar höfum gert okkur grein fyrir þessum rétti, bæði í orði með ákvæðum 75. greinar stjórnarskrárinnar, þar sem sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins og með aðild að stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, þar sem sérhverju aðildarríki er áskilinn réttur til sjálfsvarnar eitt sér eða með öðrum ríkjum.

Ekki verður horft fram hjá þeirri staðreynd, að lega Íslands í Norður-Atlantshafi er afar mikilvæg frá herfræðilegu sjónarmiði. Í þeim efnum skiptir ekki máli hvort hér er varnarlið eða ekki. Tilvist varnarliðsins breytir ekki legu landsins eða eðli hugsanlegra styrjaldarátaka, sem fram færu í grennd þess. Við Íslendingar breytum ekki legu landsins. Hernaðarlegt mikilvægi lands okkar er því miður staðreynd og á þeirri forsendu verðum við að tryggja frelsi okkar og öryggi.

Um þessar mundir eru 35 ár frá því að Ísland gerðist stofnaðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu, er stofnað var í því skyni að tryggja frelsi lýðræðisríkja í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, þjóða sem standa okkur næst. Grundvallarlögmál aðildarríkja bandalagsins hefur alla tíð verið, að litið er á árás á eitt þeirra sem árás á öll og þar með gripið til sameiginlegra varna en engum vopnum NATO verður beitt nema í því skyni. Þetta grundvallarviðhorf var enn áréttað í yfirlýsingu utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna, Brussel-yfirlýsingunni, sem gefin var út á fundi ráðherranna sem ég sótti í desember sl. en þar er m. a. komist svo að orði: „Bandalag okkar ógnar engum. Við munum aldrei beita vopni nema á okkur verði ráðist. Við sækjumst ekki eftir yfirburðum en munum heldur ekki sætta okkur við að aðrir nái yfirburðum yfir okkur."

Við Íslendingar höfum talið sjálfstæði þjóðarinnar best tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningum við Bandaríkin frá 1951. Enn er þörf fyrir dvöl varnarliðsins að áliti mikils meirihluta Íslendinga, enda myndi skapast óvissa og e. t. v. upplausn í öryggismálum á Norður-Atlantshafi, ef Ísland yrði varnarlaust.

Hlutleysi ríkja er ekki virt mikils hvort heldur er í friði eða stríði eins og dæmin sanna, þegar sovéskir kafbátar sigla í landhelgi Svía, og sýna þó Svíar myndarlega viðleitni til að vernda hlutleysi sitt og kosta til þess miklum fjárfúlgum.

Geta má nærri af reynslu okkar og annarra þjóða, að hlutleysi Íslands án varna væri einskis virði.

Varnar- og eftirlitsstöð.

Hér á landi er enginn sá vopnabúnaður til árásar, sem neinni þjóð gæti stafað hætta af. Varnir Íslands geta því ekki talist ögrun við neina þjóð, enda hefur eðli stöðvarinnar sem varnarstöðvar ekki breyst í tímans rás. Varnarliðið er hér til varnar landinu og svæðunum umhverfis það, komi til átaka. En þótt eðli varnarstöðvarinnar hafi ekki breyst, hefur hlutverki hennar undanfarin 20 ár færst meira í það horf, að vera eftirlitsstöð, þar sem fylgst er með flugi herflugvéla í nágrenni landsins og haldið er uppi eftirliti með ferðum skipa og leit að kafbátum. Slíkt eftirlit er að vissu leyti forsenda þess, að ríki Atlantshafsbandalagsins geti ávallt verið nægilega viðbúin að mæta með sameiginlegum aðgerðum öllum hættum, er steðja að og séu því ekki opin og óvarin fyrir pólitískum þrýstingi annarra ríkja.

Eftirlitsstarfið umhverfis landið þarf að auka og við Íslendingar eigum eindregið að taka virkan þátt í slíku starfi. Skulu í því sambandi nefnd tvö dæmi um mögulega þátttöku okkar:

— Rætt hefur verið um byggingu nýrra ratsjárstöðva til að bæta úr brýnni þörf á eftirliti með herflugvélum, er birtast skyndilega í námunda við lofthelgi Íslands án nokkurrar

viðvörunar eða tilkynningar. Ljóst er, að íslenskir starfsmenn eru færir um að starfrækja slíkar stöðvar einir.

— Kanna þarf gaumgæfilega hlutverk landhelgisgæslunnar í eftirlitsstarfi umhverfis Ísland og hvort ekki sé rétt að koma á verkefnaskiptingu, sem gæti stuðlað að mun nákvæmari upplýsingaöflun um skipaferðir nálægt landinu en nú er fyrir hendi.

Ég nefni einungis tvö dæmi að þessu sinni, en grundvöllurinn að virkri þátttöku okkar Íslendinga í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins er að við öðlumst sjálfir meiri reynslu og þekkingu á varnarmálum, er geri okkur betur fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu, sem þjóð okkar býr við. Með þeim hætti verðum við í stakk búnir til þess að taka fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins. Með slíka þekkingu að bakhjarli hljótum við að óska úrbóta, ef við teljum vörnunum að einhverju leyti áfátt — eða hafna hugmyndum og fyrirætlunum á þessu sviði, er við teljum að séu ekki í samræmi við þarfir okkar og stefnu í öryggismálum.

Stefnt verður því að eflingu varnarmáladeildar bæði með hliðsjón af núverandi umfangi verkefna hennar og ekki síður í þeim tilgangi að á vegum utanríkisráðuneytisins verði ávallt til staðar fullnægjandi sérfræðileg þekking á varnarmálum.

Athugun stendur yfir á því hver sé heppilegust tilhögun þessara mála og ég vænti þess, að geta skýrt frá niðurstöðu hennar síðar á þessu ári.

Til þess að geta gegnt hlutverki sínu eins og við ætlumst til og mætt þeim vanda, er við blasir, þarfnast varnarstöðin stöðugrar endurnýjunar í formi tækja og mannvirkja, eigi eftirlits- og varnargildi hennar að haldast. Vil ég því minnast á eftirfarandi í því sambandi.

— Hafin var í nóvember sl. smíði á fyrsta áfanga olíubirgðastöðvar í Helguvík, en heimild fyrir þessum áfanga var veitt í október 1982. Framkvæmdir við annan áfanga, olíuhöfn, hefjast væntanlega á næsta ári, fáist nauðsynlegar fjárveitingar af hálfu Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna. Seinni áfangar olíubirgðastöðvarinnar, sem auka geymarými, eru ráðgerðir á næstu 8—10 árum. Heildargeymslurými mun tæplega þrefaldast miðað við núverandi geymslurými, en ekki fjórfaldast eða jafnvel áttfaldast eins og haldið hefur verið fram af ýmsum aðilum. Endanleg afstaða til stærðar geymslurýmisins hefur enn ekki verið tekin en ætlunin með þessum framkvæmdum er að tryggja, að varnarliðið geti betur sinnt hlutverki sínu hér. Helguvíkurhöfn mun annars vegar leysa vandamál, sem skapast hafa vegna olíuflutninga um Keflavíkurhöfn og hins vegar gefa Suðurnesjamönnum meira svigrúm til hafnarframkvæmda, þegar fram í sækir. Olíubirgðastöðin mun jafnframt smátt og smátt leysa núverandi geymasvæði fyrir ofan Keflavík og Njarðvík af hólmi, þannig að olíumengunarhætta verður ekki lengur fyrir hendi og geymarnir standa ekki í vegi fyrir framkvæmd aðalskipulags byggðarinnar.

— Áætlað er, að á miðju ári 1985 verði skipt um orustuþotur varnarliðsins og þá teknar í notkun vélar af gerðinni F-15. Vegna hinnar stöðugu aukningar á undanförnum árum á flugi herflugvéla frá Kolaskaga úr norðri, er ákveðið að fjölga orustuþotum úr 12 í 18 í því skyni að treysta eins og hægt er eftirlit og loftvarnir Íslands. Útköll á orustuþotum varnarliðsins hafa aukist verulega á síðustu árum. Árin 1975 og 1976 voru útköll alls 148 en 1982 og 1983 samtals 290, hafa tæplega tvöfaldast á 7 ára tímabili. Útköll eru að jafnaði töluvert færri en flug sovéskra herflugvéla inn á eftirlitssvæði varnarliðsins. Núverandi orustuþotur varnarliðsins, F-4 Phantom, komu fyrst til Íslands árið 1973. Þær voru fyrst teknar í notkun upp úr 1960, en F-15 vélarnar fyrir u. þ. b. 9 árum. Vopnabúnaður F-15 er áþekkur F-4 Phantom, þ. e. þær eru búnar sams konar flugskeytum, en radartæknin er margfalt betri. Hávaði frá F-15 er minni, flugtak styttra og flugþol aðeins meira. Fyrir komu F-15 vélanna verður lokið við níu flugskýli sem nú eru í byggingu á varnarsvæðinu og hugsanlega byrjað á byggingu fjögurra til viðbótar.

— Eins og minnst hefur verið á stendur yfir athugun varðandi hugsanlega staðsetningu

ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi, er bæta myndi úr óviðunandi ástandi á viðvörunarkerfi landsins. Jafnframt myndu núverandi stöðvar verða endurnýjaðar með umtalsverðri fækkun starfsmanna, þar sem álitið er, að við nýjar stöðvar þurfi aðeins 10—15 manna starfslið og gæti starfsræksla þeirra verið í höndum Íslendinga, bæði hvað rekstur og viðhald varðar. Stöðvarnar myndu koma að miklu gagni við upplýsingamiðlun til flugmálastjórnar og landhelgisgæslu varðandi skipa- og flugumferð.

Samið var á sl. hausti um nýjar varnarliðsframkvæmdir fyrir u. þ. b. 9.3 millj. Bandaríkjadala. Samþykktar framkvæmdir frá fyrri árum, sem eru ýmist í verktöku eða ekki byrjað á, nema samtals 36.7 milljónum Bandaríkjadala. Viðhaldsframkvæmdir Keflavíkurverktaka nema á þessu ári 11.1 milljón Bandaríkjadala.

Ný flugstöð.

Á síðastliðnu hausti hófust jarðvegsframkvæmdir við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli á grundvelli 10 milljón króna lántökuheimildar Alþingis, svo og samkomulags við Bandaríkin frá 5. júlí sl. Þessar framkvæmdir hafa gengið samkvæmt áætlun. Annar áfangi byggingarinnar, sem er að gera stöðina fokhelda hefur verið boðinn út. Sex tilboð bárust og voru þau öll undir kostnaðaráætlun. Þessum áfanga er ráðgert að ljúka 1. október 1985.

Farþegar er komu til Keflavíkurflugvallar 1983 voru samtals 144 628 en frá landinu fóru 145 557. Viðkomufarþegar voru 165 698. Heildarfarþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll var því 455 883. Farþegaflutningar voru ívið minni en árið áður eða sem svarar 3.7%. Fækkunina má einkum rekja til fyrri hluta ársins. Síðasta ársfjórðung 1983 varð 8.6% aukning að meðaltali á mánuði. Heildartekjur flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli voru á árinu 1983 kr. 45.6 milljónir króna, þar af voru lendingargjöld 38.3 milljónir króna. Hagnaður á árinu nam tæplega 16 milljónum króna en var 3.9 milljónir króna árið 1982.

Fjöldi varnarliðs og starfsmanna.

Fjöldi varnarliðsmanna var um sl. áramót alls 3 104. Í skylduliði varnarliðsmanna voru samtals 2 144 manns, þar af 1284 börn.

Samtals störfuðu 2 214 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um sl. áramót. Alls voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1 047, þar af 20 í radarstöðinni á Stokksnesi. Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka voru 563 og starfsmenn Keflavíkurverktaka voru 145.

Ýmis rekstur.

Reksturskostnaður lögregluembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 39.5 milljónum króna arið 1983. Heildarinnheimta embættisins nam 109.3 milljónum króna eða 99.7% af því, sem til innheimtu kom.

Heildarvelta Fríhafnar nam 193 milljónum króna og voru skil í ríkissjóð 70 milljónir króna.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1983, án söluskatts, 22 milljónir króna. Rekstrarhagnaður varð röskar 3.6 milljónir króna. Var skilað í ríkissjóð 4.5 milljónum króna. Álagður söluskattur nam tæpum 4.1 milljón króna og samtals var því skilað í ríkissjóð 8.6 milljónum króna. Álögð opinber gjöld voru 498 þúsundir króna.

V. Hafréttarmál.

Hafréttarmálin hafa löngum verið einn allra mikilvægasti málaflokkurinn sem utanríkisþjónustan starfar að. Fastari skipan hefur komist á mál þessi með samþykkt alþjóðlegs hafréttarsamnings, en margs konar hagsmunagæsla á þessu sviði heldur áfram.

Skulu nokkur helstu málin sem nú eru á döfinni nefnd hér:

Hafréttarsamningur.

Af Íslands hálfu er unnið að undirbúningi fullgildingar hafréttarsamningsins sem undirritaður var í Montego Bay 10. desember 1982. Samningurinn hefur verið þýddur á íslensku og er nú til nákvæmrar yfirferðar áður en hann er prentaður til framlagningar á Alþingi. Tíu ríki hafa nú fullgilt samninginn. Hann öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann.

Ísland tók þátt í fyrsta fundi nefndar sem starfar samkvæmt ályktun hafréttarráðstefnunnar að því að undirbúa starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómstólsins.

Hafsbotnsmálefni.

Í framhaldi af ályktunum Alþingis um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og Hatton-Rockall svæðinu frá 14. mars 1984 hafa farið fram viðræður við Færeyinga, Breta, Dani og Íra um hafsbotnssvæðið milli þeirra landa og Íslands. Síðast átti Hans G. Andersen fund með þjóðréttarfræðingum í danska utanríkisráðuneytinu f. h. Færeyinga og í breska og írska utanríkisráðuneytinu og ég átti fundi með utanríkisráðherrum Danmerkur og Bretlands auk viðræðna við formann færeysku landsstjórnarinnar er hingað kom vegna fiskveiðimála. Utanríkismálanefnd hefur fengið skýrslu um þessar viðræður. Ennfremur greinargerð sem dr. Manik Talwani, kunnur sérfræðingur í hafsbotnsvísindum, samdi að tilhlutan ráðuneytisins um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri. Hann vinnur nú að viðbótarskýrslu með hliðsjón af þeim viðræðum sem fram hafa farið. Viðbótarskýrslan verður lögð fyrir utanríkismálanefnd svo fljótt sem verða má þannig að hægt sé að taka afstöðu til málsins í heild.

Hvalveiðibann.

Í framhaldi af umræðum á Alþingi ákváðu íslensk stjórnvöld að mótmæla ekki hvalveiðibanni sem alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti á ársfundi sínum 1982. Frestur til að mótmæla rann út 2. febrúar 1983.

Samkvæmt ákvörðun alþjóðahvalveiðiráðsins verða engar hvalveiðar í ágóðaskyni leyfðar á úthafinu frá og með veiðitímabilinu 1985/1986 og frá strandstöðvum frá árinu 1986. Nokkur ríki sem mótmæltu banninu munu halda hvalveiðum áfram og hafa reynt að fá forgönguríki bannsins til að fallast á takmarkaðar veiðar vegna sérstakra aðstæðna. Óvíst er hvort þessi viðleitni ber árangur.

Norður-Atlantshafs laxverndunarstofnunin (NASCO).

Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1982 tók gildi 1. október 1983. Aðilar að samningnum auk Íslands eru Bandaríkin, Danmörk f. h. Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Kanada og Noregur. Finnland og Svíþjóð verða aðilar innan skamms.

Fyrsti fundur stofnunarinnar sem starfar samkvæmt samningnum var haldinn í Edinborg í janúar 1984. Á þeim fundi var gengið frá stjórnsýslumálum stofnunarinnar. Var

Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu kosinn forseti. Í maí verður fyrsti efnislegi fundur stofnunarinnar. Þar verður af Íslands hálfu m. a. unnið áfram að því markmiði sem sett var fram í ályktun Alþingis frá 14. mars 1983 um að gerðar verði "ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinum í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi."

Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land skv. samningi frá 1975 með breytingum frá 10. júní 1981. Heimildin var frá upphafi bundin við tiltekin skip og þeim hefur farið fækkandi og eru nú aðeins 6 talsins. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera hærra en 25%. Afli belgískra skipa á árinu 1983 var 1370 lestir, þar af þorskur 190 lestir.

Samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979 og 1981 höfðu Færeyingar heimild til að veiða hér við land 17 000 lestir af botnfiski en þar af mátti þorskafli ekki fara yfir 6000 lestir. Þessu samkomulagi var sagt upp af Íslands hálfu frá og með 13. júní 1984 en í viðræðum í Reykjavík í mars s. l. urðu aðilar sammála um að samkomulagið haldi gildi sínu en með þeirri breytingu að íslensk stjórnvöld ákveði leyfilegt aflamagn Færeyinga ár hvert. Á þessu ári takmarkast veiðar Færeyinga við 8500 lestir botnfisks, þar af allt að 2000 lestir þorsks. Á árinu 1983 var í gildi samkomulag Íslendinga og Færeyinga um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna allt að 30 000 lestum. Samkomulag var gert í mars s. l. um gagnkvæm réttindi til veiða á 30 000 lestum kolmunna á árinu 1984 en íslenskum skipum verður leyft að veiða allt að 5000 lestir makríls í stað sama magns af kolmunna.

Loks hafa Norðmenn samkvæmt samkomulagi frá 1976 heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Samkomulagi þessu var einnig sagt upp miðað við 13. júní 1984 og hefur afli á þessu ári verið ákveðinn 1000 lestir, þó þannig að þorskafli má ekki fara fram úr 15% í hverri veiðiferð. Uppsögn samkomulagsins er þó í athugun í sameiginlegri fiskveiðinefnd Íslands og Noregs og hafa verið ræddar þar tillögur um að láta samkomulagið halda gildi sínu en heimila Íslendingum veiðar í norskri lögsögu.

Viðræður fóru fram í Reykjavík dagana 22.—23. febrúar s. l. milli fulltrúa Íslands, Noregs og Efnahagsbandalags Evrópu vegna Grænlands um veiðar úr íslenska loðnustofninum. Skv. Jan Mayen samkomulagi Íslands og Noregs frá 1980 er hlutdeild okkar og þeirra 85% og 15%, en kvóti hefur ekki verið umsaminn fyrir Grænland. Áformað er að halda viðræðum þessum áfram á næstunni.

Fiskveiðar Íslendinga í lögsögu annarra ríkja.

Að ósk sjávarútvegsráðuneytisins hefur utanríkisráðuneytið athugað möguleika á því að íslensk skip fái heimildir til að veiða í bandarískri lögsögu. Enn er ekki ljóst hvort hægt verði að stunda slíkar veiðar með hagnaði. Mörg vandamál hafa komið fram í sambandi við öflun þessara heimilda og er unnið að nánari athugun. Einnig verða kannaðir fiskveiðimöguleikar við Vestur-Afríku og Kanada sbr. ályktun Alþingis 16. apríl s. l.

VI. Þróunarsamvinna.

Mjög skortir á að Íslendingar hafi náð því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér um þróunaraðstoð, þ. e. að hún verði 0.7% af opinberri hálfu af þjóðarframleiðslu og frjáls framlög annarra 0.3% — eða 1% alls.

Á undanförnum árum fram til 1983 hafa opinber framlög vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi aðeins tvívegis verið yfir 1/10 af áðurnefndu hlutfalli þjóðar-

framleiðslu en að jafnaði mun lægri. Meðalhlutfall opinberu framlaganna á fimm ára tímabili 1978—1982 er 0.0585% af þjóðarframleiðslu, en meðaltal ársins í fyrra og nú í ár 0.1145%, þ. e. nær helmingi hærra en á fyrrnefndu tímabili. Þrátt fyrir þessa breytingu í rétta átt verður framlagið nú sjöfalt lægra en að er stefnt (sjá nánar töflu á fskj. 3). Framlög frjálsra félagasamtaka sem upplýsingar liggja fyrir um, þ. e. Rauða kross Íslands, Hjálparstofnunar kirkjunnar, Kristniboðssambandsins og Aðventista, námu skv. bráðabirgðatölum fyrir 1983 rúmlega 9.2 milljónum króna eða 0.014% af þjóðarframleiðslu.

Ástæður til þess hve takmörkuðu fé Íslendingar hafa varið til stuðnings þróunarríkjunum er án efa óstöðugleiki íslenskra efnahagsmála og hin mörgu úrlausnarefni í dreifðum byggðum okkar eigin lands. En þegar horft er til þeirrar örbirgðar sem svo víða ríkir utan iðnríkja vesturlanda og hins að verg þjóðarframleiðsla okkar á mann árið 1983 er áætluð um 223 þús. kr. ($ 8910) en ekki nema 15 þús. kr. ($ 600) eða lægri í bágstaddari þróunarríkjum er ljóst að í anda þeirrar mannúðarstefnu sem við viljum fylgja getum við ekki verið þekktir fyrir annað en að taka okkur frekar á í þessum efnum.

Enda þótt horfur þyki nú fara batnandi í iðnríkjum gegnir allt öðru máli um flest þróunarríki, einkum ríkja sunnan Sahara-eyðimerkurinnar. Stöðnun, skuldir og skortur þ. á m. helstu lífsnauðsynja setja mark sitt á þjóðlífið; sum þeirra verða að öllu óbreyttu verr sett í lok þessa áratugs en þau voru í lok sjöunda áratugarins. Þetta verður að sjálfsögðu að breytast.

Upphaflega var íslenskum framlögum til þróunaraðstoðar aðallega beint í gegnum alþjóðastofnanir. Snemma á síðasta áratug gerðist Ísland svo aðili að norrænum aðstoðarverkefnum í Austur-Afríku. Þessir þættir eru báðir við lýði áfram. En stefnt er að því að aukning framlaga Íslands fari fyrst og fremst til tvíhliða verkefna Íslands og einstakra þróunarlanda á sviðum sem íslensk sérþekking og reynsla getur notið sín t. d. í uppbyggingu fiskveiða og jarðhitanýtingu.

Í samræmi við lög nr. 43/1981 vinnur Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) í tengslum við ráðuneytið að undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna.

Að undanförnu og um þessar mundir er eftirfarandi helst á döfinni á vegum eða með atbeina stofnunarinnar:

Nýr áfangi fiskveiðiverkefnisins á **Cabo Verde** er nú um það bil að hefjast, en reynsluáfangi verkefnisins stóð í hálft annað ár 1980—81. Fiski- og rannsóknaskipið m. s. Fengur, 157 smálestir, sem er sérhannað til nota í þróunarlöndum og smíðað hjá Slippstöðinni h. f. á Akureyri, var sjósett í opinberri heimsókn forseta Cabo Verde, Aristides Pereira, hinn 31. október s. l. og afhent Þróunarsamvinnustofnun Íslands að smíði og reynslusiglingum loknum hinn 7. apríl s. l. Smíðaverð skipsins var 49.3 milljónir króna, auk vaxta af lánum. Skipið skapar algjörlega ný skilyrði til árangursríkrar framkvæmdar fiskveiðiverkefna og markar tilkoma þess tímamót í þróunarstarfi okkar Íslendinga. Það verður eign ÞSSÍ en Cabo Verde-mönnum hefur verið gefið fyrirheit um að skipið verði notað í þágu uppbyggingar fiskveiða þeirra eins lengi og aðilar eru sammála um að þess sé þörf. Núverandi rammasamningur landanna gildir til ársloka 1985. Fyrst eftir komuna til Mindelo á Cabo Verde nú í maímánuði munu verða stundaðar fiskirannsóknir um mánaðarskeið undir stjórn dr. Jakobs Magnússonar fiskifræðings, leitað nýrra fiskstofna og fiskimiða, en síðan taka við næsta misseri túnfiskveiðar og öflun beitufisks til þeirra sem verið hefur meiriháttar vandamál þessarar höfuðgreinar sjávarútvegs landsins. Jafnframt verður unnið að uppbyggingu fiskirannsóknastofu, viðgerðarþjónustu og þjálfun fiskimanna. Fimm Íslendingar munu starfa við verkefnið, auk tímabundinna starfa fiskifræðinga, og er verkefnisstjóri Jóhannes Guðmundsson sem lengi hefur starfað fyrir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Í sambandi við hugsanlega aðstoð á sviði heilbrigðismála fóru Ólafur Ólafsson, landlæknir og Geir Gunnlaugsson, sem verið hefur við læknisstörf í Gíneu-Bissau, til Cabo

Verde í september s. l. og hafa skilað ítarlegri skýrslu. Rauði kross Íslands fékk heimild til að verja um 400 þús. kr. af framlagi úr ríkissjóði til að kosta byggingu lítillar þjónustumiðstöðvar í Porto Novo á Cabo Verde-eynni Santo Antao. Er nú verið að taka hana í notkun. Hjúkrunargögn hafa einnig verið send þangað fyrir frumkvæði landlæknis í samvinnu við ÞSSÍ og RKÍ.

Mannfræðingarnir Gísli Pálsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir munu fara til Cabo Verde í júní n. k. með styrk Norrænu Afríkustofnunarinnar og vinna þar um 4 mánaða skeið að könnun á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum einkum með tilliti til þróunaraðstoðar á sviði sjávarútvegs. Síðari áfangi könnunarinnar mun fara fram eftir 1—2 ár og standa í 6 mánuði.

Tveir sérfræðingar Vinnueftirlits ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson forstjóri og dr. Pétur Reimarsson, fóru til **Keníu** í febrúar/mars s. l. ár og dvöldu þar um 4 vikna skeið við rannsóknir og undirbúning tillagna um ráðstafanir til að vinna bug á mengunarvandamálum við kísilgúrframleiðslu þar í landi. Hafa kenísk stjórnvöld fengið skýrslu og tillögur þeirra um úrbætur.

Vegna fjárþarfar skipasmíðinnar sem áður var nefnd hefur ekki verið unnt að bæta við nýjum tvíhliða verkefnum þótt margar beiðnir liggi fyrir.

En í samræmi við þá stefnu að veita styrki gegn mótframlagi félagasamtökum sem leggja vilja þróunarsamvinnu lið eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni var að frumkvæði og í samráði við Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra, Alþjóðleg fræðsla og samvinna (AFS) stutt til að senda 2 íslenska kennara til starfa í **Ghana** um 1 árs skeið. Fara þeir utan síðar á þessu ári.

Unnið var á vegum Sjöunda dags Aðventista að vatnsöflun fyrir kennslumiðstöð í **Gambíu** með slíkum hlutstyrk.

Norrænu verkefnin fjögur sem Ísland hefur verið aðili að, þ. e. um eflingu samvinnureksturs í Keníu og Tansaníu og landbúnaðar í Tansaníu og Mósambík, hafa haldið áfram. Eru Íslendingar nú starfandi við tvö þau fyrstnefndu. Öll nema Mósambík verkefnið hafa nú staðið töluvert á annan áratug. Í deiglu eru breytingar á Keníu-verkefninu og ráðgert er að draga verulega úr Mósambík-verkefninu sem verið hefur kostnaðarsamt. Við mikla erfiðleika hefur verið að glíma í framkvæmd þess vegna aðstæðna í landinu.

Samstarf Norðurlanda um stuðning við þróunarríki grundvallast nú á samningi sem gerður var í Kaupmannahöfn hinn 5. mars 1981 og er samstarf þetta náið.

Fyrir 5 árum hófst samstarf Orkustofnunar og Háskóla Sameinuðu þjóðanna um rekstur jarðhitaskóla hér á landi í þágu þróunarríkja. Hefur skólinn starfað undir forstöðu dr. Ingvars Birgis Friðleifssonar. Fjármögnun skólans flyst nú í auknum mæli yfir á herðar Íslendinga en þarna er tvímælalaust um að ræða mjög mikilvægt framlag til aðstoðar við þróunarlöndin. Árið 1983 voru 6 styrkþegar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í 6 mánaða þjálfun. Þeir komu frá Filippseyjum (3), Eþíópíu (2), Kína (1) og jafnframt var hér um skeið yfirmaður jarðhitamála í Costa Rica. Auk þess 1 frá Portúgal á 3 mánaða námskeiði með íslenskum styrk og tveir frá Hollandi styrktir af stjórnvöldum sínum. Þá kom einn frá Eþíópíu í stutta heimsókn á vegum UNDP. Alls hafa þá frá upphafi komið 28 styrkþegar frá orkustofnunum í 9 löndum í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku í 6 mánuði eða lengur og 13 frá 7 löndum í skemmri tíma. Væntanlegir nú eru 8 styrkþegar til misserisdvalar, þ. e. frá Kína (3), Eþíópíu (2), Costa Rica (1), Thailandi (1) og Burundi (1) en sérfræðingar Orkustofnunar dvöldu í Burundi um 2 vikna skeið haustið 1982 á vegum ÞSSÍ til könnunar og ráðgjafar um jarðhitanýtingu þar og er þátttakan þaðan nú því framhald þess samstarfs sem þá var hafið. Einnig munu koma í styttri kynningarheimsóknir sérfræðingar frá m. a. Nicaragua og Keníu.

Á töflunni aftast í skýrslu þessari er yfirlit um framlög til alþjóðastofnana er sinna þróunaraðstoð.

VII. Utanríkisviðskipti 1983.

Viðskiptamál eru veigamikill þáttur í starfi margra sendiráða okkar, þ. e. undirbúningur viðskiptasamninga og margs konar fyrirgreiðsla við aðila á viðskiptasviði. Hér heima fer viðskiptaráðuneytið með mál þessi og hefur það látið í té eftirfarandi yfirlit:

Viðskiptajöfnuður.

Á síðasta ári var það markverðast á sviði utanríkisviðskipta að viðskiptahallinn lækkaði mjög verulega og var 2,4% af þjóðarframleiðslu en hafði árið 1982 verið um 10%. Á árinu 1983 jókst verðmæti útflutningsins, reiknað í dollurum, um 11% en verðmæti innflutningsins, reiknað á sama hátt, lækkaði um sama hlutfall. Vöruskiptajöfnuðurinn var því hagstæður á árinu um 470 millj. kr. og er þá bæði útflutningur og innflutningur reiknaður á fob-verði.

Þróun þjónustuviðskipta við útlönd var einnig heldur hagstæðari á síðasta ári en á næsta ári þar á undan. Þó er þjónustujöfnuðurinn talinn hafa verið neikvæður um 1730 millj. kr. á árinu. Því er talið að viðskiptajöfnuðurinn hafi verið neikvæður um 1260 millj. kr. Var sá halli að mestu jafnaður með erlendum lánum.

Á síðasta ári bötnuðu viðskiptakjörin um 3% samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar og á það m. a. rætur að rekja til hækkunar á gengi dollars en meirihluti útflutnings er seldur í dollurum. Hins vegar er innflutningur að stórum hluta greiddur í öðrum gjaldmiðlum.

Útflutningur.

Eftirtektarvert er að útflutningur **iðnaðarvara** nam um 30% af heildarútflutningi og er það hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Stafar þetta einkum af stórauknum útflutningi á áli sem nam um 17% af heildarútflutningi árið 1983 en var 10% árið áður. Batnandi efnahagsástand í viðskiptalöndum hafði í för með sér aukna sölu og verðlag fór hækkandi jafnframt því sem álbirgðir minnkuðu. Sala á kísiljárni jókst einnig og verð hækkaði. Voru flutt út 49000 tonn af kísiljárni árið 1983. Útflutningur prjónavara, sem dróst saman árið 1982, jókst verulega árið 1983 þótt ekki hafi náðst að selja það magn sem flutt var út árið 1981. Útflutningur á prjónavörum tvöfaldaðist til Sovétríkjanna og 30% aukning varð á útflutningi til Bandaríkjanna. Enn dró úr útflutningi ullarvöru til Kanada og Þýskalands en sala á öðrum mörkuðum var svipuð og árið áður. Sala á lagmeti jókst um 450 tonn í 2870 tonn vegna aukinnar sölu til Bandaríkjanna, Frakklands, Þýskalands og Sovétríkjanna.

Árið 1983 voru **sjávarafurðir** 68% af heildarútflutningnum og voru fryst fiskflök mikilvægasta vörutegundin eins og áður. Þrátt fyrir samdrátt í bolfiskafla varð aukning á útflutningi frystra fiskflaka en að sama skapi minnkaði framleiðsla á saltfiski og skreið vegna markaðserfiðleika og verðlækkunar.

Útflutningur **frystra fiskflaka** var 113 600 tonn sem var 16000 tonnum meira en árið áður. Útflutningsverðmæti þeirra var 32% af heildarútflutningnum. Bandaríkin voru sem endranær langstærsti markaðurinn fyrir fryst fiskflök og var útflutningur þangað 67100 tonn á móti 58000 tonnum árið áður. Útflutningur til EBE var 26400 tonn árið 1983 á móti 22200 tonnum árið 1982 og til Sovétríkjanna voru flutt út 19600 tonn á móti 17300 tonnum árið áður.

Af öðrum mikilvægum útflutningsvörum má nefna að útflutningur á blautverkuðum **saltfiski** nam rúmlega 43000 tonnum árið 1983 sem er nálægt 12000 tonnum minna en árið áður. Stafar þetta af minni útflutningi til Portúgals sem er þýðingarmesti markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk. Söluverð á saltfiski er í dollurum og veik staða gjaldmiðla í Evrópu og efnahagserfiðleikar í Portúgal höfðu í för með sér nokkra verðlækkun á saltfiski í dollurum.

Var því meiri áhersla lögð á framleiðslu frystra fiskafurða. Hins vegar tvöfaldaðist útflutningur á þurrkuðum saltfiski og nam um 2800 tonnum árið 1983. Var hér um að ræða verulega aukningu á útflutningi til Brasilíu og einnig til Frakklands.

Engum hefur dulist sá mikli vandi sem skreiðarframleiðendur hafa átt við að etja vegna markaðserfiðleika í Nígeríu undanfarin tvö ár. Árið 1981 var Nígería 3. stærsta viðskiptaland Íslands og voru þá flutt til Nígeríu liðlega 18000 tonn af **skreið** og tæp 7000 tonn af hertum hausum. Árið 1982 hrapaði útflutningur skreiðar niður í 3600 tonn og útflutningur hausa nam 3200 tonnum. Á því ári versnaði efnahagur Nígeríu skyndilega vegna verðlækkunar á olíu og skuldbindinga Nígeríu gagnvart OPEC um að takmarka olíuframleiðsluna við 1,3 milljónir tunna á dag en hún hafði áður verið allt að 2,3 milljónum tunna. Vegna gjaldeyrisskorts voru í apríl 1982 sett á innflutningshöft sem leiddu til þess að skreiðarsala stöðvaðist seinni hluta árs 1982.

Síðan hefur verið miklum erfiðleikum bundið að selja skreið. Í fyrra veittu stjórnvöld í Nígeríu þó innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir takmörkuðu magni og voru þá flutt út 6000 tonn af skreið og svipað magn af hausum. En sá böggull fylgdi skammrifi að greiðsla hefur ekki enn fengist fyrir nema hluta af andvirði skreiðarinnar. Ógreiddar kröfur vegna útfluttrar skreiðar nema nú (í mars 1984) um 38 milljónum dollara en þar að auki á Nígería eftir að greiða 13 milljónir dollara af láni sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands féllust á að veita Seðlabanka Nígeríu. Hefur verið staðið við mánaðarlegar greiðslur af láninu sem var til 31 mánaðar. Vegna skreiðarsölu til Nígeríu eru því ókomnar greiðslur að upphæð u. þ. b. 50 milljónir dollara.

Látlaust hefur verið unnið að því af hálfu skreiðarútflytjenda með aðstoð stjórnvalda að fá leyfi fyrir skreiðarsölu til Nígeríu. Má nefna að á fundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Washington dagana 26.—30. september s. l., átti sendinefnd Íslands fund með fulltrúum nígeríska stjórnvalda um vandamál í skreiðarviðskiptum landanna. Þá hefur sendiherra Íslands í London farið þrjár ferðir til Lagos til að reyna að greiða úr þessu vandamáli. Með stjórnarbyltingunni, sem gerð var í Nígeríu í lok síðastliðins árs, var öllum viðskiptum landanna stefnt í enn meiri óvissu en áður en þegar þetta er skrifað í marslok 1984 virðist farið að rofa til um sölu á fyrirliggjandi skreiðarbirgðum sem eru taldar vera 7200 tonn.

Útflutningur á **þorskmjöli og karfamjöli** var svipaður að magni til og undanfarin ár en loðnumjöl og loðnulýsi var ekki framleitt á árinu vegna veiðibanns. Einnig var útflutningur á **saltsíld** svipaður og áður.

Löng hefð er fyrir siglingum íslenskra fiskiskipa til Bretlands og Þýskalands til að selja **ísfisk** á mörkuðum í þessum löndum. Á síðustu árum hefur einnig átt sér stað í vaxandi mæli útflutningur á nýjum fiski með flugvélum eða í gámum með flutningaskipum. Á árinu 1983 var útflutningur með flugvélum um 2000 tonn og með flutningaskipum rúmlega 7000 tonn.

Útflutningur á **landbúnaðarvörum** var um 1,1% af heildarútflutningnum sem er svipað hlutfall og árið áður. Útflutningur á kindakjöti jókst úr 2100 tonnum í 2600 tonn og útflutningur á ostum minnkaði úr 1060 tonnum í 585 tonn, m. a. vegna minni mjólkurframleiðslu.

Innflutningur.

Innflutningurinn minnkaði um 11% í dollurum eins og áður segir. Í því sambandi má nefna að almennur innflutningur dróst saman um 8,2% miðað við árið 1982. Þar af minnkaði neysluvöruinnflutningurinn um hér um bil 10% en olíuinnflutningurinn um 2%. Bifreiðainnflutningurinn dróst mikið saman. Á árinu 1983 dróst innflutningur sérstakra fjárfestingarvara saman um 29,6%. Þar af minnkaði innflutningur skipa og flugvéla um 22% en fjárfestingarvara til Landsvirkjunar um 60%.

Viðskipti við einstök lönd.

Hlutfallslegar breytingar á viðskiptum eftir **markaðssvæðum** voru ekki miklar á árinu eins og eftirfarandi yfirlit sýnir en þær stöfuðu einkum af minni útflutningi á saltfiski til Portúgals, auknum útflutningi frystra fiskflaka til Bandaríkjanna og auknum álútflutningi til Efnahagsbandalagsins.

	1982		1983	
	Útflutningur	Innflutningur	Útflutningur	Innflutningur
EFTA-lönd	19,1	22,2	14,9	22,8
EBE-lönd	32,7	45,9	34,7	45,1
Austur-Evrópa ..	8,4	10,0	8,0	11,3
Bandaríkin	25,8	8,4	28,3	7,9
Önnur lönd	14,0	13,5	14,1	12,9

Bandaríkin voru sem fyrr stærsta markaðsland fyrir íslenskar útflutningsvörur. Árið 1983 fóru 28,3% af heildarútflutningnum þangað á móti 25,8% árið áður. Auk vaxandi sölu á frystum fiskflökum jókst sala á frystri rækju, lagmeti og prjónavörum. Vöruskiptajöfnuðurinn við Bandaríkin hefur lengi verið Íslendingum hagstæður og á síðasta ári var innflutningur frá Bandaríkjunum aðeins 7,9% af heildarinnflutningnum.

Ef litið er á viðskiptin í heild eru lönd **Efnahagsbandalagsins** stærstu viðskiptalönd Íslands. Njótum við mikilvægra tollfríðinda fyrir útflutningsvörur okkar vegna fríverslunarsamningsins við bandalagið. Útflutningur sjávarafurða til EBE, sem tollfríðinda njóta samkvæmt fríverslunarsamningnum, var að verðmæti 2750 millj. króna og samkvæmt lauslegum útreikningum námu tollaívilnanir vegna þessa útflutnings um 390 millj. króna. Útflutningur iðnaðarvara, sem tollaívilnana njóta, nam 2630 millj. kr. og tollaívilnanir um 210 millj. króna. Samtals eru því þessar tollaívilnanir 600 millj. króna. Þýðingarmestu vörurnar, sem tollaívilnana njóta, eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Útflutningur til EFTA-ríkjanna var að verðmæti 2770 millj. króna og tollaívilnanir á grundvelli aðildar Íslands að EFTA vegna þeirra viðskipta 40—50 millj. króna. Munar þar mest um tollaívilnanir á áli og ullarvörum. Þátttaka Íslands í fríverslunarsamstarfi Evrópu hefur haft í för með sér aukin viðskipti og hagstæðara verð og skapað möguleika fyrir fjölbreyttari útflutningi.

Sameiginleg nefnd Íslands og Efnahagsbandalagsins hélt tvo fundi á síðasta ári til að ræða um framkvæmd fríverslunarsamningsins sem hefur gengið vel. Á þessum fundum hefur verið lögð rík áhersla á að saltfiskviðskipti héldust frjáls, eins og þau eru nú í EBE, eftir inngöngu Spánar og Portúgals. Þá hafa einnig verið gagnrýndar hækkanir tolla EBE á saltsíld og söltuðum ufsaflökum en fríverslunarsamningurinn nær ekki til þessara vörutegunda. Engar opinberar hömlur hafa torveldað sölu á fiskafurðum sem falla undir fríverslunarsamninginn. Síðan tollar voru felldir niður á frystum fiskflökum í EBE hefur sala þangað aukist úr 2640 tonnum árið 1975 í 26400 tonn árið 1983.

Ráðherrafundir **EFTA** voru haldnir í júní og nóvember. Á þessum fundum hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á áframhaldandi fríverslunarsamstarf og hagsmuni Íslands á því sviði.

Ástæða er til að minna á að síðastliðin áramót voru þau fyrstu eftir að Ísland gerðist aðili að EFTA sem engar undanþágur frá umsömdum reglum EFTA- og EBE voru í gildi. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi féll niður í lok febrúar á síðasta ári og innborgunargjald á húsgögnum hafði fallið niður um áramótin 1982/83.

Meðal EFTA-landa hefur **Portúgal** sérstöðu sem langstærsti kaupandi íslenskra vara og er þar fyrst og fremst um að ræða saltfisk. EFTA-samstarfið nær hins vegar ekki til saltfisks

og innflutningur á honum til Portúgals hefur ekki verið frjáls. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að greiða fyrir þessum viðskiptum með því að hvetja til aukins innflutnings á portúgölskum vörum, m. a. olíuvörum, og hefur það borið þann árangur að innflutningur þaðan hefur aukist verulega síðustu árin. Árið 1977 samsvaraði verðmæti innflutnings frá Portúgal aðeins 6% af útflutningsverðmætinu en árið 1983 43%.

Ef litið er til viðskipta við **Norðurlönd** er myndin allt önnur því að útflutningur okkar þangað var tæp 10% af innflutningnum. Af heildarinnflutningnum komu 28,5% frá Norðurlöndunum en aðeins 5,1% af heildarútflutningi landsins fór þangað. Þessi viðskiptahalli var eitt aðalumræðuefnið á fundi Mats Hellströms, utanríkisviðskiptaráðherra Svía, og Matthíasar Á. Mathiesens, viðskiptaráðherra, þegar sænski ráðherrann heimsótti Ísland í ágústmánuði. Í framhaldi af þeim umræðum var svo ákveðið að hefjast handa með sérstakt markaðsátak fyrir íslenskar vörur á hinum Norðurlöndunum. Hinir viðskiptaráðherrar Norðurlandanna hafa stutt þessa hugmynd og hefur frá Norðurlandaráði fengist fjárveiting að upphæð 500 000 n. kr. til að greiða kostnað við þetta verkefni. Er gert ráð fyrir að jafnvirði þessarar upphæðar verði lagt fram af íslenskum stjórnvöldum. Markaðsátakið er nú að hefjast og er þess vænst að það geti leitt til aukins útflutnings til Norðurlandanna.

Þá var haldinn í desember fundur viðskiptaráðherra Norðurlanda og þar m. a. rædd hugmyndin „Norðurlönd sem ein markaðsheild". Gengur sú hugmynd út á það að Norðurlöndin dragi svo sem kostur er úr tálmunum sem gætu verið á vegi aukinna viðskipta milli Norðurlandanna. Ísland hefur að ýmsu leyti sérstöðu, m. a. vegna fámennis og fjarlægðar frá markaðinum, en líka vegna óhagstæðs viðskiptajafnaðar við hin Norðurlöndin.

Viðskipti við **Austur-Evrópuríkin** voru svipuð og á undanförnum árum. Útflutningurinn jókst nokkuð miðað við meðalgengi dollars en lækkaði þó sem hlutfall af heildarútflutningi úr 8,4% árið 1982 í 8,0% árið 1983. Innflutningurinn hækkaði úr 10,0% í 11,3%. Útflutningurinn til Sovétríkjanna, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands jókst en minnkaði einkum til Póllands.

Viðskiptin við **Sovétríkin** jukust á árinu. Stafar aukningin mest af því að útflutningurinn jókst um 116,4% í krónum en um 8,4% miðað við meðalgengi dollarsins (úr 51,1 millj. dollara árið 1982 í 55,4 millj. dollara árið 1983). Útflutningur á freðfiski jókst úr 22900 tonnum árið 1982 í 25600 tonn árið 1983, saltsíld úr 14900 í 16200 tonn, lagmeti úr 630 í 760 tonn og ullarvörum úr 47 í 123 millj. króna (meðalgengi dollars tvöfaldaðist milli ára). Þrátt fyrir aukinn útflutning lækkaði hlutfall Sovétríkjanna í heildarútflutningi Íslands úr 7,6% árið 1982 í 7,4% árið 1983. Miðað við útflutningsverðmæti var freðfiskur í 1. sæti (795 millj. króna), saltsíld í 2. sæti (342 millj. króna), ullarvörur í 3. sæti (123 millj. króna) og lagmeti í 4. sæti (88 millj. króna). Innflutningurinn jókst á árinu úr 9,2% í 10,4% af heildarinnflutningnum. Voru olíuvörur í 1. sæti innfluttra vara (1991 millj. króna eða 93,3% af innflutningnum frá Sovétríkjunum) og trjáviður í 2. sæti (69 millj. króna). Sem fyrr var mikill halli á viðskiptunum.

Olíuviðskiptin við Sovétríkin voru svipuð og árið áður. Árið 1983 voru flutt þaðan inn 320 000 tonn, þ. e. 70000 tonn af bílabensíni (um 73% af heildarinnflutningi þeirrar vöru), 119 000 tonn af gasolíu (58,9% af heildarinnflutningnum) og 131 000 tonn af svartolíu (innflutningurinn eingöngu frá Sovétríkjunum). Hér er miðað við keypta og lestaða farma. Samkvæmt Hagtíðindum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 62,6% af heildarinnflutningnum. Auk aðalolíuvaranna, sem fluttar eru inn til landsins, koma hér undir m. a. þotueldsneyti og smurningsolía. Hinn 9. desember 1983 var samið um kaup á 310 000 tonnum af olíuvörum fyrir árið 1984 sem skiptast þannig: 70 000 tonn af bílabensíni (5 000 tonnum minna en í samningnum fyrir árið 1983), 100 000 tonn af gasolíu (óbreytt magn) og 140 000 tonn af svartolíu (5 000 tonna minnkun).

Horfur eru á talsverðri aukningu í viðskiptum við Sovétríkin á árinu 1984, einkum í útflutningi. Í desember 1983 var samið um sölu á 17 000 tonnum af frystum flökum og 6 000 tonnum af heilfrystum fiski sem er sama magn og samið var um fyrir árið 1983. Í janúarlok 1984 hafði verið samið um sölu á 18 000 tonnum (180 000 tunnum) af saltsíld (2 000 tonna aukning). Í marsbyrjun 1984 hafði verið samið um sölu á 68 000 kössum af gaffalbitum og 8—10 000 kössum af lifur sem er mikil aukning miðað við sama tíma árið áður og er verðmætið álíka mikið og salan á öllu árinu 1983. Þá verður mikil aukning í sölu ullarvara og stafar aukningin fyrst og fremst af samningi um sölu á 1 500 000 treflum sem er margfalt magn miðað við árið á undan.

Athyglisvert er að á fyrstu þremur árum gildandi samningstímabils 1981—1985 hefur hlutdeild útflutningsins til Sovétríkjanna í heildarútflutningnum aukist til muna miðað við næstu þrjú ár þar á undan. Nánar tiltekið var hlutdeildin 3,9% 1978, 3,8% 1979, 5,3% 1980, 6,2% 1981, 7,6% 1982 og 7,4% 1983. Útflutningur freðfisks og saltsíldar hefur aukist til muna. Á sama tíma var hlutdeild innflutningsins í heildarinnflutningnum sem hér segir: 8,4% 1978, 11,1% 1979, 9,7% 1980, 8,0% 1981, 9,2% 1982 og 10,4% 1983. Dregið hefur úr hinum mikla viðskiptahalla á síðustu árum og hefur hallinn, sem stafar fyrst og fremst af miklum verðhækkunum á olíu á síðasta áratug, verið notaður sem röksemd af hálfu Íslendinga fyrir nauðsyn á auknum kaupum íslenskra vara. Er það m. a. gert í árlegum viðskiptaviðræðum sem fóru síðast fram í Moskvu sumarið 1983.

Að venju fóru fram á árinu 1983 viðræður við fulltrúa Póllands og Tékkóslóvakíu um viðskipti Íslands við þau lönd.

GATT, OECD.

Eftir ráðherrafund GATT, sem haldinn var síðla árs 1982, hefur verið unnið að framkvæmd hinna ýmsu samþykkta sem gerðar voru á fundinum um störf samtakanna á næstu árum. Íslendingar hafa tekið þátt í þessum störfum eftir því sem ástæða þykir til. Auk alþekktra vandamála í alþjóðaviðskiptum hafa umræður á síðasta ári í GATT snúist mjög um nýja samræmda tollnafnaskrá sem taka á gildi 1. janúar 1987, viðskipti með landbúnaðarvörur o. fl. Þá hafa verið ræddar tillögur um að hefja nú þegar undirbúning að nýjum almennum viðskiptaviðræðum, svipuðum þeim sem áttu sér stað árin 1964—1967 og 1973—1979 og ganga undir nöfnunum Kennedyviðræðurnar og Tókýóviðræðurnar. Í þeim viðræðum var meginhersla lögð á lækkun tolla en með lækkandi tollum hafa aðrar viðskiptahindranir sífellt orðið áhrifameiri. Má þar nefna ríkisstyrki og niðurgreiðslur í margvíslegu formi auk tæknilegra viðskiptahindrana. Ef af nýjum viðræðum verður munu þær að mestu snúast um þjónustuviðskipti og viðskiptahindranir, aðrar en tolla, og hvernig megi draga úr þeim eða afnema svo að alþjóðaviðskipti geti þróast eðlilega.

Efnahags- og framfarastofnunin — OECD — hefur sem fyrr fjallað um alþjóðaviðskipti. Á ráðherrafundi stofnunarinnar í maí 1983 var því beint til aðildarríkjanna að nýta batnandi efnahagsástand til að standa gegn óskum um verndaraðgerðir og draga úr eða fella niður viðskiptahömlur og aðrar ráðstafanir er hafa óhagstæð áhrif á alþjóðaviðskipti. Þá hafa vandamál í viðskiptum með sjávarafurðir m. a. verið til meðferðar hjá stofnuninni.

VIII. Utanríkisþjónustan.

Tekið hefur verið upp stjórnmálasamband við Ástralíu, Alsír, Indónesíu, Lesotho og Alþýðulýðveldið Yemen. Sendiherra Ástralíu í Kaupmannahöfn hefur afhent trúnaðarbréf hér á landi og skipaður hefur verið íslenskur sendiherra í Ástralíu Pétur Thorsteinsson með aðsetri í Reykjavík. Hefur hann nýlega afhent trúnaðarbréf sitt í Ástralíu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að skiptast á sendiherrum við önnur framangreind ríki, en

stjórnmálasamband var tekið upp að óskum þeirra. Hefur Ísland nú stjórnmálasamband við 73 ríki.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar á sl. ári var með svipuðum hætti og áður. Engar breytingar urðu á mannafla. Heildarfjöldi embættismanna (diplomata) utanríkisþjónustunnar er nú 43, ef með er talinn viðskiptafulltrúi, sem ráðinn er til afmarkaðs tíma. 17 embættismenn starfa í ráðuneytinu, þ. m. talin varnarmáladeild, en 26 starfa í ellefu sendiráðum og fastanefndum. Í Brussel, London, New York og Washington eru þrír embættismenn en annars staðar eru aðeins tveir, þ. e. sendiherra ásamt einum fulltrúa. Yfirleitt eru tveir ritarar og aðstoðarmaður að auki við hvert sendiráð og í ráðuneytinu er annað skrifstofufólk samtals 12.

Í skýrslu forvera míns til Alþingis árið 1980 var gerð ítarleg grein fyrir þeim rökum, sem liggja að baki staðarvali sendiráða okkar, sem nú eru starfrækt. Nauðsynlegt er hins vegar að huga sífellt að þörfum okkar í þessu efni þannig að hagsmunavarsla okkar erlendis fullnægi þörfum okkar á hverjum tíma og að okkar fámenna utanríkisþjónusta nýtist sem best.

Ég er þeirrar skoðunar að öllu lengur verði ekki undan því vikist að efla utanríkisþjónustuna, m. a. með stofnun nýrra sendiráða og með öflugri útrás til að styrkja stöðu Íslands meðal þjóða, til að efla útflutningsatvinnuvegi okkar, ferðaþjónustu og menningarlíf.

Miklum tíma sendiráða og ræðisskrifstofa Íslands er varið til að svara fyrirspurnum og sinna margs konar upplýsinga- og kynningarstarfsemi um land og þjóð. M. a. hefur upplýsingadeild ráðuneytisins og sendiráð, oft í samvinnu við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila, staðið fyrir undirbúningi sérstakra Íslandskynninga erlendis til þess að vekja eða koma til móts við áhuga á landi og þjóð. Má t. d. nefna þátttöku Íslands í hinni umfangsmiklu norrænu menningarkynningu í Bandaríkjunum sem hófst haustið 1982 en stóð fram eftir sl. ári og nú síðast bæði Íslandskynningu og þátttöku í sérstakri yfirlitssýningu um líf og störf Íslandsvinarins William Morris í Bretlandi og menningarkynningu í Vínarborg í tilefni 40 ára afmælis lýðveldisins, o. fl. Slík starfsemi miðar að því að auka þekkingu og traust á þjóðinni og hefur áreiðanlega átt sinn þátt í að auka bæði viðskipti og heimsóknir ferðamanna.

Fylgiskjal 1.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstsambandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Bern Union for the Protection of Literary and Artistic Works).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal 2.

Ályktanir á 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Ísland gerðist á 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna meðflytjandi að eftirfarandi ályktunartillögum:

Allsherjarþingið:

1. Ályktun 38/3	Ástandið í Kambódíu.
2. Ályktun 38/39H	Suður-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna.
3. Ályktun 38/39I	Fjárfestingar í Suður-Afríku.
4. Ályktun 38/59A	Þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Fyrsta nefnd:

5. Ályktun 38/71A	Tengsl afvopnunar og efnahagsþróunar.
6. Ályktun 38/188B	Bann við staðsetningu kjarnavopna á hafsbotni.
7. Ályktun 38/188G	Könnun á vígbúnaðarkapphlaupinu í úthöfunum.

Sérstaka stjórnmálanefndin:

8. Ályktun 38/84	Ráðstafanir gegn flóttamannastraumi.

Önnur nefnd:

9. Ályktun 38/165	Alþjóðasamvinna á sviði umhverfismála.
10. Ályktun 38/178	Háskóli Sameinuðu þjóðanna.

Þriðja nefnd:

11. Ályktun 38/92	Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga.
12. Ályktun 38/93	Aðgerðir gegn fíkniefnavandanum.
13. Ályktun 38/96	Skyndiaftökur.
14. Ályktun 38/109	Afnám alls misréttis gegn konum.
15. Ályktun 38/116	Mannréttindasáttmálar.
16. Ályktun 38/119	Alþjóðasamningur gegn pyntingum.
17. Ályktun 38/121	Skýrsla flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

Fjórða nefnd:

18. Ályktun 38/52	Menntunar- og þjálfunaráætlun.

Fimmta nefnd:

Engin.

Sjötta nefnd:

19. Ályktun 38/136	Öryggi stjórnarerindreka.
20. Ályktun 38/142	Vernd og velfarnaður barna.

Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1977–1984 (í þús. kr.).

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984[1])
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	160	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	800	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	740	380	540	960		590		
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	251	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	37 873
5. Alþjóðabankinn (IRBD), fjáraukning		900					5 453	11 586
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild			332	456	661	1 045	2 650	3 775
Alls	1 951	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	61 915	62 602
B. Önnur aðstoð.								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	35	40	59	71	138	250	332	332
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	12	12	26	33	59	173	378	415
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	20	21	52	100	296	683	595	908
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	28	29	60	88	132	512	201	264
5. Flóttamannaráð Íslands	4	4	434	182	413	1 911	1 500	—
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	2	6	10	16	29	45	41	60
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	4	9	14	19	34	363	367	722
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	2	6	10	16	29	45	41	60
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)			3	12	31	164	112	178
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna						58	50	78
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)							248	262
12. Sérstök matvælaaðstoð						1 150	2 559	
Alls	107	127	668	537	1 161	5 354	6 424	3 279
Samtals	2 058	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	68 339	65 881
Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0.054%	0.045%	0.046%	0.073%	0.053%	0.075%	0.129%	0.100%

1) Áætlun.

Sþ. 745. Þingsályktun [98. mál]

um aðgerð stjórnvalda gegn skattsvikum.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni tafarlausa framkvæmd eftirtalinna verkefna í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú er:

1. Að endurskoða lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, svo og lög um meðferð opinberra mála, nr. 73/1973, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem fengi m. a. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot. Einnig skal fjölgað sérhæfðum starfsmönnum hjá embætti saksóknara og efla starfsemi Rannsóknarlögreglu ríkisins í þessum málaflokkum.

2. Að beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum.

3. Að undirbúa nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum, nr. 51/1968, og reglugerð þar að lútandi, svo og lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, auk framtalsreglna, sem tryggi ítarlegri og samræmdari sundurliðun á reikningsliðum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri með skýrari og fjölþættari upplýsingum en nú er fyrir skattayfirvöld. Sérstaklega verði endurskoðaðir frádráttarliðir af tekjum, svo sem risnukostnaður, bifreiðafríðindi, enn fremur launamat o. fl.

4. Að láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það að markmiði að koma á skilvísara eftirliti með innheimtu söluskatts. Heimild sú sem er í 17. gr. laga um söluskatt til að fylgjast með fjármagnsinnstreymi í fyrirtækjum verði notuð þar sem því verður við komið. Athugað verði einnig hvort hægt sé að fá betri skil með því að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt.

5. Að beita sér fyrir aukinni hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala.

6. Að fjölgað verði sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknastjóra svo og á skattstofum. Veitt verði á fjárlögum nauðsynlegt fjármagn til að stórauka allt skatteftirlit og rannsókn skattsvika, sbr. 1.—5. tl. Að því verði stefnt að hægt sé að taka til ítarlegrar rannsóknar a. m. k. 10% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri.

Ed. 746. Nefndarálit [315. mál]

um frv. til ljósmæðralaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og átt viðræður við Ingimar Sigurðsson deildarstjóra og fulltrúa frá Ljósmæðrafélagi Íslands sem jafnframt sendi umsögn um frumvarpið. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. orðist þannig:

Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

Alþingi, 3. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.
Kolbrún Jónsdóttir.	Lárus Jónsson.	Árni Johnsen.

Ed. 747. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um sjúkraliða.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Ingimar Sigurðsson deildarstjóri kom á fund nefndarinnar.

Alþingi, 3. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Kolbrún Jónsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Lárus Jónsson.	Árni Johnsen.

Sþ. 748. Þingsályktun [172. mál]

um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 313.

Sþ. 749. Þingsályktun [169. mál]

um úttekt á umfangi skattsvika.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfshópi sem í samvinnu við skattyfirvöld hafi það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina.
3. Umfang söluskattsvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Niðurstöður skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1985. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 750. Frumvarp til laga [70. mál]

um tóbaksvarnir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. maí.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

1.1. Markmið laga þessara er að draga úr tóbaksneyslu, og þar með því heilsutjóni sem hún veldur, og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

2. gr.

2.1. Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

2.2. Lög þessi taka einnig til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög.

2.3. Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf, skv. lyfjalögum, nr. 49/1978, eða sem eiturefni, skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

3. gr.

3.1. Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og útbúnað, tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og annan slíkan varning.

4. gr.

4.1. Yfirstjórn mála skv. lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

5.1. Ráðherra skipar tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 3 menn, og skulu a. m. k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann.

5.2. Hlutverk tóbaksvarnanefndar er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
3. Að hvetja aðra aðila til átaks í reykingavörnum og leitast við að samræma störf þeirra.
4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m. a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

5.3. Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.

5.4. Leita skal álits nefndarinnar um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.
5.5. Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.
5.6. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnanefndar í reglugerð.

II. KAFLI
Sala og auglýsingar.

6. gr.

6.1. Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.
6.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þ. á m. um aðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.
6.3. Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.

7. gr.

7.1. Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur.
7.2. Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.
7.3. Með auglýsingum er í lögum þessum m. a. átt við hvers konar tilkynningar til almennings, eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og notkun tóbaksvöruheita og auðkenna.

8. gr.

8.1. Tóbak má ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára.
8.2. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
8.3. Ekki má selja tóbak í spítölum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

III. KAFLI
Takmörkun á tóbaksreykingum.

9. gr.

9.1. Tóbaksreykingar eru óheimilar í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þó skulu þeir á hverjum tíma hafa afmarkaðan fjölda veitingaborða fyrir gesti sína sem séu sérstaklega merkt að við þau séu tóbaksreykingar bannaðar.
9.2. Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar samkv. 1. tl. skal það gefið til kynna með merki eða á annan greinilegan hátt.

10. gr.

10.1. Tóbaksnotkun er óheimil:
1. Í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa.
2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglinga hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim.
3. Í heilsugæslustöðvum.

10.2. Yfirmanni stofnunar, skv. 1. og 3. mgr., er þó heimilt samkvæmt tillögu starfsmannafundar eða starfsmannaráðs að leyfa reykingar í hluta þess húsnæðis sem ætlað er starfsfólki sérstaklega, enda skal þess gætt að það valdi ekki óþægindum þeim starfsmönnum sem ekki reykja.
10.3. Á sjúkrahúsum má einungis leyfa reykingar á tilteknum stöðum þar sem þær eru ekki til óþæginda fyrir þá sem reykja ekki.

11. gr.

11.1. Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á samkvæmt 1. mgr. 17. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.

12. gr.

12.1. Um tóbaksreykingar á vinnustöðum, öðrum en skv. 9. og 10. gr., fer skv. nánari reglum sem setja skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Skal þess gætt sérstaklega að þeir, sem ekki nota tóbak, verði ekki fyrir óþægindum.

13. gr.

13.1 Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru gegn gjaldtöku.
13.2. Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.
13.3. Setja skal sérreglugerð í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins um tóbaksreykingar um borð í skipum.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

14. gr.

14.1. Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu:
1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í ríkisfjölmiðlum.

14.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gengst fyrir aðstoð við þá sem hætta vilja að reykja:
1. Á vegum heilsugæslustöðva.
2. Með námskeiðum í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

15.1. Skylt er að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.
15.2. Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

16. gr.

16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

17. gr.

17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.

18. gr.

18.1. Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.

19. gr.

19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.

19.2. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. varða sektum. Fella má refsingu niður ef málsbætur eru miklar.

19.3. Brot gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 8. gr. varða sektum.

19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

20. gr.

20.1. Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

20.2. Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

22.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal skipa í tóbaksvarnanefnd sem annast skal tóbaksvarnastarf skv. lögum nr. 27/1977 og undirbúning að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerð skv. 2. mgr. 6. gr., um merkingar á tóbaki, skal unnin þegar í stað og öðlast gildi um leið og lögin.

Ed. 751. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 3. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Kolbrún Jónsdóttir.
Lárus Jónsson.	Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.

Nd. 752. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., sem komið er frá Ed., og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. en undirritaður leggur til að það verði fellt.

Í samræmi við álit nefndar, sem iðnaðarráðuneytið skipaði haustið 1982 og skilaði áliti 26. apríl 1983, gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma í Siglufirði og Siglósíldar með sér samkomulag um að Þormóður rammi yfirtæki rekstur lagmetisiðjunnar um eins árs skeið og jafnframt var að því stefnt að fyrirtækin yrðu sameinuð á árinu 1984. Þessi breyting, ásamt aðgerðum til úrbóta hjá Siglósíld, m.a. með rækjuvinnslu og endurskipulagningu á fjármálum og rekstri fyrirtækisins, lofuðu góðu. Inn í þessa þróun var hins vegar gripið í miðjum klíðum með ákvörðun um að rifta samstarfssamningnum og selja fyrirtækið einkaaðilum sem að helmingi eru búsettir utan Siglufjarðar.

Kaupsamningur var undirritaður 17. desember 1983, með gildistöku frá 1. janúar 1984, þ. e. áður en leitað var heimildar Alþingis fyrir sölunni. Nú er Alþingi stillt upp fyrir gerðum hlut. Þetta eru ótæk vinnubrögð og óeðlileg ráðstöfun, þvert ofan í skipulegar aðgerðir sem undirbúnar höfðu verið til að tryggja áframhaldandi rekstur í samvinnu við Þormóð ramma.

Að öðru leyti vísast til ályktunar stjórnar Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði, frá 25. febrúar 1982, sem birt er hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 3. maí 1984.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal.

Ályktun stjórnar Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði.
Samþykkt á fundi 25. febr. 1984.

Stjórn Verkalýðsfélagsins Vöku telur að ríkið hefði ekki átt að selja Lagmetisiðjuna Sigló-síld á Siglufirði. Stjórnin telur eðlilegt að ríkið eigi og reki ýmis fyrirtæki í landinu og

bendir t. d. á Síldarverksmiðjur ríkisins í því sambandi og að almennt sé viðurkennt að rekstur þess fyrirtækis sé síst síðri en annar rekstur á sama sviði í einkaeign.

Einnig vill stjórnin benda á í þessu sambandi að Lagmetisiðjan Sigló-síld hafði samkvæmt þeim lögum, sem um rekstur hennar giltu, þýðingarmiklu hlutverki að gegna í íslenskum lagmetisiðnaði og, enda þótt deila megi um það á hvern hátt það hlutverk hefur verið rækt fram til þessa, er ljóst að eftir að verksmiðjan er seld einkaaðilum er ekki um það hlutverk að ræða.

Sala fyrirtækisins á s. l. ári var að áliti stjórnar Vöku röng ákvörðun og fljótfærnisleg. Fyrirtækið var þá í leigu hjá Þormóði ramma hf. og hafði samrekstur þessara tveggja fyrirtækja reynst vel og styrkt rekstur þeirra beggja, og töldu flestir, sem til þekkja, að þessi samrekstur mundi verða til styrktar atvinnulífi í Siglufirði.

Við þessar aðstæður mæltu engin rök með sölu fyrirtækisins til einkaaðila og hefði sú ákvörðun verið mun skynsamlegri þá að halda samrekstri þessara tveggja fyrirtækja áfram.

Eftir að ákvörðun um sölu var tekin telur stjórn Vöku að öðruvísi hefði átt að standa að sjálfri sölunni. Við teljum að tryggja hefði mátt fulla eignaraðild að fyrirtækinu á Siglufirði í stað þess að selja 50% til aðila utan Siglufjarðar. Þá verður söluverð og kaupskilmálar að teljast hæpin, svo ekki sé meira sagt. Eins og málum er nú komið telur stjórn Vöku að brýnast sé að Sigló hf. verði áfram tryggður eðlilegur hlutur í gaffalbitaframleiðslunni og að verksmiðjan geti haldið uppi sem mestri atvinnu og framleiðslu.

Siglufirði 27. febr. 1984.

F. h. Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði,
Kolbeinn Friðbjarnarson.

Ed. 753. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Leitað var umsagna L.Í.Ú. og Farmanna- og fiskimannasambandsins. Á fund nefndarinnar komu til viðræðna Magnús Jóhannsson, settur siglingamálastjóri, og Kristinn Gunnarsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Tómas Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn voru sammála um að mæla með afgreiðslu þess.

Alþingi, 3. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 754. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Leitað var umsagna hjá Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Á fundi nefndarinnar komu til viðræðna Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og frá landbúnaðarráðuneytinu Tryggvi Gunnarsson og Bjarni Guðmundsson.

Nefndarmenn voru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 3. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Ed. 755. Breytingartillögur [212. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „trjálundum á jörðum sínum“ í 1. málsl. komi: trjálundum á landi sínu.
2. Við 3. gr., b. (25. gr.). Upphaf a-liðar orðist svo: Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu o. s. frv.
3. Við 3. gr., c. (26. gr.). 1. mgr. orðist svo:
   Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.
4. Við 3. gr. c. (26. gr.). Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.
5. Við 3. gr., d. (27. gr.). Í stað orðanna „enda endurgreiði landeigandi hinn upphaflega styrk“ í 3. mgr. og til loka mgr. komi: enda endurgreiði landeigandi ⅘ af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.
6. Við 3. gr., e. (28. gr.). B-liður orðist svo: að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er

á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðkaupa hverju sinni.

7. Við 3. gr., f. (29. gr.). 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Ed. 756. Breytingartillaga [310. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1970, um menntaskóla.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir IX. kafla laganna komi nýr kafli, **Um nám fullorðinna,** svohljóðandi:

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Skal kennslan vera nemendum að kostnaðarlausu. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa.

Ed. 757. Breytingartillaga [311. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 6. gr. komi ný gr., 7. gr., svohljóðandi:

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Skal kennslan vera nemendum að kostnaðarlausu. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa.

Nd. 758. Frumvarp til laga [341. mál]

um Íslenska málnefnd.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.
2. Málnefndin er stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Leita skal umsagnar nefndarinnar, áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu, að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum.
3. Nefndin skal hafa samvinnu við stofnanir, sem afskipti hafa af íslenskum manna- og staðanöfnum. Hún skal enn fremur leitast við að hafa góða samvinnu við þá, sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem fjölmiðla og skóla.
4. Íslenskri málnefnd ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli. Fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.

   Ef ástæða þykir til, getur málnefndin átt frumkvæði að athugasemdum um meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.
5. Málnefndin vinnur að lausn hagnýtra verkefna, er varða íslenskt mál, eftir því sem tilefni gefast til, eða beitir sér fyrir lausn þeirra í samvinnu við aðra.
6. Íslensk málnefnd gefur út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn.

   Nefndin getur beitt sér fyrir fræðslu um málið og meðferð þess í opinberum stofnunum eða annars staðar, bæði með fundarhöldum og námskeiðum.
7. Íslensk málnefnd skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Auk þess skal nefndin leitast við að fylgjast með því, hvaða nýyrði ná festu í málinu.

   Málnefndin skal vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu. Hún skal hafa samvinnu við orðanefndir, sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar. Hún skal stuðla að samræmingu í vinnubrögðum þeirra, sem fást við myndun orða til útgáfu í sérstökum orðasöfnum eða gefa út staðla.
8. Íslensk málnefnd skal hafa samstarf við aðrar málnefndir á Norðurlöndum, m. a. með aðild að Norrænni málstöð, og eiga fulltrúa á hinum árlegu þingum þeirra, ef við verður komið.

   Nefndin skal einnig, eftir ástæðum, hafa samvinnu við erlendar stofnanir, sem gefa út sérhæfð orðasöfn, þ. á m. staðla.

   Að öðru leyti skal málnefndin leitast við að kynna sér starfsemi erlendra málræktarstofnana og alþjóðlegt starf til eflingar þjóðtungum.

3. gr.

Íslensk málstöð er skrifstofa Íslenskrar málnefndar og miðstöð þeirrar starfsemi, sem hún hefur með höndum. Á þeim vettvangi hafa málnefndin og Háskóli Íslands samstarf.

4. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérstakur forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur, áður en embættið er veitt.

Að fengnum tillögum málnefndar og háskólaráðs skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni, sem málnefndin felur honum.

5. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar er greiddur af ríkisfé samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum, og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.

Aðrar tekjur stöðvarinnar eru:

a) styrkir til einstakra verkefna,
b) greiðslur fyrir aðstoð eða verk, sem málstöðin vinnur fyrir aðra,
c) tekjur af útgáfu rita,
d) gjafir.

6. gr.

Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð tilnefnir tvo menn, og skal a. m. k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi (cand. mag. eða mag. art.) í íslenskri málfræði sem sérgrein. Heimspekideild Háskólans tilnefnir einn mann. Tveir eru skipaðir án tilnefningar, og skal forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar vera annar þeirra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

7. gr.

Íslensk málnefnd kemur saman, þegar formaður boðar til fundar eða þrír nefndarmenn hið fæsta óska þess.

Málnefndin er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi.

Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns.

8. gr.

Ef ágreiningur verður innan málnefndarinnar um túlkun þessara laga, sker menntamálaráðherra úr.

9. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

   3. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga.
   4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

69. gr.

Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar.

Félagsmálaráðuneytið setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

VII. KAFLI

Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga.

70. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16 – 25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 71. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt.

71. gr.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð skv. 1. mgr. 69. gr., hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Enn fremur skulu þeir, sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði skv. vottorði skólastjóra, eiga þess kost að fá endurgreitt það fjármagn er þeir hafa lagt í sjóðinn, þó ekki á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.

Vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins reiknast frá þeim tíma sem fjármagnið er lagt í sjóðinn og skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán úr sjóðnum að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Innlagður skyldusparnaður á hverjum tíma fái grunngildi lánskjaravísitölu þess mánaðar. Þegar skyldusparnaðurinn er tekinn út sé sömuleiðis miðað við gildandi lánskjaravísitölu í þeim mánuði. Vextir af innistæðu skulu leggjast við höfuðstól um hver áramót og verðtryggjast á sama hátt og höfuðstóllinn.

72. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk, þ. e. karl og kona sem búa saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.
b. Skólafólk sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.
c. Þeir sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.
d. Þeir sem eiga íbúð til eigin þarfa.
e. Þeir sem búa við varanlega örorku skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
f. Útlendingar sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Sá sem telur sig eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði, ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

73. gr.

Heimilt er að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Beiðnir um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

74. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins eða innlánsstofnanir, sem hún semur við, skulu annast innheimtu á skyldusparnaði skv. lögum þessum.

Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Húsnæðisstofnunar ríkisins skv. nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði um undanþáguheimild sína.

75. gr.

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögum þessum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtu launaskatts, sbr. lög nr. 14 frá 15. mars 1965, ásamt síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Byggingarsamvinnufélög.

76. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið, og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46/1937 um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

77. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937 um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarkstala stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m. a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna á fullnægjandi hátt félagsmönnum að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal síðan rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir skv. samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meirihluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

78. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 11. gr. laga þessara. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði ef tryggilega er kveðið á um á hvaða verkstigi lokaáfanga skuli skilað.
c. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem skv. ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.
d. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð er nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað.
   Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

79. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð, en ekki enn eignast tilskilinn ⅕ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga

meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun. Yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

80. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

81. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu skv. mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

82. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Enn fremur skal hún með lánum skv. 29. gr. laga þessara stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

83. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

84. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim varða sektum.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1952 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, lög nr. 59 frá 1973 um breytingu á lögum nr. 30 frá 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins og lög nr. 51 frá 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

Ed. 766. Lög [32. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 665.

Ed. 767. Lög [119. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 146.

Ed. 768. Frumvarp til ljósmæðralaga. [315. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 623 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

Sþ. 769. Tillaga til þingsályktunar [343. mál]

um bætta þjónustu við farþega í innanlandsflugi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega úttekt á þjónustu við farþega á flugleiðum innanlands og á samgöngum við flugvelli og gera tillögur til úrbóta.

Áhersla verði m. a. lögð á að kanna eftirtalda þætti:

a) Aðstöðu flugfélaga til að rækja eðlilega þjónustu við farþega.
b) Núverandi þjónustu af hálfu flugfélaganna við farþega í áætlunarflugi, m. a. þegar tafir verða.
c) Samgöngur að og frá flugvöllum, m. a. með sérleyfisbifreiðum og reglur um snjóruðning af vegum í því sambandi.

Úttekt þessari verði lokið fyrir 1. des. 1984 og þá skilað um hana greinargerð til Alþingis. Í framhaldi af henni verði endurskoðuð lög og reglur varðandi flugsamgöngur innanlands, m. a. með það að markmiði að tryggja góða þjónustu við farþega í innanlandsflugi og virkt eftirlit með starfsemi sérleyfishafa.

Greinargerð.

Innanlandsflug er mjög veigamikill þáttur í samgöngum. Fólk í þremur landshlutum, á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, er að miklu leyti háð flugsamgöngum við höfuðstaðinn, einkum að vetrarlagi. Flug innan landshluta gegnir einnig vaxandi hlutverki. Fimm flugfélög hafa leyfi til reglubundins áætlunarflugs innanlands og flugvellir sem þar koma við sögu eru 44 talsins. Fjöldi farþega í innanlandsflugi var á árinu 1982 um 606 þúsund manns, sbr. fylgiskjal I.

Sérstök stjórnskipuð nefnd á vegum samgönguráðuneytisins vinnur nú að tillögugerð um helstu framkvæmdir á sviði flugmála á næstu árum, þar á meðal varðandi öryggi í flugumferð. Af þeim sökum er ekki um þau atriði fjallað í þessari tillögu, heldur lögð áhersla á það sem snýr að þjónustu við farþega. Vissulega kalla endurbætur á því sviði á framkvæmdir, einkum við flugstöðvar og flugskýli, og þannig eru þessir þættir samslungnir.

Tillagan gerir ráð fyrir ítarlegri úttekt á öllu því er varðar þjónustu við farþega á innanlandsleiðum og samgöngur við áætlunarflugvelli. Líðan farþega er komin undir smáu og stóru allt frá upphafi ferðaundirbúnings til loka ferðar. Þar sem ferð hefst með áætlunarbifreið til flugvallar skiptir miklu að treysta megi á að komast leiðar sinnar í góðum farkosti á sem skemmstum tíma. Ástand vega og snjóruðningur að vetrarlagi kemur inn í þá mynd, en þau mál eru víða í ólestri og aðgerðir Vegagerðar ríkisins oft ekki felldar að flugáætlunum og gagnkvæmt. Reglur um snjómokstur eru of ósveigjanlegar til mikils óhagræðis fyrir farþega og heil byggðarlög. Á því sviði er brýn þörf á endurskoðun svo og hlutdeild ríkisins í rekstri snjóbifreiða þegar vegum er ekki haldið opnum.

Aðstæður á flugvöllum eru víða afleitar fyrir farþega og sums staðar á áætlunarflugvöllum er ekkert farþegaskýli að finna. Slíkt takmarkar að sjálfsögðu alla þjónustu við farþega og sérstök þörf er úrbóta í þeim efnum.

Á flugvöllum og í flugi reynir mikið á mannlega þjónustuþætti og greiðar upplýsingar

fyrir farþega. Flestir starfsmenn flugfélaganna leggja sig fram í starfi innan þess ramma sem þeim er ætlaður, en oft reynir á vegna þeirra hnúta sem myndast þegar tafir verða á flugi.

Sú staðreynd að flugfélögin hafa einokunaraðstöðu á tilteknum flugleiðum hefur ótvírætt þá hættu í för með sér að dregið er úr þjónustu við farþega umfram það sem væri ef um virka samkeppni milli flugfélaga væri að ræða. Þessu þarf að mæta með skýrum reglum sem flugfélögunum sé gert að fara eftir varðandi þjónustu við farþega og liður í því hlýtur að vera ákveðið lágmark starfsmanna til að sinna farþegum.

Erfið veðurskilyrði og bágbornar aðstæður á flugvöllum valda því oft að tafir verða á flugi, til mikilla óþæginda fyrir farþega og flugrekstur. Gera verður ráð fyrir slíku í þjónustu við farþega, en á því er mikill misbrestur í innanlandsfluginu. Fólk situr jafnvel hálfa og heilu dagana í flugskýlum án þess að eiga kost á málsverði eða vera boðin hressing, og falli flug niður milli daga þurfa menn að jafnaði að verða sér úti um náttstað á eigin kostnað, jafnvel leita heim til sín aftur um langan veg þegar um er að ræða flugvelli úti á landi. Hér eru aðstæður vissulega mjög mismunandi, en engar fastmótaðar reglur eru um það til hvers sé ætlast af flugfélögunum við slíkar aðstæður. Þetta leiðir oft til árekstra og misskilnings til ama fyrir farþega og starfsfólk. Að mati flutningsmanns er eðlilegt að gera hér meiri kröfur til flugfélaganna en hingað til, en um það þarf að leita skynsamlegs samkomulags og fella að sérleyfum.

Hafa ber í huga að oft eru það tiltölulega lítilfjörleg atriði og atvik sem ráðið geta miklu um líðan ferðamannsins og gott skipulag og viðmót getur bætt úr við annars frumstæðar aðstæður. Upplýsingum flugfélaganna við farþega og aðra viðskiptavini er oft mjög áfátt. Þetta á við um flugferðir, komu- og brottfarartíma flugvéla og breytingar á flugáætlun. Iðulega eru gefnar rangar upplýsingar eða vanrækt að tilkynna um breytingar á auglýstri flugáætlun. Á þessu verður að ráða bót. Þá er símasamband við afgreiðslur á flugvöllum víða ófullkomið, t. d. getur það tekið langan tíma að ná sambandi við afgreiðsluna á Reykjavíkurflugvelli vegna álags. Úr slíku hlýtur að vera unnt að bæta skjótlega.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að lokið verði við umrædda úttekt eigi síðar en 1. des. næstkomandi og verði henni skilað sem greinargerð til Alþingis. Er þá m. a. haft í huga að endurnýja þarf mörg sérleyfi um áramótin 1984—85 og æskilegt að þá sé unnt að taka mið af niðurstöðum.

Í framhaldi af þessu er síðan gert ráð fyrir að unnið verði að æskilegum laga- og reglugerðarbreytingum til að tryggja sem besta þjónustu og eftirlit með þeim sem leyfi hafa til flugrekstrar og sérleyfi til fólksflutninga að og frá flugvöllum.

Aðbúnaður að flugi hérlendis hefur verið alltof lakur til þessa. Taka þarf þar á mörgum þáttum, en í því sambandi má farþeginn, ferðamaðurinn sjálfur, síst verða útundan.

Fylgiskjal I.

Flutningur um íslenska flugvelli árið 1982.
(Upplýsingar frá flugmálastjórn.)

Staður	Fjöldi farþega	Vörur (tonn)	Póstur (tonn)
Reykjavík	277 798	2 791	919
Akureyri	111 258	1 182	413
Ísafjörður	46 204	410	157
Egilsstaðir	41 397	576	210
Vestmannaeyjar	30 685	176	53
Húsavík	17 083	212	73
Hornafjörður	13 812	163	78
Sauðárkrókur	12 021	94	51
Patreksfjörður	8 688	125	56
Siglufjörður	5 421	54	13
Blönduós	3 911	22	2
Vopnafjörður	3 723	69	30
Rif	3 707	5	—
Flateyri	3 633	40	8
Stykkishólmur	3 183	7	—
Norðfjörður	2 777	20	4
Bíldudalur	2 672	38	15
Suðureyri	2 656	30	17
Þingeyri	2 564	117	26
Ólafsfjörður	2 071	55	3
Þórshöfn	2 053	49	22
Grímsey	1 783	20	4
Raufarhöfn	1 582	46	21
Hólmavík	1 300	9	7
Gjögur	863	7	4
Kópasker	661	6	—
Borgarfjörður eystri	447	36	7
Breiðdalsvík	446	4	3
Grundarfjörður	281	—	—
Bakkafjörður	250	9	4
Reykhólar	244	—	—
Hvammstangi	190	—	—
Fagurhólsmýri	165	—	—
Búðardalur	157	1	—
Mývatn	156	—	—
Djúpivogur	39	—	—
Alls innanlands:	605 881	6 373	2 200
Keflavík	472 787	4 770	1 468

Fylgiskjal II.

Reglugerð um fyrirtæki er starfa að loftflutningum.
Nr. 91/1973, 49/1975, 205/1976, 405/1977, 476/1982.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 og öðlast hún gildi 1. maí 1973, og falla þá úr gildi reglur um fyrirtæki er starfa að loftflutningum, nr. 13 22. janúar 1947.

1. gr.

Leyfi samgönguráðherra þarf til reksturs reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. Leyfi hans þarf einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði. Til kennsluflugs, sýningarflugs og annarrar loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þarf leyfi flugmálastjóra, enda þótt starfsemin sé eigi rekin til fjáröflunar, sjá 2. gr. Leyfi þarf ekki til annars einkaflugs.

2. gr.

Almenn flugstarfsemi skiptist í atvinnuflug og einkaflug. Atvinnuflug greinist eftir eðli starfseminnar í reglubundið áætlunarflug, óreglubundið flug, þjónustuflug og kennsluflug í atvinnuskyni. Með óreglubundnu flugi er átt við flutning á farþegum eða vörum sem ekki er áætlunarflug og sem framkvæmt er með flugvélum yfir 5 700 kg að hámarksþyngd. Með þjónustuflugi er meðal annars átt við: 1) Tækifærisferðir, vöruflug og hringflug sem framkvæmt er með flugvél 5 700 kg hámarksþyngd eða minna. 2) Fræsáningarflug, áburðarflug eða annað slíkt dreififlug. 3) Flugferðir til landfræðiathugana, könnunar á raflínum, fjárleit o. fl. 4) Dráttarflug. 5) Sjúkra- og björgunarflug. 6) Ljósmyndaflug. 7) Auglýsingaflug.

3. gr.

Þeir aðilar, sem hyggjast sækja um leyfi til flugreksturs, skulu senda samgönguráðuneytinu umsóknir á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

4. gr.

Leyfi til loftferða verður ekki veitt nema umsækjandi sanni að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett hafa verið um þá loftferðastarfsemi sem hann hyggst reka. Auk þess skal umsækjandi vera skráður eigandi að minnsta kosti eins loftfars sem loftferðastarfsemin á aðallega að byggjast á.

5. gr.

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu.

6. gr.

Loftferðafyrirtæki, sem stundar reglubundið flug, óreglubundið flug eða þjónustuflug, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild.

Framkvæmdastjórinn skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Flugrekstrarstjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á flugrekstrinum (operations) og tæknistjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á tækniatriðum flugrekstrarins. Flugrekstrarstjórinn skal vera starfsmaður hjá loftferðafyrirtækinu. Tæknistjórnin þarf í vissum tilvikum ekki að vera persóna eða fyrirtæki sem starfar hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu vera viðurkenndir af flugmálastjórn.

Ef starfsemi loftferðafyrirtækisins er lítil í sniðum getur flugmálastjórn samþykkt að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri.

Framkvæmdastjóri flugdeildar skal bera ábyrgð á því að flugrekstrardeild og tæknideild sé gert kleift að sinna hlutverki sínu og skyldum.

Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á:

a) stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugdeildar,
b) því að halda við og hafa tiltækar leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun bæði í starfsemi á jörðu og á flugi er varðar starfslið flugrekstrardeildar,
c) mati á hæfni flugstarfsliðs, viðurkenningu á hæfni þess til ráðningar og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) því að samþykkja flugverkefni frá sjónarmiði flugrekstrar, svo og skiptingu og skipulagningu flugverkefna með hliðsjón af hæfni flugverja, svo og að sjá um að flugverjar fái nægilega kennslu og þjálfun,
e) stjórn á kennslu flugverja, eftirliti með henni og þjálfun þeirra samkvæmt gildandi reglum og flugrekstrarbók,
f) því að nauðsynlegt leyfi, leiðsögubúnaður og upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu fyrir það svæði, sem flogið skal yfir, séu tiltæk fyrir hvert einstakt flug,
g) því að hver einstakur flugverji hafi upplýsingar um, að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar hans sérstaka starfi, reglur og fyrirmæli, sem gilda á því svæði sem flogið skal yfir, fyrir flugvelli sem nota skal og um tilheyrandi leiðsögutæki á svæðum þessum og flugvöllum, svo og skyldur til að fara eftir þeim,
h) að leiðarbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar í flugrekstrinum, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
i) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni eins og hún er á hverjum tíma.

Tæknistjóri ber ábyrgð á:

a) skipulagningu og umfangi verksviðs, svo og stjórn tæknideildar loftferðafyrirtækisins, einnig samningum og framkvæmd á viðhaldi sem unnið er utan fyrirtækisins,
b) því að tiltækar séu leiðbeiningar og haldið sé við leiðbeiningum um stöðu, ábyrgð og tilhögun er varðar vinnubrögð, viðhaldsvöndun og viðhaldseftirlit,
c) mati á hæfni tæknistarfsliðs í ábyrgðarstöðum og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) útvegun og meðferð alls efnis sem notað er í viðhaldi og mikilvægt er fyrir gæðastaðal viðhaldsdeildar loftferðafyrirtækisins,
e) að viðhaldsbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
f) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni, eins og hún er á hverjum tíma.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri eru samábyrgir fyrir skipulagningu þeirrar starfsemi sem tengir flugrekstur og viðhald og fyrir því að koma á fót og halda stöðugt við yfirliti um notkunarendingu og bilanir hluta.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu, nema flugmálastjórn telji það óþarft, gangast undir sérstakt próf hjá flugmálastjórn í reglum um loftferðir og framkvæmd þeirra.

Ef flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri láta af störfum hjá loftferðafyrirtækinu skal framkvæmdastjórinn tilkynna það flugmálastjórn tafarlaust, svo og sækja um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi fyrirtækisins má eigi halda áfram fyrr en nýr flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri hefur á ný hafið störf hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri mega tilnefna staðgengil sinn í forföllum sínum, en ef þeir eru fjarverandi lengur en einn mánuð skal flugmálastjórn viðurkenna hlutaðeigandi staðgengil.

7. gr.

Hver sá sem stundar reglubundið áætlunarflug milli landa og hver sá sem stundar reglubundið áætlunarflug innanlands með þungum flugvélum, þ. e. flugvélum með meiri hámarksþyngd en 5700 kg, skal hafa flugumsjón sem flugmálastjórn hefur viðurkennt fyrir þann flugrekstur. Skal þar starfa flugumsjónarmaður (-menn) er hafi gilt skírteini skv. gr. 4.5. eða gr. 1.2.2. í reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn. Flugrekendur þeir, sem grein þessi tekur til, skulu í flugrekstursbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna er hjá þeim starfa.

8. gr.

Séu lendingargjöld eða skoðunargjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma má afturkalla leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt séu vanskil veruleg og endurtekin. Leyfishafi skal tafarlaust skýra flugmálastjóra frá því ef þær breytingar verða á starfsemi hans sem valda því að þær forsendur, sem leyfisveitingin byggðist á, eru brostnar, t. d. að því er lýtur að starfskröfum, loftfarkosti, vátryggingum eða stjórnendum.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra árlega skýrslu um flugstarfsemina, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar sem máli skipta að dómi flugmálastjóra. Heimilt er flugmálastjóra að krefjast mánaðarlegra skýrslna, telji hann þess þörf.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda flugmálastjóra reikninga félagsins fyrir liðið ár, í því formi er hann mælir fyrir um.

Nú dregur leyfishafi að senda slíkar skýrslur eða reikninga og er þá flugmálastjóra heimilt, eftir að hafa sent leyfishafa skriflega aðvörun, að svipta hann flugleyfi þar til úr er bætt. Slíkri ákvörðun flugmálastjóra má skjóta undir úrskurð ráðherra.

10. gr.

Beiðni um framlengingu á leyfi til loftferða skal senda samgönguráðuneytinu a. m. k. einum mánuði áður en leyfið rennur út. Með endurnýjunarumsókn skal senda upplýsingar um allar þær breytingar sem orðið hafa á starfseminni frá því að leyfið var gefið út eða síðast endurnýjað.

11. gr.

Leyfishafa er skylt að kaupa og viðhalda tryggingum í samræmi við ábyrgð þá sem hann ber samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

12. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um far- og farmgjöld sem samgönguráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til þess að breyta far- og farmgjöldum á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá, áður en breytingin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu.

13. gr.

Ráðherra getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarflugferða á sérstökum flugleiðum eða frá og til ákveðins lendingarstaðar eða byggðarlags. Sérleyfi fyrir

ákveðna flugleið skal bundið því skilyrði að leyfishafi fullnægi flutningsþörfinni að mati samgönguráðuneytis.

14. gr.

Ráðherra getur skyldað leyfishafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum er leyfishafi hefur óskað að starfrækja þótt ekki sé um sérleyfi að ræða.

15. gr.

Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjóra um áhafnir á hinum ýmsu gerðum loftfara.

16. gr.

Leyfishafi skal fullvissa sig um að flugstjórar þeir, sem hann ræður til starfa við farþegaflutninga í flugvélum með 5 700 kg hámarksþyngd eða minni, hafi 500 klst. flugtíma reynslu eða meira og þar af séu ekki færri en 100 flugstundir í yfirlandsflugi. Sé flogið í reglubundnu áætlunarflugi skal viðkomandi flugstjóri hafa a. m. k. 1 200 klst. flugtíma reynslu.

17. gr.

Í flugvélum, sem skráðar eru til flutninga á fleiri en 10 farþegum, skal í farþegaflugi vera aðstoðarflugmaður. Aðstoðarflugmaðurinn skal hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini og fyrir flug skv. blindflugsreglum skal hann hafa gild blindflugsréttindi.

18. gr.

Flugvél skal þá aðeins heimilt flug, þar sem tilkynnt hefur verið um ísingu eða búast má við ísingu, sé hún búin ísvarnarbúnaði á væng- og stélbrúnum, skrúfum og öðrum stöðum eftir því sem við á, og skal búnaður þessi fullnægja kröfum flugmálastjórnar um gerð, frágang, notkun og viðhald.

Flugvél, sem ætluð er til notkunar í reglubundnu áætlunarflugi samkvæmt blindflugsreglum, skal eftir 15. október 1976 búin framangreindum ísvarnarbúnaði.

19. gr.

Eigi má hefja flug fyrr en flugstjóri hefur sannfærst um að viðhaldsvottorð hafi verið gefið út fyrir loftfarið í samræmi við gildandi reglur.

Flugstjóri skal sjá um að hleðslu- og jafnvægisskrá sé gerð fyrir hvert flug eða röð af flugferðum. Af skránni skal hægt að sjá að þungi flugvélarinnar sé þannig að með hliðsjón af hugsanlegum veðurskilyrðum sé unnt að ljúka fluginu, hleðsla og dreifing farms og farþega skal vera þannig, að lega þyngdarpunkts sé innan réttra marka. Hleðslu- og jafnvægisskráin skal vera samþykkt og undirrituð af flugstjóra. Hana skal geyma a. m. k. þrjá mánuði. Í stað hleðslu- og jafnvægisskrár má í vissum tilvikum koma einföld hleðsluskrá ef flugmálastjórn hefur samþykkt það fyrir hlutaðeigandi loftfar og flugstarfsemi.

20. gr.

Sé flugvélavirki ekki að staðaldri á þeim stað sem loftfar er gert út frá skal flugmaður þess sanna að hann hafi hlotið fullnægjandi þekkingu á daglegri skoðun þess.

21. gr.

Gild flugrekstrarbók (operations manual) skal vera tiltæk og samþykkt af flugmálastjórn. Flugrekstrarbókin skal vera samin með hliðsjón af reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, International Civil Aviation Organisation (ICAO), „Manual of Procedures for

Operations Certification and Inspection", eins og þær eru á hverjum tíma. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af flugrekstrarbók og halda skal við leiðréttinga- og breytingaþjónustu.

22. gr.

Gild viðhaldsbók skal vera tiltæk fyrir hverja flugvélartegund, sem flugrekandi notar, og vera samþykkt af flugmálastjórn. Viðhaldsbók skal samin á kerfisbundinn hátt og hafa efnisyfirlit og skrá yfir leiðréttingar og breytingar. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af viðhaldsbók og skal leiðréttinga- og breytingaþjónustu haldið við.

23. gr.

Loftferðafyrirtæki ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við skilyrði sem sett eru í leyfisbréfinu.

24. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í XIII. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

25. gr.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem öðlast hafa leyfi til flugrekstrar samkvæmt eldri ákvæðum, sækja um endurnýjun leyfisins samkvæmt reglugerð þessari, ella fellur leyfið niður.

Þetta nær þó ekki til þeirra flugfélaga sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum til og frá Íslandi samkvæmt tvíhliða loftferðasamningum, né heldur til þeirra félaga sem starfrækja reglubundið áætlunarflug innanlands og hafa til þess sérleyfi.

Fylgiskjal III.

Auglýsingar um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Nr. 358. 15. ágúst 1979.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugleiðum hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. október 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Patreksfjörður — Reykjavík
2. Reykjavík — Þingeyri — Reykjavík
3. Reykjavík — Ísafjörður — Reykjavík
4. Reykjavík — Sauðárkrókur — Reykjavík
5. Reykjavík — Akureyri — Reykjavík

6. Reykjavík — Húsavík — Reykjavík
7. Reykjavík — Raufarhöfn — Reykjavík
8. Reykjavík — Þórshöfn — Reykjavík
9. Reykjavík — Egilsstaðir — Reykjavík
10. Reykjavík — Neskaupstaður — Reykjavík
11. Reykjavík — Hornafjörður — Reykjavík
12. Reykjavík — Fagurhólsmýri — Reykjavík
13. Reykjavík — Vestmannaeyjar — Reykjavík
14. Akureyri — Egilsstaðir — Akureyri
15. Akureyri — Ísafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Patreksfjörður — Ísafjörður — Patreksfjörður
2. Þingeyri — Ísafjörður — Þingeyri
3. Sauðárkrókur — Húsavík — Sauðárkrókur
4. Akureyri — Húsavík — Akureyri
5. Egilsstaðir — Hornafjörður — Egilsstaðir
6. Hornafjörður — Fagurhólsmýri — Hornafjörður.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

---

13. september 1979. Nr. 383.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 13. september 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík
6. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
7. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
8. Reykjavík — Suðureyri — Reykjavík

9. Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík
10. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
11. Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík
12. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
13. Reykjavík — Siglufjörður — Reykjavík.

Samkvæmt sömu heimildum hefur ráðuneytið í dag einnig veitt flugfélaginu Ernir hf., Ísafirði, sams konar leyfi á flugleiðinni Ísafjörður — Hólmavík — Gjögur — Ísafjörður og Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, á flugleiðunum Akureyri — Mývatn — Akureyri, og Akureyri — Mývatn — Reykjavík — Mývatn — Akureyri.

Sérleyfum félaganna fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 13. september 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

---

6. desember 1979. Nr. 487.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélagi Austurlands hf. leyfi til reglubundins flugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum:

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Höfn — Fagurhólsmýri — Kirkjubæjarklaustur — Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur — Fagurhólsmýri — Höfn — Egilsstaðir.

Leyfi þetta gildir frá 1. janúar 1980 til 31. desember 1983.

Samgönguráðuneytið, 6. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

2. maí 1983. Nr. 296.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála og VIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 21. desember 1982 veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands á tímabilinu 1. janúar 1983 til 31. desember 1984:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir
3. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir
4. Egilsstaðir — Djúpivogur — Höfn — Egilsstaðir.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 2. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

---

20. október 1980. Nr. 597.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 22. október 1980 til 31. desember 1984:

1. Akureyri — Ólafsfjörður — Akureyri
2. Ólafsfjörður — Reykjavík — Ólafsfjörður
3. Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri.

Samkvæmt sömu heimild hefur ráðuneytið í dag einnig veitt Flugfélaginu Ernir hf., Ísafirði sams konar leyfi, sama tímabil, á eftirtöldum flugleiðum:

1. Ísafjörður — Reykjanes — Arngerðareyri — Melgraseyri — Bæir — Ísafjörður
2. Ísafjörður — Reykjanes — Reykhólar — Ísafjörður
3. Ísafjörður — Þingeyri — Ísafjörður.

Samgönguráðuneytið, 20. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

16. janúar 1979. Nr. 62.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum tímabilið 16. janúar 1979 til 31. desember 1983.

Akureyri — Siglufjörður — Akureyri
Akureyri — Grímsey — Akureyri
Akureyri — Kópasker — Akureyri
Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 16. janúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

---

29. september 1981. Nr. 568.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands á tímabilinu 1. október 1981 til ársloka 1984:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri
Akureyri — Þórshöfn — Akureyri.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 29. september 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Sþ. 770. Tillaga til þingsályktunar [344. mál]

um endurreisn Viðeyjarstofu.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu. Byggingin verði færð í upprunalegt horf, en við það miðað að þar megi stunda veitingarekstur og ráðstefnuhald. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986, en þá verða liðnar tvær aldir frá því að höfuðborg Íslands fékk kaupstaðarréttindi. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga 1985.

Greinargerð.

„Viðey á engan sinn líkan sunnan lands. Þar er gnótt af kjarnmiklu grasi, og er hægt að fóðra þar fjölda kúa, kinda og hesta. Aragrúi er þar viltra fugla eggjataka og æðardúnn. Í fjörunni er kræklingur og gnótt hrognkelsa, flyðru og annarra sjófiska uppi undir landsteinum. Eyjan liggur uppi undir landi, innanskerja að kalla má, svo að sjór er þar oftast kyrr.“

Þannig lýsir Eggert Ólafsson Viðey í Ferðabók sinni. Eyjan var kostaland og höfuðdjásn í landnámi Ingólfs. Hún hefur komið við sögu ýmissa merkisviðburða þjóðarsögunnar. Þar var, að frumkvæði Þorvalds, föður Gizurar jarls, efnt til klausturhalds árið 1226 og hélst svo framundir siðaskipti. Viðeyjarklaustur var vígt Ágústínusarreglu (svartmunka) og voru siðir þess sóttir til heilags Ágústínusar kirkjuföður (d. 430).

Samkvæmt fornum máldögum var Viðeyjarklaustur auðugast hinna níu klaustra á Íslandi í kaþólskum sið. Helstu bújarðir, þar sem nú standa Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes og Mosfellssveit, heyrðu til klaustrinu. Þegar Danakonungur sölsaði undir sig eignir klaustranna í skjóli siðbótar reyndust þær vera 556 jarðir, þar af 116 í eigu Viðeyjarklausturs. Þar var því mikill auður í búi.

Meðal sögufrægra ábóta, sem setið hafa Viðey, má nefna Ögmund Pálsson, seinasta Skálholtsbiskupinn í kaþólskum sið. Við siðaskiptin dró til tíðinda í Viðey þegar Jón biskup Arason á Hólum flæmdi hirðstjóra Dana, Laurentíus Mule, burt úr eynni og orti af því tilefni:

Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur
víða trúi ég hann svamli, sá gamli.
Við Dani var hann djarfur og hraustur
og dreifði þeim á flæðarflaustur
með brauki og bramli.

Upp úr siðaskiptum lagðist af klausturhald í Viðey. Fer eftir það fáum sögum af staðnum í tvær aldir þangað til Skúli landfógeti settist þar og gerði garðinn frægan á ný. Skúli valdi „Innréttingunum“ samastað í „Hólminum“ þar sem nú heitir Reykjavík. „Var þar eigi önnur bygging fyrir en bæjarhús nokkur og hrörlegir moldarkofar,“ segir Jón Aðils í sögu Skúla fógeta.

„Stofnanir Skúla fógeta voru fyrsti vísir Reykjavíkurbæjar. Mætti því vel telja hann annan höfund Reykjavíkur, sé Ingólfur talinn fyrstur,“ segir Aðils. Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar.

Fyrir skömmu eignaðist Reykjavíkurborg bróðurpart eyjarinnar. Í borgarstjórn eru uppi hugmyndir um að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Er það vel til fundið. Viðeyingafélagið og Snarfari, félag skemmtibátaeigenda, njóta nú þegar nokkurrar aðstöðu í eynni.

Sjálf Viðeyjarstofa og nokkur landspilda umhverfis hana er hins vegar ríkiseign. Viðeyjarstofa er í umsjá þjóðminjavarðar og miðar hægt endurreisn stofunnar. Fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu vakir að hraða þessu endurreisnarstarfi, enda verði veittir til þess nauðsynlegir fjármunir á fjárlögum 1985 og 1986.

Þann 18. ágúst 1986 verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Af því tilefni væri við hæfi, þótt seinna komi til ákvörðunar, að íslenska ríkið færi höfuðborg sinni að gjöf eignarhluta sinn í Viðey og endurreista Viðeyjarstofu til minningar um Skúla fógeta, föður Reykjavíkur.

Fylgiskjal I.

Um Viðeyjarkirkju.
eftir Eggert Ólafsson

Þú er orðin fjalafá
fúinn sérhver raftur.
Hvað mun dagurinn heita sá
er hefst þín bygging aftur?

(Eggert Ólafsson, Kvæði, bls. 196)

Fylgiskjal II.

Vísur um húsið í Viðey.
eftir Þorberg Jónsson Isenfeld (Lbs. 162, 8vo bls. 57)

Hjer er verið hús að byggja,
Af höldum kuldann tekur senn,
Að því gera allir hyggja
Aðkomandi og heimamenn,
Með steinum múrs er stofnað nett,
Strax á eftir kalki slett.
Musteri slíkt af manna höndum
Mun ei sjást á Norðurlöndum.

Álnir mælast alt í kringum
Eitt smáthundrað sex og tvær,
Ramlega bygt af rekkum slingum
Reiknast furðuverki nær.
Stafir sjö skulu standa þar
Og sterkmúraðir skorsteinar.
Hæð á múrum höldar inna
Heilar sjö en ekki minna.

Kakalóna kappar brúka
Kátir öllum stofum í,
Upp úr þeim skal ætíð rjúka,
Svo enginn fái grand af því.
Hitinn gleður hölda líf,
Hressir þjáða menn og víf.
Bæði má þar brugga og sjóða
Brennivín og rjetti góða.

Ed. 771. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

I.

Þegar bygging járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og samningurinn við Elkem-Spigerverket var til umræðu á Alþingi 1977 beitti Alþýðubandalagið sér gegn því máli. Af hálfu Alþýðubandalagsins var því þá m. a. haldið fram að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins væri mjög ótraustur, flest tákn bentu til þess að hallarekstur yrði á fyrirtækinu þrátt fyrir það að orkuverð, sem verksmiðjan ætti að greiða, væri undir framleiðslukostnaði. Þingflokkur Alþýðubandalagsins benti einnig á að ýmis atriði í samningnum við Elkem væru okkur óhagstæð. Þar hefði ekki verið nógu vel staðið að okkar hlut. Frumvarp þetta, sem iðnaðarráðherra leggur nú fram, er staðfesting á því að Alþýðubandalagið hafði á réttu að standa. Það felur í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera sérstakar ráðstafanir vegna uppsafnaðs taps fyrirtækisins sem nú nemur 390 millj. ísl. króna. Í árslok 1982, eftir 5 ára rekstur var uppfært heildartap á tapreikningi 39,7 millj. USD, 1160 millj. ísl. kr. 55% af því eru 640 millj. kr. (11 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu).

Alþingi stendur nú frammi fyrir því að flest, sem sagt var um rekstrarhæfni þessa fyrirtækis af rekstrarsérfræðingum og stuðningsmönnum málsins í ríkisstjórn og á Alþingi um það að hér væri á ferðinni mjög arðbært fyrirtæki sem mundi skila verulegum arði, hefur reynst haldlaust.

Í þessari stöðu, sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks 1974—78 kom þjóðinni í, eru flestir kostir vondir. Sýnu verst er þó að stöðva rekstur fyrirtækisins. Það verður því ekki undan því vikist að fram fari fjárhagsleg endurskipulagning á fyrirtækinu til þess að gera tilraun til að koma því á viðunandi, heilbrigðan rekstrargrundvöll. Fyrirtækið er stór þáttur í atvinnulífi fjölmenns héraðs og þjóðin er bundin miklum skuldbindingum vegna fjárfestinga í þessu fyrirtæki og í orkufyrirtækjum sem því tengjast.

Hvort sú endurskipulagning, sem nú er lagt til að farin verði, er sú æskilegasta má deila um. Mér virðist það vera augljóst mál að með því að bæta við þriðja eignaraðilanum að fyrirtækinu verði meirihlutaaðstaða ríkisins erfiðari á þann veg að hætt sé við að fyrirtækin Elkem og Sumitomo verði sameiginlega sterkari sem minni hluti gegn ríkinu heldur en Elkem var eitt áður. Þessi ókostur virðist hafa komið strax fram í sambandi við gerð samningsins við Sumitomo. Svo virðist sem þessi fyrirtæki hafi staðið bróðurlega saman að því að halda inni og skipta á milli sín þeim ágóðahlut úr rekstri fyrirtækisins sem Elkem hafði náð með samningunum við stofnun fyrirtækisins.

Á fundi iðnaðarnefndar deildarinnar voru viðskipti Járnblendifélagsins við Elkem og Sumitomo rædd. Til orðræðu og upplýsinga við nefndina voru mættir Jón Sigurðsson forstjóri járnblendiverksmiðjunnar, Ragnar Árnason hagfræðingur og Jóhannes Nordal seðlabankastjóri. Þar kom m. a. fram að svokallað tæknigjald, sem verksmiðjan hefur greitt til Elkem, 3% af söluandvirði, skal óbreytt standa í nýju samningunum. Fram kom að gjald sem þetta væri algengt í viðskiptum óskyldra aðila 0,5—1,5% og hefði því alltaf verið af öðrum toga en sem raunverulegt tæknigjald, — þ. e. aukagreiðsla til Elkem út úr rekstri fyrirtækisins. Það kom fram í ræðu iðnaðarráðherra við 1. umr. málsins hér í deildinni, svo og einnig í greinargerð frumvarpsins, að Sumitomo hefði ekki talið ástæðu til að lækka þetta gjald. Þessi afstaða Sumitomo til greiðslu svo mikils tæknigjalds til Elkem er að mínu mati

ábending um það að ástæða sé til að varast tilhneigingu þessara eignaraðila um sameiginlega afstöðu þeirra gegn réttmætum leiðréttingum þegar íslenska ríkið þarf að sækja sinn rétt.

Eins og iðnaðarráðherra sagði við 1. umr. málsins hefur rekstur járnblendiverksmiðjunnar gengið vel að öðru leyti en því að fyrirtækið hefur tapað allan sinn rekstrartíma. Það mundi sums staðar ekki þykja góður rekstur. Hvað er það þá sem hefur gengið vel? Það sem hefur gengið vel er tæknilegur rekstur verksmiðjunnar. Verksmiðjan getur skilað mun meiri afköstum en ráðgert var og hefur gert það þegar söluaðstæður hafa verið góðar. Bilanatíðni í verksmiðjunni er í lágmarki. Gangsetning ofna verksmiðjunnar tók mjög stuttan tíma. Fyrri ofninn var kominn í full afköst eftir hálfan mánuð og sá síðari eftir svipaðan tíma. Ekki er talið neitt óeðlilegt við það að gangsetning slíkra ofna taki allt upp í 6 mánaða tíma.

Ég tel mig geta fullyrt það að þessi góði tæknilegi rekstur verksmiðjunnar er fyrst og fremst því að þakka að verksmiðjan hefur á að skipa mjög góðu starfsliði sem hefur tileinkað sér þau vinnubrögð sem við á og kunna þarf. Það er því harla neikvætt þegar möguleiki gefst til þess að endurskoða greiðslu 3% tæknigjalds til Elkems að þáttur starfsliðsins, sem að ofan greinir og sem hefur forðað fyrirtækinu frá enn stórkostlegra tapi á undanförnum árum, skuli ekki koma fram í lækkuðu tæknigjaldi til Elkem. Ástæðan kann að vera sú að samningamenn okkar sömdu af sér 1976—77 í sambandi við þennan þátt, sem og fleiri í þessu máli, og Elkem fær nú Sumitomo til að halda þessu inni með því að bjóða því bandalag gegn samningamönnum okkar nú og íslenska ríkinu.

Elkem hefur fengið 40 norskar kr. á tonn, eða um 1% af söluandvirði sem sölugjald fyrir að annast sölu á framleiðslu verksmiðjunnar. Nú mun Sumitomo kaupa fyrir aðila sér tengda 20 þús. tonn af ársframleiðslunni. Samkv. hinum nýja samningi mun Sumitomo fá þetta sölugjald, þ. e. 40 norskar kr. á tonn á þá framleiðslu er fyrirtækið selur sínum aðilum í Japan, — þótt varla sé þar um venjulega sölustarfsemi að ræða.

Þá er þess að geta að full ársafköst verksmiðjunnar eru 54—56 þúsund tonn. Með þessum samningi er ekki trygging fyrir sölu á þeirri framleiðslu, en slíkt hefði mjög bætt líkur á því að verksmiðjan bæri sig.

II.

Vandamál Íslenska járnblendifélagsins (ÍJ) kom til kasta ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens snemma árs 1982. Í skýrslu starfshóps, sem iðnaðarráðherra skipaði og lögð var fram í mars 1982, kom fram að fjárhagsvandi fyrirtækisins væri afar mikill eða af svipaðri stærðargráðu og sú endurfjármögnun sem nú er gerð tillaga um.

Á síðari hluta árs 1982 hóf iðnaðarráðuneytið og Elkem viðræður sín á milli um framtíðarlausn fjárhagserfiðleika ÍJ og 1. nóv. 1982 féllst ráðuneytið á það fyrir sitt leyti að hafnar yrðu viðræður við japanska fyrirtækið Sumitomo (sbr. fylgiskjal I), fyrst og fremst með það fyrir augum að koma á langtíma sölusamningi við Sumitomo. Lagði iðnaðarráðuneytið þá á það áherslu að í kjölfar verulegra breytinga á samstarfi þáverandi hluthafa væri eðlilegt að taka til endurskoðunar ákvæði í samstarfssamningum aðila sem snertu **sölumál, orkukaup** og **tæknisamvinnu** (sbr. aftur fylgiskjal I, 3. lið).

Í þeim þríhliða viðræðum við Sumitomo og Elkem, sem í kjölfarið fylgdu, voru þessi sjónarmið ítrekuð af Íslands hálfu og nánar útfærð. Þetta kemur skýrt fram í greinargerð um stöðu samningaviðræðna sem samningamenn Íslands rituðu ráðherra 25. maí 1983 og prentuð er sem fylgiskjal með þessu áliti. Þar er afstöðu Íslands lýst sem hér segir:

1) Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að ÍJ ef vissum skilyrðum, til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og ÍJ, er fullnægt.
2) Helstu atriði af þessu tagi eru:
   (i) Ísland haldi meirihlutaeign sinni í ÍJ.
   (ii) Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að ÍJ.
   (iii) Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu ÍJ, t. d. 15—20 þús. tonn árlega á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.

(iv) Full nýting afkastagetu ÍJ verði tryggð.
(v) Samningar ÍJ og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. (Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0,5% og söluþóknun lækki eða falli niður).
(vi) Rafmagnssamningur ÍJ og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum.
  (a) Forgangsorkuverð hækki í 17,5 mill.
  (b) Orkuverðið verði verðtryggt.
  (c) Orkuverðið verði ákveðið í SDR.
  (d) Hlutfalli forgangs- og afgangsorku verði hugsanlega breytt.
(vii) ÍJ taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna.

Síðan er rætt um þá endurfjármögnun ÍJ sem nauðsynleg yrði og því lýst að í tengslum við hana sé lagt til að Ísland geri eftirtaldar kröfur:

1. Endurgreiðsla sérstaks vaxtalauss hluthafaláns verði eins hröð og greiðslustaða fyrirtækisins leyfir.
2. Ísland eigi kost á því að breyta útistandandi sérstöku hluthafaláni í hlutabréf á sama verði og Sumitomo kaupir þau.
3. Skattinneign (tapsreikningur) ÍJ í árslok 1983 verði felld niður. (Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands.)
4. Hluti af hagnaði fyrirtækisins á næstu árum verði lagður í innlendan fjárfestingarsjóð.

Í bréfi 23. maí 1983 (fylgiskjal III) fól ráðherra sérstakri samninganefnd að framfylgja ofangreindum sjónarmiðum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um samningsramma kemur í ljós að þar fer fjarska lítið fyrir þessum hagsmunamálum Íslands:

1) Full nýting afkastagetu ÍJ er ekki tryggð.
2) Tæknigjaldið hefur ekki verið lækkað.
3) Í gildandi rafmagnssamningi á milli Landsvirkjunar og ÍJ eru ákvæði um endurskoðun, m. a. ef breytingar verða á hlutfallslegu orkuverði hér á landi og á erlendum mörkuðum (sbr. fylgiskjal IV). Frá því að rafmagnssamningurinn var undirritaður í júlí 1979 hafa einmitt mjög verulegar breytingar átt sér stað á þessu hlutfalli. Í þeim samningsramma, sem upplýst hefur verið um, er hins vegar vikið að raforkuverðinu gagnvart þriðja aðila með þeim hætti að erfitt er að túlka það öðruvísi en svo að Ísland falli frá endurskoðunarréttinum, a. m. k. um nokkurra ára skeið. Hvað raforkuverðið snertir kann því að vera um hreina afturför að ræða.
4) Ávinningur hvað söluþóknun og þátttöku Íslands í sölumálum snertir er hverfandi.
5) Skattinneign (þ. e. tapsreikningur ÍJ) hefur ekki verið lækkuð, hvað þá heldur felld niður, þrátt fyrir að tap fyrirtækisins eigi nú að jafna með óafturkræfum framlögum. Þessi reikningur er nú í námunda við 1200 millj. kr. Niðurfelling hans hefði því getað aukið tekjuskattstekjur Íslands af rekstri fyrirtækisins um allt að 600 millj. kr.

III.

Það ber að vona að þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, nái tilætluðum árangri og fjárhagslegur rekstur fyrirtækisins á næstu árum og áratugum verði ekki með þeim hætti sem verið hefur hingað til. Sú niðurstaða er þó engan veginn tryggð. Staða félagsins nú og nauðsyn á endurfjármögnun er staðfesting á að gagnrýni Alþýðubandalagsins á samningana 1976—77 var rétt.

Það endurtekur sig enn, með þeim samningum sem nú er verið að gera, að samstarfsaðilarnir fleyta rjómann af samningnum. Hér er það fyrst og fremst Elkem sem hefur komið ár sinni vel fyrir borð, það minnkar sínar skuldbindingar án þess að missa nokkrar tekjur. Í þessu sambandi vil ég tilfæra hér eftirfarandi úr nefndaráliti Ingvars Gíslasonar í Nd. 1977 er frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var þar til umræðu:

„Elkem-Spigerverket er myndarlegt og traust fyrirtæki, en engin góðgerðarstofnun fremur en við er að búast. Það er ekki eins og að hafa himin höndum tekið að þurfa í slíkum viðskiptum sem þessum að hrekjast frá einum auðhringnum til annars, hvort sem hann á heimilisfang í New York eða Osló.“ Nú mætti bæta hér við Tokyo.

Því verður ekki á móti borið að samningsaðstaða okkar hefur verið erfið við þessa samningsgerð. Stór hluti þeirra erfiðleika var vegna þess að fyrri samningur var óhagstæður. Sömu flokkar báru málið fram þá og eru nú í reynd að viðurkenna sín eigin mistök. Samningsstaðan nú var þó ekki það erfið að hún réttlæti þá eftirgjöf sem í þeim felst.

Enda þótt margir og stórir gallar, eins og sagt hefur verið, séu í þeim samningsramma sem undirritaður hefur verið tel ég þó að í hinni fjárhagslegu endurskipulagningu felist nokkur ávinningur fyrir Íslenska járnblendifélagið. Ég mun því ekki leggjast gegn framgangi frumvarpsins heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. maí 1984.
Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

BRÉF IÐNAÐARRÁÐUNEYTISINS TIL ELKEM

Elkem A/S
Hovedkontoret
Middenthusgate 27
Postboks 530, OSLO 3,
NORGE

I/152 Nov. 1, 1982

Att.: Dir. Rolf Nordheim
Dir. Gunnar Viken
Copy: Dir. J.P. Romsaas

Referring to our meeting in the Ministry of Industry on October 7, 1982, The Ministry confirms the following:

1. The Ministry of Industry is in agreement that discussions be taken up with a Japanese party with a view to securing in a greater extent the basis for the sale of products of Icelandic Alloys and its operating results in the future.
   In the Ministry's opinion it is appropriate that both shareholders of Icelandic Alloys, Elkem and the Government of Iceland, be represented in such discussions.
2. The principal goal of the discussions should be to establish a long-term contract for sales of ferrosilicon to Japan on terms which may be considered favourable to Icelandic Alloys. The Ministry can accept partial ownership of the Japanese party in the Company as a part of such arrangement, provided always that the Government of Iceland would maintain its majority position. The Ministry feels that it would be desirable to effect such new participation by an increase in the share capital.
3. In view of the changes which would follow from the above arrangement for the cooperation of the present shareholders and the operating conditions of the Company, the Ministry is of the opinion that it would be reasonable to take up for consideration some desirable or necessary changes in the present contracts, i. a. regarding marketing, purchase of power and technical cooperation.

The proposed discussions must not, however, affect the established policy of the present shareholders of the Company to safeguard the financial status and continuous operation of Icelandic Alloys.

Very truly yours,
Hjörleifur Guttormsson
Minister of Industry.

(Þýðing úr ensku.)

Með tilvísun til fundar okkar í iðnaðarráðuneytinu hinn 7. október 1982 staðfestir ráðuneytið eftirfarandi:

1. Iðnaðarráðuneytið fellst á að teknar séu upp viðræður við japanskan aðila með það fyrir augum að tryggja betur grundvöllinn fyrir sölu framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins og rekstrarafkomu þess í framtíðinni.

   Að áliti ráðuneytisins er viðeigandi að báðir hluthafarnir í Íslenska járnblendifélaginu, Elkem og ríkisstjórn Íslands, eigi fulltrúa í slíkum viðræðum.
2. Helsta markmið viðræðnanna ætti að vera að gera langtímasamning um sölu járnblendis til Japans með skilmálum sem telja má hagstæða fyrir Íslenska járnblendifélagið. Ráðuneytið getur fallist á hlutdeild japanska aðilans í félaginu sem hluta slíks samnings, en jafnan að því tilskildu að ríkisstjórn Íslands haldi meirihlutaaðstöðu sinni. Ráðuneytið telur að æskilegt væri að framkvæma slíka nýja þátttöku með aukningu hlutafjár.
3. Með tilliti til þeirra breytinga, sem framangreint fyrirkomulag mundi leiða af sér fyrir samvinnu núverandi hluthafa og rekstrarskilyrði félagsins, er ráðuneytið þeirrar skoðunar að skynsamlegt mundi vera að taka til athugunar æskilegar eða nauðsynlegar breytingar á núverandi samningum, m. a. varðandi sölu, orkukaup og tæknisamvinnu.

Hins vegar mega væntanlegar viðræður ekki hafa áhrif á markaða stefnu núverandi hluthafa félagsins varðandi það að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur Íslenska járnblendifélagsins.

Virðingarfyllst,
Hjörleifur Guttormsson
iðnaðarráðherra.

(Þýðinguna staðfestir Hilmar Foss,
löggiltur skjalaþýðandi og dómtúlkur.)

Fylgiskjal II.

Iðnaðarráðuneytið
25. maí 1983.

MÁLEFNI ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF.

(Stöðuskýrsla til ráðherra.)

1. Inngangur

Rekstrarafkoma Íslenska járnblendifélagsins (ÍJ) hefur verið afar slæm allar götur síðan 1980. Samanlagt rekstrartap á árunum 1980—1982 reyndist nálægt 200 millj. norskra kr. Markaðsörðugleikar vegna efnahagskreppunnar; bæði sölutregða afurða og lágt verð á því magni sem tekist hefur að selja, valda hér mestu um. Tæknilegur rekstur hefur hins vegar verið með ágætum.

Talsvert hefur rofað til í rekstri fyrirtækisins á þessu ári, sérstaklega frá og með öðrum ársfjórðungi. Eftirspurn hefur verið góð. Verksmiðjan er nú rekin á fullum afköstum og söluverð afurða hefur hækkað um næstum þriðjung. Áætlað rekstrartap á árinu 1983 er nálægt 30 millj. norskra kr.

Vorið 1982 veitti Alþingi heimild til að ÍJ yrði veitt fjárhagsaðstoð úr ríkissjóði, bæði með beinum framlögum í formi hluthafalána og ríkisábyrgð á lántökum fyrirtækisins erlendis. Aðstoð þessi var veitt gegn því að hinn eignaraðilinn, Elkem A/S, legði fram samsvarandi aðstoð.

Nú hefur fyrirtækið fengið þá fjárhagsaðstoð úr ríkissjóði sem heimild er fyrir og stendur það nokkuð á endum að hún dugi til að fleyta fyrirtækinu yfir rekstrarerfiðleika efnahagskreppunnar og yfir í betra árferði sem nú er spáð á næstu árum.

Vegna hins mikla taps, sem ÍJ hefur orðið að þola á liðnum árum, er skuldbyrði fyrirtækisins hins vegar nú orðin mjög þung og vaxtaábyrgð afar mikil. Jafnframt er óvarlegt að gera ráð fyrir því að Elkem A/S takist verulega betur að koma afurðum fyrirtækisins í verð í efnahagskreppu framtíðarinnar. Af þessum sökum eru afkomuhorfur fyrirtækisins í framtíðinni ótryggar, svo ekki sé meira sagt, verði ekki ráðin bót á þeim fjárhagslegu og rekstrarlegu veikleikum sem lýst hefur verið.

2. Hugsanleg þátttaka þriðja aðila í ÍJ

Í því skyni að freista þess að ráða bóta á rekstrarerfiðleikum ÍJ til frambúðar hófu eignaraðilarnir, íslenska ríkið og Elkem A/S, viðræður við Sumitomo Corporation í lok árs 1982 um hugsanlega þátttöku síðastnefnda aðilans í rekstri ÍJ. Elkem A/S átti frumkvæðið að þessum viðræðum. Elkem átti þá, og á raunar enn, í miklum fjárhagserfiðleikum og hefur hug á að selja Sumitomo hluta af hlutafé sínu í ÍJ (allt að 25% af 45% eign Elkem) með þeim skilyrðum að söluandvirði renni til fjárstuðnings við ÍJ og gegn því að Sumitomo taki við verulegum hluta af framleiðslugetu ÍJ á viðunandi verði.

Þrír viðræðufundir þessara þriggja aðila hafa nú verið haldnir og er sá fjórði áætlaður á Íslandi í fjórðu viku júní n. k. Einnig hafa verið haldnir allmargir samráðsfundir íslenska eignaraðilans og Elkem.

Í viðræðum þessum hefur íslenski aðilinn lagt áherslu á eftirfarandi:

1) Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að ÍJ ef vissum skilyrðum til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og ÍJ er fullnægt.
2) Helstu atriði af þessu tagi eru:
   (i) Ísland haldi meirihlutaeign sinni í ÍJ.
   (ii) Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að ÍJ.
   (iii) Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu ÍJ, t. d. 15—20 þús. tonn árlega á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.
   (iv) Full nýting afkastagetu ÍJ verði tryggð.
   (v) Samningar ÍJ og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. (Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0,5% og söluþóknun lækki eða falli niður).
   (vi) Rafmagnssamningur ÍJ og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum:
      (a) Forgangsorkuverð hækki í 17,5 mill.
      (b) Orkuverðið verði verðtryggt.
      (c) Orkuverðið verði ákveðið í SDR.
      (d) Hlutfalli forgangs- og afgangsorku verði hugsanlega breytt.
   (vii) IJ taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna.

Viðræðurnar hafa leitt í ljós að möguleikar virðast á samkomulagi við Sumitomo sem orðið getur ÍJ og íslenska eignaraðilanum mikil hagsbót. Til þess að slíkt samkomulag nái fram að ganga virðist þó nánast nauðsynlegt að fram fari mjög veruleg endurfjármögnun fyrirtækisins í því skyni að auka líkurnar á jákvæðri rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Japanski aðilinn gerir þessa endurfjármögnun og arðsemi fyrirtækisins nánast að skilyrði fyrir þátttöku sinni. Á hinn bóginn virðist hann reiðubúinn til að fullnægja óskum Íslands hvað sölusamning snertir. Einnig er þess að geta að hagsmunir hans og Íslands fara saman hvað kröfur gagnvart Elkem, varðandi sölumál og tæknigjald, snertir. Endurfjármögnun ÍJ þýðir að líkindum verulegar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar af Íslands hálfu. Þessar skuldbindingar má skoða sem nýja fjárfestingu og meta arðsemi hennar. Þeir reikningar, sem unnir hafa verið, benda til þess að endurfjármögnun sem þáttur í langtímasölusamningi við Sumitomo geti verið íslenska eignaraðilanum mjög hagstæð.

3. Endurfjármögnun ÍJ

Sú hugmynd að endurfjármögnun, sem rædd hefur verið, gæti litið út sem hér segir miðað við hámarksupphæðir:

Hluthafalánum breytt í hlutafé	117 millj. norskar kr.
Nýtt hlutafé frá Íslandi	88 millj. norskar kr.
Nýtt hlutafé frá Elkem og Sumitomo	72 millj. norskar kr.
Sérstakt hluthafalán frá Íslandi	43 millj. norskar kr.
Samtals	320 millj. norskar kr.

Endanleg heildarupphæð endurfjármögnunarinnar gæti verið heldur lægri en hér er nefnt, eða á bilinu 250—320 millj. norskar kr. Verði samkomulag um lægri heildarfjármögnun er líklegt að sérstakt hluthafalán frá Íslandi lækki fyrst en síðar ný hlutafjárframlög hlutfallslega.

Samkvæmt þessu gæti hlutur Íslands í endurfjármögnuninni numið frá 138—195 millj. norskra kr. Af þeirri upphæð hefur Alþingi þegar heimilað framlag 68 millj. norskra kr. Heimildar til viðbótarskuldbindinga að upphæð 70—127 millj. norskra kr. er því nauðsynlegt að afla.

Samkvæmt þeim hugmyndum, sem ræddar hafa verið, gæti fjármögnun þessarar upphæðar orðið tiltölulega auðveld. Til greina kemur að Ísland greiði fram sinn hlut með yfirtöku langtímaláns ÍJ. Útborganir Íslands næmu því aðeins vöxtum og afborgunum á ári hverju, þ. e. nálægt 16—29 millj. norskra kr. á ári. Sem fyrr segir benda reikningar til að frá sjónarmiði Íslands gæti endurfjármögnun með þessum hætti borgað sig hratt og vel. Í því sambandi skiptir mestu að tekjuskattur, sem einungis fellur Íslandi í skaut, getur orðið mjög verulegur árlega ef endurfjármögnunin gerir fyrirtækið eins arðbært og reiknað er með.

Varðandi endurfjármögnun með þeim hætti, sem lýst hefur verið, virðist sjálfsagt að Ísland geri eftirfarandi kröfur til viðbótar þeim sem lýst hefur verið:

1. Endurgreiðsla sérstaks vaxtalauss hluthafaláns verði eins hröð og greiðslustaða fyrirtækisins leyfir.
2. Ísland eigi kost á því að breyta útistandandi sérstöku hluthafaláni í hlutabréf á sama verði og Sumitomo kaupir þau.
3. Skattinneign (tapsreikningur) ÍJ í árslok 1983 verði felldur niður. (Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands.)
4. Hluti af hagnaði fyrirtækisins á næstu árum verði lagður í innlendan fjárfestingarsjóð.

Fylgiskjal III.

SKIPUNARBRÉF VIÐRÆÐUNEFNDAR VIÐ SUMITOMO OG ELKEM.

Iðnaðarráðuneytið
23. maí 1983

Ráðuneytið hefur ákveðið að setja á fót nefnd til að annast viðræður við Sumitomo Corporation og Elkem A/S varðandi hugsanleg kaup fyrrnefnda fyrirtækisins á hluta af hlutafjáreign hins síðarnefnda í Íslenska járnblendifélaginu hf. og langtímasamning um kaup Sumitomo á afurðum Íslenska járnblendifélagsins.

Nefndin skal í starfi sínu kappkosta að tryggja hagsmuni Íslands. Er í því sambandi m. a. vísað til bréfs ráðuneytisins til Elkem A/S, dags. 1. nóvember 1982, og enn fremur eftirfarandi atriða:

1) Rekstrarafkomu og rekstraröryggis Íslenska járnblendifélagsins.
2) Fjárútláta ríkissjóðs til Íslenska járnblendifélagsins og skuldabyrði landsins út á við.
3) Arðs og skatttekna ríkissjóðs af rekstri Íslenska járnblendifélagsins.
4) Verðs á raforku til Íslenska járnblendifélagsins.
5) Greiðslu tæknigjalds og söluþóknunar til Elkem.
6) Stefnu stjórnvalda varðandi framtíð orkufreks iðnaðar á Íslandi.

Nefndin skal gera ráðherra grein fyrir stöðu mála og starfi sínu með reglubundnum hætti.

Í nefndina eru skipaðir: Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, formaður, Hermann Sveinbjörnsson deildarstjóri og Ragnar Árnason hagfræðingur.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður ákveðin af „Þóknananefnd fjármálaráðuneytisins".

Hjörleifur Guttormsson.

Árni Þ. Árnason.

Fylgiskjal IV.

ÚR RAFMAGNSSAMNINGI MILLI LANDSVIRKJUNAR OG ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF.

21. gr. — Samningstími

(1) Samningur þessi öðlast gildi við undirritun af hálfu aðila hinn 28. maí 1975 og skal haldast í gildi hér eftir, eins og honum hefur verið breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn, um tuttugu (20) ára skeið frá fyrsta afhendingardegi rafmagns að telja („samningstími"), en falla þá úr gildi án uppsagnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu aðilarnir þó hafa lokið viðræðum varðandi framlengingu á samningi þessum um ekki minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum sem báðir geti fellt sig við.

(2) Ákvæði 11. gr. um verð eru sett með hliðsjón af ástandi því sem búist er við á mörkuðum fyrir raforku og í samkeppni innan ferrosilikoniðnaðarins á gildistíma samnings þessa. Ef verulegar breytingar verða á því ástandi eftir gildistöku samningsins, einkum að því er varðar (a) hlutfallslega afstöðu milli orkuverðs á Íslandi og á erlendum mörkuðum er þjóna orkufrekum iðnaði, (b) gengisskráningu þeirra gjaldmiðla sem máli skipta um starfsemi aðilanna, eða (c) samkeppnisaðstöðu bræðslunnar á erlendum mörkuðum hennar að því er tekur til orkuverðs og ef framangreind ákvæði verða bersýnilega ósanngjörn gagnvart öðrum hvorum aðilanum vegna þessara breytinga, getur sá aðilanna krafist þess að samningar verði teknir upp um breytingu á þessum ákvæðum. Sérhver slík breyting skal gilda í minnst fimm almanaksár, nema um annað semjist þegar hún er gerð.

Ed. 772. Nefndarálit [319. mál]

um frv. til l. um kvikmyndamál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á þremur fundum. Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Kvikmyndasafns. Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis kom einnig á fundi nefndarinnar.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um svonefnda kvikmyndalögsögu og hvort gera ætti erlendum fyrirtækjum, sem hingað koma til að vinna að meiri háttar verkefnum, að greiða einhvers konar aðstöðugjald er rynni til íslenskrar kvikmyndagerðar. Hugtakið kvikmyndalögsaga mun ekki til í alþjóðarétti og fyrir liggja takmarkaðar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum. Þótti því að svo stöddu rétt að hafa í lögunum heimildarákvæði til handa ráðherra að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila hér á landi að undangenginni ítarlegri athugun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen og Salome Þorkelsdóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Eiður Guðnason, frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.		Ragnar Arnalds.

Ed. 773. Breytingartillögur [319. mál]

við frv. til l. um kvikmyndamál.

Frá menntamálanefnd.

Við 2. gr. 1. tl. orðist svo:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
2. Við 3. gr. Í stað „Félags íslenskra leikara“ komi: Bandalags íslenskra listamanna.
3. Við 7. gr. Síðari mgr. orðist þannig:

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins en fela skal a. m. k. einum af starfsliði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.

4. Við 8. gr. Síðari mgr. orðist þannig:

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þar sem m. a. skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin.

5. Við 10. gr. Greinin falli niður.
6. Við 12. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

7. Á eftir 12. gr. bætist við svofellt **Ákvæði til bráðabirgða:**

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.

Sþ. 774. Fyrirspurnir. [345. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um álver við Eyjafjörð.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hver er staða umhverfisrannsókna vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Eyjafjörð?
2. Hvenær verður þessum rannsóknum lokið, hve mikið hafa þær kostað til þessa, hve mikið er áætlað að þær kosti í heild og hver borgar þær?
3. Hvaða veðurfræðileg og haffræðileg gögn verða notuð við mat á mengunarhættu frá álveri við Eyjafjörð og yfir hvaða tímabil ná þær rannsóknir sem gögnin yrðu byggð á?
4. Á hvaða stigi eru viðræður við erlenda aðila um rekstur álvers við Eyjafjörð og um hversu stórt álver er rætt?
5. Ef álver verður ekki reist við Eyjafjörð er þá í athugun uppbygging annars konar iðnaðar þar og þá hvers konar?

II. Til fjármálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um samræmingu á mati og skráningu fasteigna.

Frá Gunnari G. Schram og Karvel Pálmasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um samræmingu á mati og skráningu fasteigna sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981, en með henni fól Alþingi ríkisstjórninni að láta hraða undirbúningi þess að komið verði á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum sem annast mat og skráningu á fasteignum í landinu?

Ed. 775. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. maí.)

1. gr.

20. gr. laganna falli niður.

2. gr.

23. gr. (verður 22. gr.) orðist svo:

Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á landi sínu og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingarkostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst 1 hektari;
2. að fyrir liggi yfirlýsing skógræktarstjóra um, að landið sé vel fallið til skógræktar.

3. gr.

Á eftir III. kafla komi nýr kafli, sem verði IV. kafli, með fyrirsögninni: Um ræktun nytjaskóga á bújörðum og orðist svo:

a. (24. gr.)

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar

greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.

b. (25. gr.)

Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a) Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd, er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun, skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
b) Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð, áður en styrkur er greiddur.

c. (26. gr.)

Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað, má taka hann lögtaki.

Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.

d. (27. gr.)

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi, sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum, sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga, skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi, að ræktun nytjaskógar hafi mistekist, getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist, er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi 4/5 af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

e. (28. gr.)

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins, er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a) að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.

b) að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

f. (29. gr.)

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns, skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

g. (30. gr.)

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði, sem skógræktaráætlunin tekur til, skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

h. (31. gr.)

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögur til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

4. gr.

IV. kafli laganna (Um Skógræktarfélag Íslands) verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli.

Töluröð greina í lögunum breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 776. Lög [135. mál]

um breyting á lögum nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 172.

Nd. 777. Frumvarp til lögræðislaga. [83. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 88 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Nú telur sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara, þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst, um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim er málið varðar kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytis, sbr. 17. gr., skal fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a-, c-, d- og e-liða 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

17. gr. hljóðar svo:

Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfar trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar. Nefndina skipa lögmaður, sem er formaður hennar, geðlæknir og einn fulltrúi hins almenna borgara. Varamenn séu jafnmargir.

Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni er þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkvæmt 13. gr. Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Nefndin setur sér vinnureglur sem samþykktar eru af ráðherra.

18. gr. hljóðar svo:

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins skal veita þeim, sem vistaður er á sjúkrahúsi, sbr. 14.—17. gr., gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins til vistunar hans.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara er greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður.

Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Ed. 778. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri komu á fund í nefndinni og veittu upplýsingar. Eftirtaldir aðilar sendu nefndinni umsagnir um málið: Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Neytendasamtökin, Samband hljómplötuframleiðenda (SHF) og Rithöfundasamband Íslands. Einnig barst nefndinni bréf frá Höfundaréttarnefnd og frá fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur áherslu á að gjaldtaka ríkisins verði lækkuð af þeim varningi sem getið er um í 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Salome Þorkelsdóttir og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.
Ey. Kon. Jónsson.
Eiður Guðnason.
Ragnar Arnalds.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 779. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10,00, en kr. 30,00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.

Nd. 780. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kemur frá efri deild á þskj. 683.

Jón Baldvin Hannibalsson og Halldór Blöndal voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.		Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 781. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kemur frá efri deild á þskj. 681.

Jón Baldvin Hannibalsson og Halldór Blöndal voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.		Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 782. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [339. mál]

í málinu: Till. til þál. um stöðvun framkvæmda við útvarpshús.

Frá Ingvari Gíslasyni, Kristínu Halldórsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

Þar sem efni þessa þingmáls er ekki á rökum reist og á sér enga raunhæfa stoð ályktar Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 783. Fyrirspurn [346. mál]

til iðnaðarráðherra um athugun á notkun varmadælna til húshitunar og verð á raforku til þeirra.

Frá Níelsi Á. Lund.

1. Hefur farið fram athugun á vegum iðnaðarráðuneytisins á notkun varmadælna til húshitunar, og ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar athugunar?
2. Hvert er raforkuverð til varmadælna samanborið við verð á raforku til húshitunar eftir öðrum leiðum?

Ed. 784. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir verulegum breytingum á stjórn Hafrannsóknastofnunar.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Egill Jónsson.	Karl Steinar Guðnason.	Tómas Árnason.

Ed. 785. Breytingartillögur [81. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari mgr. 13. gr. hljóði svo:
   Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Einnig ræður hann annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu

hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.
2. Við 1. gr. Síðasti málsl. 2. mgr. 15. gr. falli brott.
3. Við 1. gr. Upphaf 16. gr. hljóði svo: Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur o. s. frv.
4. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli brott.

Ed. 786. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að heimila stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa, sem verða afgreidd á árinu 1984, megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Nefndin kallaði á sinn fund forstjóra Fiskveiðasjóðs og formann L. Í. Ú. Þeir mæltu með því að frumvarpið yrði samþykkt.

Sjávarútvegsnefnd er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins þar sem hún telur nauðsynlegt við ríkjandi aðstæður að skuldbreyting á stofnlánum útgerðar og lenging lána verði framkvæmd sem allra fyrst.

Einnig leggur nefndin áherslu á að við setningu reglugerðar um þessi mál verði einnig tekið tillit til hinna smærri fiskiskipa, þannig að möguleikar til skuldbreytingar nái til allra yfirbyggðra (dekkaðra) fiskibáta.

Árni Johnsen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Egill Jónsson.	Karl Steinar Guðnason.	Tómas Árnason.

Sþ. 787. Tillaga til þingsályktunar [347. mál]

um þjóðarátak í trjárækt á 40 ára afmæli lýðveldisins.

Flm.: Gunnar G. Schram, Eiður Guðnason, Guðmundur Einarsson, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að 40 ára afmælis lýðveldisstofnunar á Íslandi verði minnst með þjóðarátaki í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli.

Greinargerð.

Á merkum tímamótum í sögu þjóðarinnar hefur trjá- og skógrækt oft verið ofarlega á baugi. Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Þingvöllum 1930 í tengslum við 1000 ára afmæli

Alþingis. Við stofnun lýðveldisins á Íslandi 1944 gekkst landsnefnd lýðveldiskosninga ásamt stjórn Skógræktarfélags Íslands fyrir stofnun Landgræðslusjóðs sem hefur leyst af höndum mörg og góð verkefni. Á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar var gerð sérstök landgræðsluáætlun fyrir árin 1974—78, en af þeirri þjóðargjöf var ekki varið nema 17% til skóg- og trjáræktar. Svipað hlutfall mun gilda á endurskoðaðri landgræðsluáætlun fyrir árin 1981—84.

Vegna hinnar nánu samvinnu, sem alla tíð hefur verið á milli Skógræktarfélags Íslands og Skógræktar ríkisins, hefur þátttaka almennings í trjá- og skógræktarmálum verið mjög mikil og vinna sjálfboðaliða í þágu trjá- og skógræktar nemur mörgum þúsundum dagsverka. Má því ætla að hlutur skógræktarfélaganna, sem eru rúmlega 30 að tölu víðs vegar um land, geti orðið drjúgur við þetta verkefni sem hér er gerð tillaga um. Enn fremur er líklegt að garðyrkjufélögin geti orðið virkir þátttakendur.

Í framhaldi af þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi 10 manna framkvæmdanefnd sem í ættu sæti þingmenn ásamt fulltrúum frá Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Sú nefnd legði fram framkvæmdaáætlun í stórum dráttum, en síðan kæmi til kasta sveitarstjórna víðs vegar um land að ákveða hvernig heppilegast væri að standa að framkvæmdum. Lögð verði áhersla á samstarf við einstök skógræktarfélög svo og önnur þau félagasamtök og einstaklinga sem vilja leggja málinu lið. Þáttur ríkisvaldsins yrði fyrst og fremst að leggja eitthvað af mörkum til kynningar og fræðslu varðandi átakið.

Æskilegt væri að starf Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna beindist á þessu ári sérstaklega að þessu marki með faglegum leiðbeiningum og útvegun plantna sé þess kostur.

Gera má ráð fyrir að skógræktarfélögin, einstaklingar og félagasamtök leggi fram töluverða sjálfboðavinnu, svo og að sveitarstjórnir muni leggja fram eitthvert fé í þessu skyni. Um framkvæmda- og fjárhagshliðina yrði annars fjallað af ofangreindri nefnd og ríkisstjórn. Í þessu sambandi má geta þess að margar sveitarstjórnir lögðu fram verulegan skerf í þessu skyni á ári trésins 1980.

Augljóst er að mjög er misjafnt eftir aðstæðum á einstökum stöðum á landinu hvernig háttar til í þessum efnum, og sömuleiðis að víða ber að leggja jafnmikla eða meiri áherslu á undirbúningsvinnu fyrir farsæla trjárækt. Með þessari tillögu er lögð höfuðáhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð og að þetta átak verði upphaf að áframhaldandi starfi að trjárækt í þéttbýli sem dreifbýli, en verði um leið hvatning til landsmanna allra um að láta til sín taka og ljá málinu lið.

Sþ. 788. Fyrirspurn [348. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu skipasmíðaiðnaðarins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er verkefnastaða einstakra skipasmíðastöðva út þetta ár:
   a) í nýsmíði
   b) við viðhald og viðgerðir?
2. Hver er staðan í samningum Slippstöðvarinnar varðandi smíði togara fyrir Útgerðarfélag Akureyringa?
3. Hvaða fjármagn er tiltækt fyrir skipasmíðaiðnaðinn það sem eftir er ársins og hvað liggur fyrir um skiptingu þess?

Skriflegs svars er óskað.

Sþ. 789. Þingsályktun [89. mál]

um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m. a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús, svo að viðunandi sé, eða ráðast í nýbyggingar.

Ed. 790. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Salome Þorkelsdóttir og Árni Johnsen.

Alþingi, 8. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.
Helgi Seljan, fundaskr.
Karl Steinar Guðnason.
Lárus Jónsson.
Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 791. Frumvarp til laga [349. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Lárus Jónsson, Stefán Benediktsson, Tómas Árnason, Valdimar Indriðason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna (sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984) þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillags vegna rekstrarársins 1983 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1984. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1984 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er voru gerðar allróttækar breytingar á tekjuskattslögum með lögum nr. 8/1984. Þessar breytingar urðu nokkuð síðbúnar og öðluðust lögin ekki gildi fyrr en 30. mars s. l. Hefur komið í ljós að rekstraraðilum gefst ekki tími til að ljúka uppgjöri nægilega

snemma til þess að fyrir liggi fyrir 1. júní forsendur til að taka ákvörðun um tillag í fjárfestingarsjóði skv. ákvæðum hinna nýju laga. Er af þessum ástæðum nauðsynlegt í ár að veita eins mánaðar viðbótarfrest til innlagnar í bundna fjárfestingarsjóðsreikninga. Þykir einnig ástæða til að heimila að innlögn í slíka reikninga í júnímánuði 1984 sé laus til útborgunar eftir sex mánuði frá innlagnardegi í stað þess að miðað sé við fyrsta dag næsta mánaðar á eftir innlögn. Gefst þannig færi á því að nýta fjárfestingarsjóðstillagið til fjárfestinga strax á rekstrarárinu 1984 þrátt fyrir óvenjusíðbúið uppgjör.

Nd. 792. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 9. maí 1984.

Þorsteinn Pálsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Stefán Valgeirsson.	Eggert Haukdal.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 793. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1981, um breyting á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Með tilliti til þess að umferðarlaganefnd vinnur nú að heildarendurskoðun umferðarlaganna og eðlilegt er að efni frumvarpsins komi til sérstakrar athugunar við þá endurskoðun leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Guðrún Helgadóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Friðjón Þórðarson.	Ólafur Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Guðmundur Einarsson.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 794. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og klofnaði hún í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 9. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Lárus Jónsson.

Tómas Árnason.

Ed. 795. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á mörgum fundum og m. a. fengið til viðtals tollstjórann í Reykjavík, tollgæslustjóra og fulltrúa tollþjóna. Er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessari niðurstöðu.

Alþingi, 9. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr. Eiður Guðnason.

Valdimar Indriðason. Lárus Jónsson. Ragnar Arnalds.

Tómas Árnason.

Ed. 796. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 28. maí 1969, tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir 26. tl. komi nýr töluliður svohljóðandi:
   27. Selfoss.
2. Á eftir 5. gr. komi ný gr. er verði 6. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 50. gr. orðist svo:

Nú eru fleiri en ein vörusending skráðar á sama farmbréf og er þá heimil greiðsla aðflutningsgjalda af hverri sendingu fyrir sig ef farmflytjandi skiptir upprunalega farmbréfinu með útgáfu nýrra bréfa.

Ed. 797. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og klofnaði hún í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali, en minni hl. mun skila séráliti.

Í brtt. meiri hl. er gengið nokkuð lengra til móts við sjónarmið bankamálanefndar en gert er í frv. varðandi skattfrelsi veðdeilda bankanna, heimild til gjaldfærslu í afskriftareikning útlána og greiðslufyrirkomulag á álögðum gjöldum.

Skv. gildandi lögum eru nokkrir tilteknir stofnlánasjóðir, er starfa í tengslum við innlánsstofnanir, undanþegnir skattskyldu. Sjóðir þessir eru: Stofnlánadeild landbúnaðarins, iðnlánasjóður, stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóður) og stofnlánadeild samvinnufélaga. Virðist eðlilegt að sömu reglur gildi að þessu leyti um veðdeildir banka og innlánsstofnana, enda gegna þær hliðstæðu hlutverki og þeir sjóðir sem þegar njóta skattundanþágu. Hér verður þó að gera þá kröfu að fjárhagur viðkomandi veðdeildar sé greinilega aðskilinn frá fjárhag annarra stofnana og er lagt til að það verði skilyrði skattfrelsisins að fjármálaráðuneytið hafi staðfest reglur um þennan aðskilnað. Þær veðdeildir, sem nú eru starfandi og fallið gætu undir þetta ákvæði, ef ákvæðum um fjárhagslegan aðskilnað er fullnægt, eru við Alþýðubankann, Búnaðarbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands.

Í öðrum lið brtt. er lagt til að gjaldfærsluheimild í afskriftareikning útlána verði 1% af útlánaaukningu í stað ½% í frv. Er þessi brtt. einnig í samræmi við tillögur bankamálanefndar. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að innlánsstofnanir njóta ekki heimildar til niðurfærslu á útistandandi viðskiptaskuldum, sbr. 5. tl. 74. gr. l. nr. 75/1981, og er þessari heimild ætlað að koma í hennar stað. Þá fylgir vaxandi áhætta útlánastarfsemi og sýnist heimild til gjaldfærslu á 1% af útlánaaukningu ekki óhófleg til að mæta henni. Í þessu sambandi má einnig benda á að í þeim vinnureglum, sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur mælst til að hafðar yrðu til hliðsjónar við gerð ársreikninga fyrir árið 1983, er við það miðað að afskriftareikningar útlána nemi a. m. k. 1% af samtölu útlána og veittra ábyrgða. Ákvæði til bráðabirgða I í tillögu meiri hl. tengist þessari breytingu.

Í þriðja lagi er lagt til að greiðslufyrirkomulagi á sköttum innlánsstofnana verði breytt í áföngum á árunum 1985 og 1986 til samræmis við þær reglur sem gilda um skattgreiðslur allra annarra í landinu. Skv. núgildandi lögum ríkir eins konar staðgreiðslufyrirkomulag á skattgreiðslum bankanna þar sem þeir greiða verulega hluta skatta á tekjuöflunarári, gagnstætt því sem gildir um aðra skattgreiðendur. Er þetta andstætt því meginmarkmiði, sem felst í ákvörðun um skattskyldu innlánsstofnana, að gera skattalega stöðu þeirra sambærilega við það sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Með niðurfellingu á 5. gr. núgildandi laga og ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að samræmingu að þessu leyti verði náð innan þriggja ára. Ljóst er að ekki verður horfið frá staðgreiðslufyrirkomulagi til eftirágreiðslukerfis á sköttum nema með því að niður falli skattgreiðslur eins árs. Með því að gera þetta í tveimur áföngum á árunum 1985 og 1986 er reynt að dreifa fjárhagslegum afleiðingum þessa yfir þriggja ára tímabil. Þessar tillögur hafa engin áhrif á tekjur ríkissjóðs af skatti innlánsstofnana í ár. Árið 1985 lækkar fyrirframgreiðsluskylda innlánsstofnana hins vegar um helming skv. tillögunum. Sé gert ráð fyrir að fyrirframgreiðslan 1984 sé álíka há og álagningin 1985 á það rekstrarár felst í þessu að greiðslubyrði innlánsstofnana árið 1985 nemur einungis fyrirframgreiðslunni og lækkar því um helming frá því sem er í ár. Á árinu 1986 er ekki gert ráð fyrir neinni fyrirframgreiðslu, en við álagningu á því ári vegna

rekstrarársins 1985 mundu bankarnir einungis hafa greitt fyrirfram helming álagðra gjalda og kæmi afgangurinn skv. tillögunum til greiðslu síðari hluta árs 1986. Á árinu 1987 féllu innlánsstofnanir loks inn í hið almenna greiðslukerfi opinberra gjalda.

Alþingi, 9. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Valdimar Indriðason.

Tómas Árnason.

Ed. 798. Breytingartillögur [306. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, LJ, VI, TÁ).

1. Á undan 1. gr. komi ný gr. er verði 1. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:
   2. gr. laganna orðist svo:
   Til skattskyldra tekna og eigna aðila, skv. 1. gr. þessara laga, teljast þó ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða og veðdeilda sem stofnaðar eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum og í tengslum við innlánsstofnanir en sem fjárhagslega sjálfstæðar deildir. Fjárhagur þeirra sé greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana enda séu reglur þar um viðurkenndar af fjármálaráðuneytinu.
2. Við 1. gr. Í stað „½%“ í 1. og 2. málsl. 1. gr. komi: 1%.
3. Við 2. gr.
   a. Upphafsákvæði greinarinnar orðist svo:
   5. gr. laganna orðist svo:
   b. Aftan við lokamálsgrein greinarinnar bætist nýr málsliður er orðist svo: Hafi aðili myndað fjárfestingarsjóð skal hann einnig teljast til tekna á síðasta skattskylduári framreiknaður en án viðurlaga.
4. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

I.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1983 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1982.

II.

Til ársloka 1985 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta skv. lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu, skv. 110. gr. l. nr. 75/1981.

Stofn til sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal skila mánaðarlega viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðast liðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 2.–4. mgr. eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsla, sem innt var af hendi á árinu 1983, skal ganga upp í álagningu á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs. Mánaðarleg fyrirframgreiðsla á árinu 1984 skal vera 0,06% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þess árs. Á árinu 1985 skal mánaðarleg fyrirframgreiðsla nema 0,03% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Komi í ljós við álagningu 1984 til 1986 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs en nemur álögðum gjöldum skv. lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða án vaxta það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla fyrir viðkomandi tekjuár skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum hinn 1. hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Frá og með gjaldárinu 1987 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII kafla laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árunum 1984 til 1986 eftir því sem við getur átt.

Nd. 799. Frumvarp til laga [82. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með og meta allan fisk, sem veiddur er úr sjó, annan en bræðslufisk, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða. Undanþeginn er þó eiginn afli, er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Heimilt er sbr. 2., 14., 18. og 19. gr. að fela sérstökum aðilum, með ákveðnum skilyrðum, eftirlit með vinnslu og mat á afurðum.

Fiskur er samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr, önnur en spendýr, og hlutar hinna fyrrnefndu, sem nýtt eru til manneldis. Fiskafurðir eru matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að meiri hluta til úr fiski.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrenni þeirra.

Ríkismat sjávarafurða skal veita leiðbeiningar er lúta að starfrækslu stofnunarinnar um fiskverkun og meðferð fisks.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur í reglugerð falið sérstökum rannsóknarstofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum sjávarafurðum.

Ríkismat sjávarafurða hefur aðgang að nauðsynlegri efna- og gerlafræðilegri þjónustu hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem enn fremur þróar í samráði við Ríkismatið þær vísindalegu mælingaaðferðir sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirrar stofnunar.

Ríkismat sjávarafurða skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

II. KAFLI

Um Fiskmatsráð.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjö menn í fiskmatsráð til fjögurra ára er verði ráðherra til ráðuneytis varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Eigi skulu færri en fjórir þeirra, er í fiskmatsráði sitja, vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðherra skipar formann ráðsins.

Tillagna fiskmatsráðsins skal leitað vegna setningar reglna er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Fiskmatsráð skal vera umsagnaraðili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila sjávarútvegsins um gæðamat sjávarafla og gera tillögur um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð og nýjungum í vinnslu hans.

Fiskmatsráð kynnir sér erlend ákvæði eða reglur um lágmarksákvæði.

Fiskmatsráði ber að gera tillögur til ráðherra um hvað eina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits, svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

Ráðherra getur óskað umsagnar fiskmatsráðs um hvað eina varðandi stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða, þar á meðal ráðningar í stöður innan stofnunarinnar.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fjögurra ára í senn og nefnist hann fiskmatsstjóri. Við skipun í starfið skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.

5. gr.

Skrifstofa fiskmatsstjóra annast fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og önnur rekstrar- og starfsmannamál stofnunarinnar. Skrifstofan skal enn fremur annast söfnun og úrvinnslu matsgagna.

III. KAFLI

Um starfsmenn.

6. gr.

Ríkismat sjávarafurða starfar í tveimur deildum, afurðadeild og ferskfiskdeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn forstöðumann fyrir hvora deild. Við skipun í störfin skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar og starfsreynslu.

7. gr.

Hjá Ríkismati sjávarafurða skal starfa sérfræðingur í hreinlætismálum sem hefur yfirumsjón með hreinlætismálum sjávarafurða á vegum Ríkismatsins í samvinnu við og undir stjórn fiskmatsstjóra. Hann skal hafa á hendi faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar, svo og þjálfun þeirra starfsmanna er annast framkvæmd hreinlætiseftirlitsins samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Ráðherra skipar fulltrúa forstöðumanna er hafi með höndum stjórn og eftirlit með störfum yfirmatsmanna samkvæmt nánari fyrirmælum viðkomandi forstöðumanns.

9. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsögnum forstöðumanns viðkomandi deildar. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri matsgreina eftir ákvörðun forstöðumanns, sem jafnframt getur fært þá milli umdæma.

10. gr.

Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim, gera ráð fyrir.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn, en þeir, sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna, skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar.

Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir muni rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja.

Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa, í allt að þrjá mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu eða undanþágu um stundarsakir að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða, enda hafi hann sýnt alvarlega vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi.

IV. KAFLI

Ferskfiskdeild.

11. gr.

Ferskfiskdeild skal annast gæða- og stærðarmat á öllum ferskum, nýjum eða ísuðum fiski við löndun hans. Hún skal enn fremur fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hans hefst.

Ferskfiskdeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

12. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal hafa eftirlit með gæðum hráefnis og skal stöðva vinnslu, ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum, sem settar eru í reglum samkvæmt lögum þessum.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu fisks vegna ónógra gæða, ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða í hvaða vinnslu heimilt sé að hagnýta fiskinn. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun vinnslu samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ferskfiskmatsmönnum er óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmats.

V. KAFLI

Afurðadeild.

14. gr.

Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Enn fremur annast afurðadeild mat á afurðum og eftirlit með þeim á öllum stigum vinnslu og þar til þeim er

skipað út að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt og ekki hefur verið falið öðrum aðilum, sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomþess, að ekki verði fluttar út sjávarafurðir, sem ekki standast þær kröfur, sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim setja.

Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta, að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.

15. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara.

16. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningstækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis.

VI. KAFLI

Um skyldur útflytjenda.

17. gr.

Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn, sem samþykktir eru af afurðadeild, eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir.

18. gr.

Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum, sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og taka þátt í yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilda eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

19. gr.

Þeir, sem flytja út sjávarafurðir, eru skyldir til að hafa löggilta lestunarstjóra, eða kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu eða aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Lestunarstjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirfiskmatsmanna afurðadeildar um hleðslu skipa að því er varðar magn, gæðaflokka, útlit, merkingar, umbúnað og þrif í lestum.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir lestunarstjóra, skv. tilnefningu forstöðumanns afurðadeildar.

20. gr.

Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða, sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur.

Þó er skylt að láta Ríkismati sjávarafurða í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna alvarlegra galla eða skemmda á vörum.

Ríkismat sjávarafurða fer með upplýsingar þessar sem trúnaðarmál.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknanna.

Skylt er framleiðanda og útflytjanda að veita starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og mats.

22. gr.

Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til ráðherra.

23. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur um hvað eina, er snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um meðferð og frágang afla um borð í veiðiskipum, meðferð og frágang hráefnis og sjávarafurða í vinnslustöðvum, geymslum og flutningatækjum, matsreglur og vörustaðla, enn fremur um menntun matsmanna og verkstjóra í vinnslustöðvum. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að kaupendur eða seljendur afla og/eða eigendur sjávarafurða skuli greiða kostnað af störfum matsmanna.

24. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Tekjur Ríkismats sjávarafurða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fara eftir lögum þar um, eins og þau eru á hverjum tíma.

25. gr.

Hver sá, sem sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum eða sviptingu vinnsluleyfis, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

26. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða ásamt lögum nr. 19/1975, 4. gr. l. 27/1976 og l. 14/1981.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum og eldri lögum um sama efni, halda gildi sínu eftir því sem við á.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með 1. ágúst 1984 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra, fulltrúa og yfirfiskmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nd. 800. Lög [178. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 319.

Nd. 801. Lög [213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 683.

Nd. 802. Lög [181. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 681.

Ed. 803. Lög [256. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 677 (sbr. 473).

Nd. 804. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 219 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Við 11. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10,00, en kr. 30,00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.

Sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa, þar með talinna listflytjenda og framleiðenda, innheimtir höfundarréttargjald samkvæmt næstu málsgr. hér á undan og ráðstafar því. Innheimtumiðstöðinni skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

Ed. 805. Frumvarp til laga [319. mál]

um kvikmyndamál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Kvikmyndasjóður Íslands starfar undir sérstakri stjórn. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndasjóðs eru m. a. þessi:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
2. Aðgerðir til að efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
3. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
4. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenska kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna.

Þegar fjallað er um málefni Kvikmyndasafns, skulu auk þess stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun taka þátt í stjórnarstörfum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Annað starfsfólk ræður framkvæmdastjóri í samráði við stjórnina og eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

Kvikmyndasjóður Íslands tekur við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum nr. 14/1978.

6. gr.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins, og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Nefndarmenn skulu kosnir árlega og nánari reglur settar um kosningu þeirra og starfssvið í reglugerð.

7. gr.

Kvikmyndasafn Íslands starfar innan vébanda Kvikmyndasjóðs, en um starfsemi þess skal sett sérstök reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um verksvið safnsins og starfsemi.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins en fela skal a. m. k. einum af starfsliði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.

8. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi.

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þar sem m. a. skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin.

9. gr.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Safninu er einnig heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

Einnig er heimilt að veita fé til starfsemi safnsins úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum stjórnar Kvikmyndasjóðs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 14/1978 um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða:

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.

Ed. 806. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

III. kafli laganna, sem ber heitið „Hafrannsóknastofnun", verði svohljóðandi:

10. gr.

Hafrannsóknastofnun er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um skipulag stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknaleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann skipar einnig tvo aðstoðarforstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Einnig ræður hann annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Annar aðstoðarforstjórinn, sbr. 13. gr., skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar og hinn um fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. ám. skiparekstur og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kýs sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m. a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.

16. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa, eftir því sem kleift þykir.

17. gr.

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.
7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.
8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.
9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.
10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknastarfseminnar.

18. gr.

Til að ná markmiðum sem um getur í 17. gr. skal stjórn gera tillögur um skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar sem skal staðfest af ráðherra. Leitast skal við að skipulag stofnunarinnar sé sveigjanlegt og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing). 369

Sþ. 807. Fyrirspurnir. [350. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um mengunarmál í Straumsvík.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hvaða skilyrði hafa verið sett í yfirstandandi álviðræðum um mengunarvarnir:
a. í núverandi verksmiðju,
b. í nýrri verksmiðju?

II. Til utanríkisráðherra um byggingarleyfisgjöld af nýrri flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Frá Elsu Kristjánsdóttur.

Hvers vegna hafa ekki verið greidd byggingarleyfisgjöld til Miðneshrepps af nýrri flugstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem hún, skv. yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, er talin íslensk eign?

Sþ. 808. Fyrirspurn [351. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað vegna virkjana.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1) Hver er orðinn rannsóknarkostnaður frá byrjun á svæði Bessastaðaár- og Fljótsdalsvirkjunar?
2) Hver er heildarrannsóknarkostnaður Þjórsárvirkjana frá upphafi?
3) Hver er vaxta- og fjármagnskostnaður byggðalína 1983, sundurliðaður á einstök línusvæði?
4) Hver er vaxta- og fjármagnskostnaður af Kröfluvirkjun 1983?
5) Hver var orkuframleiðsla Kröfluvirkjunar á síðustu 12 mánuðum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 809. Fyrirspurn [352. mál]

til utanríkisráðherra um svonefnd varnarsvæði.

Frá Elsu Kristjánsdóttur og Svavari Gestssyni.

1. Hvaða svæði á Íslandi eru talin „varnarsvæði“?
2. Hver tekur ákvörðun um hvaða svæði verða „varnarsvæði“, að mati utanríkisráðuneytisins?
3. Hverjir eiga svonefnd „varnarsvæði“?
4. Eru greidd afgjöld af þessum svæðum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 810. Fyrirspurn [353. mál]

til samgönguráðherra um björgunarnetið Markús.

Frá Helga Seljan.

Er ætlunin að setja reglugerð er mæli fyrir um skyldunotkun björgunarnetsins Markúsar í íslenskum skipum?

Hvernig hljóða umsagnir aðila um nauðsyn reglugerðarinnar?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 811. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Nefndinni bárust erindi frá skrifstofustjórum í stjórnarráðinu, Dómarafélagi Reykjavíkur, saksóknara, vararíkissaksóknara, Benedikt Blöndal hrl. og launadeild fjármálaráðuneytisins. Nefndin bendir á að röð embættisheita í upptalningu er ekki leiðbeinandi um launakjör.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 659 með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Þorsteinn Pálsson. Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.

Nd. 812. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum og varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Halldór Blöndal.

Þorsteinn Pálsson.

Nd. 813. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:
   1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:
   Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

Nd. 814. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur minni hl. til að það verði samþykkt.

Guðrún Agnarsdóttir tók þátt í umfjöllun málsins í nefndinni og er samþykk þessari afstöðu.

Alþingi, 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson, frsm.	Svavar Gestsson.

Nd. 815. Frumvarp til laga [354. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1979, um landflutningasjóð.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:

1. Framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 14 14. apríl 1980.

Greinargerð.

Lög um landflutningasjóð voru samþykkt á Alþingi 23. maí 1979 og gefin út sem lög nr. 62/1979. Vegna mistaka við lagasmíðina féll brott hver stofn landflutningasjóðs væri, en það var lagfært með lögum nr. 14/1980. Landvari, landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, hafði barist fyrir því um langt árabil að koma á fót stofnlánasjóði er veitti lán til kaupa á vöruflutningabifreiðum og voru lögin fyrst og fremst sett að frumkvæði og fyrir atbeina Landvara.

Áður en til frumvarps og löggjafar kom urðu miklar umræður um það innan Landvara, hvort leggja ætti gjald eða skatt á félaga er rynni til hins fyrirhugaða sjóðs. Aðallega snerist umræðan um það, hvort fyrirhugað gjald ætti að vera bundin inneign sjóðsfélaga eða óafturkræft gjald, þ. e. eins konar skattur. Niðurstaðan varð sú, að þeir ráðamenn og þingmenn, sem höfðu mest hönd í bagga varðandi flutning frumvarpsins, ráðlögðu eindregið að gjaldið yrði óafturkræft því að fyrirhugaður landflutningasjóður yrði sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og sanngjarnt væri að ríkið legði á hverju ári til sjóðsins jafnhátt framlag og sjóðsfélagar greiddu til hans. Þar var því ákveðið, sem greinir í 4. gr. laga um landflutningasjóð, að tekjur landflutningasjóðs væru í fyrsta lagi 1% gjald er miðaðist við aðstöðugjaldsstofn, í öðru lagi framlög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið væri í fjárlögum hverju sinni og í þriðja lagi tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

1% gjaldið var lagt á félaga í Landvara í fyrsta skipti árið 1980 og hefur samviskusamlega verið lagt á af skattstjórum og innheimt síðan. En þrátt fyrir mikinn eftirrekstur af hálfu stjórnar Landvara og landflutningasjóðs hefur það ekki enn þá fengist fram að á fjárlögum væri lagt fé til sjóðsins.

Gjald til landflutningasjóðs, sem lagt hefur verið á félaga í Landvara, hefur verið eftirfarandi:

Álagt 1980	237 051 kr.
Álagt 1981	389 784 kr.
Álagt 1982	519 256 kr.
Álagt 1983	957 737 kr.

Lán úr landflutningasjóði hafa verið bundin við japönsk yen með 10—11% ársvöxtum. Þessi lán eru með þeim dýrustu sem hafa þekkst á undanförnum árum og þegar þar við bætist áðurgreint 1% gjald eða skattur, sem auðvitað er ekkert nema lántökukostnaður, þá hlýtur það að vera sanngirniskrafa að gjaldtökunni verði hætt þar sem ríkissjóður hefur komið sér hjá því að auka eigið fé sjóðsins með því lögbundna framlagi sem ráð var fyrir gert. Því er lagt til með frumvarpi þessu að 1. tl. 4. gr. núverandi laga verði felldur brott, þ. e. 1% gjald af aðstöðugjaldsstofni verði aflagt.

Á stjórnarfundi í landflutningasjóði 5. október 1983 var samþykkt að fá því framgengt að áðurgreindri einhliða skattlagningu á sjóðsfélaga yrði hætt og lögum um landflutningasjóð yrði breytt í samræmi við ofangreindar tillögur. Jafnframt var ákveðið að rétt og sanngjarnt væri að endurgreiða þau framlög sem félagar í Landvara hefðu þegar innt af hendi til sjóðsins. Þar sem framlög eru nú bundin í útlánum og óvíst er hvenær og á hvern hátt sjóðurinn getur endurgreitt framlögin, þá er ekki að sinni gerð tillaga um það í frv. á hvern hátt lögunum skuli breytt vegna þessa.

Nái þetta frv. fram að ganga verða lögin um sjóðinn mjög hliðstæð lögum um ferðamálasjóð, sbr. V. kafla laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála. Skv. 25. gr. þeirra laga eru tekjur ferðamálasjóðs í fyrsta lagi árlegt framlag úr ríkissjóði og í öðru lagi tekjur af starfsemi sjóðsins, en hlutverk ferðamálasjóðs er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum. Á sama hátt er hlutverk landflutningasjóðs að stuðla að bættri flutningsþjónustu um hinar dreifðu byggðir landsins. Landflutningasjóður hefur á undanförnum árum eflt þessa starfsemi með því að lána til kaupa á nýjum vöruflutningabifreiðum allt að ⅓ endanlegs kaupverðs. Algengustu vöruflutningabifreiðar, sem notaðar eru til vöruflutninga um landið, kosta nú tilbúnar til notkunar tæpar 3 milljónir króna. Af þessum tæpum 3 milljónum króna renna strax inn í ríkissjóð rúm 40% eða á 2. milljón króna. Lánastarfsemi landflutningasjóðs er því að vissu marki hagstæð fyrir ríkissjóð og nefna má að margnefnd innheimta á 1% gjaldinu kostar skattstjóra og innheimtustjóra mikla vinnu sem sparast verði frumvarp þetta að lögum.

Nd. 816. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur að þær upplýsingar, sem fram hafa komið varðandi 1. og 2. gr. frv., sýni nauðsyn þess að móta skýrar vinnureglur til að velja þá embættismenn sem kjaradómur ákveður laun.

Minni hl. leggur því til að 1. og 2. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða I verði felld niður en telur að ríkisstjórnin eigi að beita sér fyrir því að mótuð verði vinnuregla í þessu efni.

Minni hl. leggur til að 3., 4. og 5. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða II verði samþykkt. Þessi lagabreyting er gerð til að fullnægja samkomulagi fjármálaráðherra og launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM.

Minni hl. flytur breytingartillögur á sérstöku þskj.

Kristín Halldórsdóttir, þingmaður Kvennalista, var viðstödd fundi nefndarinnar um þetta mál og er þessu áliti samþykk.

Alþingi, 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm. Kjartan Jóhannsson. Svavar Gestsson.

Nd. 817. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GE, KJóh, SvG).

1. 1. gr. falli niður.
2. 2. gr. falli niður.
3. Ákvæði til bráðabirgða I falli niður.

Ed. 818. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta mun hafa í för með sér lækkaðar tekjuskattsgreiðslur banka og annarra innlánsstofnana í ríkissjóð. Tillögur meiri hluta nefndarinnar ganga þó enn lengra í sömu átt og mun tekjuskerðing ríkissjóðs vegna samþykktar þessa frumvarps með þeim breytingum, sem meiri hlutinn gerir tillögu um, nema um 18 millj. kr. á árinu 1984.

Tekjuskerðing ríkissjóðs verður þó enn meiri á árunum 1985 og 1986, ef frumvarpið verður samþykkt með tillögum þeim sem meiri hlutinn flytur, og lækka þá greiðslur í ríkissjóð frá innlánsstofnunum um 65 millj. kr. til viðbótar á núverandi verðlagi hvort árið um sig vegna breyttrar tilhögunar við álagningu.

Minni hluti nefndarinnar telur óþarft og ástæðulaust að lækka skattgreiðslur banka og annarra innlánsstofnana. Ef nauðsynlegt er talið að samræma álagningu tekjuskatts á bankastofnanir almennri álagningu skatta má að sjálfsögðu gera það án þess að því fylgi verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu og næstu tveimur árum.

Vafalaust er þörf á að endurskoða ýmis atriði laga um skattskyldu innlánsstofnana og þarf að gera að betur athuguðu máli.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða gildandi lög um skattskyldu innlánsstofnana, og þar sem frumvarp þetta er að ýmsu leyti vanhugsað og illa undirbúið og hefur í för með sér stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóð, ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 9. maí 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Eiður Guðnason.

Ed. 819. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið samhliða 221. máli, jarðalögum.
Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 10. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Ed. 820. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsögn barst frá Búnaðarfélagi Íslands sem byggð var á ályktun Búnaðarþings um málið.

Á fundi nefndarinnar komu til viðræðna þeir Hermann Sigurjónsson, Bjarni Guðráðsson og Sigurður Þórólfsson, en þeir voru kjörnir á Búnaðarþingi til að fjalla nánar um málið, auk þess Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra og Tryggvi Gunnarsson fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu.

Nefndarmenn voru sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Sþ. 821. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]

um endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Bjarni Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, með það að markmiði að auka frjálsræði í viðskiptum,

tryggja viðskiptalegt aðhald að vinnsluaðilum og að sem stærstur hluti hins endanlega söluverðs afurðanna skili sér til bænda. Nefndin skili Alþingi áliti sínu fyrir 1. jan. 1985. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Vinnslu- og stjórnkerfi landbúnaðarins hefur sætt vaxandi gagnrýni að undanförnu. Verð landbúnaðarafurða til neytenda er hátt en verð til bænda lágt vegna þess að milliliða- og vinnslugjöld eru há.

Athugun Hagvangs fyrir síðustu ríkisstjórn leiddi í ljós, að framleiðslukostnaði einstakra mjólkurafurða væri ekki haldið til haga í bókhaldi mjólkurbúa. Verðmyndun á kakómjólk og mangósopa hefur ekki fengist upplýst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Í greinargerð Þorvalds Búasonar um slátrunarkostnað eru leidd rök að miklum duldum hagnaði sláturhúsa. Léleg nýting fjárkostnaðar í vinnslustöðvum landbúnaðarins hefur ítrekað komið til umræðu. Á sama tíma hafa risið og eru að rísa dýrar stórbyggingar fyrir vinnslustöðvar landbúnaðarafurða án sýnilegs fjárskorts til framkvæmdanna þrátt fyrir samdrátt og þrengingar á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Öllum atvinnurekstri er hollt að njóta viðskiptalegs aðhalds og færa má rök að því, að slíkt skorti einmitt að því er vinnslustöðvar landbúnaðarins varðar og sé skýringanna á því, sem að ofan er rakið, ekki síst þar að leita.

Gildandi stjórn- og verðmyndunarkerfi landbúnaðarins er orðið gamalt að stofni til. Það gegndi sjálfsagt mikilvægu hlutverki við þær aðstæður sem upphaflega ríktu, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að það svari á hverjum tíma til ríkjandi aðstæðna. Af þeim sökum og með tilvísun til galla, sem komið hafa fram, er rétt að taka þetta stjórnkerfi landbúnaðarins til endurskoðunar. Því er þessi tillaga flutt, enda telja flutningsmenn að Alþingi eigi að hafa frumkvæði um málið.

Markmiðið með endurskoðuninni á að vera að auka hagkvæmni í vinnslunni og stuðla þannig að því að sem stærstur hluti endanlegs afurðaverðs skili sér til bænda og neytendum verði ekki gert að greiða óeðlilega hátt verð. Í þessu skyni er sérstaklega bent á að auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja viðskiptalegt aðhald.

Nd. 822. Breytingartillaga [269. mál]

við frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni.

Á eftir 25. gr. bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækki tekjur af erfðafjárskatti samkvæmt ákvæðum laga þessara skal sú lækkun ekki leiða til skerðingar á tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sbr. 35. gr. laga nr. 41/1983.

Nd. 823. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum, notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og fengið forustumenn Arnarflugs hf. til að veita upplýsingar og svara spurningum nefndarmanna. Að vel athuguðu máli telur nefndin rétt að ráðherra fái þessa heimild enda liggja fyrir upplýsingar hans og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins um að ábyrgð yrði einungis veitt samkvæmt reglum Ríkisábyrgðasjóðs sem kveður á um 70% veðmörk.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 10. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.
Friðrik Sophusson.	Halldór Blöndal.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
	Þorsteinn Pálsson.	

Nd. 824. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. telur óeðlilegt að veita einungis þeim, sem bera tekjuskatt, ívilnun vegna tannviðgerða og leggur til m. a. vegna þess, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.
	Halldór Blöndal.	

Nd. 825. Breytingartillögur [221. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „tveir“ í 5. efnismgr. komi: fjórir.
2. Við 10. gr. d. (25. gr.). Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tvær nýjar málsgr. sem verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:

   Hjón ein sér eða með ófjárráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. 2 ár.

Heimilt er að samþykkja tímabundna stofnun félagsbús vegna ættliðaskipta á jörð og er í reglugerð heimilt að víkja frá skilyrðum 5. mgr. 25. gr. og réttindum, skv. 1. mgr. 28. gr., varðandi slík félagsbú.

3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist ný grein sem verði 74. gr. og orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið skal við gildistöku þessara laga taka við verkefnum Landnáms ríkisins, landnámsstjórnar og landnámsstjóra, þar með talinn rekstur grasköggla verksmiðja, sbr. 55. – 60. gr. laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

Nd. 826. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson.	Halldór Blöndal.
	Svavar Gestsson.	

Sþ. 827. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [295. mál]

í málinu: Till. til þál. um beint útvarp frá Alþingi.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Með því að

1) þingsköp kveða á um starfsreglur Alþingis,
2) þingkjörin nefnd vinnur nú að endurskoðun laga um þingsköp og
3) Alþingi sér sjálft um framkvæmd þingskapa sinna

samþykkir Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 828. Breytingartillaga [269. mál]

við frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá Þorsteini Pálssyni.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga skulu innheimtir til viðbótar dráttarvextir. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nd. 829. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar er skipaður fulltrúum Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna. Þingmaður Samtaka um kvennalista, Guðrún Agnarsdóttir, sem hefur tekið þátt í störfum fjárhags- og viðskiptanefndar, stendur einnig að þessu nefndaráliti.

Minni hlutinn er andvígur þeim tillögum sem felast í frumvarpi þessu um erlendar lántökur. Minni hlutinn bendir á eftirfarandi atriði:

Erlendar lántökur.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að halli ríkissjóðs á þessu ári verði yfir einn milljarð króna. Þá er gert ráð fyrir því að auka erlendar lántökur um 2 milljarða króna eða um 68 millj. dollara. Þannig eru erlendar skuldir auknar verulega frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, en ríkisstjórnin setti sér í upphafi ferils síns að draga úr erlendum skuldum frá því sem var þegar hún tók við. Það alvarlegasta við erlendu skuldirnar er að fjármunina á að nota til verkefna, sem ekki tengjast framkvæmdum af neinu tagi, heldur til almennra útgjalda:

1. **Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki erlent lán vegna uppgjörs á meðlagsskuldum Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er í fyrsta sinn sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að taka erlent lán.**
2. **Gert er ráð fyrir að 190 millj. kr. af hinni erlendu lántöku verði notaðar til húsnæðislána. Hefur húsnæðiskerfið aldrei fyrr komist í slíkar ógöngur að félagsmálaráðherra neyðist til þess að taka erlent lán.**
3. **Gert er ráð fyrir að verja 300 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir sjávarútvegsins án þess að neitt liggi fyrir um það, hvernig þessu uppgjöri verði hagað.**
4. **Í frumvarpinu er miðað við að tekið verði erlent lán að upphæð 80 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir bænda.**
5. **Í frumvarpinu er ríkissjóði ætlað að taka lán til rekstrar svo nemur mörg hundruð milljónum króna. Má heita að erlenda lántakan handa ríkissjóði standist nokkurn veginn á við þá tekjustofna sem ríkissjóður hefur fellt niður meðal annars með því að lækka skatta á fyrirtækjum frá því sem verið hefur. Þannig er í raun um það að ræða að ríkissjóður taki lán í erlendri mynt til þess að greiða skatta fyrirtækjanna í landinu.**

Í þessu sambandi má minna á að sú aukning á erlendum skuldum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, jafngildir útflutningsverðmætum fimmtungs þorskafurða ársins 1984 eins og horfur eru nú. Þá er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að tveggja milljarða skuldaaukning jafngildir verðmætasköpun 3500 vinnandi manna í heilt ár. Er þá miðað við að þjóðarframleiðslan sé um 66 milljarðar og fjöldi vinnandi manna um 117 þúsund manns. Þannig er bersýnilega verið að henda í súginn stórfelldum verðmætum vegna óstjórnar í ríkisfjármálum.

Þegar fjárlagafrumvarpið var til meðferðar bentu talsmenn stjórnarandstöðunnar á að þar vantaði bersýnilega hundruð milljóna króna. Viðurkenning fjármálaráðherra á gatinu stóra er til marks um það, að sú gagnrýni var á rökum reist. Þegar lánsfjárlögin voru til meðferðar bentu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna einnig á að lánsfjárvandinn væri mun stærri en þar var gert ráð fyrir. Einnig þetta er nú viðurkennt af stjórnarliðinu.

Í frumvarpinu felst engin lausn á vanda ríkissjóðs. Vandanum velta menn á undan sér yfir á næstu ár og komandi kynslóðir með erlendum lántökum. Innan stjórnarliðsins gætir enda vaxandi óánægju með vinnubrögð stjórnarinnar. Þar er hver höndin upp á móti annarri. Þess vegna hefur dregist í tvo mánuði að stjórnin legði tillögur fyrir þingið. Þegar tillögurnar birtast kemur í ljós að ágreiningur er um einstakar tillögur innan stjórnarflokkanna auk þess sem einstakir ráðherrar hafa tafið meðferð málsins með því að senda frá sér tillögur án þess að stjórnarflokkarnir hafi samþykkt þær. Þannig lagði menntamálaráðherra fram tillögu til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar sem samdægurs var felld í öðrum stjórnarflokknum.

Auk þess er ljóst að frumvarpið hefur í för með sér hættu á aukinni verðbólgu frá því sem ella hefur verið gert ráð fyrir. Líkur eru á að þessi vandi fari vaxandi þegar líður á árið.

Félagsleg réttindi skert.

Hluti frumvarpsins fjallar sérstaklega um skerðingu á félagslegum réttindum. Þar er um að ræða niðurskurð á framlögum til félagslegrar þjónustu, sérstaklega til tannviðgerða og sjúkradagpeninga. Í bréfi frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að niðurskurður sjúkradagpeninga kemur einkum niður á húsmæðrum, námsmönnum og verkafólki sem hefur ekki áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga hjá atvinnurekanda. Af þessum ástæðum munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði gegn þeim greinum frumvarpsins sem um þessi mál fjalla. Hins vegar munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði með 11. gr. frv. sem fjallar um heimild til heilbrigðisráðherra til þess að gefa út gjaldskrá fyrir tannlækna. Þá munu flokkarnir styðja þær greinar sem eru framkvæmd á samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúarmánuði.

Við meðferð málsins í nefnd kom fram að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að margfalda greiðslur sjúklinga til heilbrigðiskerfisins frá því sem verið hefur. Er gert ráð fyrir að á næstunni verði gefnar út reglugerðir um stórfelldar hækkanir lyfja og sérfræðigjalda, þar með talin röntgenþjónusta og göngudeildargjöld, og um hækkun á þjónustu heilsugæslulækna. Ekki er gert ráð fyrir minni hlutfallslegri hækkun á þessum gjöldum vegna aldraðra og öryrkja samkvæmt þeim upplýsingum sem þingnefndinni bárust frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Árás á námslánakerfið.

Námsmenn verða fyrir sérstakri árás samkvæmt frumvarpinu. Þar virðist gert ráð fyrir að lánshlutfallið lækki í 60% á síðari hluta ársins frá þeim 95% sem hefur verið miðað við á fyrri hluta ársins. Er þá miðað við óbreyttan fjölda námsmanna og verðlagsforsendur sem tæplega standast. Er talið að námslán hafi ekki verið lægri en 60% í hálfan annan áratug.

Minni kaupmáttur.

Það kom fram í nefndinni að frumvarpið hefur í för með sér skerðingu á kaupmætti launa frá því sem gert var ráð fyrir þegar kjarasamningarnir voru gerðir. Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu kemur á daginn að hagdeild ASÍ telur kaupmáttinn á 4. ársfjórðungi þessa árs verða 3,2% lakari en á síðasta fjórðungi s. l. árs. Það með er álitlegur hluti umsaminna kauphækkana aftur tekinn með þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Sveitarfélög — bindiskylda.

Minni hlutinn er andvígur þeim ákvæðum sem fjalla um skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga, en þetta er í fyrsta sinn sem gert er ráð fyrir skerðingu á verðtryggðum tekjustofnum sveitarfélaganna.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn tillögunni um heimild til aukinnar bindiskyldu Seðlabankans en það er eitt þeirra mála sem ágreiningur er um í stjórnarflokkunum.

Uppgjöf stjórnarinnar.

Á fundi á Seltjarnarnesi í síðustu viku lýsti varaformaður Sjálfstæðisflokksins því yfir, að verulegar hættur væru fram undan vegna þeirrar erlendu lántöku sem frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir. Hann sagði að stjórnarsáttmálann yrði að endurskoða nú þegar ársafmæli ríkisstjórnarinnar er á næsta leiti. Hann benti einnig á að þrátt fyrir frumvarpið vantaði enn á að staðið yrði við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um útgjöld til ýmissa málaflokka. Betri lýsing á vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar er ekki til.

Fyrir nákvæmlega einu ári slitnaði upp úr stjórnarmyndunartilraun Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Niðurstöðunni var lýst með þessari fyrirsögn í Morgunblaðinu 12. maí 1983: **„Samstaða um að rjúfa vísitölutengingu launa og verðlags en ágreiningur um framhaldið.“** Svo virðist sem þetta eigi enn við. Flokkarnir náðu í fyrra saman um kauplækkun — þeir hafa ekki getað komið sér saman um nein önnur úrræði í efnahagsmálum. Ágreiningur er á milli þeirra um kerfisbreytingar í stjórnkerfinu og um allar helstu forsendur ríkisfjármála og peningamála. Í stað þess að viðurkenna uppgjöf sína ákveður stjórnin nú að vísa vandanum á framtíðina með stórfelldum erlendum lántökum. Það er niðurstaðan eftir eins árs stjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Alþingi, 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.	Kjartan Jóhannsson.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal I:	Um kaupmátt kauptaxta frá Hagdeild ASÍ.
Fylgiskjal II:	Um fjármál Lánasjóðs íslenskra námsmanna og lækkun námslána.
Fylgiskjal III:	Frá Stúdentaráði Háskóla Íslands.
Fylgiskjal IV:	Samhljóða samþykkt borgarráðs Reykjavíkur.
Fylgiskjal V:	Frá Tryggingastofnun ríkisins um lækkun sjúkradagpeninga.
Fylgiskjal VI:	Frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.
Fylgiskjal VII:	Tillaga menntamálaráðherra um fækkun kennara.
Fylgiskjal VIII:	Greinargerð Verslunarráðs Íslands.
Fylgiskjal IX:	Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands.

Fylgiskjal I.

Hagdeild ASÍ.

Kaupmáttur kauptaxta ASÍ.
4. ársfj. 1983 = 100.

		ASÍ í febr.	ASÍ í maí	ÞHS í maí
1983	4.	100.0	100.0	100.0
1984	1.	99.8	99.9	100.1
	2.	100.7	99.1	99.6
	3.	100.2	97.6	98.3
	4.	99.5	96.8	97.9
1984	Mt.	100.0	98.3	99.0
1985	1.	100.5	97.4	99.1
Meðalh.	F-vísit.	26.2	29.5	28.9

Fylgiskjal II.

Sigurjón Valdimarsson.
07.05. '84.

Fjármál LÍN 1984.

Gjöld		Tekjur	
Námslán	572	Fjárveiting	400
Ferðastyrkir	42	Lántökur	258
Afb., vextir	70		
Rekstur o. fl.	8		
	692		
— Eigin tekjur	34		
Samtals:	658	Samtals:	658

Í áætlun sjóðsins, sem lögð var fyrir fjárveitinganefnd Alþingis í nóv. s. l., kom fram að áætluð fjárþörf umfram fjárlög væri 180.7 m. kr., þar af 168 m. kr. vegna lánveitinga og 7.8 m. kr. vegna lántökugjalda af lánum teknum á árinu 1984. Í þessari áætlun var miðað við 17% hækkun verðlags og gengis milli hausts '83 og hausts '84 og 8% fjölgun umsækjenda.

Jafnframt var þess getið að ef 25% víxillána yrði frestað eins og haustið 1983 mættiýta 33 m. kr. yfir á árið 1985. Síðan hefur komið ákvörðun Alþingis um 95% lánshlutfall sem svarar ca. 30 m. kr. á árinu 1984. Eftir stendur þá fjárvöntun vegna námslána, 105 m. kr.

Fyrirspurn frá fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið Sigurði Þórðarsyni deildarstjóra, hef ég svarað þannig að fjárþörf vegna námslána 1984 sé a. m. k. 672 m. kr. miðað við 95% lánshlutfall, 25% umreikning tekna og frestun 25% fjárþarfar vegna víxillána á Íslandi.

Af þessum 672 m. kr. gerði ég ráð fyrir að 60% eða 402 m. kr. færu út vegna vorlána 1984 og 270 m. kr. vegna haustlána.

Nú er úthlutun vorlána að mestu lokið og þegar búið að afgreiða 370 m. kr. og eftir ca. 32 m. kr. þannig að spáin varðandi vorlán hefur staðist nokkuð vel. Fjárþörfin á haustmisseri er áætluð 270 m. kr. og til ráðstöfunar eru 170 m. kr., þ. e. fjárveiting vegna námslána 572 m. kr. — vorlán 402 m. kr.

Fjárvöntun er því 100 m. kr. vegna námslána og 12.7 m. kr. vegna annars. Eins og áður hafa þessar tölur verið nefndar með fyrirvara um þróun verðlags og gengis og fjölgun umsækjenda.

Fjárþörf umsækjenda í haust er áætluð 284 m. kr. 95% lána er 270 m. kr.
60% lána er 170 m. kr.

Fjölgun umsækjenda milli námsáranna '82—'83 og '83—'84 var 13%.

Fylgiskjal III.

SHÍ STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
Reykjavík 08.05 1984.

Virðulegi alþingismaður.

Ályktun hagsmunanefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna ákvæða um Lánasjóð íslenskra námsmanna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum:

Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands varar stórlega við 2. gr. frumvarpsins um að ekki skuli veitt meira fjármagni en þegar hefur verið ákveðið til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands fær ekki séð að þessi áætlun standist, verði eftir sem áður lánað 95% af fjárþörf á haustmánuðum. Það er krafa hagsmunanefndar að ríkið standi við þær lagalegu skuldbindingar sem það hefur tekið á sig gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna og námsmönnum og trúir því ekki að ríkisvaldið hyggist brjóta þau lög eða breyta þeim námsmönnum í óhag.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er eitt öflugasta tækið til að tryggja jafnrétti til náms hér á landi og því frumkrafa að hann fái valdið hlutverki sínu. Hagsmunanefnd skorar því á menntamálaráðherra og alþingismenn að sjá til þess að staðið verði þannig að málum að Lánasjóður íslenskra námsmanna uppfylli þær lögbundnu kröfur sem hann ber gagnvart námsmönnum. Verði 2. gr. frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum látin standa óbreytt er ljóst að Lánasjóður íslenskra námsmanna mun ekki uppfylla þessi skilyrði og þar með væri höggvið stórt skarð í fjárhagslegt öryggi námsmanna.

Fylgiskjal IV.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Reykjavík, 8. maí 1984.

Hr. forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson,
Stjórnarráðshúsinu,
Reykjavík.

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Borgarráð Reykjavíkur varar alvarlega við því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði skertur.

Jöfnunarsjóðurinn er eini tekjustofn sveitarfélaganna, sem fylgt hefur verðlagi á fjárhagsárinu, en allir aðrir megintekjustofnar sveitarfélaganna eru bundnir við fasta álagningu, sem miðast við verðlag og tekjur ársins áður.

Með því að festa greiðslur í Jöfnunarsjóð að hámarki við þá krónutölu, sem áætluð er í fjárlögum (eða aðra fasta krónutölu), er alvarlega vegið að fjárhagsöryggi sveitarfélaganna, þar sem allir megintekjustofnarnir yrðu þá bundnir og ekkert svigrúm til staðar ef til verðlagshækkana kemur á fjárhagsárinu.

Borgarráð mótmælir því harðlega að fjárhagsvandi ríkissjóðs sé leystur með því að velta honum að hluta yfir á sveitarfélögin.

Davíð Oddsson.

Fylgiskjal V.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS
Reykjavík, 8. maí 1984.

Hr. alþm. Svavar Gestsson,
Alþingi.

Vegna fyrirspurna þinna, sem til mín bárust frá tryggingayfirlækni með beiðni um skjót svör, fór undirritaður þess á leit við deildarstjóra sjúkratryggingadeildar, Kristján Guðjónsson, sem gleggstar upplýsingar hefur um þau atriði, sem spurt var um, hér á stofnuninni, að hann gerði í skyndi athugun á málinu. Fara svör hans hér á eftir:

Breytingar á reglum sjúkradagpeninga, eins og þær eru fyrirhugaðar í „bandorminum", koma helst niður á eftirtöldum hópum:

1) húsmæðrum,
2) skólanemum,
3) þeim launþegum, sem nýlega hafa hafið störf, og
4) á atvinnurekendum sjálfum.

Svo sem fram kemur fyrr er hér um algjöra skyndiathugun að ræða og ber að skoða svörin í ljósi þess. Lengri tíma hefði þurft til þess að fá nákvæm og fullnægjandi svör við spurningum þessum, en þrátt fyrir tímaskort er það von Tryggingastofnunar ríkisins, að í punktum þessum finnist vísbendingar.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í dag tókst mér ekki að ná til þín í síma Alþingis, sagður vera lokaður inni á fundi.

Aðrar spurningar, sem beint var til tryggingayfirlæknis, eru í athugun og vinnslu að hans fyrirsögn.

Virðingarfyllst,
Eggert G. Þorsteinsson,
forstjóri.

Fylgiskjal VI.

Frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Áætlaður samdráttur í sölu búvara vegna lækkunar á niðurgreiðslum í mars 1984.

Mjólk og mjólkurvörur:

Nýmjólk	463	þús. lítrar
Rjómi	335	þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Ostur	483	þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Samtals:	1 300	þús. lítrar miðað við nýmjólk

Dilkakjöt	260 tonn
Nautakjöt	84 tonn

Áætlaður samdráttur í sölu búvara ef allar niðurgreiðslur féllu niður.

Mjólk og mjólkurvörur:

Nýmjólk	1 110	þús. lítrar
Rjómi	1 333	þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Smjör	2 816	þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Ostur	490	þús. lítrar (umreiknað í nýmjólk)
Samtals:	.5 749	þús. lítrar miðað við nýmjólk

Dilkakjöt	1 019 tonn
Nautakjöt	84 tonn

Framleiðsla, ráðstöfun og birgðir kindakjöts sept.-mars.

	1982/83 kg	1983/84 kg	Mismunur kg	%
Birgðir 1. sept.				
Dilkar	1 411 907	2 672 489	1 259 582	89,1
Fullorðið	617 020	410 546	−206 474	−33,5
	2 029 927	3 083 035	1 053 108	51,9
Slátrun				
Dilkar	11 524 873	11 048 557	−476 316	−4,1
Fullorðið	2 237 166	1 930 594	−306 572	−13,7
	13 762 039	12 979 151	−782 888	−5,7
Sala				
Dilkar	5 065 084	5 275 793	210 709	4,2
Fullorðið	1 192 608	1 124 576	−68 032	−5,7
	6 257 692	6 400 369	142 677	2,3
Útflutt				
Dilkar	1 303 000	2 194 698	891 698	68,4
Fullorðið	379 446	366 531	−12 915	−1,9
	1 682 446	2 561 229	878 783	52,2

Framleiðsla, ráðstöfun og birgðir kindakjöts sept.-mars.

	1982/83 kg	1983/84 kg	Mismunur kg	%
Rýrnun				
Dilkar	116 884	114 679		
Fullorðið	26 779	953		
	143 623	115 632		
Birgðir 31. mars				
Dilkar	6 451 852	6 135 876	315 876	4,9
Fullorðið	1 255 353	849 080	−406 273	32,4
	7 707 205	6 984 956	722 249	9,4
	Frl. 82	**Frl. 83**		
Sala sept. — mars				
Dilkar	3 855 898	2 745 368		
Fullorðið	715 565	730 747		
	4 571 463	3 476 115		
Birgðir 31. mars 1984 af framl. 1982				
Dilkar		19 832		
Fullorðið		37 093		
		56 925		

Reykjavík 18. apríl 1984.
Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Fylgiskjal VII.

Tillaga menntamálaráðherra.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Á eftir 15. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar, er verði 16. og 17. gr. frv. (Töluröð annarra greina breytast skv. því):

a) Í stað orðanna „1.—6. bekkjar", sem eru innan sviga í 47. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974, komi: 1.—7. bekkjar.

b) 48. gr. grunnskólalaga orðist svo:

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í aldursflokki ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

Greinargerð.

Til þess m. a. að koma við breyttum skipulagsháttum, sem leiða til aukins sparnaðar og aukins svigrúms skólahalds í dreifbýli, er felld niður fyrri málsgrein 48. gr. laga um

grunnskóla nr. 63/1974, þar sem segir að í 7.—9. bekk grunnskóla skuli deildir ekki vera færri en aldursflokkar.

Reynslan hefur sýnt að unnt er að koma við samkennslu með góðum árangri í 7.—9. bekk ekki síður en öðrum bekkjum grunnskóla, en núverandi ákvæði koma í veg fyrir slíka kennsluskipan. Þó er kveðið á um að nemendafjöldi í aldursflokki 8. og 9. bekkjar sé ekki minni en 12.

Breytingin í 47. gr. er gerð til samræmis við ákvæði 48. gr.

Fylgiskjal VIII.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS.
7. maí 1984.

Efni: Ályktun um boðaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Á fundi stjórnar Verslunarráðs Íslands 7. maí 1984 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Stjórn Verslunarráðs Íslands varar við afleiðingum þess að taka stórfelld erlend lán til að rétta af fyrirsjáanlegan halla á ríkissjóði, svo sem boðað hefur verið. Slík lántaka er engin lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs. Vandanum er aðeins slegið á frest og framvindu efnahagsmála teflt í tvísýnu.

Söfnun eyðsluskulda í útlöndum ýtir undir þenslu í efnahagslífinu og getur því kippt grundvellinum undan þeim árangri, sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna. Slíkt atferli er ekki síst alvarlegt í ljósi þess, að fólk og fyrirtæki hafa lagað útgjöld sín að samdrætti í efnahagslífinu. Sömu kröfur um aðhaldssemi verður að gera til ríkisvaldsins. Jafnvægi í efnahagslífinu verður ekki fest í sessi nema gætt sé aðhaldssemi í fjármálum ríkisins og frjálsræði verði aukið í verðlagsmálum, vaxtamálum og gengismálum.

Stjórn Verslunarráðsins vill því hvetja til þess að breytt verði um stefnu og fjárhagsvanda ríkissjóðs verði að fullu mætt með sparnaði og sölu ríkisfyrirtækja.

Greinargerð

með ályktun stjórnar Verslunarráðs Íslands frá 7. maí um boðaðar aðgerðir í ríkisfjármálum.

Traust og væntingar eru mikilvægir þættir í stjórn efnahagsmála. Ef almenningur ber traust til efnahagsstefnunnar er auðveldara að ná settu marki, og ef menn vænta þess að verðbólgan hjaðni haga menn sér í samræmi við það. Greinilegt er að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur notið trausts og landsmenn hafa verið tilbúnir til að taka á sig fórnir og skorið niður útgjöld til þess að árangur gæti náðst. Þess er þá einnig vænst að ríkisstjórnin sjálf skeri niður útgjöld og lagi sig að breyttum aðstæðum.

Ef ríkisstjórnin er ekki tilbúin til að gera það sem hún ætlast til af þegnunum grefur það undan trausti þeirra á efnahagsstefnunni og trúnni á að sigur hafi náðst í baráttunni við verðbólguna. Nú þegar eru teikn á lofti um að gamli verðbólguhugsunarhátturinn sé að ryðja sér til rúms á nýjan leik og eyðsla komi í stað aðhalds. Þess vegna er það úrslitaatriðið um árangur í efnahagsmálum, að ríkisstjórninni takist að skera niður útgjöld svo ekki verði halli á ríkissjóði á þessu ári, en mæti ekki vandanum með lántökum.

Innan fjárlaga 1984 er verulegt svigrúm til sparnaðar. Í því sambandi má t. d. nefna 148 milljóna króna framlag til niðurgreiðslu á vaxta- og geymslukostnaði landbúnaðarvara, enda

er óeðlilegt að greiða niður fjármagnskostnað. Slíkt ýtir undir offramleiðslu og birgðasöfnun sem er ærin fyrir. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum sem nefna mætti.

Enn fremur skal bent á þann möguleika að afla tekna annars vegar með sölu hlutabréfa ríkissjóðs og hins vegar með sölu ríkisfyrirtækja. Nafnvirði hlutabréfaeignar ríkissjóðs í einkafyrirtækjum var um 234 milljónir króna í lok síðasta árs og eiginfjárstaða þriggja eignamestu ríkisfyrirtækja var 592 milljónir króna í árslok 1982. Ef ríkisvaldið seldi þessar eignir væri fjárhagsvandinn leystur án þess að til erlendrar skuldasöfnunar þyrfti að koma. Einnig yrði þá ónauðsynlegt að beita þeirri ranglátu leið að skerða lánafyrirgreiðslu til atvinnulífsins með hækkun bindiskyldu til þess að draga úr þenslu, sem eingöngu stafar af því, að ríkisvaldið eyðir um efni fram.

Fylgiskjal IX.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS
Reykjavík, 10. maí 1984.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis
Alþingishúsinu.
101 Reykjavík.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Vinnuveitendasamband Íslands lýsir áhyggjum sínum yfir þeim viðbrögðum við vanda ríkissjóðs, sem koma fram í þessu frumvarpi. Með því að taka erlend lán í þeim mæli, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og með því að horfur eru á að frekari lántökur erlendis verði nauðsynlegar, t. d. vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi, þá er verið að stofna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í lækkun verðbólgu og að draga úr viðskiptahalla við útlönd.

Þegar erlent lánsfé kemur inn í hagkerfið í þessum mæli hefur það þensluáhrif, skapar hættu á launaskriði, verðbólgu og erfiðleikum fyrir samkeppnis- og útflutningsgreinarnar, sem eru einmitt þær atvinnugreinar, sem treyst er á að bera uppi aukna verðmætasköpun og hærri þjóðartekjur. Verða því líkur til þess, að óverjandi þrýstingur myndist á gengi íslensku krónunnar. Atvinnulífið býr nú við hærri raunvexti en um árabil og hefur þrátt fyrir það og minnkandi kaupmátt haldið uppi nánast fullri atvinnu á síðustu misserum. Eftirspurn útflutnings- og samkeppnisgreinanna eftir vinnuafli mun hins vegar líklega slakna þegar líða tekur á árið því að auk afleiðinga þenslunnar kemur aðhaldið, sem beita á í peningamálum, helst við þessar greinar, þ. e. hækkun bindiskyldu og lækkun afurðalánahlutfalls.

Vinnuveitendasambandið telur hættu á því að verðbólga á árinu verði nokkru meiri en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir, ef ekki verður meira að gert, þrátt fyrir að samningsbundnar launahækkanir verði ekki meiri en þegar hefur verið um samið og þrátt fyrir að gengisforsendur ríkisstjórnarinnar standist. Meginmunurinn varðandi hugmyndir um þróun verðbólgunnar felst í því, að Vinnuveitendasambandið óttast að þenslan leiði til vaxandi verðbólgu á síðasta hluta ársins en ekki fallandi eins og Þjóðhagsstofnun spáir. Þá telur Vinnuveitendasambandið að laun hafi hækkað heldur meira við nýgerða kjarasamninga en Þjóðhagsstofnun miðar við, þannig að kaupmáttur verði svipaður eða ívið meiri en Þjóðhagsstofnun reiknar með.

Virðingarfyllst,
Magnús Gunnarsson.

Nd. 830. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til umfjöllunar meginhluta þingtímans og fengið umsagnir frá fjölmörgum aðilum.

Frv. felur í sér að skattstjórar fái heimild til að veita sérstaka skattaívilnun þegar skattþegn verður fyrir verulegum útgjöldum vegna tannviðgerða svo að gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Í 66. gr. skattalaga eru eftirfarandi ákvæði um lækkun tekjuskattsstofns ef skattaðilar verða fyrir þungum búsifjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum:

1) Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3) Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4) Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5) Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6) Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Útgjöld einstaklinga og heimila eru oft mjög mikil vegna tannlækninga og geta í mörgum tilvikum skert greiðsluþol manna verulega, ekki síður en þau ákvæði 66. gr. skattalaganna sem áður er að vikið. Benda má á að í sumum þeirra tilvika, sem veita skattívilnun samkv. 66. gr., kemur einnig greiðsla frá sjúkratryggingum almannatrygginga.

Með frumvarpinu er vitaskuld einungis stigið takmarkað skref í því að létta undir með fólki vegna kostnaðar af tannviðgerðum.

Vitaskuld er að mörgu leyti eðlilegt að auka þátttöku almannatrygginga í greiðslu tannlækninga. Fjárlagafrumvarpið fyrir 1984 og allur aðdragandi þessa máls gefur þó ekki tilefni til að ætla að slík úrbót sé á næsta leiti. Nýframkomnar tillögur ríkisstjórnarinnar um skerðingu á þátttöku almannatrygginganna í tannlækningakostnaði gefa hins vegar fyllsta tilefni til þess að koma til móts við þá, sem illa eru settir að því er gjaldþol varðar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Fyrir því leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1984.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 831. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á mörgum fundum. Nefndin aflaði fjölmargra gagna varðandi málið og kvaddi á sinn fund eftirtalda aðila: Jón Sigurðsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Bjarna Braga Jónsson frá Seðlabanka, Magnús Pétursson hagsýslustjóra, Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnun, Ásmund Stefánsson, forseta Alþýðusambands Íslands, Björn Björnsson, hagfræðing ASÍ, Vilhjálm Egilsson, hagfræðing Vinnuveitendasambands Íslands, Björn Önundarson og Helga Sigvaldason frá Tryggingastofnun ríkisins, Örlyg Geirsson frá menntamálaráðuneyti, Sigurjón Valdimarsson frá Lánasjóði ísl. námsmanna, Björn Friðfinnsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón Sæmund Sigurjónsson, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda, Egil Bjarnason frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sigurð Þórðarson frá fjármálaráðuneyti og Sigurð Helgason frá menntamálaráðuneyti, Má Elísson, Fiskveiðasjóði, og Stefán Pálsson, Búnaðarbanka.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 736, með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Þorsteinn Pálsson. Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.

Nd. 832. Breytingartillögur [340. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÞP, FrS, HBl).

1. Á eftir 16. gr. frv. komi svohljóðandi ný grein og breytist töluröð annarra greina samkv. því:

   48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

   Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deidir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

   Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.
2. 20. gr. frv. breytist svo, að í stað „2,4%“ komi: 1,2%.
3. 28. gr. frv. hljóði svo:

   Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

Nd. 833. Frumvarp til laga [269. mál]

um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 515 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Gjalddagi erfðafjárskatts er sá dagur, er skiptaráðandi áritar erfðafjárskýrslu samkvæmt 2. mgr. 12. gr., ef um er að ræða einkaskipti eða skipti, sem löggiltur skiptaforstjóri stýrir, en sé um önnur opinber skipti að ræða, er gjalddagi sá dagur, er skiptagerð búsins liggur fyrir í endanlegri gerð.

Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga, skulu innheimtir til viðbótar dráttarvextir. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nd. 834. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess. Guðrún Agnarsdóttir er samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Þorsteinn Pálsson.	Halldór Blöndal.	Svavar Gestsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 835. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Guðrún Agnarsdóttir er samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Þorsteinn Pálsson.	Halldór Blöndal.	Svavar Gestsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Ed. 836. Framhaldsnefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Að lokinni frekari athugun á fumvarpinu leggur nefndin til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr. 3. töluliður orðist þannig:
   Ekki má selja tóbak í skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.
2. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig: Tóbaksreykingar eru óheimilar:
3. Við 17. gr. 3. töluliður falli brott.
4. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:
   Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.

Salome Þorkelsdóttir og Árni Johnsen voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Lárus Jónsson.

Kolbrún Jónsdóttir. Karl Steinar Guðnason.

Ed. 837. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er annað af tveimur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um lækkaðar skattgreiðslur banka og annarra lánastofnana. Í þessu frumvarpi er greiðsla gjaldeyrisbanka í ríkissjóð af umboðsþóknun og gengismun lækkuð á árinu 1984 um þriðjung og veldur það tekjumissi fyrir ríkissjóð sem svarar um 30 millj. króna á þessu ári, um 60 millj. kr. tekjumissi á næsta ári og um 90 millj. kr. tekjumissi á árinu 1986 þegar gjaldið verður fellt niður.

Í öðru frv. um hliðstætt efni (306. mál) er tekjuskattur banka og innlánsstofnana lækkaður um 18 millj. kr. á þessu ári og um 160 millj. kr. á næstu tveimur árum. Þessi einkennilega gjafmildi fjármálaráðherra og ríkisstjórnar í þágu banka er óneitanlega mjög í mótsögn við fjárhagserfiðleika ríkissjóðs um þessar mundir.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að ríkisstjórnin láti endurskoða gildandi lög um skattskyldu innlánsstofnana og þar sem frumvarp þetta er að ýmsu leyti vanhugsað og illa undirbúið og

hefur í för með sér stórfellt tap fyrir ríkissjóð ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 10. maí 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Eiður Guðnason.

Ed. 838. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá 1. minni hl. samgöngunefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1984.

Egill Jónsson, form.	Valdimar Indriðason, frsm.	Tómas Árnason.

Ed. 839. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá 1. minni hl. samgöngunefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1984.

Egill Jónsson, form.	Valdimar Indriðason, frsm.	Tómas Árnason.

Ed. 840. Breytingartillögur [302. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá 1. minni hl. samgöngunefndar (EgJ, VI, TÁ).

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Til starfstíma má einnig telja starfstíma við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.
2. Við 5. gr. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. komi nýr málsl. er orðist svo: Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um.
3. Við 6. gr. Aftan við 1. tl. bætist: til fjölgunar eða fækkunar.

Nd. 841. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi Einarssyni.

Aftan við 3. mgr. 3. gr. bætist: Fari gengismunur af skreið fram úr 151 milljónum króna skal það sem umfram er greitt í skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Nd. 842. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að selja sem flest fyrirtæki sem ríkissjóður á hlutdeild að og það án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða að því er virðist. Ljóst dæmi um þetta er fyrirliggjandi frumvarp um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, en ríkið á nú um 27% af hlutafé bankans. Nær alltaf hefur verð greiddur arður af þessu hlutafé til ríkisins og hefur hann numið 5% á undanförnum árum. Þá hefur hlutaféð verið fært upp reglulega samkvæmt vísitölu, t. d. um 71% á árinu 1983.

Samstarf ríkisins og annarra hluthafa að bankanum hefur gengið vel og snurðulaust frá stofnun bankans fyrir röskum 30 árum og ekki hafa heyrst neinar kvartanir frá starfsmönnum bankans vegna þess. Þetta samstarf hefur verið bankanum til styrktar og ríkinu til gagns, m. a. hefur bankinn veitt stjórnvöldum margháttaðar upplýsingar um þróun lánamála og aðrar hagstærðir varðandi iðnaðinn í landinu á þessu tímabili. Þá hefur Iðnlánasjóður verið í vörslu Iðnaðarbankans frá stofnun bankans og nú liggur frumvarp fyrir Alþingi um að sameina Iðnrekstrarsjóð Iðnlánasjóði. Starfsemi Iðnrekstrarsjóðs varðar iðnþróun í landinu þar sem sjóðnum er ætlað að veita styrki og áhættulán, svo og ábyrgðir vegna nýmæla og þróunarstarfsemi í iðnaði. Það er tvísýnt að leggja vörslu slíks fjármagns í hendur einkabanka og mælir það með öðru gegn þessu frumvarpi um sölu á hlut ríkisins í Iðnaðarbankanum.

Ekki er hægt að fallast á að sölustefna núverandi ríkisstjórnar sé markmið í sjálfu sér og taka ber afstöðu til aðildar ríkisins að fyrirtækjum og atvinnurekstri hverju sinni. Engin efnisleg rök hafa komið fram af hálfu þeirra sem flytja þetta frumvarp um sölu á hlutabréfum, og engin leið er að fallast á hagkvæmni þess að selja hlutabréf í banka sem er í góðu gengi og gefur arð og lofar góðu í framtíðinni.

Minni hl. iðnaðarnefndar leggur því til að frumvarp þetta verði fellt en áskilur sér rétt til að standa að og fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 11. maí 1984.

Hjörleifur Guttormsson,
fundaskr.

Kristín Halldórsdóttir,
frsm.

Nd. 843. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. l. nr. 31 27. apríl 1963.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta tengist frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands.

Undirrituð eru andvíg þeirri sölu á hlut ríkisins í bankanum og því einnig mótfallin þeirri breytingu á lögum um bankann sem felst í þessu frumvarpi og leggja til að það verði fellt.

Alþingi, 11. maí 1984.

Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.
Kristín Halldórsdóttir, frsm.

Nd. 844. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968, l. nr. 42 16. apríl 1971, l. nr. 50 25. apríl 1973, l. nr. 68 21. maí 1974, l. nr. 44 16. maí 1977, l. nr. 59 31. maí 1979 og l. nr. 44 11. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Þótt lögin taki gildi skv. frv. hinn 1. júní 1984 hefst breytt gjaldtaka skv. 2. gr. ekki fyrr en á árinu 1985 af gjaldstofni ársins 1984.

Alþingi, 11. maí 1984.

Páll Pétursson, form.
Hjörleifur Guttormsson, fundaskr., með fyrirvara.
Friðrik Sophusson, frsm.
Ingvar Gíslason.
Birgir Ísl. Gunnarsson.
Gunnar G. Schram.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Nd. 845. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 11. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.
Halldór Blöndal.
Friðrik Sophusson.
Guðmundur Einarsson.
Elsa Kristjánsdóttir.
Ingvar Gíslason.
Gunnar G. Schram.

Nd. 846. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og kvaddi til fundar Ingimar Einarsson frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 762 (sbr. 8).

Alþingi, 11. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Halldór Blöndal. Friðrik Sophusson.

Ingvar Gíslason. Gunnar G. Schram.

Nd. 847. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, sbr. l. nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum sem hún flytur á þskj. 848.

Til að taka af tvímæli tekur nefndin fram að ákvæði frv. eiga við alla framhaldsskóla sem reknir eru með fjölbrautasniði, svo sem framhaldsskólana í Vestmannaeyjum og Neskaupstað.

Einn nefndarmanna, Kristín S. Kvaran, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ólafur G. Einarsson.

Hjörleifur Guttormsson. Birgir Ísl. Gunnarsson. Bjarni Guðnason.

Nd. 848. Breytingartillaga [311. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, sbr. l. nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Nd. 849. Nefndarálit [310. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1970, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu sem lögð er fram á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Kristín S. Kvaran, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ólafur G. Einarsson.
Hjörleifur Guttormsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Bjarni Guðnason.

Nd. 850. Breytingartillaga [310. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1970, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Aftan við 1. efnismgr. bætist nýr málsl. er orðist svo: Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Nd. 851. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum að það verði fært til hins fyrra horfs eins og það var lagt fram á Alþingi.

Einn nefndarmanna, Kristín S. Kvaran, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ólafur G. Einarsson.
Hjörleifur Guttormsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Bjarni Guðnason.

Nd. 852. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 12. maí 1970 um skemmtanaskatt.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Efnismgr. orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

Nd. 853. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um bókasafnsfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Við afgreiðslu málsins var eftirfarandi bókað sem samdóma álit nefndarinnar: Ákvæði laganna hafa ekki áhrif á ráðningu þeirra sem gegna störfum bókavarða við setningu laga þessara. Áhersla er lögð á að greitt sé fyrir viðbótarfræðslu þeirra sem nú gegna bókavarðarstörfum.

Einn nefndarmanna, Kristín S. Kvaran, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm. — Ólafur Þ. Þórðarson. — Ólafur G. Einarsson.

Hjörleifur Guttormsson. — Birgir Ísl. Gunnarsson. — Bjarni Guðnason.

Ed. 854. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. — Ragnar Arnalds. — Valdimar Indriðason.

Lárus Jónsson. — Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Ed. 855. Nefndarálit [349. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. var andvígur því ákvæði sem hér er breytt en hreyfir ekki andmælum við þessari breytingu.

Alþingi, 11. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form. — Lárus Jónsson, frsm. — Valdimar Indriðason.

Tómas Árnason.

Nd. 856. Breytingartillaga [265. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968, l. nr. 42 16. apríl 1971, l. nr. 50 25. apríl 1973, l. nr. 68 21. maí 1974, l. nr. 44 16. maí 1977, l. nr. 59 31. maí 1979 og l. nr. 44 11. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Við 3. gr. Á eftir a-lið (7. gr.) komi nýr stafliður er verði b-liður (8. gr.) og orðist svo:

Til að annast með stjórn Iðnlánasjóðs um fjárreiður vöruþróunar- og markaðsdeildar skipar iðnaðarráðherra fjóra menn til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Iðnþróunarsjóðs. Skulu þeir saman með stjórn Iðnlánasjóðs taka ákvarðanir um lánveitingar, framlög, ábyrgðir og kaup og sölu á hlutabréfum, skv. 8. og 10. gr.

Ed. 857. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, og skal sú landhelgi afmörkuð á sama hátt og gert er í 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Þá skal og teljast til tollsvæðis ríkisins loftrými það sem er yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

2. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Grundartangi
2. Borgarnes
3. Rif
4. Ólafsvík
5. Grundarfjörður
6. Stykkishólmur
7. Patreksfjörður
8. Þingeyri
9. Flateyri
10. Suðureyri
11. Bolungarvík
12. Hólmavík
13. Hvammstangi
14. Blönduós
15. Skagaströnd
16. Sauðárkrókur
17. Ólafsfjörður
18. Dalvík
19. Raufarhöfn
20. Þórshöfn
21. Vopnafjörður
22. Reyðarfjörður
23. Fáskrúðsfjörður
24. Djúpivogur
25. Höfn í Hornafirði
26. Þorlákshöfn
27. Selfoss

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi tollyfirvalda að breyta fjölda tollhafna, hafi veruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti

til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða telja verður af öðrum ástæðum að breyta þurfi fjölda tollhafna.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæslunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um, að á skrána séu færðar allar þær vörur sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.
8. Skrá yfir gáma sem farið flytur, fjölda þeirra, auðkenni og innihald hvers um sig.
9. Skrá yfir allar aðrar vörur sem farið kann að flytja.
10. Öll önnur tollskjöl sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
11. Önnur skjöl og skilríki sem ákveðið kann að verða eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

4. gr.

25. gr. orðist svo:

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og allt, sem undir lás skal vera, sé þar.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir vörur skv. 1. mgr. Frumritið afhendist tollgæslunni við komu fars. Tvö eintök skulu fylgja fari meðan það er hér við land, og sendist tollgæslunni annað eintakið við brottför til útlanda en hitt skal vera í farinu við næstu komu þess til landsins.

Setja má í reglugerð ákvæði um, hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands, ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess, að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

5. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. orðist svo:

Tollgæslan gefur fari tollvegabréf til útlanda, telji hún ástæðu til, enda hafi stjórnandi fars fullnægt öllum skyldum sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti og ber að senda tollgæslustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er. Hið sama gildir ef sérstök innsiglisskrá er gerð.

6. gr.

2. mgr. 50. gr. orðist svo:

Nú er fleiri en ein vörusending skráð á sama farmbréf og er þá heimil greiðsla aðflutningsgjalda af hverri sendingu fyrir sig ef farmflytjandi skiptir upprunalega farmbréfinu með útgáfu nýrra bréfa.

7. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi."
b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum."
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
4. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er til útlanda.

8. gr.

Í stað tölunnar „500" í 68. gr. laganna komi: 15 000.

9. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

10. gr.

2. mgr. 76 gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 40 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eingaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 80 000 kr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 858. Frumvarp til laga [221. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 390 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

10. gr. orðist svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi, sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., nema jarðanefnd samþykki.

Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skal afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. áður en bygging sumarbústaða hefst.

Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum), sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging, sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði þessarar greinar um sumarbústaði eiga einnig við um sæluhús, veiðihús, skíðaskála og hliðstæðar byggingar.

Það telst vera sumarbústaðahverfi, þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

10. gr., d(25. gr.) liður hljóðar svo:

Heimild landbúnaðarráðuneytisins þarf til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun félagsbúsins. Fara skal eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. um umsókn og meðferð hennar.

Það teljast vera félagsbú, þegar tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning skv. 27. gr. um að standa sameiginlega að búrekstri á einni eða fleiri jörðum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu allir búsettir á viðkomandi býli (býlum).

Hjón ein sér eða með ófjárráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. 2 ár.

Heimilt er að samþykkja tímabundna stofnun félagsbús vegna ættliðaskipta á jörð og er í reglugerð heimilt að víkja frá skilyrðum 5. mgr. 25. gr. og réttindum, skv. 1. mgr. 28. gr., varðandi slík félagsbú.

Um stærð á landi félagsbús skal fara eftir 23. gr. þannig að landið sé ekki minna en hver aðili félagsbúsins hefði stofnað nýtt býli.

Ed. 859. Frumvarp til laga [306. mál]

um breyting á lögum nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Til skattskyldra tekna aðila, skv. 1. gr. þessara laga, teljast þó ekki tekjur stofnlánasjóða og veðdeild sem stofnuð eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum og í tengslum við innlánsstofnanir en sem fjárhagslega sjálfstæðar deildir. Fjárhagur þeirra sé greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana enda séu reglur þar um viðurkenndar af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Í stað heimildar til niðurfærslu viðskiptaskulda í 2. málsl. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 er skattskyldum aðilum samkvæmt lögum þessum heimilt að færa fjárhæð til gjalda í sérstakan afskriftareikning útlána sem nemur 1% af

aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Heildarfjárhæð afskriftareiknings útlána skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 1% af heildarfjárhæð útlána og veittra ábyrgða í árslok. Fari afskriftareikningurinn eitthvert ár fram úr þessum mörkum skal mismunurinn teljast til tekna.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Innlánsstofnanir með lægri heildarinnlán en 50 millj. kr. í lok næsta árs á undan tekjuári skulu undanþegnar skattgreiðslum samkvæmt lögum þessum, en skulu engu að síður framtalsskyldar.

Undanþága skv. 1. mgr. miðast við heildarinnlán 31. desember 1982 og skal viðmiðunarfjárhæð síðan breytast árlega í samræmi við útreikning verðbreytingarstuðuls samkvæmt 26. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, í fyrsta sinn miðað við hinn 31. desember 1983 vegna skattlagningar tekna og eigna ársins 1984.

Verði aðili, sem myndað hefur skattalegan varasjóð eða fengið frestað skattlagningu söluhagnaðar, meðan hann er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, síðar undanþeginn skattgreiðslu skv. 1. mgr. skal varasjóður og frestaður söluhagnaður, framreiknaður skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, teljast til skattskyldra tekna síðasta skattskylduárs án viðurlaga. Hafi aðili myndað fjárfestingarsjóð skal hann einnig teljast til tekna á síðasta skattskylduári framreiknaður en án viðurlaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1983 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1982.

II.

Til ársloka 1985 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta skv. lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu, skv. 110. gr. l. nr. 75/1981.

Stofn til sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal skila mánaðarlega viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 2.–5. mgr. eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsla, sem innt var af hendi á árinu 1983, skal ganga upp í álagningu á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs. Mánaðarleg fyrirframgreiðsla á árinu 1984 skal vera 0,06% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1985 vegna tekna

ársins 1984 og eigna í lok þess árs. Á árinu 1985 skal mánaðarleg fyrirframgreiðsla nema 0,03% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Komi í ljós við álagningu 1984 til 1986 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs en nemur álögðum gjöldum skv. lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða án vaxta það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla fyrir viðkomandi tekjuár skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum hinn 1. hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Frá og með gjaldárinu 1987 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII kafla laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árunum 1984 til 1986 eftir því sem við getur átt.

Ed. 860. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Ingolf J. Petersen, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, kom á fund í nefndinni og veitti upplýsingar.

Eftirtaldir aðilar sendu umsögn um málið: Apótekarafélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, landlæknir, Neytendasamtökin, Félag ísl. stórkaupmanna og Læknafélag Íslands.

Salome Þorkelsdóttir og Árni Johnsen voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. með breytingartillögum sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Kolbrún Jónsdóttir.

Lárus Jónsson. Karl Steinar Guðnason.

Ed. 861. Breytingartillögur [261. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verði 10. mgr. og hljóði svo:
   Ef fyrirtæki eða rannsóknastofnun fæst við framleiðslu á ónæmisefnum handa dýrum má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. mgr., enda sé tryggt að mati yfirdýralæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.
2. 9. gr. falli niður.
3. 5. mgr. 12. gr. orðist svo:
   Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar þegar þurfa þykir og skulu nánari ákvæði um það sett í reglugerð, sbr. 31. gr.
4. 16. gr. falli niður.

Sþ. 862. Tillaga til þingsályktunar [356. mál]

um skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Friðrik Sophusson, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra í samráði við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að samræma rekstur almenningsfarartækja á höfuðborgarsvæðinu.

Könnuð verði almenn og þjóðhagsleg hagkvæmni slíks sameiginlegs samgöngukerfis og gerð langtímaáætlun um almenningssamgöngur á svæðinu.

Kostnaður við slíka athugun og áætlunargerð greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Flutningsmenn hafa notið ráðgjafar Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Almenningssamgöngur í þéttbýli eru nú orðnar mjög mikilvægur þáttur í samgöngumálum landsmanna. Auðveldar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu eru algert grundvallaratriði til þess að það fólk, sem þar býr, geti fært sér í nyt þá aðstöðu og tækifæri sem þar er að finna. Þeir sem hafa yfir einkabifreið að ráða eru hér tiltölulega vel settir, en mikill fjöldi fólks hefur ekki yfir slíkum farkosti að ráða. Þessu fólki þarf líka að tryggja góða samgöngumöguleika um svæðið, hvort heldur um er að ræða unga, gamla, hreyfihamlaða eða aðra sem þurfa á sérstakri flutningaþjónustu að halda.

Samgöngukostnaður á þessu svæði hefur einnig vaxið mjög ört á undanförnum árum með útþenslu byggðar og hækkandi bensínverði. Nú er svo komið að ekki er óalgengt að samgöngukostnaður fjögurra manna fjölskyldu á þessu svæði sé orðinn allt að 10 000 kr. á mánuði. Þetta mál verður þeim mun alvarlegra ef til þess er litið að á höfuðborgarsvæðinu búa nú um 54% þjóðarinnar.

Fjórir aðilar sjá um að veita almenningsflutningaþjónustu á svæðinu (Mosfellsleið, Strætisvagnar Reykjavíkur, Strætisvagnar Kópavogs og Landleiðir). Þessi þjónusta er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og hverfum. Byggðin norðan Fossvogslækjar og vestan Elliðaáa nýtur bestrar þjónustu. Fyrir byggð utan þessa svæðis er ferðatíminn lengri, skiptihlutfall (hlutfall þeirra, sem skipta um vagn, af heildarfjölda farþega) hærra og ferðatíðni lægri. Í grófum dráttum gildir að þjónustugæðin eru lakari eftir því sem sveitarfélagið er minna og fjarlægð þess frá þungamiðju höfuðborgarsvæðisins er meiri. Í Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi er t. d. engin almenningsvagnaþjónusta.

Miklir erfiðleikar eru einnig víða á samgöngum milli sveitarfélaga. Íbúar í Breiðholti í Reykjavík, sem þurfa að sækja vinnu eða gegna erinda í Kópavog, og öfugt, þurfa nú í báðum tilfellum að skipta um vagn á Hlemmi, en sjálfsagt hagræði er að tengja þessi sveitarfélög betur saman með almenningsvagnaleið milli Kópavogs og Breiðholts.

Skipulag almenningsvagnaþjónustu verður ekki slitið úr samhengi við aðra þætti samgöngumála þannig að vel fari. Þess vegna er lagt til að mörkuð verði almenn stefna í samgöngumálum fyrir höfuðborgarsvæðið áður en markmið fyrir skipulag almenningsvagnaþjónustu verða endanlega ákveðin. Mestu skiptir að ákveðin festa ríki í skipulagi þessara mála. Mörgum fyrirtækjum og stofnunum er valinn staður með tilliti til samgangna og tíðar breytingar, bæði á leiðum og skiptistöðvum, geta haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir margs konar rekstur og valdið fólki miklum óþægindum.

Almenningsvagnaþjónusta verður heldur ekki skipulögð algerlega innan vébanda einstakra sveitarfélaga svo að vel sé. Á vegum Reykjavíkurborgar stendur yfir endurskoðun á leiðakerfi S. V. R. Æskilegt er að sú endurskoðun verði þáttur í samræmdu framtíðarskipulagi almenningsvagnaþjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem hér er lagt til að verði unnið.

Samkvæmt almenningsvagnakönnun 1976 var farþegafjöldi á höfuðborgarsvæðinu 46 600 á virkum degi. Þetta jafngildir 0,4 farþegum á íbúa á dag. Þetta er fremur lítið saman borið við aðrar borgir á Norðurlöndum af svipaðri stærð, sérstaklega þegar um er að ræða borgir með svipað loftslag og hnattstöðu. Á sama tíma og farþegum með S. V. R. hefur fækkað úr 17,5 milljónum árið 1962 niður í 11,5 milljónir árið 1981 (34%) hefur vegalengd vagna S. V. R. samt aukist úr 3,1 milljónum km á ári upp á 4,3 milljónir km á ár. Þetta jafngildir því að farþegakílómetrum hafi fækkað um 9% ef gert er ráð fyrir að meðallengd ferðar með S. V. R. hafi aukist jafnmikið og ekin vegalengd vagna S. V. R.

Þrátt fyrir tiltölulega góða nýtingu vagnakostsins er mikið tap á rekstri almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu. Heildarútgjöld eru áætluð um 200 milljónir króna fyrir árið 1983. Hins vegar verða fargjaldatekjur aðeins um 150 milljónir króna þannig að útlit er fyrir að halli verði um 50 milljónir króna (eignabreytingar meðtaldar). Útlit er fyrir að halli á rekstri almenningsvagna eigi enn eftir að aukast verulega í framtíðinni ef ekkert verður að gert vegna væntanlegrar aukningar á bílaeign og lengri ferðum (vegna stækkunar byggðra svæða). Samræming á rekstri almenningsfarartækja á höfuðborgarsvæðinu mun leiða af sér umtalsverðan þjóðhagslegan sparnað, bæði hjá rekstraraðilum og eins óbeinan sparnað hjá hinum almenna borgara.

Hvað viðvíkur sparnaði hjá rekstraraðilum má nefna ýmis augljós dæmi. Sums staðar aka vagnar á vegum tveggja eða fleiri aðila, hlið við hlið, langar leiðir, hálftómir utan annatíma. Annar galli við ósamræmdan rekstur er sá að aðilar eru bundnir við ákveðin sveitarfélög og flestar leiðir almenningsvagna enda í miðborg Reykjavíkur. Ljóst má vera að hagkvæmara og betra kerfi næst með því að líta á allt svæðið sem eina heild og taka upp samvinnu milli fyrirtækja. Grundvallaratriði í slíku samræmdu kerfi yrðu góðar skiptistöðvar, hugsanlega í Mjóddinni í Breiðholti og miðbæ Kópavogs, þar sem allar leiðir á viðkomandi svæði kæmu inn á skiptistöð samtímis. Yrði þannig um fullkomna skiptimöguleika að ræða. Ofangreindar endurbætur mundu leiða til einhverrar aukningar á farþegafjölda og þar með aukinna tekna.

Hagkvæmni samræmingar fyrir rekstraraðila eykst eftir því sem fram líða stundir með ört vaxandi byggð. Gildir þetta sérstaklega um suður- og austurhluta höfuðborgarsvæðisins. Erfitt er að meta þessa hagkvæmni á þessu stigi, en ef gert er ráð fyrir að rekstrarsparnaður yrði 5% mundu sparast u. þ. b. 10 milljónir á ári. Hjá hinum almenna borgara yrði einnig um að ræða þjóðhagslegan sparnað. Við þær endurbætur, sem samræming leiðakerfa mundi hafa í för með sér, yrði eins og fyrr greinir einhver aukning á farþegafjölda. Hluti hinna nýju farþega yrði fyrrverandi bílstjórar. Þjóðhagslegur sparnaður yrði þá fólginn í sparnaði á rekstri einkabíla. Erfitt er að meta þann sparnað sem samræmt almenningsvagnakerfi myndi leiða af sér á þessu sviði miðað við ósamræmt kerfi en þó má telja líklegt að þarna yrði sparnaður sem næmi einhverjum tugum milljóna króna á ári. Í þessu sambandi má geta þess að rekstur einkabifreiða á höfuðborgarsvæðinu kostar nú u. þ. b. 6 milljarða króna á ári (lauslega áætlað).

Nú er unnið að svæðaskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem tekur til þróunar þessa svæðis á mörgum sviðum næstu 20 ár. Mikilvægt er að samræmd áætlun um almenningssamgöngur verði hluti af þessari stefnumótun.

Hér er um mjög mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla þá sem byggja þetta svæði. Þessu máli verður ekki ráðið til lykta svo vel sé innan vébanda hvers sveitarfélags fyrir sig og ekki

án þess að mörkuð sé ákveðin stefna sem tekur bæði mið af núverandi byggð og fyrirhugaðri þróun þessa svæðis.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af kostnaði við gerð þessarar athugunar og áætlunar með hliðsjón af því að samgönguáætlanir fyrir ýmsar byggðir og landsvæði hafa verið gerðar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Með tillögunni er ráðherra og forsvarsmönnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ætlað að ná samkomulagi um frekari framgang málsins.

Nd. 863. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá Páli Péturssyni.

15. gr. laganna orðist svo:

5. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

Nd. 864. Frumvarp til laga [340. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 736 með þessum breytingum.

17.—29. gr. hljóðar svo:

17. gr.

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

18. gr.

Niðurlag 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna.

II. KAFLI

19. gr.

Á árinu 1984 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1983, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 20. og 21. gr. laga þessara.

20. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 12 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1983 fer fram úr 220 000 kr., uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 370 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1983 fer fram úr 150 000 kr., uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 300 000 kr.

21. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 250 þús. kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 1,2% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr í 1 000 þús. kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 500 þús. kr.

22. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 19.—22. gr. laga þessara.

23. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1984 til 31. desember 1984 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur sem falla niður eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema kr. 1,30 af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

24. gr.

Um gjald skv. 23. gr. skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

25. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirmælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 23. gr.

III. KAFLI

26. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

27. gr.

Félagsmálaráðherra f. h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 865. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. maí.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskup Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/19781) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og

símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra, ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

Nd. 866. Lög [240. mál]

um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 424.

Nd. 867. Lög [24. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 24.

Ed. 868. Frumvarp til laga [340. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

(Eftir 3. umr. í Nd., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 736 með þessum breytingum.

15. gr.

5. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur í allt að 100%.

16. gr.

Frá gildistöku þessara laga til 1. apríl 1985 er greiðsla samkvæmt b-lið 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum ekki háð tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis.

17. gr.

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

18. gr.

Niðurlag 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna.

II. KAFLI

19. gr.

Á árinu 1984 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1983, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 20. og 21. gr. laga þessara.

20. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 12 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1983 fer fram úr 220 000 kr., uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 370 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1983 fer fram úr 150 000 kr., uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 300 000 kr.

21. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn

hvors hjóna nær 1 250 þús. kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 1,2% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr í 1 000 þús. kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 500 þús. kr.

22. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 19.—22. gr. laga þessara.

23. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1984 til 31. desember 1984 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur sem falla niður eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema kr. 1,30 af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

24. gr.

Um gjald skv. 23. gr. skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

25. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirmælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 23. gr.

III. KAFLI

26. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

27. gr.

Félagsmálaráðherra f. h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni

þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 869. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum og fengið til viðræðna við sig Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. | Friðjón Þórðarson.

Steingrímur J. Sigfússon. | Karvel Pálmason.

Eggert Haukdal. | Stefán Guðmundsson.

Nd. 870. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 26. gr. 4. töluliður orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.
2. Við 27. gr. Í stað orðanna „álits hafnaráðs, hafnamálastjóra og hlutaðeignadi hafnarstjórnar“ í 1. málsgr. komi: álits hafnaráðs og hafnamálastjóra.
3. Á eftir 27. gr. komi ný gr., sem verði 28. gr. og orðist svo:
   Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um

skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

Nd. 871. Nefndarálit [8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út fyrir rétt tæpu ári, þann 27. maí 1983. Enn þá einu sinni stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut. Sem dæmi má nefna að af þeim næstum 600 milljónum, sem áætlað er að innheimtist í gengismun, samkv. 3. gr. frumvarpsins, er einungis eftir að greiða út tæpar 115 milljónir.

Í þessu frumvarpi skipta tvö atriði mestu máli, þ. e. kostnaðarhlutur útgerðar og upptaka gengismunar. Varðandi fyrra atriðið má m. a. vísa á ályktanir Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem eru prentaðar sem fylgiskjöl með áliti minni hl. sjávarútvegsnefndar Ed. (þskj. 587). Þar er bent á að ákvæði frumvarpsins vega að frjálsum samningum og hlutaskiptakerfi. Er augljóst að tímabært er að taka launakerfi sjómanna til rækilegrar endurskoðunar.

Upptaka og ráðstöfun gengismunar er enn ein stjórnvaldsaðgerðin sem byggist á andlausum útkomum úr meðaltalsmaskínum stjórnarráðanna en tekur ekkert tillit til raunverulegrar afkomu fólks eða fyrirtækja. Millifærslurnar flytja fé milli ýmissa greina sjávarútvegsins, fyrirtækja og landshluta, og verka oft til refsingar hjá vel reknum fyrirtækjum en til styrktar fyrirtækjum sem sýna lélega útkomu vegna óstjórnar og reiðileysis. Ágætt dæmi um fányti þessarar stjórnunaraðferðar er upptaka gengismunar af skreið. Skreiðarverkun hefur átt mjög erfitt að undanförnu vegna verðfalls, sölutregðu og seinkunar á greiðslum og taprekstur í greininni er verulegur. Engu að síður er áformað að innheimta næstum 200 milljónir í gengismun af skreið samkvæmt svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um ráðstöfun gengismunar á þskj. 395 sem dreift var í mars s. l. Ef markmiðið með upptöku gengismunar er að **styrkja rekstur** sjávarútvegs og ýmissa greina hans virðist fráleitt að **auka á taprekstur** skreiðarverkunar með aðgerðum af þessu tagi.

Vísað er til fylgiskjala með áliti minni hl. sjávarútvegsnefndar Ed. (þskj. 587) um afkomu skreiðarverkunar.

Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. til að frumvarpið verði fellt. Minni hl. stendur þó að breytingartillögu varðandi upptöku gengismunar af skreið í því skyni að lagfæra verstu agnúa 3. gr. frv.

Alþingi, 14. maí 1984.

Elsa Kristjánsdóttir, frsm. Guðmundur Einarsson.

Nd. 872. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá Elsu Kristjánsdóttur.

Aftan við 1. mgr. 3. gr. bætist: Þó skal ekki taka gengismun af skreið sem greiðist eftir 1. janúar 1984.

Nd. 873. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja ekki eðlilegt að koma til móts við fólk vegna mikils tannlæknakostnaðar með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt. Ástæðan er sú að slík aðgerð kæmi þeim einum að notum sem greiða tekjuskatt en þeir, sem skattlausir eru, eru jafnframt þeir tekjulægstu og þurfa helst á stuðningi að halda. Undirritaðir telja því eðlilegast að leysa þann vanda með því að breyta lögum um almannatryggingar þannig að skylt verði að greiða hluta tannviðgerðakostnaðar almennt auk þeirra greiðslna sem nú er um að ræða skv. almannatryggingalögum. Augljóst er að heimilt er að auka greiðslur til tannviðgerða samkvæmt gildandi lögum eins og ákveðið var á s. l. ári með setningu reglugerðar. Núverandi ríkisstjórn felldi þá reglugerð úr gildi með skírskotun til þess að fjármagn skorti. Undirritaðir nefndarmenn telja að núverandi ríkisstjórn hafi þá sýnt að hún er andvíg aukinni samneyslu og það er fyrst og fremst á grundvelli þeirrar pólitísku afstöðu sem reglugerðin var afnumin. Í þessu sambandi má benda á að þessa dagana er Alþingi að fjalla um sérstaka lækkun á bankasköttum sem dygði til þess að greiða verulega þátttöku ríkisins í tannviðgerðakostnaði. Undirritaðir flytja því á sérstöku þingskjali frumvarp um breytingu á almannatryggingalögunum þar sem gert er ráð fyrir því að almannatryggingarnar greiði 20% tannviðgerðakostnaðar. Þetta væri þá fyrsta skrefið í átt til þess að taka tannlæknakostnað inn í almannatryggingakerfið.

Með tilliti til þess að meiri hl. Alþingis hefur nú ákveðið að lækka hlutfall ríkisins í tannviðgerðum barna og unglinga sýnist örvænt um að almenn þátttaka í tannviðgerðum eigi stuðning á Alþingi. Tillaga um breytingu á almannatryggingalögunum er því flutt til þess að sýna þann pólitíska vilja sem undirritaðir nefndarmenn vilja leggja áherslu á.

Alþingi, 14. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.

Svavar Gestsson, frsm.

Nd. 874. Frumvarp til laga [357. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm. Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 5. tl. 44. gr. laganna komi nýr tl. sem verði 6. tl. og orðist svo:

Fyrir einstaklinga, sem ekki falla undir 1.—5. tl. skal greiða 20% kostnaðar við tannlækningar aðrar en við gullfyllingar, krónur eða brýr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt af tveimur nefndarmönnum í minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar. Ástæðan er sú að fyrir nefndinni hefur legið frv. til laga um breyting á

lögum um tekjuskatt sem gerir ráð fyrir því að menn fái afslátt frá tekjuskatti ef þeir verða fyrir verulegum útgjöldum vegna tannviðgerðakostnaðar. Flutningsmenn telja eðlilegra að almannasjóðir komi til móts við fólk vegna tannviðgerðakostnaðar með breytingu á almannatryggingalögum eða með reglugerð á grundvelli þeirra. Núverandi ríkisstjórn hefur afnumið reglugerð sem taka átti gildi á s. l. ári um þátttöku ríkisins í almennum tannviðgerðakostnaði. Jafnframt hefur meiri hl. á Alþingi lækkað framlög ríkisins til tannviðgerða skv. frumvarpi um ríkisfjármál sem liggur fyrir Alþingi. Ólíklegt virðist því að meiri hl. sé á Alþingi fyrir þessari breytingu á lögum um almannatryggingar enda er frumvarpið flutt til þess að sýna afstöðu flutningsmanna í þessum efnum, jafnframt því sem þeir taka þátt í afgreiðslu á frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem er 37. mál, þskj. 38.

Nd. 875. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra á fund sinn.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 12. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Bjarni Guðnason.	Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.
	Halldór Blöndal.	

Ed. 876. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til lögræðislaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 9. gr. 4. mgr. falli brott.
2. Við 17. gr. Greinin hljóði svo:
   Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst á sjúkrahúsi gegn vilja sínum.
3. Við 18. gr.
   a. Aftan við 1. mgr. bætist: og skal trúnaðarlæknir ráðuneytisins sjá um að sjúklingnum sé gerð grein fyrir þeim rétti.
   b. 2. mgr. falli brott.

Ed. 877. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til lögræðislaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur farið yfir frv. eins og það kom frá Nd. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar frá því það var afgreitt frá Ed. og verður það því að fara aftur fyrir Ed.

Á fund allsherjarnefndar komu geðlæknarnir Ásgeir Karlsson og Ingvar Kristjánsson og skýrðu þær breytingar sem stjórnskipuð nefnd á vegum heilbrigðismálaráðuneytisins, er vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála, vill gera á frv. Flestar þeirra breytinga voru teknar upp í frv. eins og það var samþykkt í Nd. Einnig kom Ólöf Pétursdóttir deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu á fund nefndarinnar.

Veigamesta breytingin, er gerð var á upphaflega frv. í Nd., var við 17. gr. Var samþykkt að á vegum dómsmálaráðuneytisins skuli starfa trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar. Skal ráðuneytið leita umsagnar hjá trúnaðarnefndinni ef þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkv. 13. gr. Kemur trúnaðarnefndin í stað trúnaðarlæknis sem gert var ráð fyrir í frv. í sinni upprunalegu mynd.

Meiri hl. allsherjarnefndar telur að með þeirri skipan, er gert er ráð fyrir í frv. eins og það var afgreitt frá Ed., sé öryggis einstaklingsins ekki síður vel gætt en með skipun trúnaðarnefndar. Slík nefnd mundi starfa eftir á og vera þung í vöfum og fyrirferðarmikil.

Til að vista sjálfráðan mann á sjúkrahúsi gegn vilja hans verður að liggja fyrir skrifleg beiðni og læknisvottorð þar sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Telur meiri hl. nefndarinnar að með tillögu um trúnaðarlækni, er leita má til áður en heimild er veitt til vistunar, sé nægileg trygging fengin fyrir því að til vistunar einstaklings gegn vilja hans verði ekki gripið nema ríkar ástæður séu fyrir hendi.

Meiri hl. nefndarinnar gerir breytingartillögu við 18. gr. og kemur þar fram að sjúklingi sé gerð grein fyrir því að honum sé heimilt að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Meiri hl. allsherjarnefndar flytur breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1984.

Valdimar Indriðason, varaform.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Haraldur Ólafsson, frsm.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 878. Fyrirspurn [358. mál]

til dómsmálaráðherra um gerð kjörskrárstofns fyrir alþingiskosningar 1983.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hversu margir voru þeir erlendu ríkisborgarar sem felldir voru út af kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningarnar 1983 en hefðu átt að vera þar ef fylgt hefði verið sömu reglu og við gerð kjörskrárstofns 1979?
2. Hve margir þessara erlendu ríkisborgara voru teknir inn á kjörskrá af sveitarstjórnum við fullnaðarfrágang kjörskrár við alþingiskosningarnar 1983?

3. Er ráðherra ljóst að hér á landi er talsverður hópur fólks sem hafði kosningarétt til Alþingis og hefur íslenskt vegabréf, en var fellt út af kjörskrá 1983?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að réttarstöðu þessa fólks verði komið á hreint?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 879. Fyrirspurn [359. mál]

til iðnaðarráðherra um staðarvalsnefnd.

Frá Eggert Haukdal.

1. Hver hefur verið kostnaður við staðarvalsnefnd frá upphafi? Sundurliðun óskast eftir árum.
2. Hver er kostnaður við hana í ár?
3. Hver hefur verið árangur af störfum hennar?
4. Hefur verið rætt um að leggja nefndina niður í sparnaðarskyni?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 880. Frumvarp til laga [310. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli, svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa, og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 881. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. l. nr. 31 27. apríl 1963.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ingvar Gíslason. Gunnar G. Schram.

Nd. 882. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt, enda verði andvirði hlutabréfanna ráðstafað þannig á árunum 1984 og 1985:

1. Á árinu 1984 verði 6 millj. kr. varið til úttektar og athugana á rekstri fyrirtækja og stofnana á vegum iðnaðarráðuneytis og 5,3 millj. kr. varið til stuðnings við ýmis rannsóknar- og þróunarmál í iðnaði, einkum smáiðnaði, samkvæmt ákvörðun ráðherra.
2. Á árinu 1985 verði fé því sem inn kemur, 4,7 millj. kr., varið til stuðnings við fyrirtæki í smáiðnaði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Alþingi, 14. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Gunnar G. Schram. Ingvar Gíslason.

Ed. 883. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá 2. minni hl. samgöngunefndar.

Fram hefur komið hjá þeim, sem samgöngunefnd hefur fengið til viðræðna, og einnig í skriflegum umsögnum um frv. að hagsmunaaðilar eru mjög ósáttir við þetta frv. Hafa þeir gert fjölmargar athugasemdir og breytingartillögur við frv. sem ekki hefur unnist tími til að taka til greina. Því hafa þeir lagt þunga áherslu á að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað til hausts.

Í fylgiskjali kemur fram álit skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, en umsagnir annarra, m. a. F. F. S. Í., eru hliðstæðar.

Minni hl. samgöngunefndar leggur til að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem áríðandi er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frumvarpsins sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1984.

Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm. Skúli Alexandersson. Kolbrún Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Skólastjórinn
Reykjavík, 8. maí 1984.

ATHUGASEMDIR OG TILLÖGUR VIÐ FRV. TIL LAGA UM ATVINNURÉTTINDI SKIPSTJÓRNARMANNA Á ÍSLENSKUM SKIPUM.

Ég legg til að afgreiðslu frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði frestað **til hausts.**

Rök fyrir þessu eru m. a. þessi:

1. Meiri umfjöllun sjómannaskólanna, F. F. S. Í., stéttarfélaga, Slysavarnafélags Íslands, sjóslysanefndar, Landhelgisgæslu og öryggismálanefndar sjómanna.
2. Réttindi eftir 1. stig verði ekki hækkuð. Alveg verði fellt út að þetta stig veiti réttindi á farþega- og varðskip.
3. 30 tonna próf verði ekki gefið út til atvinnuréttinda. Próffyrirkomulagi verði breytt og falli undir skólana. Þetta mundi fækka undanþágum.
4. Tekið verði mið af samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunar um menntun (STCW-samþykktin).
5. VII. kafli laganna — þar sem undanþágur eru lögfestar, þ. e. 17., 18. og 19. grein verði alveg felldar úr lögunum.
6. Í lögunum verði fjallað um stjórn og stjórnendur skipa eins og stjórnendur annarra farartækja. Undanþágur til stjórnenda og öryggistækja skipa á ekki að koma til greina frekar en um önnur farartæki, bifreiðar og flugvélar.
7. Samgönguráðuneytið og samgönguráðherra stefni að því að undanþáguveitingar verði algjörlega stöðvaðar í framtíðinni.

Ég undirritaður, og skólastjóri Stýramannaskólans í Vestmannaeyjum, fórum á fund hæstv. samgönguráðherra hinn 13. jan. s. l. og bentum ráðherra m. a. á hve undanþágur ráðuneytis hans hefðu grafið undan sjómannamenntun í landinu. Aðsókn að sjómannaskólunum væri minnkandi og nám til þessara starfa væri virt að vettugi þegar undanþágumenn væru teknir fram yfir prófmenn. Um þetta eru nýleg dæmi, t. d. á nýbyggðum skipum sem hafa komið til landsins nú í vor til Vestmannaeyja.

Raunhæfar tillögur um siglingatíma, menntun sjómanna og þjálfun til samræmis við nágrannalöndin stranda á því að menn vita að sjálft framkvæmdavaldið fer oft lítið og stundum ekkert eftir lögum og reglum Alþingis.

Í bréfi til ráðherra, dags. 14. janúar s. l., lögðum við skólastjórarnir til í beinu framhaldi af viðræðum við hann hinn 13. s. m. að teldi hann óhjákvæmilegt að veita undanþágur meðan aðlögunartími stæði yfir þá yrði eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Umsækjandi leggi fram fullgilt vottorð um sjón og heyrn.
2. Undanþága sé aldrei veitt nema staðan hafi verið auglýst.
3. Undanþága verði aldrei veitt nema til eins úthalds eða ferðar og aðeins fyrir ákveðið skip; hámark í 5 mánuði.
4. Umsækjandi hafi fullnægjandi siglingatíma og reynslu.
5. Aldrei verði veitt undanþága á farþega- og flutningaskip.

Frumvarp þetta til laga virðist mér ganga í þveröfuga átt. Ákvæði um veitingu undanþága á að lögfesta og allt lagt í hendur eins manns — samgönguráðherra.

Virðingarfyllst,
Guðjón Ármann Eyjólfsson
skólastjóri.

Nd. 884. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 885. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný 7. gr., svohljóðandi (núverandi 7. gr. verður 8. gr.):

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 886. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega á fundum sínum, aflað margra umsagna og fengið til viðræðna Jóhannes Nordal stjórnarformann Landsvirkjunar, Jakob Björnsson orkumálastjóra, Halldór Jónatansson framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og Halldór S. Kristjánsson lögfræðing í iðnaðarráðuneyti.

Nefndin telur að ekki sé sjálfgefið að selja báðar aðflutningslínur frá Elliðaám samtímis og leggur nefndin áherslu á að slík sala megi ekki verða til þess að raforkuverð til almennings annars staðar á landinu hækki.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Alþingi, 14. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr., með fyrirvara.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Ingvar Gíslason.	Kristín Halldórsdóttir.	Gunnar G. Schram.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 887. Breytingartillögur [271. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá iðnaðarnefnd.

1. C-liður 2. gr. orðist þannig: önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr. er verði 4. gr. og orðist þannig:
   Við 13. gr. laganna (sbr. l. nr. 26/1980) bætist ný málsgrein sem orðist þannig:
   Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun er tryggi að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnaðarráðherra.
3. Við 4. gr. Upphaf ákvæðis til bráðabirgða hljóði svo:
   Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins o. s. frv.

Nd. 888. Lög [219. mál]

um bókasafnsfræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 388.

Nd. 889. Lög [317. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 627.

Nd. 890. Lög [284. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 543.

Nd. 891. Lög [329. mál]

um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 684.

Nd. 892. Breytingartillögur [271. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 2. grein. C-liður falli brott.
2. Við 4. gr. ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja 33 kV háspennulínu í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.

Ed. 893. Lög [276. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 865.

Nd. 894. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Þorsteini Pálssyni.

Við 33. gr. C-liður orðist svo:

Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.

Ed. 895. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 483 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verði 10. mgr. og hljóði svo:

Ef fyrirtæki eða rannsóknastofnun fæst við framleiðslu á ónæmisefnum handa dýrum má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. mgr., enda sé tryggt að mati yfirdýralæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.

9. gr. hljóðar svo:

16. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og landlækni.

10. gr. hljóðar svo:

26. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga, er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

11. gr. hljóðar svo:
27. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði lækna- og lyfjafræði, s.s. lyfjaefnafræði, lyflæknisfræði, lyfjagerðarfræði, eiturefnafræði (toxicology), lyfjafræði (pharmacology).

Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann.

Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega fjalla um dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar, þegar þurfa þykir og skulu nánari ákvæði um það sett í reglugerð, sbr. 31. gr.

Nefndarmenn mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja. Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum allar nýjar upplýsingar, er varða skráð lyf og lyf, sem eru í skráningarmeðferð.

12. gr. hljóðar svo:
28. gr. 9. töluliður hljóði svo:

Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf (klíníska prófanir) svo og reglugerð þar um er taki m. a. til nánari skilgreiningar hvernig að slíkum tilraunum skuli staðið svo og til heimildar, framkvæmdar, ábyrgðar og bótaskyldu þeirra, er þær annast.

13. gr. hljóðar svo:
29. gr. 1. töluliður orðist svo:

1. Tillögur að lyfjastöðlum, sbr. 6. gr.

14. gr. hljóðar svo:
29. gr. 4. töluliður orðist svo:

Að vera landlækni til ráðuneytis við skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

15. gr. hljóðar svo:
30. gr. orðist svo:

Kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfsliðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum.

16. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49/1978 og gefa þau út svo breytt. Jafnframt skulu þá lagatilvitnanir í 14. gr., 54. gr., 56. gr. og 58. gr. færðar til samræmis við gildandi lög.

Ed. 896. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. maí 1984.

Valdimar Indriðason, varaform., frsm.
Stefán Benediktsson, fundaskr.
Salome Þorkelsdóttir.
Haraldur Ólafsson.

Ed. 897. Frumvarp til laga [70. mál]

um tóbaksvarnir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 750 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

8.1. Tóbak má ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára.
8.2. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
8.3. Ekki má selja tóbak í skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

10. gr. hljóðar svo:

10.1. Tóbaksreykingar eru óheimilar:
1. Í grunnskólum, dagvistun barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa.
2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglinga hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim.
3. Í heilsugæslustöðvum.

10.2. Yfirmanni stofnunar, skv. 1. og 3. mgr., er þó heimilt samkvæmt tillögu starfsmannafundar eða starfsmannaráðs að leyfa reykingar í hluta þess húsnæðis sem ætlað er starfsfólki sérstaklega, enda skal þess gætt að það valdi ekki óþægindum þeim starfsmönnum sem ekki reykja.
10.3. Á sjúkrahúsum má einungis leyfa reykingar á tilteknum stöðum þar sem þær eru ekki til óþæginda fyrir þá sem reykja ekki.

17. gr. hljóðar svo:

17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.
17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.

18. gr. hljóðar svo:

18.1. Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.

Nd. 898. Frumvarp til laga [360. mál]

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Vinnumiðlun skal starfrækja eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að nægri og jafnri atvinnu um land allt og nægjanlegu framboði vinnuafls fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal vinnumiðlunin í þessu skyni hafa endurgjaldslausa meðalgöngu milli þeirra, sem leita eftir atvinnu, og atvinnurekenda, sem leita eftir vinnuafli.

2. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fer með yfirstjórn vinnumiðlunar og skipuleggur og samræmir störf hennar. Skal vinnumiðlun láta Vinnumálaskrifstofunni í té upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri í sínu umdæmi svo og tillögur um aðgerðir í atvinnumálum, ef þeirra er þörf.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn, eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna,
Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum er undir Vinnumálaskrifstofuna falla samkvæmt lögum nr. 13/1979 og reglugerð nr. 9/1980, svo og varðandi framkvæmd samnings um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum, sem undirritaður var 6. mars 1982. Tillögum sínum skal ráðgjafarnefnd beina til þeirra opinberra aðila, sem fjalla um stefnumörkun, áætlanagerð eða aðgerðir í atvinnumálum, bæði að því er tekur til landsins í heild og einstakra svæða eða staða.

Nefndin getur haft frumkvæði að því að gerðar verði áætlanir um aðgerðir, sem hrinda megi í framkvæmd, ef horfur eru á samdrætti eða breytingum á atvinnuháttum, er leitt geta til atvinnuleysis hvort sem er á einstökum stöðum, í tilteknum starfsgreinum eða landinu í heild.

5. gr.

Ráðgjafarnefndin skal að jafnaði koma saman mánaðarlega og undirbýr Vinnumálaskrifstofan fundi nefndarinnar.

Þar skulu lagðar fram upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri á landinu öllu, ásamt skýringum á orsökum breytinga á atvinnuástandi. Ennfremur tekin fyrir önnur mál, sem Vinnumálaskrifstofan, aðrir opinberir aðilar eða einstakir fulltrúar tilnefningaraðila óska eftir að tekin séu á dagskrá og snerta hlutverk nefndarinnar.

II. KAFLI
Vinnumiðlun, skipulag og hlutverk.

6. gr.

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmd þeim, en sveitarfélög með færri en 500 íbúa skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum, með 10 þúsund íbúða eða fleiri, skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

7. gr.

Í því skyni að stuðla að sem virkastri vinnumiðlun skal skipta landinu í atvinnusvæði þannig að sveitarfélög, sem landfræðilega og atvinnulega hafa svipaðra hagsmuna að gæta, teljist á sama atvinnusvæði. Skal svæðaskiptingin gerð í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög. Verði ágreiningur milli sveitarfélaga um svæðaskiptingu sker félagsmálaráðuneytið úr að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar samkvæmt 3. gr. laga þessara.

Sveitarfélög á sama atvinnusvæði skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu, eftir því sem tök eru á, hafa samstarf um allt sem lítur að vinnumiðlun á svæðinu og getur Vinnumálaskrifstofan falið einum aðila, sem annast vinnumiðlun á svæðinu, að hafa forgöngu um samstarfið nema hlutaðeigandi sveitarfélög komi sér saman um annað.

8. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

a. að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu samkvæmt 6. gr. þessara laga.
b. að fylgjast með framvindu atvinnumála í sveitarfélaginu og gera hlutaðeigandi sveitarstjórn og Vinnumálaskrifstofunni aðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði.
c. að safna og dreifa, eftir nánari reglum er settar verða, upplýsingum um framboð og eftirspurn vinnuafls í sveitarfélaginu.
d. að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegun hæfra starfsmanna.

e. að leiðbeina um starfsval m. a. með því að veita upplýsingar um vinnumarkaðinn og aðstoða við atvinnuleit fatlaðra sbr. lög nr. 41/1983.
f. að inna af höndum önnur störf, sem lög og reglugerðir ákveða.

9. gr.

Sveitarstjórnir, sem skylt er að annast vinnumiðlun samkvæmt 6. gr. þessara laga, skulu kjósa a.m.k. 3 fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar í sveitarfélaginu. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda í sveitarfélaginu 1 fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina. Ef fleiri en eitt stéttarfélag er starfandi í sveitarfélagi tilnefnir fulltrúaráð þeirra eða félögin sameiginlega fulltrúa.

Hlutverk stjórnarnefndar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin eftir því sem tilefni gefst til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu.

III. KAFLI
Framkvæmd vinnumiðlunar.

10. gr.

Vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum skal vera frjáls, hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta við þá, sem leita til vinnumiðlunar.

Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir, að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Með reglugerð skal ákveða nánar hvaða upplýsingar vinnumiðlun lætur umsækjendum um atvinnu og atvinnurekendum í té svo og í hvaða formi slíkar upplýsingar skuli veittar.

11. gr.

a. Þjónusta við atvinnuleitendur:

Hver sá, sem leitar eftir vinnu, getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili, sbr. þó 6. gr., óskað eftir upplýsingum um laus störf og jafnframt óskað eftir aðstoð vinnumiðlunar við að finna starf við sitt hæfi. Nú getur vinnumiðlun ekki vísað atvinnuleitanda á vinnu innan sveitarfélags og skal þá skrá hann sem atvinnuumsækjanda eða eftir atvikum atvinnulausan, nema unnt sé að vísa á vinnu utan umdæmisins, sem atvinnuleitandi vilji taka.

Atvinnuleitandi getur krafist vottorðs vinnumiðlunar um atvinnu sína eða atvinnuleysi það tímabil, sem hann hefur verið skráður hjá henni. Vinnumiðlun getur krafist þess að sá, sem óskar eftir slíku vottorði, mæti til skráningar eða hafi samband á annan hátt, er vinnumiðlun ákveður, og geri grein fyrir atvinnu sinni eða atvinnuleysi.

Vinnumiðlun skal láta atvinnuleitendum í té þær upplýsingar sem hún hefur á hverjum tíma um atvinnumöguleika í öðrum sveitarfélögum, ásamt upplýsingum um þá möguleika, sem kunna að vera fyrir hendi um aðstoð við flutninga milli byggðarlaga, kjör og annað sem máli skiptir.

Sá, sem misst hefur vinnu í sveitarfélagi, en á þar ekki lögheimili, skal eiga rétt á sömu þjónustu og heimamenn af hálfu vinnumiðlunar. Sama gildir um erlenda ríkisborgara, sem starfa samkvæmt atvinnuleyfum svo og norræna ríkisborgara, sem njóta réttar samkvæmt samningi frá 6. mars 1982, um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

b. Þjónusta við atvinnurekendur:

Sérhver atvinnurekandi getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem atvinnurekstur hans fer fram og óskað upplýsinga um framboð á vinnuafli. Jafnframt getur atvinnurekandi óskað meðalgöngu vinnumiðlunar við útvegun starfsmanna. Geti vinnumiðlunin ekki vísað á umbeðið vinnuafl, færir hún beiðnina á skrá yfir laus störf þar til ráðning hefur átt sér stað.

Vinnumiðlun skal láta atvinnurekanda í té þær upplýsingar, sem hún kann að hafa á hverjum tíma, um framboð vinnuafls í öðrum sveitarfélögum svo og að hafa milligöngu við aðrar vinnumiðlanir ef atvinnurekandi óskar þess.

c. Sérstök þjónusta:

Unglingar, fatlaðir og aldraðir geta leitað til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við leit að vinnu við þeirra hæfi. Við atvinnuleit skal vinnumiðlun hafa samvinnu við samtök og stofnanir, sem einkum fjalla um málefni hlutaðeigandi hópa, sérstaklega í sambandi við mat á starfsgetu og þörf á endurhæfingu eða starfsþjálfun.

Vinnumiðlun skal eftir föngum leiðbeina unglingum varðandi starfsval m.a. með því að afla og dreifa upplýsingum um helstu atvinnutækifæri og þær kröfur, sem atvinnulífið gerir um menntun og starfsreynslu.

12. gr.

Vinnumiðlun lætur þeim, sem atvinnulausir eru og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum nr. 64/1981 um atvinnuleysistryggingar eða lögum nr. 22/1981 um viðauka við lög nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum nr. 46/1981 um breyting og viðauka við lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, í té vottorð um skráð atvinnuleysi þess er hlut á að máli, enda eigi sá, er vottorðs óskar, lögheimili í sveitarfélagi vinnumiðlunar eða hafi starfað þar, þegar hann varð atvinnulaus.

Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

IV. KAFLI
Gagnavinnslukerfi — Tilkynning lausra starfa.

13. gr.

Félagsmálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að vinnumiðlun taki upp véltæka gagnavinnslu allra upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnutækifæri og atvinnuleysisbætur.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa yfirumsjón með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar og setur nánari reglur um meðferð þess og rekstur í samvinnu við sveitarfélögin og Atvinnuleysistryggingasjóð.

14. gr.

Þegar vinnumiðlun hefur komið á véltæku gagnavinnslukerfi getur ráðherra með reglugerð ákveðið að öllum er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli og hafa 4 eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, skuli skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlun öll laus störf á þeirra vegum, enda sé tryggt að vinnumiðlunin geti tekið við slíkum upplýsingum með viðunandi hætti. Áður en slík reglugerð er gefin út skal leita umsagnar helstu samtaka atvinnurekenda.

15. gr.

Upplýsingum, sem vinnumiðlun berast um laus störf skal hún með viðunandi hætti koma á framfæri við þá atvinnuleitendur, sem að hennar mati fullnægja þeim kröfum er gerðar eru til hlutaðeigandi starfs, samkvæmt starfslýsingu atvinnurekanda. Atvinnurekandi getur óskað nafnleyndar gagnvart atvinnuleitendum og er vinnumiðlun skylt að virða slík tilmæli.

16. gr.

Atvinnurekandi, sem tilkynnir vinnumiðlun laus störf, skal eiga rétt á að fá skrá yfir þá atvinnuleitendur, er skráðir eru hjá vinnumiðlun og hún telur koma til greina í hlutaðeigandi starf, ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu og annað er máli skiptir í sambandi við starfsráðningu. Aldrei má þó láta af hendi upplýsingar, sem vinnumiðlun öðlast sem trúnaðarmál.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Einkaaðilum er óheimilt að reka vinnumiðlun í ágóðaskyni. Félagsmálaráðherra getur að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, heimilað stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda að annast miðlun vinnu fyrir félagsmenn enda hafi þau fastar starfsstöðvar og fullnægjandi aðstöðu að öðru leyti og veiti þjónustuna endurgjaldslaust. Sama gildir um samtök námsmanna.

Þeir aðilar, sem fá heimild til vinnumiðlunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eru bundnir af ákvæðum þessara laga svo og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi, sbr. þó 28. gr. laga nr. 41/1983, eða þeim aðilum, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þegar það á við. Rekstrarkostnaður gagnavinnslukerfis samkvæmt 13. gr. skal þó greiddur sameiginlega af ríkissjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði, eftir nánara samkomulagi aðila.

Vinnumálaskrifstofan gefur út nauðsynleg eyðublöð vegna vinnumiðlunar og greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði.

19. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf sveitarfélaga á sama atvinnusvæði samkvæmt 7. gr. laganna.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 9. apríl 1956, lög nr. 71 28. maí 1969 og II. kafli laga nr. 94 30. desember 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 22. október 1981, skipaði Svavar Gestsson, þáverandi félagsmálaráðherra, nefnd er endurskoða skyldi lög nr. 52/1956 um vinnumiðlun, með síðari breytingum.

Í nefndina voru skipaðir: Sigurður Guðgeirsson prentari, formaður, Björn Björnsson viðskiptafræðingur, Barði Friðriksson framkvæmdastjóri, Eyjólfur Jónsson framkvæmdastjóri og Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðingur. Eftir fráfall Sigurðar var Þóra Hjaltadóttir hagfræðingur skipuð formaður í hans stað. Óskar Hallgrímsson deildarstjóri Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins var skipaður ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var gerð eftirfarandi grein fyrir verkefni hennar:

Að kanna sérstaklega:

1. Hver sé eðlileg verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hvað vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu snertir.
2. Hvernig tryggja megi sem virkasta vinnumiðlun sem hafi jafnan haldgóðar upplýsingar um þau atvinnutækifæri, er í boði eru á hverjum tíma víðsvegar um landið.
3. Hvort það eigi að vera verkefni vinnumiðlunar að sinna þörfum fólks með sérþarfir, t.d. öryrkja eða aldraða, eða hvort fela beri það verkefni öðrum aðilum.
4. Hvernig afla megi tengsl vinnumiðlunar í landinu við aðila vinnumarkaðarins og Atvinnuleysistryggingasjóð með það fyrir augum að koma á virkara samstarfi þessara aðila.

Ennfremur var nefndinni falið að kynna sér löggjöf um vinnumiðlun á öðrum Norðurlöndum, með það sérstaklega í huga, að Ísland gerist aðili að samningi um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum og að æskilegt yrði af þeim ástæðum að samræma ákvæði laga hér á landi, því sem þar gildir.

Það er skoðun nefndarinnar að vinnumiðlun og atvinnuleysisskráning þurfi að vera fyrir hendi um land allt og framkvæmdin eigi að vera verkefni sveitarstjórna, en yfirstjórnin hjá Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Þá er það skoðun nefndarinnar að mjög þurfi að auka þá þjónustu, sem vinnumiðlun lætur í té, bæði gagnvart atvinnuleitendum og atvinnurekendum og gera vinnumiðluninni kleift að sinna þeim fjölþættu verkefnum sem í raun eru á hana lagðar.

Nefndin telur mikið á skorta að vinnumiðlunin hafi sinnt þessu þjónustuhlutverki þegar á heildina er litið. Góðu heilli hefur atvinnuástand víðast hvar verið með þeim hætti síðustu árin að ekki hefur reynt alvarlega á vinnumiðlunina. Hitt er ljóst að í þjóðfélagi, sem sífellt tekur yfir fjölþættari atvinnustarfsemi verður þörfin fyrir virka vinnumiðlun meiri með hverju ári, burt séð frá því hvort um atvinnuleysi er að ræða eða ekki. Eðlileg hreyfing vinnuafls milli atvinnugreina þarf að geta átt sér stað og þarf að koma til kasta vinnumiðlunar um upplýsingagjöf bæði til atvinnurekenda og þeirra, sem óska eftir að breyta um vinnu. Atvinnuleit fyrir fatlaða og aðra hópa með sérþarfir þarf einnig að stórauka, m.a. með samvinnu við samtök og stofnanir er fara með málefni þeirra.

Veigamikill þáttur í starfi vinnumiðlunar á að vera fólginn í, að veita stjórnvöldum og öðrum, sem á slíku þurfa að halda, tímanlega vísbendingu um hreyfingar á vinnumarkaði hvort sem þær eru í þenslu eða samdráttar átt. Er í þessu skyni nauðsynlegt að vinnumiðlun fái sem gleggstar upplýsingar um ástandið á vinnumarkaði þar á meðal um laus störf. Til að æskilegt upplýsingastreymi um atvinnuástand og atvinnuleysi verði sem fljótvirkast, leggur nefndin til að komið verði á véltæku gagnavinnslukerfi undir yfirumsjón Vinnumálaskrifstofunnar.

Nefndin telur að meginverkefni vinnumiðlunar eigi að vera hin sömu og gildandi lög gera ráð fyrir, en brýna nauðsyn beri til að efla vinnumiðlunina sem slíka og gera henni kleift að sinna mikilvægum verkefnum sínum.

Í því skyni að efla vinnumiðlun leggur nefndin til:

— að skylda til að annast vinnumiðlun verði takmörkuð við sveitarfélög með a.m.k. 500 íbúa
— að landinu verði skipt í atvinnusvæði eftir atvinnuháttum og staðháttum
— að sveitarfélögum á hverju svæði verði gert að hafa samstarf um allt er lýtur að vinnumiðlun
— að stefnt verði að því að koma á véltæku gagnavinnslukerfi, sem m.a. auðveldi fámennari sveitarfélögum að annast vinnumiðlun án óhóflegs kostnaðar og skrifræðis.

Nefndin telur rétt að aðilar vinnumarkaðarins fái beina aðild að yfirstjórn vinnumiðlunarinnar með þeim hætti að Vinnumálaskrifstofunni verði sett sérstök ráðgjafarnefnd. Hafi ráðgjafarnefndin það hlutverk að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum sem undir Vinnumálaskrifstofuna falla. Þá telur nefndin eðlilegt að heildarsamtök sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður fái aðild að ráðgjafarnefndinni. Ennfremur er það álit nefndarinnar að aðilar vinnumarkaðarins eigi að fá beina aðild að stjórnarnefndum þeim, sem gert er ráð fyrir hjá hverri sveitarstjórn sem skylt er að annast vinnumiðlun, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Með þessu telur nefndin að unnt eigi að verða að koma á virku samstarfi ríkis, sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál á breiðum grundvelli.

Þann 6. mars 1982 var undirritaður samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, en hann felur í sér m.a. að norrænir ríkisborgarar njóti sama réttar og heimamenn, varðandi þjónustu af hálfu vinnumiðlunar.

Nefndinni virðist þetta ekki gefa tilefni til sérstakrar umfjöllunar, umfram það sem um getur í 11. gr. frumvarpsins, þar sem Norræna vinnumarkaðsnefndin (NAUT) hefur gefið út sérstakar leiðbeiningar um norræna vinnumiðlun, sem gilda einnig að því er Ísland snertir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum segir að vinnumiðlun skuli starfrækt í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa, en ráðherra geti ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar, ef ástæða þyki til. Þessa heimild hefur ráðherra notað og hvílir því sú skylda á öllum sveitarfélögum án tillits til íbúafjölda, að starfrækja vinnumiðlun. Af fenginni reynslu þykir ástæða til að miða skyldu til vinnumiðlunar við stærð sveitarfélaga sbr. 6. gr. frumvarpsins, og er því 1. mgr. 1. gr. opnari en í gildandi lögum.

Þá eru í 2. mgr. skilgreind þau meginmarkmið vinnumiðlunar að stuðla að nægu framboði vinnu og vinnuafls og að vinnumiðlun skuli vera endurgjaldslaus þjónusta við þá sem leita eftir vinnu eða vinnuafli.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 53. og 54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð nr. 9/1980 og þykir rétt að taka þessi ákvæði í heildarlög um vinnumiðlun.

Um 3. gr.

Í 53. gr. laga nr. 13/1979 segir að Vinnumálaskrifstofan skuli leysa þau mál, sem undir hana falla í samráði við samtök verkafólks og vinnuveitenda. Rétt þykir að fella þetta samstarf í fastari skorður með sérstakri samráðsnefnd, tilnefndri af helstu samtökum vinnumarkaðarins og bæta jafnframt við fulltrúum frá sveitarfélögum og Atvinnuleysistryggingasjóði, en þessir aðilar eiga verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við vinnumiðlun.

Um 4. gr.

Auk þess, sem ráðgjafarnefnd er ætlað að fjalla um þau mál, sem undir Vinnumálaskrifstofuna falla samkvæmt gildandi lögum og reglugerð, er það nýmæli tekið upp að nefndin geti haft frumkvæði að gerð áætlana um aðgerðir í atvinnumálum, sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á breytingum eða samdrætti.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og áður var vikið að varðandi 1. gr. þykir rétt að takmarka skyldu sveitarfélaga til þess að starfrækja vinnumiðlun, við þau sveitarfélög sem hafa a.m.k. 500 íbúa en fámennari sveitarfélög hafi þó atvinnuleysisskráningu með höndum. Megin ástæðurnar fyrir þessu sjónarmiði koma fram í athugasemdum með frumvarpinu, þ.e. að nauðsynlegt sé að tryggja, svo sem kostur er, að um raunverulega vinnumiðlun geti verið að ræða og að óraunhæft sé að leggja slíkar kvaðir á fámennustu sveitarfélögin.

Í 2. mgr. er kveðið á um að í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri, skuli starfrækja sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, en kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geti falið sérstökum deildum sínum, s.s. félagsmáladeildum eða ákveðnum starfsmanni sveitarfélagsins, að hafa vinnumiðlun með höndum ásamt öðrum störfum. Þá er gert ráð fyrir að fámennustu sveitarfélögin geti falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, svo sem nú á sér stað samkvæmt gildandi lögum.

Um 7. gr.

Í greininni er það nýmæli að landinu skuli skipt í tiltekin atvinnusvæði með tilliti til legu og atvinnuhátta, og að sveitarfélög innan hvers svæðis hafi samstarf um vinnumiðlun eftir því sem tök eru á. Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að gera vinnumiðlun sem virkasta á hverju svæði, auka hreyfanleik vinnuafls milli nærliggjandi sveitarfélaga og nýta sem best atvinnuframboð.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir samráði þess, er annast vinnumiðlun f.h. sveitarstjórnar og fulltrúa verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Hér er á sama hátt og getið var um varðandi 3. gr., gert ráð fyrir að koma samráðinu í fastara horf með því að sveitarstjórn kjósi vinnumiðlun sérstaka stjórn, sem aðilar vinnumarkaðarins tilnefna fulltrúa í. Auk þess sem nefndin hafi með höndum umsjón vinnumiðlunar, er henni ætlað að vera samráðsvettvangur sveitarstjórna og fulltrúa vinnumarkaðarins í sveitarfélaginu. Í þeim tilvikum þegar ekki eru til staðbundin félög launafólks eða atvinnurekenda, er gert ráð fyrir að heildarsamtökin tilnefni fulltrúa í stjórnarnefndir.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um þjónustueðli vinnumiðlunar, sem atvinnuleitendum og atvinnurekendum sé frjálst að hagnýta sér endurgjaldslaust, enda sé vinnumiðlun skylt að gæta fyllsta trúnaðar í skiptum sínum við aðila.

Um 11. gr.

Greinin skilgreinir þá þjónustu, sem vinnumiðlun innir af hendi við atvinnuleitendur, atvinnurekendur og hópa, sem þarfnast sérstakrar þjónustu. Gera verður ráð fyrir að öll

sveitarfélög, sem skylt er að annast vinnumiðlun skv. 6. gr. frumvarpsins, veiti þjónustu eftir stafliðum a og b en að sveitarfélög hafi svæðisbundið samstarf um þjónustu samkvæmt staflið c, sbr. 7. gr. frv.

Um 12. gr.

Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum, nema hér er bætt við félagsmönnum BSRB og BHM., sem öðlast hafa rétt til atvinnuleysisbóta.

Um 13. gr.

Sú vinnumiðlun, sem starfrækt er samkvæmt gildandi lögum, byggir á útfyllingu mikils fjölda handunninna eyðublaða, sem eigi að síður gefa takmarkaðar upplýsingar, auk þess sem kerfið er mjög þungt í vöfum og sein unnið.

Þar sem atvinnuleysi hefur verið hvað mest undanfarið, hefur skráning atvinnulausra verið nokkurt vandamál. Talið er að með véltæku gagnavinnslukerfi vinnist allt í senn, færri starfsmenn þurfi við skráningu, upplýsingagildi skráningarinnar aukist og skilyrði skapist til virkari vinnumiðlunar. Í greininni er ráðherra heimilað að ákveða að taka upp véltækt gagnavinnslukerfi, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

Um 14. gr.

Mjög hefur þótt skorta að upplýsingar um laus störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, væru fyrir hendi. Með því gagnavinnslukerfi, sem um getur í 13. gr., opnast möguleikar til þess að vinnumiðlun geti tekið við slíkum upplýsingum án þess að skrifræði aukist hjá henni eða atvinnurekendum. Til þess að fullt gagn verði að slíkri upplýsingaöflun þykir nauðsynlegt að hafa heimild til þess að skylda alla, sem hafa fastan atvinnurekstur með höndum, til þess að tilkynna laus störf. Rétt þykir þó að undanskilja þá, sem hafa færri en 4 starfsmenn, sbr. lög nr. 13/1979.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er almenn vinnumiðlun í ágóðaskyni óheimil. Rétt þykir að takmarka bannið við einkaaðila, en ráðherra verði heimilað að leyfa stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda svo og námsmannasamtökum að annast vinnumiðlun fyrir skjólstæðinga sína, enda sé það gert án endurgjalds og að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Tekið skal fram, að bann við vinnumiðlun einkaaðila tekur ekki til þeirrar starfsemi sem færst hefur í vöxt að undanförnu, að fyrirtæki er annast ráðgjafarstörf, hafi með höndum ráðningarþjónustu til sérhæfðra starfa, enda sé slík starfsemi rekin atvinnuleitendum að kostnaðarlausu.

Um 18. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun og útgáfu eyðublaða er með sama hætti í gildandi lögum. Rétt þykir að ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingarsjóður beri sameiginlegan kostnað við gagnavinnslukerfi þegar því hefur verið komið á.

Um 19., 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 899. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]

um hagnýtingu Seðlabankahúss.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því hvernig æskilegast sé að nýta svonefnt Seðlabankahús. Sérstaklega verði athugað hvort það gæti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands.

Framkvæmdir við bygginguna verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið.

Greinargerð.

Breytingar á peningamarkaði í lýðfrjálsum löndum eru svo örar að alls staðar nema hér hafa menn horfið frá kenningunni um „stjórn peningamagns í umferð", enda stenst hún ekki í nútímaþjóðfélagi. Þannig segir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri í tímaritinu *Frelsinu,* 2. hefti 1983, þar sem hann svarar spurningum ritsins um hugmyndir Hayeks og Buchanans, m. a. um það, „að teknar séu í stjórnlög ýmsar takmarkanir á valdi stjórnmálamanna til seðlaprentunar ...":

„Einnig er rétt að benda á það, eins og margir hafa gert, hversu erfitt muni reynast að skilgreina í stjórnarskrá merkingu þeirra hugtaka, sem hér er um að ræða. Þótt peningamagn sé t. d. hugtak, sem allir hagfræðingar nota, er nákvæm skilgreining þess varla hugsanleg, svo að óyggjandi sé. Þar að auki hefur eðli peningamagnsins tekið sífelldum breytingum, eftir því sem greiðsluvenjur og greiðslutækni hefur breyst. Það er jafnvel hugsanlegt, að næsta kynslóð eigi eftir að lifa í allt að því seðlalausu þjóðfélagi, og hvaða gildi hefðu þá þær takmarkanir á seðlaprentun, sem settar væru í stjórnarskrá við núverandi aðstæður?"

Lokatilraun er nú gerð hér á landi til að viðhalda — og jafnvel auka — ofstjórnina í peningamálum, og meira að segja talað um að frysta allt að 43% sparifjár þjóðarinnar og skammta það síðan. Sú stefna hlyti að leiða til þess að það frjálsræði og jafnrétti í peningamálum, sem nú er í sjónmáli, yrði kyrkt í fæðingunni og óstjórnin héldi áfram enn um skeið. Árangurinn, sem nú hefur náðst eftir að menn loks hættu að láta vextina elta verðbólguna og sneru sér að því að ná henni niður fyrir vaxtafótinn, mundi þá glatast, en við slíkt yrði auðvitað ekki unað til langframa. Þess vegna verður hlutverk Seðlabankans allt annað og minna en áður og því verða þar miklu minni umsvif þótt bankanum yrði falið að taka við nokkrum verkefnum þegar Framkvæmdastofnun ríkisins verður lögð niður. Af þeim sökum verður að huga að því hvernig hagnýta eigi þá byggingu sem hæfileg var talin meðan menn trúðu á skömmtunarstjórn í peningamálum. Sjálfsagt er þó að Seðlabankinn fái þar hæfilegt húsrými. Hugsanlegt væri einnig að búa þar vel um Ríkisútvarpið, auk bankans og Stjórnarráðsins, enda byggingin æðistór.

Nd. 900. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til viðtals Björn Hermannsson tollstjóra, Kristin Ólafsson tollgæslustjóra og Björn Hafsteinsson deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.
Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessari niðurstöðu.

Alþingi, 15. maí 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Svavar Gestsson.	Halldór Blöndal.	Þorsteinn Pálsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Sþ. 901. Skýrsla

um norrænt samstarf árið 1983.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS.

1.1. **Fundir Íslandsdeildar.**

Á fundi sameinaðs Alþingis 18. desember 1982 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Eftirfarandi þingmenn hlutu kosningu: Páll Pétursson, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Ásgrímsson, Sverrir Hermannsson, Eiður Guðnason og Stefán Jónsson. Varamenn voru kosnir Davíð Aðalsteinsson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson og Guðrún Helgadóttir.

Verkum var skipt þannig að Halldór Ásgrímsson var kjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í forsætisnefnd og laganefnd ráðsins. Varamaður hans í forsætisnefnd var kjörinn Matthías Á. Mathiesen. Í menningarmálanefnd, upplýsinganefnd og fjárlaganefnd var kjörinn Eiður Guðnason, í efnahagsmálanefnd voru kjörnir Matthías Á. Mathiesen og Páll Pétursson sem jafnframt var kjörinn í fjárlaganefnd. Í félags- og umhverfismálanefnd var kjörinn Sverrir Hermannsson og í samgöngumálanefnd Stefán Jónsson sem jafnframt var kjörinn í upplýsinganefnd.

Eftir alþingiskosningar 23. apríl 1983 tók Guðrún Helgadóttir sæti Stefáns Jónssonar í samgöngmálanefnd og upplýsinganefnd og eftir myndun ríkisstjórnar 26. maí 1983 tók Guðmundur Bjarnason sæti Halldórs Ásgrímssonar í laganefnd og Pétur Sigurðsson sæti Sverris Hermannssonar í félags- og umhverfismálanefnd. Til að gegna störfum Matthíasar Á. Mathiesen í efnahagsmálanefnd var tilnefndur Ólafur G. Einarsson. Páll Pétursson var kjörinn formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á fundi deildarinnar 10. júní 1983 og tók þá sæti Halldórs í forsætisnefnd.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 31. þings Norðurlandaráðs, sem haldið var í Osló 1983 og til upphafs 32. þings ráðsins sem haldið var í Stokkhólmi 1984. Meðan á þessum þingum Norðurlandaráðs stóð hélt Íslandsdeild auk þess fundi hvern dag.

1.2. **Störf Íslandsdeildar.**

Á fundum deildarinnar var meðal annars fjallað um breytingar þær á Helsinkisáttmálanum sem leiðir af aðild Grænlands að Norðurlandaráði og aukinni aðild Álandseyja og Færeyja að ráðinu, og um samstarf við Norræna félagið um sameiginlegar fyrirlestrarferðir, þar sem norrænt samstarf og starf Norræna félagsins yrði kynnt. Einnig var á fundum Íslandsdeildar rætt um aukið samstarf við Færeyjar og Grænland og um tillögur þær að

breyttu skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs sem lagðar voru fram 30. nóvember 1983. Loks voru samþykktar tillögur um kjör fulltrúa og varafulltrúa frá Íslandi í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins og tillögur um fulltrúa í endurskoðunarnefnd Norræna menningarmálasjóðsins.

2. FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS.

2.1. **Fundir forsætisnefndar.**

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hélt átta fundi á árinu 1983. Auk þeirra hélt hún fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda í Reykjavík 16. júní og með forsætisráðherrum landanna 30. nóvember í Stokkhólmi. Forsætisnefndin hélt einnig fund 27. apríl með formönnum nefnda Norðurlandaráðs og 14. nóvember hélt hún fund með formönnum Norrænu félaganna.

2.2. **Störf forsætisnefndar.**

2.2.1. *Fjölgun fulltrúa í Norðurlandaráði.*

Þann 28. janúar 1984 gengu í gildi breytingar á Helsinkisáttmálanum sem heimiluðu fjölgun fulltrúa í Norðurlandaráði úr 78 í 87. Grænland, Færeyjar og Álandseyjar fengu þá heimild til stofnunar landsdeilda og tvo fulltrúa hvert í Norðurlandaráði. Starfa landsdeildir Grænlands og Færeyja innan landsdeildar Danmerkur, en landsdeild Álandseyja innan landsdeildar Finnlands.

Við breytingu þessa fjölgaði fulltrúum Íslands í Norðurlandaráði úr sex í sjö.

2.2.2. *Starfshættir og skipulag Norðurlandaráðs.*

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs og forsætisráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi 30. nóvember 1982 að skipa nefnd til könnunar á því hvort endurskoða þyrfti starfshætti og skipulag Norðurlandaráðs og leggja fram tillögur til úrbóta ef nefndin teldi þess þörf. Af Íslands hálfu átti sæti í nefndinni Matthías Á. Mathiesen. Nefnd þessi hefur verið kölluð fimm-mannanefndin. Hún skilaði áliti 30. nóvember 1983 og var það gefið út í tímaritaflokki Norðurlandaráðs (NU 1983:9).

Að mati fimm-mannanefndarinnar ber að styrkja stöðu Norðurlandaráðs og norrænu samstarfsráðherranna. Nefndin taldi nauðsyn bera til að forsætisnefnd Norðurlandaráðs og norrænu samstarfsráðherrarnir bæru aukna ábyrgð á gangi samstarfsins og að norrænu samstarfsráðherrarnir fengju heimild til að samræma nauðsynlegar aðgerðir í heimalöndunum í því skyni. Nefndin lagði einnig áherslu á að uppbygging embættismannakerfa Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar yrði samræmd og eins að ákvarðanir Norðurlandaráðs yrðu undirbúnar betur og þeim fylgt betur eftir í heimalöndunum. Nefndin lagði til að fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu menningarmálafjárlögin yrðu sameinuð og að skrifstofur ráðherranefndarinnar, sem nú er í Osló, og menningarmálaskrifstofan, sem nú er í Kaupmannahöfn, yrðu sameinaðar.

Samkomulag var í fimm-mannanefndinni um flest atriði skýrslunnar. Fulltrúi Íslands skilaði þó séráliti um þann hluta skýrslunnar sem fjallar um sambandið milli ritara forsætisnefndar og nefndar þeirrar sem í eiga sæti aðalritarar landsdeildanna ásamt ritara forsætisnefndar. Nefnd þessi hefur skv. núgildandi reglum meðal annars það hlutverk að undirbúa fundi forsætisnefndar. Samkvæmt tillögum fimm-mannanefndarinnar skal ritari forsætisnefndar undirbúa fundi forsætisnefndar, en nefnd sú, sem áður hafði það hlutverk, vera honum til ráðuneytis. Fulltrúi Íslands taldi að með þessum breytingum og öðrum, sem lagðar voru fram og ganga í sömu átt, yrðu of mikil völd færð í hendur ritara forsætisnefndar frá deildum landanna og starfsfólki þeirra.

Íslandsdeild, sem fjallaði um skýrslu fimm-mannanefndarinnar á fundi sínum 22. nóvember 1983, studdi tillögur fulltrúa Íslands í fimm-mannanefndinni.

Fulltrúar landanna í forsætisnefnd lögðu fram þingmannatillögu skömmu eftir að skýrsla fimm-mannanefndarinnar lá fyrir þar sem þeim tilmælum var beint til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja fram tillögur þær að breyttum starfsháttum ráðsins og ráðherranefndarinnar, sem leiddi af skýrslunni, eigi síðar en fyrir 33. þing Norðurlandaráðs 1985. Lögð var á það áhersla í þingmannatillögunni að við það starf skyldi höfð hliðsjón af könnunum þeim og tillögum að breyttum starfsháttum forsætisnefndarskrifstofunnar og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem áður hafa verið gerðar. Sú fyrri var birt í tímaritaflokki Norðurlandaráðs, NU:1983:8, og sú síðari í NU 1981:10. Þingmannatillögu þessari var vísað til laganefndar.

2.2.3. *Kjör í trúnaðarstöður Norðurlandaráðs.*

Á 31. þingi Norðurlandaráðs var annað árið í röð tekið tillit til bæði þjóðernis og stjórnmálastefna við kosningar í trúnaðarstöður samkvæmt tillögum forsætisnefndar.

2.2.4. *Skoðanakönnun um þekkingu almennings á norrænu samstarfi og störfum Norðurlandaráðs.*

Vorið 1983 lét forsætisnefnd Norðurlandaráðs gera skoðanakönnun á Norðurlöndum um þekkingu almennings á norrænu samstarfi og störfum Norðurlandaráðs. Skoðanakönnun, sem að nokkru leyti var samsvarandi, hafði verið gerð tíu árum áður, en án þátttöku Íslands.

Skoðanakönnunin leiddi í ljós að almenningur á Norðurlöndum hefur jákvæða afstöðu til samstarfsins og áhuga á að það sé rækt. Þau svið, sem þóttu mikilvægust, voru samstarf um umhverfisvernd, orkumál og samstarf Norðurlanda á alþjóðlegum vettvangi. Á Íslandi og í Finnlandi voru hópar sem mátu enn meira þá hlið samstarfsins sem snýr að möguleikum á menntun hvar sem er á Norðurlöndum. Á Íslandi var almennur áhugi á norrænu samstarfi meiri en á hinum löndunum, en 72% þeirra Íslendinga, sem spurðir voru hvaða lönd þeir teldu mikilvægust að eiga samstarf við, svöruðu Norðurlönd. Í hinum löndunum svöruðu að meðaltali 43% að Norðurlönd væri mikilvægasti samstarfsaðilinn.

Í ljós kom við skoðanakönnunina að ungt fólk hafði minnsta þekkingu á samstarfi landanna. Því ákvað forsætisnefndin, að tillögu upplýsinganefndar, að hefja upplýsingaherferð sem beinast skyldi að ungu fólki og hafa að markmiði að auka þekkingu þess og áhuga á samstarfinu. Áætlað er að upplýsingaherferðin standi í ár frá hausti 1984.

3. ÞINGMANNATILLÖGUR OG RÍKISSTJÓRNARTILLÖGUR.

Á 31. þingi Norðurlandaráðs árið 1983 lágu fyrir 43 tillögur og voru 37 þeirra þingmannatillögur, en 6 frá Norrænu ráðherranefndinni eða ríkisstjórnum landanna. Af þingmannatillögunum voru 34 samþykktar en 3 afskrifaðar.

4. MÁLEFNI FASTANEFNDA NORÐURLANDARÁÐS.

4.1. **Laganefnd.**

Laganefnd hélt fjóra fundi á árinu og einn fund með Norrænu ráðherranefndinni, dómsmálaráðherrunum. Á þeim fundi var meðal annars rætt um ættleiðingu barna erlendis frá, ólöglega notkun tölva, eiturlyfjaneyslu og lögbrot henni tengd, réttarstöðu Sama, norrænan málasáttmála, vinnurétt og kosningarétt Norðurlandabúa við þingkosningar í öðrum norrænum löndum en heimalandi sínu.

Á dagskrá nefndarinnar hafa enn fremur verið áðurnefnd skýrsla fimm-mannanefndarinnar, breytingar á þingsköpum Norðurlandaráðs vegna aðildar Grænlands og aukinna réttinda og fjölgunar fulltrúa Álandseyja og Færeyja í Norðurlandaráði, auk neytendamála sem nýverið hafa verið færð undir laganefnd frá efnahagsnefnd.

Varaformaður nefndarinnar var Halldór Ásgrímsson.

4.2. **Menningarmálanefnd.**

Menningarmálanefnd hélt sex fundi á árinu og var einn þeirra með norrænu ráðherranefndinni, menntamálaráðherrunum. Á þeim fundi var að venju fjallað um norrænu menningarmálafjárlögin og óskir nefndarinnar um það hvaða samstarfsverkefnum bæri að veita forgang. Á fundi þessum var og rædd stefna landanna og samvinna í menntamálum og fjarskiptamálum.

Á dagskrá nefndarinnar var meðal annars þingmannatillaga um móttöku sjónvarpsefnis frá sjónvarpshnöttum ríkja utan Norðurlanda. Af umræðum um þingmannatillögu þessa spannst umræða um sjónvarpsauglýsingar. Taldi nefndin það æskilegt að löndin hefðu líka stefnu um það hvort leyfa ætti sjónvarpsauglýsingar og skilyrði þess væru sem líkust.

Við umfjöllun um þingmannatillögur um fjárstuðning til norrænna listsýninga og til norræns íþróttasamstarfs kom fram það álit nefndarinnar að æskilegt væri að stuðningur við norrænar listsýningar yrði tekinn upp sem sérstakur liður á norrænu menningarmálafjárlögunum og einnig að æskilegt væri að fjárstuðningur til íþróttasamstarfsins yrði forgangsverkefni á sviði menningarmála. Nefndin hafði einnig til meðferðar þingmannatillögur um norræna samvinnu um menntun á Montessori-kennurum, um vísindakannanir og spár um framtíðarþróun þjóðfélagsins á Norðurlöndum, og um fjárstuðning við svæðaskrifstofur norrænu félaganna.

Formaður nefndarinnar er Eiður Guðnason.

4.3. **Umhverfis- og félagsmálanefnd.**

Umhverfis- og félagsmálanefnd hélt sjö fundi á árinu og var einn þeirra haldinn á Grænlandi. Markmið Grænlandsfundarins var að kynna nefndinni atvinnu-, félags- og heilbrigðismál á Grænlandi.

Auk þess sem Grænlandsfundurinn gaf tilefni til mótuðust störf nefndarinnar af vinnu við ráðstefnu þá sem nefndin hélt í september 1983 um vinnumál á Norðurlöndum.

Sjö þingmannatillögur voru á dagskrá nefndarinnar auk einnar ráðherranefndartillögu um umhverfi og aðbúnað á vinnustöðum. Þingmannatillögurnar vörðuðu meðal annars stofnun norrænnar miðstöðvar fyrir hjartaflutninga, könnun á aðstæðum þeirra sem hlotið hafa heilaskemmdir við umferðarslys, félagslækningar, samstarfsáætlun um lyfjaskráningu og sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrár um krabbamein og krabbameinsvarnir.

Nefndin hélt tvo fundi með Norrænu ráðherranefndinni og voru á þeim rædd atvinnumál, félagsmál, umhverfismál og mál er varða aðbúnað á vinnustöðum.

4.4. **Samgöngumálanefnd.**

Samgöngumálanefnd hélt fimm fundi á árinu.

Í júní 1982 ákvað nefndin að stofna vinnuhóp til að endurskoða þá starfsáætlun sem nefndin hefur unnið eftir s. l. 5 ár og athuga möguleikana á að beina starfi nefndarinnar í auknum mæli að fjarskiptamálum. Nefndin fjallað á árinu um skýrslu vinnuhópsins.

Á árinu fjallaði nefndin einnig um skýrslu sem vinnuhópur innan nefndarinnar hafði lagt fram um tölvutækni- og fjarskiptamál. Þessar umræður leiddu meðal annars til að allir nefndarmenn lögðu fram þingmannatillögu um að nafni samgöngumálanefndar yrði breytt í samgöngu- og tækninefnd og starfsvettvangi nefndarinnar breytt að sama skapi. Þingmannatillögu þessari vísaði forsætisnefnd til laganefndar.

Á dagskrá nefndarinnar voru þingmannatillögur um samræmingu á samgöngumálastefnu Norðurlanda, um járnbrautagöng undir Eystrasalt og um orkusparnað í samgöngum.

Á hinum árlega fundi nefndarinnar með Norrænu ráðherranefndinni, samgönguráðherrunum voru fjarskiptamál og tækni- og samgönguhlið tölvutæknisamstarfsins aðalumræðuefnin. Kom þar fram sú ósk nefndarinnar að of lítið hefði verið hugað að þessari hlið

tölvutæknisamstarfsins í samstarfsáætlun ráðherranefndar um tölvutæknimál sem send hefði verið til forsætisnefndar. Óskaði nefndin eftir því að í ráðherranefndartillögu þeirri um tölvutæknimál, sem von væri á, yrði farið að þessum tilmælum nefndarinnar.

4.5 **Efnahagsmálanefnd.**

Efnahagsmálanefnd hélt sex fundi á árinu. Var á þessum fundum meðal annars fjallað um fimm þingmannatillögur og fjórar ráðherranefndartillögur. Umræður um efnahagsástandið á Norðurlöndum og í öðrum hlutum heimsins eru fastir liðir á fundum nefndarinnar.

Nefndin hélt fundi með fjármálaráðherrum Norðurlanda, með aðilum vinnumarkaðarins og með fulltrúum frá Efnahagsbandalaginu og Fríverslunarbandalagi Evrópu.

Ráðherranefndartillaga um efnahagsmál og norrænt efnahagssamstarf var lögð fyrir nefndina í desember. Nefndin taldi ráðherranefndartillöguna ekki uppfylla þær vonir sem bundnar höfðu verið við tillögu þessa hvað varðaði væntanlegar aðgerðir ríkisstjórnanna og ráðherranefndarinnar á þessu sviði.

Ráðherranefndartillaga um tölvutæknimál var og lögð fyrir nefndina. Þar sem ekki kom fram í tillögunni hvernig ráðherranefndin hygðist kosta það starf sem gert var ráð fyrir ákvað nefndin að leggja til við forsætisnefnd að hún yrði endursend ráðherranefndinni með beiðni um nýja tillögu fyrir 32. þing ráðsins. Forsætisnefnd fór að óskum efnahagsnefndar.

Nefndin hafði einnig til meðferðar ráðherranefndartillögu um aukningu á hlutafé Norræna fjárfestingarbankans. Nefndin studdi tillögu þessa.

Ed. 902. Frumvarp til laga [123. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 765 með þessum breytingum:

33. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum:

a. Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
b. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.
c. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.

43. gr. hljóðar svo:

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 49. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni.

Framkvæmdalán skulu veitt með sömu kjörum og lán skv. 57. gr. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu sem annist sameiginleg verkefni.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Ed. 903. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallað til viðræðna Magnús Pétursson og Eddu Hermannsdóttur frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Nefndin leggur áherslu á að framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra lækki ekki þrátt fyrir minni tekjur af erfðafjárskatti samkv. þessu frumvarpi.

Alþingi, 15. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.

Sþ. 904. Breytingartillögur [162. mál]

við till. til þál. um vegáætlun árin 1983–1986.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1983	1984	1985	1986
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Tekjur af bensíni				
Bensíngjald	469,0	663	6760	690
Aðrar tekjur af bensíni		190	194	198
2. Þungaskattur	207,0	307	313	319
3. Gúmmígjald	1,0			
	677,0	1.160	1.183	1.207
1.2. Ríkisframlag	127,4		35	44
1.3. Lánsfé	244,6	223,1	352	350
Samtals	1 049,0	1.383,1	1.570	1.601

2. Við 2. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m. kr.)

	1983		1984		1985		1986	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	20,2		28,1		29,4		30,0	
2. Tæknilegur undirbúningur	26,2		33,8		37,9		38,6	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	3,6		5,0		5,1		5,2	
4. Eftirlaunagreiðslur	2,2		3,1		3,2		3,2	
	—	52,2	—	70,0	—	75,6	—	77,0

	1983		1984		1985		1986	
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Sumarviðhald								
1. Viðhald malarvega	99,0		139,5		151,7		162,1	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	55,9		78,3		85,5		91,0	
3. Viðhald brúa	13,2		18,5		25,6		21,6	
4. Viðhald varnargarða	1,8		2,6		2,8		2,9	
5. Heflun vega	51,8		72,4		79,2		84,4	
6. Rykbinding	18,1		26,1		28,9		30,5	
7. Vinnsla efnis	48,5		67,1		73,3		78,2	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	11,3		15,1		16,6		17,5	
9. Vegmerkingar	2,4		3,4		3,8		4,0	
	302,0		423,0		467,4		492,2	
2. Vetrarviðhald	105,1		116,2		119,0		120,4	
	—	407,1	—	539,2	—	586,4	—	612,6
2.3 Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Stofnbrautir almennt	126,4		155,2		203,3		345,2	
2. Bundin slitlög	98,7		137,9		144,7			
3. Sérstök verkefni	94,3		122,5		157,4		146,6	
4. Ó-vegir	51,0		39,6		41,8		48,1	
	370,4		455,2		547,2		539,9	
2. Þjóðbrautir	54,1		78,3		105,0		106,2	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	5,0		11,7		16,4		16,4	
4. Girðingar og uppgræðsla	7,0		9,1		9,8		9,8	
	—	436,5	—	554,3	—	678,4	—	672,3
2.4. Til brúargerða:								
1. Brýr 10m og lengri	28,1		56,3		46,3		55,7	
2. Smábrýr	6,9		8,0		10,0		10,0	
3. Gilsfjörður (rannsóknir)			0,2		0,3		0,3	
	—	35,0	—	64,5	—	56,6	—	66,0
2.5. Til fjallvega o. fl.:								
1. Aðalfjallvegir	2,2		3,1		3,3		3,3	
2. Aðrir fjallvegir	2,4		3,2		3,4		3,4	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	2,2		3,0		3,2		3,2	
4. Bláfjallavegur	5,1		7,0		8,6		8,6	
5. Reiðvegir	0,3		0,4		0,4		0,4	
	—	12,2	—	16,7	—	18,9	—	18,9
2.6. Til sýsluvega:		27,8		37,0		45,0		45,0
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		68,0		90,0		95,9		96,0
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:								
1. Til véla- og verkfærakaupa	2,9		3,2		3,3		3,3	
2. Til bygginga áhaldahúsa	4,3		4,2		4,9		4,9	
	—	7,2	—	7,4	—	8,2	—	8,2
2.9. Til tilrauna:		3,0		4,0		5,0		5,0
Samtals		1 049,0		1 383,1		1 570,0		1 601,0

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra stofnbrauta.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
1	Suðurlandsvegur			
14	Vík—Dyrhólavegur	1,6	1,0	5,3
16	Skógar—Steinalækur		3,9	4,8
17	Steinalækur—Sandhólmavegur	1,0		
18	Sandhólmavegur—Seljaland	1,0	0,6	
19	Vorsabær—Landeyjavegur	0,7		
20	Landeyjavegur—Hvolsvöllur	1,7		
22—28	Hvolsvöllur—Þjórsá	6,5	2,0	2,1
30	Skeiðavegur			
02	Ólafsvallavegur—Skálholtsvegur	3,4	1,2	1,4
31	Skálholtsvegur			
02	Um Laugarás	1,0	1,6	
34	Eyrarbakkavegur			
05	Um Ölfusárós	2,2		
35	Biskupstungnabraut			
02	Þingvallavegur—Búrfellsvegur	1,8		5,2
39	Þrengslavegur			
01	Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur		1,3	0,4
1	Vesturlandsvegur			
12	Höfðabakki—Úlfarsárvegur			1,5
13	Úlfarsárvegur—Hafravatnsvegur	2,4		
15	Þingvallavegur—Brautarholtsvegur	13,6		
18	Kjósarskarðsvegur—Hvítanes		0,6	4,8
19	Hvítanes—sýslumörk við Botnsá			3,5
416	Álftanesvegur			
01	Bessastaðavegur, vegam.—Bessastaðavegur		4,0	
1	Vesturlandsvegur			
01	Fjárrétt—Kalastaðahæð	1,4		
02	Lambhagi—Akranesvegamót			1,8
03	Akranesvegur—Leirársveitarvegur		11,0	
03	Leirársveitarvegur—Geldingaá	0,7		
03	Geldingaá—Fiskilækur	3,9		
08	Hamarslækur—Gufá			9,1
09	Um Gufá	1,2		
51	Akranesvegur			
01	Vesturlandsvegur—Akranes		4,0	1,7
54	Ólafsvíkurvegur			
02	Vesturlandsvegur—Borg		3,5	
06	Um Grímsá		3,4	
10	Fróðárheiði, snjóastaðir		1,4	1,4

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
55	Heydalsvegur			
02	Oddastaðir—Snæfellsnesvegur			6,0
56	Stykkishólmsvegur			
03	Snæfellsnesvegur—Nesvogur	5,6		
03	Nesvogur—Stykkishólmur			7,0
57	Snæfellsnesvegur			
10	Grundará—Grundarfjörður		4,0	
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja			8,7
60	Vestfjarðavegur			
04	Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur		5,0	
05	Lækjarskógur—Laxá	4,3		
60	Vestfjarðavegur			
05—06	Þorskafjarðarvegur—Djúpidalur	3,6	9,4	7,4
11	Vattarnes—Fjarðarhlíðarvegur	2,0	5,2	
21	Hvammur—Ketilseyri	0,9		
61	Djúpvegur			
18	Utan Súðavíkur		4,6	
18	Hafnir—Arnardalur		2,2	
19	Arnardalur—Flugvöllur	0,9	1,3	
62	Barðastrandarvegur			
02	Við Brjánslæk		2,6	
05	Um Ósá			1,4
63	Bíldudalsvegur			
02	Patreksfjörður—Tálknafjarðarvegur	2,7	1,9	8,4
64	Flateyrarvegur			
01	Innan Flateyrar	3,5	4,5	
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Innan Suðureyrar			5,6
68	Hólmavíkurvegur			
01	Um Ormsá		0,6	
06	Kattará—Stekkjarlækur	1,4		
1	Norðurlandsvegur			
02	Reykir—Reykjaskóli	0,1		
04	Miðfjarðará—Hvammstangavegur		1,8	5,5
05	Hvammstangavegur—tenging			2,9
06	Um Víðihlíð	0,3		
07	Lækjamót—Gljúfurá	2,4	3,6	
08	Gljúfurá—Hnausakvísl	0,8		
13	Gunnsteinsstaðir—Ásustaðir	3,7	4,3	0,8
14	Svínvetningabraut—Bólstaðarhlíð			0,3
15—16	Sýslumörk—Sauðárkróksbraut		1,6	1,6
72	Hvammstangavegur			
01	Við Norðurlandsveg			1,1
75	Sauðárkróksbraut			
02	Varmahlíð—Sæmundarhlíðarvegur		7,8	2,2
03	Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur	3,0	1,6	5,2

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
76	Siglufjarðarvegur			
01	Stekkjarholt—Grænamýri	0,9		1,4
10	Mánaskriður	1,3	1,2	
11	Gangamunni—Siglufjörður	0,3		
1	Norðurlandsvegur			
03	Um Bægisá	2,5		
09—10	Eyjafjarðarbraut vestri—Vaðlaheiðarvegur			23,9
11	Vaðlaheiðarvegur—Svalbarðseyri	3,4		
14—15	Illugastaðavegur—Litlu-Tjarnir	2,2	3,6	
802	Ólafsfjarðarvegur eystri			
	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	0,4	2,6	
82	Ólafsfjarðarvegur			
03	Þorvaldsdalsá—Dalvík	6,5	4,2	
06	Ólafsfjarðarmúli	0,2		
85	Norðausturvegur			
01—02	Norðurlandsvegur—Aðaldalsvegur	0,3	3,6	9,1
03	Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur	1,3		
19	Melrakkaslétta	1,5	2,6	1,4
22	Sveinungsvík—Krossavík	1,0	1,3	1,4
25	Um Hölkná og Laxá		3,0	
1	Austurlandsvegur			
14	Kollur—Upphéraðsvegur	0,5	2,8	6,7
20	Innri-Kleif—Suðurfjarðavegur	6,1	1,0	
21	Um Eyjagil	0,4		
26	Hjá Urðarteigi	0,2		
3,9	Þveit—Hólmur	0,6		
41	Smyrlabjörg—Kálfafellsstaður			3,5
85	Norðausturvegur			
03	Merkilækur—Hrafnsvík	2,0		4,1
07	Ytri-Núpur—Vopnafjörður	3,9	6,2	4,1
92	Norðfjarðarvegur			
01	Egilsstaðir—Neðsta brú	6,3	6,5	
04	Neðsta brú—Melshorn			8,0
07	Hólmaháls—Eskifjörður			3,4
11	Ormsstaðir—Neskaupstaður	2,2		
93	Seyðisfjarðarvegur			
03	Efri-Stafur—Seyðisfjörður	2,2	5,0	3,2
96	Suðurfjarðavegur			
05	Brimnes—Búðir			6,0
07	Búðir—Víkurgerði		6,0	
08	Vík—Stöðvarfjörður	0,6		
08	Hafnarnes—Stöðvarfjörður		4,1	
11	Snæhvammur—Breiðdalsvík	0,3		
		126,4	155,2	183,3

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
	Suðurland, óráðstafað			2,3
	Reykjanes, óráðstafað			1,7
	Vesturland, óráðstafað			4,1
	Vestfirðir, óráðstafað			3,3
	Norðurland vestra, óráðstafað			2,1
	Norðurland eystra, óráðstafað			3,1
	Austurland, óráðstafað			3,4
		126,4	155,2	203,3

1.2. Bundin slitlög.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
1	Suðurlandsvegur			
07	Í Eldhrauni	1,2		
14	Vík—Dyrhólavegur			7,0
16	Skógar—Hlíð		6,0	3,5
17	Steinalækur—Sandhólmavegur	8,0		
18	Sandhólmavegur—Seljaland		8,5	
20	Landeyjavegur—Hvolsvöllur	7,9		
30	Skeiðavegur			
02	Ólafsvellir—Skálholtsvegur	4,0	2,2	
31	Skálholtsvegur			
02	Um Laugarás	2,0		
35	Biskupstungnabraut			
02	Kerið—Búrfellsvegur			1,8
1	Vesturlandsvegur			
15	Þingvallavegur—Brautarholtsvegur	1,9		
40	Hafnarfjarðarvegur			
02	Fossvogslækur—Kópavogslækur		3,6	
03	Kópavogslækur—Vífilsstaðavegur	0,3	3,2	
06	Reykjavíkurvegur—Reykjanesbraut	0,9		
41	Reykjanesbraut			
03	Vífilsstaðavegur—Hafnarfjarðarvegur		8,0	2,8
04	Hafnarfjarðarvegur—Krísuvíkurvegur			1,4
10	Sjávargata Y-Njarðvík—Hafnargata, Keflavík			2,8
45	Garðskagavegur			
03	Garður—Sandgerði	0,8		
1	Vesturlandsvegur			
02	Lambhagi—Akranesvegamót			0,6
03	Akranesvegamót—Fiskilækur	2,7		4,5
08	Hamarslækur—Gufá			3,9

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
51	Akranesvegur			
01	Vesturlandsvegur—Akranes			3,6
54	Ólafsvíkurvegur			
02	Vesturlandsvegur—Borg		3,6	
04	Grund—Tröð	1,9		
06	Um Vegamót		1,0	
56	Stykkishólmsvegur			
03	Snæfellsnesvegur—Nesvogur	4,5		
03	Nesvogur—Stykkishólmur			2,9
57	Snæfellsnesvegur			
10	Grundará—Grundarfjörður		1,2	
60	Vestfjarðavegur			
04	Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur		5,0	
05	Lækjarskógur—Laxá		7,0	
60	Vestfjarðavegur			
21	Hvammur—Ketilseyri	2,9		
24	Bjarnardalur			9,5
61	Djúpvegur			
18	Utan Súðavíkur			3,5
18	Hafnir—Arnardalur			2,2
19	Arnardalur—Flugvöllur	6,0		3,5
63	Bíldudalsvegur			
02	Patreksfjörður—Tálknafjörður	6,0		11,6
64	Flateyrarvegur			
01	Innan Flateyrar			4,9
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Innan Suðureyrar	1,5		
68	Hólmavíkurvegur			
01	Um Ormsá		2,6	
11	Tröllatunguvegur—Hólmavíkurvegur	1,1		
1	Norðurlandsvegur			
02—03	Reykir—Tjarnarkot	6,8	3,9	
05—06	Vatnshorn—Víðidalsá		5,1	
07	Víðidalsvegur-eystri—Gljúfurá		6,5	2,5
08	Gljúfurá—Hnausakvísl	3,4	2,3	1,0
13—14	Gunnsteinsstaðir—Bólstaðarhlíð		7,2	5,6
16—17	Skagafjarðarvegur—Húseyjarkvísl			2,5
74	Skagastrandarvegur			
03	Skagavegur—Skagaströnd		1,2	
75	Sauðárkróksbraut			
02	Norðurlandsvegur—Sæmundarhlíðarvegur			8,8
03	Sæmundarhlíðarvegur—Áshildarholt	1,9	3,9	
76	Siglufjarðarvegur			
11	Gangamunni—Siglufjörður	1,9		
1	Norðurlandsvegur			
11	Vaðlaheiðarvegur—Svalbarðseyri	2,6		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
14—15	Illugastaðavegur—Litlu-Tjarnir	2,5	8,6	
21	Mývatnsvegur—Mývatnssveitarvegur	0,7		
22	Mývatnssveitarvegur—Ráðhús	0,7		
802	Ólafsfjarðarvegur eystri			
	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	0,3		
82	Ólafsfjarðarvegur			
03	Þorvaldsdalsá—Dalvík	2,4	7,6	
85	Norðausturvegur			
01—02	Norðurlandsvegur—Aðaldalsvegur	4,0	7,0	15,4
03	Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur	1,4		
1	Austurlandsvegur			
14	Kollur—Upphéraðsvegur	2,8	7,0	9,2
27	Djúpavogsvegur—Hamar	3,6		
39	Þveit—Hólmur		8,5	
85	Norðausturvegur			
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur	1,0	1,2	
92	Norðfjarðarvegur			
01	Egilsstaðir—Neðsta brú	7,3	5,0	3,1
93	Seyðisfjarðarvegur			
03	Efri-Stafur—Seyðisfjörður		1,7	2,9
96	Suðurfjarðavegur			
07	Búðir—Víkurgerði			3,0
08	Hafnarnes—Stöðvarfjörður		9,3	
11	Snæhvammur—Breiðdalsvík	1,8		
		98,7	137,9	124,0
	Suðurland, óráðstafað			2,4
	Reykjanes, óráðstafað			1,9
	Vesturland, óráðstafað			4,2
	Vestfirðir, óráðstafað			3,4
	Norðurland vestra, óráðstafað			2,2
	Norðurland eystra, óráðstafað			3,2
	Austurland, óráðstafað			3,4
	Samtals	98,7	137,9	144,7

1.1. og 1.2. Almenn verkefni og bundin slitlög 1986.

	1986 fjárv. m. kr.
Almenn verkefni og bundin slitlög á Suðurlandi	18,9
Almenn verkefni og bundin slitlög á Reykjanesi	2,9
Almenn verkefni og bundin slitlög á Vesturlandi	48,4
Almenn verkefni og bundin slitlög á Vestfjörðum	51,1
Almenn verkefni og bundin slitlög á Norðurlandi vestra	40,4
Almenn verkefni og bundin slitlög á Norðurlandi eystra	44,8
Almenn verkefni og bundin slitlög á Austurlandi	68,9
Almenn verkefni og bundin slitlög óráðstafað	69,8
	345,2

1.3. Sérstök verkefni.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós				16,8
35	Biskupstungnabraut				
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur	17,0	3,5	10,5	
36	Þingvallavegur				
06—01	Kárastaðir—Stardalur	4,0	11,0	16,8	14,0
40	Hafnarfjarðarvegur				
03—04	Kópavogslækur—Reykjavíkurvegur	8,7			
41	Reykjanesbraut				
02—03	Reykjavík—Hafnarfjörður	10,2	23,3	22,4	23,8
1	Vesturlandsvegur				
05	Um Borgarfjörð	2,2	1,3	4,9	2,7
14	Um Holtavörðuheiði	8,9	12,5	10,4	11,2
61	Djúpvegur				
01—05	Tenging Inn-Djúps	17,0	27,3	11,2	11,2
1	Norðurlandsvegur				
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur			10,4	8,7
17	Um Héraðsvötn	6,0		2,8	2,8
1	Norðurlandsvegur				
09—10	Eyrarfjarðarbr.vestri—Vaðlaheiðav.	0,5	7,2		26,9
13	Grenivíkurvegur—Illugastaðavegur	13,0	16,7	30,0	
1	Austurlandsvegur				
30—32	Hof—Össurá	4,8	6,4	23,6	13,3
85	Norðausturvegur				
15	Jökulkinn—Austurlandsvegur	2,0			
		94,3	109,2	143,0	131,4
	Þjóðvegir í Reykjavík		13,3		
	Óráðstafað			14,4	15,2
	Samtals	94,3	122,5	157,4	146,6

1.4. Ó-vegir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.
574	Útnesvegur				
07	Um Ólafsvíkurenni	47,0	25,8	27,8	14,1
61	Djúpvegur				
25	Um Óshlíð	3,5	12,6	9,2	27,0
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	0,5	1,2		1,4
		51,0	39,6	37,0	42,5
	Óráðstafað			4,8	5,6
		51,0	39,6	41,8	48,1

2. Þjóðbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
22	Dalavegur			
01	Við Flugstöð		4,0	
25	Þykkvabæjarvegur			
01	Suðurlandsvegur—Hrafntóftir		1,0	2,8
26	Landvegur			
03	Um Skarð	1,6	0,5	
204	Meðallandsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Arnardrangur	1,0	1,0	
205	Klausturvegur			
01	Um Kirkjubæjarklaustur		2,0	
206	Holtsvegur			
01	Við Hunkubakka		0,2	
214	Kerlingadalsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Kerlingadalur			2,4
240	Stórhöfðavegur			
01	Um Vestmannaeyjakaupstað	0,5		2,4
242	Raufarfellsvegur			
01	Ýmsir staðir	0,2		
250	Dímonarvegur			
01	Ýmsir staðir	0,2		
252	Landeyjavegur			
01	Ýmsir staðir	0,7		1,4
261	Fljótshlíðarvegur			
01—02	Ýmsir staðir	1,4	2,0	1,4
275	Ásvegur			
01	Um Ás		0,7	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
30	Hrunamannavegur			
03	Skálholtsvegur—Þjórsárdalsvegur	1,7		
04	Þjórsárdalsvegur—S-Laxá		2,5	
05	Um Flúðir			1,1
32	Þjórsárdalsvegur			
01	Hrunamannavegur—S-Núpsvegur			2,8
35	Biskupstungnabraut			
05	Ofan Brúarár		1,0	3,5
37	Laugarvatnsvegur			
03	Um Laugardalshóla	0,7		
305	Villingaholtsvegur			
01	Ýmsir staðir	1,7		1,4
316	Kaldaðarnesvegur			
01	Eyrarbakkavegur—Sandvík	0,4		
324	Vorsabæjarvegur			
01	Við Vorsabæ	0,2		
351	Búrfellsvegur			
01	Við Klausturhóla	0,4		
355	Reykjavegur			
01	Um Hryggholt	0,4	0,8	
356	Tjarnarvegur			
	Um Vatnsleysu		0,4	
42	Krísuvíkurvegur			
01	Reykjanesbraut—Vatnsskarð			1,6
44	Hafnavegur			
02	Flugvöllur—Stapafellsvegur	0,3		
48	Kjósarskarðsvegur			
01	Vesturlandsvegur—Meðalfellsvegur			0,7
416	Álftanesvegur			
01	Bessastaðavegur, vegam.—Bessastaðavegur	0,8	1,3	
431	Hafravatnsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Úlfarsárvegur		2,7	2,5
50	Borgarfjarðarbraut			
02	Um Hesthála	0,4		
05	Um Þverá		2,4	
05	Um Stafholtsveggi		1,7	
05	Um Kljáfossbrú			2,4
52	Uxahryggjavegur			
02	Kistufell—Hóll	1,3		
53	Hvítárvallavegur			
01	Um Andakílsárbrú			0,4
56	Stykkishólmsvegur			
01	Kerlingarskarð	0,5	4,7	4,8
59	Laxárdalsvegur			
02	Svalhöfði—sýslumörk	2,6		
509	Hagavegur		0,5	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
512	Lundarreykjadalsvegur			
01	Hjá Múlakoti	1,0		
518	Hálsasveitarvegur			
01	Á Merkiholti	0,3		
04	Hallkelsstaðir—Hrauná	1,1		
574	Útnesvegur			
02	Hellnar—Saxhólar	0,7		
588	Gillastaðavegur			
01	Tenging að Goddastöðum		1,2	
590	Klofningsvegur			
02	Hafnarháls—Hóll	0,5		1,5
04	Hnjúkur—Klofningur			3,6
65	Súgandafjarðarvegur			
03	Utan Suðureyrar	1,1		
619	Ketildalavegur			
04	Um Austmannadal		3,4	
622	Svalvogavegur			
	Utan Þingeyrar	0,8		
625	Valþjófsdalsvegur			
02	Flugvöllur—Grundarendi	0,4		
643	Strandavegur			
02	Um Bassastaði	0,5		
02	Um Selá			2,1
645	Drangsnesvegur			
01	Strandavegur—Drangsnes		3,9	
659	Laxárdalsvegur			
01	Hólmavíkurvegur—Laxá	1,8		6,7
704	Miðfjarðarvegur			
01	Um Vesturá			2,5
03	Um Urriðaá		0,8	
711	Vatnsnesvegur			
05	Um Harastaðaá	1,4		
714	Fitjavegur			
01	Norðurlandsvegur—Hrísar		1,4	
02	Ásland—Bjarg	0,2		
715	Víðidalsvegur vestri			
01	Um Fitjá		0,6	
723	Grímstunguvegur			
01	Vatnsdalsvegur—Ás		2,6	
731	Svínvetningabraut			
01—04	Norðurlandsvegur—Norðurlandsvegur	1,6		2,8
745	Skagavegur			
05—06	Sýslumörk—Selárbrú			3,2
758	Austurlandsvegur			
01	Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur	0,4		
766	Brimnesvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Brimnes	0,1		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
767	Hólavegur			
01	Ásavegur—Hjaltadalsvegur		1,5	
769	Ásavegur			
01	Efri-Ás—Hólavegur	0,3	1,3	
787	Flókadalsvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Sigríðarstaðir	1,5		1,4
792	Flugvallarvegur Siglufirði			
01	Siglufjörður—Flugvöllur	0,3		
83	Grenivíkurvegur			
02	Ystavík—Fnjóskadalsvegur eystri	2,9		
803	Kleifavegur		0,6	
812	Bakkavegur			3,4
813	Mörðuvallavegur			0,7
814	Staðarbakkavegur	0,7		
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
03	Hrafnagil—Finnastaðavegur	2,0		
822	Kristnesvegur			0,7
823	Miðbraut		7,1	
824	Finnastaðavegur			0,7
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
02	S-Laugaland—Eyjafjarðarbraut vestri			3,4
836	Vaglaskógarvegur		1,4	
842	Bárðardalsvegur vestri			
04	Halldórsstaðir—Mýri			0,6
851	Út-Kinnarvegur	0,4		
852	Sandsvegur	0,4		
871	Flugvallarvegur Kópaskeri			1,4
94	Borgarfjarðarvegur			
05	Hjaltastaðavegur—Lagarfossvegur			1,7
07	Vatnsskarð		3,2	
98	Djúpavogsvegur	0,2		
925	Hróarstunguvegur			
01	Austurlandsvegur—Húseyjarvegur		2,1	
931	Upphéraðsvegur			
08	Hallormsstaður—Gunnlaugsstaðir	2,4		4,0
937	Skriðdalsvegur	1,6		
964	Breiðdalsvegur	0,7		
966	Flugvallarvegur Djúpavogi			3,0
982	Flugvallarvegur Hornafirði		1,8	
		42,3	62,3	75,0

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
	Vegir í jaðarbyggðum			
612	Örlygshafnarvegur			
03	Um Örlygshöfn	1,0		6,6
624	Ingjaldssandsvegur			
02—03	Núpur—Ingjaldssandur		6,2	
635	Snæfjallastrandarvegur			
04	Utan Kaldalóns	3,7		
745	Skagavegur			
02—04	Örlygsstaðir—sýslumörk	2,5		3,9
05—06	Sýslumörk—Selárbrú		3,6	
94	Borgarfjarðarvegur			
03	Eiðar—Steinsvaðsvegur	2,3		
05	Hjaltastaðavegur—Lagarfossvegur			3,2
07	Vatnsskarð		3,0	
08	Njarðvík—Borgarfjörður			
917	Hlíðarvegur			
02	Hallgeirsstaðir—Eyjavegur			3,5
923	Jökuldalsvegur			
03	Búðará—Brú	2,3		
924	Jökuldalsvegur eystri			
01	Refshöfði—Skeggjastaðir		3,2	
	Suðurland, óráðstafað			3,2
	Reykjanes, óráðstafað			0,8
	Vesturland, óráðstafað			2,4
	Vestfirðir, óráðstafað			1,5
	Norðurland vestra, óráðstafað			1,6
	Norðurland eystra, óráðstafað			1,8
	Austurland, óráðstafað			1,5
	Samtals	54,1	78,3	105,0

2.4. Til brúargerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1983 fjárv. m. kr.	1984 fjárv. m. kr.	1985 fjárv. m. kr.
Laxá í Leirársveit (1)	5,9		
Leirá í Leirársveit (1)	2,8		
Sanddalsá (1)	3,3		
Ormsá hjá Brú (68)	3,2		
Auðólfsstaðaá (1)	2,2		
Bægisá (1)	2,2		
Tinnudalsá (1)	7,0		
Fitjá í Víðidal (714)	0,5	2,3	
Krossá á Berufjarðarströnd (1)	1,0	1,4	
Fossá í Hvalfirði (1)		4,1	
Peningsdalsá við Flókalund (62)		5,8	
Móra á Barðaströnd (62)		6,4	
Urriðaá í Miðfirði (704)	3,5		
Hjaltadalsá (767)		2,0	
Eyjafjarðará hjá Hrafnagili (823)		2,7	
Fjarðará í Ólafsfirði (802)		3,3	
Hölkná í Þistilsfirði (85)		10,0	
Nýpslón í Vopnafirði (85)		10,0	
Vesturá í Miðfirði (704)		4,8	1,8
Tungufljót í Biskupstungum			12,8
Hvítá hjá Kljáfossi (50)			5,9
Kirkjufellsá (57)			2,5
Selá í Steingrímsfirði (643)			7,9
Einarsstaðaár (þ.þ.)			7,7
Óráðstafað			7,7
Samtals	28,1	56,3	46,3

Nd. 905. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1. júní 1979 um húsaleigusamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Guðmundur J. Guðmundsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1984.

Þorsteinn Pálsson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Eggert Haukdal.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 906. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 806.

Alþingi, 15. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara.	Gunnar G. Schram.
Guðmundur Einarsson, með fyrirvara.	Halldór Blöndal.	Ingvar Gíslason.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 907. Nefndarálit [319. mál]

um frv. til l. um kvikmyndamál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Ólafur G. Einarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Bjarni Guðnason.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Hjörleifur Guttormsson.	Kristín S. Kvaran.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 908. Frumvarp til laga [362. mál]

um fasteigna- og skipasölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Um heimild til fasteigna- og skipasölu.

1. gr.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra, nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 2. málsgrein, eða leyfi samkvæmt lögum nr. 47/1938, sbr. einnig 14. gr. þeirra.

Kandídatar frá Háskóla Íslands í lögfræði og viðskiptafræði þurfa ekki leyfi til að stunda fasteigna- og skipasölu samkvæmt lögum þessum. Dómsmálaráðherra getur heimilað mönnum með sambærilega menntun frá erlendum háskólum að stunda slíka starfsemi án þess að þeir gangi undir próf samkvæmt 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki fyrir því, að þeir hafi aflað sér menntunar um helstu þætti íslensks réttar varðandi sölu fasteigna og skráningarskyldra skipa. Leita skal umsagnar stjórnar félags fasteignasala og prófnefndar, sbr. 3. gr., áður en leyfi er veitt.

Þar sem rætt er um fasteignasölu eða fasteignasala í lögum þessum er einnig átt við sölu skráningarskyldra skipa og þá, sem við slík störf fást.

2. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið löggildingu samkvæmt 1. gr., ef hann:

1. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
2. Er heimilisfastur hér á landi.
3. Er fjárráða og hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur lokið verslunarprófi eða öðru sambærilegu prófi á viðskiptasviði eða hefur aflað sér viðskiptareynslu, sem viðhlítandi sé að dómi dómsmálaráðuneytisins, en ráðuneytið getur auk þess kveðið svo á í reglugerð, að aðili skuli hafa unnið tiltekinn tíma að verkefnum, sem veiti hagnýta þekkingu um viðskipti með fasteignir og skip.
5. Hefur staðist próf samkvæmt ákvæðum, er dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.

Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill löggildingu samkvæmt 1. gr., skal standast próf eftir því sem segir í 2. gr. 1. mgr. 5. tölulið. Prófnefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til 4 ára í senn og í eiga sæti þrír menn, skal standa fyrir prófi þessu. Varamenn skal skipa með sama hætti. Skal próf við

það miðað, að prófmaður sýni, að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu, að hann sé starfinu vaxinn.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna, en prófsefni ákveður prófnefnd.

4. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja próf samkvæmt lögum þessum. Ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð, að fengnum tillögum prófnefndar samkvæmt 3. gr. Prófnefnd eða menn, sem hún tilnefnir, hafa á hendi forstöðu námskeiðs og sjá um prófraun.

5. gr.

Fasteignasali, sbr. 2. gr., skal fá í hendur löggildingarskírteini, er ráðherra gefur út.

Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Áður en löggilding er veitt, skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það, er löggilding veitir rétt til, og hlíta lögum og öðrum réttarreglum, er það varðar.

6. gr.

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Þó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara, en ráða skal hann þá forstöðumann, sem löggiltur er til starfans.

Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti, hvar starfsstöð hans sé, en hann getur aðeins haft eina starfsstöð.

II. KAFLI

Um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf þeirra og starfsháttu.

7. gr.

Fasteignasalar hafa réttindi og bera skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, er þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Þeir mega ekki gegna stöðu hjá hinu opinbera, ef ætla má, að staðan gefi þeim færi á að kynnast málefnum, sem hafa þýðingu um viðskipti með einstakar eignir.

8. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðiljum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess, að aðilja séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

9. gr.

Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðilja til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum að ganga frá samningum og annarri skjalagerð að fengnu samþykki umbjóðanda. Sama er, ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega, hvort um einkaumboð sé að ræða, ef því er að skipta.

10. gr.

Nú hefur fasteignasali fengið eign til sölumeðferðar eða leitað er liðsinnis hans til að gera tilboð í eign. Skal hann þá semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, sem máli skipta fyrir aðilja, til þess að gera sér glögga hugmynd um verð eignarinnar. Yfirlit þetta skal m. a. geyma eftirfarandi upplýsingar og atriði:

1. Upplýsingar um söluverð eignar, ef það er ákveðið og hverjir séu söluskilmálar, þ. á m. um þann hluta söluverðs, sem staðgreiða á og hversu haga eigi öðrum greiðslum og hversu þær eigi að vera tryggðar.
2. Glöggar upplýsingar og gögn um stærð húss og lóðar, fyrirkomulag innan húss, byggingarlag og byggingarefni húss, aldur þess og endurbyggingar eða viðbyggingar, ef því er að skipta, ástand húss, þ. á m. um galla, sem kunnir eru á því, hversu upphitun sé háttað og hversu hús sé glerjað, staðsetningu og atriði, sem máli skipta vegna byggingar- og skipulagslaga. Einnig skal greina ástand lóðar. Teikning af húsi skal vera fyrir hendi, ef kostur er, og að jafnaði ljósmyndir af því, ef eigi er unnt að skoða það eða vitað er, að skoðun muni ekki fara fram. Ef um sameign er að ræða, skal greina glögglega eignarhlutdeild í húsi og lóð svo og um óskipta sameign.
3. Upplýsingar um matsverð eignar samkvæmt fasteignamati og brunabótamati, svo og önnur matsgögn, ef til eru.
4. Nú er seld fasteign eða skip í smíðum, og skal þá gera nákvæma grein fyrir því, á hvaða stigi smíðin er, þegar kaupandi á að taka við eigninni, og hversu staða aðiljanna verði tryggð.
5. Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum, sem kunna að hvíla á eigninni, stutt vottorðum úr þinglýsingarbókum. Greina ber hvers eðlis eignarhöftin séu, þ. á m. kvaðir, sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda, sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru, að viðbættri verðtryggingu. Greina skal hver hluti skuldar, afborgana og vaxta, komi í hlut hvors aðilja um sig, þ. á m. þegar tiltekin afborgun er ekki komin í gjalddaga, en nokkuð er um liðið frá síðasta gjalddaga hennar. Þá skal greina kostnað við samningsgerð, þinglýsingu og stimplun skjala og í hvors hlut komi.
6. Upplýsingar eftir föngum um væntanlegar tekjur af eigninni, einkum þegar um atvinnuhúsnæði (jörð) er að ræða eða skip, er gera skal út, svo og um heildarútgjöld sem ætla má, að stafi af eign, þ. á m. greiðsluyfirlit varðandi afborganir og vexti, skatta af eigninni og útgjöld vegna sameignar, vátryggingargjöld o. þ. h.
   Hliðstæðar upplýsingar skulu greindar um skip eftir því sem við á.

11. gr.

Yfirlit það, sem greinir í 10. gr., skal vera svo rækilegt og traust, að það ásamt skoðun á eign, sem fram skal fara, ef kostur er, og vanda skal til, sé sem tryggastur grundvöllur undir mati á verðmæti eignarinnar og á arðsemi hennar.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir í reglugerð, að upplýsingar um eignir séu greindar á stöðluðum eyðublöðum og kveðið nánar á í reglugerð um þær upplýsingar, sem greina skal, þ. á m. sérstaklega varðandi skip.

12. gr.

Fasteignasala, sbr. 1. gr., er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna, og skal geta þess í skjölunum, þ. á m. í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn, svo að eigi verði um villst. Enn fremur skulu þeir, sem annast fasteignaviðskipti samkvæmt framansögðu, geta nafns síns í

auglýsingum um eignir þessar. Nafngreining skal vera persónuleg samkvæmt þessari málsgrein.

Öll skjalagerð og samningsgerð, er fasteignasali annast um, skal vera vönduð og rækileg og svo úr garði gerð, að hagsmunir aðilja séu sem best tryggðir og glöggt sé, hver réttarstaða hvors um sig sé.

13. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign, sem honum hefur verið falin til umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu, að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Enn fremur skal fasteignasali tilkynna aðiljum, hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

14. gr.

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin. Honum er heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip.

Fyrir aðstoð við kaup og sölu má þóknun frá kaupanda og seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar, en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað, enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri, ef makaskiptum er til að dreifa.

15. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þ. á m. um, að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteigna- og skipasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

III. KAFLI

Aðili fullnægir ekki framar skilyrðum til fasteignasölu.

16. gr.

Nú fullnægir löggiltur fasteignasali eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar, og fellur þá löggilding hans úr gildi, enda ber honum að skila ráðuneytinu aftur löggildingarskírteini sínu. Ráðherra má veita aðilja að nýju löggildingu, ef hann fullnægir síðar þessum lagaskilyrðum að dómi ráðherra.

17. gr.

Nú sætir maður, sem heimild hefur að lögum til fasteignasölu, ákæru í opinberu máli, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu að kröfu ákæruvalds undir dómara þess máls eftir því sem ákæra lýtur að.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill aðili ekki una úrlausn ráðherra, og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla, og fer meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra skal halda gildi, uns dómur gengur í málinu.

IV. KAFLI

Um félagsskyldu fasteignasala, ágreining um þóknun fyrir fasteignasölu o. fl.

18. gr.

Þeir menn, sem fengið hafa löggildingu til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938, svo og þeir, sem löggildingu fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa með sér félag, og eru skyldir til að vera félagsmenn. Félagsskylda þessi tekur einnig til þeirra, sem stunda fasteignasölu samkvæmt 1. gr., þó svo að héraðsdómslögmönnum og hæstaréttarlögmönnum er eigi skylt að gerast félagar. Félagið kemur fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum í málefnum, er félagsmenn varða.

19. gr.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með því, að félagsmenn fari að lögum í starfi sínu og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Stjórn félagsins getur veitt félagsmanni áminningu, ef efni þykja vera til þess.

Stjórn félagsins hefir úrskurðarvald um endurgjald (þóknun) fyrir störf við fasteignasölu, sbr. 14. gr., ef ágreiningur um það er borinn upp fyrir henni. Nú situr enginn lögfræðingur í stjórn félagsins, og skal aðalfundur félagsins þá nefna til lögfræðing, er úrskurði ásamt stjórn félagsins um slíkan ágreining. Úrskurðir félagsstjórnar eru kæranlegir til Hæstaréttar samkvæmt II. kafla laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Nú verður ágreiningur um endurgjald (þóknun) vegna starfa lögmanna við fasteignasölu, og úrskurðar stjórn Lögmannafélags Íslands þá þann ágreining, ef því er að skipta, með þeim hætti er segir í 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Ágreining út af endurgjaldi (þóknun) fyrir störf við fasteignasölu er einnig hægt að leggja fyrir dómstóla.

V. KAFLI

Almenn ákvæði. Refsiákvæði. Gildistaka og brottfallin lög.

20. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. kostnaður við námskeiðshald og þóknun til prófnefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði.

21. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig fasteignasala eða skipasala, sem heimilt er að stunda slík störf samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., og varðar brot gegn þessu viðurlögum samkvæmt 2. mgr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

22. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal fyrsta próf eftir gildistöku þeirra hlíta ákvæðum þeirra og reglugerða, settum samkvæmt þeim.

Þeir, sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938, sbr. og 14. gr. þeirra, skulu halda þeim, enda teljast þeir einnig hafa rétt til að selja skráningarskyld skip til jafns við þá, sem löggildingu fá eftir ákvæðum laga þessara.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 47 11. júní 1938 um fasteignasölu og lög nr. 20 22. mars 1948, lög nr. 40 29. mars 1961 og lög nr. 49 25. maí 1976, öll um breyting á lögum nr. 47/1938, svo og 48. gr. laga nr. 75 13. maí 1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af prófnefnd löggiltra fasteignasala að ósk dómsmálaráðherra á grundvelli draga til frumvarps, er formaður nefndarinnar, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, tók saman, en nefndina skipa auk hans Einar Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og dr. Gaukur Jörundsson prófessor. Frumvarpið var sent Félagi fasteignasala og Lögmannafélagi Íslands til umsagnar. Hefir prófnefndin farið yfir umsagnir og tekið til greina margar þær ábendingar, sem þar komu fram.

Á Alþingi hafa orðið umræður um það, að tímabært sé að endurskoða lög um fasteignasölu, og hafa komið fram ábendingar um atriði, sem gefa þyrfti gaum að, sbr. m. a. þingsályktun frá 29. maí 1980.

Til grundvallar samningu frumvarpsins liggja ýmsar athuganir á framkvæmd laganna síðustu árin og á ábendingum, sem fram hafa verið settar um endurskoðun. Þá hafa semjendur kynnt sér hliðstæða löggjöf í nágrannalöndunum.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá semjendum þess.

I.

Lög nr. 47/1938 um fasteignasölu hafa nú verið í gildi í röska fjóra áratugi. Allnokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim í tímans rás. Lög nr. 20/1948, 1. gr. þágu kandídata í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands undan prófi vegna löggildingar til fasteignasölu. Lög nr. 40/1961, 1. gr. felldu m. a. niður það skilyrði til löggildingar, að maður hefði óflekkað mannorð og orðuðu það atriði með öðrum hætti. Stóð sú lagabreyting í tengslum við heildstæða endurskoðun á reglum um réttindasviptingu. Þá felldu lög nr. 49/1976 sölu á skráningarskyldum skipum undir lögin og skylduðu fasteigna- og skipasala til að nafngreina sig bæði í auglýsingum um fasteignir og skip svo og við samningu skjala vegna þeirra viðskipta. Enn er þess að geta, að með lögum nr. 79/1975, 25. gr. var afnumið ákvæði 9. gr. 1. mgr. laga nr. 47/1938 um gjald fyrir löggildingu og því skipað með öðrum hætti, sbr. 20. gr. 2. tl. breytingarlaganna. Loks var refsiákvæði 11. gr. afnumið og refsiákvæði 12. gr. laga nr. 47/1938 breytt með lögum nr. 75/1982, 48. gr., og var það þáttur í heildarendurskoðun á sektarmörkum í sérrefsilögum.

Frá gildistöku laganna og fram til júlí 1983 hafa alls 23 menn lokið prófi, sem áskilið er í lögum nr. 47/1938, og hlotið löggildingu á grundvelli hennar. Hefur prófnefnd löggiltra fasteignasala staðið fyrir prófinu og tiltekið prófsefni á grundvelli reglugerðar nr. 3/1939, sem eigi hefir sætt neinni breytingu.

Eigi hefir verið komið við neinskonar námskeiðum í sambandi við próf þessi, en einstakir menn munu þó hafa á stundum notið nokkurrar tilsagnar kennara. Ljóst er, að margir menn starfa að fasteigna- og skipasölu sem svonefndir „sölumenn“ án þess að hafa fengið leyfi til starfa sem fasteigna- og skipasalar, en jafnan mun þó vera forstöðumaður skrifstofu með réttindum að lögum. Sjálfsagt er hér pottur brotinn, en illt að koma í veg fyrir það, enda fasteigna- og skipasölum að sjálfsögðu heimilt og oft nauðsynlegt að hafa starfsliði á að skipa í umsýslu sinni. Er því ekki að leyna, að oft heyrist, að hér sé farið í kringum lögin og forstaða skrifstofu lítið annað en orðin tóm. Er það mál, sem ástæða er til að gefa gaum.

Lög nr. 47/1938 voru fyrstu lögin hér á landi, sem settu hömlur við að menn gætu stundað fasteignasölu. Var frv. til laga samið mjög að fyrirmynd danskra laga um það efni og stjórnvaldsreglna samkvæmt þeim, sbr. dönsk lög um atvinnuréttindi frá 1931. Var frv. vel tekið á Alþingi. Dönsku lögin hafa nú sætt endurskoðun, sbr. lög nr. 218/1966 og auglýsingu nr. 237/1982. Á hinum Norðurlöndunum hafa einnig verið í gildi um all langan tíma lög, sem áskilja löggildingu eða leyfi allsherjarvalds til fasteignasölu og oft til eignarmiðlunar almennt, þ. á m. verðbréfasölu, sbr. t. d. finnsk lög frá 1968, sænsk ákvæði frá 1947 og norsk lög frá 1938.

Góð og gild rök eru fyrir því að leyfisbinda þessa umsýslu. Hér er um vandasamt miðlunarstarf að ræða, þar sem mikil verðmæti eru í húfi. Almenningshagsmunir bjóða, að reynt sé að tryggja að þeir einir fáist við þessi störf, sem hafi til þess menntun og starfsþjálfun, þ. á m. að þeir hafi kynnt sér rækilega þau lög og aðrar réttarreglur, sem starfið varða. Æskilegt er, að menn hafi almenna menntun á viðskiptasviði auk sérmenntunar og sérþjálfunar við fasteigna- og skipaviðskipti. Á hinn bóginn felur leyfisbinding á þessu sviði það í sér, að þeir sem leyfi fá, þurfa ekki að hlíta því, að aðrir taki að stunda þessi störf, og er með því stuðlað að því að treysta undirstöður þessarar starfsstéttar, sem gegnir mikilvægu hlutverki í viðskiptalífinu.

Í sambandi við löggjöf um fasteigna- og skipasölu má að sjálfsögðu spyrja, hvort ekki væri rétt að áskilja lögfræðingum og viðskiptafræðingum einum rétt til að stunda þessi viðskipti, en svo sem kunnugt er hefur fjöldi þeirra tveggja háskólamenntuðu starfsstétta farið mjög vaxandi síðustu árin. Ekki þykir það ráðlegt að svo komnu máli, enda er sanngjarnt að heimila öðrum að afla sér réttinda á þessu sviði, ef þeir hafa nægilega þekkingu og þjálfun til að bera. Er sú leið og farin annars staðar á Norðurlöndum, og víða í löndum.

Full þörf er að endurskoða lög nr. 47/1938 ásamt breytingarlögum í ljósi fenginnar reynslu hér á landi og miðað við auknar kröfur, sem hið svonefnda menntunarþjóðfélag gerir til menntunar og starfsþjálfunar einstakra starfsstétta. Enn fremur er ástæða til að endurskoða lögin með hliðsjón af yngri löggjöf hér á landi um leyfisbundinn atvinnurekstur og ekki síst varðandi löggilta endurskoðendur, en þar hefur þróunin raunar orðið sú, að kennsla hefur verið felld undir Háskóla Íslands (viðskiptadeild).

Við endurskoðun laganna hefur verið höfð hliðsjón af löggjöf í grannlöndum.

II.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, felast m. a. eftirfarandi breytingar:

1. Leyfi til sölu fasteigna og skráningarskyldra skipa skal veitt af dómsmálaráðuneyti í formi löggildingar, samkvæmt ákvæðum frv. (sbr. 1. og 5. gr.), en eigi af lögreglustjóra, svo sem nú er. Er heppilegra, að ráðuneytið fjalli um mál þetta en lögreglustjóri, og stuðlar það m. a. að samræmdri framkvæmd og því, að heildaryfirlit sé til á einum stað um alla þá, sem löggildingu hafa fengið og starfsstöð þeirra, sbr. 6. gr.

2. Í 2. gr. 4. tölulið er hert á kröfum um menntun sem skilyrði þess, að aðili fái löggildingu, en auk þess er þar lagt til, að ráðuneytið geti kveðið svo á að aðili skuli hafa unnið tiltekinn tíma að verkefnum, sem veiti hagnýta þekkingu um viðskipti með fasteignir og skip. Slík starfsþjálfun fæst oftast með vinnu á fasteignastofu undir handleiðslu manns, sem að lögum getur annast sölu fasteigna og skipa. Slíkar kröfur eru t. d. gerðar í Danmörku, sbr. að sínu leyti um löggilta endurskoðendur lög nr. 67/1976, 2. gr.

3. Í 1. gr. 2. mgr. er það nýmæli, að ráðuneytið geti þegið aðra þá undan prófskyldu, sem hafi sambærilegt próf við lögfræðinga og viðskiptafræðinga, er nám hafa stundað hér á landi. Er þar m. a. átt við hagfræðinga og viðskiptafræðinga, er stundað hafa nám erlendis.

4. Ákvæðin um próf og prófnefnd í 3. gr. eru orðuð á sveigjanlegri hátt en nú er, og má vísa í því efni til laga nr. 89/1953, 2. gr. um löggilta endurskoðendur sem nú eru þó úr lögum numin.

5. Reynslan hefur leitt í ljós, að mikil þörf er á að koma á fót námskeiði fyrir þá, sem þreyta vilja próf til löggildingar fyrir fasteigna- og skipasala. Er lagt til í 4. gr., að dómsmálaráðherra sé heimilað að stofna til slíkra námskeiða á hæfilegum fresti. Námskeið svipaðrar gerðar tíðkuðust um langan aldur að því er varðar löggilta endurskoðendur, og eru engin rök til að taka öðruvísi á þessu máli í sambandi við starfsstétt þá, sem frv. þetta fjallar um.

6. Í 5. gr. er lagt til, að löggildingargjald sé háð ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 79/1975, er komu þeirri breytingu á að því er varðar lög nr. 47/1938. Þá er boðið, að þeir, er löggildingar leita, skuli vinna drengskaparheit að því að rækja starfið af kostgæfni og samviskusemi og hlíta lögum um það.

7. 7. gr. lætur svo um mælt, að fasteignasalar hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn, þ. á m. varðandi brot í starfi, starfsvernd, æruvernd og þagnarskyldu. Er mikilvægt að marka þeim stöðu á þennan hátt.

8. Í 8. gr. segir almennt, að fasteigna- og skipasalar skuli í hvívetna haga störfum í samræmi við góðar viðskiptavenjur og að þeir skuli gæta þess að aðilja séu ekki settir ólögmætir, óeðlilegir eða ósanngjarnir kostir í samningum.

9. Í 9. gr. segir, að fasteigna- og skipasali skuli tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðilja, er felur honum umsýslu varðandi fasteign eða skip. Ætti það að draga úr ágreiningi sem stundum rís um það, hvort eign hafi verið falin tilteknum manni til sölumeðferðar.

10. Í 10. og 11. gr. eru miklu rækilegri ákvæði en nú eru um þær upplýsingar, sem fasteigna- og skipasali á að afla, svo og greinargerð, sem honum ber að semja, svo að sem gleggstur grundvöllur fáist til að viðkomendur geti gert sér grein fyrir verði eignar. Gert er ráð fyrir því í 11. gr. 2. mgr., að ráðuneytið geti mælt svo fyrir, að stöðluð eyðublöð verði notuð að nokkru eða öllu undir þessar upplýsingar. Samkvæmt 15. gr. getur dómsmálaráðherra sett nánari reglur um upplýsingaöflun og samningu greinargerða.

11. Í 12. gr. er lagt til, að fasteignasali annist sjálfur samningu skjala í ríkara mæli en nú er. Að baki þessu býr m. a. það viðhorf, að fasteignasali beri persónulega ábyrgð á störfum við fasteignasölu og verði henni ekki skipað með þeim hætti, að félag með takmarkaðri ábyrgð reki fasteignasölu.

12. Ákvæði 13. og 14. gr. eru að mestu í samræmi við gildandi lög.

13. Í 15. gr. segir, að dómsmálaráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala. Sbr. einnig um reglugerðir 5. tl. 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 11. gr.

14. Ákvæði 16. og 17. gr. eru nýmæli, sem varða missi skilyrða til að stunda fasteignasölu, og er við samningu þess m. a. höfð í huga tilhögun sú, sem lögmælt var í þessu efni með 68. gr. og 68. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 31/1961.

15. Í IV. kafla, 18. og 19. gr. eru nýmæli. Þar er gert ráð fyrir, að fasteignasalar skuli hafa með sér félag, og hefur slíkt félag raunar verið stofnað (félag fasteignasala) og sé þeim, sem löggildingu hafa fengið til fasteignasölu og þeim, sem stunda mega hana í skjóli 1. gr., skylt að gerast félagsmenn, nema þeim, sem hlotið hafa leyfi til málflutnings. Er hér um svipað ákvæði að sínu leyti að ræða sem í lögum um málflytjendur. Á félagið er lögð sú skylda í 19. gr. að hafa almennt eftirlit með félagsmönnum, þótt einnig verði þar um eftirlit að ræða af hálfu dómsmálaráðuneytis, og félagsstjórn er veitt úrskurðarvald um ágreining út af þóknun fasteignasala, sem undir hana er borinn, þó ekki um ágreining, þar sem málflutningsmaður á í hlut. Lagt er til að síðastnefndan ágreining úrskurði stjórn Lögmannafélags Íslands með þeim hætti er segir í 8. gr. laga nr. 61/1942, og er það nýmæli. Sérstakt ákvæði er um það, ef enginn lögfræðingur er í stjórn félags fasteignasala, og á aðalfundur þá að kjósa lögfræðing, er taki þátt í því að úrskurða um ágreining ásamt stjórn félagsins. Til álita kemur að kveða svo á, að ákvörðun lögfræðingsins ráði, ef atkvæði verða jöfn innan stjórnarinnar. Vera má, að bæði málflutningsmaður og t. d. löggiltur fasteignasali komi við mál, og verður þá að leggja mál fyrir dómstóla. Þess er vænst, að með þeirri hugmynd, sem hér er brotið upp á, fáist skjótari málalok en vera myndi, ef mál væri lagt til dómstóla, en jafnframt er þeim möguleika haldið opnum að aðili fari með málið fyrir dómstóla, sbr. 19. gr. 4. mgr.

16. Í 21. gr. er lagt til, að fasteignasalar fái einkarétt á að nefna sig fasteignasala eða skipasala að því viðlögðu, að það varði refsingu fyrir aðra að nefna sig þessum nöfnum. Þetta er í samræmi við það, sem tíðkanlegt er hjá öðrum sambærilegum starfsstéttum.

17. Gert er ráð fyrir því, ef frv. verður samþykkt, að stofnað verði hið fyrsta til námskeiðs, sbr. 4. gr. og 20. gr., eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í honum greinir um heimild til starfa fasteigna- og skipasala, hver skilyrði eru fyrir löggildingu, hver veiti hana, um undirbúning að prófi á námskeiði, sem heimilað er að stofna til og um, að löggilding sé bundin við nafn. Þá er það afmarkað, hverjir geti stundað störf þessi leyfislaust og í annan stað hverjir séu þegnir undan prófi skv. 2. gr.

Um 1. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 59/1976 um, að lögin um fasteignasölu taki einnig til þeirra, sem fást við sölu skráningarskyldra skipa, er tekið hér með í 1. gr.

Þeir, er próf hafa tekið við erlenda háskóla, þurfa leyfi ráðherra, en eigi löggildingar skv. 2. gr.

Um 2. gr.

Hér er það nýmæli mikilvægast, er áskilur, að aðili, sem fá vill löggildingu, hafi staðgóða almenna menntun á viðskiptasviði, verslunarpróf eða sambærilegt próf, þ. á m. frá viðskiptasviði fjölbrautaskóla. Eru vafalaust rök til slíks áskilnaðar. Í norrænu lögunum sumum er enn það ákvæði, að aðili skuli hafa starfað nokkurn tíma, t. d. 2 ár, undir handleiðslu löggilts fasteignasala (skipasala). Er eigi að svo stöddu farin sú leið að áskilja þetta fortakslaust, en ráðuneytinu er heimilað að mæla svo fyrir, að slík starfsreynsla sé forsenda fyrir löggildingu, sbr. að sínu leyti um löggildingu endurskoðenda lög nr. 67/1976, 2. gr. 4. tl.

Ákvæðið er að öðru leyti að mestu í samræmi við 2. gr. laga nr. 47/1938.

Um 3. gr.

Ákvæðið er mun sveigjanlegra en hliðstætt ákvæði í lögum nr. 47/1938 og leggur á vald dómsmálaráðherra að marka starfsgrundvöll prófnefndar, prófgreinar o. fl., sbr. að sínu leyti starf prófnefndar löggiltra endurskoðenda, svo sem það var samkvæmt lögum nr. 89/1953.

Um 4. gr.

Því er fyrr lýst, að prófnefnd löggiltra fasteignasala telur höfuð þörf vera á því, að stofnað verði til námskeiðs fyrir þá, sem búast vilja undir próf vegna löggildingar samkvæmt 1. gr. frv. Slík heimild var veitt að því er varðar endurskoðendur með lögum nr. 89/1953, 3. gr. Gert er ráð fyrir, að prófnefnd veiti forstöðu slíku námskeiði, en geti þó ráðið sérstakan mann þar til forystu og framkvæmda. Kemur reynslan af námskeiði endurskoðenda hér að miklu gagni. Um kostnað er ákvæði í 20. gr. frv.

Um 5. gr.

Lagt er til, að gjald fyrir löggildingu fari eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 79/1975, 20. gr., 2. tl., en það sé eigi fest í lögum um fasteigna- og skipasölu.

Enn fremur er lagt til, að aðili vinni drengskaparheit að því að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi það starf, sem löggilding lýtur að, og halda lög og aðrar reglur, er það varðar.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að meginefni til í samræmi við 9. gr. 2. mgr. laga nr. 47/1938. Um 2. mgr. vísast til 3. gr. sömu laga.

Um II. kafla.

Þar er mælt fyrir um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf og starfsháttu.

Um 7. gr.

Hér er kveðið almennt á um það, að löggiltir fasteignasalar og skipasalar hafi stöðu opinberra sýslunarmanna og hafi réttindi og beri skyldur samkvæmt því, svo sem að sínu leyti var fyrir mælt um löggilta endurskoðendur með lögum nr. 89/1953, 6. gr. Um þetta eru nú ákvæði í 7. gr. laga nr. 47/1938, er fjallar um þagnarskyldu manna þessara. Nýmæli er um það, að fasteigna- og skipasali megi eigi gegna starfi í þágu hins opinbera, eftir því sem nánar segir í ákvæðinu. Hér eru m. a. höfð í huga störf við hið opinbera fasteignamat og brunabótamat og störf við skipulagsmál á vegum hins opinbera. Aðgæta ber og ákvæði 34. gr. laga nr. 38/1954. Í 15. gr. frv. er gert ráð fyrir, að nánari ákvæði um þetta efni séu sett í reglugerð.

Um 8. gr.

Sú grein mælir svo fyrir, að fasteigna- og skipasalar skuli í hvívetna haga störfum sínum í samræmi við góðar viðskiptavenjur, þ. e. með almenn siðgæðisviðhorf að leiðarljósi. Þá leggur ákvæðið varnað við ósanngjörnum, ólögmætum og óeðlilegum skilmálum og býður fasteigna- og skipasölum að gæta réttmætra hagsmuna beggja aðilja.

Um 9. gr.

Hér segir, að ótvírætt umboð frá réttum aðilja skuli liggja hverju sinni til grundvallar starfi fasteigna- og skipasala, þ. á m. að einkaumboð sé, ef því er að skipta. Ætti það að stuðla að því að draga úr ágreiningi, sem stundum vaknar, um það, hvort réttur aðili hafi falið fasteigna- og skipasala eign sína til sölu o. s. frv.

Um 10. og 11. gr.

Í þessum ákvæðum eru til muna rækilegri ákvæði um störf og starfshætti löggiltra fasteignasala og skipasala en er í gildandi lögum. Stefna ákvæði þessi að því, að fasteigna- og skipasali afli víðtækra og haldgóðra upplýsinga og gagna um fasteignir og skip, sem þeir fá til sölumeðferðar eða umsýslu á annan veg. Upplýsingar þessar ber síðan að setja fram í aðgengilegu formi greinargerðar og er ætlunin að með þessu lagi fáist traustur grundvöllur að mati á verðmæti eignar, en á þessu er viðskiptamönnum fasteigna- og skipasala mikil þörf. Hér er um undirstöðuatriði í störfum þessara manna að ræða, og á allur almenningur mikið undir því, að vel sé til þessara starfsþátta vandað.

Atriði þau, sem hér skipta máli, verða seint fulltalin, enda horfa þau mismunandi við eftir því hver eignin er og hversu til hagar, sbr. t. d. fasteignir í þéttbýli og jarðir, ný eign eða gömul, eign sem illa hefur verið við haldið eða er haldin byggingargöllum o. s. frv. Um skip eru hér eigi gefnar reglur nema almennt, en gert er ráð fyrir, að reglur verði settar um þau í reglugerð, sem einnig geymi nánari reglur um fasteignir. Vakin er athygli á, að í 2. mgr. 11. gr. segir, að ráðuneytið geti mælt svo fyrir, að notuð verði stöðluð eyðublöð undir upplýsingar þessar bæði um fasteignir og skip.

Um 12. gr.

Hún er að meginefni til í samræmi við lög nr. 49/1976 um breyting á lögum nr. 47/1938 og gegnir hún góðu hlutverki.

Um 13. gr.

Hún er að meginefni til í samræmi við 5. gr. laga nr. 47/1938.

Um 14. gr.

Hún er svipaðs efnis og 6. gr. laga nr. 47/1938.

Um 15. gr.

Hún mælir fyrir um reglugerð, er dómsmálaráðherra geti sett um stöðu, starf og starfshætti fasteigna- og skipasala. Sbr. og um aðrar reglugerðir 4. tl. 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 11. gr.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að nokkru fyllri ákvæði verði sett um missi og þar á meðal sviptingu löggildingar til fasteigna- og skipasölu en þau, sem felast í lögum nr. 47/1938. Ákvæði þessi eru svipuð ákvæðum laga nr. 67/1976, 14. og 15. gr., um löggilta endurskoðendur. Ef ráðherra veitir manni löggildingu að nýju, mun ekki eiga að greiða fyrir hana að því sinni.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um félag fasteignasala og félagsskyldu þeirra, ágreining um þóknun fyrir fasteignasölu o. fl. Vísast um þessi ákvæði til almennra athugasemda hér að framan.

Um V. kafla.

Hann fjallar um kostnað við framkvæmd laganna og vernd á starfsheitinu fasteigna- og skipasali. Þá geymir hann refsiákvæði og ákvæði um gildistöku og brottfallin lög.

Um 20. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um, að kostnaður við framkvæmd laga greiðist úr ríkissjóði. Kemur þar einkum til kostnaður við námskeið, sbr. 4. gr., og þóknun til prófnefndarmanna og almennur kostnaður við próf.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um vernd á starfsheitinu fasteigna- og skipasali.

Sektaákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 47/1938 er breytt með lögum nr. 75/1982, 48. gr., og er ákvæðið hér í samræmi við það.

Um 22. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og brottfallin lög.

Kveðið er svo á, að fyrsta próf, sem haldið verður eftir gildistöku laganna hlíti ákvæðum laganna. Er og gert ráð fyrir, að fljótlega verði stofnað til námskeiðs, sbr. 4. gr., ef frv. þetta verður samþykkt. Þeir, sem öðlast hafa leyfi til að stunda störf fasteigna- og skipasala fyrir gildistöku laganna, halda leyfum sínum eftirleiðis, og taka þau jafnt til skipasölu sem fasteignasölu.

Sþ. 909. Nefndarálit [103. mál]

um till. til þál. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til breytingartillögu, sem samstaða hefur náðst um, á sérstöku þingskjali. Þannig breytt leggur nefndin til að þáltill. verði samþykkt. Þar sem málið er umfangsmikið þykir rétt að gera grein fyrir helstu þáttum þess.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/1969, 3. gr. 19. tl., fer dóms- og kirkjumálaráðuneyti með mál er varða útgáfu „Stjórnartíðinda, lagasafns og Lögbirtingablaðs", en lagasafn skal gefa út á 10 ára fresti, skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 48/1929.

Lagastofnun Háskóla Íslands var falið að annast útgáfu lagasafns þess sem nú er að koma út. Það hefur verið gert í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og sýnist eðlilegt að það samstarf haldi áfram, a. m. k. þangað til sýnt er að önnur skipan sé hentari.

Í þáltill. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga á þskj. 124 er einungis gert ráð fyrir lagahreinsun. Miklu eðlilegra virðist að fella það verk að víðtækara verkefni, sem sé sívinnslu lagasafns.

Nú liggur fyrir tölvuskráður texti gildandi laga í landinu, þannig að öll vinnsla verður framvegis mun auðveldari en áður. Því er lagt til í a-lið 1. tl. tillögunnar að þegar verði hafist handa um að færa textann til samræmis við nýja löggjöf og gera það hér eftir jafnóðum og tilefni gefst, þannig að ávallt sé til réttur texti gildandi laga. Verður þá endurútgáfa lagasafns eða einstakra kafla þess engum vandkvæðum bundin og ætti að verða tiltölulega ódýr.

Jafnframt þessu ætti að huga að lagahreinsun eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Til framkvæmdar slíks verkefnis og annarra, sem í tillögunni getur, er einn maður æskilegri en nefnd, enda nauðsynlegt að leita til miklu fleiri sérfræðinga en líklegt væri að nefndina skipuðu. Sérfræðingar, tilkvaddir eftir þörfum, veittu slíkum framkvæmdastjóra miklu meira fulltingi en nefnd; nefnd er almennt ekki heppileg til framkvæmda.

Þegar rætt er um lagahreinsun hefur einkanlega verið horft á nokkur ákvæði frá 13. öld, ellegar 17., 18. og 19. öld. Þótt ljóst sé að þar sé að finna ákvæði sem að skaðlausu má fella niður eru þau ekki mikil að vöxtum, né heldur til neins trafala, en setja sum hver skemmtilegan svip á safnið. Jónsbókarákvæðin frá 1281 munu vera alveg einstök í lagasafni nú á dögum og minna á langa sögu Alþingis sem löggjafarstofnunar. Hins vegar er mikil nauðsyn að hreinsa til í löggjöf þessarar aldar og má nefna sem dæmi löggjöf þá, sem er í kaflanum um fjárhagsmálefni, sbr. Lagasafn 1984, d. 179—348, ellegar kaflanum um skatta og gjöld, d. 348—515. Slík lagahreinsun er þó vandaverk og verður ekki unnin nema í samvinnu við sérfræðinga eins og fyrr sagði. Hér má minna á fastar nefndir, eins og réttarfarsnefnd og refsilaganefnd. Lagahreinsun á þessum sviðum er eðlilegast að gera í náinni samvinnu við þær.

Þar sem verið er að endurskoða löggjöf á tilteknu sviði, svo sem um banka- og kirkjumálefni, hlýtur lagahreinsun að vera eðlilegur þáttur í slíkri endurskoðun.

Það sem sagt hefur verið um lög hér að framan á einnig við um reglugerðir. Stefna ætti að útgáfu reglugerðasafna um einstök svið, hreinsun og einföldun reglugerða. Má segja að það verk sé ef til vill brýnast allra verkefna á þessu sviði.

Þá er nauðsynlegt að leggja á ráð um framtíðarskipan á útgáfu laga og reglugerða, m. a. að færa vinnsluna á eina rás til að koma sem mest í veg fyrir tvíverknað, staðla form og annan frágang.

Nú sem stendur er verið að undirbúa flutning texta lagasafnsins í tölvu Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar og við þann flutning verður leitast við að halda sem flestum möguleikum opnum.

Í lok tillögunnar er gert ráð fyrir nefnd framkvæmdastjóra til ráðuneytis og annars áþekks fulltingis. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að nefndin annist neinar framkvæmdir. Hún komi saman til að varpa fram hugmyndum og verði að öðru leyti til skrafs og ráðagerða. Af henni verði ekki krafist mikillar vinnu, enda verði hún ólaunuð. Áþekkar nefndir eða ráð starfa í nágrannalöndunum þar sem unnið er að verkefnum eins og þessum.

Alþingi, 15. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Þorsteinn Pálsson.
Guðrún Helgadóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.	Eggert Haukdal.
	Jóhanna Sigurðardóttir.	

Sþ. 910. Breytingartillaga [103. mál]

við till. til þál. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar:

1. Að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um framhaldsvinnslu lagasafns með þeim hætti að
   a) fella nýja löggjöf inn í tölvuskráðan texta lagasafns 1984, þannig að ávallt sé tiltækur réttur texti gildandi laga í landinu,
   b) undirbúa hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum og gera tillögur um niðurfellingu lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma
   c) gera reglugerðum sömu skil um brottfellingu og samræmingu
   d) leggja á ráð um framtíðarskipun á útgáfu laga og reglugerða og alhliða upplýsingamiðlun um réttarreglur, enda verði tölvutækni hagnýtt eftir því sem kostur er og henta þykir.
2. Að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að maður verði ráðinn til framkvæmdar á þessu verkefni.
3. Að kjósa nefnd níu manna til ráðuneytis um framkvæmd framangreindra verkefna.

Sþ. 911. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. um vegáætlun árin 1983—1986.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—1986 og naut við umfjöllun sína aðstoðar vegamálastjóra, Snæbjarnar Jónassonar, og starfsliðs hans.

Eins og kunnugt er lágu fyrir breytingartillögur fjárveitinganefndar við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—1986 á síðasta þingi en hlutu ekki afgreiðslu vegna þingrofs. Skv. bréfi samgönguráðherra var fylgt þeirri stefnu á s. l. ári í framkvæmd vegamála sem fram kom í till. fjárveitinganefndar. Þó þykir rétt að æskja formlegrar staðfestingar Alþingis nú á vegáætlun fyrir árið 1983.

Fjárveitinganefnd hafði einnig lagt fram tillögur um skiptingu á nýbyggingafjármagni milli kjördæma fyrir árin 1984—86. Sömu sögu er að segja að því er varðar sérstök verkefni, bundin slitlög og svonefnda Ó-vegi. Að þessu sinni var svo litið á að sú ákvörðun stæði óhögguð en við aðalendurskoðun vegáætlunar á næsta ári kæmi til álita að breyta þeirri meginstefnu, sem og öðru því sem ástæða þætti til að breyta í vegáætlun fyrir árin 1985 og 1986.

Verðlagsforsendur

Breytingartillögur nefndarinnar miðast við forsendur fjárlaga að því er varðar innheimtu markaðra tekjustofna, verðlag og gengi. Niðurstöðutölur útgjalda lækka þó um 28 m. kr. frá þáltill. ráðherra sem lögð var fram fyrir jól í vetur. Munar þar mestu um halla vegna vetrarviðhalds á árinu 1983 en sá halli greiðist að hluta af fjárveitingum á yfirstandandi ári. Í fjáröflun kemur þessi fjárhæð til hækkunar á lántökum.

Nú hefur verið ákveðið, svo sem kunnugt er, að lækka framlög til vegamála um 20 m. kr. í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum. Tillögum nefndarinnar er **ekki** breytt vegna þessa en samgönguráðherra mun fá heimild til þessarar lækkunar skv. sérstökum lögum. Þessi lækkun mun verða framkvæmd eins og fram kemur á sérstöku fskj. með þessu nál. Það skal tekið fram að töluleg lækkun á framkvæmdafé í einstökum kjördæmum mun framkvæmd að höfðu samráði við þingmenn hvers kjördæmis.

Verðlagsforsendur fjárlaga miðast við 22—23% hækkun verðlags að meðaltali milli áranna 1983 og 1984. Þetta jafngildir því að vísitala vegagerðar verði 1270 á miðju árinu.

Verðlagsforsendur fjárlaga miðast mikið til við hækkun framfærsluvísitölu en vísitala vegagerðar er hins vegar mjög háð töxtum véla sem hafa ekki sama hækkunarferil. Gerð hefur verið áætlun um þróun vísitölu vegagerðar fram til sumars þar sem tekið er mið af töxtum véla í dag, líklegri hækkun þeirra miðað við markmið ríkisstjórnar í gengismálum, svo og nýgerðra kjarasamninga. Niðurstöður þessara athugana benda til þess að vísitala vegagerðar geti orðið eitthvað undir 1270, en hve miklu minni hækkunin verður ræðst mjög af þróun gengis.

Lækkun fjárveitinga til framkvæmda vegna 20 m. kr. niðurskurðarins er einungis sem svarar 1,6%. Standa því vonir til að raungildi framkvæmdafjár haldist í því marki sem gert var ráð fyrir við framlagningu vegáætlunar.

Á síðasta þingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð. Fjármagn í langtímaáætlun er ákveðinn hundraðshluti af þjóðarframleiðslu, svo sem Alþingi

hafði ákveðið 1981. Þetta hlutfall skyldi vera 2,2% 1983, 2,3% 1984, en 2,4% úr því. Í áætluninni er fjármagni skipt á höfuðliði, auk þess sem fé til stofnbrauta er skipt á einstök verkefni.

Langtímaáætlun skiptist í þrjú fjögurra ára tímabil, og er skipting fjármagns á liði og verkefni miðuð við hvert tímabil. Tillaga sú að vegáætlun fyrir árin 1983—1986, sem nú er lögð fram, tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunar. Tillagan er í samræmi við langtímaáætlun að því er varðar skiptingu á höfuðliði.

Minnkandi þjóðarframleiðsla og lægra hlutfall til vegamála árin 1983 og 1984 veldur því að nokkuð vantar upp á að markmið langtímaáætlunar náist. Á það bæði við um nýjar framkvæmdir og sumarviðhald. Rétt er að undirstrika þá staðreynd að sumarviðhald á langt í land að mæta þörf og bitnar minnkun fjármagns ekki síður á því en nýjum framkvæmdum.

Fjárveitinganefnd stendur öll að brtt. á þskj. 904, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 15. maí 1984.

Lárus Jónsson, form., frsm.	Helgi Seljan, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Árni Johnsen.	Kristín S. Kvaran, með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson.
	Níels Á. Lund.	

Fylgiskjal I.

Samanburður á vegaframkvæmdum og fjáröflun til vegagerðar miðað við fyrri ár.

Sé gerður samanburður á raunframkvæmdum í vegagerð milli fyrra árs og vegáætlunar fyrir árið 1984 kemur í ljós að aukningin verður 7% ef verðlag fjárlaga er lagt til grundvallar, en allt að tæp 11% ef svo fer að verðlagsþróun verði í raun hagstæðari á þessu sviði en ráð var fyrir gert, sbr. umfjöllun um verðlagsforsendur hér að framan. (Sjá enn fremur mynd I.)

Vegagerð ríkisins hefur gert eftirfarandi töflu um þennan samanburð:

	Útgjöld skv. vegáætlun:		Raunframkvæmdir 1983, vegáætlun1984:	
	Heildarútgjöld.	Nýjar framkvæmdir.	Heildarútgjöld.	Nýjar framkvæmdir.
1983	1292	596	1303	584
1984	1363	625	1363	625
Hækkun	5,5%	4,9%	4,6%	7,0%

Ef miðað er við að hækkun vísitölu verði 2—4% minni en áætlað var verður hækkun milli ára þessi:

7,2—9,0%	6,7—8,5%	6,3—8,1%	8,9—10,6%

Upphæðir eru á verðlagi 1984 (vt=1270)

Skv. þeirri þáltill. sem hér er fjallað um verður mikil breyting á fjármögnun nýrra vega og brúarframkvæmda frá því sem verið hefur. Þetta kemur glöggt fram á mynd I. Skattar á

bensíni hækkuðu um 440 m. kr. að raungildi milli áranna 1978 og 1979 (núverandi verðlag) í kjölfar hækkunar sem þá varð á heimsmarkaðsverði olíu. Á því ári voru þó tekin meiri lán en fyrr til vegagerðar og hefur þetta enn aukist árið 1980 og síðar, þar til í fyrra að gert er ráð fyrir mun minni lántöku og er þeirri stefnu haldið áfram á yfirstandandi ári. (Sjá mynd I og II.) Þetta stafar af því m. a. að ríkisstjórnin hefur ákveðið að um 50% af skatttekjum af bensíni renni til vegagerðar.

Á mynd I og II kemur fram að lántökur til vegagerðar hafa numið eftirfarandi fjárhæðum á föstu verðlagi ársins í ár:

	M. kr.	% af nýbyggingum vega og brúa
1978	279	47,9%
1979	327	64,9%
1980	544	71,4%
1981	504	62,8%
1982	511	71,8%
1983	301	51,5%
1984 (skv.till.) ...	223	35,7%

Þrátt fyrir háa skatta á umferðina hafa verið tekin lán til vegagerðar sem sum árin námu allt að 70% af nýframkvæmdum vega og brúa. Skv. þál. till. um vegáætlun í ár verða mikil umskipti í þessu efni.

Svo sem glöggt sést á mynd III og IV hefur bensíngjaldið, sem gengur til vegagerðar sem markaður tekjustofn, nánast haldist hið sama að raungildi síðan 1978 þótt bensínskattar í heild hafi hækkað um nærri 50%. Hlutfall bensínskatta, sem gengið hafa til vegagerðar, hefur verið sem hér segir frá 1978:

	Til vegagerðar	Í ríkissjóð
1978	50,4%	49,6%
1979	39,7%	60,3%
1980	37,1%	62,9%
1981	35,9%	64,1%
1982	36,0%	64,0%
1983	35,6%	64,4%
1984 (áæ.)	50,0%	50,0%

Heildarframlög Vegasjóðs og ríkissjóðs til vegagerðar felast í mörkuðum tekjum, beinum framlögum úr ríkissjóði og greiðslum ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar.

Á mynd III sést hver heildarframlögin hafa verið undanfarin ár. Þau eru hæst að raungildi síðan 1978 skv. þáltill. um vegáætlun fyrir árið 1984, 1500 m. kr., í samanburði við 1177 m. kr. þegar þau voru lægst á þessu tímabili, árið 1979. Hér munar fast að þriðjungi.

Athyglisverðast er þó að bein framlög úr ríkissjóði af samtíma skatttekjum **að lántökum undanskildum** hafa verið sem hér segir frá 1978 (verðlag 1984):

	M.kr.
1978	931
1979	852
1980	636
1981	883
1982	711
1983	1085
1984	1277 (skv. þáltill.)


Af þessu sést að á s. l. ári og í ár rennur mun meira af skatttekjum til vegamála en undanfarin ár.

VEGAGERÐ RIKISINS 09 05 84

MYND I.

NÝBYGGING VEGA, BRÚA OG FJALLVEGA

Áætlað verðlag 1984 (Visitala vegagerðar 1270)




VEGAGERÐ RIKISINS 09.05.84

MYND II.

LÖNG LÁN Í VEGÁÆTLUN

Verðlag 1984
(Visitala vegagerðar 1270)




MYND III.

HEILDARFRAMLÖG TIL VEGAGERÐAR

(Ríkissjóðs og Vegasjóðs)

(Verðlag 1984 visit. Vegagerðar 1270)



1) Aðrar tekjur V.r. af bensíni en bensíngjald 190 m. kr. 1984


2) Ath. afborganir og vextir á áætlaðir fyrir 1984

VEGAGERÐ RIKISINS 09.05.84

MYND IV.

TEKJUR RÍKISINS AF BENSÍNSKÖTTUM

Skv. upplýsingum þjóðhagsstofnunar
(Verðlag 1984 Visit. Vegagerðar 1270)



Fylgiskjal II.

Lækkun útgjalda til vegamála samkv. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Samkvæmt frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum, sem nú liggur fyrir Alþingi, er heimilað að lækka ríkisútgjöld um 370 m. kr. Í athugasemdum með frv. kemur fram skipting þessarar upphæðar. Er samgönguráðuneyti ætlað að lækka útgjöld á sína fjárlagaliði um 25 m. kr. Samgönguráðherra hefur ákveðið að þessi lækkun náist m. a. með því að lækka útgjöld til vegáætlunar um 20 m. kr. Skiptist sú upphæð á liði sem hér segir.

		Lækkun í m.kr.
2.1.	Stjórn og undirbúningur	1,1
2.2.	Viðhald þjóðvega	6,9
2.3.	Til nýrra þjóðvega	9,0
2.4.	Til brúagerða	1,1
2.5.	Til fjallvega o. fl.	0,3
2.7.	Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	1,5
2,8.	Til vélakaupa og áhaldahúsa	0,1
	Samtals	20,0

Lækkun útgjalda skv. lið 2.3, til nýrra þjóðvega, sundurliðast þannig (upphæð í m. kr.)

	Stofnbrautir alm.	Bundin slitlög	Sérstök verk.	Ó-vegir	Þjóðbrautir	Samtals
Suðurland	0,2	0,3	0,1		0,3	0,9
Reykjanes	0,1	0,2	0,6		0,1	1,0
Vesturland	0,5	0,3	0,2	0,4	0,2	1,6
Vestfirðir	0,5	0,0	0,4	0,2	0,2	1,3
Norðurland vestra	0,4	0,5	0		0,2	1,1
Norðurland eystra	0,3	0,4	0,4		0,1	1,2
Austurland	0,5	0,5	0,1		0,2	1,3
Þjóðv. í Reykjavík			0,2			0,2
	2,5	2,2	2,0	0,6	1,3	8,6

Bundin slitlög á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum	0,2
Girðingar	0,2
	9,0

Ed. 912. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá samgöngunefnd.

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér hefur undirbúningur að gerð þess staðið um nokkurt skeið. Er frumvarpið flutt óbreytt frá því sem það var þegar nefndin, sú sem endurskoðaði frumvarpið, gekk frá því.

Frumvarpið var sent til umsagnar flugráðs, flugmálastjórnar, Háskóla Íslands, Verslunarráðs og Félags símvirkja, símsmiða og línumanna hjá Pósti og síma.

Með breytingartillögum á þskj. 913 er leitast við að taka mið af þeim ábendingum sem fram koma í framangreindum umsögnum, en veigamesta breytingin er heimild ráðherra til að víkja frá einkarétti Pósts og síma í vissum tilvikum (sbr. 1. tl. brtt.).

Einn viðkvæmasti og vandasamasti þáttur þessa máls eru atvinnuréttindi símsmiða, línumanna og rafeindavirkja. Nefndin ræddi þau mál ítarlega við starfsmenn Pósts og síma, svo og rafeindavirkja.

Nefndin leggur áherslu á að við setningu reglugerðar samkvæmt 3. gr. frumvarpsins verði starfsréttindi þeirra símsmiða og línumanna, sem nú hafa með höndum uppsetningu notendabúnaðar hjá Pósti og síma, tryggð jafnframt því sem rafeindavirkjum verði tryggður réttur til að vinna að iðn sinni eins og atvinnuréttindi þeirra segja til um.

Í umsögnum og viðræðum við hagsmunaaðila kom fram gagnrýni á tegundaprófanir Pósts og síma. Nefnd gerir ekki tillögu um að tegundaprófanir verði færðar yfir í sjálfstæða stofnun. Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt að samgönguráðherra setji Pósti og síma ströng skilyrði um tegundaprófanir, þjónustu við framleiðendur og innflutningsaðila, t. d. að upplýsingar um tæknikröfur á hverjum tíma séu jafnan fyrir hendi, synjun á notendabúnaði verði rökstudd og að tryggt sé að úrskurður um hæfni búnaðar liggi fyrir a. m. k. innan 30 daga eftir að umsókn er lögð fram.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. maí 1984.

Egill Jónsson, form.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Skúli Alexandersson.	Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.
	Kolbrún Jónsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 913. Breytingartillögur [252. mál]

við frv. til l. um fjarskipti.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Ráðherra sá sem fer með fjarskiptamál getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

2. Orðið „smíða“ í 1. mgr. 3. gr. falli niður.
3. Í stað fyrri málsl. 6. mgr. 3. gr. komi: Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu notendabúnaðar og skal hún þá láta fylgja synjuninni tilvitnun í þá reglugerð sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar.

Nd. 914. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Í þessu frv. til laga um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði er aðeins um að ræða lítinn hluta þess samkomulags sem samninganefnd um stóriðju og fulltrúar fyrirtækjanna Elkem og Sumitomo hafa gert með sér og undirritað var 6. apríl s. l. Frumvarpið snertir aðeins fjármögnunarþátt samninganna, en afstaðan til þess hlýtur að mótast af efnisþáttum samninganna í heild.

Meginröksemdin fyrir stóriðjurekstri hér á landi hefur verið sú að slíkt sé nauðsynlegt til að nýta alla þá orku sem að öðrum kosti streymdi til sjávar óbeisluð í fallvötnum landsins. Ef ástæðan er sú að koma þurfi orku landsins í verð má undarlegt heita að ævinlega þurfi að borga með orkunni til fyrirtækja sem reist eru til að nýta hana, að því er sagt er. Hið lága verð á Íslandi á raforku til stóriðju er orðið frægt víða um heim, rétt eins og hið ódýra vinnuafl sem hér er fyrir hendi, svo sem útlendum stóriðjuhöldum er óspart bent á um þessar mundir.

Í samkomulagi stóriðjunefndar við Elkem og Sumitomo er ekki náð fram neinni hækkun á orkuverði til járnblendiverksmiðjunnar. Hins vegar er ákvæði um að gerður verði viðbótarsamningur um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð, þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu verði náð hjá félaginu, í formi skiptingar milli þess og Landsvirkjunar á umframágóða verksmiðjunnar.

Svo sem segir í greinargerð með frumvarpinu hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á síðustu mánuðum og er jafnvel útlit fyrir að fyrirtækið nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári.

Síðan segir í greinargerðinni:

„Vandinn er þó ekki úr sögunni þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og afturkippur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendisviðinu.

Ástæða er því að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki með auknum framlögum eða ábyrgðum.“

Vandinn er sem sagt að öllum líkindum ekki úr sögunni þó að sú neyðarráðstöfun, sem þetta frumvarp hljóðar upp á, verði gerð. Þess vegna er engin ástæða til að þeirri arðsemis- og eiginfjárstöðu, sem talað er um í samkomulaginu, verði náð svo að hægt verði að hækka raforkuverð til fyrirtækisins. Það er því ljóst að almenningur á Íslandi á að halda áfram að greiða niður orkuna til þessa fyrirtækis eins og hann hefur alla tíð gert. Þess er enn fremur að geta að almenningur má eiga von á töluverðum hækkunum á raforkuverði á næstunni því að fram kom á ársfundi Landsvirkjunar 27. apríl s. l. að nauðsynlegt væri að hækka orkuverð til almenningsveitna um 5% á þessu ári.

Á grundvelli þess að í samkomulaginu við Elkem og Sumitomo er ekki sjáanleg nein marktæk tilraun til að hækka raforkuverð til þessa íslensk-erlenda stóriðjufyrirtækis á sama tíma og taka á fé íslenskra skattborgara til að reyna að reisa fjárhag þess, leggur 1. minni hl. iðnaðarnefndar til að þetta frumvarp verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1984.

Kristín Halldórsdóttir.

Ed. 915. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm. Helgi Seljan. Davíð Aðalsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 916. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og eru undirritaðir nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kemur frá Nd.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi, 15. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm. Helgi Seljan. Davíð Aðalsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Kolbrún Jónsdóttir.

Nd. 917. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1984.

Páll Pétursson, form., með fyrirvara. Birgir Ísl. Gunnarsson. Gunnar G. Schram.

Friðrik Sophusson. Ingvar Gíslason, með fyrirvara.

Nd. 918. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Alþýðubandalagið beitti sér á árunum 1975—1977 gegn ákvörðun og samningum um byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Talsmenn flokksins á Alþingi á þeim tíma héldu því m. a. fram, að efnahagslegar forsendur fyrirtækisins væru ótraustar og mikil hætta væri á að verksmiðjan yrði baggi fyrir eigendur. Þetta hefur sannast áþreifanlega á fyrstu rekstrarárum fyrirtækisins, en uppsafnað tap við árslok 1982 nam 39,7 milljónum dollara eða um 1200 milljónum íslenskra króna.

Vert er að minna á að veturinn 1978—79, þegar ákvörðun þurfti að taka um hvort byggja ætti 2. ofn verksmiðjunnar, lagði Alþýðubandalagið til að þeirri fjárfestingu yrði frestað á meðan óvissa ríkti um markað og verð á afurðum verksmiðjunnar. Samstarfsaðilinn Elkem neitaði hins vegar að fallast á tilmæli þáverandi iðnaðarráðherra um þetta efni og bar fyrir sig ákvæði í rafmagnssamningi um verksmiðjuna sem veitti Elkem sem minnihlutaaðila stöðvunarvald gagnvart slíkri frestun.

Á meðan Alþýðubandalagið fór með iðnaðarmál og fjármál í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens 1980—83 hafði það ásamt stjórn Íslenska járnblendifélagsins h/f forystu um að tekið yrði á fjárhagslegum vandamálum sem hrönnuðust upp í rekstri verksmiðjunnar. Var af hálfu viðkomandi ráðuneyta lögð mikil vinna í að greina vanda og rekstrarhorfur fyrirtækisins og svara þeirri spurningu, hvort þjóðhagsleg rök væru fyrir að draga úr rekstrinum og loka verksmiðjunni tímabundið eða leitast við að fleyta fyrirtækinu yfir erfiðleikana í von um að aðstæður bötnuðu. Niðurstaða þessara athugana var sú, að dýrkeyptara yrði að hætta rekstri verksmiðjunnar en leggja fé til hennar. Í samræmi við það mat beitti Alþýðubandalagið og þáverandi ríkisstjórn sér fyrir setningu laga nr. 45/1982 um hluthafaráðstafanir og hækkun hlutafjáreignar þar sem framlagsheimild var hækkuð úr jafnvirði 13.2 í 19 milljónir bandaríkjadollara.

Þannig tók Alþýðubandalagið ábyrgt á vandamálum þessa fyrirtækis sem orðið var staðreynd þótt flokkurinn væri andvígur ákvörðunum um það í upphafi. Inn í matið á stöðu málsins kom að sjálfsögðu atvinnuöryggi starfsmanna verksmiðjunnar. Sú staðreynd að

reksturinn hefur tæknilega gengið mjög vel allt frá upphafi var vissulega hvatning til að halda verksmiðjunni gangandi.

Haustið 1982 komu fram hugmyndir af hálfu Elkem um að leita samvinnu við japanskan aðila, Sumitomo Corporation, um aðild að Íslenska járnblendifélaginu. Með bréfi 1. nóvember 1982 féllst iðnaðarráðuneytið á að teknar yrðu upp viðræður um málið með það fyrir augum að tryggja betur grundvöllinn fyrir sölu á framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins og rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Skilyrt var að íslenska ríkið héldi meirihlutaaðstöðu sinni í félaginu.

Jafnframt var í þessu bréfi til Elkem A/S lýst þeirri skoðun ráðuneytisins, að skynsamlegt væri að taka til athugunar æskilegar og nauðsynlegar breytingar á samningum hluthafa, m. a. varðandi sölu afurða verksmiðjunnar, raforkukaup og tæknisamvinnu.

Í framhaldi af þessu hófust viðræður við Elkem til undirbúnings samningaviðræðna við hinn japanska aðila, Sumitomo, en fyrsti fundurinn með fulltrúum hins síðasttalda var haldinn í Reykjavík í janúar 1983 og aðrir fylgdu á eftir í Osló og Tokyo nokkru síðar.

Í greinargerð (stöðuskýrslu til Hjörleifs Guttormssonar iðnaðarráðherra), dagsettri 25. maí 1983, drógu þeir, sem fóru með samningsgerð af hálfu þáverandi ráðherra, upp mynd af samningsstöðunni og áherslu af Íslands hálfu í viðræðunum fram að þeim tíma m. a. með svofelldum hætti:

„Í viðræðum þessum hefur íslenski aðilinn lagt áherslu á eftirfarandi:

1) Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að ÍJ ef vissum skilyrðum til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og ÍJ er fullnægt.
2) Helstu atriði af þessu tagi eru:
   (i) Ísland haldi meirihlutaeign sinni í ÍJ.
   (ii) Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að ÍJ.
   (iii) Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu ÍJ, t. d. 15—20 þús. tonn árlega á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.
   (iv) Full nýting afkastagetu ÍJ verði tryggð.
   (v) Samningar ÍJ og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. (Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0,5% og söluþóknun lækki eða falli niður.)
   (vi) Rafmagnssamningur ÍJ og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum:
      (a) Forgangsorkuverð hækki í 17,5 mill.
      (b) Orkuverðið verði verðtryggt.
      (c) Orkuverðið verði ákveðið í SDR.
      (d) Hlutfalli forgangs- og afgangsorku verði hugsanlega breytt.
   (vii) ÍJ taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna.

Viðræðurnar hafa leitt í ljós að möguleikar virðast á samkomulagi við Sumitomo sem orðið getur ÍJ og íslenska eignaraðilanum mikil hagsbót. Til þess að slíkt samkomulag nái fram að ganga virðist þó nánast nauðsynlegt að fram fari mjög veruleg endurfjármögnun fyrirtækisins í því skyni að auka líkurnar á jákvæðri rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Japanski aðilinn gerir þessa endurfjármögnun og arðsemi fyrirtækisins nánast að skilyrði fyrir þátttöku sinni. Á hinn bóginn virðist hann reiðubúinn til að fullnægja óskum Íslands hvað sölusamning snertir. Einnig er þess að geta að hagsmunir hans og Íslands fara saman hvað kröfur gagnvart Elkem, varðandi sölumál og tæknigjald, snertir. Endurfjármögnun ÍJ þýðir að líkindum verulegar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar af Íslands hálfu. Þessar skuldbindingar má skoða sem nýja fjárfestingu og meta arðsemi hennar. Þeir reikningar,

sem unnir hafa verið, benda til þess að endurfjármögnun sem þáttur í langtímasölusamningi við Sumitomo geti verið íslenska eignaraðilanum mjög hagstæð."

Í lok sömu skýrslu til ráðherra rétt fyrir ríkisstjórnaskipti 25. maí 1984 segir:

„Varðandi endurfjármögnun með þeim hætti, sem lýst hefur verið, virðist sjálfsagt að Ísland geri eftirfarandi kröfur til viðbótar þeim sem lýst hefur verið:

1. Endurgreiðsla sérstaks vaxtalauss hluthafaláns verði eins hröð og greiðslustaða fyrirtækisins leyfir.
2. Ísland eigi kost á því að breyta útistandandi sérstöku hluthafaláni í hlutabréf á sama verði og Sumitomo kaupir þau.
3. Skattinneign (tapsreikningur) ÍJ í árslok 1983 verði felld niður. (Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands.)
4. Hluti af hagnaði fyrirtækisins á næstu árum verði lagður í innlendan fjárfestingarsjóð."

Við tók ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og nýir samningamenn tilnefndir af Sverri Hermannssyni iðnaðarráðherra.

Niðurstaða þeirra samninga birtist að hluta í fyrirliggjandi lagafrumvarpi. Það felur í sér endurskipulagningu á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. sem talin er nauðsynleg til að hægt sé að ganga frá samningum við Elkem A/S og Sumitomo Corporation. Ber að vona að þær ráðstafanir leggi traustari grunn að rekstri járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga. Því verður þó engan veginn slegið föstu.

Þegar litið er á niðurstöður samningaviðræðnanna kemur hins vegar í ljós að það eru hinir erlendu samstarfsaðilar sem fleyta rjómann af þessum samningum, einkum Elkem, nú sem hingað til.

Þetta sést best ef litið er á þær áherslur sem fram voru settar í bréfi iðnaðarráðuneytisins 1. nóvember 1982 og í stöðuskýrslu til iðnaðarráðherra 25. maí 1983 og vitnað var til hér að framan.

Elkem hirðir um 3% af veltu fyrirtækisins sem „tæknigjald".

Elkem og Sumitomo skipta með sér nær 1% af andvirði afurða í „sölugjald" fyrir að annast sölu á framleiðslu verksmiðjunnar.

Raforkusamningurinn við Landsvirkjun, sem telja verður óviðunandi frá byrjun, stendur óbreyttur þótt gert sé ráð fyrir viðbótarsamningi um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu er náð hjá félaginu.

Vissulega var samningsstaða Íslands ekki sterk í þessum viðræðum, og hún batnaði ekki við yfirlýsingu Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra í Tímanum 14. september 1983 um að til greina kæmi að loka verksmiðjunni „um skemmri eða lengri tíma".

Samt verður að telja niðurstöðuna mun lakari en efni stóðu til. Þrátt fyrir mikla ágalla í fyrirhuguðum samningum vill Alþýðubandalagið samt ekki bregða fæti fyrir þá fjárhagslegu endurskipulagningu Íslenska járnblendifélagsins hf., sem stefnt er að með þessu frumvarpi, og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Reykjavík, 15. maí 1983.

Hjörleifur Guttormsson,
fundaskr.

Ed. 919. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til laga um lífeyrissjóð bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á mörgum fundum sínum og fengið aðila til umsagnar um málið.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 7. gr. Niður falli í 4.málsgr.: „Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvað teljast skuli laun í þessu sambandi."

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögunum.

Alþingi, 15. maí 1984.

Egill Jónsson, form.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.
Helgi Seljan, frsm.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Davíð Aðalsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Kolbrún Jónsdóttir.

Nd. 920. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um sjúkraliða.

Frá heilbrigðis- og tryggínganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Samband var haft við Ingimar Sigurðsson deildarstjóra og Margréti Einarsdóttur, formann Félags sjúkraliða.

Alþingi, 15. maí 1984.

Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., frsm.
Guðmundur H. Garðarsson.
Friðrik Sophusson.
Guðrún Helgadóttir.
Níels Á. Lund.

Nd. 921. Nefndarálit [315. mál]

um frv. til ljósmæðralaga.

Frá heilbrigðis- og tryggínganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og var haft samband við Ingimar Sigurðsson og Sigríði Guðmundsdóttur, frá stjórn Ljósmæðrafélags Íslands. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var í Ed., að 5. gr. orðaðist þannig:

Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

Alþingi, 15. maí 1984.

Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., frsm. Friðrik Sophusson. Guðmundur H. Garðarsson.

Guðrún Helgadóttir. Níels Á. Lund.

Nd. 922. Frumvarp til laga [363. mál]

um stöðvun verkfalls Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm, sem skal fyrir 15. júní 1984 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar, sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá gildistöku laga um launamál nr. 71/1983.

3. gr.

Akvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn, verkföll, þ. m. t. samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum hf. óheimilt að segja flugmönnum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni flugmanna eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1984. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur nú á þessu vori tvívegis boðað til vinnustöðvunar þeirra félagsmanna sinna, er starfa hjá Flugleiðum. Fyrri vinnustöðvunin skyldi vara dagana 11. og 12. maí sl. Þeirri vinnustöðvun var aflýst með innan við sólarhrings fyrirvara, en um leið boðað til nýrrar vinnustöðvunar dagana 18., 19. og 20. maí n. k.

Ljóst er að slík vinnustöðvun hefði í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnugreinar sem eru jafn viðkvæmar og flug- og ferðamannaþjónusta. Endurteknar verkfallsboðanir fámennra hópa í þessum greinum eru til þess fallnar að valda þúsundum ferðamanna erfiðleikum, skerða nauðsynlegar samgöngur þjóðarinnar við önnur lönd og ógna atvinnuhagsmunum þeirra starfsmanna er byggja afkomu sína á þjónustu við ferðamenn.

Af fyrri reynslu er ljóst að stöðvun stærsta hluta farþegaflugsins, eða endurteknar hótanir þar um, geta valdið því að fjöldi ferðamanna, sem hafa ætlað að ferðast til Íslands á sumri komanda, breytir ferðaáætlunum sínum. Slíkt ástand leiðir einnig af sér verulega skert traust á íslensku áætlunarflugi og stefnir í voða árangri af víðtæku erlendu kynningarstarfi á Íslandi sem ferðamannalandi. Vinnudeila Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna teflir því mun víðtækari hagsmunum í tvísýnu en þeirra sem í deilu eiga, þ. á m. hagsmunum þeirra þúsunda launþega, sem með einum eða öðrum hætti vinna við ferðamannaþjónustu hér á landi.

Vinnudeila þessi hefur nú um hríð verið í höndum ríkissáttasemjara, sem haldið hefur nokkra fundi með deiluaðilum en án árangurs.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að samningar stéttarfélaga séu í öllum meginatriðum innan þess ramma, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa samið um. Nú er það hins vegar ljóst að kröfur FÍA liggja langt utan þess ramma.

Til þess að fyrirbyggja að FÍA geti með verkföllum knúið fram óraunhæfa kröfugerð sína og til verndar mikilvægum hagsmunum fyrirtækja og starfsmanna á sviði flug- og ferðamannaþjónustu er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Ed. 923. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til lögræðislaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 16. maí 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 924. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta á hefðbundinn hátt. Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Pálmi Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Guðmundur Einarsson.	Stefán Guðmundsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 925. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

Young, Neville, málari í Keflavík, f. 17. maí 1945 í Englandi.

Sþ. 926. Nefndarálit [335. mál]

um till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Hefur hún fengið til viðtals eftirtalda menn um tillöguna: Geir H. Haarde formann stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóra Kísilmálmvinnslunnar hf., Stefán Reyni Kristinsson frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, Jón Sigurðsson frá Þjóðhagsstofnun, svo og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun. Þá hefur nefndin fengið skriflegt álit frá Halldóri Jónatanssyni forstjóra Landsvirkjunar.

Nefndin varð ekki sammála og leggur meiri hl. nefndarinnar til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Breytingin er tvíþætt: Annars vegar miðar breytingin að því að tryggja að ályktun Alþingis sé í fullu samræmi við 3. gr. laganna um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, nr. 70/1982, svo að ríkisstjórnin fái þær heimildir sem í lögunum greinir. Einnig kemur fram að ríkisstjórnin hafi heimild til að leita eftir samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild að þessu fyrirtæki.

Hjörleifur Guttormsson tók sæti í nefndinni við afgreiðslu þessa máls í forföllum Garðars Sigurðssonar.

Alþingi, 15. maí 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.
Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.	Egill Jónsson.

Sþ. 927. Breytingartillaga [335. mál]

við till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar (BÍG, KolJ, HG, EH, ÞS, EgJ).

Tillögugreinin orðist svo:

Með vísun til laga nr. 70 frá 17. maí 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, samþykkir Alþingi niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., dags. 7. janúar 1983, ásamt viðbót frá 5. apríl s. l. og ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild.

Sþ. 928. Nefndarálit [189. mál]

um till. til þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum um tillöguna: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins, varnarmáladeild utanríkismálaráðuneytisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Iðntæknistofnun Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Í umsögn Landssambands iðnaðarmanna kom fram m. a. að hugsanlega gætu aðrir staðir verið jafnhagstæðir fyrir slíka starfsemi og Keflavíkurflugvöllur, t. d. þar sem stóriðjuver hafa verið byggð ásamt miklum hafnarmannvirkjum, eins og við Grundartanga og Straumsvík. Þá kom fram í umsögninni að nauðsynlegt væri að fullt samráð væri haft við samtök iðnaðarins við gerð slíkrar athugunar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur tekið tillit til þessara athugasemda og leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu og er breytingartillaga flutt á sérstöku þskj.

Minni hl. mun skila sérstöku áliti.

Egill Jónsson og Þórarinn Sigurjónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm. Jóhanna Sigurðardóttir. Eggert Haukdal. Stefán Benediktsson.

Sþ. 929. Breytingartillaga [189. mál]

við till. til þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar (BÍG, JS, EH, StB).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæðum hér á landi, t. d. á Keflavíkurflugvelli, eða annars staðar þar sem henta þætti. Við gerð slíkrar athugunar verði haft samráð við samtök iðnaðarins.

Sþ. 930. Nefndarálit [217. mál]

um till. til þál. um uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með breytingu sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þorsteinn Pálsson.

Alþingi, 16. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 931. Breytingartillaga [217. mál]

við till. til þál. um uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að áframhaldandi uppbyggingu og skipulagningu Reykholtsstaðar í Borgarfirði.

Sþ. 932. Nefndarálit [268. mál]

um till. til þál. um framburðarkennslu í íslenzku og málvöndun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með breytingu sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þorsteinn Pálsson.

Alþingi, 16. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 933. Breytingartillaga [268. mál]

við till. til þál. um framburðarkennslu í íslenzku og málvöndun.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í ríkisfjölmiðlum og í grunnskólanámi verði aukin rækt lögð við málvöndun og kennslu í framburði íslenskrar tungu.

Ed. 934. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpi þessu, sem ríkisstjórnin hafði í undirbúningi í tvo mánuði, var ætlað það hlutverk að rétta af þann mikla halla í fjármálum ríkissjóðs sem blasað hafði við frá því að fjárlög voru afgreidd um áramót, þótt fyrirsjáanlegur halli væri ekki viðurkenndur fyrr en í febrúarmánuði síðast liðnum.

Það er skemmst af að segja að þegar frumvarpið birtist kom á daginn að ríkisstjórnin hafði að mestu leyti gefist upp á verkefni sínu og lagði til að aflað yrði erlendra lána að fjárhæð 1222 millj. kr. til að forða ríkissjóði frá greiðsluþroti, auk 680 millj. kr. erlendrar lántöku í þágu Framkvæmdasjóðs Íslands. Þannig eru erlendar skuldir auknar verulega frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, en ríkisstjórnin setti sér í upphafi ferils síns að draga úr erlendum skuldum frá því sem var þegar hún tók við. Það alvarlegasta við erlendu skuldirnar er að fjármunina á að nota til verkefna sem ekki tengjast framkvæmdum af neinu tagi heldur til almennra útgjalda:

1. **Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki erlent lán vegna uppgjörs á meðlagsskuldum Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er í fyrsta sinn sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að taka erlent lán.**
2. **Gert er ráð fyrir að 190 millj. kr. af hinni erlendu lántöku verði notaðar til húsnæðislána. Hefur húsnæðiskerfið aldrei fyrr komist í slíkar ógöngur að félagsmálaráðherra neyðist til þess að taka erlent lán.**
3. **Gert er ráð fyrir að verja 300 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir sjávarútvegsins án þess að neitt liggi fyrir um það hvernig þessu uppgjöri verði hagað.**
4. **Í frumvarpinu er miðað við að tekið verði erlent lán að upphæð 80 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir bænda.**
5. **Í frumvarpinu er ríkissjóði ætlað að taka lán til rekstrar svo nemur mörg hundruð milljónum króna. Má heita að erlenda lántakan handa ríkissjóði standist nokkurn veginn á við þá tekjustofna sem ríkissjóður hefur fellt niður meðal annars með því að lækka skatta á fyrirtækjum frá því sem verið hefur. Þannig er í raun um það að ræða að ríkissjóður taki lán í erlendri mynt til þess að greiða skatta fyrirtækjanna í landinu.**

Í þessu sambandi má minna á að sú aukning á erlendum skuldum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, jafngildir útflutningsverðmætum fimmtungs þorskafurða ársins 1984 eins og horfur eru nú. Þá er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að tveggja milljarða skuldaaukning

jafngildir verðmætasköpun 3500 vinnandi manna í heilt ár. Er þá miðað við að þjóðarframleiðslan sé um 66 milljarðar og fjöldi vinnandi manna um 117 þúsund manns. Þannig er bersýnilega verið að henda í súginn stórfelldum verðmætum vegna óstjórnar í ríkisfjármálum.

Þegar fjárlagafrumvarpið var til meðferðar bentu talsmenn stjórnarandstöðunnar á að þar vantaði bersýnilega hundruð milljóna króna. Viðurkenning fjármálaráðherra á gatinu stóra er til marks um það, að sú gagnrýni var á rökum reist. Þegar lánsfjárlögin voru til meðferðar bentu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna einnig á að lánsfjárvandinn væri mun stærri en þar var gert ráð fyrir. Einnig þetta er nú viðurkennt af stjórnarliðinu.

Í frumvarpinu felst engin lausn á vanda ríkissjóðs. Vandanum velta menn á undan sér yfir á næstu ár og komandi kynslóðir með erlendum lántökum. Innan stjórnarliðsins gætir enda vaxandi óánægju með vinnubrögð stjórnarinnar. Þar er hver höndin upp á móti annarri. Þess vegna hefur dregist í tvo mánuði að stjórnin legði tillögur fyrir þingið. Þegar tillögurnar birtast kemur í ljós að ágreiningur er um einstakar tillögur innan stjórnarflokkanna auk þess sem einstakir ráðherrar hafa tafið meðferð málsins með því að senda frá sér tillögur án þess að stjórnarflokkarnir hafi samþykkt þær. Þannig lagði menntamálaráðherra fram tillögu til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar sem samdægurs var felld í öðrum stjórnarflokknum.

Auk þess er ljóst að frumvarpið hefur í för með sér hættu á aukinni verðbólgu frá því sem ella hefur verið gert ráð fyrir. Líkur eru á að þessi vandi fari vaxandi þegar líður á árið.

Hluti frumvarpsins fjallar sérstaklega um skerðingu á félagslegum réttindum. Þar er um að ræða niðurskurð á framlögum til félagslegrar þjónustu, sérstaklega til tannviðgerða og sjúkradagpeninga. Í bréfi frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að niðurskurður sjúkradagpeninga kemur einkum niður á húsmæðrum, námsmönnum og verkafólki sem hefur ekki áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga hjá atvinnurekanda. Af þessum ástæðum munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði gegn þeim greinum frumvarpsins sem um þessi mál fjalla. Hins vegar munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði með 11. gr. frv. sem fjallar um heimild til heilbrigðisráðherra til þess að gefa út gjaldskrá fyrir tannlækna. Þá munu flokkarnir styðja þær greinar sem eru framkvæmd á samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúarmánuði.

Við meðferð málsins í nefnd kom fram að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að margfalda greiðslur sjúklinga til heilbrigðiskerfisins frá því sem verið hefur. Er gert ráð fyrir að á næstunni verði gefnar út reglugerðir um stórfelldar hækkanir lyfja og sérfræðigjalda, þar með talin röntgenþjónusta og göngudeildargjöld, og um hækkun á þjónustu heilsugæslulækna. Ekki er gert ráð fyrir minni hlutfallslegri hækkun á þessum gjöldum vegna aldraðra og öryrkja samkvæmt þeim upplýsingum sem þingnefndinni bárust frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Námsmenn verða fyrir sérstakri árás samkvæmt frumvarpinu. Þar virðist gert ráð fyrir að lánshlutfallið lækki í 60% á síðari hluta ársins frá þeim 95% sem hefur verið miðað við á fyrri hluta ársins. Er þá miðað við óbreyttan fjölda námsmanna og verðlagsforsendur sem tæplega standast. Er talið að námslán hafi ekki verið lægri en 60% í hálfan annan áratug.

Það kom fram í nefndinni að frumvarpið hefur í för með sér skerðingu á kaupmætti launa frá því sem gert var ráð fyrir þegar kjarasamningarnir voru gerðir. Hagdeild ASÍ telur kaupmáttinn á 4. ársfjórðungi þessa árs verða 3,2% lakari en á síðasta fjórðungi sl. árs. Þar með er álitlegur hluti umsaminna kauphækkana aftur tekinn með þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Minni hlutinn er andvígur þeim ákvæðum sem fjalla um skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga, en þetta er í fyrsta sinn sem gert er ráð fyrir skerðingu á verðtryggðum tekjustofnum sveitarfélaganna.

Minni hl. mun greiða atkvæði gegn tillögunni um heimild til aukinnar bindiskyldu Seðlabankans en það er eitt þeirra mála sem ágreiningur er um í stjórnarflokkunum.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu nefndaráliti.

Alþingi, 16. maí 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Eiður Guðnason.

Sþ. 935. Fyrirspurn [364. mál]

til menntamálaráðherra um embætti fræðslustjóra í Reykjavík.

Frá Haraldi Ólafssyni.

Hefur menntamálaráðherra í hyggju einhverjar breytingar á embætti fræðslustjórans í Reykjavík?

Ef svo er, hver verða áhrif þeirra á starfsaðstöðu og verkefni fulltrúa menntamálaráðuneytisins á fræðsluskrifstofu Reykjavíkur?

Hver er afstaða menntamálaráðherra til tillögu þeirrar að samkomulagi um fyrirkomulag yfirstjórnar fræðslumála í Reykjavík (dags. 30. mars 1983) sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur hinn 19. maí 1983?

Telur menntamálaráðherra rétt að gera róttækar breytingar á yfirstjórn fræðslumála í Reykjavík án samráðs við Alþingi?

Ed. 936. Frumvarp til lögræðislaga. [83. mál]

(Eftir eina umr. í Ed., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 88 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Nú telur sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim er málið varðar kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

18. gr. hljóðar svo:

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina og skal trúnaðarlæknir ráðuneytisins sjá um að sjúklingnum sé gerð grein fyrir þeim rétti.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara er greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður.

Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Sþ. 937. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um húsnæðismál námsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefnd hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þorsteinn Pálsson.

Alþingi, 16. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Ed. 938. Lög [152. mál]

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 884.

Sþ. 939. Tillaga til þingsályktunar [365. mál]

um sölu Gullaugans, Áburðarverksmiðjunnar og Bændahallarinnar.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja Gullaugað og Áburðarverksmiðjuna og hlutast til um sölu Bændahallarinnar-Hótel Sögu í samráði við bændasamtökin. Hreinum söluhagnaði verði varið til styrktar landbúnaðinum eftir ákvörðun Alþingis.

Greinargerð.

Upplýst hefur verið að ríkið sé eigandi Gullaugans, húsnæðis þess sem Grænmetisverslunin hagnýtir og leigir út. Ljóst er að ríkið hefur ekkert með þetta húsnæði að gera. Hið sama er að segja um Áburðarverksmiðjuna sem á í hörmulegum rekstrarerfiðleikum sem einkum stafa af því að hún hefur lánað framleiðsluvöru sína langtímum saman og tekið rekstrarlán í dollurum. Þessi fyrirtæki á ríkið að selja og eðlilegt er að andvirðið renni til bænda eftir nánari ákvörðun Alþingis. Að því er Áburðarverksmiðjuna varðar væri eðlilegast að stofna um hana almenningshlutafélag og selja bændum hlutabréfin.

Eignar- og yfirráðaréttur Hótel Sögu er flóknara mál sem skoða þarf nánar, en við lauslega yfirsýn virðist eðlilegast að stofna um fyrirtækið almenningshlutafélag og afhenda bændum hlutabréfin þannig að þeir gætu selt þau öðrum.

Tillagan miðar þannig að þeim tvíþætta árangri að draga úr ríkisumsvifum og treysta fjárhag bænda, sem eiga í miklum erfiðleikum, og auðvelda þeim að mæta breyttum aðstæðum.

Sþ. 940. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]

um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að afurðasölu- og verslunarfyrirtæki, sem ekki hafa á undanförnum árum staðið bændum full skil á grundvallarverði afurða, geri það nú þegar, ásamt vöxtum og verðbótum. Verði tregða á skilum hjá einhverju afurðasölufyrirtækjanna verði þeim bændum, sem sækja vilja rétt sinn fyrir dómstólum, veitt gjafsókn.

Greinargerð.

Eins og alkunna er hafa stór afurðasölufyrirtæki ekki staðið bændum skil á fullu grundvallarverði og haldið fjármunum þeirra í rekstri sínum lengri eða skemmri tíma. Þannig er áætlað að ógreitt sé til bænda frá árinu 1982 að réttum lögum um 100 milljónir króna, en ógerlegt er þó að fá ábyggilegar upplýsingar hjá „kerfinu".

Bændur ber að aðstoða við að ná rétti sínum og að því hnígur tillaga þessi.

Ed. 941. Lög [310. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 880.

Ed. 942. Lög [311. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 885.

Ed. 943. Breytingartillaga [252. mál]

við frv. til l. um fjarskipti.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

Við 3. gr. 5. mgr. orðist svo:
Póst- og símamálastofnun skal ekki annast sölu á almennum notendabúnaði.

Nd. 944. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um stöðvun verkfalls Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið Guðlaug Þorvaldsson ríkissáttasemjara til að skýra málið. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

Alþingi, 16. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.
Eggert Haukdal.	Karvel Pálmason.	Stefán Guðmundsson.
	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	

Ed. 945. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um málið og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur þó fyrirvara um afstöðu sína til 26. gr. frv. Minni hl. n. mun skila séráliti.

Alþingi, 16. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., með fyrirvara.
Lárus Jónsson, frsm.
Valdimar Indriðason.
Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Meginorsök fjárhagsvanda ríkissjóðs.

Undanfarin ár jukust ríkisútgjöld mjög að raungildi. Kaupmáttur var á þessu tímabili mikill og í raun langt umfram getu þjóðarbúsins. Þessi kaupgeta hafði í för með sér mikinn viðskiptahalla og erlenda eyðsluskuldasöfnun (sjá mynd I og II), en ríkissjóður hafði jafnframt miklar tekjur af innflutningi og veltu sem af þessu stafaði. Skatttekjur ríkissjóðs fóru auk þess vaxandi í hlutfalli af þjóðartekjum.

Skatttekjur voru árið 1982 sem hér segir af þjóðarframleiðslu og 1984 skv. nýrri tekjuáætlun (sem fjárhagsvandinn eða „gatið" í ríkisfjármálunum er við miðað):


1982 30,2%
1984 27,1% (áæ).

Samkvæmt framansögðu er stefnt að því að tekjur ríkissjóðs dragist mun meira saman en þjóðarframleiðslan. Þannig axlar ríkisbúskapurinn í raun miklu meira en sinn hluta af þeirri kjaraskerðingu sem óhjákvæmilega hefur orðið vegna minnkandi sjávarafla og rýrnunar þjóðartekna.

Væru þjóðartekjur þær sömu og árið 1982 að raungildi og sama hlutfall af þjóðartekjum tekið í skatta til ríkissjóðs þá næmu skattar á yfirstandandi ári milli 3,5 til 4 milljörðum króna hærri fjárhæð en ný tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir. Þetta er meginorsök vandans í ríkisfjármálunum. Ljóst var að sú stefnubreyting, sem ákveðin var með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar fyrir tæpu ári — að hætta eyðslu umfram efni þjóðarbúsins, — mundi koma þungt niður á ríkissjóði. Auk þess samdráttar í sköttum á eyðslu, sem slíkt hlaut að hafa í för með sér, valda beinar ákvarðanir um lækkun skatta 550 m. kr. tekjutapi ríkissjóðs í ár að mati Þjóðhagsstofnunar, sbr. fskj. nr. 3.

Ef úr væri að spila 3,5 til 4 milljörðum í tekjuauka hjá ríkissjóði fram yfir áætlanir væri ekki rúmlega 2 milljarða króna vandi í ríkisfjármálunum. Sú staðreynd, að menn mátu þennan vanda ekki meiri þrátt fyrir þá miklu breytingu, sem orðin er í tekjuöflun ríkissjóðs, sýnir að þrátt fyrir allt hefur tekist að þrýsta ríkisútgjöldunum verulega niður að raungildi frá því horfi sem þau voru í 1982.


Mynd I.



Halli á viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd í millj. kr. Alls 1979-1983: 14.276 millj. kr. (Fast verðlag 1984)

Mynd II.

LÖNG ERLEND LÁN 1978-1982 (Millj. kr.)
á föstu gengi (31. des. 1983)




Fylgiskjal II.

Breyting kaupmáttar og þjóðartekna á mann frá árinu 1977.

Undanfarin ár, 1977—1982, hefur kaupmáttur aukist mjög umfram hækkun þjóðartekna á mann. Þetta hefur m. a. valdið miklum viðskiptahalla og eyðsluskuldum. Þetta kemur glöggt fram á mynd III. Enn er búist við nokkrum viðskiptahalla á árinu 1984. Því má segja — ef svo verður — að ríkissjóður njóti enn tekna af eyðslu sem er umfram efni, þótt í hverfandi mæli sé miðað við fyrri ár.

Mynd III.



Fylgiskjal III.

Þjóðhagsstofnun
7. mars 1984.

Lausleg áætlun um árlegt tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar og/eða niðurfellingar skatta 1983—1984,

(Fjárlagaverðlag 1984.)

1. Lækkun tekjuskatts einstaklinga (sérstök hækkun persónuafsláttar og barnabóta, skv. brbl. nr. 56 í maí 1983)	250 m. kr.
2. Lækkun innflutningsgjalds af bifreiðum	50 m. kr.
3. Afnám 10% álags á ferðamannagjaldeyri	100 m. kr.
4. Lækkun tolla og vörugjalds af ýmsum nauðsynjavörum (brbl. nr. 60/1983)	70 m. kr.
5. Niðurfelling söluskatts af innfluttum vélum og tækjum til landbúnaðar, niðurfelling tolla og söluskatts af tölvum o. fl.[1])	80 m. kr.
Tekjur alls	550 m. kr.

1) Lausleg áætlun fjármálaráðuneytisins.

Aths.
Við gerð tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 1984 var tekið tillit til framangreindrar skattalækkunar.

Fylgiskjal IV.

Þjóðhagsstofnun
14. maí 1984.

Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1970—1983.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	Áætlun 1983	Lausleg spá í maí byrjun 1984 Spá 1984
Vísitölur 1970=100														
Þjóðarframleiðsla á mann	112	116	123	126	122	124	130	134	138	142	143	138	129	125
Viðskiptakjör	113	112	130	117	98	110	119	119	108	105	106	104	107	107
Þjóðartekjur á mann	115	119	131	131	121	128	138	142	141	143	144	139	133	129
Þjóðarútgjöld á mann	125	125	139	153	139	134	147	146	148	153	158	159	141	136
Einkaneysla á mann	115	124	133	141	125	125	134	141	142	142	148	149	139	131
Samneysla á mann	106	112	121	126	131	139	139	143	146	151	156	158	161	161
Fjárfesting á mann	141	137	162	177	160	155	171	161	159	172	173	165	141	137
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af þjóðarframl., %	−7,1	−2,6	−2,7	−11,0	−11,1	−1,6	−2,5	1,4	−0,8	−2,3	−5,0	−10,0	−2,4	−2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	113	124	134	143	127	130	146	158	160	161	171	172	153	143
Breyting frá fyrra ári, %														
Þjóðarframleiðsla á mann	11,7	4,1	6,1	2,1	−3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,4	−3,3	−6,4	−3
Viðskiptakjör	12,9	−1,0	16,0	−10,0	−16,0	11,9	8,7	0,2	−9,2	−3,4	1,0	−1,5	2,6	0
Þjóðartekjur á mann	14,7	3,8	10,0	−0,3	−7,0	5,0	8,1	2,7	−0,7	1,6	0,7	−3,6	−4,7	−3
Þjóðarútgjöld á mann	24,9	0,2	11,3	9,9	−9,0	−3,9	9,9	−1,0	1,7	3,1	3,4	1,0	−11,4	−3½
Einkaneysla á mann	15,2	8,0	7,1	5,6	−11,2	0,2	7,1	5,1	1,0	−0,1	3,8	0,7	−6,9	−6
Samneysla á mann	5,7	6,0	7,8	4,7	3,5	6,1	−0,1	3,0	2,5	2,9	3,8	0,8	2,0	0
Fjárfesting á mann	40,7	−2,6	18,4	9,3	−9,6	−3,4	10,6	−6,2	−1,6	8,2	0,9	−4,8	−14,5	−3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	12,8	10,3	7,7	6,8	−11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	0,6	5,8	0,9	−11,3	−6½

Þjóðhagsstofnun vinnur nú að endurskoðun þjóðhagsspár fyrir árið 1984. Hér eru sýndar bráðabirgðaniðurstöður sem m. a. eru byggðar á ákvörðunum í apríl og maí um fiskveiðikvóta og tillögum stjórnarfrumvarps sem lagt var fram á Alþingi 3. maí 1984 um ríkisfjármál, peninga- og lánsfjármál.

Nd. 946. Frumvarp til laga [363. mál]

um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 15. júní 1984 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna sem starfa hjá Flugleiðum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá gildistöku laga um launamál, nr. 71/1983.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn, verkföll, þ. m. t. samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum óheimilt að segja flugmönnum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni flugmanna eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1984. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Sþ. 947. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannafjár hjá stofnunum í eigu ríkisins til tækifærisgjafa.

Greinargerð.

Þær upplýsingar hafa komið fram opinberlega, að opinberum starfsmanni hafi af almannafé verið gefin tækifærisgjöf fyrir nokkur hundruð þúsund krónur. Slík ráðstöfun er fullkomlega óeðlileg og óverjandi. Ekki síst ber að fordæma slíkt á sama tíma og rekstur ríkisstofnana er fjármagnaður með erlendum lántökum. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíkt í framtíðinni er þessi tillaga flutt.

Ed. 948. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði fellt, enda brýtur það í bága við grundvöll frjálsra samninga. Einnig firrir frv. samningsaðila þeirri ábyrgð að takast á við þann vanda sem þeir eiga við að glíma.

Alþingi, 16. maí 1984.

Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 949. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið á fundum sínum. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt þess eins og það kom frá neðri deild.

Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm. Skúli Alexandersson, með fyrirvara. Jón Kristjánsson.

Árni Johnsen. Valdimar Indriðason.

Ed. 950. Frumvarp til laga [302. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 586 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Starfstími vélstjóra, samkvæmt 2. gr., telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma má einnig telja starfstíma við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.

5. gr. hljóðar svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

6. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips til fjölgunar eða fækkunar.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 2. gr. 5. liðs og 2. mgr. 3. gr.

Í tilvikum 1—2 skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.

Nd. 951. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Orðið „hitaveitufyrirtæki“ í 1. mgr. verði: fyrirtæki.
b. 2. og 3. mgr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera a) að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir, b) að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda, c) önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfum þeirra.

4. gr.

Við 13. gr. laganna (sbr. l. nr. 26/1980) bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun er tryggi að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnaðarráðherra.

5. gr.

Við lögin bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur, innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 952. Breytingartillögur [341. mál]

við frv. til l. um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. 5. tl. falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skrifstofa Íslenskrar málnefndar ber heitið Íslensk málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérstakur forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur áður en embættið er veitt.
   Að fengnum tillögum málnefndar skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
   Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsemi Íslenskrar málnefndar er kostuð af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.

Aðrar tekjur málnefndar eru:
a) styrkir til einstakra verkefna,
b) greiðslur fyrir aðstoð eða verk sem unnin eru á vegum málnefndar,
c) tekjur af útgáfu rita,
d) gjafir.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð, heimspekideild Háskólans og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert en tveir eru skipaðir án tilnefningar.
Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.
Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Nd. 953. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og boðað á fund sinn fulltrúa frá heimspekideild Háskólans, Orðabók Háskólans, Málvísindastofnun og Íslenskri málnefnd.
Nefndin er sammála um að mæla með frv. með brtt. sem birtar eru á þskj. 952.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 15. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson.	Hjörleifur Guttormsson.
Bjarni Guðnason.	Kristín S. Kvaran.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Birgir Ísl. Gunnarsson.	

Nd. 954. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og leitað umsagnar um það.
Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Friðrik Sophusson.	Ingvar Gíslason.	Gunnar G. Schram.

Nd. 955. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Við 12. gr. Á eftir 4. mgr. komi tvær nýjar mgr. svohljóðandi:

Verði misbrestur á greiðslu aflagjalds skal viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins er hann tekur veð í viðkomandi framleiðslu.

Enn fremur skal útflytjandi eða banki er greiðir framleiðanda söluverð varnings greiða hafnarsjóði áfallið en ógreitt vörugjald af viðkomandi varningi.

Ed. 956. Frumvarp til laga [252. mál]

um fjarskipti.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 459 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkið hefur einkarétt á að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti, svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

Ráðherra sá sem fer með fjarskiptamál getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

3. gr. hljóðar svo:

Ríkið hefur einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

Einkaréttur ríkisins skv. þessari grein nær þó ekki til notendabúnaðar.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar notendabúnað er tengja á við fjarskiptakerfi ríkisins, skal fyrirfram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund eða gerð tegundar notendabúnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur, sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Innflytjandi eða framleiðandi skal ætíð sjá til þess, að fyrir hendi séu varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað, sem hann flytur inn eða smíðar. Ennfremur skulu þeir, sem annast uppsetningu og tengingu notendabúnaðar, hafa til þess tilskilin réttindi, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnunin skal ætíð hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu notendabúnaðar og skal hún þá láta fylgja synjuninni tilvitnun í þá reglugerð sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu Póst- og símamálastofnunar, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og Póst- og símamálastofnuninni.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

Nd. 957. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 25.

Guðrún Agnarsdóttir er einnig samþykk afgreiðslu málsins, með fyrirvara.

Alþingi, 16. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.
Svavar Gestsson.	Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.	Friðrik Sophusson.
	Þorsteinn Pálsson.	

Nd. 958. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið. Kvaddi hún á fund sinn Þorstein Geirsson og Árna Kolbeinsson úr fjármálaráðuneytinu, Kristján Thorlacius og Harald Steinþórsson frá BSRB og Guðmund Árnason frá Kennarasambandi Íslands. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 959. Nefndarálit [278. mál]

um till. til þál. um kynningu á líftækni.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 16. maí 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Egill Jónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Eggert Haukdal.	Garðar Sigurðsson.
	Þórarinn Sigurjónsson.	

Sþ. 960. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknaráðs ríkisins, sjávarútvegsráðuneytis, Landssambands stangveiðifélaga og Hafrannsóknastofnunar. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um tillöguna. Garðar Sigurðsson skilaði séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og benti í því sambandi á eftirfarandi:

1. Í umsögn Rannsóknaráðs ríkisins segir m. a.:

„Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins er nú unnið að úttekt á stöðu og framtíðarhorfum í eldi sjávar- og vatnadýra og annarra lífvera í sjó og vatni. Í athugun þessari er m. a. unnið að hliðstæðri upplýsingaöflun og óskað er eftir í umræddri þingsályktunartillögu (4., 5. og 6. liður). Tilgangur athugunarinnar er m. a. að gefa stjórnvöldum betri innsýn í möguleika þessa atvinnusviðs og leggja grundvöll að stefnumótun varðandi rannsóknir og aðgerðir til stuðnings þessu atvinnusviði."

2. Í umsögn sjávarútvegsráðuneytis um tillöguna segir m. a.:

„Í júnímánuði s. l. hóf sjávarútvegsráðuneytið undirbúning að skipun nefndar til að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi í sjó sem síðan yrði lagt fram á Alþingi sem frumvarp til laga. Starf nefndarinnar átti einnig að ná til tillögugerðar um stjórnsýslulega yfirstjórn fiskeldismála, leyfisveitingar til fiskeldis í sjó, fjármögnun framkvæmda á þessu sviði og könnunar á hvaða fisktegundir væru heppilegastar til eldis miðað við markaðsmöguleika og arðsemi. Strax við undirbúning nefndarstarfsins kom í ljós að starfandi var nefnd á vegum Rannsóknaráðs ríkisins sem skipuð var haustið 1982 og var sú nefnd að vinna að sömu hlutum og fyrirhuguð nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins átti að vinna að. Það var því skoðun sjávarútvegsráðuneytisins að rétt væri að bíða með nefndarstarfið þar til niðurstaða af nefndarstarfi Rannsóknaráðs ríkisins lægi fyrir. Þeir sem tilnefndir höfðu verið í nefnd sjávarútvegsráðuneytisins þegar nefndarstarfinu var frestað voru frá sjávarútvegsráðuneytinu Finnur Ingólfsson, frá Fiskifélagi Íslands Ingimar Jóhannsson og frá Hafrannsóknastofnun Björn Björnsson. Eftir þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá ritara nefndar Rannsóknaráðs, Úlfari Antonssyni, mun nefndarálit þeirrar nefndar verða tilbúið innan fárra vikna.

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umsagnar eru tilteknir sex þættir sem fyrstu aðgerðir á sviði fiskeldis og rannsókna á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra. Samkvæmt upplýsingum, sem ráðuneytið hefur frá Úlfari Antonssyni, verður í nefndaráliti nefndar Rannsóknaráðs svar við flestum ef ekki öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í þingsályktunartillögunni.

Það er ætlun sjávarútvegsráðuneytisins að um leið og álit nefndar Rannsóknaráðs ríkisins liggur fyrir hefji nefnd sjávarútvegsráðuneytisins störf og með þau markmið að leiðarljósi sem fyrr eru nefnd."

3. Þá má minna á að 20. apríl 1982 var svofelld tillaga til þingsályktunar samþykkt á Alþingi:

„Þingsályktun um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.

2. Að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum.
3. Að afla þekkingar í markaðsmálum.
4. Að samræma fjárveitingar til fiskræktarmála.“

Með vísun til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 16. maí 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Egill Jónsson.	Eggert Haukdal.

Nd. 961. Breytingartillaga [304. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GE).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skal skipa 5 manna nefnd til tveggja ára í senn til ráðgjafar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða.

Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands skulu tilnefna einn mann í nefndina hvert, en einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar. Nefndinni skal heimilt að gera tillögur til ráðuneytisins um þessi efni.

Ed. 962. Lög [363. mál]

um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 946.

Ed. 963. Lög [269. mál]

um erfðafjárskatt.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 833 (sbr. 515).

Ed. 964. Lög [258. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 477.

Ed. 965. Lög [266. mál]

um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 506.

Nd. 966. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. telur óhjákvæmilegt að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það var afgreitt á síðasta þingi. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 15. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.
Halldór Blöndal.	Svavar Gestsson.	Kjartan Jóhannsson.

Nd. 967. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Samtök um kvennalista telja að draga eigi úr miðstýringu og þá sérstaklega að færa valdið frá ríki til sveitarfélaga, auka vægi og vald landshlutasamtaka og dreifa ríkisstofnunum meira um landið. Að því ætti að vinna markvisst.

Undirrituð telur rangt að blanda misrétti vegna búsetu saman við vægi atkvæða í almennum kosningum, eins og meiri hl. alþingismanna virðist hlynntur, en áreiðanlega minni hl. kjósenda. Þetta frv. bætir lítið það kerfi sem nú gildir um kjördæmaskipan og skiptingu þingmanna milli kjördæma. Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. stjórnarskrárnefndar til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1984.

Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 968. Lög [8. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 762 (sbr. 8).

Ed. 969. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu.
Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Egill Jónsson. Lárus Jónsson.
Davíð Aðalsteinsson. Stefán Benediktsson.

Ed. 970. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. l. nr. 19 5. apríl 1968, l. nr. 42 16. apríl 1971, l. nr. 50 25. apríl 1973, l. nr. 68 21. maí 1974, l. nr. 44 16. maí 1977, l. nr. 59 31. maí 1979 og l. nr. 44 11. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Egill Jónsson.
Stefán Benediktsson. Lárus Jónsson. Davíð Aðalsteinsson.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.

Ed. 971. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. l. nr. 31 27. apríl 1963.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en varð ekki sammála.
Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Egill Jónsson. Lárus Jónsson.
Davíð Aðalsteinsson. Stefán Benediktsson.

Nd. 972. Frumvarp til hafnalaga. [136. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 763 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum:

1. Ríkissjóður greiðir 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   Hafnargarða (öldubrjóta).
   Bryggju- og viðlegukanta.
   Dýpkanir, uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu.
   Siglingamerki.
   Mengunar- og slysavarnir.
   Vatns-, raf- og holræsilagnir um mannvirkin.
4. Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.

27. gr. hljóðar svo:
Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag samkvæmt 26. gr., verði lægra en þar greinir, til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

Mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2. tl. 30. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar mgr. tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar.

28. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

29.—42. gr. hljóða svo:

IV. KAFLI
Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni, skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs.
2. Mismunur á fullu framlagi ríkissjóðs og því sem hafnarsjóði er ákveðið, sbr. ákvæði 27. gr.
3. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 7. mgr. 12. gr.
4. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 200 millj. kr.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum hafnamálastjóra og hafnaráðs og með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ. m. t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% af heildarframkvæmdakostnaði til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

35. gr.

Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

36. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

37. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til samgönguráðuneytisins.

Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

39. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.

40. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1984 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög nr. 45 24. apríl 1973 og lög nr. 83 31. maí 1976, um breytingu á þeim lögum, nema ákvæði laganna um greiðsluþátttöku ríkissjóðs sem falla úr gildi 31. desember 1984.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1985.

Nd. 973. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um selveiðar við Ísland. Í þessa nefnd voru skipaðir: Björn Dagbjartsson forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, og Jón B. Jónasson skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneyti sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefnd þessi skilaði til sjávarútvegsráðuneytis drögum sem eru samhljóða frumvarpi þessu að öðru leyti en því að lagt var til að 3. gr. frumvarpsins hljóðaði svo:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna. Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytis um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Í frumvarpsdrögum hinnar stjórnskipuðu nefndar var svohljóðandi athugasemd við 3. gr.:

„Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé ráðuneytinu til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjávarútvegsráðuneytið þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir sem nefndar eru í þessari grein og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða af fulltrúum þessara aðila, þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt. Ráðuneytið mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir sem það tæki um selveiðar og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með tillögur og ábendingar um atriði sem að þessum málum lytu."

Í frumvarpinu, sem sjávarútvegsráðherra síðan lagði fyrir þing og hér er um fjallað, er hins vegar gerð sú breyting að 3. gr. hljóðar svo:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Hér hefur ráðherra gert veigamikla breytingu frá þeim drögum sem hin stjórnskipaða nefnd samdi og er þeirrar breytingar ekki getið í greinargerð með frumvarpinu.

Í umsögn um frumvarpið frá Náttúruverndarráði er eindregið lagt til að 3. gr. frumvarpsins verði færð í fyrra horf. Nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar þess.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands telur einnig í umsögn sinni að heppilegra sé að til staðar sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál er varða selveiðar, svo sem lagt er til í 3. gr. frumvarps þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi.

Minni hl. nefndarinnar telur mikilvægt að fylgt sé tillögum nefndarinnar sem samdi frumvarpið, Náttúruverndarráðs og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Með lagasetningu í þessu efni er verið að gera tilraun til að koma skipulagi á mál sem hefur verið viðkvæmt. Því telur minni hl. óskynsamlegt af sjávarútvegsráðherra að ganga svo eindregið gegn tillögum þessara aðila án þess að hafa á nokkurn hátt rökstutt breytingu sína.

Minni hl. flytur breytingartillögu við 3. gr. frv. á sérstöku þingskjali. Verði sú breytingartillaga ekki samþykkt leggur hann til að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. maí 1984.

Guðmundur Einarsson.

Fylgiskjal I.

BRÉF HRINGORMANEFNDAR TIL SJÁVARÚTVEGSNEFNDAR NEÐRI DEILDAR.

(30. apríl 1984.)

Á fundi hringormanefndar í sl. mánuði var fjallað um þau drög að frumvarpi til selaveiða sem þá lágu fyrir. Athugasemdir, sem gerðar voru, fylgja hér á eftir:

Um 2. gr.

Í 2. gr. segir að Hafrannsóknastofnunin skuli annast rannsóknir á selum við Ísland og er það í raun aðeins staðfesting á því sem segir í 17. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum árum nokkuð sinnt rannsóknum á þessu sviði og stefnt er að því að auka þær rannsóknir. Í seinni hluta greinarinnar segir að sé aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar falin tiltekin rannsóknaverkefni verði sjávarútvegsráðuneytinu gert kleift að fylgjast með því hvernig að slíkum rannsóknum sé staðið og hverjar séu niðurstöður þeirra. Er þetta gert vegna þess að utan Hafrannsóknastofnunar gætu verið sérfræðingar sem æskilegt þætti að fá til ákveðinna rannsókna á þessu sviði. Þá þykir ekki ástæða til að leggja stein í götu þeirra sem kynnu að vilja leggja fram fé og fyrirhöfn vegna rannsókna á selum og umhverfi þeirra, en þeim gert að láta sjávarútvegsráðuneytið fylgjast með rannsóknum og niðurstöðum þeirra.

Um 3. gr.

Í 3. grein er tekið fram við hverja sjávarútvegsráðuneytið skuli hafa samráð um framkvæmd laganna, en það eru eftirtaldir aðilar: Náttúruverndarráð vegna þeirra áhrifa sem breyting á stofnstærð og aðstöðu sela kann að hafa á lífríkið og umhverfið; Hafrannsóknastofnunin þar sem leita verður vísindalegrar ráðgjafar um allar fyrirhugaðar breytingar á selveiðum; Búnaðarfélag Íslands vegna þeirra hlunninda sem landeigendur kunna að hafa af selveiðum; og Fiskifélag Íslands vegna tengsla sela við önnur sjávardýr, ekki síst varðandi mengunarhættu og hættu á sníkjudýrum. Ekki er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðuneytið hafi alltaf samráð við alla þessa aðila, heldur eftir því sem við á hverju sinni. T. d. þykir ekki ástæða til að sjávarútvegsráðuneytið hafi samráð við Fiskifélag Íslands varðandi veiðar sem eingöngu snerta hlunnindi landeigenda.

Um 4. gr.

Í 6. gr. er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem ráðherra getur gripið til varðandi stjórn og skipulag selveiða. Ekki er ástæða til þess að skýra hvern lið sérstaklega, en fáist þessar

heimildir getur ráðherra sett reglur um bann við selveiðum á ákveðnum svæðum, ákveðið bann við veiðum ákveðinn tíma, friðað ákveðnar selategundir sé ástæða talin til þess og ákveðið heildarfjölda þeirra sela sem drepa má. Jafnframt gæti ráðherra sett reglur um veiðiaðferðir og t. d. hlaupvíddir skotvopna, enn fremur ákveðið hvernig ganga skuli frá selshræjum. Heimilt væri að ákveða aðgerðir til fækkunar sela, t. d. með veiðiverðlaunum eða ráðningu sérstakra veiðimanna. Í 8. lið er vikið að veiðum á svæðum sem friðlýst hafa verið af Náttúruverndarráði og í 9. lið er veitt heimild til þess að setja reglur til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar. Enda þótt Ísland sé ekki aðili nú að slíkum samningi er vitað að uppi eru m. a. í Kanada hugmyndir um stofnun alþjóðlegrar nefndar um selveiðar og þykir því eðlilegt að hafa þessa heimild hér. Má segja það sama um 6. lið og mörg önnur ákvæði þessarar greinar að hér er aðeins um heimildir að ræða fyrir ráðherra en ekki er ljóst nú að hve miklu leyti þær verði notaðar fyrst um sinn, en þó má segja að hér sé ekki gengið lengra en nauðsynlegt er ef möguleikar eiga að vera til þess að skipuleggja veiðarnar að fullu.

Helstu breytingartillögur við frumvarpið sem nefndin vill gera eru eftirfarandi:

2. grein orðist svo:

Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland. Sjávarútvegsráðuneytið getur einnig veitt þeim sem þess óska heimild til ákveðinna rannsókna á selum og umhverfi þeirra. Í umsóknum um heimild til rannsókna skal koma fram hvaða rannsóknarsvið er fyrirhugað, umfang rannsóknanna og tilgangur. Sjávarútvegsráðuneytinu skal jafnan kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum slíkra rannsókna. Sjávarútvegsráðuneytinu skal afhent eintak af öllum skýrslum sem gerðar eru um slík verkefni.

Í 6. grein komi nýr liður, t. d. milli núverandi 6. og 7. liðar, svohljóðandi:

... 6. „sett reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi;“

Nýr liður verður 7. „sett reglur um hvernig snúist skuli til varnar gegn mengun af völdum sels, sýkingar í sel og sníkjudýrum í sel;“

7. liður verður 8. „ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela, sé þess talin þörf;“ o. s. frv.

Að lokum vill nefndin taka það fram að hún telur það alls ekki nauðsynlegt og geti ekki átt að vera tilgangur laganna að tryggja friðhelgi sela meir en orðið er, heldur þvert á móti að örva selveiðar og sjá til þess að þær verði áfram stundaðar alls ekki í minna mæli en gerðist hér á árum áður.

F. h. hringormanefndar,
Björn Dagbjartsson.

Fylgiskjal II.

Félag Sambandsfiskframleiðenda:

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM SELVEIÐAR VIÐ ÍSLAND.
(4. maí 1984.)

Selur og selveiðar eru fiskvinnslunni óviðkomandi að öðru leyti en því að selurinn mengar umhverfi sitt og á stóran þátt í því að sníkjudýrum í fiski fjölgar. En það er ekki síður vandamál þjóðfélagsins í heild þar sem það leiðir til lægri launa en annars væri unnt að greiða og jafnframt til lægra fiskverðs.

Fram að þessu hefur fiskvinnslan ekki heldur séð ástæðu til þess að amast við þeirri samkepppni sem selurinn veitir manninum í veiðum á nytjafiski. Það hefur verið litið svo á

að það væri Alþingis að hafa frumkvæðið um að draga úr þeirri samkeppni ef því sýndist ástæða til.

Fiskvinnslunni er kappsmál að draga úr hringormavandamálinu og hefur haft uppi verulega viðleitni í þá átt á undanförnum árum. Þar sem ekkert er í frumvarpi þessu sem þarf að hafa bein áhrif á að draga úr þeirri viðleitni sjáum við enga ástæðu til að hafa uppi andmæli gegn því.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags Sambandsfiskframleiðenda,
Árni Benediktsson.

Fylgiskjal III.

UMSÖGN NÁTTÚRUVERNDARRÁÐS.

(30. apríl 1984.)

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis frá 13. apríl sl. þar sem beiðst er umsagnar Náttúruverndarráðs um frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Náttúruverndarráð fagnar því að frumvarp til laga um selveiðar við Ísland hefur nú loksins verið lagt fram, en liðið er rúmt ár frá því að nefnd, sem skipuð var til að semja slíkt frumvarp, lauk störfum og skilaði frumvarpi til sjávarútvegsráðuneytisins.

Sagt er í greinargerðinni, sem fylgir frumvarpinu á Alþingi, að það sé frumvarp nefndarinnar enda þótt 3. greinin, einhver mikilvægasta grein frumvarpsins, sé gjörbreytt frá frumvarpi nefndarinnar. Þetta er grundvallarbreyting á frumvarpinu í heild og breytir forsendum annarra greina þess.

Vakin er athygli á að nýafstaðið Náttúruverndarþing samþykkti eftirfarandi ályktun um selveiðar við Ísland:

Um setningu laga um selveiðar.

Fimmta Náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algjörlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og látrum.

Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frumvarp það, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leggur þingið eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt. Hún hljóðar svo í frumvarpinu:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd, er samdi frumvarpið, lagði til:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um stjórn og skipulagningu selveiða, skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórnun og skipulagningu selveiða."

Bent skal á upphaflega greinargerð með 3. grein, en hún er svohljóðandi:

Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé ráðuneytinu til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum, sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjávarútvegsráðuneytið þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir, sem nefndar eru í þessari grein og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum þessara aðila þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt.

Ráðuneytið mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir, sem það tæki um selveiðar og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með tillögur og ábendingar um atriði sem að þessum málum lytu.

Náttúruverndarráð leggur eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði færð í fyrra horf og er þá samþykk frumvarpinu, en nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar þess, t. d. 6. og 8. gr.

Með vinsemd og virðingu,
Eyþór Einarsson,
formaður.

Fylgiskjal IV.

UMSÖGN HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR.

Ég vísa í bréfi nefndarinnar, dags. 13. apríl s. l., varðandi frv. til laga um selveiðar við Ísland, 304. mál.

Stofnunin telur mikla bót að því að sett sé heildarlöggjöf um selveiðar hér við land og einnig að skýrt sé kveðið á um hlutverk hennar varðandi rannsóknir á selum. Hér er um að ræða almenna líffræði sela, svo sem vöxt og viðkomu, fæðurannsóknir og göngur, þ. á m. hugsanleg áhrif sela á stærð fiskstofna.

Eðlilegt er að Hafrannsóknastofnun annist ráðgjöf um nýtingu selastofna sem og aðra dýrastofna á Íslandsmiðum.

Stofnunin er ekki mótfallin því að öðrum aðilum geti verið falin rannsóknaverkefni sem hún getur ekki sinnt af einhverjum orsökum. 2. grein frumvarpsins felur þetta í sér og virðist þar beinlínis verið að festa í lögum slíka skiptingu rannsóknanna. Starfsemi hringormanefndar er góðra gjalda verð en það verður að segjast eins og er að Hafrannsóknastofnun hefur til skamms tíma haft litla möguleika til þess að fylgjast með þessum rannsóknum, hvað þá að meta niðurstöður þeirra. Er mjög brýnt að þar um takist meiri samvinna til þess að forðast misskilning og jafnframt tortryggni. Má þar nefna skipulagningu rannsóknanna, svo sem gagnasöfnun, er nýttist betur öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Stofnunin er samþykk frumvarpi þessu, en leggur til að önnur málsgrein annarrar greinar orðist svo:

Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunar ákveðnar rannsóknir tengdar selarannsóknum, skal Hafrannsóknastofnuninni ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum þeirra rannsókna.

Virðingarfyllst,
Jón Jónsson.

Fylgiskjal V.

UMSÖGN BÚNAÐARFÉLAGS ÍSLANDS.

(27. apríl 1984.)

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 25. apríl 1984 var gerð eftirfarandi bókun:

„Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis sendir frumvarp til laga um selveiðar við Ísland Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar.

Með því að málefni er varða selveiðar hafa verið undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins og athugasemdir hafa ekki verið við það gerðar þá getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ekki fallist á þá breytingu sem 1. gr. frv. fjallar um.

Þá er það álit stjórnarinnar að heppilegra sé að til staðar sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál er varða selveiðar, svo sem lagt er til í 3. gr. frumvarps þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi."

Ljósrit af bréfi Árna G. Péturssonar um málið fylgir.

Virðingarfyllst,
Jónas Jónsson.

Reykjavík, 9. apríl 1984.

Til stjórnar
Búnaðarfélags Íslands.

Efni: Frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Að gefnu tilefni skal fram tekið: Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra mig í nefnd til að semja frumvarp til laga um selveiðar við Ísland. Mig furðaði slíkt þar sem selamál heyrðu undir landbúnaðarráðuneyti, en leit svo til að samkomulag hafi orðið á milli ráðuneyta að setja umsjón með selveiðum undir sjávarútvegsráðuneyti eins og yfirumsjón með hvalveiðum við Ísland.

Af umræðum innan nefndarinnar var svo að skilja að slík tilhögun þætti eðlilegust af hálfu ráðamanna.

Nefndarmenn voru allir sammála um að þörf gæti verið á opinberri íhlutun varðandi stjórn selveiða við Ísland, en slík ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Að öðru leyti er í frumvarpinu hvergi gengið á rétt bænda og landeigenda varðandi selveiðar umfram það sem er að finna í lögum.

Með vinsemd og virðingu,
Árni G. Pétursson.

Fylgiskjal VI.

BRÉF FISKIFÉLAGS ÍSLANDS.

(24. apríl 1984.)

Með vísun til bréfs sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 13. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Stjórn Fiskifélags Íslands er einróma samþykk frumvarpi þessu og hvetur til þess að það fái framgang hið allra fyrsta.

Hjálagt eru samþykktir um selveiðar gerðar á 41. og 42. Fiskiþingum.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Fiskifélags Íslands,
Ingólfur Arnarson ritari.

41. Fiskiþing

Selveiðar og hringormavandamál.

(Þingskjal 4.)

Tillaga allsherjarnefndar.
Framsögumaður: Þorsteinn Jóhannesson.

41. Fiskiþing þakkar störf selormanefndar og telur áframhaldandi starf hennar nauðsynlegt. Til þess að halda selastofninum í skefjum er brýnt að áfram verði haldið verðlaunaveitingum fyrir hvern veiddan sel. Fiskiþing leggur áherslu á að með lagafrumvarpi því sem nú er í undirbúningi um selveiðar, verði gert kleift að vinna að fækkun sela við strendur landsins.

Greinargerð.

a. Fiskiþing hvetur til þess að á hverjum tíma verði reynt eftir föngum að nýta selafurðir t. d. til refafóðurs o. fl. Slátur- og frystihús verði hvött til þess að auðvelda veiðimönnum nýtingu selafurðanna.
b. Fiskiþing telur brýnt að veiðimönnum sé gert skylt að ganga tryggilega frá þeim selskrokkum sem ekki er unnt að flytja til vinnslu.
c. Fram hefur komið að selormur kostar fiskvinnslu landsmanna árlega um 1 milljón vinnustunda, eða um 60 millj. kr. á núgildandi verðlagi.
d. Ormar í útfluttum fiskafurðum geta valdið ómælanlegu tjóni á erlendum mörkuðum.

Þorsteinn Jóhannesson. Bjarni Jóhannsson.
Ingólfur Stefánsson. Benedikt Thorarensen.
Hjörtur Hermannsson. Jónas Jónsson.

(Samþykkt á Fiskiþingi 11. maí 1982.)

---

42. Fiskiþing

Fækkun sels og hringormavandamál.

(Þingskjal 10.)

Tillaga fiskiðnaðar- og tækninefndar.
Framsögumaður: Hjalti Gunnarsson.

42. Fiskiþing vekur athygli á að hringormur hefur aukist það mikið í fiski á undanförnum árum að margt bendir til að helstu stofnar nytjafiska við landið séu þegar orðnir sýktir af völdum þessa sníkjudýrs og sé það farið að standa þeim fyrir þrifum. Fiskiþing telur því að þetta vandamál snerti ekki lengur fiskiðnaðinn einan heldur þjóðina alla og megi því einskis láta ófreistað til að koma í veg fyrir að það valdi óbætanlegu tjóni.

Fiskiþing metur mikils það sem gert hefur verið til fækkunar sels við landið en telur að ekki hafi náðst nægur árangur í því efni, enda hefur hringormur í fiski aukist um allt land á seinustu árum. Leggur þingið því til að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að koma í veg fyrir frekara tjón í þessu efni.

Greinargerð.

Hringormur í þorski 1963 — 1983.

Um og eftir 1960 tóku nokkur frystihús upp þann hátt að greiða bónus fyrir snyrtingu og pökkun á fiski. Fram til þess tíma hafði komið fram í sýnum að nokkuð bar á að ormur væri í þorski og þurfti því að gefa sérstakan tíma í bónusútreikningunum til að fjarlægja hann. Sýni sýndu einnig að merkjanlegur munur var á hringormamagni eftir veiðisvæðum.

Athugun sem gerð var í Súgandafirði og Halldór Bernódusson skrifar um í 11. tbl. Ægis 1983, undir fyrirsögninni „Vandamál vegna aukningar á hringormi í fiski," gerir þessu máli allgóð skil. Sérstaka athygli hefur vakið að smáþorskur, sem var veiddur á Breiðafirði, út af Ísafjarðardjúpi og þar fyrir austan, var með fleiri orma í sér en þorskur frá öðrum veiðisvæðum. Þannig var t. d. þorskur, sem veiddur var á dýpri miðum, eða fyrir utan 30 sjómílur, með allt að ½ hringorm í kg af flökum, en þorskur veiddur á grunnslóð, var með 1 — ½.

Á árunum 1960—1970 er merkjanleg aukning á hringormi í þorski og staðfestu sýnatökur að hann jókst jafnt og þétt. Þannig var svo komið 1971—1972, að vertíðarþorskur, veiddur af línu- og togveiðibátum á Vestfjarðamiðum, hafði í sér að jafnaði um 2 hringorma og þorskur veiddur af smærri bátum á grynnri miðum var með allt að 3—4 orma. Í sýnum frá 1974 og 1975 kemur fram að á þessum árum er ekki umtalsverð aukning á hringormi í þorski en þess verður vart að munurinn er farinn að verða meiri eftir veiðisvæðum. Á þessum árum veiddist stundum þorskur með 1—2 orma í sér, en einstöku daga var þorskur tekinn til vinnslu sem var með að jafnaði 6 orma í kg af flaki.

Þegar skoðuð eru ormasýni frá þessum árum kemur í ljós að það hefur orðið allveruleg aukning á hringormi í þorski. Á tímabilinu jan.—maí 1983 var hringormur í þorskafla togaranna frá 3,13 — 3,96 ormar og yfir sumarmánuðina júní—sept. var fjöldi orma á bilinu 2,48 — 2,91. Sýni úr þorski, sem veiddist í flotvörpu á Halamiðum um miðjan okt. s. l., reyndist vera með í sér 3,2 orma. Þetta þýðir að frá jan.—okt., 1983 eru að meðaltali 2,98 ormar í þorski sem togarar veiddu á Vestfjarðamiðum, allt austur á Strandgrunn.

Þegar athuguð eru sýni sem tekin eru af línu- og færafiski er málið enn alvarlegra því að í jan.—mars s. l. kemur fram að fjöldi orma í sýnum er 5,55 — 7,68 að meðaltali, en einstaka sýni eru með allt að 12,1 orm. Á tímabilinu júní—okt. eru 5,61—8,43 ormar, en einstaka sýni eru með allt að 17,6 orma í kg af flökum og frá jan.—okt. 1983 eru að meðaltali um 6,7 ormar í kg af þorskflökum, en aflinn var frá línu- og færabátum.

Í fiski með 7 ormum í kg er vinnan við að tína orma úr 40% af snyrtingar- og pökkunartíma hans. Það tekur m. ö. o. 1,54 mínútu að tína orma úr 1 kg af þorskflökum.

Í þorski, sem landað var af togurunum í okt., voru að meðaltali 3,2 ormar sem er 25,4% af staðaltíma fyrir snyrtingu og pökkun, eða 00,53 úr mínútu þurfti til að tína orma úr hverju kg af þorskflökum. Hraðfrystihús, sem hefur á þessu ári fengið til vinnslu 60% þorsk frá togurum og 40% frá bátum, þarf að fjarlægja að meðaltali 4,72 orma úr kg af flökum. Ef þetta frystihús framleiðir 2000 tonn á ári af frystum þorskflökum og það tekur 1,04 mín. að tína hringorma úr hverju kg lítur dæmið þannig út:

Þorskflök 2 000 000 kg × 1,03 = 2 060 000 mín.: 60 = 31 332 vinnustundir. Tímakaup í dagvinnu var í október 63,77. Meðalbónusgreiðslur eru um 30%. Álögur á taxtakaup samkv. úrskurði kjararannsóknarnefndar 1977 eru 47% (ef til vill hærri í dag). Tímakaup með launatengdum gjöldum kr. 112,87. 34 333 vinnustundir á 112,87 kr. = 3 875 165,00. En hringormar í þessum 2 000 tonnum af þorskflökum urðu alls 9,44 milljónir talsins.

Sölusamtök fiskiðnaðarins hafa undanfarin ár reynt að stuðla að lausn hringormavandamálsins með aðild sinni að „hringormanefnd". Meðal annars hafa fyrirtækin greitt verulegar fjárhæðir til örvunar selveiða. Þar er þó erfitt um vik þar sem stjórnvöld hafa hingað til ekki talið sér málið skylt.

Hjalti Gunnarsson.
Karl Auðunsson.
Ágúst Einarsson.
Óli Guðmundsson.
Jón Magnússon.
Eiríkur Guðmundsson.

(Samþykkt samhljóða.)

Fylgiskjal VII.

ÁLYKTUN AUKAFUNDAR SÝSLUNEFNDAR V.-HÚNAVATNSSÝSLU.

(21. des. 1983.)

„Aukafundur sýslunefndar V-Hún., haldinn 21. des. 1983 lýsir undrun sinni á þeirri aðferð sem viðhöfð er við að halda niðri selastofninum við landið þar sem skotmenn eru verðlaunaðir fyrir seladráp. Það hefur m. a. leitt til þess að bændur hafa orðið fyrir mikilli ágengni skotmanna, jafnvel á friðlýstum varplöndum og sellátrum. Sýslunefndin bendir á að mun eðlilegra væri að styrkja þá sem áður stunduðu selveiðar og höfðu af því tekjur, þannig að þeir gætu áfram nýtt sér kópveiði í ábataskyni, enda er sá veiðiskapur raunhæfasta og eðlilegasta leiðin til að halda selastofninum niðri."

Þessi samþykkt var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Sýslunefndarmenn líta svo á að enn sé í gildi hið fornkveðna að „á skuli að ósi stemma". Það muni sem sagt vera heppilegra að vinna á ungviðinu, eins og gert er t. d. við grenjavinnslu, heldur en að skotmenn séu að þenja sig út og suður um allan sjó til þess að skjóta fullorðna seli.

Fylgiskjal VIII.

GREINARGERÐ NÁTTÚRUVERNDARRÁÐS UM HRINGORMA OG SELI.

(Janúar 1984.)

Selveiðar hringormanefndar.

Fyrir rúmlega fjórum árum skipaði þáverandi sjávarútvegsráðherra hringormanefnd. Í henni eiga sæti framkvæmdastjórar fimm stórra fiskverkunar- og útflutningsfyrirtækja, auk formanns nefndarinnar, Björns Dagbjartssonar forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Hafrannsóknastofnun á engan fulltrúa í nefndinni né heldur aðrar náttúrvísindastofnanir. Þrátt fyrir að í hringormanefnd séu nær eingöngu hagsmunaaðilar í fiskiðnaði en enginn náttúruvísindamaður er nefndinni ætlað skv. skipunarbréfi frá ráðherra „... að hafa yfirumsjón með rannsóknum sem þegar eru hafnar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á selastofnum við Ísland".

Vorið 1982 hóf hringormanefnd greiðslur verðlauna til örvunar selveiða. Fengu menn greitt fyrir kjálka sela og árið 1982 greiddi hringormanefnd fyrir 4500 kjálka þar af voru 3400 úr kópum. Í ár voru selveiðigreiðslur með þeim hætti að ýmist var borgað fyrir kjöt eða kjálka. Svipaður fjöldi dýra mun hafa veiðst og í fyrra, en hlutfallslega fleiri fullorðin dýr. Fjöldi felldra dýra er meiri en tölur hringormanefndar segja til um því að nokkur brögð eru að því að selir, sem skotnir eru á sundi, sökkvi og veiðimenn nái þeim ekki.

Ályktun Náttúruverndarráðs sumarið 1982.

Aðgerðir hringormanefndar til örvunar selveiða hafa hlotið mikla gagnrýni. Í júlí 1982 sendi Náttúruverndarráð frá sér ályktun og óskaði eftir að ríkisstjórnin hlutaðist til um að verðlaunaveitingum hringormanefndar yrði hætt. Átaldi ráðið þau vinnubrögð hringormanefndar að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd án þess að leitað væri álits aðila og stofnana sem málið snertir, svo sem Hafrannsóknastofnunar og Náttúruverndarráðs. Ráðið beindi þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún beitti sér fyrir setningu laga er tryggðu að mál sem þetta fengi eðlilega umfjöllun stjórnvalda.

Náttúruverndarráð benti á að enn væri margt á huldu um tengsl sela við hringormavandamálið og tæpast væri unnt að fullyrða nokkuð um hvaða áhrif fækkun sela hefði á hringormasýkingu þorsks hér við land. Selatalningar undanfarinn áratug eru ekki það nákvæmar að unnt sé á grundvelli þeirra að fullyrða að selum hafi fjölgað á því tímabili. Öll tækni við ormaleit hefur verið bætt á undanförnum árum og hefur leitt til þess að fleiri ormar finnast nú en áður. Hins vegar verður ekki séð að óyggjandi sannanir liggi fyrir um aukingu á ormasýkingu þorsks hér við land. Allt þetta gefur tilefni til þess að draga mjög í efa að tímabært sé að hefja aðgerðir til fækkunar sela hér við land. Náttúruverndarráð benti einnig á að skotmenn valdi fólki óþægindum, hafi truflandi áhrif á fuglalíf og að rotnandi selskrokkar í fjörum séu, auk þess að vera hvimleiðir fólki, hættulegir örnum sem í þeim geta mengast af grút og drepist.

Náttúruverndarráð ítrekar hér með þessa ályktun. Um leið skulu nokkur ofangreind atriði nánar rædd og gerðar athugasemdir við sumt af því sem komið hefur frá hringormanefnd og öðrum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi á undanförnum vikum en þar gætir víða einföldunar og rangfærslna um seli og hringormasýkingu fiska.

Almennt um hringorminn.

Sá hringormur sem mestum skaða veldur íslenskum þorskiðnaði ber fræðiheitið *Phocanema decipiens*. Hann verður kynþroska í sel og egg hans ganga niður af selnum með saur. Hvað svo verður um eggin er lítið vitað, og til þessa hefur hringormanefnd ekkert hirt um þennan mikilvæga hluta lífsferils hringormsins. Talið er að eggin berist í krabbadýr og klekist þar út, berist í fiska þegar fiskarnir éta krabbadýrin og síðan í sel þegar selur étur fiskinn. (Sjá mynd I.) Þessa tegund hringorms hefur hringormanefnd nefnt selorm. Hringormar eru sníkjudýr, þ. e. dýr sem lifa á eða í öðru dýri og taka frá því næringu. Selurinn er lokahýsill „selormsins", en krabbadýrin og fiskarnir millihýslar. Venjulega eru sníkjudýr mjög sérhæfð um hýsla, þ. e. þau geta aðeins sýkt dýr ákveðinnar tegundar, en tegundin, sem hér um ræðir, er óvenju fjölhæf í vali hýsla. Hýslar hafa líka þróað varnir gegn sníkjudýrunum. Oft myndast bandvefshylki umhverfis sníklana, þannig að þeir verða óvirkir og drepast, en slíkt getur tekið nokkurn tíma. Mjög sjaldgæft er að sníkjudýr drepi hýsla sína. Það væri í raun dauðadómur yfir þeim sjálfum því að án hýslanna fá þau ekki lifað.

Sýking af völdum sníkjudýra er, eins og aðrar sýkingar, hættulegust þeim einstaklingum sem af einhverjum ástæðum eru veikir fyrir, t. d. vegna vannæringar eða sjúkdóma.

Hefur hringormum í fiski fjölgað?

Fullyrt hefur verið, að fjöldi hringorma í fiski hafi stóraukist í síðustu árum. Gögn til stuðnings þessum fullyrðingum eru þó ekki sannfærandi. Fleiri hringormar finnast við fiskvinnslu nú en áður, en að hluta til a. m. k. er það vegna þess að neytendur hafa gert sífellt meiri kröfur um ormalausan fisk, meiri áhersla er því lögð á að finna ormana og tæknin til þess hefur verið endurbætt. Enn nást þó ekki allir ormar úr þeim fiski sem hreinsaður er.

Niðurstöður fræðilegra athugana hér við land á fjölda hringorma í fiski eru drengar saman í skýrslu hringormanefndar frá febrúar 1982. (Sjá töflu.) Ef aðeins er litið á niðurstöður án tillits til þeirra rannsókna, sem að baki liggja, virðast 9% þorska hafa verið sýktir af „selormi" um 1937. Tvær kannanir voru gerðar á árinu 1973 og sýnir önnur könnunin 55% sýkingu, en hin gefur 72% sýkingartíðni. Samkvæmt niðurstöðum Erlings Haukssonar, líffræðings hringormanefndar, frá 1980—1981 var sýkingartíðni þá 71%. Hér er þó ekki öll sagan sögð því að aðferðirnar sem notaðar voru við gagnaöflun í ofangreindum rannsóknum voru mismunandi. Enginn munur kemur fram á annarri könnuninni frá 1973 og þeirri frá 1980—1981, en ekki er ólíklegt að þessar tvær kannanir séu einna sambærilegastar.

Erlingur Hauksson slær þann varnagla í ofangreindri skýrslu að mismunandi söfnun og úrvinnsla sýna gæti haft veruleg áhrif á þær niðurstöður sem hér um ræðir, og hann telur enn fremur að niðurstöðurnar bendi til þess að hringormasýking hafi aðeins lítillega aukist allra síðustu árin (sem þó verður að telja vafasamt, sbr. það sem að ofan er sagt). Öllu þessu er þó sleppt þegar upplýsingum er komið í fjölmiðla, en fullyrðingar um hina geysilegu aukningu á hringormasýkingu þorsks síendurteknar. Hið rétta er að ekki hafi verið færðar óyggjandi sannanir fyrir aukningu hringorma í þorski, hins vegar er ljóst, að vandamál fiskiðnaðarins vegna hringormasýkingar fisks er gífurlegt.

Þáttur sela í hringormasýkingu þorsks.

Talsmenn hringormanefndar fullyrða að hringormasýking hafi aukist og að aukninguna megi rekja beint til fjölgunar sela. Á sama hátt og draga má í efa fyllyrðingar um aukna hringormasýkingu má vefengja fullyrðingar um aukinn fjölda sela. Gögnin sem að baki liggja eru hvorki fullnægjandi né afgerandi. Þá fullyrðir formaður hringormanefndar að beint samband sé á milli selafjölda og hringormatíðni á hverju svæði, hérlendis og erlendis. Í þessu sambandi er fróðlegt að bera saman aðstæður við Ísland annars vegar og við Grænland og Bretland hins vegar. Við Grænland er mikill selur en hringormur finnst þar vart í fiski. Hringormasýking þorsks við Bretland virðist miklu minni en hér við land, þótt selastofnar þar séu margfalt stærri. Í grein, sem gefin var úr árið 1977 af Alþjóðahafrannsóknaráðinu og skrifuð er af tveimur skoskum vísindamönnum, kemur fram hve sel hefur fjölgað við Bretland. Um miðjan sjöunda áratuginn voru við Bretland um 20 000 útselir en um 18 000 landselir. Nálægt tíu árum síðar var talið að útselir væru orðnir 69 000 en landselir 15 000. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar í Aberdeen sýna að sýking þorsks af „selormi“ er svipuð og hún var á sjöunda áratugnum, þrátt fyrir meira en þreföldun á fjölda útsela. Skosku vísindamennirnir taka líka fram að ekkert bendi til að hringormasýkingin skaði fiskinn eða valdi dauða hans. Í greininni kemur fram að mikil aukning hefur orðið á *Anisakis* hringormasýkingu í fiski í kringum Bretland. Sú sýking kemur sel ekkert við vegna þess að selir eru ekki lokahýslar *Anisakis* hringorma.

Hér við land benda rannsóknir Erlings Haukssonar til þess að minnst hringormasýking í þorski sé við suðurströnd landsins, en annars staðar við landið er hún meiri og lítill sem enginn munur á milli landshluta. (Sjá mynd II.) Þetta er svo þrátt fyrir það að selir eru mjög misalgengir við strendur landsins og mun algengari við suðurströndina en við norður- og austurströndina. Útselir, sem jafnan eru taldir mestir sökudólgar hér við land, eru t. d. langalgengastir við vestan- og norðvestanvert landið. (Sjá mynd III.)

Selir eru ekki nema einn þáttur af mörgum sem gætu haft áhrif á tíðni hringorma í fiski. Í skýrslu sinni frá febrúar 1982 nefnir Erlingur Hauksson aðra þætti sem þarna gætu haft áhrif, svo sem hafstrauma og gerð strandarinnar. Síðan segir orðrétt á bls. 16:

„Millihýslar þurfa að vera fyrir hendi helst í miklu magni. Þeir þurfa að safna í sig lirfum hringormanna vegna fæðuvals síns og vera sjálfir mikilvæg fæða fyrir aðra millihýsla og lokahýsla. Fæðuval þeirra tegunda, sem taka þátt í hringrásinni, gegnir því lykilhlutverki í hringrásinni.“

Sami maður og þetta skrifaði var í útvarpsfréttum 3. des. s. l. spurður hver væri ástæðan fyrir því að hringormur breiddist úr, og svaraði þá orðrétt:

„Þetta er hinn svokallaði selormur sem er í þessum fisktegundum og það má rekja hann beint til sela og það er þá fjölgun sela, sérstaklega útsela, hér við land sem að gerir það að verkum að hann verður algengari í þorski og öðrum fisktegundum.“

Hér fullyrðir líffræðingurinn miklu meira en tiltæk gögn gefa tilefni til og hefur gleymt því sem hann hafði áður ritað.

Rannsóknir Erlings Haukssonar benda til þess að hringormasýking þorsks vaxi eftir því sem hann eldist og nái hámarki um 5 ára aldur, en eftir það dragi jafnvel úr henni (sjá mynd

II.) Er þetta talið stafa af því að hringormalaus þorskur gengur frá Grænlandi og blandast hinum sýkta íslenska stofni. Göngur þorsks frá Grænlandi eru bæði misstórar og stopular. Ljóst er að bregðist slíkar göngur, þannig að hærra hlutfall veiðist af íslenskum fiski en áður, þá eykst hringormasýking í aflanum. Hið sama gæti gerst ef breyting verður á stærð veiddra fiska. Ef meira veiðist af 4—5 ára fiski en minna af 7—8 ára fiski en áður má búast við hækkun á hringormatíðni í aflanum þar sem sóknin hefði aukist í þá þorska sem að jafnaði eru sýktastir af hringormi. Á þennan hátt má vænta verulegra breytinga á hringormasýkingu þorsks í afla, án þess að þær megi rekja á nokkurn hátt til sela.

Hringormar og vöxtur fiska.

Í Morgunblaðinu 9. des. s. l. er haft orðrétt eftir formanni hringormanefndar:

„Það getur dregið úr vexti fiska að sýkjast stöðugt af selormum, en þeir hringormar, sem þrífast í innyflum, hafa meiri áhrif á vöxtinn samkvæmt rannsóknum."

Ekki er Náttúruverndarráði kunnugt um neinar rannsóknir sem benda til þess að „selormur" dragi úr vexti fiska. E. t. v. er formaður hringormanefndar hér að vitna til margra áratuga gamalla athugana á allt öðrum hringormi (*Contracoecum aduncum)* en hér um ræðir, og er ekki vitað til þess að sá ormur sé til vandræða hér.

„Vísindalegar rannsóknir."

Formaður hringormanefndar hefur tekið það fram í fjölmiðlum að mikið vísindastarf hafi verið unnið hérlendis áður en aðgerðirnar hófust til fækkunar sel og að allir hefðu getað fylgst með þeim rannsóknum. Hvað þessi atriði varðar skal bent á eftirfarandi: Hringormanefnd var skipuð í ágúst 1979 og í nóvember sama ár skilaði líffræðingur nefndarinnar skýrslu, „Staða rannsókna varðandi hringormavandamálið í árslok 1979 og áætlanir um frekari rannsóknir". Lokakafli skýrslunnar hefst á eftirfarandi hátt (bls. 9, leturbreytingar Náttúruverndarráðs):

„Eins og fram hefur komið hér að framan eru rannsóknir varðandi hringormavandamálið yfirgripsmiklar og munu krefjast mikils tíma, en slíkt er nú yfirleitt einkennandi fyrir vistfræðilegar rannsóknir. **Vegna fyrirhugaðra aðgerða til fækkunar sel er vert að hafa það í huga að öll mál, sem varða sel og selarannsóknir, verða í brennipunkti.** Selir eru þau sjávarspendýr sem allur almenningur kemst í hvað nánasta snertingu við úti í náttúrunni eða í sædýrasöfnum. Allar aðgerðir gagnvart sel, sem ekki eru studdar vísindalegum rökum af niðurstöðum rannsókna á líffræði íslenskra sela, munu því væntanlega hljóta talsverða gagnrýni Náttúruverndarráðs, náttúruverndarsamtaka og jafnvel þorra almennings í landinu. **Þetta gerir það að verkum að nauðsynlegt er að stunda alhliða líffræðirannsóknir á selastofnunum hér við land, svo að mögulegt sé að veita haldbær svör við gagnrýni andstæðinga aðgerðanna."**

Þessi tilvitnun sýnir glögglega að þegar á árinu 1979 var búið að ákveða að fækka selum. Selarannsóknir þær, sem hringormanefnd hefur staðið fyrir, hófust í sama mánuði og ofangreindri skýrslu var lokið. Má því nánast halda að rannsóknirnar hafi verið aukaatriði.

Nokkrar skýrslur hafa verið settar saman á vegum hringormanefndar um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið. Furðu vekur hversu mikil tregða er í dreifingu skýrslnanna. Náttúruverndarráð hefur þó fengið aðgang að skýrslunum en ýmsar rannsóknastofnanir hins vegar ekki. Óheimilt er að vitna til þessara skýrslna nema með leyfi höfundar, starfsmanns nefndarinnar. Það leyfi fékkst til þess að vinna þá grein sem hér er birt, en ein skýrsla var þó undanþegin.

Spurningar hljóta að vakna. Hvað er verið að fela? Er eðlilegt að nefnd, sem skipuð er af opinberum aðilum, geti neitað landsmönnum um aðgang að rannsóknum á náttúru landsins, rannsóknum sem hún byggir umdeildar aðgerðir á, aðgerðir á náttúrunni sem koma öllum landsmönnum við?

Ný lög og auknar rannsóknir.

Náttúruverndarráð vill ítreka þá skoðun sína að brýna nauðsyn ber til að sett verði hið fyrsta lög um selveiðar við Ísland, er tryggi fullnægjandi stjórn þessara veiða. Ráðið telur rétt í því sambandi að sjávarútvegsráðuneytið hafi yfirumsjón mála er selveiðar varða. Þá er eðlilegt að Hafrannsóknastofnun annist rannsóknir á selum að öðru jöfnu, en fylgist að öðrum kosti náið með rannsóknum en aðrir kunna að hafa með höndum. Hyggilegt væri að koma á fót sérstakri nefnd er væri til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um allt er varðar stjórn og skipulag selveiða, en í slíkri nefnd ættu m. a. að sitja fulltrúar Náttúruverndarráðs, Hafrannsóknastofnunar og hagsmunaaðila.

Ofangreint fyrirkomulag mundi stuðla að því að selveiðar yrðu undir ströngu eftirliti. Jafnframt tryggði það ítarlega umfjöllun um þessi mál, bæði frá fræðilegu sjónarmiði og frá sjónarmiði náttúruverndar, en á hvort tveggja hefur verulega skort frá því að hringormanefnd hóf afskipti sín af selveiðum.


Náttúruverndarráð vill að lokum taka það fram að það er að sjálfsögðu ekki andvígt skynsamlegri nýtingu sela hér við land. Hins vegar vill ráðið enn vara við ótímabærum og hæpnum aðgerðum til fækkunar sela. Eins og fram hefur komið hér að framan er þörf miklu meiri rannsókna á fjölmörgum atriðum er snerta hringormavandamálið. Þegar haft er í huga hversu gífurlegir hagsmunir eru hér í húfi verður það og að teljast nauðsynlegt að veita mikið fjármagn til hnitmiðaðra rannsókna.

Þróun hringormasýkingar þorsks á Íslandsmiðum*


Heimildir	Tími sýnatöku	Selorms-lirfur	Meðalfjöldi %-sýking Anisakis-lirfur	orma í þorski (selorms- og Anisakis-lirfur)
Kahl 1939**	1937—38	9,4	8,6	—
Cutting & Burgess 1960***	1957—58?	31,2		1,5
Platt 1975	1973	55	76	4,8
Jónbjörn Pálsson 1975	1973	72,1	48,3	7,1(6,1+1,0)
Þessi könnun	1980—81	70,6	39,5	9,6(8,6+1,0)

*Tölur Kahl, Cutting og Burgess eru úr Platt (1975, tafla 5).
**Birtir ekki upplýsingar um fjölda hringorma.
***Aðgreindu ekki selorms- og **Anisakis**-lirfur.


Tafla þessi er úr skýrslu Erlings Haukssonar, febr. 1982, bls. 26: Þróun hringormasýkingar þorsks á Íslandsmiðum. Fræðilegar kannanir á hringormasýkingu við Ísland eru fáar og hafa verið gerðar með mismunandi aðferðum. Ekki er ólíklegt að könnun Jónbjörns Pálssonar sé einna sambærilegust könnun hringormanefndar (1980—81) og mismunur á niðurstöðum þessarra tveggja kannana er ekki tölfræðilega marktækur. Það hafa ekki verið færðar óyggjandi sannanir fyrir aukningu hringorma í þorski hér við land þótt vandamál fiskiðnaðarins vegna hringormasýkingar sé gífurlegt.



Mynd I. Lífsferill „selormsins“ er flókinn. Ormurinn verður kynþroska í sel og egg hans ganga niður af selnum með saur. Talið er að eggin berist í krabbadýr og klekist þar út, berist í fiska þegar fiskarnir éta krabbadýrin og síðan í sel þegar selur étur fiskinn. Hringormanefnd einblínir á selinn sem orsakavald hringorma í fiski, en „gleymir“ hinum hluta lífsferilsins. Mjög lítið er vitað um þau krabbadýr sem hringormurinn notar sem millihýsla, en þau dýr verður þorskurinn að éta til að í hann berist ormur.



Mynd II. Úr skýrslu Erlings Haukssonar, febr. 1982, bls. 28: Prósentvís sýking aldursflokka þorsks af selormslirfum í fiskholdi. Svæðaskiptingin er sýnd á mynd III. O merkin sýna sýkingu við Suðurland, en þar er fullorðinn þorskur mun minna sýktur en annars staðar við landið, þrátt fyrir mikinn fjölda sela, sjá svæði 7 á næstu mynd. ■ og * eru merki á Austur- og Norðausturlandi. Hringormasýking þar er svipuð og á öðrum hafsvæðum, þrátt fyrir að þar sé mun minna af sel en annars staðar við landið (sjá næstu mynd). Heila línan sýnir prósent sýkingu aldursflokka af þorski á Íslandsmiðum, en hringormasýking eykst með aldri upp í 4—5 ára en minnkar þá, líklega vegna gangna hringormalausra þorska frá Grænlandi. Ef enginn grænlenskur fiskur gengur til landsins og aðeins veiðist íslenskur, sýktur fiskur þá ætti hringormasýking að fylgja brotnu línunni. Það, hversu mikill hringormur er í afla íslenskra skipa, er háð stærð þorskanna í aflanum og hvort fiskurinn er af íslenskum eða grænlenskum uppruna. Á hvoru tveggja geta orðið sveiflur sem koma fram í breyttri hringormatíðni án tillits til fjölda sela við landið.



Mynd III. Útbreiðsla landsels og útsels við strendur landsins.

Nd. 974. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. l. nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur athugað málið á mörgum fundum og haft samráð við ýmsa sérfræðinga. Nefndarmenn ræddu ýmsar breytingar á frv. sem til greina gátu komið. Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi formanna fjögurra stjórnmálaflokka frá síðasta þingi og efnislegum breytingum á frv. varð ekki komið við þar eð samkomulag náðist ekki. Nefndarmenn lýsa því hins vegar yfir fyrir hönd flokka sinna að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram á næsta haustþingi. Nefndinni vannst heldur ekki tími til þess að ræða til þrautar tilhögun persónukjörs. Það verður með sama hætti rætt á milli þinga.

Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 222 með tveimur breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Halldór Blöndal.	Svavar Gestsson.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 975. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 1. gr. 4. töluliður falli brott.
2. Við 41. gr. Önnur málsgrein falli brott.

Sþ. 976. Nefndarálit [289. mál]

um till. til þál. um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar.

Í nefndinni varð hins vegar nokkur umræða um ýmis atriði í greinargerð flm. með till. einkum þau að gert er ráð fyrir að læknir, sem skoðar brotaþola, sé kona, svo og rannsóknarlögreglumaður sá er yfirheyrir hann, og einnig er gert ráð fyrir að lögreglu sé skylt að benda brotaþola á aðstoð Kvennaathvarfs. Ekkert þessara þriggja atriða getur átt við nema brotþoli sé kona og einungis sé þess kostur og þess sé óskað.

Tillagan tekur til allra nauðgunarmála og því verður að gera ráð fyrir að réttur þeirra, sem fyrir kynferðislegu ofbeldi verða og varðar 203. gr. hegningarlaga, sé einnig tryggður á sama hátt, þ. e. að læknir og lögreglumenn, sem annast mál þeirra, séu þá sama kyns og brotaþoli, sé þess óskað. Nefndin telur eðlilegt að þannig sé skipað til starfs í tilvikum sem þessum þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga um jafnrétti karla og kvenna, nr. 78/1976.

Alþingi, 17. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, frsm.
Þorsteinn Pálsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 977. Nefndarálit [349. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. var andvígur því ákvæði sem hér er breytt en hreyfir ekki andmælum við þessari breytingu.

Alþingi, 17. maí 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Halldór Blöndal.	Þorsteinn Pálsson.	

Nd. 978. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. l. nr. 39/1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Stefán Valgeirsson, formaður bankaráðs, Friðjón Þórðarson, Helgi Seljan, Stefán Pálsson bankastjóri, Jón Adolf Guðjónsson bankastjóri, Leifur Kr. Jóhannesson framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda komu á fund nefndarinnar.

Alþingi, 17. maí 1984.

Páll Pétursson, form., með fyrirvara.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 979. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. l. nr. 31/1963, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. maí 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson, frsm.
Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.	Friðrik Sophusson.

Sþ. 980. Nefndarálit [335. mál]

um till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Atvinnumálanefnd hefur m. a. fengið til fundar við sig um þetta mál forsvarsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. og lögð hefur verið fram í nefndinni greinargerð um arðsemisreikninga sem unnir hafa verið af stjórn Kísilmálmvinnslunnar.

Af þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, er ljóst að mikið hefur verið unnið í fyrirtækinu við að kanna rekstrargrundvöll þess og ýmislegt bendir til þess að fyrirtæki þetta geti reynst arðvænlegt þó að um markaðsmál, eignaraðild og orkuverð ríki vissulega nokkur óvissa á þessu stigi málsins. Jafnframt hefur verið upplýst að í gangi séu samningaumleitanir við erlenda aðila um hlutdeild í fyrirtækinu.

Ljóst er að næsta verkefni, sem liggur fyrir, er að ganga úr skugga um samstarfsvilja hinna erlendu aðila og ljúka samningum við þá, eða innlenda aðila, enda náist viðunandi samningar sem staðfestir verði af Alþingi, — svo og að markaðsmál verði athuguð betur og hvernig að þeim verði staðið.

Minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á að að þessu verki verði unnið einmitt nú og vill með breytingartillögu sinni ítreka þetta, og að samningar um eignaraðild verði lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar. Að staðfestum slíkum samningum er fyrst komið að því að taka ákvarðanir um að hefja byggingu verksmiðjunnar, og því ekki um verulega fjárþörf að ræða fyrr en þá.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er verulegur og eðlilegt og rétt að lokaákvörðun Alþingis í málinu varðandi fjárframlög ríkisins, ríkisábyrgð á lánum og ákvörðun um framkvæmdir sé tekin þegar endanleg mynd liggur fyrir, í formi samnings við aðra eignaraðila, og greinargerð um markaðsmálin.

Minni hl. álítur að áður en Alþingi samþykkir að reisa verksmiðjuna verði þessir þættir að liggja ljósir fyrir og það sé bæði óeðlilegt og óvarlegt af Alþingi að taka ákvörðun um að heimila framkvæmdir og opna fyrir heimildarákvæði í lögum þar að lútandi, svo og heimild um 200 millj. kr. hlutafé frá ríkissjóði og ríkisábyrgð fyrir 300 millj. kr. láni, áður en gerð hefur verið fullnægjandi grein fyrir þessum þáttum á Alþingi.

Minni hl. telur að málsmeðferð sú, sem lögð er til í breytingartillögu hans, sé eðlileg og tefji ekki fyrir framkvæmdum því að upplýst hefur verið í nefndinni að engar líkur séu á að

þær hefjist fyrr en á næsta ári. Breytingartillagan miðar að því að þessi vinnubrögð verði viðhöfð og málinu þannig komið á eðlilega braut. Segja má því að þessi þingsályktunartillaga, sem flutt er af iðnaðarráðherra, sé óþörf og óeðlileg á þessu stigi málsins.

Tekið skal fram að hér eru ekki túlkuð sjónarmið annarra þingmanna Alþýðuflokksins í þessu máli.

Alþingi, 16. maí 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 981. Breytingartillaga [335. mál]

við till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar (JS).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leggja fyrir Alþingi, ef viðunandi niðurstaða fæst, samning ásamt greinargerð um stöðu markaðsmála og orkuverð til verksmiðjunnar.

Nd. 982. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

— Czizmouski, Waldemar Anton, f. 21. desember 1952 í Póllandi.
— Czizmouski, Jolanta Banach, f. 11. maí 1953 í Póllandi.

Nd. 983. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, sbr. lög nr. 5/1966, nr. 7/1978, nr. 8/1982, nr. 10/1982.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Pálmi Jónsson og Guðmundur Einarsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm. Guðrún Helgadóttir, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Ólafur Þ. Þórðarson. Stefán Guðmundsson.

Sþ. 984. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir, en efnislegar athugasemdir hefur þar ekki verið að finna.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Þorsteinn Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 17. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Eggert Haukdal.	Guðmundur H. Garðarsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 985. Breytingartillaga [28. mál]

við till. til þál. um afnám bílakaupafríðinda embættismanna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að felldar verði úr gildi þær reglur sem nú kunna að gilda gagnvart yfirmönnum ríkisstofnana, svo sem ríkisbanka og Framkvæmdastofnunar, um fríðindi hliðstæð þeim, er ráðherrar hafa notið varðandi bifreiðakaup.

Ed. 986. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að selja sem flest fyrirtæki sem ríkissjóður á hlutdeild að og það án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða að því er virðist. Ljóst dæmi um þetta er fyrirliggjandi frumvarp um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, en ríkið á nú um 27% af hlutafé bankans. Nær alltaf hefur verð greiddur arður af þessu hlutafé til ríkisins og hefur hann numið 5% á undanförnum árum. Þá hefur hlutaféð verið fært upp reglulega samkvæmt vísitölu, t. d. um 71% á árinu 1983.

Samstarf ríkisins og annarra hluthafa að bankanum hefur gengið vel og snurðulaust frá stofnun bankans fyrir röskum 30 árum og ekki hafa heyrst neinar kvartanir frá starfsmönnum bankans vegna þess. Þetta samstarf hefur verið bankanum til styrktar og ríkinu til gagns, m. a. hefur bankinn veitt stjórnvöldum margháttaðar upplýsingar um þróun lánamála og aðrar hagstærðir varðandi iðnaðinn í landinu á þessu tímabili. Þá hefur Iðnlánasjóður verið í vörslu Iðnaðarbankans frá stofnun bankans og nú liggur frumvarp fyrir Alþingi um að sameina Iðnrekstrarsjóð Iðnlánasjóði. Starfsemi Iðnrekstrarsjóðs varðar

iðnþróun í landinu þar sem sjóðnum er ætlað að veita styrki og áhættulán, svo og ábyrgðir vegna nýmæla og þróunarstarfsemi í iðnaði. Það er tvísýnt að leggja vörslu slíks fjármagns í hendur einkabanka og mælir það með öðru gegn þessu frumvarpi um sölu á hlut ríkisins í Iðnaðarbankanum.

Ekki er hægt að fallast á að sölustefna núverandi ríkisstjórnar sé markmið í sjálfu sér og taka ber afstöðu til aðildar ríkisins að fyrirtækjum og atvinnurekstri hverju sinni. Engin efnisleg rök hafa komið fram af hálfu þeirra sem flytja þetta frumvarp um sölu á hlutabréfum, og engin leið er að fallast á hagkvæmni þess að selja hlutabréf í banka sem er í góðu gengi og gefur arð og lofar góðu í framtíðinni.

Minni hl. iðnaðarnefndar leggur því til að frumvarp þetta verði fellt en áskilur sér rétt til að standa að og fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 17. maí 1984.

Karl Steinar Guðnason, fundaskr.
Skúli Alexandersson, frsm.

Ed. 987. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til viðræðna Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.
Karl Steinar Guðnason, fundaskr.
Davíð Aðalsteinsson.
Stefán Benediktsson.
Lárus Jónsson.
Egill Jónsson.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.

Ed. 988. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. l. nr. 31 27. apríl 1963.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta tengist frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Undirritaðir eru andvígir þeirri sölu á hlut ríkisins í bankanum og því einnig mótfallnir þeirri breytingu á lögum um bankann sem felst í þessu frumvarpi og leggja til að það verði fellt.

Alþingi, 17. maí 1984.

Karl Steinar Guðnason,
Skúli Alexandersson,

Sþ. 989. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Með flutningi þessarar þáltill. er enn hreyft afar mikilvægu máli þar sem er eldi dýrra fisktegunda í sjó. Í þáltill. er hins vegar, að mati minni hl. nefndarinnar, blandað saman gjörólíkum hlutum með því að taka inn eldi í þorski, ufsa og slíkum tegundum. Að mati minni hl. er útilokað að eldi af því tagi geti borgað sig, og gerir hvergi hér á Vesturlöndum, nema um alveg einstaka og sérstaka afmarkaða smámarkaði sé að tefla.

Að mati minni hl. er nauðsynlegt að aðskilja þessa þætti og leggja fyrst og fremst áherslu á eldi dýrra tegunda í sjó eða söltu vatni með tilstyrk jarðvarma og notkun hvers kyns fóðurs sem nærhendis er úr sjávarútvegi. Mikil reynsla er til í slíku eldi, ekki síst í Noregi.

Minni hl. leggur áherslu á að hér getur verið um stórkostlegan auðgefandi og öruggan atvinnuveg að ræða ef rétt er að staðið, en til þess þarf að leggja í þetta verkefni verulegar fjárhæðir. Þær skila sér margfaldlega til baka.

Minni hl. telur að:

1. flytja þurfi frv. að heildarlöggjöf í þessum efnum í stað þáltill.,
2. slíkt eldi verði undir sjávarútvegsráðuneyti,
3. að strax verði hafist handa því að hafi verið þörf á viðbót arðsamrar atvinnugreinar þá er það nú nauðsyn.

Minni hl. getur ekki stutt þingsályktunina óbreytta en metur mikils áhuga flm. og annarra þeirra sem hreyft hafa slíkum málum fyrr, en metur þó mest framtak þeirra, sem hafist hafa handa.

Meiri hl. nefndarinnar hefur lagt til að till. sé vísað til ríkisstjórnarinnar og vonast undirritaður til að hún gefi gaum þeim tillögugreinum sem fjalla um eldi á dýrum fisktegundum.

Alþingi, 17. maí 1984.

Garðar Sigurðsson.

Sþ. 990. Breytingartillaga [106. mál]

við till. til þál. um landnýtingaráætlun.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast nú þegar til um að undirbúningi og vinnu við landnýtingaráætlun verði hraðað. Við gerð slíkrar áætlunar verði lögð áhersla á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Gerð verði kostnaðaráætlun um landnýtingarskipulag sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um framkvæmdahraða.

Sþ. 991. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi tillögu um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum og á hvern hátt megi breyta skattheimtu að öðru leyti og spara og hagræða í ríkisrekstrinum til að ná þessu markmiði án þess að minnka þjónustuna.

Greinargerð.

Nefndin hefur fjallað um 267. og 270. mál og orðið ásátt um að afgreiða bæði málin á þann hátt að hún flytur sjálfstæða till. til þál. er tekur á efni beggja tillagnanna.

Fjarverandi þessa afgreiðslu í nefndinni var Þorsteinn Pálsson.

Sþ. 992. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um landnýtingaráætlun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir eldri umsagnir en einnig fengið umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Reykjavík, 17. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.
Guðrún Helgadóttir.	Eggert Haukdal.	Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 993. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Fram hafa komið ábendingar um hættu á of miklum innflutningi á kartöflum og grænmeti sem gæti bitnað á innlendum framleiðendum verði innflutningur gefinn frjáls. Því telja nefndarmenn mikilvægt að skýr og ótvíræð ákvæði verði sett í reglugerð um viðurlög við sölu og dreifingu innfluttra kartaflna og grænmetis fullnægi innlend framleiðsla eftirspurn. Þrátt fyrir frjálsan innflutning á þessum vörutegundum telja nefndarmenn mikilvægt að ötullega verði unnið að því að efla og bæta innlenda framleiðslu með markvissum hætti.

Alþingi, 17. maí 1984.

Eyjólfur Konráð Jónsson, fundaskr.	Kolbrún Jónsdóttir, frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 994. Breytingartillaga [71. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (EKJ, KolJ, SDK).

1. 1.—3. gr. falli brott og 4. gr. verði 1. gr.
2. 5.—7. gr. falli brott og 8. gr. verði 2. gr.

Ed. 995. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, enda er það með öllu óverjandi að sölulaun séu tekin af öðru en söluverðmæti varnings, sama hverrar tegundar hann er.

Alþingi, 17. maí 1984.

Kolbrún Jónsdóttir, frsm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 996. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar komu fram tvö atriði sem ástæða er til að lagfæra í því frv. sem hér er til afgreiðslu. Eru fluttar um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

1) Þess eru dæmi að óeðlilegur dráttur verði á greiðslu lífeyris og þó sérstaklega á leiðréttingu á greiðslu lífeyris. Undirrituðum er til að mynda kunnugt um dæmi þess að slík leiðrétting hafi dregist á sjötta ár. Í þessu dæmi fylgdi sjóðurinn þeirri aðferð að greiða leiðréttinguna án verðtryggingar, en það svaraði til þess að elsti hluti leiðréttingarinnar var greiddur með 10 aura virði fyrir hverja krónu sem vangreidd hafði verið 5½ ári áður. Þetta er vitaskuld óhæft með öllu. Því er flutt breytingartillaga um verðtryggingu á vangreiddum lífeyri.

2) Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið varðandi 1. gr. er með lagafrumvarpinu gert ráð fyrir að einhverjir sjóðfélagar hljóti lakari lífeyrisrétt en þeir nú eiga. Hér verður því greinilega að fara fram með gát, hvort heldur núverandi reglur um lífeyrisrétt þykja réttlátar eða ekki. Einfalt er að taka dæmi um að aldraður opinber starfsmaður, sem sé í þann mund að fara á eftirlaun, verði fyrir 25% skerðingu á lífeyrisgreiðslum við samþykkt þessa lagafrumvarps í óbreyttri mynd. Slík röskun á högum verður að teljast mjög tilfinnanleg, einkum og sér í lagi þegar hún gerist fyrirvaralaust með öllu.

Af þessum ástæðum er flutt breytingartillaga á sérstöku þingskjali um ákvæði til bráðabirgða, sem tryggi um sinn rétt þess fólks sem annars yrði fyrir röskun á högum sínum með samþykkt lagafrumvarpsins í óbreyttu formi.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykkt þessu áliti.

Alþingi, 17. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson, frsm.

Nd. 997. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Á eftir 7. gr. komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:
   Við 20. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Verði óeðlilegur dráttur á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris skal lífeyrissjóðurinn greiða það sem á vantar með verðtryggingu. Skal verðtryggingin miðuð við hækkun á lánskjaravísitölu frá þeim tíma er upplýsingar, sem rétt lífeyrisgreiðsla byggist á, hefðu fyrst getað komið í hendur sjóðsins og til þess tíma er greiðsla fer fram.
2. Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Þeir, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri ákvæðum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum. Það telst ekki skapa rétt skv. eldri lögum í þessu sambandi að starfshlutfall sjóðfélaga hækki eftir að 5 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.

Nd. 998. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðtals Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Bjarna Guðmundsson aðstoðarmann landbúnaðarráðherra og Tryggva Gunnarsson lögfræðing.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það kemur frá efri deild.

Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr., með fyrirvara.	Bjarni Guðnason.
Eggert Haukdal.	Halldór Blöndal.	Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 999. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðtals við sig Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Bjarna Guðmundsson aðstoðarmann landbúnaðarráðherra og Tryggva Gunnarsson lögfræðing.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það kemur frá efri deild.

Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr., með fyrirvara.	Halldór Blöndal.
Eggert Haukdal.	Bjarni Guðnason, með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 1000. Nefndarálit [111. mál]

um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Á fjörutíu ára tímabili, eða frá stofnun lýðveldisins, hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er hæpin afmælisgjöf að efna til þess að þjóðin skiptist í tvær stríðandi fylkingar. Vitað er að hver sem niðurstaðan yrði af slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu teldi sá aðili sem tapaði að ekki bæri að fara eftir niðurstöðunni. Vísast í því sambandi til ræðu Jóns Magnússonar, varaþingmanns og formanns Neytendasamtakanna, þar sem hann segir í þingræðu, er hann mælti fyrir frv. til l. um breyt. á áfengislögum þess efnis að Alþingi heimili framleiðslu og sölu á áfengu öli á innlendum markaði:

„Jafnvel þó að meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans. Ég byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa, þá eigi meiri hlutinn ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilja hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumunstur almennings og ég álít að varðandi það atriði eigi meiri hlutinn ekki endilega að geta sagt minni hlutanum fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hlutans fyrir skoðunum og vilja minni hlutans sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa. Af því sem hér er rakið tel ég því skynsamlegt að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu."

Á öðrum stað í sömu ræðu víkur Jón að skyldum þingmanna og vandkvæðunum á því að bera undir þjóðaratkvæði allar breytingar á áfengislöggjöfinni. Hann segir:

„Nú liggur fyrir Sþ. till. til þál., 111. mál, þskj. 138, um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Án þess að ég vilji leggja flm. þeirrar till. orð í munn hygg ég að viðhorf þeirra séu að þoka málinu áfram þannig að út af fyrir sig ætti ekki að vera ágreiningur á milli okkar, sem flytjum þetta frv. og flm. þáltill. Hér er ekki verið að neita þjóðaratkvgr., en á það bent, að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að ráða fram úr málum með því að láta fara

fram þjóðaratkvgr. um þau mál sem eru einhver feimnismál eða ef þm. óttast að einhver hluti kjósenda þeirra felli sig illa við afstöðu þeirra. Ef öll ákvæði um framkvæmd áfengismála ættu að vera samkvæmt þjóðaratkvgr. gæti orðið tafsamt með úrbætur sem reynslan sýndi að þyrfti að gera.

Í þessu sambandi bendi ég á ummæli úr kafla úr áramótabréfi áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að við kjósum alþm. til að setja okkur lög, m. a. áfengislög, og þeim ber að axla þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar.“ “

Hér kemur það fram að bæði þeir, sem vilja áfengt öl og þeir sem eru andvígir tilslökunum, ætlast til þess hugrekkis af þingmönnum að þeir taki beina efnislega afstöðu til mála á Alþingi. Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu eru alþingismenn að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli.

Undirritaðir nefndarmenn eru reiðubúnir til að taka efnislega afstöðu í þessu máli, enda liggur fyrir þinginu frv. til laga um þetta málefni.

Með vísan til framanritaðs, leggja eftirtaldir nefndarmenn til að tillagan verði felld.

Þorsteinn Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson, form. — Guðmundur H. Garðarsson, frsm. — Eggert Haukdal.

Nd. 1001. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Bjarni Guðnason og Kristín S. Kvaran voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm. — Birgir Ísl. Gunnarsson. — Ólafur Þ. Þórðarson.

Hjörleifur Guttormsson. — Ólafur G. Einarsson.

Nd. 1002. Lög [70. mál]

um tóbaksvarnir.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 897 (sbr. 750).

Sþ. 1003. Breytingartillaga [111. mál]

við till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar (StB, GHelg, JS).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fram fari almenn atkvæðagreiðsla um framleiðslu og sölu áfengs öls.

Spurning sú sem borin verður undir atkvæði verði við það miðuð að ölið verði aðeins selt í útsölum Á. T. V. R. og á vínveitingastöðum og styrkleiki þess verði ekki meiri en 4,5% af vínanda að rúmmáli.

Atkvæðagreiðslan fari fram við næstu almennar kosningar.

Nd. 1004. Lögræðislög [83. mál]

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 936 (sbr. 88).

Nd. 1005. Lög [62. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 657 (sbr. 67).

Nd. 1006. Lög [314. mál]

um sjúkraliða.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 622.

Nd. 1007. Ljósmæðralög [315. mál]

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 768 (sbr. 623).

Nd. **1008. Lög** [212. mál]

um breyting á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 775.

Nd. **1009. Lög** [81. mál]

um breyting á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 806.

Nd. **1010. Lög** [319. mál]

um kvikmyndamál.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 805.

Nd. **1011. Lög** [55. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 857.

Ed. **1012. Nefndarálit** [123. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Sigurður E. Guðmundsson og Jóhann Einvarðsson komu á fund í nefndinni og veittu upplýsingar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 18. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir. Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Nd. 1013. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. maí 1984.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., frsm.	Bjarni Guðnason.
Friðrik Sophusson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Ólafur G. Einarsson.

Guðrún Helgadóttir.

Ed. 1014. Nefndarálit [354. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1979, um landflutningasjóð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Árni Johnsen og Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi, 17. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Valdimar Indriðason.	Skúli Alexandersson.	

Ed. 1015. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Minni hl. félagsmálanefndar harmar þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við afgreiðslu þessa þýðingarmikla stórmáls. Enginn tími hefur gefist til nefndarstarfa, sem stafar af því að félagsmálanefnd Nd. hafði ekkert samráð við nefndina í Ed. Slíka hraðafgreiðslu átelur minni hl. harðlega.

Undirritaðir vilja þó ekki í neinu hindra framgang þessa frv. þar sem fjölmörg atriða horfa þar til bóta.

Víða er þó um fögur fyrirheit ein að ræða sem allsendis óljóst er um efndir á nú og í náinni framtíð. Fjármögnunarhliðin er hvergi nærri tryggð sem skyldi og þyrfti. Minni hl., eða einstakir nefndarmenn minni hl., munu freista þess að ná fram breytingum þeim á frv. sem taldar eru brýnastar.

Ekki er unnt að gera þessu máli nein viðhlítandi skil á svo skömmum tíma. Í nefndaráliti skal aðeins stiklað á áhersluatriðum, auk þess sem undirritaðir leggja áherslu á fjármögnunarþáttinn og betri tryggingu hans.

Vægi félagslegra íbúðabygginga í húsnæðiskerfinu verði stóraukið. Öflugur stuðningur verði veittur þeim sem nýrra leiða leita í húsnæðismálum, s. s. húsnæðissamvinnufélögum.

Viðbótaraðstoð við hinn almenna húsbyggjanda verði tryggð sem allra best, þar taki bankarnir á sig sína eðlilegu hlutdeild og þáttur lífeyrissjóðanna samræmdur húsnæðiskerfinu sem best.

Að öðru leyti áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja saman eða sjálfstætt einstakar breytingartillögur. Karl Steinar Guðnason er samþykkur þessu áliti minni hl.

Alþingi, 18. maí 1984.

Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1016. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Helga Seljan, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Stefáni Benediktssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Fjárhæð láns má nema allt að 80% endurbótakostnaðar, enda tryggi ríkisstjórnin fjármagn fyrir að mjnnsta kosti helmingi kostnaðar við þennan lánaflokk með sérstökum aðgerðum til orkusparnaðar. Lán skv. þessari grein má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.
2. Við 30. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Þó skal aldrei taka vexti af lánunum skv. 5. og 6. tl. 11. gr. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.
3. Við 49. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna eru 0,5%.
4. Við 51. gr. Þar sem stendur „80%“ í síðustu mgr. komi: 90%.

Ed. 1017. Breytingartilögur [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Karli Steinari Guðnasyni, Helga Seljan, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 9. gr.

a) 2. tl. orðist svo:
   Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemur ⅔ hlutum af innheimtum launaskatti.

b) Á eftir 2. tl. komi nýr tl. er verði 3. tl. og orðist svo:
   Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og á fjárlögum ár hvert nemi 40% af fjármagnsþörf sjóðsins.

Ed. 1018. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Karli Steinari Guðnasyni, Helga Seljan, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra skal skipa nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun varðandi byggingu leiguíbúða og semja frumvarp til laga um búseturéttarákvæði og kaupleigusamning. Stefnt verði að því að slíkt frumvarp verði lagt fram í byrjun næsta þings.

Ed. 1019. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið fulltrúa flestra aðila er málið varðar til viðræðna. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. maí 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Kolbrún Jónsdóttir, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.	Egill Jónsson.	Jón Kristjánsson.
	Árni Johnsen.	

Ed. 1020. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 16. gr. Í stað orðsins „Ráðuneytinu“ í 3. mgr. komi: Ríkismat sjávarafurða.

2. Við 16. gr. Aftan við 3. mgr. komi: Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjávarútvegsráðherra og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.
3. Við 16. gr. 4. mgr. orðist svo: Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfa.
4. Við 18. gr. Í stað orðanna „taka þátt í yfirmati“ í 2. mgr. komi: fylgjast með yfirmati.

Ed. 1021. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frv. var breytt í meðförum neðri deildar í samkomulagsátt þannig að prósentuhlutfallið var hækkað úr ¼% í ½% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

Þó að undirritaðir nefndarmenn telji að það sé varhugavert af Alþingi að setja löggjöf sem skerðir einhliða tekjustofna sveitarfélaganna fallast þeir á þessa breytingu til samkomulags. 2. minni hluti leggur því til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá neðri deild.

Alþingi, 18. maí 1984.

Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.	Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. 1022. Nefndarálit [291. mál]

um till. til þál. um varnir vegna hættu af Skeiðarárhlaupum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og samþykkt að leggja til að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til nánari umfjöllunar og afgreiðslu.

Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1984.

Lárus Jónsson, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Árni Johnsen.
Friðjón Þórðarson.	Þórarinn Sigurjónsson.	Kristín Kvaran.
Helgi Seljan.	Karvel Pálmason.	Kristín Halldórsdóttir.

Ed. 1023. Breytingartillögur [82. mál]

við frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. a) Heiti II. kafla verði: **Stjórn stofnunarinnar.**
   b) Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Komi upp vandi við mat og útflutning sjávarafurða sem er faglegs og/eða viðskiptalegs eðlis er ráðherra heimilt að leita ráðgjafar hjá mönnum utan ráðuneytis og Ríkismats sjávarafurða, telji hann þess þörf.
2. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Skrifstofa Ríkismats sjávarafurða annast almenn skrifstofustörf, fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og o. s. frv.

3. Við 6. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Ríkismat sjávarafurða starfar í þremur deildum, afurðadeild, ferskfiskdeild og hreinlætis- og búnaðardeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, samkvæmt umsögn fiskmatsstjóra, forstöðumann fyrir hverja deild.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Hreinlætis- og búnaðardeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa. Enn fremur annast deildin útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.
5. Við 10. gr. 4. málsgr. falli niður.
6. Við 11. gr. 2. málsgr. falli niður.
7. Við 14. gr. 3. málsgr. falli niður.
8. Við 20. gr.
   a) Orðin: „sé þess óskað“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. falli niður.
   b) Í stað orðsins „fiskmatsráði“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Ríkismati sjávarafurða.
   c) 2. mgr. falli niður.
9. Við 22. gr. Í stað fyrri málsl. komi: Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits sker yfirmatsmaður úr. Heimilt er að vísa slíkum ágreiningi til forstöðumanna deilda og fiskmatsstjóra.
10. Á eftir 23. gr. komi ný gr. sem verði 24. gr. og orðist svo:
    Fiskmatsstjóri, forstöðumenn deilda, fulltrúar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.
11. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Ed. 1024. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju og mælir með samþykkt frv. eins og það kemur frá neðri deild.

Alþingi, 18. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Jón Kristjánsson.	Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Sþ. 1025. Nefndarálit [111. mál]

um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt till. með breytingum er lúta að styrkleika og dreifingu ölsins.

Alþingi, 18. maí 1984.

Stefán Benediktsson, fundaskr., frsm. Guðrún Helgadóttir. Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 1026. Nefndarálit [316. mál]

um frv. til l. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. maí 1984.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm. Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. Bjarni Guðnason.

Friðrik Sophusson. Ólafur G. Einarsson. Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 1027. Breytingartillaga [316. mál]

við frv. til l. um tannlækningar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Bjarna Guðnasyni.

Við 3. gr. Orðin „Tannlæknafélagi Íslands og“ í 2. málsl. 2. mgr. falli niður.

Ed. 1028. Frumvarp til laga [369. mál]

um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 106 löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur heimili sitt og varnarþing á Akranesi. Hún getur haft rekstur annarsstaðar eftir ákvörðun stjórnar verksmiðjunnar.

Verksmiðjan er í eigu ríkissjóðs en starfar sem sjálfstæð stofnun innan ríkisheildarinnar. Hún lýtur sérstakri stjórn eftir lögum þessum, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Sementsverksmiðju ríkisins er að framleiða, dreifa og selja sement, sem framleitt er úr innlendum og erlendum hráefnum, fyrir innlendan og erlendan markað.

Ennfremur annast verksmiðjan námarekstur og hráefnaöflun eftir þörfum. Heimilt er henni að annast rannsóknir og þróunarverkefni, svo og efnavinnslu, sem tengd er framleiðslu og sölu sements.

3. gr.

Stjórn Sementsverksmiðjunnar skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn.

Iðnaðarráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna, formann stjórnarinnar og annan sem varaformann. Sjálf kýs stjórnin sér ritara úr sínum hópi.

4. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur með höndum alla stjórnun og rekstur fyrirtækisins svo og framkvæmdir þess og undirbúning þeirra.

Verksmiðjustjórninni er heimilt að taka lán til reksturs og framkvæmda og tekur ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum fyrirtækisins. Þó skal jafnan leita samþykkis ráðherra ef fé er tekið að láni til stofnkostnaðar, nema að heimild til lántökunnar hafi verið veitt í fjárlögum eða með sérstakri lagaheimild. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

5. gr.

Við Sementsverksmiðju ríkisins skulu starfa tveir framkvæmdastjórar, sem verksmiðjustjórnin ræður. Annar þeirra fer með viðskiptamál fyrirtækisins og veitir því forstöðu í fjárhagslegu tilliti. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagrænum fræðum eða hafa sambærilega menntun. Hinn framkvæmdastjórinn fer með stjórn tæknilegra málefna

verksmiðjunnar, þar á meðal stjórnun framleiðslu hennar. Skal hann hafa lokið verkfræðiprófi eða annarri sambærilegri tæknimenntun. Báðir framkvæmdastjórar hafa prókúruumboð fyrir fyrirtækið.

6. gr.

Framkvæmdastjórar annast í umboði verksmiðjustjórnarinnar, allan daglegan rekstur verksmiðjunnar og sitja þeir stjórnarfundi og eiga þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Sementsverksmiðjunnar kveður nánar á um skyldur framkvæmdastjóra í erindisbréfum.

7. gr.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikningshalds verksmiðjunnar. Getur ríkisendurskoðandi ákveðið að fela sjálfstæðu endurskoðunarfyrirtæki að annast þá þjónustu og greiðir Sementsverksmiðjan allan kostnað af endurskoðunarstörfum.

8. gr.

Verksmiðjan er undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema fasteignaskatti og landsútsvari, eftir lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skulu reikningar sendir iðnaðarráðherra að lokinni endurskoðun, áritaðir af stjórn, framkvæmdastjórn og ríkisendurskoðanda. Reikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Skylt skal Sementsverksmiðju ríkisins að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra að starfsemi verksmiðjunnar valdi tjóni á umhverfi sínu og fullnægja skal hún reglum um öryggi starfsmanna og vernd á heilsu þeirra á vinnustað. Skal þess gætt, að framkvæmdir og rekstur verksmiðjunnar sé í samræmi við gildandi lög um hreinlæti á vinnustað og þá staðla, sem settir eru samkvæmt því. Ennfremur skal þess ætíð gætt, að öll starfsemi á vegum verksmiðjunnar sé í samræmi við núgildandi og síðari lög um mengunarvarnir og náttúruvernd.

10. gr.

Við Sementsverksmiðju ríkisins skal starfa samstarfsnefnd stjórnar verksmiðjunnar og starfsmanna hennar. Í nefndinni skulu eiga sæti báðir framkvæmdastjórar verksmiðjunnar og stjórnarformaður. Starfsmenn verksmiðjunnar kjósa úr sínum hópi þrjá fulltrúa í nefndina. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samstarf verksmiðjunnar og starfsliðs hennar, gera tillögur um aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsmanna og veita ábendingar sem horfa til aukinnar hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

11. gr.

Reglugerð um nánari rekstur og starfsemi verksmiðjunnar setur ráðherra að fengnum tillögum stjórnar verksmiðjunnar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948 ásamt nr. 7/1961.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. nóvember 1983 skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um Sementsverksmiðju ríkisins, og er lagafrumvarp þetta samið af

þeirri nefnd. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi til kynningar og verður lagt fram á ný í haust.

Í nefndinni áttu þeir sæti: Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Björgvin Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður.

Enn eru í gildi lög nr. 35/1948, með breytingum, sem gerðar voru með lögum nr. 7/1961, er varða í reynd einungis kjör stjórnarmanna. Lögin frá 1948 eru nánast heimildarlög fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja sementsverksmiðju. Er því orðið tímabært að setja verksmiðjunni heildarlög um rekstur hennar og stjórnun. Áður hefur verið skipuð nefnd til þess að semja lög um Sementsverksmiðju og skilaði hún frumvarpi árið 1970. Ekki varð það frumvarp þó að lögum.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi fyrrgreind heimildarlög og setja fyrirtækinu varanlegan starfsgrundvöll. Er því í þessu lagafrumvarpi að finna ýmis nýmæli um rekstur og stjórnun, atriði er varða fjármál, öryggismál, heilbrigðiskröfur, ráðstafanir gegn mengun og önnur sambærileg efni.

Síðastliðið sumar voru liðin 25 ár, aldarfjórðungur, frá því að verksmiðjan tók til starfa og verður því að telja samningu frumvarps þessa mjög tímabæra ráðstöfun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein lagafrumvarpsins er réttarstaða fyrirtækisins skýrgreind. Er það gert með svipuðum hætti og nú er í gildandi lögum um ríkisstofnanir, sbr. t. d. 1. og 2. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands. Verður að telja brýna þörf á því að staða verksmiðjunnar í ríkiskerfinu sé skýrt afmörkuð. Þá þykir rétt að tilgreina heimilisvarnarþing fyrirtækisins, þannig að eigi fari milli mála hvar lögkröfur séu settar fram á hendur fyrirtækinu enda hefur það aðsetur og rekstur í fleirum en einu lögsagnarumdæmi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins í samræmi við þær horfur, sem eru á starfsemi þess í framtíðinni.

Ljóst er að aðalverkefni fyrirtækisins er að framleiða sement. En vissulega er og verður nauðsynlegt að verksmiðjan annist flutning á framleiðslu sinni, einkum ósekkjuðu sementi. Þá þykir rétt að hafa í lögunum heimild fyrir verksmiðjuna til þess að afla sér hráefna til framleiðslunnar, innanlands og utan. Námarekstur fer nú fram á vegum verksmiðjunnar, þar sem er líparitnáman í Hvalfirði. Heimild til efnavinnslu tengda sementsframleiðslunni myndi t. d. ná yfir framleiðslu annarra efna en sementi úr hráefnum verksmiðjunnar. Auk þess kæmi til álita að framleiða önnur efni eða vörur úr öðrum efnum, sem tengjast sementsnotkun. Óhjákvæmilegt er að hafa heimild til þess, að á vegum verksmiðjunnar séu stundaðar rannsóknir, sem tengjast verksmiðjurekstrinum, bæði í því skyni að bæta gæði framleiðslunnar eða auka hana. Ekki er sú heimild á neinn hátt því til fyrirstöðu að verksmiðjan geti falið öðrum slíkar rannsóknir, svo sem t. d. Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eða öðrum sambærilegum stofnunum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn fyrirtækisins. Er þar um óbreyttar reglur að ræða frá því sem verið hefur síðan lög nr. 7/1961 voru samþykkt á Alþingi, nema að því er varðar kosningu varamanna. Svo og að kosning fari fram að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Í eldri lögum var ekki gert ráð fyrir kjöri varamanna, en ástæða þykir til þess að bæta nú

úr því. Sama er að segja um stöðu formanns. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi formann, eins og verið hefur, en nú er ennfremur gert ráð fyrir því að framvegis verði skipaður varaformaður úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Nýmæli er það í lögunum að stjórnin kjósi sér sjálf ritara en í reynd hefur málum verið skipað með þeim hætti um langt skeið.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir fyrirtækisins til lántöku innanlands og utan, til almennra þarfa og til stofnframkvæmda. Er svo frá gengið að ríkissjóður verði ekki skuldbundinn af lántökum vegna stofnkostnaðar, og er þar átt við meiriháttar framkvæmdir eða breytingar á mannvirkjum, nema samþykki ríkisstjórnar liggi fyrir á grundvelli fjárlaga eða almennra laga.

Um 5. gr.

Þessi grein geymir ákvæði um framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Er með þessu ákvæði staðfest það fyrirkomulag, sem í reynd hefur verið viðhaft í meira en áratug, að framkvæmdastjórar séu tveir. Fer annar þeirra með forstöðu fjármála og viðskiptamála en hinn með forystu um tæknimál og framleiðslustörf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Fram að þessu hefur endurskoðun verið svo háttað að sérstakur löggiltur endurskoðandi hefur annast almenna endurskoðun. Ennfremur hefur ráðherra skipað tvo endurskoðendur, sem endanlega ganga frá reikningum áður en þeir eru staðfestir af verksmiðjustjórn.

Hér er gert ráð fyrir, að Ríkisendurskoðun annist endurskoðunarstörf. Þá verður heimilt að ríkisendurskoðandi feli áfram löggiltum endurskoðanda að annast þessa þjónustu enda greiði verksmiðjan allan kostnað endurskoðunarstarfa.

Um 8. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórnin gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem verða má, enda ljúki endurskoðun fyrir apríllok ár hvert. Í greininni er skýrgreint í hvaða búningi reikningar skuli berast iðnaðarráðherra.

Um 9. gr.

Hér eru lagðar skyldur á verksmiðjustjórnina að gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til þess að hindra að verksmiðjureksturinn valdi tjóni á umhverfi sínu. Þá er lögboðið að gætt verði öryggis og hollustuhátta á vinnustað.

Um 10. gr.

Þess er að vænta að ávallt komi fram málefni, sem varða samskipti verksmiðjustjórnar og starfsmanna. Æskilegt er að hafa skýr ákvæði um hvernig með slík mál skuli fara og virðist æskilegt að koma á fót nefnd, sem fjalli um slík málefni. Verði hún ráðgefandi aðili m. a. um aðbúnað starfsmanna og öryggi þeirra á vinnustað og annað það, sem til heilla má horfa fyrir báða aðila.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 1029. Breytingartillögur [301. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgönguráðherra.

1. 15. gr. falli niður.
2. Á eftir 22. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði um atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. skulu taka gildi frá og með 1. janúar 1985.

Ed. 1030. Lög [265. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979 og lög nr. 44 11. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 504.

Ed. 1031. Lög [271. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 951.

Ed. 1032. Lög [327. mál]

um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 679.

Ed. 1033. Lög [328. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 680.

Nd. 1034. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um Tónskáldasjóð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Í nefndinni hefur komið fram að fyrirkomulag starfslauna listamanna sé til endurskoðunar. Með hliðsjón af því telur nefndin nauðsynlegt að afgreiða frv. með jákvæðum hætti og mælir með samþykkt þess í deildinni.

Alþingi, 18. maí 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson.	Bjarni Guðnason.
Kristín S. Kvaran.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ólafur G. Einarsson.
	Birgir Ísl. Gunnarsson.	

Nd. 1035. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 222 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
1. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:
Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag.

41. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 45/1961.

Sþ. 1036. Skýrsla

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga með ríkisaðild, er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins, árið 1983.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

FORMÁLI

Skýrsla sú, sem hér er lögð fram á Alþingi, er önnur í röðinni. Á síðast liðnu hausti var sams konar skýrsla lögð fram. Ég hef orðið var við, að þingmenn svo og aðrir aðilar hafa látið í ljósi áhuga á að slík skýrsla verði lögð reglulega fram á Alþingi.

Lögum samkvæmt fer iðnaðarráðherra með málefni ríkisfyrirtækja og flestra hlutafélaga með ríkisaðild á sviði iðnaðar- og orkumála. Í skýrslu þessari er Alþingi gerð grein fyrir starfsemi fyrirtækjanna, afkomu þeirra og fjárhagsstöðu. Einnig er leitazt við að meta rekstrarhorfur fyrirtækjanna. Þegar á heildina er litið var rekstur fyrirtækjanna arðvænlegri árið 1983 en var 1982, og horfur í rekstri nær allra fyrirtækjanna eru góðar á þessu ári.

7. maí 1984

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

Efnisyfirlit

Hitaveita Suðurnesja
Iðnaðarbanki Íslands h.f.
Íslenzka járnblendifélagið h.f.
Jarðboranir ríkisins
Jarðvarmaveitur ríkisins
Kísiliðjan h.f.
Kísilmálmvinnslan h.f.
Lagmetisiðjan Siglósíld
Landssmiðjan
Landsvirkjun
Orkubú Vestfjarða
Rafmagnsveitur ríkisins
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
Sementsverksmiðja ríkisins
Sjóefnavinnslan h.f.
Steinullarverksmiðjan h.f.
Þörungavinnslan

Hitaveita Suðurnesja.

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974.

Eignaraðild hitaveitunnar er þannig að 7 sveitarfélög á Suðurnesjum eiga samtals 60% og er skipting þeirra innbyrðis eftir höfðatölu sveitarfélaganna 1. desember 1974. Eignarhluti ríkisins er 40%.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1983.

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifingarkerfi er í öllum sveitarfélögunum en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ. e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn er selt var í lok ársins nam 27 342 lítrum á mínútu. Ekki er að vænta neinna verulegra breytinga í sölu umfram þetta magn. Búast má við um 3% aukningu í sölu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu.

Enn er unnið að endurbótum orkuvers og orkuöflunarbúnaðar í Svartsengi. Í Svartsengi er einnig unnið að byggingu kaldavatnsgeymis, sem væntanlega verður tekinn í notkun nú í vor. Í Eldvörpum var boruð 1265 m gufuhola með góðum árangri. Líkur benda til að hitinn í holunni sé um 240°C og gufan næg til að framleiða 20 MW raforku. Hola þessi var boruð í samvinnu við Landsvirkjun. Ekki er enn ráðið hvenær nýting gufunnar hefst.

Heildarfjárfestingar á árinu voru 34,7 mkr.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja batnaði verulega á árinu. Þannig varð rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda 95,5 mkr. í stað 3,4 mkr. á árinu 1982. Nettó fjármagnsgjöld voru 192,9 mkr., þannig að tap á rekstri Hitaveitu Suðurnesja varð 97,4 mkr. Skýringar á bættri stöðu fyrirtækisins er aðallega að leita í tekjuaukningu vegna fulltengingar Keflavíkurflugvallar.

Keflavíkurflugvöllur kaupir nú um það bil 15% meira vatnsmagn en hinar byggðirnar samtals.

Tekjur af raforkusölu voru 29 mkr. og var það góð búbót fyrir rekstur fyrirtækisins. Ætla má að raforkusala skili góðum arði á næstu árum, ef ekki kemur til óvæntra breytinga. Háþrýstigufa er notuð til að framleiða rafmagn í gufuhverfli. Nú eru þrír gufuhverflar í gangi og framleiða þeir samtals 8 MW. Orkuverið notar sjálft milli 1 og 2 MW. Önnur raforka, um 6 MW, er seld Landsvirkjun, sem aftur selur hana inn á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

Vert er að geta þess að nú hafa verið afskrifuð um 19% af heildarstofnkostnaði eða um 302 mkr. af 1 615 mkr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1983 kr.	1982 kr.
Rekstrartekjur	205 709 771	62 539 000
Rekstrargjöld	110 156 023	59 162 000
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(192 991 223)	81 699 000
Hagnaður (tap)	(97 437 475)	78 322 000
Eignir	1 366 166 622	894 320 000
Skuldir	1 243 703 717	751 465 000
Eigið fé	122 462 905	142 855 000

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1983 var 35 manns og hafði fjölgað um 5 á árinu.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1984.

Gert er ráð fyrir nokkurn veginn hallalausum rekstri á árinu 1984 að undanskildum afskriftum gengisjöfnunarreiknings.

Reiknað er með 37% hækkun tekna, en sú hækkun er að stórum hluta vegna samningsbundinnar hækkunar vatnsverðs til varnarliðsins. Gert er ráð fyrir 10% hækkun vatnsverðs til annarra notenda frá miðju ári 1984. Í undirbúningi er að setja upp heilsustöð í Svartsengi, en sérstakt hlutafélag stendur að þeim undirbúningi.

Áætlað er að leggja í framkvæmdir á árinu fyrir 33,2 mkr., er skiptist í stórum dráttum þannig:

	Mkr.
Gufuöflun	8,4
Rannsóknir	5,0
Kaldavatnsöflun	2,0
Dreifikerfi til nýrra notenda	10,7
Stofnæð í flugstöð	3,3

Ef litið er lengra fram í tímann, er gert ráð fyrir, að greiðslustaða Hitaveitu Suðurnesja verði góð á árinu 1985 en árin 1986—1988 verði erfið, þar sem þá koma til af fullum þunga afborganir af lánum. Eftir það er bjart framundan í rekstri Hitaveitu Suðurnesja.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins frá 30. marz 1984 til næstu þriggja ára eru Ólafur G. Einarsson, alþingismaður, skipaður af fjármálaráðherra, og Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra, skipaður af iðnaðarráðherra.

Fram að þeim tíma voru stjórnarmenn ríkisins Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur, og Kjartan Kristófersson, vélstjóri.

Á aðalfundi hitaveitunnar, hinn 30. marz 1984, voru kjörnir til þess að sitja í stjórn Hitaveitu Suðurnesja auk framangreindra: Jón K. Ólafsson, sveitarstjóri, formaður, Steindór Júlíusson, bæjarstjóri og Albert K. Sanders, bæjarstjóri.

Framkvæmdastjóri er Ingólfur Aðalsteinsson.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um Hitaveitu Suðurnesja og felur það í sér þær breytingar helztar á tilgangi Hitaveitu Suðurnesja, að fyrirtækið geti tekið að sér alla raforkuframleiðslu og dreifingu á starfssvæði þess.

Iðnaðarbanki Íslands h.f.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 113 frá 29. desember 1951 ásamt síðari breytingum. Bankinn hóf starfsemi í júní 1953. Iðnaðarbankinn er fyrsti hlutafélagsbankinn hérlendis (ef Íslandsbanki er undanskilinn). Eðlilegt þótti í upphafi að ríkið væri aðili að bankanum.

Í upphafi átti ríkið 46% hlutafjárins. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti sínum til hlutfallslegrar aukningar hlutafjáreignar, og hefur því hlutdeild ríkisins minnkað í 27%. Aðrir hluthafar eru iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og ýmsir einstaklingar. Hluthafar eru alls 1441 og hlutafé nemur samtals 38,4 mkr.

Rekstur Iðnaðarbankans h.f. 1983.

Rekstur Iðnaðarbankans gekk vel á árinu. Heildarinnlán jukust um 88,5%, en innlánsaukning allra viðskiptabankanna á árinu 1983 varð að meðaltali 80,3%. Í árslok námu heildarinnlán bankans 1 156 137 þús. kr. Heildarútlán bankans í lok ársins 1983 voru 1 062 233 þús. kr. án útlána veðdeildar. Jukust útlán um 109,9% á árinu.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga var hlutfallslega svipuð og árið áður. Hlutur iðnaðar og byggingarverktaka var um 51%.

Heildarútlán veðdeildar Iðnaðarbankans námu 282 538 þús. kr. og er það 121,7% aukning frá fyrra ári. Lántökur veðdeildarinnar hjá lífeyrissjóðum námu 91 382 þús. kr. á árinu samanborið við 49 979 þús. kr. árið 1982 og er það 82,2% aukning. Staða bankans gagnvart Seðlabankanum var í járnum og í árslok var lausafjárstaðan neikvæð um 49 600 þús. kr.

Tekjuafgangur til ráðstöfunar var 12 554 þús. kr. samanborið við 6 838 þús. kr. árið áður. Samkvæmt tillögu bankaráðs samþykkti aðalfundur að skipta honum þannig:

	Þús. kr.
Í skattalegan varasjóð	7 004
Frá varasjóði veðdeildar	309
Til varasjóðs bankans	1 953
5% arður til hluthafa	1 918
Yfirfært til næsta árs	1 988
Samtals	12 554

Arður til hluthafa er reiknaður af hlutafé bankans eins og það var í upphafi ársins 1983 að viðbættum jöfnunarhlutabréfum á árinu 1983. Í reikningum bankans er í fyrsta skipti reiknaður tekju- og eignarskattur samtals 14 697 þús. kr.

Meðalfjöldi starfsfólks við bankastörf var 150 samanborið við 129 árið 1982.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1983 þús. kr.	1982 þús. kr.
Rekstrartekjur	651 493	301 402
Rekstrargjöld	638 938	294 642
Hagnaður	12 554	6 838
Eignir	1 927 707	942 359
Skuldir	1 784 403	876 678
Eigið fé	143 303	65 681

Helztu þættir úr starfsemi bankans árið 1983 voru þessir:

Hinn 25. júní 1983 voru liðin þrjátíu ár frá því að Iðnaðarbankinn hóf starfsemi.

Þann 18. nóvember var opnað nýtt útibú við Réttarholtsveg, er það rekið undir sömu stjórn og Grensásútibú.

Bankinn hóf verzlun með erlendan gjaldeyri 7. desember 1983. Í því sambandi var gerður samningur við Útvegsbankann um samstarf við framkvæmd gjaldeyrisviðskipta.

Iðnaðarbankinn var stofnaðili að VISA ISLAND, sem er sameignarfélag fimm banka og þrettán sparisjóða. Tilgangur félagsins er að annast almenn greiðslukortaviðskipti innanlands og utan.

Önnur atriði.

Með bréfi, dags. 20. marz 1983, til bankastjórnar Seðlabankans lagði iðnaðarráðherra svo fyrir bankann að gefið skyldi út leyfi til Iðnaðarbankans um stofnun afgreiðslu í Glerárhverfi frá útibúi bankans á Akureyri.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um heimild til sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum. Söluverð bréfanna er 32 mkr. Ennfremur hefur verið lagt fram frumvarp um að framvegis heyri málefni Iðnaðarbankans undir viðskiptaráðherra.

Stjórn.

Bankaráðsmenn, sem iðnaðarráðherra skipaði á aðalfundi 26. apríl 1984, eru Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri og Sigurður Kristinsson, forseti Landssambands iðnaðarmanna. Frá aðalfundi 1983 til aðalfundar 1984 gegndu Sigurður Magnússon, rafvélavirki og Kjartan Ólafsson, sagnfræðingur þessum stöðum. Á aðalfundi 1984 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn bankans: Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Guðmundsson, rafverktaki og Sveinn Valfells verkfræðingur.

Bankastjórar eru Bragi Hannesson og Valur Valsson. Aðstoðarbankastjóri er Ragnar Önundarson.

Íslenzka járnblendifélagið h.f., Grundartanga.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18, 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45, 11. maí 1982 um breyting á þeim lögum. Íslenzka ríkið hefur frá upphafi átt 55% hlutafjárins, en Elkem a/s í Osló 45%. Félagið var stofnsett „til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur“ eins og segir í lögunum.

Kísiljárn er eins og nafnið bendir til blanda af kísil (silicum) og járni, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Kísiljárn frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Efni þetta er ómissandi íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu. Það er einnig notað við járnsteypu og lítillega til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi. Þar af tilnefnir iðnaðarráðherra fjóra stjórnarmenn, en Elkem þrjá.

Starfsemi.

Járnblendiverksmiðjan var reist á árunum 1977—1980. Framleiðsla hófst með einum bræðsluofni í maímánuði 1979, en síðari ofninn var gangsettur í september 1980.

Fyrstu árin í rekstri verksmiðjunnar einkenndust af góðum tæknilegum rekstri, en stórfelldum rekstrarörðugleikum er stöfuðu af lágu söluverði, sölutregðu og orkuskorti. Slæmt markaðsástand varði allt fram á árið 1983, en þá tók verulega að létta til í rekstri félagsins.

Á árinu 1983 var framleiðsla kísiljárns 50 131 tonn miðað við 75% efnisinnihald, en útflutningur 49 347 tonn, sem er 21% aukning í framleiðslu og 17% aukning í útflutningi frá fyrra ári. Tafir á afskipunum vegna óveðurs ollu því, að útflutningur ársins varð ekki enn meiri. Hvort tveggja framleiðsla og sala varð verulega meiri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, enda jókst eftirspurn eftir kísiljárni þegar leið á árið. Tæknilegur rekstur verksmiðjunnar gekk vel, og afköst voru mikil eftir að hún var sett í fullan gang. Framleiðsla síðari helming ársins varð um 29 þús. tonn.

Rekstur 1983.

Þótt mikil umskipti til hins betra hafi orðið í afkomu járnblendifélagsins á árinu 1983, var enn verulegur halli á rekstrinum eða 113,5 mkr., þar af voru fjármagnsgjöld 112,8 mkr. og afskriftir 127,8 mkr. Hallinn var rúmlega 60% af hallanum 1982 í beinum samanburði, en tæpl. 40% sé tekið tillit til verðbreytinga. Nær helmingur rekstrarhallans varð til á fyrsta ársfjórðungi, en rekstrarskilyrði bötnuðu eftir því sem á árið leið.

Starfsmannafjöldi 1983 var að meðaltali 167 manns. Voru starfsmenn 5 fleiri en árið áður.

Úr reikningum félagsins í árslok (í mkr.):

	1983	1982
Rekstrartekjur	588,2	228,6
Rekstrargjöld	588,9	295,5
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(112,8)	(111,6)
Hagnaður (tap)	(113,5)	(178,5)
Eignir	1 842,8	1 118,3
Skuldir	2 158,2*	1 277,5
Eigið fé	(315,5)	159,2

* Þar af hluthafalán 519,1 millj. kr.

Þróun 1984 og horfur.

Batinn, sem hófst í rekstri járnblendifélagsins árið 1983, hefur haldið áfram á árinu 1984. Fjárhagsáætlun, sem gerð var í nóvember 1983, gerði ráð fyrir tapi á árinu 1984, sem næmi um 36 mkr. Nú er sýnt, að afkoman verður mun betri. Fari svo sem horfir verður afkoma félagsins jákvæð frá og með öðrum ársfjórðungi 1984.

Viðræður fulltrúa íslenzka ríkisins og Elkem við japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation hafa leitt til samkomulags um víðtækar aðgerðir í málefnum félagsins. Miða þær að því að styrkja efnahag þess og tryggja því markað enn betur en verið hefur. Jafnframt er gert ráð fyrir viðauka við rafmagnssamning járnblendifélagsins við Landsvirkjun, þar sem Landsvirkjun er að uppfylltum vissum skilyrðum um efnahag félagsins og afkomu ætlaður hagnaðarhlutur til uppbótar á gildandi orkuverð. Gert er ráð fyrir, að Sumitomo Corporation kaupi þriðjung af hlutafé Elkem í hlutafélaginu þannig að eftir þá breytingu yrði hlutur ríkisins áfram 55%, hlutur Elkem 30%, en hlutur Sumitomo Corporation 15%.

Þannig mun efnahagsbatinn í heiminum leiða til þess, að afkoma járnblendifélagsins fari batnandi. Ofangreindar ráðstafanir munu því til viðbótar koma efnahag félagsins í viðunandi horf. Þar með ætti félagið að verða í stakk búið til að mæta af eigin rammleik efnahagssveiflum í markaðslöndum þess.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar í maí 1984 eru: Hjörtur Torfason hrl., formaður, Eggert G. Þorsteinsson, forstjóri, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Páll Bergþórsson, veðurfræðingur. Elkem tilnefnir 3 stjórnarmenn. Framkvæmdastjóri er Jón Sigurðsson.

Jarðboranir ríkisins.

Lagaákvæði um Jarðboranir ríkisins (JBR) er að finna í VII. kafla orkulaga nr. 58/1967. Þar er kveðið á um, að JBR skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi. Ráðherra er heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur það betur henta, að annast reksturinn.

Jarðboranir hafa frá árinu 1967 verið reknar sem deild í Orkustofnun, og er um þær fjallað í B-hluta fjárlaga ár hvert. Allajafna er við það miðað að tekjur þeirra nægi fyrir öllum rekstrargjöldum.

Bortæki Jarðborana eru:

Heiti	Bordýpi	Keyptur árið
1. Jötunn	3 600	1975
2. Dofri	1900—2200	1958
3. Narfi	1500—1800	1976
4. Glaumur	800—1500	1971
5. Ýmir	400—600	1962
6. Snúningsborar til rannsókna (5 talsins)		
7. Höggborar (3 talsins)		

Dofri er sameign ríkis og Reykjavíkurborgar undir sérstakri stjórn og er rekinn sem sérstakt fyrirtæki í umsjá Jarðborana.

Verkefni Jarðborana eru fyrst og fremst boranir eftir jarðhita. Einnig hefur fyrirtækið séð um boranir eftir köldu vatni svo og rannsóknaboranir fyrir ýmsa aðila, aðallega virkjanaaðila. Ekki verður hér farið ítarlega út í þau verk sem Jarðboranir unnu á seinasta ári. Borholudagar á árinu 1983 voru samtals 1714.

Jarðboranir hafa átt við verulegan fjárhagsvanda að etja á undanförnum árum. Sá vandi var og er fyrst og fremst tengdur fjármagnsgjöldum á lánum vegna kaupa á Jötni. Í nóvember 1981 skilaði nefnd áliti, sem falið var að athuga og gera tillögur um úrbætur á fjárhagsvanda Jarðborana. Úr þessum vanda hefur ekki enn verið greitt og hafa afborganir og vextir af lánum vegna Jötuns fallið á ríkisábyrgðasjóð.

Að tilhlutan iðnaðarráðherra stendur nú yfir úttekt á rekstri Jarðborana og sér Hagvangur um þá úttekt.

Mögulegt er að í kjölfar úttektarinnar verði breytingar á rekstri Jarðborana.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi:

	1983	1982
Rekstrartekjur	70 665 000	45 316 000
Rekstrargjöld	60 524 000	45 145 000
Fjármagnsgjöld	2 578 000	1 826 000
Hagnaður (tap)	7 563 000	(1 655 000)
Eignir	155 709 000	93 269 000
Skuldir	100 924 000	68 123 000
Eigið fé	54 785 000	25 146 000

Starfsmenn Jarðborana ríkisins árið 1983 voru 56, en flestir urðu starfsmenn á árinu 95. Framkvæmdastjóri frá 1. marz 1983 er Karl Ragnars, verkfræðingur.

Jarðvarmaveitur ríkisins.

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 80/1966, en þar segir m. a. að ríkisstjórninni sé heimilt „að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns."

Með bréfi, dags. 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar. Fyrirtæki þetta gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins og er B-hlutafyrirtæki á fjárlögum.

Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og af öðrum aðilum.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á

fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríkisins selja einnig gufu til gufuaflsstöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þessa annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga.

Jarðvarmaveitur ríkisins önnuðust boranir á Kröflusvæði og byggðu gufuveitu Kröfluvirkjunar, þar til Rafmagnsveitur ríkisins tóku við byggingu og rekstri virkjunarinnar í árslok 1978.

Þegar framkvæmdir við Þörungavinnsluna h.f. á Reykhólum voru í undirbúningi sáu Jarðvarmaveitur ríkisins um undirbúning jarðhitaveitu á Reykhólum. Eftir að sú starfsemi var komin vel á rekspöl, var ákveðið að Þörungavinnslan yfirtæki rekstur og frekari boranir á Reykhólum. Hafa Jarðvarmaveitur ríkisins ekki haft afskipti af þeim mannvirkjum síðan.

Auk þessara verkefna stóðu JVR fyrir virkjun og vinnslu jarðvarma úr tveimur borholum í eigu ríkisins í Ölfusdal fyrir Hitaveitu Hveragerðis árið 1973. Einnig boruðu Jarðvarmaveitur ríkisins jarðhitaleitarholu á Eyrarbakka árið 1971 en ekki varð af frekari framkvæmdum þar.

Halli á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins hefur á undanförnum árum verið mjög mikill, og ljóst er, að mikið vantar upp á, að rekstur fyrirtækisins standi undir vöxtum og afborgunum af fjárfestingu þeirri, er ráðast hefur orðið í. Stafar þetta af umbrotum í Bjarnarflagi, en eftir það drógust sölutekjur fyrirtækisins verulega saman, jafnframt því að allar borholur eyðilögðust og bora þurfti nýjar í þeirra stað.

Orkustofnun og nefnd er kannaði fjárhagsvanda Jarðvarmaveitna ríkisins árið 1982 lögðu til, að fjárhagsvandi fyrirtækisins yrði leystur með fjárframlagi ríkissjóðs er jafngilti því fjárhagslega tjóni sem umbrotin í Bjarnarflagi ollu.

Þetta hefur ekki verið gert og er orðið mjög brýnt að leysa fjárhagsvanda Jarðvarmaveitna ríkisins til frambúðar. Í tengslum við úttekt Rekstrarstofunnar á Kísiliðjunni hefur ráðgjafarfyrirtækið lagt til, að Landsvirkjun yfirtaki rekstur Jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi. Árið 1983 var seld gufa til Kísiliðjunnar 268 þús. tonn og tekjur af þeirri sölu 5,2 mkr. Seld gufa til Landsvirkjunar/Laxárvirkjunar nam 238 þús. tonnum og tekjur af þeirri sölu 4,7 mkr.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1983	1982
Rekstrartekjur	10 982 000	4 742 000
Rekstrargjöld	4 677 000	6 368 000
Fjármagnsgjöld	10 504 000	5 382 000
Tap	4 199 000	7 008 000
Eignir	63 379 000	63 342 000
Skuldir	111 047 000	63 962 000
Eigið fé (neikvætt)	47 668 000)	(520 000)

Kísiliðjan h.f., við Mývatn.

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni h.f. er nú þannig:

Ríkissjóður	59,8%
Manville International	39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands)	0,4%

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ. e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags.

Rekstur.

Framleiðsla á kísilgúr gekk mjög vel á árinu. Framleidd voru 25 502 tonn af fullunnum kísilgúr, sem er meira magn en áður hefur verið framleitt þar á einu ári.

Sala til útflutnings nam 25 066 tonnum sem er 4,5% meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Innanlands voru seld 24 tonn.

Rekstrartekjur voru 183 384 þús. kr. Nettó hagnaður nam 256 þús. kr. Afskriftir voru 9 986 þús. kr. og afskrifað gengistap af erlendum lánum 5 010 þús. kr. Þegar afkoma ársins 1983 er borin saman við afkomu þriggja undangenginna ára kemur fram, að þó reksturinn skili ekki stórum hagnaði á árinu 1983 hefur afkoma fyrirtækisins batnað verulega.

Helzta fjárfesting á árinu var bygging húss fyrir búningsklefa, böð og kaffistofu starfsmanna. Verður smíði þess að fullu lokið seinni hluta árs 1984.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1983	1982
Rekstrartekjur	183 384 000	94 876 000
Rekstrargjöld	176 780 000	96 958 000
Fjármagnsgjöld	6 405 000	6 204 000
Hagnaður (tap)	256 000	(8 535 000)
Eignir	170 695 000	101 011 000
Skuldir	39 581 000	24 837 000
Eigið fé	131 114 000	76 174 000

Á árinu 1983 var að undangengnu útboði samið við verktakafyrirtækið Sniðil h.f. í Mývatnssveit um flutning á ⅔ hlutum framleiðslu Kísiliðjunnar frá verksmiðjunni til Húsavíkur. En áður hafði Kísiliðjan annazt alla flutninga. Þriðjung flutninganna annast Kísiliðjan nú sjálf. Breyting þessi á tilhögun flutninga hefur gefizt vel og verið fyrirtækinu til hagsbóta.

Á árinu 1983 voru starfsmenn 71 yfir vetrarmánuðina og 78 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni stendur yfir. Starfsmönnum fækkaði um fjóra á árinu vegna breytinga á flutningi kísilgúrsins.

Athugun á rekstri Kísiliðjunnar h.f.

Hinn 6. marz 1984 var gerður verksamningur milli Iðnaðarráðuneytisins og Rekstrarstofunnar um athugun á rekstri Kísiliðjunnar h.f. og Jarðvarmaveitna ríkisins, ásamt mati á því, hvort hagkvæmt sé að Kísiliðjan yfirtaki rekstur jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi.

Rekja má tilurð Jarðvarmaveitna ríkisins til laga nr. 80/1966 um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Jarðvarmaveitur ríkisins eru B-hlutafyrirtæki á fjárlögum og annast Orkustofnun rekstur þess. Jarðvarmaveiturnar hafa sjálfstæðan fjárhag og verða því að standa að fullu undir eigin rekstri og framkvæmdum.

Við eldsumbrot, sem urðu í Mývatnssveit á árunum eftir 1975, urðu Jarðvarmaveiturnar fyrir tilfinnanlegu tjóni þegar umbrotin gengu yfir Námaskarð og Bjarnarflag í apríl og september 1977. Allar borholur Jarðvarmaveitnanna eyðilögðust. Til að standa við skuldbindingar gagnvart Kísiliðjunni varð að bora nýjar holur. Í apríl 1978 samþykkti ríkisstjórnin „að hið fyrsta verði veitumannvirkjum komið í lag“ og samþykkt var að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, að Jarðvarmaveiturnar fengju nægjanlegt lánsfjármagn til þessara framkvæmda.

Þetta er meginorsök slæmrar fjárhagsstöðu Jarðvarmaveitnanna ásamt því tekjutapi, sem þær urðu fyrir, meðan ekki var hægt að selja Kísiliðjunni og Laxárvirkjun gufuafl.

Niðurstöður skýrslu Rekstrarstofunnar um starfsemi Kísiliðjunnar eru eftirfarandi:

„.... Sá rekstrarliður, sem gefur mest tilefni til skoðunar, er orkukostnaður, sem hækkað hefur óeðlilega mikið á undanförnum árum, sé miðað við verðlagsþróun í landinu.

Er því mest áherzla lögð á umfjöllun hans í skýrslu þessari og dregnir fram ýmsir möguleikar í því sambandi.

Sá möguleiki, að Kísiliðjan h.f. yfirtaki starfsemi Jarðvarmaveitna ríkisins, hefur verið ítarlega skoðaður, og er meginniðurstaðan sú, að það sé ekki hagkvæmasti kosturinn nema þá sé litið til mjög langs tíma og þá með mörgum skilyrðum, sem Kísiliðjan h.f. yrði að setja. Er fjallað um þetta síðar í skýrslunni.

Sá kostur sýnist vera hagkvæmastur, að Landsvirkjun yfirtaki starfsemi Jarðvarmaveitnanna. Verði svo opnast möguleiki fyrir Kísiliðjuna h.f. að semja um hagstæð orkukaup bæði hvað varðar gufu og rafmagn.

Sem skammtímalausn er talið rétt að hvetja til samninga milli Kísiliðjunnar h.f. og Landsvirkjunar um kaup á svokallaðri ótryggri sumarorku og við Rafmagnsveitur ríkisins um flutning þeirrar orku.

Sé á heildina litið, er rekstur Kísiliðjunnar h.f. góður. Þeir rekstrarþættir, sem fyrirtækið hefur vald yfir, eru í stöðugri endurskoðun og stöðugt er leitað leiða til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni.

Sölu- og flutningskostnaður virðist nokkuð hár eða ríflega 30% af vergum tekjum undanfarinna ára. Ýmsir annmarkar eru þó á að hægt sé á auðveldan hátt að minnka þennan kostnaðarlið. Með tilliti til þess tíma, sem fyrirtækið hefur starfað, er ástæða til að leita eftir endurskoðun á samkomulagi við Manville International Corporation um sölugjald og tækniaðstoð. Ekki er frekar fjallað um þessi tvö framangreind atriði hér í skýrslunni. ...“

Iðnaðarráðuneytið er þeirrar skoðunar, að raforkuverð til Kísiliðjunnar sé óeðlilega hátt, þegar tekið er tillit til hversu hagkvæmur notandi verksmiðjan er. Í vetur tilkynnti RARIK um svokallaðan sumartaxta á ótryggu rafmagni, sem leiða mun til nokkurrar lækkunar á raforkukostnaði Kísiliðjunnar. Áfram mun unnið að þessu máli og hafðar til hliðsjónar niðurstöður Rekstrarstofunnar.

Horfur í rekstri 1984.

Í áætlunum er gert ráð fyrir 24 000 tonna sölu. Ljóst er þó með hliðsjón af seldu magni fyrstu mánuði ársins, að salan verður meiri. Eftirspurn eftir kísilgúr er mikil og verð hefur farið hækkandi. Allt stefnir því í að framleiðslumet ársins 1983 verði slegið á árinu 1984 með samstilltu átaki starfsmanna og stjórnenda.

Afkoma fyrirtækisins verður væntanlega góð á árinu 1984. Skuldir Kísiliðjunnar eru nú orðnar tiltölulega litlar. Ýmis brýn verkefni bíða fyrirtækisins, en þau hafa orðið að sitja á hakanum undanfarin ár vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Stærsta verkefnið eru endurbætur á ytra útliti og umhverfi Kísiliðjunnar.

Stjórn.

Stjórnarmenn af hálfu íslenzka ríkisins frá maí 1983 til næstu fjögurra ára eru Sigurður Rúnar Pétursson, vélavörður, formaður, Lárus Jónsson, alþingismaður, Jón Illugason, bóndi.

Framkvæmdastjóri er Hákon Björnsson.

Fulltrúi skipaður af iðnaðarráðherra í Manville h.f. á Húsavík til aðalfundar 1984 er Þorvaldur Vestmann.

Úr stjórn Kísiliðjunnar gengu á árinu 1983 Magnús Jónsson, bankastjóri og Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri. Báðir höfðu þeir setið í stjórn Kísiliðjunnar frá stofnun árið 1966, og unnið fyrirtækinu mikið gagn, Magnús sem formaður og Pétur sem varaformaður. Magnús Jónsson var einn helzti hvatamaður þess, að Kísiliðjan var reist. Var það fyrirtækinu mikill styrkur, sérstaklega á erfiðleikatímum, að hann skyldi veljast til forystu fyrirtækisins.

Kísilmálmvinnslan h.f.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981 til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25—30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í marz 1982. Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til, að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög (nr. 70), er heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn hlutafélagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera, samkv. 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986—88 og miða bæri allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu, þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýzka fyrirtækið Mannesmann Demag, sem tryggir verksmiðjunni allan helzta vél- og rafbúnað á hagstæðu verði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutafjár félagsins.

Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í marz 1984. Stærð og gerð allra helztu bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hefur einnig verið ákveðið.

Á grundvelli forhönnunar og aðstæðna á verksmiðjusvæðinu hefur stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar verið endurskoðuð.

Heildarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 1 886,6 mkr. (65 millj.$), þar af er undirbúningskostnaður áætlaður 44,1 mkr. (1,5 millj.$) en byggingarkostnaður 1 842,5 mkr. (63,5 millj.$). Áætlunin er miðuð við verðlag 1. janúar 1984, og eru 49% kostnaðar innlend en 51% erlend.

Heildarframkvæmdatími frá upphafi verks til gangsetningar fyrri ofns er áætlaður 31 mánuður, en síðari ofn yrði gangsettur 6 mánuðum seinna.

Endanleg ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar hefur ekki enn verið tekin. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild. Vísast nánar til greinargerðar með tillögunni í þessu sambandi.

Ríkissjóður greiddi 8,2 mkr. í hlutafjárframlag á árinu 1982 og 20 mkr. 1983.

Stjórn.

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi Sameinaðs Alþingis hinn 7. maí 1982 og sátu í stjórn til framhaldsaðalfundar, sem haldinn var 25. nóvember 1983:

Halldór Árnason, tæknifræðingur, formaður, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Eggert Steinsen, verkfræðingur, Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri, varamaður Geirs A. Gunnlaugssonar, sem gegnir störfum framkvæmdastjóra, Geir H. Haarde, hagfræðingur, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur, varaformaður.

Ný stjórn var kosin fyrir Kísilmálmvinnsluna á Alþingi hinn 10. nóvember 1983 til aðalfundar 1984. Kosningu hlutu: Geir H. Haarde, hagfræðingur, Halldór Árnason, tæknifræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theodór Blöndal, tæknifræðingur, Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. alþingismaður, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri er Geir A. Gunnlaugsson.

Lagmetisiðjan Siglósíld.

Siglósíld var stofnsett með lögum nr. 46/1972 sem B-hluta ríkisfyrirtæki. Hefur iðnaðarráðherra lögum samkvæmt skipað fimm menn í stjórn til fjögurra ára í senn.

Rekstur 1983.

Þann 16. maí 1983 gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar samkomulag um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Siglósíldar, og var það samkomulag staðfest af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra.

Fjármálaráðuneytið veitti Siglósíld aukafjárveitingu að upphæð 4,5 mkr. til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand. Á fjárlögum 1983 fékk Siglósíld 2,5 mkr. fjárveitingu. Auk þessa voru teknar 10 mkr. að láni hjá Endurlánum ríkisins.

Þormóður rammi h.f. sá um rekstur Lagmetisiðjunnar frá 1. júní 1983 til ársloka.

Þormóður rammi er að ¾ hlutum í ríkiseign, og heyra mál fyrirtækisins undir fjármálaráðherra.

Rekstur Lagmetisiðjunnar gekk mjög erfiðlega á tímabilinu janúar til maíloka, þá er Þormóður rammi tók við rekstrinum. Verulegt tap varð á rekstrinum og hefur verið svo undanfarin ár.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	1982
Rekstrartekjur	8 010 000	14 093 000
Rekstrargjöld	10 907 000	15 870 000
Fjármagnsgj. (verðbr.)	531 000	4 302 000
Tap	3 428 000	6 073 000
Eignir	19 997 000	11 933 000
Skuldir	20 290 000	21 300 000
Eigið fé	1 946 000	9 365 000

Í bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1983 er framlag ríkissjóðs um 17 mkr. Með því móti verður reksturinn 13,6 mkr. í hagnað.

Sala á fyrirtækinu.

Í nóvember 1983 óskuðu ákveðnir aðilar eftir því við iðnaðarráðherra að kaupa Lagmetisiðjuna Siglósíld. Var skipuð viðræðunefnd af hálfu Iðnaðarráðuneytisins við þessa aðila. Á fundi 14. desember 1983 náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykkt ríkisstjórnar og Alþingis. Hinn 15. desember 1983 var síðan stofnað hlutafélagið Sigló h.f. með heimili og varnarþingi á Siglufirði til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld. Hlutafé fyrirtækisins er 2 mkr.

Kaupsamningur var undirritaður, hinn 17. desember 1983, með venjulegum fyrirvara.

Meginatriði kaupsamningsins eru eftirfarandi:

1. Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló h.f. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 000 000.
2. Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.
3. Lán vegna kaupanna er tryggt með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverðið er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveim árum til að efla fyrirtækið.
4. Kaupendur skuldbinda sig til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram á Siglufirði, auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf á Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis, að gjaldfella megi lán vegna kaupanna að fullu, verði skuldbindingar um starfrækslu á Siglufirði ekki haldnar.
5. Seljandi lofar að beita sér fyrir því, að gerður verði leigusamningur milli Sigló h.f. og Þormóðs ramma h.f. um afnot af frystihúsi Þormóðs ramma fyrir geymslu á allt að 700 tonnum af hráefni.
6. Miðað er við afhendingu eignanna 1. janúar 1984.

Söluverð fyrirtækisins er um það bil sama fjárhæð og þær skuldir, sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

Kaupendur lögðu strax í viðamiklar endurbætur á fyrirtækinu enda var það eitt af skilyrðum fyrir sölunni. Áætlað er, að endurbætur og fjárfesting í fyrirtækinu hjá hinum nýju eigendum hafi numið allt að 18 mkr. Hafa ber í huga, að aðbúnaður var orðinn lélegur og tæki verksmiðjunnar úrelt mörg hver.

Um nánari upplýsingar um sölu fyrirtækisins vísast til frumvarps til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Að því tilskildu að frumvarp þetta verði að lögum, er fyrirtækið ekki lengur í ríkiseign frá og með 1. janúar 1984.

Landssmiðjan.

Landssmiðjan starfar eftir lögum nr. 102/1936. Fyrirtækið heyrir beint undir iðnaðarráðherra og hefur ekki lotið annarri formlegri stjórn.

Starfsemin er einkum almenn viðgerðarþjónusta, þjónusta við skipaflotann, nýsmíði á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg og landbúnað, innflutningur á vélum og þjónusta í tengslum við þá starfsemi. Um helmingur tekna Landssmiðjunnar árið 1983 var af innflutningi og verzlun.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðin veruleg uppbygging á fyrirtækinu. Samkvæmt áætlunum var ákveðið að byggja 6 600 m^2 verkstæðishús (46 900 m^3) við Skútuvog í Reykjavík. Þessi byggingaráform miðuðust við verulega aukningu á verkefnum fyrirtækisins í tengslum við fyrirhugaða skipaverkstöð í Kleppsvík.

Framkvæmdir hófust í ársbyrjun 1982, steyptir hafa verið sökklar og helmingur gólfplötu. Framkvæmdir stöðvuðust vegna fjárskorts á miðju ári 1982 og hafa að mestu legið niðri síðan.

Kostnaður vegna framkvæmdanna í Skútuvogi, framreiknaður til verðlags 31. desember 1983, er 57 731 þús. kr. og áhvílandi lán 39 800 þús. kr. Framkvæmdirnar eru ekki komnar á það stig, að þær séu nýtanlegar, og valda þær fyrirtækinu verulegri greiðslubyrði.

Í maí 1983 ákvað byggingarnefnd Landssmiðjunnar, að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið, að endurskoða fyrri byggingaráform. Ástæðan var einkum sú, að forsendur fyrir

byggingu svo stórs verkstæðishúss höfðu breytzt mikið, ekki sízt vegna algerrar óvissu um byggingu fyrrnefndrar skipaverkstöðvar.

Endurskoðaðar tillögur um bygginguna lágu fyrir í ágúst 1983. Í þeim er gert ráð fyrir að byggja mun minna og ódýrara verkstæðishús. Tillögurnar miðast við að byggt verði í fyrstu 2 100 fermetra hús (um 13 500 rúmmetrar). Iðnaðarráðuneytið tjáði forráðamönnum Landssmiðjunnar, að það sé fylgjandi því, að unnið verði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins á grundvelli þessarar endurskoðuðu áætlunar á meðan málið er í athugun. Ekki er ósennilegt að með öllu verði horfið frá þessum byggingaráformum.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðið að ríkissjóður keypti húseignir Landssmiðjunnar við Sölvhólsgötu. Var gengið frá yfirlýsingu milli fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og iðnaðarráðherra, f. h. Landssmiðjunnar og Iðnaðarráðuneytisins, hinn 24. maí 1983, sem felur í sér afsal á húseignum Landssmiðjunnar, ásamt lóðarréttindum milli Skúlagötu, Klapparstígs og Sölvhólsgötu í Reykjavík, til ríkissjóðs.

Söluverð var 16 mkr. og skyldi það greiðast í áföngum á tveimur árum. Við samning þennan hefur eigi verið staðið af hálfu Fjármálaráðuneytisins og eru fyrrnefndar eignir skráðar í ársreikning Landssmiðjunnar 31. desember að upphæð 21 746 þús. kr.

Rekstur 1983.

Rekstur Landssmiðjunnar gekk sæmilega á árinu 1983 og varð hagnaður af starfseminni 4 mkr., samanborið við 220 þús. kr. hagnað 1982. Það skal þó tekið fram, að vaxtakostnaður vegna nýbyggingar er ekki færður á rekstur, heldur sem hluti af kostnaði við nýbygginguna. En fjármagnskostnaður vegna nýbyggingarinnar nam um 18,5 mkr. á árinu, og er þar bæði um að ræða vaxtakostnað og uppfærslu á lánum. Verðbreytingatekjur námu 7,4 mkr.

Velta fyrirtækisins í iðnrekstri jókst um 75,8% frá árinu 1982 og velta verzlunar um 59%.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	Til samanburðar 1982
Rekstrartekjur	52 460 000	31 476 000
Rekstrargjöld	54 021 000	31 138 000
Fjármagnstekjur* (gjöld)	5 975 000	(118 000)
Hagnaður	4 038 000	220 000
Eignir	102 653 000	47 455 000
Skuldir	57 149 000	24 820 000
Eigið fé	45 504 000	22 634 000

*(Verðbreytingatekjur nema 7,4 mkr.)

Árið 1983 störfuðu að jafnaði 74 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Forstjóri Landssmiðjunnar er Sigurður Daníelsson.

Tilraunaverksmiðja.

Haldið var áfram vinnu við þróun á nýrri aðferð við þurrkun á fiskimjöli, sem Landssmiðjan hefur unnið að síðustu 3 ár. Var þessi aðferð kynnt í Flórída í nóvember á þingi alþjóðasamtaka fiskimjölsframleiðenda.

Prófun á fyrsta áfanga tækjabúnaðarins mun verða gerð í apríl og maí 1984. Framreiknuð lán vegna þessara tilrauna, hönnunar og tilraunasmíði, voru í árslok 1983 kr. 2 911 099 og er það um helmingur tilkostnaðar.

Við þetta verkefni hefur Landssmiðjan notið tæknilegrar aðstoðar ýmissa aðila, svo sem Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og fjárhagslegs stuðnings frá Iðnþróunarsjóði og Iðnrekstrarsjóði.

Horfur í rekstri 1984.

Stöðugleiki í verðlagi á síðustu mánuðum virðist hafa haft örvandi áhrif á framkvæmdir er snerta járniðnað. Þá má geta þess, að innheimta útistandandi reikninga gengur betur. Hins vegar veldur sú greiðslubyrði, sem orsakast af nýbyggingarframkvæmdum við Skútuveg 7, fyrirsjáanlegum erfiðleikum í rekstri Landssmiðjunnar verði ekkert að gert.

Unnið er að tillögum um úrbætur í rekstri fyrirtækisins á vegum Iðnaðarráðuneytisins. Hefur iðnaðarráðherra lýst því yfir við starfsfólk Landssmiðjunnar, að hann hafi hug á, að starfsfólkið kaupi fyrirtækið. Hinn 24. febrúar 1984 stofnuðu 54 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll fyrir kaupum á fyrirtækinu.

Viðræðunefnd þeirri, er sá um söluna á Siglósíld, hefur verið falið að sjá um viðræður vegna hugsanlegrar sölu á Landssmiðjunni. Nefndina skipa: Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu, formaður, Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri í Fjármálaráðuneytinu og Guðmundur Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Landsvirkjun.

Vegna breytinga á eignaraðild að Landsvirkjun og víkkunar á starfssviði fyrirtækisins þykir rétt að gera ítarlegri grein fyrir starfseminni en ella.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 samkvæmt lögum nr. 59/1965. Í lögunum eru ákvæði, sem heimila eigendum Laxárvirkjunar að ákveða, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita heimilda eigenda til sameiningar Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eignaraðila beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, er undirritaður var hinn 27. febrúar 1981, og tók hann gildi hinn 1. júlí 1983.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. marz 1983. Í hinum nýju lögum eru ýmis nýmæli í samræmi við sameignarsamninginn og til staðfestingar þeirri þróun, sem orðið hefur hjá Landsvirkjun frá því fyrirtækið var sett á stofn árið 1965.

Í 1. grein laganna segir, að frá og með 1. júlí 1983 eigi ríkissjóður 50% í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5.475%, en eins og kunnugt er áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg áður sinn helminginn hvort.

Samkvæmt nýju lögunum um Landsvirkjun er orkusvæði fyrirtækisins allt landið eftir því, sem raforkuver þess og stofnlínukerfi spanna, og því gert að reisa og reka öll meiriháttar raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins. Þá er í lögunum kveðið svo á, að Landsvirkjun skuli selja rafmagn til almenningsrafveitna eftir sömu gjaldskrá á öllum afhendingarstöðum.

Í nýju lögunum eru ákvæði um að sýslufélög, sveitarfélög, samtök þeirra og sameignarfélög geti gerzt eignaraðilar að Landsvirkjun. Þurfa þau þá með annars að leggja fram verðmæti er nema skulu minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs, er eignaraðild kemur til framkvæmda.

Nýmæli í lögunum er ákvæði um ársfund Landsvirkjunar, sem halda skal í apríl ár hvert. Þann fund skulu með annarra sitja fulltrúar eignaraðila og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Á ársfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og fjalla um mál, sem varða öryggi í vinnslu og flutningi raforku svo og atriði, er snerta orkuverð. Ennfremur skal þar ræða raforkumál er varða einstaka landshluta.

Ákvæðum um stjórnarfyrirkomulag er breytt þannig að stjórnarmönnum er fjölgað um tvo. Sameinað Alþingi kýs fjóra þeirra, borgarstjórn Reykjavíkur þrjá og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn, sem vera skal formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns, skal hann skipaður af Hæstarétti. Kjörtímabil stjórnarinnar er stytt úr sex árum í fjögur. Hófst kjörtímabil nýrrar stjórnar hinn 1. júlí 1983.

Þá er orkumálaráðherra ætlað að tilnefna einn mann til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Loks er breytt nokkrum ákvæðum, t. d. um fjárframlög eigenda, ábyrgðir þeirra á skuldbindingum Landsvirkjunar o. fl.

Lög þessi koma í stað laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 með síðari breytingum og laga um Laxárvirkjun nr. 60 frá 1965.

Þann 16. nóvember 1983 staðfesti iðnaðarráðherra nýja reglugerð fyrir Landsvirkjun. Er hún nr. 760/1983 og tók gildi 30. nóvember. Í henni er að finna nánari útfærslu og skýringar á lögunum um Landsvirkjun.

Rekstur 1983.

Orkuvinnsla Landsvirkjunar jókst um 8,1% frá fyrra ári og nam 3 278 GWst., sem var 87% af heildarorkuvinnslu landsins.

Að meðtöldum orkukaupum frá Hitaveitu Suðurnesja og Krófluvirkjun nam heildarorkuöflun Landsvirkjunar 3 429 GWst. Heildarraforkusala varð alls 3 281 GWst.

Sala á raforku til almenningsrafveitna jókst um 21,4% og til stóriðju um 5.6%. Skýringin á hinni miklu aukningu í raforkusölu til almenningsrafveitna skýrist aðallega af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Að teknu tilliti til þessa var nettó söluaukning til almenningsrafveitna 3,9%.

Með bráðabirgðasamkomulagi ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse, sem gert var í september 1983, hækkaði rafmagnsverðið til ÍSAL hinn 1. júlí úr 6,475 U.S. mills á kWst. í 7,5 U.S. mills og síðan í 9,5 U.S. mills hinn 23. september eða alls um 46,7%. Samkvæmt samkomulaginu á verðið síðan að hækka í 10 U.S. mills þegar verð á áli á heimsmarkaðinum nær a. m. k. 78 Bandaríkjacentum á pund í tuttugu verðskráningardaga samfellt. Vegna þessara hækkana og gengisbreytinga á árinu hækkaði verðið til ÍSAL í krónum um 153%. Verðið til Áburðarverksmiðju ríkisins fylgdi verðinu til ÍSAL. Rafmagnsverð Landsvirkjunar til Íslenzka járnblendifélagsins var óbreytt 5,4 norskir aurar á kWst., en hækkaði í krónum vegna gengisbreytinga um 58,4%. Gjaldskrá Landsvirkjunar gagnvart almenningsrafveitum hækkaði á árinu um alls 121,2% og náði í ársbyrjun svipuðu raungildi og 1971. Allt síðan þá höfðu verið í gildi lög um verðlagseftirlit af hálfu ríkisins og gjaldskrárbreytingum verið haldið niðri með þeim afleiðingum, að þær náðu ekki að fylgja almennum verðlagsbreytingum fyrr en síðustu árin, en þá reyndist líka óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrána umfram almenna verðlagsþróun til að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Rekstrarafkoma Landsvirkjunar batnaði verulega á árinu þó hún yrði óhagstæð um 21,8 mkr., en var óhagstæð um 152 mkr. árið 1982. Bætt afkoma stafar af aukinni raforkusölu, hækkun á verði til ÍSAL, lækkun vaxta á erlendum lánum og raunhæfari stefnu í gjaldskrármálum. Verði stefnu þessari fram haldið, mun hún þegar til lengdar lætur leiða til lækkunar á raforkuverði til almenningsrafveitna.

Við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar jókst uppsett afl Landsvirkjunar um 49 MW. Með þessari aukningu er heildarvatnsafl Landsvirkjunar 682 MW og varmaafl 70 MW eða alls 752 MW. Það skiptist þannig hinn 31. desember 1983:

Vatnsaflstöðvar	682
Ljósafossstöð	15
Írafossstöð	48
Steingrímsstöð	26
Búrfellsstöð	210
Sigöldustöð	150
Hrauneyjafossstöð	210
Laxárvirkjun	23

Varmaaflstöðvar	70
Elliðaár	19
Straumsvík	35
Bjarnarflag	3
Akureyri	13
Samtals	752 MW

Við yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum, hinn 1. janúar 1983, fjölgaði aðveitustöðvum í stofnlínukerfi Landsvirkjunar um níu. Aðveitustöðvar þessar eru sameign Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar svo og Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar.

Eignaskipting og heiti þessara stöðva:

Aðveitustöð:	Eignarhluti Landsvirkjun %	RARIK %	Orkubú Vestfjarða %
Vatnshamrar	38,75	61,25	—
Hrútatunga	74,30	25,70	—
Glerárskógar	65,80	34,20	—
Geiradalur	59,10	—	40,90
Mjólká	34,20	—	65,80
Laxárvatn	67,80	32,20	—
Varmahlíð	50,40	49,60	—
Rangárvellir	100,00		
Hryggstekkur	43,30	56,70	

Orkusala Landsvirkjunar skiptist þannig á árinu 1983:

	Forg. GWst.	Afg. GWst.	Alls GWst.	MW
Almenningsrafveitur	1 341,5	—	1 341,5	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	473,5	—	473,5	88,7
RARIK	682,0	—	682,0	109,3
Rafveita Hafnarfjarðar	46,9	—	46,9	8,2
Orkubú Vestfjarða	84,7	—	84,7	13,4
Rafveita Akureyrar	54,4	—	54,4	16,9
Stóriðja	1 684,5	254,7	1 939,2	
Áburðarverksmiðja ríkisins	148,7	—	148,7	23,2
ÍSAL	1 279,4	28,9	1 308,3	168,0
Íslenzka járnblendifélagið	256,4	225,8	482,2	72,8
Heildarorkusala	3 026,0	254,7	3 280,7	

Fjármál.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu á árinu 1983 alls 1 529 mkr. og jukust um 184% frá 1982. Eins og áður sagði varð rekstrarafkoma Landsvirkjunar óhagstæð um tæpar 22 mkr., en 1982 nam rekstrarhallinn 152 mkr. Afkoma fyrirtækisins fór því verulega batnandi.

Langtímalán Landsvirkjunar hækkuðu um 6 325 mkr. og námu í árslok 12 154 mkr. Nýjar lántökur á árinu námu 1 785 mkr., yfirteknar skuldir Laxárvirkjunar voru 58 mkr. Hækkun eldri lána vegna gengisbreytinga nam 4 759 mkr.

Eigið fé Landsvirkjunar hækkaði um 2 797 mkr., þar af námu framlög eigenda 291 mkr. og framlagt eigið fé Laxárvirkjunar 267 mkr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi (í þús. kr.):

	1983	1982
Rekstrartekjur	1 529 000	539 000
Rekstrargjöld	848 000	345 000
Fjármagnsgjöld	702 000	346 000
Tap	22 000	152 000
Eignir	19 193 000	9 951 000
Skuldir	12 617 000	6 172 000
Eigið fé	6 576 000	3 779 000

Framkvæmdir.

Undirbúningsframkvæmdir að virkjun Blöndu hófust á árinu með uppsetningu vinnubúða, vegagerð og raflínulögn að vinnusvæðinu og um það svæði. Með samningi, dags. 30. desember 1982, milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins tóku Rafmagnsveiturnar að sér meginhluta við áframhaldandi framkvæmdir við Suðurlínu. Á árinu 1983 var lokið við allar undirstöður á Suðurlínu að undanskildum 6 undirstöðum við Sigöldu. Þá var lokið við að reisa 525 staura og strengja 105 km af línunni. Suðurlína verður alls 249 km að lengd með 961 staur.

Þriðji áfangi af Kvíslaveitum var unninn á árinu, en hann felst í því að stífla Svartá, Þúfuverskvísl og Eyvindarstaðakvísl syðri.

Byggingu Sultartangastíflu lauk á árinu og byrjað var að fylla í lónið 8. nóvember. Eftir er smávægilegur frágangur, sem lokið verður við í ár.

Á árinu 1982 hóf Laxárvirkjun byggingu fjögurra hæða skrifstofuhúss við Glerárgötu 30 á Akureyri. Í árslok 1983 var húsið tilbúið undir tréverk. Búið er að leigja hluta hússins en stjórnstöð Landsvirkjunar fyrir Norður- og Austurland mun verða í hluta hússins.

Rannsóknir.

Á vegum Landsvirkjunar og í samvinnu við ýmsa aðila var unnið að margvíslegum rannsóknum á virkjunarkostum á árinu 1983. Þessar voru helztar:

— Við Blönduvirkjun (150 MW) var unnið að jarðborunum og rannsóknum á byggingarefni.
— Vatnsfellsvirkjun (98 MW). Í júní var lokið við mynsturáætlun um nýtingu fallsins milli Þórisvatns og Króklóns ofan við Sigöldu. Niðurstöður gefa til kynna að Vatnsfellsvirkjun sé hagkvæmur virkjunarkostur.
— Sultartangavirkjun (120 MW). Rannsóknum er að mestu lokið á þessum virkjunarkosti og virkjunartilhögun tilbúin fyrir útboðsgagnagerð.
— Stækkun Búrfellsvirkjunar (140 MW). Verkhönnun er lokið við þennan virkjunarkost. Rannsóknum var haldið áfram til undirbúnings útboðsgagnagerð.
— Fljótsdalsvirkjun (252 MW). Hinn 1. október 1982 yfirtók Landsvirkjun rannsóknir vegna virkjunarinnar, en þær höfðu áður verið undir umsjón Rafmagnsveitna ríkisins. Verkhönnun lauk árið 1982. Á árinu 1983 voru boraðar 3 kjarnaholur á virkjunarsvæðinu og efnisnámur voru kannaðar. Rannsóknir voru gerðar á gróðurfari og hreindýrum. Vegalagning var endurbætt.
— Eldvörp, Reykjanesi. Í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja var boruð 1 265 m djúp gufuhola í Eldvörpum og skiptist kostnaður jafnt milli aðila. Árangur var góður, og eru áætluð afköst holunnar um 20 MW.
— Ýmsar vatna- og jöklamælingar voru gerðar.
— Áfram var haldið línurannsóknum, aðallega vegna fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu frá Hrauneyjafossvirkjun til Akureyrar. Lengd þessarar línu er um 200 km.

Horfur framundan.

Á fyrsta ársfundi Landsvirkjunar, hinn 27. apríl 1984, flutti stjórnarformaður, Jóhannes Nordal ræðu, þar sem hann sagði m. a.:

„.... Um síðastliðin áramót námu langtímaskuldir Landsvirkjunar 12,2 milljörðum króna, en eigið fé 6,6 milljörðum. Ef raforkuverð frá Landsvirkjun hefði hins vegar á árunum 1971—1982 fylgt vísitölu byggingarkostnaðar, væru skuldir hennar nú nálægt 3 milljörðum lægri og eigið fé að sama skapi hærra. Hefði þá ekki þurft nema hluta af þeim verðhækkunum, sem samþykktar voru á síðastliðnu ári, til þess að ná hallalausum rekstri. Þannig hefur sú stefna að halda verðlagi raforku niðri á síðasta áratug orðið neytendum skammgóður vermir og aðeins leitt til þess, að skuldabyrðin hefur vaxið óhóflega á tímum hækkandi raunvaxta, en afleiðingin komið fram í mun hærra raforkuverði til neytenda nú og framvegis en ella hefði verið nauðsynlegt.

Þrátt fyrir óhagstæð áhrif verðlagsstefnu liðins tíma, verður Landsvirkjun þó að teljast fjárhagslega sterkt og heilbrigt fyrirtæki. Eigið fé var í lok síðasta árs, eins og áður segir, 6,6 milljarðar króna, sem jafngildir 34,3% af heildareignum. Frá stofnun Landsvirkjunar hefur eigið fé meira en sexfaldazt að raungildi, sem samsvarar um 11% aukningu á ári. Ef vel er á haldið, ætti Landsvirkjun því að hafa nægilega sterka fjárhagsstöðu til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar, enda nýtur hún góðs trausts hjá lánveitendum á erlendum mörkuðum.

Sé litið á hina tæknilegu hlið, mannvirki fyrirtækisins og rekstur, eru einnig mörg vandamál að baki. Á undanförnum tveimur áratugum hefur verið ráðizt í hvert stórvirkið á fætur öðru, og hefur það mjög reynt á bæði tæknilega og fjárhagslega getu raforkukerfisins. Sumt af þessari fjárfestingu skilar ekki skjótum arði, þar sem markmið hennar höfðu öðrum þræði verið að jafna aðstöðu raforkunotenda milli landshluta og byggðarlaga. Sömuleiðis hafa verið lagðir miklir fjármunir til þess að auka afhendingaröryggi raforku hvarvetna um landið og draga þannig úr rekstrartruflunum og óhagræði. Síðar á þessu ári verður lokið hringtengingu byggðalínukerfisins, og eiga þá allir landshlutar kost á orku frá meginorkuverum landsins úr tveim áttum auk grunn- og varaorku í hverjum landshluta. ...“

Talið er að litlar hækkanir þurfi að verða á heildsöluverði Landsvirkjunar á næstunni og verða þær alla vega vel innan marka verðlagsbreytinga. Þetta er að sjálfsögðu háð því skilyrði, að takist að halda stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum eins og verið hefur undanfarna mánuði. Áætlanir um rekstur Landsvirkjunar næstu árin benda einnig til þess, að heildsöluverð á raforku geti farið hlutfallslega lækkandi á næstu árum. Þetta byggist m. a. á því, að framkvæmdir við byggingu háspennulína verða tiltölulega litlar næstu 10—15 árin, þrátt fyrir nýjar virkjanir.

Framkvæmdir við Blönduvirkjun hefjast í sumar. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að fyrsta vél virkjunarinnar verði gangsett um mitt ár 1988. Enn er ósamið um nokkur atriði við heimamenn á Blöndusvæði, aðallega greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Hversu fljótt verður að virkja í framhaldi af Blönduvirkjun fer fyrst og fremst eftir þróun raforkumarkaðarins. Án nýs orkufreks iðnaðar verður varla þörf nýrrar virkjunar fyrr en 1994. Ákvörðun um nýja virkjun eftir virkjun Blöndu ræðst af því, hvort samningar nást um sölu raforku til orkufreks iðnaðar.

Stjórn.

Á fundi Sameinaðs Alþingis, hinn 14. marz 1983, voru eftirtaldir kosnir aðalmenn ríkisins til næstu fjögurra ára: Árni Grétar Finnsson, hrl., Böðvar Bragason, sýslumaður, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. alþingismaður og Baldvin Jónsson, hrl. Aðrir stjórnarmenn eru: Davíð Oddsson, borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, Kristján Benediktsson, borgarfulltrúi og Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri. Eignaraðilar skipuðu

Jóhannes Nordal formann stjórnar. Páll Flygenring ráðuneytisstjóri var tilnefndur af iðnaðarráðherra til að sitja stjórnarfundi.

Framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Eiríkur Briem, sagði starfi sínu lausu 1. maí 1983. Forstjóri nú er Halldór Jónatansson og aðstoðarforstjóri Jóhann Már Maríusson.

Á árinu 1983 samþykkti stjórn Landsvirkjunar nýtt heildarskipulag fyrir fyrirtækið, og tók það gildi 1. maí 1983. Skiptist fyrirtækið nú í fimm undirdeildir: Aðalskrifstofu, skrifstofustjóri Örn Marinósson. Svæðisskrifstofu Norður- og Austurlands, svæðisstjóri Knútur Otterstedt. Rekstrardeild, rekstrarstjóri Ingólfur Árnason. Verkfræðideild, forstöðumaður Agnar Olsen. Byggingadeild, byggingastjóri Rögnvaldur Þorláksson.

Úttekt fer nú fram á rekstri Landsvirkjunar og hefur stjórnin ráðið til þess verks þrjú ráðgjafafyrirtæki: Hagvang, er sér um úttekt á aðalskrifstofu, Hannarr, sem sér um úttekt á verkfræðideild, byggingadeild og rekstrardeild, og Rekstrarstofuna, er sér um úttekt á rekstri virkjana og spennistöðva.

Orkubú Vestfjarða (OV).

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrirtæki ríkisins og allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40%, en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði, hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps og Rafveitu Snæfjalla.

Vesturlína var tekin í notkun haustið 1980 og tengdi Vestfirði við landskerfið.

Orkubúið hefur reist varmaveitur á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði. Selja þær varmaorku til húshitunar.

Rekstur 1983.

Rekstrarafkoma Orkubús Vestfjarða batnaði mjög á árinu. Tap varð þó á rekstrinum, 500 þús. kr., en tapið árið 1982 var rúm 31 mkr. Heildarrekstrargjöld árið 1983 voru um 243 mkr., þar af voru afskriftir 42 mkr. og fjármagnsgjöld 63 mkr.

Orkubú Vestfjarða fær 20% af verðjöfnunargjaldi á raforku í sinn hlut. Árið 1983 nam þessi hlutur 55 mkr. eða um 23% af heildartekjum fyrirtækisins.

Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam um seinustu áramót 421 mkr. og langtímaskuldir voru um 540 mkr.

Að jafnaði störfuðu 77 manns hjá fyrirtækinu á s. l. ári.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 171 197 MWh. og hafði aukizt um 9,5% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	40,5%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	2,3%
Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna	6,8%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK	50,4%
Samtals	100,0 %

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnsla í svartolíukötlum minnkaði verulega frá fyrra ári.

Raforkusölusamningur Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar gekk í gildi 1. janúar 1983. Samkvæmt þessum samningi er orkuverð til Orkubús Vestfjarða um 20% lægra en það hafði verið frá RARIK og ennfremur skuldbindur Landsvirkjun sig til að greiða allan olíukostnað við dísilvélar, ef hún getur ekki afhent orku um Vesturlínu. Einnig eru nokkur fleiri atriði, sem eru til bóta frá fyrri viðskiptaháttum.

Ákvæðið um olíukostnaðinn í þessum samningi þýddi, að á árinu 1983 endurgreiddi Landsvirkjun Orkubúi Vestfjarða 3,6 mkr. vegna orkukaupa.

Af raforku voru seldar um 100 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 8,4%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 138 mkr. og meðalverð á seldri kílówattstund 139,9 aurar, sem er 106% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Raforkusala	GWh	%
Til heimilisnota	10	10
Til búrekstrar	10	10
Til stórra véla	24	24
Til hitunar	52	52
Til annarra nota	4	4
Samtals	100	100

Staða samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	1982
Rekstrartekjur	242 160 000	105 866 000
Rekstrargjöld	180 062 000	99 114 000
Fjármagnsgjöld	62 555 000	44 031 000
Tap	501 000	31 289 000
Eignir	1 047 392 000	570 912 000
Skuldir	626 369 000	385 202 000
Eigið fé	421 022 000	185 709 000

Framkvæmdir.

Verulega hefur nú dregið úr framkvæmdaþörf á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða frá því, sem var við stofnun þess. Til nýframkvæmda árið 1983 var varið 56 mkr. Nýframkvæmdir voru fjármagnaðar með lánsfé að upphæð 36 mkr. Úr rekstri komu tæpar 20 mkr., þar af voru rúmar 7 mkr. stofnfjárframlag úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar. Að auki yfirtók Orkubú Vestfjarða eignarhluta RARIK í aðveitustöðvunum við Mjólká og í Geiradal, og fór sú yfirtaka fram 1. janúar 1983.

Umsamið verð fyrir þennan eignarhluta í aðveitustöðvunum var 15,3 mkr. og fékk Orkubú Vestfjarða þá upphæð alla lánaða.

Helztu framkvæmdaverkefni mætti nefna styrkingu lína, endurbætur á aðveitustöðvum og spennistöðvum og aukningu dreifikerfa hitaveitu á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði.

Rekstrarhorfur 1984.

Í rekstraráætlun ársins 1984 er gert ráð fyrir tæpum 9 mkr. hagnaði. Rekstrargjöld eru áætluð 303 mkr., þar af eru fjármagnsgjöld 75 mkr. og afskriftir 50 mkr. Rekstrartekjur eru áætlaðar 312 mkr., þar af er verðjöfnunargjald 72 mkr. og niðurgreiðsla á raforku 34 mkr. Bætt afkoma gefur ekki tilefni til lækkunar á orkuverði strax, en bendir þó til þess, að hækkun raforkuverðs verði innan almennra verðlagshækkana. Byrja verður á því að leysa uppsafnaðan vanda undangenginna ára, draga úr lántökum til framkvæmda og greiða niður skuldir. Til lengri tíma litið leiða þessar aðgerðir til lækkaðs orkuverðs.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, og Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, Höskuldur Davíðsson, sveitarstjóri og Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða er Kristján Haraldsson.

Rafmagnsveitur ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfsþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup, rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveitur ríkisins sáu um byggingu og rekstur byggðalína til ársloka 1982, en þá yfirtók Landsvirkjun þær. Rafmagnsveiturnar sjá áfram um reksturinn samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landsvirkjun. Einnig hafa Rafmagnsveiturnar annazt áfram byggingu byggðalína og aðveitustöðva við þær í samvinnu við Landsvirkjun.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá einnig um rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs. Viðræður eru hafnar milli stjórnvalda og Landsvirkjunar um yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Starfsemi — Orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um alla landshluta (að undanskildum Vestfjörðum) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar mörgum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli, en tæp 90% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun.

Rafmagnsveiturnar kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun, og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Heildarorkuöflun Rafmagnsveitnanna árið 1983 var 834 GWh og skiptist hún þannig:

Eigin orkuvinnsla	106 GWh
Aðkeypt orka	728 GWh

Framleiðsla Krófluvirkjunar var 130 GWh og er talin með aðkeyptri orku.

Orkuöflun árið 1982 var 907 GWh og hefur því minnkað um 73 GWh eða um 8% milli ára. Landsvirkjun yfirtók byggðalínur hinn 1. janúar 1983 og færðist því orkusala til Orkubús Vestfjarða um byggðalínur á hendur Landsvirkjunar. Sú sala nam 70 GWh á árinu 1982.

Raforkusala.

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1983 var 721 GWh og minnkaði um 54 GWh eða 7% frá árinu áður, m. a. vegna þess að orkusala til Orkubús Vestfjarða færðist í hendur Landsvirkjunar frá 1. janúar 1983. Í heildsölu voru seldar 262 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1983:

	GWh	%
Almenn notkun	49	11
Markmæling til landbúnaðar	170	37
Vélanotkun	78	17
Húshitun	143	31
Annað	19	4
Samtals	459	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 29 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 262 GWh til húshitunar (markmæling í landbúnaði 119 GWh og húshitun 143 GWh) eða 57% af raforkusmásölunni.

Nýframkvæmdir.

Á árinu 1983 var unnið að nýframkvæmdum fyrir 224,5 mkr. og er það 43,2% samdráttur frá árinu áður í krónum talið. Meginástæðan fyrir þessum samdrætti er sú, að Landsvirkjun yfirtók rekstur og byggingu byggðalína 1. janúar 1983, svo og undirbúning Blöndu- og Fljótsdalsvirkjunar frá 1. október 1982. Nýframkvæmdir ársins skiptust þannig:

	Mkr.
Vatnsaflsvirkjanir	0,3
Dísilstöðvar	6,1
Stofnlínur	45,1
Aðveitustöðvar	43,5
Innanbæjarkerfi	37,1
Fasteignir, bílar og áhöld	34,5
Sveitaveitur	53,2
Gjaldmælar	4,7
Samtals	224,5

Framkvæmdir við sveitaveitur eru að mestu fjármagnaðar með framlagi Orkusjóðs, en aðrar framkvæmdir með lánsfé.

Fjárhagsafkoma 1983 (bráðabirgðatölur).

Rekstrartekjur voru 1 172 mkr. Rekstrargjöld námu 982 mkr., þar með taldar afskriftir og fjármagnsgjöld sem voru 197 mkr. Rekstrarhalli var 7 mkr. á árinu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús. kr.) í árslok 1983:

		1983	1982
Rekstrartekjur		1 172 000	510 355
a) Orkusala	927 000		
b) Verðjöfnunargjald o. fl	245 000		
Rekstrargjöld		1 179 000	452 783
a) Rekstrargjöld	982 000		
b) Fjármagnsgjöld	197 000		
Rekstrarhalli		7 000	40 958
Eignir		5 729 000	2 964 000
Skuldir		4 769 000	2 548 000
Eigið fé		960 000	415 000

Starfsmenn voru 374 í árslok 1983. Ársverk 1983 voru 415.

Horfur í rekstri 1984.

Rekstraráætlun fyrir árið 1984 ber með sér að jafnvægi er fyrirsjáanlegt, verði verðbólgunni haldið niðri. Fjórir þættir rekstrargjalda skipta höfuðmáli varðandi rekstrargjöld: Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendrar myntar, vextir lána og laun. Verði ekki umtalsverðar breytingar á nefndum liðum á árinu 1984 verður mögulegt að hafa smásölugjaldskrá óbreytta allt árið.

Rekstraráætlun 1984 á verðlagi í árslok 1983 í þús. kr.

Tekjur		1 571 800
Orkusala	1 262 500	
Verðjöfnunargjald o. fl.	309 300	
Gjöld		1 570 700
Rekstrargjöld	1 359 100	
Fjármagnsgjöld	211 600	
Hagnaður		1 100

Af tekjuliðnum „Verðjöfnunargjald o. fl." eru tekjur af verðjöfnunargjaldi á árinu 1984 áætlaðar 291 mkr. Ljóst er því, að verðjöfnunargjaldið er verulegur þáttur í tekjuöflun Rafmagnsveitnanna. Verði verðjöfnunargjaldið lækkað eða fellt niður með öllu, er ljóst að tryggja verður Rafmagnsveitunum aðrar tekjur til að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum, eða létta á þeim lánabyrði. Í því sambandi hafa Rafmagnsveiturnar bent á framlög úr ríkissjóði til óarðbærra eða félagslegra framkvæmda, yfirtöku ríkisins á hluta af skuldum Rafmagnsveitnanna svo og niðurfellingu aðflutningsgjalda til flutnings- og dreifikerfa fyrir raforku. Ætlunin er að skoða þetta mál frekar, og verður það lagt fyrir Alþingi í haust. Framkvæmdir á árinu 1984 eru áætlaðar 240 mkr. og er það 7% aukning í krónum talið frá árinu 1983.

Stjórnun.

Í framhaldi af úttekt á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdri af Hagvangi h.f., tók nýtt skipulag gildi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins hinn 15. febrúar 1984. Stefnt er að því, að endurskipulagningu fyrirtækisins verði að fullu lokið 15. febrúar 1985.

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Sveinbjörn Óskarsson og tæknisviðs Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi og Örlygur Jónasson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjavík, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Prentsmiðjan hefur verið eign ríkisins frá árinu 1930. Meginverkefni fyrirtækisins hafa verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Starfsemi var með svipuðum hætti árið 1983 og undanfarin ár.

Rekstrarafkoma fyrirtækisins var svipuð á árinu 1983 og árið 1982 eða tæprar 1 mkr. tap.

Prentsmiðjan hefur lagt í mikla undirbúningsvinnu í sambandi við móttöku á texta frá viðskiptamönnum prentsmiðjunnar og er þar bæði um að ræða flutning texta á diskettum og með símatengingu. Þessu verki verður að öllum líkindum lokið í maí 1984. Á árinu 1983 keypti prentsmiðjan nýjan og fullkominn pappírsskurðarhníf. Fest hafa verið kaup á nýrri prentvél, sem væntanlega verður tekin í notkun í lok maí 1984. Stefnt er að því að setja í gang „hraðþjónustu“ og er þess vænzt að hún verði komin í gagnið næsta haust.

Fjöldi starfsmanna um s. l. áramót var 74 og er það nánast sami starfsmannafjöldi og árið 1982. Ekki er búizt við neinum breytingum á fjölda starfsmanna.

Að tilhlutan iðnaðarráðherra stendur nú yfir úttekt á rekstri prentsmiðjunnar og er það verk unnið af ráðgjafafyrirtækinu „Hannarr“.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	1982
Rekstrartekjur	44 888 000	24 813 000
Rekstrargjöld	37 095 000	21 303 000
Fjármagnsgjöld*	6 881 000	2 750 000
Tap	912 000	760 000
Eignir	43 514 000	25 669 000
Skuldir	8 594 000	4 337 000
Eigið fé	34 920 000	21 332 000

* Verðbreytingafærsla árið 1983 er 1 578 þús. kr.

Hinn 5. janúar 1984 lézt Ragnar Guðmundsson, forstjóri Gutenbergs. Með bréfi Iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. janúar 1984, var Guðmundur Kristjánsson, skrifstofustjóri Gutenbergs settur til þess að gegna stöðu forstjóra þar til öðruvísi verður ákveðið.

Sementsverksmiðja ríkisins.

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggir á lögum nr. 35/1948 ásamt breytingu á þeim lögum nr. 7/1961. Fyrirtækið er alfarið í eigu ríkisins. Það lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Úr hópi stjórnarmanna skipar iðnaðarráðherra formann.

Rekstur 1983.

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 97 400 tonn, samanborið við 103 600 tonn 1982, sem var metár. Rekstrardagar ofnsins voru 330 og framleiðslan því 295,15 tonn á dag að meðaltali. Þetta varð heldur minni framleiðsla á dag en árið áður, enda urðu nokkrar rekstrartruflanir við að breyta frá svartolíubrennslu yfir í kolabrennslu. Framleiðsla sements varð 120 410 tonn, en sala 114 947 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1983 í tonnum (1982 til samanburðar).

	1983		1982	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	102 052	97 486	110 770	108 841
Hraðsement	15 292	13 631	15 300	13 830
Pozzolansement	3 066	3 765	1 500	1 394
Hvítt sement, innfl.		65		30
Alls tonn	120 410	114 947	127 500	124 095

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	66 114	31 372
Hraðsement	11 559	2 072
Pozzolansement	3 765	
Alls tonn	81 438	33 444
Skipting	70,9%	29,1%

Árið 1982 var sala á lausu sementi 66,6% og sekkjuðu 33,4%.

Verð hækkaði þrisvar sinnum á árinu 1983 og að auki flutningsjöfnunargjald tvisvar. Hækkun frá ársbyrjun til ársloka var 48,1%. Rekstur verksmiðjunnar stóð nokkurn veginn í járnum eins og fram kemur hér á eftir. Tap varð á rekstrinum að upphæð 2,5 mkr. Afskriftir námu 52 mkr. og verðbreytingarfærsla nam um 91 mkr.

Fastráðið starfsfólk í árslok 1983 var 118. Því hafði fækkað um 9 manns frá fyrra ári.

Helztu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	(Í þús. kr.)	
	1983	1982
Rekstrartekjur	290 300	178 013
Rekstrargjöld	282 900	154 290
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(9 900)	(25 290)
Hagnaður (tap)	(2 500)	(1 580)
Eignir	437 600	270 026
Skuldir	260 900	153 600
Eigið fé	176 700	116 400

Rekstrarhorfur 1984.

Áætlað er, að sementssala verði nokkru minni en árið 1983, en þó hefur salan fyrstu mánuði ársins reynzt heldur meiri en áætlað var í upphafi þess.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að reksturinn verði með svipuðu sniði og verið hefur. Þrátt fyrir minnkandi sölu er þess vænzt, að verðbreytingar á sementi á árinu verði vel innan þeirra marka, sem almennt verðlag í landinu kann að breytast frá upphafi til loka ársins. Ástæðan er sú, að nú nýtur verksmiðjan að fullu góðs af breytingunni frá svartolíubrennslu

yfir í kolabrennslu, sem átti sér stað á miðju ári 1983. Hefur þessi fjárfesting þegar sannað ágæti sitt og á eftir að spara Sementsverksmiðjunni umtalsvert fé.

Stærsta framkvæmd verksmiðjunnar á árinu 1984 er uppsetning nýrrar rafsíu við brennsluofn, en ráðgert er að ljúka verkinu um mitt ár. Áætluð útgjöld á árinu vegna þessa eru um 6 mkr.

Ýmsar smærri framkvæmdir og fjárfestingar eru fyrirhugaðar á árinu, en alls er áætlað að verja um 17—18 mkr. til þessa, skv. áætlunum þar um.

Fyrir tilstuðlan iðnaðarráðherra stendur nú yfir úttekt á rekstri Sementsverksmiðjunnar og annast ráðgjafarfyrirtækið „Kaupþing" þá athugun.

Stjórn.

Á fundi Sameinaðs Alþingis í desember 1980 var kosið í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára. Eftirtaldir skipa nú stjórnina: Skúli Alexandersson, alþingismaður, formaður, Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður og Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari.

Framkvæmdastjóri tæknimála er Guðmundur Guðmundsson og framkvæmdastjóri viðskipta- og fjármála Gylfi Þórðarson.

Sjóefnavinnslan h.f., Reykjanesi.

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. þó tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á 80% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Framleiðsla.

Félagið vinnur að því að koma upp stórvirkum búnaði til þess að vinna salt, kalí og kalsíumklóríð úr söltu borholuvatni, sem fæst á staðnum. Auk þess eru uppi áform um að vinna þarna ýmis önnur efni, sem tengjast slíkri framleiðslu, svo sem klór og vítissóta, natríum hypóklóríð, saltsýru, og ennfremur er natríumklórat-vinnsla í athugun.

Framleiðslan fer þannig fram, að jarðgufa og saltvatn (jarðsjór) er fengið úr borholum. Til þess að vinna föst efni úr þessum salta vökva þarf eimingu. Hún fer fram í eimum, sem fá orku sína frá gufunni, og síðan má kristalla út salt í sérstökum tækjum eftir því sem við á um salttegund þá, sem vinna skal.

Meðal annars er ætlunin að vinna verulegt magn fisksalts. Fisksaltið er unnið úr leginum í opnum gufuhituðum kristöllunarpönnum. Saltlögur sá, sem frá pönnunum kemur, inniheldur mikið saltmagn til viðbótar því, sem þannig er unnið. Þetta salt er unnið með vissri gerð kristöllunareima. Salt þetta er mjög fínkornótt og er ætlað til notkunar í ýmiss konar iðnaði og matvælagerð. Þetta er sú salttegund, sem mesta þýðingu hefur varðandi framleiðslu þessara þátta og sem undirstaða frekari efnaiðnaðar.

Í framhaldi af því má vinna kalí (kalíumklórið til áburðar) úr þessum legi.

Framkvæmdir.

Hér er um að ræða framkvæmdir, sem eiga sér ekki hliðstæðu annars staðar. Farið hafa fram umfangsmiklar framleiðslutilraunir og uppbygging framleiðsluþátta mótast af fenginni reynslu. Veigamikill þáttur í undirbúningsstarfseminni var rekstur tilraunaverksmiðju þar sem lausn fékkst á ýmsum tæknilegum atriðum, sem lúta að framleiðslu úr jarðsjónum. Hafa verið gerðar umfangsmiklar tilraunir með mismunandi gerðir fisksalts. Sú gerð salts, sem ákveðið hefur verið að framleiða, var prófuð á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og reyndist það betur en Miðjarðarhafssalt. Mat stofnunarinnar í þessu tilviki samsvarar því, að fiskur saltaður með Reykjanessalti sé nokkru verðmætari en fiskur saltaður með Miðjarðarhafssalti.

Nú stendur yfir bygging byrjunaráfanga sjóefnavinnslu, sem miðast við 8 000 tonna saltframleiðslu á ári. Þessi byrjunaráfangi er byggður sem fyrsti hluti hinnar áætluðu verksmiðju. Honum er ætlað það hlutverk að kanna enn nánar viðbrögð notenda um gæði salttegunda þeirra og annarra efna, sem framleiða skal. Hefur allmikillar reynslu þegar verið aflað.

Fyrsti þáttur þessa máls var bygging svonefnds pönnuhúss, þar sem nú eru framleidd 5 tonn á dag af fisksalti.

Ennfremur er stefnt að því að koma upp svonefndri fínsaltsdeild, sem mun framleiða ýmsar gerðir fínsalts, kalí og kalsíumklóríð úr legi þeim, sem fæst við grófsaltsvinnsluna.

Framkvæmdakostnaður félagsins á árinu 1983 nam alls um 73 mkr. Á árinu var lokið borun nýrrar holu. Árangur varð mjög góður. Talið er að þetta sé afkastamesta hola í heiminum. Hiti í holunni er 270°C. Ef hún væri virkjuð fengjust allt að 22 MW af rafmagni. Úr holunni er talið að vinna megi allt að 70 þús. tonn af salti.

Byggð var 25 000 m^2 geymsluþró fyrir affallslög, sem fínsalt verður síðan unnið úr.

Lögð var ný endanleg gufulögn frá borholu 8.

Byggt var rafstöðvarhús og upp settur 500 kw gufuhverfill. Byggð var skiljustöð og hljóðdeyfastöð. Byggð var eimingarþró og smíði eima og hitara boðin út ásamt undirstöðum undir eima.

Þá fór fram útboð vegna tækjabúnaðar í fínsaltsdeild.

Öll stærri verk voru boðin út og reyndust tilboð í öll verk vera undir kostnaðaráætlun.

Þá hóf fyrirtækið sölu á gufu til fiskimjölsverksmiðju er reist hefur verið í nágrenni athafnasvæðis Sjóefnavinnslunnar h.f.

Félagið hélt áfram könnun á framleiðslu natríum-klórats. Rætt var við sænska, finnska og vestur-þýzka aðila og er málið unnið í samráði við Iðnaðarráðuneytið og Stóriðjunefnd.

Starfsmenn félgsins voru 13 í árslok 983, 10 á verksvæði og 3 á skrifstofu, og hafði starfsmönnum fjölgað um 5 á árinu. Auk þess unnu tæknilegir ráðgjafar fyrir félagið undir stjórn Baldurs Líndals, efnaverkfræðings.

Efnahagur í árslok 1983 (í þús.):

	1983	1982
Eignir	210 000	69 000
Skuldir	151 000	58 500
Eigið fé	59 000	10 500

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru: Guðmundur Einarsson, verkfræðingur, formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármálaráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega.

Framkvæmdastjóri er Finnbogi Björnsson.

Verkefni framundan.

Ljóst er, að ekki verður hafizt handa um byggingu fínsaltsdeildar á árinu 1984 vegna fjárskorts.

Um mitt ár 1984 er áætlað, að smíði og uppsetningu eimastöðvar verði lokið. Eykst þá framleiðslan að miklum mun.

Við framleiðslu Sjóefnavinnslunnar h.f. fellur til allmikill lághiti. Að undanförnu hafa fyrirtækinu borizt fyrirspurnir, innlendar og erlendar, varðandi kaup á orku til fiskeldis.

Innan tíðar hefjast eldistilraunir Fiskifélags Íslands á svæðinu og mun Sjóefnavinnslan styðja þær eftir mætti, óbeint.

Þá er frekari rafmagnsframleiðsla í athugun, m. a. vegna þarfa fyrirhugaðra fiskeldisstöðva.

Ekki eru uppi neinar breytingar á eignaraðild ríkisins að verksmiðjunni fyrr en framkvæmdum er lokið.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1984, óskaði Iðnaðarráðuneytið eftir því, að Iðntæknistofnun Íslands gerði athugun á rekstri og framtíðarmöguleikum Sjóefnavinnslunnar h.f. á Reykjanesi.

Steinullarverksmiðjan h.f., Sauðárkróki.

1. Stofnun félagsins.

Þar sem steinullarverksmiðjan er eina meiriháttar nýiðnaðarfyrirtækið, sem nú er í byggingu, þykir rétt að gera hér ítarlega grein fyrir málinu.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar, 25. maí 1982, var samþykkt svofelld tillaga: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins h.f. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað."

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f., og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenzka ríkisins. Hluthafar eru íslenzka ríkið með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið h.f. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um, að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek ab, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f. eru því nú:

	Hlutafé kr.	%
Íslenzka ríkið	27 300 000	40
Steinullarfélagið h.f.	16 500 000	24
Samband ísl. samvinnufélaga	12 400 000	18
Kaupfélag Skagfirðinga	4 200 000	6
Oy Partek ab, Finnlandi	7 900 000	12
Samtals	68 300 000	100

(Upphæðir eru miðaðar við verðlag í september 1983).

Ríkið hefur þegar greitt 11.5 mkr. af hlutafé sínu.

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

2. Stofnkostnaður og fjármögnun.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er þannig áætlaður í september 1983:

Byggingar	60 200 000
Vélar og tæki	139 800 000
Annað (vextir á byggingartíma o. fl.)	27 600 000
Samtals	227 600 000

Fjármögnun er áætluð:

Hlutafé	68 300 000
Útflutningslán	86 200 000
Önnur erlend lán	33 100 000
Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður	40 000 000
Samtals	227 600 000

Ríkisstjórnin hefur heimild til að ábyrgjast 25% af nauðsynlegum stofnlánum og hefur verið ákveðið að nýta þá heimild. Reiknað er með að ábyrgð ríkisins sé nauðsynleg vegna erlendra lána sem tekin verða á árinu 1985. Útlit er fyrir, að ekki þurfi að nýta þá heimild til fulls.

Rekstrarfé mun verksmiðjan fá í gegnum endurkaupalánakerfi Seðlabankans og frá banka fyrirtækisins, Búnaðarbanka Íslands.

Fjöldi starfsfólks er áætlaður 38 manns fyrsta starfsárið en verður 53 við 6 000 tonna framleiðslu.

Í arðsemisútreikningum er gengið út frá tilboði Ríkisskips um flutning á steinull innanlands.

3. Markaður.

Í upphafi kannaði stjórn verksmiðjunnar hvernig bezt væri að standa að sölu- og dreifingarmálum. Niðurstaðan var sú að leita eftir samningum við Samband ísl. samvinnufélaga um sölu á vörum verksmiðjunnar. Samningur þessi var samþykktur á framhaldsaðalfundi Steinullarverksmiðjunnar h.f., þann 26. október 1983.

Sambandið mun frá þeim tíma, er það tekur að sér dreifingu á vörum verksmiðjunnar, hætta öllum innflutningi á gler- og steinull. Sambandið hefur haft milli 50 og 60% af glerullar- og steinullarmarkaðnum hérlendis. Ennfremur munu fjórar stærstu byggingavöruverzlanir á Stór-Reykjavíkursvæðinu kaupa beint frá verksmiðjunni.

Steinullarverksmiðjan hefur mikla fjarlægðarvernd vegna þess hve flutningskostnaður er hátt hlutfall af söluverði.

Dreifendur steinullar spara nokkuð í birgðahaldi með tilkomu íslenzkrar steinullarverksmiðju.

Gerð hefur verið ítarleg markaðskönnun vegna þessa máls.

Markaður fyrir óbrennanlega einangrun (glerull og steinull) er nú talinn skiptast þannig:

	Tonn
Einangrun nýrra bygginga	2 643
Endureinangrun gamalla húsa	840
Hljóðeinangrun	482
Annað	200
Samtals	4 165

Reiknað er með að verksmiðjan geti náð 90% af þessum markaði á 3 árum.

4. Arðsemi.

Ákveðið hefur verið að miða framleiðslugetu verksmiðjunnar við innlendan markað. Hámarksframleiðslugeta verður 6 000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir, að fyrsta árið selji verksmiðjan 2 650 tonn, en eftir 10 ára starfrækslu verði sala orðin 5 400 tonn.

Reiknuð hefur verið út arðsemi fjármagns og hlutafjár. Nýjustu útreikningar eru frá september 1983. Miðað er við 12% vexti af lánum. Reiknað er með tilviki þar sem miðað er við 8% árlega verðbólgu svo og raunávöxtun.

Helztu niðurstöður eru þessar:

	Heildarfjármagn eftir skatta		Hlutafé eftir skatta	
	8% verðbólga %	Raun-ávöxtun %	8% verðbólga %	Raun-ávöxtun %
Aðalviðmiðun	28,4	18,9	37,7	27,5
10% verðlækkun	24,5	15,3	30,4	20,7
10% magnminnkun	25,8	16,5	32,8	23,0
Sala fer ekki fram úr 5 100 tonnum	27,4	18,0	36,5	26,4

Greiðslufjárvandamál samkvæmt þessum útreikningum verða aðeins ef verð lækkar um 10%, þá yrðu greiðsluerfiðleikar fyrsta árið.

5. Framkvæmdir og fjármögnun þeirra.

Undirbúnings- og framkvæmdakostnaður var í árslok 1983 orðinn 7,9 mkr., uppfærður til verðlags skv. skattareglum. Þar er meðtalinn undirbúningskostnaður ríkissjóðs, Sauðárkróksbæjar og Steinullarfélagsins h.f. frá 1977.

5.1 Vélakaup.

Á síðari hluta ársins 1983 og í byrjun árs 1984 var gengið endanlega frá kaupum á vélbúnaði fyrir verksmiðjuna, fjármögnun á þeim kaupum og ábyrgðum. Samningur um vélakaup var gerður við Oy Partek ab, Finnlandi að upphæð FIM 16 378 646 (85 mkr. á gengi í apríl 1984). 15% samningsupphæðar voru greidd við undirritun af innborguðu hlutafé (12,8 mkr.). 85% samningsupphæðar eru fjármögnuð með láni frá Finnish Export Credit Ltd. með bankaábyrgð Bank of Helsinki Ltd. án innlendra ábyrgða (72,2 mkr.).

Þá var undirritaður samningur við Elkem a/s, Noregi um kaup á rafbræðsluofni ásamt tilheyrandi búnaði. Samningsupphæð er NOK 5 770 000 (22,2 mkr.). 15% samningsupphæðar voru greidd við undirritun af innborguðu hlutafé (3,3 mkr.). 85% samningsupphæðar eru fjármögnuð með láni frá Exportfinans a/s, Noregi, með bankaábyrgð Garantiinstituttet for Exportfinansiering a/s (GIEK). Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, ábyrgjast 30% af láninu (5,7 mkr.) gagnvart GIEK með milligöngu viðskiptabanka Steinullarverksmiðjunnar, en Elkem og GIEK taka á sig 70% af áhættunni.

Kaupum á vélbúnaði er þó ekki lokið. Utan áðurnefndra samninga þarf að festa kaup á pökkunarvélum, rafbúnaði, loftpressum, geymum, færiböndum o. þ. h.

Þessi búnaður verður boðinn út á yfirstandandi ári. Þó hafa nú verið fest kaup á pökkunarvél fyrir rúllur frá Kaibel & Sieber, V-Þýzkalandi fyrir DEM 506 000 (5,6 Mkr.) og þriðjungur greiddur við pöntun af innborguðu hlutafé.

Við gerð samningsins við Partek var leitazt við að taka sem flesta þætti út úr tilboðinu, til að hægt væri að bjóða þá út innanlands. Á það við rafbúnað, geyma, færibönd o. fl.

5.2 Byggingarframkvæmdir.

Jarðvinna var boðin út seinni hluta ársins 1983. Tekið var lægsta tilboði frá Króksverki h.f., Sauðárkróki, sem var 40,3% af kostnaðaráætlun (0,5 mkr.).

Hönnun mannvirkja er komin á lokastig og hefur steypuvinna verið boðin út. Tilboðum á að skila fyrir 15. maí 1984.

Áætlað er að framkvæmdakostnaður ársins 1984 verði um 50 mkr.

Framkvæmdir verða fjármagnaðar með hlutafé og lánum úr innlendum fjárfestingarlánasjóðum. Stjórn Norræna iðnþróunarsjóðsins hefur þegar samþykkt að lána félaginu allt að 30 mkr., gegn veði í verksmiðjunni. Iðnlánasjóður hefur samþykkt 10 mkr. lán til verksmiðjunnar.

Ekki þarf að nýta lagaheimild til að taka lán með ríkisábyrgð á yfirstandandi ári.

Um helmingur hlutafjár hefur verið greiddur. Reiknað er með, að á árinu 1984 verði innkallaðar um 20 mkr. í hlutafé. Hlutafjárgreiðslur ríkissjóðs verða því um 8 mkr. á árinu.

Áætlað er að verksmiðjan geti tekið til starfa um mitt ár 1985.

6. Rekstrarskilyrði.

6.1 Almenn skilyrði.

Ekki hafa orðið verulegar breytingar á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar við arðsemisáætlanir.

Mikil samkeppni hefur verið á glerullarmarkaði og hefur hún haft í för með sér verðlækkun á innfluttri glerull. Verðlag á innfluttri steinull hefur verið stöðugt. Orsök þessa er samdráttur í nýbyggingum í V-Evrópu og þar af leiðandi slök nýting afkastagetu í þarlendum glerullar- og steinullarverksmiðjum. Bjartara er nú framundan á þessum markaði og búast má við einhverjum verðhækkunum. Mestu máli skiptir fyrir verksmiðjuna hve hratt tekst að vinna glerullarmarkaðinn hér á landi.

Einangrunarplast hækkaði aftur á móti verulega í verði á síðasta ári vegna erlendra hráefnishækkana.

Breyting á byggingareglugerð, sem hefur í för með sér auknar kröfur til einangrunarþykkta, og boða átak í endureinangrun eldra húsnæðis, styrkir og stækkar markaðinn og eru þessar aðgerðir jákvæðar fyrir verksmiðjuna.

Það sem helzt hefur vakið athygli þeirra erlendu aðila, sem skoðað hafa áætlanir um verksmiðjuna, er hið háa raforkuverð, sem reiknað er með. Miðað við núverandi taxta má búast við að verksmiðjan þurfi að greiða sem samsvarar 72 mills fyrir hverja kWst. að meðtöldu verðjöfnunargjaldi en án söluskatts. Er þetta nokkru hærra en verð til iðnaðar í Danmörku, en þar er rafmagn framleitt með olíu og kolum.

Eins og verð á raforku hefur þróazt er augljóst, að betur hefði borgað sig fyrir verksmiðjuna að kaupa koksbræðsluofn, en ekki rafbræðsluofn. Miðað við núverandi gjaldskrár rafveitna er rafmagn til slíkrar bræðslu, sem hér um ræðir, ekki samkeppnisfært.

Reikna má með að raforkuverð lækki hlutfallslega hér á landi á næstu árum.

6.2 Athuganir Iðnþróunarsjóðs.

Í framhaldi af umsókn félagsins um lán úr Iðnþróunarsjóði lét sjóðurinn gera nokkuð ítarlega athugun á hugsanlegri arðsemi verksmiðjunnar.

Nokkur munur kemur fram á áætlunum félagsins um markaðinn og athugun sjóðsins. Á milli hinnar varkárari spár sjóðsins og áætlana félagsins kemur fram eftirfarandi munur:

	STV	Iðnþr.sj.
Markaður 1982—1990 m3	þróast í 153 000	120 000
Markaðshlutdeild %	50—75	58
Verðlag kr/tonn	29 400	26 460

Arðsemi verksmiðjunnar miðað við markaðsforsendur Iðnþróunarsjóðs er vel viðunandi, en sjóðsstreymi verður neikvætt fyrstu þrjú árin.

Á þessum grundvelli hefur Iðnþróunarsjóður samþykkt lánveitinguna en bendir eigendum á, að þeir verði að útvega verksmiðjunni meira fé á fyrstu starfsárunum í formi aukins hlutafjár og/eða lána með ábyrgð hluthafa, ef mál þróast á versta veg.

6.3 Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru: Árni Guðmundsson, framkv.stj., formaður, Jón Ásbergsson, frkv.stj., Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Stefán Guðmundsson, alþingismaður og Stefán Guðmundsson, útibússtjóri.

Framkvæmdastjóri er Þorsteinn Þorsteinsson.

Aðalfundur Steinullarverksmiðjunnar 1984 verður haldinn um miðjan maí.

Þörungavinnslan h.f., Reykhólum.

Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum nr. 107/1973. Rekstrarform þess er hlutafélag með lögboðinni meirihlutaaðild ríkisins. Ríkissjóður á nú um 99% hlutafjár. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. Iðnaðarráðherra fer með málefni, er varða eignaraðild ríkisins að félaginu. A. m. k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skulu vera búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu.

Vegna stofnunar félagsins var heimild í lögum að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingar verksmiðjunnar, ennfremur var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa og reka hitaveitu, leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði og styrkja byggingu hafnar fyrir verksmiðjuna.

Starfsemi.

Í fyrri skýrslu var rætt um byrjunarerfiðleika í rekstri fyrirtækisins, riftun skozka fyrirtækisins Alginate Industries Ltd. á markaðssamningi árið 1980. Þessi atriði verða ekki rakin aftur, heldur greint frá því, hvernig starfseminni er háttað.

Starfsemi Þörungavinnslunnar h.f. er fólgin í öflun, vinnslu og sölu þörungamjöls. Þörungar, sem aflað er, eru aðallega klóþang (ascophyllum nodosum), hrossaþari (laminaria digitata) og smávegis af sölvum (palmaria palmata).

Þangs er aflað með þeim hætti að bændur og fleiri aðilar við Breiðafjörð slá þangið með sláttuprömmum, sem eru í eigu Þörungavinnslunnar h.f.

Þangið er slegið víða um fjörðinn, allt frá Brjánslæk að norðan og vestan, inn eftir og út undir Stykkishólm að sunnanverðu. Einnig er slegið þang víða við eyjar og sker. Þangið er sótt til sláttumanna á vélskipinu Karlsey, sem flytur það til verksmiðjunnar.

Sláttumenn leigja prammana af verksmiðjunni og fá greitt ákveðið verð fyrir hvert tonn af öfluðu þangi.

Þarans er aflað á Karlsey með þeim hætti að skipið dregur á eftir sér sérstaka þarakló, sem rífur upp hrossaþarann.

Söl hafa verið tínd með höndum, sett í poka og flutt til verksmiðju.

Rekstur 1983.

Afli ársins 1983 er sem hér segir í samanburði við 1982:

	1983	1982
Þang	13 996 tonn	12 200 tonn
Þari	1 785 tonn	1 652 tonn
Söl	6,5 tonn	2 tonn

Vinnslan gekk tiltölulega vel árið 1983 og var lítið um alvarleg skakkaföll. Þaraþurrkun hófst 20. febrúar og stóð fram að mánaðamótum apríl — maí. Þangþurrkun hófst við lok þaraþurrkunar og stóð fram í septemberlok. Í október fór v/s Karlsey í slipp, en hóf síðan þaraöflun í byrjun nóvember, sem lauk skömmu fyrir jól.

Ýmsar minniháttar lagfæringar voru gerðar á þurrkara til að bæta afköst, en fyrirsjáanlegt er að breytinga er jafnframt þörf á tækjum verksmiðjunnar í þessu skyni og til að bæta gæði framleiðslunnar og mæta breyttum kröfum viðskiptavina.

Eins og kunnugt er breyttust samningar Þörungavinnslunnar h.f. við skozka fyrirtækið A.I.L. 1980, þannig að það magn, sem áætlað var að selja því, minnkaði úr 5 000 tonnum í 1 500 tonn. Einnig lækkaði verðið mjög mikið.

Á árinu 1983 var gert átak til að leita nýrra markaða erlendis og innanlands, og hefur það skilað talsverðum árangri, í auknu magni og aðeins hærra verði. Einnig er verið að kanna notagildi þörungamjöls á ýmsum sviðum og skapa þannig nýja markaði fyrir framleiðsluna. Háir það fyrirtækinu mjög í sambandi við sölu hve rannsóknir á vegum þess hafa verið litlar.

Salan árið 1983 var sem hér segir:

Þangmjöl	3 210 tonn	cif verð kr. 24 295 þús.
Þaramjöl	208 tonn	cif verð kr. 3 299 þús.
	Samtals	cif verð kr. 27 594 þús.

Til samanburðar var heildarsala þörungamjöls 1982 um 2 200 tonn, að verðmæti 9 830 þús. kr. Útflutningur var um 94% af heildarsölu 1983.

Verulegt tap var á rekstri fyrirtækisins 1983, eða um 15 mkr. Vaxtagjöld og gengisbreytingar á lánum námu 12,7 mkr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1983:

		1983	Til samanburðar 1982
Rekstrartekjur		30 986 000	14 038 000
a) af rekstri	27 615 000		
b) skaðabætur	3 371 000		
Rekstrargjöld		33 229 000	18 878 000
Fjármagnsgjöld		12 674 000	4 823 000
Tap		14 917 000	9 663 000
Eignir		56 317 000	42 385 000
Skuldir		61 058 000	45 177 000
Eigið fé (neikvætt)		(4 741 000)	(2 792 000)

Að jafnaði starfa um 25 manns í verksmiðjunni og við þangslátt á sumrin hafa auk þess starfað milli 20 og 30 manns.

Iðnaðarráðherra hefur falið Rekstrarstofunni að gera úttekt á rekstri fyrirtækisins. Skýrsla er væntanleg um miðjan maí.

Horfur í rekstri.

Greiðslufjárstaða fyrirtækisins hefur verið mjög erfið fyrri hluta ársins. Kostnaðarsamar endurbætur varð að gera á skipi verksmiðjunnar. Ljóst er að taka verður rekstrargrundvöll verksmiðjunnar til endurskoðunar. Þangvinnsla er arðbær þann tíma ársins, sem hægt er að stunda hana, þ. e. frá því í lok apríl til miðs októbermánaðar. Hins vegar er vetrarstarfsemin mjög erfið. Erfiðleikar hafa verið í sölu þaramjöls, og er ljóst að ekki er hægt að óbreyttu að byggja á vinnsluþara yfir vetrarmánuðina. Stjórn verksmiðjunnar hefur ákveðið að kanna grundvöll þess að hefja aftur fiskþurrkun.

Það er fyrirsjáanlegt að auka verður öflun þangs á yfirstandandi ári þar sem um aukna sölu verður að ræða. Áætlun hefur verið gerð um 28% aflaaukningu eða um 4 000 tonn á árinu 1984, þannig að alls verði aflað 16 200 tonna. Hún byggist á betra og markvissara viðhaldi öflunartækja, betra skipulagi öflunarsvæða, með tilliti til sóknar, aukinni hvatningu til sláttumanna til að nýta sláttutímann og síðast en ekki sízt á vonum um hagstætt veðurfar.

Möguleiki er á aukningu á þara- og sölvaafla ef um meiri sölu er að ræða á þeim mjöltegundum. En sala á þaramjöli hefur gengið treglega.

Það að loka verksmiðjunni yfir vetrarmánuðina er neyðarbrauð og kemur tæpast til greina vegna þess að Þörungavinnslan er aðalvinnuveitandinn á Reykhólum.

Söluhorfur þangmjöls á árinu 1984 eru mjög góðar og er öll framleiðslan seld. Gert er ráð fyrir að framleiða 4 000 tonn af þurru þangmjöli, en árið 1983 voru framleidd 3 200 tonn.

Stjórn.

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1984: Vilhjálmur Lúðvíksson, framkv.stj., formaður, Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri (kemur í stað Steingríms Hermannssonar, sem óskaði að vera leystur frá stjórnarstörfum er hann tók við embætti forsætisráðherra), Kjartan Ólafsson, fv. ritstjóri.

Aðrir stjórnarmenn eru Ólafur E. Ólafsson og Ingi G. Sigurðsson.

Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar er Kristján Þór Kristjánsson.

Ed. 1037. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga ber að auka fremur en skerða. Frumvarpið felur í sér einhliða skerðingu á tekjumöguleikum sveitarfélaga. Það er skoðun undirritaðra að breytingu eigi ekki að gera á aðstöðu sveitarfélaga til tekjuöflunar án samráðs við þau.

Föstudaginn 4. maí var haldinn samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga í samræmi við samstarfssáttmála þessara aðila sem var undirritaður 20. jan. s. l. af félagsmálaráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í lok samráðsfundarins samþykktu aðilar meðal annars eftirfarandi:

„Fulltrúar sveitarfélaganna fagna því ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að sveitarstjórnir ákveði sjálfar gjaldskrár fyrir þjónustu sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Fulltrúar sveitarfélaganna leggja á það áherslu að sjálfsákvörðunarréttur sveitarstjórna verði virtur á fleiri sviðum eigin fjármála, m. a. með því að veita þeim aukið frjálsræði um nýtingu tekjustofna sinna ...

Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um endurskoðun á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, hlutverk Jöfnunarsjóðs og skipan sérstakrar nefndar í því skyni."

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, leggur 1. minni hl. til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Valdimar Indriðason.

Ed. 1038. Lög [340. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 868 (sbr. 736).

Ed. 1039. Frumvarp til laga [82. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 799 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningstækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans. Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjávarútvegsráðherra og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfis.

18. gr. hljóðar svo:

Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum, sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og fylgjast með yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum, sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Ed. 1040. Hafnalög. [136. mál]

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 972 (sbr. 763).

Nd. 1041. Stjórnarskipunarlög [154. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 21.

Nd. 1042. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt þá breytingu sem gerð var á frv. í Ed. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Gíslason.
Gunnar G. Schram.	Halldór Blöndal.	Guðmundur Einarsson.
	Friðrik Sophusson.	

Ed. 1043. Breytingartillaga [71. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Helga Seljan.

Á eftir 8. gr. bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði þessara laga skulu gilda til bráðabirgða til ársloka meðan heildarendurskoðun laganna um Framleiðsluráð landbúnaðarins fer fram, enda leggi landbúnaðarráðherra fram nýtt frumvarp um skipulag grænmetisverslunar í landinu að liðnum þessum reynslutíma.

Sþ. 1044. Tillaga til þingsályktunar [370. mál]

um opinbera rannsókn á starfsháttum og viðskiptavenjum Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

Flm.: Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fram fara opinbera rannsókn á starfsháttum og viðskiptavenjum Grænmetisverslunar landbúnaðarins í ljósi þeirra atburða sem opinberir hafa orðið á vordögum 1984.

Rannsóknin skal meðal annars beinast að því hvort fyrirtækið hafi staðið eðlilega að innkaupum, verslun og verðlagningu á kartöflum og grænmeti, hvort fyrirtækið hafi mismunað viðskiptavinum sínum, hvernig sé háttað eignarhaldi á fyrirtækinu og hvernig eignastaða þess sé og enn fremur hvort fyrirtækið hafi greitt opinber gjöld.

Greinargerð.

Starfsemi og starfshættir Grænmetisverslunar landbúnaðarins hafa verið í sviðsljósinu undanfarnar vikur, fyrst og fremst vegna skemmdra kartaflna sem verið hafa á boðstólum frá fyrirtækinu í matvöruverslunum hér á landi.

Raunar er það ekki ný bóla að starfshættir þessa fyrirtækis séu til umræðu meðal almennings og hjá fjölmiðlum, heldur hefur það verið næsta árviss viðburður. Orsakir umræðunnar hafa ávallt verið hinar sömu, lélegar eða skemmdar kartöflur, sem ekki hafa getað talist boðlegar til manneldis.

Grænmetisverslun landbúnaðarins starfar í skjóli löngu úreltra einokunarákvæða sem eru eins og hver önnur tímaskekkja í íslensku þjóðfélagi árið 1984.

Í ljós hefur komið í umræðum að undanförnu í fjölmiðlum og staðreynt hefur verið að fyrirtækið hefur mismunað viðskiptavinum sínum með vinnubrögðum sem eru gjörsamlega óeðlileg og ættu ekki að þekkjast. Ýmislegt er óljóst í sambandi við verðlagningarmál og verðmyndun á innfluttum kartöflum, enn fremur um eignaraðild að fyrirtækinu og skil þess á opinberum gjöldum, svo og eignastöðu.

Þessi tillaga er flutt til að fá þau mál fram úr skúmaskotum kerfisins, draga þau fram í dagsljósið.

Ed. 1045. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarþings, Stéttarsambands bænda, Landssambands kartöflufranleiðenda, Grænmetisverslunar landbúnaðarins, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Sölufélags garðyrkjumanna sem leggja til að málið verði tekið til umfjöllunar í sambandi við þá endurskoðun sem nú á sér stað á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Samband veitinga- og gistihúsa, Alþýðusamband Íslands og Neytendasamtökin leggja áherslu á að innflutningur grænmetis og garðávaxta verði færður í frjálsræðisátt.

Augljóst er að sjónarmið umsagnaraðila eru mjög mismunandi. Stjórnarflokkarnir eru hins vegar sammála um að rækileg endurskoðun fari fram á sölumálum landbúnaðarins þar sem einokun verði aflétt, enda er t. d. nú þegar búið að taka ákvörðun um að fleiri en Grænmetisverslun landbúnaðarins fái að flytja inn kartöflur.

Með vísan til þessa leggjum við til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 1046. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarþings, Stéttarsambands bænda, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Sambands eggjaframleiðenda.

Þessir aðilar leggja til að málið verði tekið til umfjöllunar í sambandi við þá endurskoðun sem nú á sér stað á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, en Samband veitinga- og gistihúsa, Samband bakarameistara og Neytendasamtökin mæla með samþykkt frumvarpsins.

Augljóst er að sjónarmið umsagnaraðila eru mjög ólík. Með vísan til þess að nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og í trausti þess að þar verði leitast við að ná fram breytingum sem samkomulag er um á milli hagsmunaaðila leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1984.

Egill Jónsson, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Davíð Aðalsteinsson.

Helgi Seljan. Þorv. Garðar Kristjánsson. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 1047. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið.

Svo sem kunnugt er fer nú fram heildarendurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins þar sem meðal annars verður fjallað um útflutning á búvörum. Með tilliti til þess leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1984.

Egill Jónsson, form. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson, frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson. | Helgi Seljan.

Nd. 1048. Frumvarp til laga [341. mál]

um Íslenska málnefnd.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. maí.)

1. gr.

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.
2. Málnefndin er stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Leita skal umsagnar nefndarinnar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum.
3. Nefndin skal hafa samvinnu við stofnanir sem afskipti hafa af íslenskum manna- og staðanöfnum. Hún skal enn fremur leitast við að hafa góða samvinnu við þá sem mikil áhrif hafa á málfar almennings svo sem fjölmiðla og skóla.
4. Íslenskri málnefnd ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli. Fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.

   Ef ástæða þykir til getur málnefndin átt frumkvæði að athugasemdum um meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.
5. Íslensk málnefnd gefur út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn.

   Nefndin getur beitt sér fyrir fræðslu um málið og meðferð þess í opinberum stofnunum eða annars staðar, bæði með fundarhöldum og námskeiðum.

6. Íslensk málnefnd skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Auk þess skal nefndin leitast við að fylgjast með því hvaða nýyrði ná festu í málinu.

   Málnefndin skal vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu. Hún skal hafa samvinnu við orðanefndir sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar. Hún skal stuðla að samræmingu í vinnubrögðum þeirra sem fást við myndun orða til útgáfu í sérstökum orðasöfnum eða gefa út staðla.

7. Íslensk málnefnd skal hafa samstarf við aðrar málnefndir á Norðurlöndum, m. a. með aðild að Norrænni málstöð, og eiga fulltrúa á hinum árlegu þingum þeirra ef við verður komið.

   Nefndin skal einnig, eftir ástæðum, hafa samvinnu við erlendar stofnanir sem gefa út sérhæfð orðasöfn, þ. á m. staðla.

   Að öðru leyti skal málnefndin leitast við að kynna sér starfsemi erlendra málræktarstofnana og alþjóðlegt starf til eflingar þjóðtungum.

3. gr.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar ber heitið Íslensk málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi, sem málnefndin hefur með höndum.

4. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérfróður forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur, áður en embættið er veitt.

Að fengnum tillögum málnefndar skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni, sem málnefndin felur honum.

5. gr.

Starfsemi Íslenskrar málnefndar er kostuð af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum, og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.

Aðrar tekjur málnefndar eru:

a) styrkir til einstakra verkefna,
b) greiðslur fyrir aðstoð eða verk sem unnin eru á vegum málnefndar,
c) tekjur af útgáfu rita,
d) gjafir.

6. gr.

Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð, heimspekideild Háskólans og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert en tveir eru skipaðir án tilnefningar.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

7. gr.

Íslensk málnefnd kemur saman þegar formaður boðar til fundar eða þrír nefndarmenn hið fæsta óska þess.

Málnefndin er ályktunarfær ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi.

Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns.

8. gr.

Ef ágreiningur verður innan málnefndarinnar um túlkun þessara laga sker menntamálaráðherra úr.

9. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Nd. 1049. Frumvarp til laga [167. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adal, Myrtle Rosina, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 4. júlí 1962 í Guyana.
2. Akasheh, Mahshid, verkfræðingur í Garðakaupstað, f. 21. maí 1957 í Íran.
3. Anna Björg Michaelsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 21. ágúst 1957 á Íslandi.
4. Assmann, Wolfgang, verkamaður í Reykjavík, f. 25. maí 1940 í Þýskalandi.
5. Bang, Anne Lise, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. okt. 1942 á Íslandi.
6. Berman, Robert Clive, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 í Bretlandi.
7. Björn Ryel Ólafsson, námsmaður í Kaupmannahöfn, f. 24. júlí 1955 í Danmörku.
8. Boulter, Fred, nuddari í Reykjavík, f. 22. febr. 1956 í Bandaríkjunum.
9. Bui, Thuy Xuan, mælingamaður í Reykjavík, f. 14. júlí 1952 í Víetnam.
10. Campbell, Duncan Wilson, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 5. nóv. 1950 í Skotlandi.
11. Chau, Minh Chi Tran, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 22. des. 1956 í Víetnam.
12. Chinotti, Gerard Marcel Fernand Henri, kennari í Reykjavík, f. 13. júní 1941 í Frakklandi.
13. Christiansen, Johan Sophus Dahl, nemi í Reykjavík, f. 6. mars 1955 í Reykjavík.
14. Coënca, Carol, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. jan. 1953 í Frakkalandi.
15. Czizmouski, Waldemar Anton, f. 21. desember 1952 í Póllandi.
16. Czizmouski, Jolanta Banach, f. 11. maí 1953 í Póllandi.
17. David, Marie Ivy Doris, húsmóðir á Akureyri, f. 7. apríl 1960 á Mauritius.
18. Du, Cuong Quoc, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júní 1956 í Víetnam.
19. Du, Le Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. sept. 1961 í Víetnam.
20. Du, Minh, Phuoc, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 29. júní 1960 í Víetnam.
21. Du, Quang Phuoc, verkamaður á Stöðvarfirði, f. 9. des. 1958 í Víetnam.
22. Edna María Michaelsdóttir, listakona í Svíþjóð, f. 18. júlí 1958 á Íslandi.
23. Foulger, Gillian Rose, jarðeðlisfræðingur í Reykjavík, f. 19. des. 1952 í Bretlandi.
24. Gaziza, Shanaz Taherali Yusufali, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1955 í Tansaníu.
25. Guldhammer, Lea Hjorth, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 27. sept. 1940 í Danmörku.
26. Hua, Hiep Vinh, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. jan. 1955 í Víetnam.
27. Huynh, Can Kien, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 10. júlí 1949 í Víetnam.
28. Huynh, De, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 5. jan. 1946 í Víetnam.
29. Huynh, Nam De, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1954 í Víetnam.

30. Huynh, Nuoi Nhut, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. des. 1951 í Víetnam.
31. Huÿbens, Hermanus Henricus, matreiðslumaður á Akureyri, f. 18. ágúst 1948 í Hollandi.
32. Hwang, Jin Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. okt. 1954 í Suður-Kóreu.
33. Ilić, Dusan, vörubílstjóri í Reykjavík, f. 28. júní 1955 í Júgóslavíu.
34. Ivan Kári Sveinsson, Reykjavík, f. 19. sept. 1978 á Spáni.
35. de Jesus, Justiniano, verslunarmaður í Reykjavík, f. 4. mars 1938 á Fillippseyjum.
36. Jones, Ellen Rósa, húsmóðir í Grundarfirði, f. 8. jan. 1953 á Íslandi.
37. Lareau, Jean Noel, flugvirki í Reykjavík, f. 28. maí 1956 á Íslandi.
38. Lentz, Walter Ludwig, gleraugnafræðingur á Seltjarnarnesi, f. 6. ágúst 1934 í Þýskalandi.
39. Lewis, Joan, starfsþjálfari á Akureyri, f. 9. nóv. 1946 í Englandi.
40. Loewenstein, Hope Nancey, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 8. sept. 1943 í Bandaríkjunum.
41. Lozanov, Malgorzata, húsmóðir Reykjavík, f. 24. febr. 1949 í Póllandi.
42. Maloney, Róberta Bára, verkakona í Keflavík, f. 9. ágúst 1963 í Bandaríkjunum.
43. Marth, Jochen Wilhelm Paul Otto, verkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júní 1953 í Þýskalandi.
44. Marth, Ulrike Eleonore, fóstra í Djúpárhreppi, Rang., f. 12. mars 1955 í Þýskalandi.
45. McQueen, Frances Jane Milne, húsmóðir á Akureyri, f. 27. nóv. 1942 í Skotlandi.
46. Milijević, Stanko, aðstoðarmaður í brauðgerð í Kópavogi, f. 28. sept. 1952 í Júgóslavíu.
47. Nguyen, Chien Van, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1957 í Víetnam.
48. Nguyen, Ho Van, nemandi í Kópavogi, f. 17. maí 1954 í Víetnam.
49. Nguyen, Man Ngoc, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. des. 1955 í Víetnam.
50. Nilssen, Julianne Marie, húsmóðir í Keflavík, f. 2. okt. 1949 á Íslandi.
51. Papazian, Berjouhi, kennari í Reykjavík, f. 24. okt. 1936 í Írak.
52. Pescia, Enrico Emanuel, verkamaður í Njarðvík, f. 18. sept. 1954 í Bandaríkjunum.
53. Pham, Hang Le, nemandi í Reykjavík, f. 19. jan. 1955 í Víetnam.
54. Renner, Margo Jeanne, listamaður í Vestmannaeyjum, f. 29. des. 1953 í Bandaríkjunum.
55. Romo, Julio Cesar Ocares, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 21. okt. 1952 í Chile.
56. Salas, Jose Manuel Salvador, forstjóri í Reykjavík, f. 14. des. 1949 á Spáni.
57. Schaaber, Ursula Lore, læknir í Reykjavík, f. 17. ágúst 1946 í Þýskalandi.
58. de Sousa, Ruben Araújo, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 17. febr. 1953 í Brasilíu.
59. Stefán Brandur Stefánsson, viðskiptafræðingur í Hafnarfirði, f. 29. okt. 1954 í Bandaríkjunum.
60. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, f. 6. mars 1932 í Þýskalandi.
61. Tamimi, Suleiman, nemi í Reykjavík, f. 1. mars 1955 í Jórdaníu.
62. Tran, Trieu Di, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1949 í Víetnam.
63. Vestergaard, Ingibjörg, matráðskona í Garðabæ, f. 24. apríl 1938 í Færeyjum.
64. Webster, Decarsta Unsont, körfuboltaþjálfari í Hafnarfirði, f. 7. maí 1955 í Bandaríkjunum.
65. Wilhelmsen, Willy Peter, verkamaður í Keflavík, f. 11. okt. 1952 í Noregi.
66. Wilkinson, Bernard Stephen Wilmot, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. mars 1951 í Englandi.
67. Young, Neville, málari í Keflavík, f. 17. maí 1945 í Englandi.
68. Zak, Marjan, verkamaður í Kópavogi, f. 18. júlí 1953 í Júgóslavíu.
69. Zarioh, Mohamed Hamadi, rafsuðumaður á Akureyri, f. 17. okt. 1950 í Marokkó.
70. Þórunn Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 22. jan. 1947 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1050. Breytingartillaga [368. mál]

við till. til þál. um afnám tekjuskatts af launatekjum í áföngum.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um afnám tekjuskatts af tekjum einstaklinga og lögaðila en í stað þess komi ríkisútsvar á laun einstaklinga en veltuskattur á lögaðila. Ríkisútsvar á tekjur einstaklinga leggist á tekjur yfir 500 000 kr. Vaxtaútgjöld verði ekki frádráttarbær en vextir af sparnaði ekki skattskyldir sem tekjur. Frumvarpið miði að því að tekjur ríkissjóðs minnki ekki af þess völdum.

Ed. 1051. Frumvarp til laga [115. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 142 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða hærra iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti af verði til framleiðenda. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótframlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Aðilar sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda skulu annast innheimtu mótframlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. samkvæmt fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og skal þá endurgreiða það sem umfram er eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Nd. 1052. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Ólafur Ólafsson landlæknir kom á fund nefndarinnar og veitti upplýsingar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá efri deild.

Alþingi, 19. maí 1984.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Guðrún Helgadóttir.	Bjarni Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 1053. Frumvarp til laga [316. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. maí.)

Samhljóða þskj. 626 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Veita má þeim tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni, sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr.

Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi.

Sé um erlendan ríkisborgara að ræða, skal hann ennfremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Leita skal umsagnar landlæknis. Umsækjandi skal sanna að 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um hagi hans. Binda má leyfið við ákveðinn tíma.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

Ed. 1054. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Salome Þorkelsdóttir.
Árni Johnsen.	Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 1055. Lög [318. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 643.

Nd. 1056. Lög [349. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 791.

Nd. 1057. Lög [25. mál]

um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 25.

Nd. 1058. Lög [220. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 389.

Nd. 1059. Lög [321. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 652.

Nd. 1060. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Alþingi, 19. maí 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm. Guðrún Helgadóttir, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Guðmundur Einarsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 1061. Breytingartillaga [111. mál]

við till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram vandaða og marktæka skoðanakönnun á viðhorfum landsmanna til framleiðslu og sölu áfengs öls hérlendis.

Við undirbúning þeirrar skoðanakönnunar verði haft samráð við stjórnskipaða nefnd sem nú fjallar um stefnumörkun í áfengismálum samkvæmt samþykkt Alþingis.

Nd. 1062. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð bænda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt í efri deild.

Guðrún Agnarsdóttir er einnig samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.	Þorsteinn Pálsson.	Friðrik Sophusson.
	Halldór Blöndal.	

Ed. 1063. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. l. nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar en ekki náð samkomulagi um afgreiðslu þess.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar í gær.

Með því að nú er komið að þinglausnum er þess enginn kostur að nefndin geti tekið frumvarpið til efnislegrar meðferðar. Hins vegar er málið nefndarmönnum kunnugt þar sem það hefur verið rætt ítarlega í öllum þingflokkum.

Einsýnt er að setja þarf á þessu þingi ný lög um kosningar til Alþingis til samræmis við þá stjórnarskrárbreytingu sem nú hefur verið samþykkt.

Með tilliti til þessa samþykkir meiri hl. nefndarinnar að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreyttu eins og það kemur frá neðri deild. Þessi tillaga nefndarinnar er gerð á þeirri forsendu að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram í frumvarpsformi á næsta haustþingi.

Alþingi, 20. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Jón Kristjánsson.	Valdimar Indriðason.

Ed. 1064. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. maí 1984.

Valdimar Indriðason, varaform.	Stefán Benediktsson, fundaskr., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.	Haraldur Ólafsson.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 1065. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.
Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Kolbrún Jónsdóttir og Karl Steinar Guðnason.

Alþingi, 21. maí 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Skúli Alexandersson.	Egill Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Árni Johnsen.	

Ed. 1066. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. l. nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin ræddi málið á einum fundi og klofnaði í afstöðu sinni. Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. maí 1984.

Stefán Benediktsson.

Nd. 1067. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og er meiri hl. hennar samþykkur málinu eins og það kom frá efri deild.

Kristín Halldórsdóttir tekur ekki afstöðu til málsins.

Stefán Guðmundsson var fjarstaddur.

Alþingi, 21. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Eggert Haukdal.

Friðjón Þórðarson. Karvel Pálmason.

Ed. 1068. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Kolbrún Jónsdóttir.

Karl Steinar Guðnason. Salome Þorkelsdóttir. Árni Johnsen. Lárus Jónsson.

Nd. 1069. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Þetta mál er í tengslum við 306. mál um breyt. á l. um skattskyldu innlánsstofnana. Nefndin fékk til viðræðna Árna Kolbeinsson úr fjármálaráðuneyti, Sigurð Hafstein frá Sambandi sparisjóða, Þórð Ólafsson úr Seðlabanka og Jónas Haralz bankastjóra.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 20. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Þorsteinn Pálsson.

Halldór Blöndal.

Ed. 1070. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, sbr. l. nr. 5/1966, nr. 7/1978, nr. 8/1982, nr. 10/1982.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.
Stefán Benediktsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir. Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason. Ragnar Arnalds. Eiður Guðnason.

Sþ. 1071. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1983.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

Efnisyfirlit

I. INNHEIMTA TEKNA

1.1. MARKAÐAR TEKJUR
1.1.0. Bifreiðainnflutningur
1.1.1. Bensíngjald
1.1.2. Þungaskattur
1.1.3. Veggjald
1.1.4. Gúmmígjald

1.2. RÍKISFRAMLAG

1.3. LÁNSFJÁRÖFLUN

1.4. GREIÐSLA VAXTA OG AFBORGANA

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR
2.1.0. Starfsmannahald
2.1.1. Skrifstofukostnaður
2.1.2. Tæknilegur undirbúningur
2.1.3. Umferðartalning og eftirlit
2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA
2.2.1. Sumarviðhald
2.2.1.1. Viðhald malarvega
2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi
2.2.1.3. Viðhald brúa
2.2.1.4. Viðhald varnargarða
2.2.1.5. Heflun vega
2.2.1.6. Rykbinding
2.2.1.7. Vinnsla efnis
2.2.1.8. Vatnaskemmdir
2.2.1.9. Vegmerkingar
2.2.2. Vetrarþjónusta
2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA
2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda
2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda
2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda
2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda
2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun
2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun
2.3.1.1. Almenn verkefni
2.3.1.2. Bundin slitlög

2.3.1.3. Sérstök verkefni
2.3.1.4. Ó-vegir
2.3.2. Til þjóðbrauta
2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum
2.3.4. Girðingar og uppgræðsla

2.4. TIL BRÚAGERÐA
2.4.1. Til brúa 10 m og lengri
2.4.2. Til smábrúa

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.
2.5.1. Til aðalfjallvega
2.5.2. Til annarra fjallvega
2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum
2.5.4. Bláfjallavegur, Suðurlandsvegur-Hafnarfjörður
2.5.5. Til reiðvega

2.6. TIL SÝSLUVEGA

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA
2.8.1. Vélakaup
2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI
3.1.1. Ódýr slitlög
3.1.2. Hagræðing

4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA
4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu
4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964-1983
4.1.3. Heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu
4.1.4. Kostnaður við sumarviðhald 1965-1983
4.1.5. Kostnaður við vetrarþjónustu 1965-1983
4.1.6. Nýbygging vega, brúa og fjallvega 1964-1983

Fylgiskjöl.

1.1.0.-1. Markaðir tekjustofnar
2.1.3.-1. Umferðartalning 1983, suðvesturland
2.1.3.-2. Umferðartalning 1983, norðvesturland
2.1.3.-3. Umferðartalning 1983, norðausturland
2.1.3.-4. Umferðartalning 1983, suðausturland
2.3.0.-1. Þjóðvegir 1. janúar 1983
2.3.0.-2. Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1983
2.3.1.1.-1. Stofnbrautir — almenn verkefni
2.3.1.2.-1. Stofnbrautir — bundin slitlög
2.3.1.3.-1. Stofnbrautir — sérstök verkefni
2.3.1.4.-1. Ó-vegir
2.3.2.1. Þjóðbrautir
2.4.1.-1. Brýr 10 m og lengri
2.5.1.-1. Aðalfjallvegir

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1983 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.		Rauntekjur pr. 31.12.83 m.kr.	Mismunur m.kr.
1.1.1. Bensíngjald:	480,0		473,8	−6,2
Brúttótekjur		474,3		
Endurgreiðslur		−0,5		
1.1.2. Þungaskattur:	195,0		204,1	9,1
Km-gjald		171,8		
Árgjald		32,3		
1.1.3. Veggjald	109,0			−109,0
1.1.4. Gúmmígjald	0		1,1	1,1
Samt. 1-4.	784,0		679,0	105,0
1.2. Ríkisframlag	20,4		138,5	114,1
1.3. Lánsfé	244,6		244,6	
Samt. 1-3.	1 049,0		1 062,1	9,1

Í fylgiskjali 1.-1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. febr. 1984.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR.

1.1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1983 voru fluttar inn 5 860 bifreiðar og er það 4 620 bifreiðum færra en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 5 216. Innflutningur vörubifreiða var alls 413, þar af 91 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 396 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 68. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1983 hafi verið orðin um 109 500 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 2,9%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1984 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1983 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Br. frá 1982
Fólksbifreiðar	90 644	4 084	94 728	5,0%
Alm. bifreiðar	387	869	1 259	4,8%
Vörubifreiðar	5 168	5 307	10 475	10,5%
	96 199	10 260	106 459	5,5%

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsala á tekjuárinu 1983 varð 124,0 m. ltr., en það er 2,3% minnkun frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 6,1% minni en árið áður eða 1270 ltr. á móti 1353 árið 1982.

Bensínverð hækkaði á árinu 1983 úr 13,80 kr. í 22,30 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað fjórum sinnum á árinu fyrst 3. mars í 3,40 og síðan 7. júní í 4.03, þá 12. júlí í 4,77 og loks 20 okt. í 5,08 kr/ltr.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr./ltr.	Bensíngjald kr./ltr.
1971	77,5	1 756	0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1	1 359	8,45	4,640	1,700
1982	126,9	1 353	13,80	7,800	3,060
1983	124,0	1 270	22,30		5,080

1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 204,1 m. kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 171,8 m. kr. og af árgjaldi 32,3 m. kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 9 000 bifreiðum. Áætlað er að um 6 400 greiði eftir mæli, en um 2 600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2 000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

1.1.3. Veggjald.

Gert var ráð fyrir að lagður yrði á nýr skattur, veggjald sem háð væri þyngd bíla, og ætti að gefa í tekjur 109 m. kr.

Gjaldið náði ekki fram að ganga á Alþingi, en ríkisstjórnin ákvað að bæta þann tekjumissi, sem yrði umfram það er innheimtist af mörkuðum tekjum 1983.

1.1.4. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 1,1 m. kr. Gert var ráð fyrir að gúmmígjald yrði fellt niður með tilkomu veggjalds en af því varð ekki.

1.2. RÍKISFRAMLAG.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1983 20,4 m. kr., en er hér hækkað um 114,1 m. kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings að upphæð 2,1 m. kr. og aukafjárveiting til snjómoksturs vegna kosninga 7,0 m. kr. og viðbótarríkisframlag vegna veggjalds (Sjá 1.1.3.)

1.3. LÁNSFJÁRÖFLUN.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán námu 244,6 m. kr. skv. vegáætlun. Þar af fóru 193,2 m. kr. til almennra framkvæmda og 51 m. kr. til Ó-vega.

1.4. GREIÐSLA VAXTA OG AFBORGANA.

Auk fjárframlaga til framkvæmda skv. vegáætlun sem frá er greint hér að framan var veitt framlag úr ríkissjóði til að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af langtímalánum til framkvæmda sem tekin hafa verið af B-hluta.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1983 samtals 837 740 þús. kr. (að frádregnum styrkjum til að greiða fyrir vetrarsamgöngum 260 þús. kr.).

Eins og kunnugt er afgreiddi Alþingi enga vegáætlun fyrir árið 1983 en þess í stað var unnið að vegaframkvæmdum í samræmi við breytingartillögu fjárveitinganefndar (191. mál) við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árið 1983—1986. Samkvæmt henni var heildarfjármagn til vegamála 1 049 000 þús. kr. Hætt var við innheimtu veggjalds að upphæð 109 000 þús. kr., sem gert var ráð fyrir í breytingartillögunni, en í stað þess veitt aukafjárveiting úr ríkissjóði að upphæð samtals 108 740 þús. kr.

Sérstök aukafjárveiting kom úr ríkissjóði að upphæð 13 923 þús. kr. til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum úr Byggðasjóði eins og frá er greint í kafla 2.3.0.3.

Veitt var aukafjárveiting úr ríkissjóði að upphæð 7 000 þús. kr. til að mæta kostnaði við snjómokstur vegna Alþingiskosninganna, sem fram fóru 23. apríl 1983.

Einnig var veitt 2 100 þús. kr. aukafjárveiting vegna hækkunar fastra launa árið 1982 umfram forsendur fjárlaga það ár, en í áliti meirihluta fjárveitinganefndar Alþingis með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1981—1984 var gert ráð fyrir að hækkun umfram þetta mark yrði bætt úr ríkissjóði.

Loks voru veittar aukafjárveitingar til greiðslu á halla vegna vetrarþjónustu á árunum 1982—1983 að upphæð samtals 22 300 þús. kr., sem ekki verða greiddar Vegagerð ríkisins fyrr en á árinu 1984 og eru því ekki taldar með í yfirlitinu hér á eftir.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fé skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA — Upph. í þús. kr.

	Fjárlög 1982	Vegáætlun (191. mál)	Auka-fjárv.
2.1. Stjórn og undirbúningur:	**46 900**	**52 200**	**2 100**
1. Skrifstofukostnaður		20 200	
2. Tæknilegur undirbúningur		26 200	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit		2 600	
4. Eftirlaunagreiðslur		2 200	
2.2. Viðhald þjóðvega:	**354 100**	**407 100**	**7 000**
1. Sumarviðhald			
1. Viðhald malarvega		99 000	
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi		55 900	
3. Viðhald brúa			
4. Viðhald varnargarða		15 000	
5. Heflun vega		51 800	
6. Rykbinding		18 100	
7. Vinnsla efnis		48 500	
8. Vatnask. og ófyrirséð		11 300	
9. Vegmerkingar		2 400	
2. Vetrarviðhald		105 100	

II. SKIPTING ÚTGJALDA Upph. í þús. kr.

	Fjárlög 1982	Vegáætlun (191. mál)	Auka-fjárv.
2.3. Til nýrra þjóðvega	**328 940**	**436 500**	
1. Stofnbrautir			
1. Stofnbrautir almennt		126 400	
2. Bundin slitlög		98 700	
3. Sérstök verkefni		94 300	
4. Framlög til Ó-vega		51 000	
2. Þjóðbrautir		54 100	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum		5 000	
4. Girðingar og uppgræðsla		7 000	
2.4. Til brúagerða:		**35 000**	
1. Brýr 10 m og lengri		28 100	
2. Smábrýr		6 900	
2.5. Til fjallvega o. fl.	**10 000**	**12 200**	
1. Aðalfjallvegir		2 200	
2. Aðrir fjallvegir		2 400	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.		2 200	
4. Bláfjallavegur		5 100	
5. Reiðvegir		300	
2.6. Til sýsluvega	**27 500**	**27 800**	
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**61 000**	**68 000**	
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	**6 500**	**7 200**	
2.9. Til tilrauna	**2 800**	**3 000**	
Samtals	837 740	1 049 000	9 100
Til greiðslu vaxta og afborgana af B-hluta lánum vegna vegagerðar			13 923
Samtals	837 740	1 049 300	23 023

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Þegar vegáætlun 1983 var til endanlegrar afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun verðlags milli 1983 og 1982 var á grundvelli hennar áætluð 65%. Raunverulegar verðhækkanir urðu nokkru meiri eins og eftirfarandi tafla sýnir (hækkun frá ágúst 1982).

	Viðhald	Vegagerð	Brúargerð
Vísitala í vegaáætlun	65,0%	65,0%	65,0%
Vísitala í ágúst 1983	93,5%	92,4%	76,5%
Frávik	17,3%	16,6%	6,8%

Nokkur halli varð á vetrarviðhaldi á árinu 1983 eða um 13,2 m. kr. Sjá nánar kafla 2.2.2. Heildarkostnaður varð 136,9 m. kr. og er það langt umfram meðaltal.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 455 í 449 stöðugildum en voru 461 um áramótin 1982—1983. Af þessum 455 eru 154 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 149 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 150.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1983 nam 593 mannárum en var 603 árið 1982. Heildarvinnuframlag á árinu 1983 nam 830 mannárum og hafði lækkað úr 860 árið 1982. Launagreiðslur voru 183,2 milljónir kr. á árinu 1983 og launatengd gjöld um 17,0 m. kr.

Auk framangreindra starfsmanna störfuðu meira og minna 550 vörubílstjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann og voru greiðslur til þeirra á árinu 1983 146,7 m. kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1983.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals des. 1983
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	4	2	39
Tæknilegur undirbúningur	34	5	5	6	6	5	6	5	72
Vegaeftirlit	7								7
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	13	1					1	1	16
Iðnlærðir verkstjórar	8	1		4	2	3	5	4	27
Verkstjórar	2	8	7	11	8	6	11	12	65
Iðnaðarmenn	26	1		6	2	3	7	5	50
Vélamenn	13	10	8	20	14	11	20	15	111
Verkamenn	13	8	1	8	5	6	9	6	56
Ráðskonur, matráðskonur	6	1		1		1	2	1	12
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsmenn í desember 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsmenn í desember 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsmenn í desember 1976	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru nú á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sent til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best.

Á síðast liðnu ári var hafinn undirbúningur að því að bæta tölvuþjónustu við öflun þeirra upplýsinga sem bókhald Vegagerðarinnar veitir með því að taka í notkun svo nefnt sívinnslukerfi. Standa vonir til að það komi að fullum notum á árinu 1984.

Fjárveiting í vegáætlun var 20,2 m. kr., en auk þess voru launahækkanir á árinu 1982 bættar úr ríkissjóði með aukafjárveitingu að upphæð 2,1 m. kr.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 26,2 m. kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð langtímaáætlunar um vegagerð í samræmi við þingsályktun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 3,6 m. kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir í meginatriðum síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 54 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Heildarumferð á þjóðvegum minnkaði um 3% að meðaltali yfir allt árið en sumarumferðin minnkaði um 2%.

Umferð minnkaði um sunnan- og vestanvert landið frá 4—10%. Mest varð minnkunin á Vestfjörðum 10%.

Umferðaraukning á bilinu 4—6% varð hins vegar um norðan- og austanvert landið. Mest varð aukningin 6% á Austurlandi.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Auk hinnar hefðbundnu umferðartalningar var unnið að greiningu umferðar eftir stefnum og gerð ökutækja á ýmsum veigamiklum vegamótum í vegakerfinu.

Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.


Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskyldum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1983.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir.

Þegar liggur þó fyrir, að sá vegur, sem hefur verið með flest slys á undanförnum árum, Hafnarfjarðarvegur, er með nánast óbreytta slysatíðni þrátt fyrir um 9% fækkun slysa, sem skýrist með minnkun umferðar á veginum á árinu.

Athyglisvert er, að þeir kaflar, sem endurbyggðir eða lagfærðir hafa verið á undanförnum árum, þ. e. a. s. frá Kópavogslæk að Engidal eru nú með mjög verulega fækkun slysa, eða úr 108 í 76 slys, en hinir tveir, þ. e. a. s. frá Fossvogslæk að Kópavogslæk og frá Engidal að Flatahrauni eru með talsverða aukningu slysa.

Ráðgerð er mjög veruleg lagfæring á vegamótum Hafnarfjarðarvegar og Flatahrauns á þessu ári auk þess sem fyrirhugaðar eru aðgerðir vegna nánast dagvissrar umferðarteppu á Hafnarfjarðarvegi/Kringlumýrarbraut í Fossvogi.


ÁRSUMFERÐ 1983
< 200 bílar á dag
200-500 " "
500-1000 " "
>1000 " "

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og verkamanna sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 2,2 m. kr. en urðu 1,8 m. kr., þar sem eftirlaunaþegar urðu nokkru færri en áætlað var. Ein ekkja og einn fyrrverandi verkamaður létust á árinu, en enginn nýr eftirlaunaþegi bættist við. Alls nutu því 10 fyrrv. vegaverkstjórar, 19 ekkjur og 7 fyrrv. verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 36 á móti samtals 38 í árslok 1982.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	302,0
Vetrarviðhald	112,0
Samtals	414,0

2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:


Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	99,0
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	55,9
3. Viðhald brúa	13,2
4. Viðhald varnargarða	1,8
5. Heflun vega	51,8
6. Rykbinding	18,1
7. Vinnsla efnis	48,5
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	11,3
9. Vegmerkingar	2,4
Samtals	302,0

Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1973—83 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1983, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður í hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

8. Seyðisfjörður	—	200 000	
9. Eskifjörður	—	400 000	
10. Sandgerði (Miðneshr.)	—	300 000	
11. Gerðar (Gerðahreppur)	—	200 000	
12. Mosfellssveit	—	50 000	
13. Hellissandur (Neshreppur)	—	350 000	
14. Ólafsvík	—	100 000	
15. Grundarfjörður (Eyrarsv.)	—	200 000	
16. Stykkishólmur	—	350 000	
17. Patreksfjörður	—	1 300 000	
18. Tálknafjörður	—	350 000	
19. Bíldudalur (Suðurfjhr.)	—	300 000	
20. Suðureyri	—	50 000	
21. Hólmavík	—	150 000	
22. Hofsós	—	300 000	
23. Grenivík (Grýtubakkahr.)	—	500 000	
24. Reykjahlíð (Skútust.hr.)	—	450 000	
25. Raufarhöfn	—	500 000	
26. Vopnafjörður	—	200 000	
27. Borgarfjarðarhr. N.-Múlas.	—	100 000	
28. Egilsstaðir	—	300 000	
29. Fellahreppur, N.-Múlas.	—	200 000	
30. Reyðarfjörður	—	200 000	
31. Stöðvarfjörður	—	200 000	
32. Breiðdalsvík	—	350 000	
33. Höfn í Hornafirði	—	300 000	
34. Nesjahr., A.-Skaftafellss.	—	200 000	
35. Hveragerði	—	350 000	
Vegagerð ríkisins	—	300 000	
			Kr. 17 000 000
Eftirstöðvar í 25% sjóði til 1984			Kr. 114 079

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1983

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Þar af óakfært km
Suðurlandskjördæmi	11,1	3,3	14,4	0,1
Reykjanes	27,2	1,0	28,2	1,9
Reykjavík	25,1		25,1	11,0
Vesturland	10,8	2,5	13,3	
Vestfirðir	10,2	5,0	15,2	0,1
Norðurland vestra	8,7	3,1	11,8	1,3
Norðurland eystra	10,3	4,1	14,4	0,2
Austfirðir	21,1	3,5	24,6	0,3
Samtals	124,5	22,5	147,0	14,9

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 2,9 m. kr. en auk þess var afskriftarfé véla varið til vélakaupa. Helstu vélar sem keyptar voru:

Vélar og tæki:
- 5 Vegheflar
- 11 Veghefilsgreiður
- 3 Vegsópar
- 3 Vegþjöppur
- 1 Vegmálningarvél
- 1 Sand- og saltdreifari
- 1 Dreifitankur f. slitlagslagningu
- 10 Snjótennur
- 2 Snjóplógar
- 8 Snjóvængir
- 2 Dráttarvélar
- 2 Rafstöðvar
- 3 Tengivagnar

Bifreiðar:
- 8 Fólksbílar
- 6 Jeppar
- 3 Pallb. f. vinnufl.
- 3 Sendibifreiðar
- 1 Bifreið til fólksflutninga

Auk þess sem að ofan er talið, voru keypt ýmis tæki vegna brúasmíða og almennra framkvæmda, svo sem vatnsdælur, loftverkfæri, plötuþjöppur, vélsagir, tæki til hreinsunar umferðarmerkja o. fl.

2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 4,3 m. kr., en auk þess var hluta af áhaldaleigu varið til byggingar áhaldahúsa.

1. Vík í Mýrdal.
   Unnið var að stækkun á áhaldahúsinu þar.
2. Selfoss.
   Haldið var áfram smíði áhaldahúss og skrifstofu.
3. Reykjavík.
   Haldið var áfram við endurbætur á áhaldahúsi við Grafarvog og verkstæðishúsi í Borgartúni.
4. Búðardalur.
   Gerður var grunnur að nýju áhaldahúsi.
5. Patreksfjörður.
   Gerður var grunnur að nýju áhaldahúsi.
6. Hvammstangi.
   Gerður var grunnur að stækkun áhaldahússins.
7. Sauðárkrókur.
   Unnið var að lokafrágangi áhaldahússins.
8. Þórshöfn.
   Unnið var að endurbótum og breytingum á áhaldahúsi.
9. Egilsstaðir.
   Nýtt áhaldahús gert fokhelt.
10. Höfn.
    Nýtt áhaldahús gert fokhelt.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting var 3,0 m. kr.

Unnið var að eftirtöldum tilraunaverkefnum á árinu:

Norræn rannsóknarverkefni (ástandskönnun, malarvegir)
Slitþol steinefna
Viðloðun steinefna
Eiginleikar íslensks bergs
Olíumöl
Ástand bundinna slitlaga
Malarslitlög
Umferðarrannsóknir
Burðarlög
Burðarþolsprófanir
Öxulþungamælingar
Múrboltar
Formbreytingar steinsteypu
Tæring ræsaboga
Skriðugirðingar
Leirblöndun malarslitlaga.

Flest tilraunaverkefni þau, sem nú er unnið að, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingum og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Umfangsmest verkefna þessara eru burðarþolsprófanir og könnun á burðarþoli vega. Verkefni þessi, sem eru nátengd hvort öðru, beinast einkum að notkunarhæfni mismunandi malarefna til vegagerðar.

Þau verkefni, sem lengst hefur verið unnið að, eru könnun á viðloðun og slitþoli steinefna. Áætlað er að þeim verkefnum verði lokið á þessu ári.

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI.

3.1.1. Ódýr slitlög.

Hin síðustu ár er klæðing sú tegund bundinna slitlaga, sem mest er notuð, enda er hún ódýrust þeirra. Klæðingin hefur yfirleitt verið lögð í tvöfaldri breidd (5,5—6,5 m). Árið 1982 var gerð tilraun með klæðingu í einfaldri breidd (3,8 m). Var þetta gert á vegi með litla umferð. Haldið var áfram tilraunum á þessu sviði á árinu, og nú valinn vegur með mun meiri umferð en árið áður.

Reynslan af báðum þessum tilraunaköflum er góð, og verður haldið áfram á þessari braut.

3.1.2. Hagræðing.

Undanfarin ár hefur af og til verið gert átak í hagræðingu á afmörkuðum verksviðum hjá Vegagerðinni. Í ársbyrjun 1983 var ákveðið að taka alla meginþætti starfseminnar fyrir á árunum 1983—1985. Leitað var til rekstrarráðgjafa Rekstrarstofunnar s.f. í Kópavogi í þessu skyni en það fyrirtæki hafði áður unnið að hagræðingarverkefnum fyrir Vegagerðina.

Á árinu voru nokkur verksvið tekin fyrir, hagræðingaraðgerðir hafnar og síðan sett á kaupaukakerfi til reynslu um skamman tíma. Niðurstöður voru mjög breytilegar milli verksviða og einnig innan hvers verksviðs. Í heild benda þær þó til þess að ná megi verulegri framleiðniaukningu á flestum sviðum, með betri skipulagningu, undirbúningi og stjórnun. Verður unnið að slíkum úrbótum jafnframt því sem fleiri svið verða tekin fyrir.


4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA.

Á meðfylgjandi súluritum er sýnd þróun í heildarútgjöldum og helstu verkefnaþáttum Vegagerðarinnar, allt frá árinu 1964. Súluritin skýra sig að mestu sjálf, en hér á eftir verður drepið á það helsta.

Heildarútgjöld til vegamála hafa farið mjög vaxandi síðustu þrjú árin, og hafa ekki áður orðið jafnhá, ef undan eru skilin árin 1971—1974, en þá stóðu yfir samtímis tvö stór verkefni, hraðbrautarframkvæmdirnar út frá Reykjavík, sem að mestu voru fjármagnaðar með lánsfé frá Alþjóðabankanum, og bygging brúa og vegar á Skeiðarársandi. Aukning útgjalda hefur að mestu komið fram í nýjum framkvæmdum og þar einkanlega í bundnum slitlögum. Árið 1983 voru 106 km lagðir bundnu slitlagi. Bundin slitlög voru í árslok alls 757 km og fer nú þegar 54% af öllum akstri á þjóðvegakerfinu fram á bundnu slitlagi.

Þó hlutur sumarviðhalds hafi aukist nokkuð á síðasta ári hefur þessi aukning heildarfjármagns til vegamála ekki orðið til að auka hluta þess sem skyldi. S. l. 8 ár hafa fjárveitingar til sumarviðhalds aðeins verið um og innan við 70% af áætlaðri þörf. Fjárveitingar til sumarviðhalds í þeim mæli, sem verið hafa á undanförnum árum, nægja ekki til nauðsynlegs viðhalds veganna. Vegir, sem byggðir hafa verið nýlega, liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi. Auk eyðileggingar á vegunum sjálfum veldur skortur á viðhaldsfé auknu viðhaldi og sliti þeirra bíla, sem um vegina fara. Ef skoðaður er samanlagður kostnaður við viðhald vega og rekstur þeirra bíla, sem um vegina fara, kemur í ljós, að viðhaldskostnaður vega er aðeins rúmlega 1/10 hluti þessa heildarkostnaðar. Að þessu hlutfalli þekktu má vera ljóst, að sparnaður umferðar vegna bætts viðhalds þarf hlutfallslega ekki að vera mikil til að hagnaður náist. Útreikningar hafa einnig sýnt, að með því að leggja aukna áherslu á viðhald veganna, megi ná verulegum þjóðhagslegum sparnaði.


Fskj. 4.1.1.


HEILDARÚTGJÖLD TIL VEGAMÁLA
Hlutfall af þjóðarframleiðslu
2,5
2,0
1,5
1,0
0,5
1,59
1,74
1,50
1,87
1,82
1,87
1,71
2,27
2,36
2,24
2,11
2,07
1,81
1,66
1,69
1,64
1,94
2,05
2,08
2,00
1964
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983

Fskj. 4.1.2.

HEILDARUTGJÖLD TIL VEGAMÁLA


Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1983




Fskj. 4.1.3.

HEILDARKOSTNAÐUR VIÐ SUMARVIÐHALD OG VETRARÞJÓNUSTU

Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1983




Fskj. 4.1.4.


m. kr.
400
300
200
100
SUMARVIÐHALD
Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1983
193,9
237,8
268,0
258,5
218,6
228,7
239,6
279,2
252,5
322,5
245,2
264,3
233,0
282,2
289,6
304,1
290,4
337,9
288,2
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983

Fskj. 4.1.5.

VETRARÞJÓNUSTA


Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1983



Fskj. 4.1.6.

NÝBYGGING VEGA BRÚA OG FJALLVEGA

Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1983



Fskj. 1.1.0.—1.

MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR
VEGAGERÐAR RÍKISINS
Gildir frá jan. 1984.

1. Bensíngjald.
Gjaldið er frá 20.12.83 kr. 5,08 á lítra.

2. Þungaskattur.

2.1. Árgjald.
Af dísil bifreiðum minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiðist kr. 24 655 fyrir allt að 2 000 kg eigin þyngd og kr. 1 407 fyrir hver 200 kg umfram 2 000. Eigendur þessara bíla geta valið um, hvort þeir greiða fast árgjald eða skv. eknum km., sbr. lið 2.2.
Fyrir leigubíla og sendibíla, sem taka gjald skv. löggiltum mæli, greiðist 30% hærra gjald.


2.2. Kílómetragjald.
Dísil bifreiðar yfir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn km. A sama hátt greiðist þungaskattur af tengi- og festivögnum yfir 6 tn. af leyfðri heildarþyngd.
Frá 1. febr. 1984 er gjaldið eins og hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	1,32	15,0—15,9	2,81
5,0— 5,9	1,41	16,0—16,9	3,04
6,0— 6,9	1,52	17,0—17,9	2,26
7,0— 7,9	1,60	18,0—18,9	3,46
8,0— 8,9	1,67	19,0—19,9	3,72
9,0— 9,9	1,74	20,0—20,9	3,92
10,0—10,9	1,85	21,0—21,9	4,14
11,0—11,9	1,92	22,0—22,9	4,40
12,0—12,9	2,16	23,0—23,9	4,61
13,0—13,9	2,36,	24,0—24,9	4,82
14,0—14,9	2,61	25,0—25,9	5,06


Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlanaferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri skatt en að ofan greinir.
Veittur er 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000.

3. Gúmmígjald.
Gúmmígjald er nú 0,45 kr. á hvert kg af innfluttum hjólbörðum.


Fskj. 2.1.3.-1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1983
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, MARS 1984
Skýringar:
VÍK
VESTMANNAEYJAR
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HVERAGERÐI
SELFOSS
ÞORLÁKSHÖFN
REYKJAVÍK
AKRANES
BORGARNES
STAPI
HELLNAR
GRINDAVÍK
HAFNIR


Fskj. 2.1.3.-2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1983
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, Í MARS 1984
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HÓFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
GRANSMES
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
RIF
HELLISSANDUR
BÍLDUDALUR
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐUREYRI
FLATEYRI
SUÐAVÍK
BOLUNGARVÍK

Fskj. 2.1.3.¬3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1983
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í MARS 1984
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept. / fast talning
400 " " " " skv. talningu
600 " " árs talning
2001(Dæmi) Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu
(Gildir fyrir meðalþungt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
BAKKAFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
KÓPNAFJÖRÐUR
EGILSSTAÐIR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
BÚÐIR
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
AKUREYRI
HJALTEYRI
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK

Fskj. 2.1.3.-4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1983
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, Í MARS 1984
Skýringar:
Meðalumferð á dag, júní - sept. Tost talning
" " " árs talning
" " " Skynditalning
10%-i Hlutfallstala sveiga á milli umferðartalu
Höfuðstafnetgt hlutfall þungra bíla af ÁSkammdi
umferð sömu áttugun
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTUR

Fskj. 2.3.0.—1.

Þjóðvegir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	467,9	1 114,9	14,5	1 597,3
Reykjanes	186,4	176,6	66,2	429,2
Vesturland	512,8	883,6	13,3	1 409,7
Vestfirðir	813,3	524,5	15,3	1 353,1
Norðurland vestra	364,1	736,5	13,1	1 113,7
Norðurland eystra	564,9	645,9	14,6	1 225,4
Austurland	856,6	582,5	24,9	1 464,0
Samtals	3 766,0	4 664,5	161,9	8 592,4

Stofnbrautir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	11,9	456,0	467,9
Reykjanes	7,3	179,1	186,4
Vesturland		512,8	512,8
Vestfirðir	6,1	807,2	813,3
Norðurland vestra		364,1	364,1
Norðurland eystra	13,2	551,7	564,9
Austurland		856,6	856,6
Samtals	38,5	3 727,5	3 766,0

Þjóðbrautir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	5,7	1 109,2	1 114,9
Reykjaneskjördæmi		176,6	176,6
Vesturland	28,3	855,3	883,6
Vestfirðir	9,0	515,5	524,5
Norðurland vestra	26,5	710,0	736,5
Norðurland eystra	5,0	640,9	645,9
Austurland	11,9	570,6	582,5
Samtals	86,4	4 578,1	4 664,5

Fskj. 2.3.0.—2.

Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1983.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Sýslu-vegir km	Alls km	Þjóðvegir í þéttbýli km
Suðurland	456	1 109	763	2 328	15
Reykjanes	179	177	81	437	66
Vesturland	513	855	501	1 869	13
Vestfirðir	807	515	519	1 841	15
Norðurland vestra	364	710	500	1 574	13
Norðurland eystra	552	641	438	1 631	15
Austurland	857	571	513	1 941	25
Samtals	3 728	4 578	3 315	11 621	162

ATH. Aðeins eru taldir akfærir þjóðvegir.
Af götum í kaupstöðum og kauptúnum eru aðeins taldar með þær, sem eru þjóðvegir í þéttbýli.

Fskj. 2.3.1.1.—1.

STOFNBRAUTIR — ALMENN VERKEFNI.
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

1 **Suðurlandsvegur:**

14 Vík — Dyrhólavegur:
Fjárveiting var 1,6 m. kr. Greidd var 0,2 m. kr. skuld f. f. ári. Lokið var við undirbyggingu vegarins á 2,5 km löngum kafla yfir Reynisfjall sem unnið hefur verið við á undanförnum árum. Frágangi ólokið.

17—18 Steinalækur — Seljaland:
Fjárveiting 2,0 m. kr. og fjárveiting til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.3. var 8,0 m. kr. Lögð var klæðning á 10,9 km langan kafla milli Steina og Fitjarála.

19—20 Vorsabær — Hvolsvöllur:
Fjárveiting var 2,4 m. kr. og fjárveiting til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. var 7,9 m. kr. Lögð var klæðning á 4,8 km langan kafla milli Vorsabæjar og Eylands. Endurnýjuð var klæðning á 3,0 km löngum kafla milli Þverár og Eylands. Þá var lögð klæðning á 2,6 km langan kafla milli Hvolsvallar og Þverár.

22—28 Hvolsvöllur — Þjórsá:
Fjárveiting var 6,5 m. kr. Fjárveitingunni var varið til ýmiss konar frágangsvinnu s. s. jöfnunar á gryfjum, til girðinga og frágangs með veginum. Allmikill frágangur er þó eftir.

30 **Skeiðavegur og Hrunamannavegur:**

02 Ólafsvallavegur — Skálholtsvegur:
Fjárveiting var 3,4 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. var 4,0 m. kr. Þá var tekið lán frá Skálholtsvegi 1,5 m. kr. og frá Skeiðavegi, þjóðbraut 0,9 m. kr. (Sjá fskj. 2.3.2.1.) Lögð var klæðning á 6,4 km langan kafla frá Brautarholti að vegamótum Skálholtsvegar.

31 **Skálholtsvegur:**

02 Um Laugarás:

Fjárveiting var 3,4 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 2,0 m. kr. Lánað var til Skeiðavegar 1,5 m. kr. Undirbyggður var 1,2 km langur kafli í gegnum þéttbýlið í Laugarási.

34 **Eyrarbakkavegur:**

05 Um Ölfusárós:

Fjárveiting var 2,2 m. kr. Byggður var 0,6 km langur kafli ofan Eyrabakka ásamt tengivegi að höfninni.

35 **Biskupstungnabraut:**

02 Þingvallavegur — Búrfellsvegur:

Fjárveiting var 1,8 m. kr. og var það lánað í kafla 01 Suðurlandsvegur — Þingvallavegur.

1 **Vesturlandsvegur:**

13 Úlfarsárvegur — Hafravatnsvegur:

Fjárveiting var 2,4 m. kr. Endurbyggð voru gatnamót Vesturlandsvegar og Hafravatnsvegar, einnig var sett upp götulýsing á 0,6 km löngum kafla á Vesturlandsvegi um Ullarnesbrekku.

15 Þingvallavegur — Brautarholtsvegur:

Fjárveiting var 13,6 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 1,9 m. kr. Greitt var vinnulán frá 1982 og lokið frágangi á 2,9 km löngum kafla á Kjalarnesi, sem var malbikaður 1982.

1 **Vesturlandsvegur:**

01 Fjárrétt — Kalastaðahæð:

Fjárveiting var 1,4 m. kr. Greitt var vinnulán frá 1982 0,8 m. kr. Lokið var frágangi girðinga og ræsa, einnig voru námusvæði jöfnuð og lagfærð.

02 Um Akranesvegamót:

Fjárveitinga var engin. Síðla hausts 1983 var boðinn út kaflinn um Akranesvegamót, frá enda slitlags á Akranesvegi og að slitlagsenda við Geldingaá á Vesturlandsvegi. Verktaki varð Skóflan h. f. á Akranesi. Vann hann fyrir vinnulán 0,93 m. kr. skv. 2.3.0.2. fyrir áramót, en undirbyggingu skal lokið í júní 1984.

03 Leirársveitarvegur — Fiskilækur:

Fjárveiting var 4,6 m. kr. og af bundnum slitlögum skv. 2.3.1.2. 2,7 m. kr. Fullgerður var og lögð klæðning á 2,8 km langan kafla frá Geldingaá að Fiskilæk. Verktaki við klæðningu var Hegranes h. f.

09 Um Gufuá:

Fjárveiting var 1,2 m. kr. Greidd var skuld frá 1982.

56 **Stykkishólmsvegur:**

03 Snæfellsnesvegur — Nesvogur:

Fjárveiting var 5,6 m. kr. og af bundnum slitlögum skv. 2.3.1.2. 4,5 m. kr. Fullgerður var og lögð klæðning á 5,5 km langan kafla frá Snæfellsnesvegi, að heimreið að Þingvöllum. Verktaki í klæðningu var Hegranes h. f.

60 **Vestfjarðavegur:**

05 Lækjarskógur — Laxá:

Fjárveiting var 4,3 m. kr. Undirbyggður var 4,1 km langur kafli frá Rútsstöðum að Laxá, auk tengingar við Laxárdalsveg.

60 **Vestfjarðavegur:**

06—06 Þorskafjarðarvegur — Djúpidalur:

Fjárveiting var 3,6 m. kr. Greitt var 0,5 m. kr. vinnulán frá fyrra ári. Haldið var áfram við byggingu vegarins á Hjallahálsi austanverðum. Byggður var 0,9 km langur kafli með undirbyggingu og burðarlagi. Lagt burðarlag á 1,1 km langan kafla sem byggður var í fyrra og borið ofan í 4,0 km í vestanverðum hálsinum.

11 Vattarnes — Fjarðarhlíðarvegur:

Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 0,4 km langur kafli yfir voginn vestan brúar á Vattardalsá.

21 Hvammur — Ketilseyri:

Fjárveiting var 0,9 m. kr. og 2,9 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Unnið var að styrkingu undir klæðningu og lögð klæðning á 3,3 km langan kafla.

61 **Djúpvegur:**

19 Arnardalur — Flugvöllur:

Fjárveiting var 0,9 m. kr. og 6,0 m. kr. til bundinna slitlaga, skv. 2.3.1.2. Unnið var að frágangi á 2,2 km löngum kafla frá fyrra ári, og lögð klæðning á 3,0 km langan kafla.

63 **Bíldudalsvegur:**

02 Patreksfjörður — Tálknafjarðarvegur:

Fjárveiting var 2,7 m. kr. og 6,0 m. kr. til bundinna slitlaga, skv. 2.3.1.2. Unnið var að frágangi á 1,5 km löngum kafla í Tálknafirði og styrktur 4 km langur kafli á Mikladal. Lögð var klæðning á 1,6 km langan kafla í Tálknafjarðarbotni og 2,8 km langan kafla á Mikladal.

64 **Flateyrarvegur:**

01 Innan Flateyrar:

Fjárveiting var 3,5 m. kr. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 1,7 m. kr. Gerð var 0,6 km löng sjávarfylling frá eyrinni inn á móts við Sólvelli. Framkvæmdum er ólokið.

68 **Hólmavíkurvegur:**

01 Vesturlandsvegur — Borðeyri:

Fjárveiting var engin, en tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 0,5 m. kr. Lagður var 0,4 km langur kafli um nýja brú á Ormsá.

06 Kattará — Stekkjarlækur:

Fjárveiting var 1,4 m. kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins voru fluttar 2,9 m. kr. af fjárveitingu í tengingu Inn-Djúps. Fullgerður var 2,8 km langur kafli sem byrjað var á 1982. Óloķið er lagningu malarslitlags.

1 **Norðurlandsvegur:**

02 Reykir-Reykjaskóli:

Fjárveiting var 0,1 m. kr. Lokið var við styrkingu á 1,2 km löngum kafla frá Reykjanámu að Reykjaskóla.

06 Um Víðihlíð:

Fjárveiting var 0,3 m. kr. Byggður var 0,3 km langur kafli um Víðihlíð. Vantar slitlag.

07 Lækjamót-Gljúfurá:

Fjárveiting var 2,4 m. kr. Lokið var akstri burðarlags á 3,0 km langan kafla milli Árness-Refsteinsstaða. Slitlag og frágang vantar.

08 Gljúfurá-Hnausakvísl:
Fjárveiting var 0,8 m. kr. Lagfært var sig og vegur réttur af á 2,7 km löngum kafla milli Hnausakvíslar-Hólabaks.

13 Gunnsteinsstaðir-Æsustaðir:
Fjárveiting var 3,7 m. kr. Byggður var 1,8 km langur kafli frá Æsustöðum að heimreið Auðólfsstaða. Einnig voru byggðar tvær heimreiðar, að Æsustöðum 280 m og að Gautsdal 500 m. Greiddar voru landbætur. Eftir er að leggja slitlag á vegina.

75 **Sauðárkróksbraut:**

03 Sæmundarhlíðarv.-Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 3,0 m. kr. Endurbyggður var 2,5 km langur kafli frá Gili og út fyrir Messuholt. Verkið unnið af verktakafyrirtækinu Króksverki h.f. Eftir er að leggja slitlag á veginn.

76 **Siglufjarðarvegur:**

01 Stekkjarholt-Grænamýri:
Fjárveiting var 0,9 m. kr. Endurbyggður var 0,2 km langur kafli norðan við Þverárbrú. Einnig var endurbyggður 0,2 km langur kafli um Hjaltastaði og auk þess undirbyggður 0,3 km langur kafli sunnan Hjaltastaða.

10 Mánárskriður:
Fjárveiting var 1,3 m. kr. Unnið var við breikkun vegarins um Mánárskriður. Hluti fjárveitingar var notaður til lagfæringar á jarðsigi.

11 Gangamunni-Siglufjörður:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 1,9 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Ennfremur unnið fyrir 2,0 m. kr. (lán frá Héraðsvötnum 2.3.1.3.). Vegurinn styrktur og lögð klæðing á 2,3 km langan kafla milli Strákaganga og Siglufjarðar.

1 **Norðurlandsvegur:**

03 Um Bægisá:
Fjárveiting var 2,5 m. kr. Byggður var 0,9 km langur kafli yfir nýtt ræsi á Bægisá. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Barð s.f.

11 Vaðlaheiðarvegur-Svalbarðseyri:
Fjárveiting var 3,4 m. kr. og 2,6 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Lokið var við undirbyggingu og sett burðarlag á 2,4 km langan kafla frá Svalbarðseyrarvegi til suðurs og lögð einföld klæðing á 2,4 km langan kafla frá Sigluvík að Svalbarðseyri.

14—15 Illugastaðavegur—Litlu Tjarnir:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. og 2,5 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Endurbyggður var og lögð einföld klæðing á 2,8 km langan kafla, frá Fnjóskárbrú að Fornhólum.

19 Brún—Mývatnssveitarvegur:
Fjárveiting var engin, en 0,4 m. kr. fengnar frá nærliggjandi nýbyggingum. Hækkaður var 1,4 km langur kafli á Mývatnsheiði vestan heimreiðar að Stöng.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

03 Þorvaldsdalsá—Dalvík:
Fjárveiting var 6,5 m. kr. og 2,4 m. kr. af fjárveitingum til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Byggður var 2,9 km langur kafli frá Hálsi að Stóru-Hámundarstöðum. Lögð var tvöföld klæðing á 0,6 km langan kafla um Svarfaðardalsá. Einnig seinna klæðingarlag á 1,6 km langan kafla milli Syðri-Haga og Kálfskinns og seinna klæðingarlag lagt á 2,2 km langan kafla frá Hrísum að Dalvík.

06 Ólafsfjarðarmúli:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Unnið var að hönnun og ýmsum undirbúningi vegna fyrirhugaðrar jarðgangagerðar.

85 **Norðausturvegur:**

01—02 Norðurlandsvegur—Aðaldalsvegur:

Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 4,0 m. kr. af fjárveitingum til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Lagfærður var og lagður einfaldri klæðingu 3,5 km langur kafli frá Hálsi að Skjálfandafljótsbrú. Einnig var lagt seinna lag af klæðingu á 8,0 km langan kafla milli Aðaldalsvegar og Skjálfandafljótsbrúar.

03 Aðaldalsvegur — Mývatnsvegur:

Fjárveiting var 1,3 m. kr. Byggður var 1,6 km langur kafli frá Laxá að Laxamýri og 0,2 km löng tenging við Mývatnsveg. Verkið var unnið af Verktakafyrirtækinu Glerá s.f.

19 Melrakkaslétta:

Fjárveiting var 1,5 m. kr. Af fjárv. voru notaðar 1,0 m. kr. til mölunar efnis í malarslitlag, auk þess voru gerðar ýmsar lagfæringar.

22 Sveinungsvík—Krossavík:

Fjárveiting var 1,0 m. kr. Unnið að ýmsum lagfæringum og ekið malarslitlagi á 10,5 km langan kafla frá Fjallgarði að Krossavík.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

03 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:

Fjárveiting var 0,4 m. kr. og 0,3 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Unnið að lagfæringum og frágangi og lagt bundið slitlag á 0,3 km langan kafla frá Bylgjubyggð að Elliheimili.

1 **Austurlandsvegur:**

14 Kollur—Upphéraðsvegur:

Fjárveiting var 0,5 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 2,8 m. kr. Unnið að undirbúningi fyrir klæðingu og lögð klæðing á 3,3 km langan kafla frá Kolli að Höfðaá.

20 Innri Kleif-Suðurfjarðavegur:

Fjárveiting var 6,1 m. kr. Byggður var 3,5 km langur kafli um Tinnu og ný brú tengd. Byggð 4 m steypt plötubrú á Selá. Frágangi er ólokið og slitlag vantar.

21 Um Eyjagil:

Fjárveiting var 0,4 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

26 Hjá Urðarteigi:

Fjárveiting var 0,2 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

39 Þveit—Hólmur:

Fjárveiting var 0,6 m. kr. Styrktir voru tveir kaflar milli Holtahóla og Brunnhólsár og vestan Hólmsár samtals 1,3 km.

85 **Norðausturvegur:**

03 Merkilækur — Hrafnsvík:

Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 0,8 km langur kafli um Skeggjastaðaklif. Frágangi ólokið og slitlag vantar.

07 Ytri Nýpur — Vopnafjörður:

Fjárveiting var 3,9 m. kr. Byggður var 2,7 km langur kafli frá Ytra Nýp, niður undir Straumseyri. Frágangi ólokið og slitlag vantar.

92 **Norðfjarðarvegur:**

01 Egilsstaðir — Neðsta brú:

Fjárveiting var 6,3 m. kr. Endurbyggður var 4,1 km langur kafli frá Launá að Neðstu brú. Frágangi ólokið og slitlag vantar.

11 Ormsstaðir — Neskaupstaður:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. Byggður var 0,55 km langur kafli frá Þrastarlundi að þéttbýlismörkum. Ennfremur var byggður 0,6 km langur kafli innan þéttbýlismarka Neskaupstaðar. Neskaupstaður mun til endurgjalds leggja kaflann bundnu slitlagi á árinu 1984. Verkið unnið af verktakafyrirtækinu Steypusalan h.f. Neskaupstað.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**
03 Efri-Stafur — Seyðisfjörður:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. Unnið var að afréttingu á 2,2 km löngum kafla um Efra-Staf og niður undir Neðri-Staf. Allur kaflinn var lagður malarslitlagi.

96 **Suðurfjarðavegur:**
08 Vík — Stöðvarfjörður:
Fjárveiting var 0,6 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.
11 Snæhvammur — Breiðdalsvík:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 1,8 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Unnið var að undirbúningi fyrir klæðingu og lögð klæðing á 1,4 km langan kafla milli Merkisleitis og vegamóta Breiðdalsvíkurvegar og á Breiðdalsvíkurveg, 0,7 km.

Fskj. 2.3.1.2.—1.

STOFNBRAUTIR — BUNDIN SLITLÖG. GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

1 **Suðurlandsvegur:**
07 Í Eldhrauni:
Fjárveiting var 1,2 m. kr. auk 3,0 m. kr. af viðhaldsfé. Lögð var 4 m breið klæðing á 10,0 km langan kafla í Eldhrauni.
17 Steinalækur — Sandhólmavegur:
Fjárveiting var 8,0 m. kr. og 2,0 m. kr. til almennra verkefna 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
20 Landeyjavegur — Hvolsvöllur:
Fjárveiting var 7,9 m. kr. og 2,4 m. kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

30 **Skeiðavegur:**
02 Ólafsvellir — Skálholtsvegur:
Fjárveiting var 4,0 m. kr. og 3,4 til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

31 **Skálholtsvegur:**
02 Um Laugarás:
Fjárveiting var 2,0 m. kr. og 3,4 m. kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

1 **Vesturlandsvegur:**
15 Þingvallavegur — Brautarholtsvegur:
Fjárveiting var 1,9 m. kr. og 13,6 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

40 **Hafnarfjarðarvegur:**
03 Kópavogslækur — Vífilsstaðavegur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. og til sérstakra verkefna skv. 2.3.1.3. 8,7 m. kr. Greidd var skuld frá 1982. Sett voru upp umferðarljós á gatnamót í Engidal og gönguljós á Hraunholtshæð.
06 Reykjavíkurvegur — Reykjanesbraut:
Fjárveiting var 0,9 m. kr. Sett var upp götulýsing á 0,9 km langan kafla frá Engidal að Flatahrauni.

45 **Garðskagavegur:**
03 Garður — Sandgerði:
Fjárveiting var 0,8 m. kr. Lokið var frágangi á 4,4 km löngum kafla frá Garði að Sandgerði.

1 **Vesturlandsvegur:**
03 Akranesvegamót — Fiskilækur:
Fjárveiting var 2,7 m. kr. og skv. 2.3.1.1. af fjárveitingum til almennra verkefna 4,6 m. kr. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

54 **Ólafsvíkurvegur:**
04 Grund — Tröð:
Fjárveiting var 1,9 m. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

56 **Stykkishólmsvegur:**
03 Snæfellsnesvegur — Nesvogur:
Fjárveiting var 4,5 m. kr. og skv. 2.3.1.1. af fjárveitingum til almennra verkefna 5,6 m. kr. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

60 **Vestfjarðavegur:**
21 Hvammur — Ketilseyri:
Fjárveiting var 2,9 m. kr. og 0,9 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

61 **Djúpvegur:**
19 Arnardalur — Flugvöllur:
Fjárveiting var 6,0 m. kr. og 0,9 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.)

63 **Bíldudalsvegur:**
02 Patreksfjörður — Tálknafjörður:
Fjárveiting var 6,0 m. kr. og 2,7 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

65 **Súgandafjarðarvegur:**
02 Innan Suðureyrar:
Fjárveiting var 1,5 m. kr. Lögð var klæðing á 0,9 km langan kafla frá þéttbýlismörkum innan við kauptúnið.

1 **Norðurlandsvegur:**
02—03 Reykir — Tjarnarkot:
Fjárveiting var 6,8 m. kr. Lögð var klæðing á 6,0 km langan kafla frá Reykjum að Tjarnarbóli.
08 Gljúfurá — Hnausakvísl:
Fjárveiting var 3,4 m. kr. Lögð var klæðing á 2,5 km langan kafla, frá Hnausakvísl að Vatnsdalshólum.

75 **Sauðárkróksbraut:**
03 Sæmundarhlíðarv. — Áshildarholt:
Fjárveiting var 1,9 m. kr. Lögð var klæðing á 2,2 km langan kafla frá Útvík að Gili.

76 **Siglufjarðarvegur:**
11 Gangamunni — Siglufjörður:
Fjárveiting var 1,9 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

1 **Norðurlandsvegur:**
11 Vaðlaheiðarvegur — Svalbarðseyri:
Fjárveiting var 2,6 m. kr. og 3,4 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
14—15 Illugastaðavegur — Litlu-Tjarnir:
Fjárveiting var 2,5 m. kr. og 2,2 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
21—22 Mývatnsv. — Mývatnssv. vegur:
Fjárveiting var 1,4 m. kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 1,8 km langan kafla frá kirkju að Ráðhúsi. Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 2,6 km langan kafla á Mývatnssveitarveg frá Norðurlandsvegi að Vogum.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
03 Þorvaldsdalsá — Dalvík:
Fjárveiting var 2,4 m. kr. og 6,5 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

85 **Norðausturvegur:**
01—02 Norðurlandsvegur — Aðaldalsvegur:
Fjárveiting var 4,0 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
03 Aðaldalsvegur — Mývatnsvegur:
Fjárveiting var 1,4 m. kr. Framkvæmdum var frestað vegna þess að undirbúningi lauk seinna en áætlað var.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**
01 Ólafsfjörður — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 0,4 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 3.2.1.1. (Sjá fskj. 3.2.1.1.—1. tb.11).

1 **Austurlandsvegur:**
14 Kollur — Upphéraðsvegur:
Fjárveiting var 2,8 m. kr. og 0,5 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
27— Djúpavogsvegur — Hamar:
Fjárveiting var 3,6 m. kr. Lögð var klæðing á 3,3 km langan kafla frá Framnesi að Merki og á Djúpavogsveg (0,8 km). Samtals 4,1 km.

85 **Norðausturvegur:**
09 Vopnafjörður — Hlíðarvegur:
Fjárveiting var 1,0 m. kr. Lögð var olíumöl á 2,0 km langan kafla frá Vatnsdalsgerði að flugvelli.

92 **Norðfjarðarvegur:**
01 Egilsstaðir — Neðsta-brú:
Fjárveiting var 7,3 m. kr. Lögð klæðing á 6,1 km langan kafla frá Mjóafjarðarvegamótum að Launá.

96 **Suðurfjarðavegur:**
11 Snæhvammur — Breiðdalsvík:
Fjárveiting var 1,8 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (fskj. 2.3.1.1.—1.)

Fskj. 2.3.1.3.—1.

STOFNBRAUTIR — SÉRSTÖK VERKEFNI. GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

35 **Biskupstungnabraut:**
01 Suðurlandsvegur — Þingvallavegur:
Fjárveiting var 17,1 m. kr. og 1,8 m. kr. lán frá kafla 02 (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.) Lögð var olíumöl á 1,6 km langan kafla við Alviðru. Byggð var 74 m löng forspennt bitabrú á Sog. Brúin er með tvöfaldri akbraut og gangstíg. Kemur hún í stað bogabrúar frá 1935, sem orðin var of mjó og fór illa í veglínunni.

36 **Þingvallavegur:**
06—01 Kárastaðir — Stardalur:
Fjárveiting var 4,0 m. kr. Undirbyggður var 2,0 km langur kafli frá Bugðu að Stardal.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**
03—04 Kópavogslækur — Reykjavíkurvegur:
Fjárveiting var 8,7 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. (Sjá fskj. 2.3.1.2.—1.)

41 **Reykjanesbraut:**
02—03 Reykjavík — Hafnarfjörður:
Fjárveiting var 10,2 m. kr. Greidd voru vinnulán frá 1982. Lokið var malbikun og frágangi á 0,3 km löngum kafla um Vífilsstaði og 0,1 km löngum afleggjara að Vífilsstöðum. Í október var boðin út framkvæmd við undirbyggingu og lögn slitlags á 2,5 km löngum kafla frá Vífilsstöðum að Hafnarfjarðarvegi ásamt breikkun og lagfæringu á gatnamótum við Flatahraun. Samið var við verktakafyrirtækið Hlaðbæ h.f. og á verki að vera lokið í lok ágúst 1984.

1 **Vesturlandsvegur:**
05 Um Borgarfjörð:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. Greiddar voru síðustu afborganir og vextir af lánum og unnið var að minniháttar frágangi.
14 Um Holtavörðuheiði:
Fjárveiting var 8,9 m. kr., vinnulán skv. 2.3.0.2. 2,3 m. kr. Tengd var ný brú á Sanddalsá með 0,9 km löngum vegarkafla. Einnig var byggður 2,4 km langur kafli frá Biskupsbeygju að Hæðarsteini. Greidd var 1,0 m. kr. skuld frá fyrra ári.

61 **Djúpvegur:**
01—05 Tenging Inn-Djúps:
Fjárveiting var 17 m. kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins var flutt 1,0 m. kr. í Drangsnesveg í kaflann um Hveravík (Sjá fskj. 2.3.2.1.) og 2,9 m. kr. í Hólmavíkurveg um Stikuháls (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.). Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 1,7 m. kr. Byggður var 4,3 km langur kafli yst í Staðardal, gerð fylling yfir stokk í Sunndalsgili og byggður 1,3 km langur kafli við Arngerðareyri. Unnið var áfram að gerð undirbyggingar á 4,5 km löngum kafla í Norðurdal og einnig nyrst á heiðinni. Unnið var malarslitlagsefni í Staðardal og síðan haldið áfram við hönnun og mælingar Djúpmegin á heiðinni.

1 **Norðurlandsvegur:**
17 Um Héraðsvötn:
Fjárveiting var 6,0 m. kr. Lokið var frágangi við brú og byrjað á styrkingu varnargarðs við Arnarberg. Unnið var fyrir 4,0 m. kr. Verkinu var að öðru leyti frestað.

1 **Norðurlandsvegur:**
09—10 Eyjafj.br. vestri — Vaðlah.vegur:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Fjárveitingunni varið til að greiða bætur til Skógræktarfélags Eyfirðinga vegna fyrirhugaðrar vegagerðar í Vaðlareit.
13 Grenivíkurvegur — Illugastaðavegur:
Fjárveiting var 13,0 m. kr. Lokið var við undirbyggingu og hluta af burðarlagi á 10,8 km löngum kafla, frá Faxafalli að Víðivöllum og gengið að mestu leyti frá köntum á 6,0 km löngum kafla frá Þröskuldi að Víðivöllum. Eftir er að ganga frá köntum á 4,8 km löngum kafla frá Faxafalli að Þröskuldi og aka 25 cm burðarlagi og 10 cm jöfnunarlagi á 10,8 km langan kafla frá Faxafalli að Víðivöllum.

1 **Austurlandsvegur:**
30—32 Hof — Össurá:
Fjárveiting var 4,8 m. kr. Byggður var 2,7 km langur kafli frá Þvottá að Selvík. Slitlag vantar.

85 **Norðausturvegur:**
15 Á Jökulkinn — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 5,8 km langur kafli úr Jökulkinn að vegamótum Austurlandsvegar, slitlag vantar. Verkið var unnið af verktaka. Verktaki var Ræktunarsamband Austurlands.

Fskj. 2.3.1.4.—1.

Ó-VEGIR.
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

574 **Útnesvegur:**
7 Um Ólafsvíkurenni:
Fjárveiting var 47,0 m. kr. Framkvæmdin var boðin út og verktaki varð Hagvirki h. f. Vegurinn um 2,0 km var gerður akfær í júlímánuði, en í haust var síðan unnið við grjótvörn vegarins. Gert er ráð fyrir að undirbyggingu undir bundið slitlag og grjótvörn verði lokið 1. maí 1984.

61 **Djúpvegur:**
25 Um Óshlíð:
Fjárveiting var 3,5 m. kr. Greitt var vinnulán 0,466 m. kr. Lagður var 0,4 km langur kafli um Svuntu, frá Hvanngjá ytri og út að kaflanum sem lagður var 1982. Slitlag vantar og frágangur er eftir. Lögð var klæðning á 0,8 km kafla frá Hnífsdal að sorpeyðingarstöð.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
06 Um Ólafsfjarðarmúla:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Unnið var að jarðfræðiathugunum.

Fskj. 2.3.2.1.

ÞJÓÐBRAUTIR. — GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

26 **Landvegur:**
03 Um Skarð:
Fjárveiting var 1,6 m. kr. Byggður var 1,2 km langur kafli norðan við Skarð og auk þess lokið frágangi á 1,0 km löngum kafla á milli Fellsmúla og Skarðs.

204 **Meðallandsvegur:**
01 Suðurlandsvegur — Arnardrangi:
Fjárveiting var 1,0 m. kr. Greitt var vinnulán að upphæð 0,7 m. kr. Unnið var við frágang á 2,0 km löngum kafla milli Hraunkots og Seglbúða.

240 **Stórhöfðavegur:**
01 Um Vestmannaeyjakaupstað:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Vestmannaeyjabær hefur lagt malbik á 1,2 km langan kafla af veginum og var þessari fjárveitingu varið til þeirrar framkvæmdar.

242 **Raufarfellsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting 0,2 m. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

250 **Dímonarvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

252 **Landeyjavegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Fullgerður var 3,0 km langur kafli við Uxahrygg.

261 **Fljótshlíðarvegur:**
01—02—03 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1,4 m. kr. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 2,0 m. kr. Byggður var 1,4 km langur kafli milli Sámsstaða og Tumastaða.

30 **Skeiða- og Hrunam.vegur:**
03 Skálholtsv.—Þjórsárdalsvegur:
Fjárveiting var 1,7 m. kr. Lánað var 0,9 m. kr. til kafla 02. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.), og greitt vinnulán frá fyrra ári að upphæð 0,7 m. kr.

37 **Laugarvatnsvegur:**
03 Um Laugardalshóla:
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Grafnir voru þurrkunarskurðir meðfram 2,7 km nýrri veglínu við Laugardalshóla og vegstæðið jafnað.

305 **Villingaholtsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1,7 m. kr. Byggður var 1,3 km langur kafli til að tengja nýja brú á Hróarsholtslæk.

316 **Kaldaðarnesvegur:**
01 Eyrarbakkavegur — Sandvík:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Lögð var klæðning á 0,5 km langan kafla frá Eyrarbakkavegi að Sandvík.

324 **Vorsabæjarvegur:**
01 Við Vorsabæ:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Styrktur var 1,5 km langur kafli milli Húsatófta og Vorsabæjar.

351 **Búrfellsvegur:**
01 Við Klausturhóla:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

355 **Reykjavegur:**
01 Um Hryggholt:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. 0,7 m. kr. Endurbyggður var 3,0 km langur kafli milli Tjarnarvegar og Biskupstungnabrautar.

356 **Tjarnarvegur:**
01 Um Vatnsleysu:
Fjárveiting var engin. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. 0,4 m. kr. Byggður var 0,3 km kafli við Vatnsleysu.

44 **Hafnavegur:**
02 Flugvöllur — Stapafellsvegur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. er fór til greiðslu á skuld.

416 **Álftanesvegur:**
01 Bessast.vegur, vegam. — Bessast.vegur:
Fjárveiting var 0,8 m. kr. Undirbyggður var 0,2 km langur kafli frá Álftanesvegi að Landakoti.

50 **Borgarfjarðarbraut:**
02 Um Hestháls:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Greidd var 0,34 m. kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var frágangi og sáningu á 0,5 km kafla, sem byggður var 1982.

52 **Uxahryggjavegur:**
02 Kistufell — Hóll:
Fjárveiting var 1,3 m. kr. Greidd var 0,3 m. kr. skuld frá fyrra ári. Vegurinn var styrktur og hækkaður vegna snjóa á 2,5 km löngum kafla frá Skarði að Snartarstöðum í Lundarreykjadal og ræsi endurnýjuð á kaflanum.

56 **Stykkishólmsvegur:**
01 Kerlingarskarð:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Vegurinn var styrktur og lagfærðir snjóastaðir, aðallega sunnanvert á skarðinu.

59 **Laxárdalsvegur:**

01 Hólmavíkurvegur — Laxá:

Fjárveiting var 1,8 m. kr. Byggður var 1,2 km langur kafli austast á heiðinni í framhaldi af kafla frá 1981. Verktaki var Vélar s. f. Hólmavík.

02 Svalhöfði — Sýslumörk:

Fjárveiting var 2,6 m. kr. Að ósk þingmanna var framkvæmdum frestað, en fjárveiting flutt í 590 — Klofningsveg.

512 **Lundarreykjadalsvegur:**

01 Hjá Múlakoti:

Fjárveiting var 1,0 m. kr. Fullgerður var 1,2 km langur kafli frá Múlakoti áleiðis að Skálpastöðum.

518 **Hálsasveitarvegur:**

02 Á Merkiholti:

Fjárveiting var 0,3 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,5 m. kr. Sprengd var niður blindhæð á Merkiholti ofan Norður-Reykja og vegurinn endurbyggður þar á 0,2 km löngum kafla.

04 Hallkelsstaðir — Hrauná:

Fjárveiting var 1,1 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1,0 m. kr. Lokið var 2,5 km löngum nýbyggingarkafla frá Gilsbakka að Kolsstöðum í Hvítársíðu.

574 **Útnesvegur:**

02 Hellnar — Saxhóll:

Fjárveiting var 0,7 m. kr. Í samráði við heimamenn voru lagfærðir ýmsir snjóastaðir á veginum frá Húsanesskriðum að Saxhóli. Ennfremur var lagt malarslitlag á kaflann frá Gufuskálum að Hellissandi.

588 **Gillastaðavegur:**

01 Tenging að Goddastöðum:

Fjárveiting var engin í ár, en áætluð 1,4 m. kr. á árinu 1984. Að ósk heimamanna og í samráði við þingmenn var verkið boðið út til framkvæmdar haustið 1983 en til greiðslu 1984. Verktaki varð Sigurður Vigfússon, Staðarsveit, og lauk hann að mestu byggingu vegarins, alls 1,3 km. Þó er eftir ýmis frágangur og snyrting utan vegar.

590 **Klofningsvegur:**

02 Hafnarháls — Hóll:

Fjárveiting var 0,5 m. kr., en einnig var flutt fjárveiting úr 59. Laxárdalsvegi, 2,6 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var kr. 1,0 m. kr. Undirbyggður var kaflinn frá Björnsdal út fyrir Hólsá, alls 3,2 km langur, sem síðan var lagður malarslitlagi. Einnig var lagt malarslitlag á kaflann, sem byggður var 1982, 3,0 km langan, samtals 6,2 km.

65 **Súgandafjarðarvegur:**

03 Utan Suðureyrar:

Fjárveiting var 1,1 m. kr. Endurbyggður var 0,5 km langur kafli milli þéttbýlis og hafnarinnar og á hann var lögð klæðning.

622 **Svalvogavegur:**

03 Utan Þingeyrar:

Fjárveiting var 0,8 m. kr. Lögð var klæðning á 0,6 km langan kafla. Er nú bundið slitlag milli Þingeyrar og flugvallar.

625 **Valþjófsdalsvegur:**
02 Flugvöllur — Grundarendi:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Greitt vinnulán frá fyrra ári, en þá var byggður 1,7 km langur vegarkafli. Engin fjárveiting var þá til vegarins.

643 **Strandavegur:**
02 Um Bassastaði:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

645 **Drangsnesvegur:**
01 Strandavegur — Drangsnes um Selströnd:
Fjárveiting var engin, en í samráði við þingmenn kjördæmisins var flutt 1,0 m. kr. af fjárveitingu í tengingu Inn-Djúps. Byggður var 0,8 km langur kafli um Hveravík.

711 **Vatnsnesvegur:**
05 Um Harastaðaá:
Fjárveiting var 1,4 m. kr. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli um Harastaðaá. Lokafrágangi ólokið.

714 **Fitjavegur:**
02 Ásland — Bjarg:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

731 **Svínvetningabraut:**
01—04 Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 1,6 m. kr. Endurbyggður var 1,4 km langur kafli frá Hnjúkahlíð að Sauðanesi. Burðarlag vantar á 0,4 km langan kafla og slitlag á allan kaflann. Öðrum frágangi er ólokið.

758 **Austurlandsvegur:**
01 Skagafjarðarv. — Merkigilsvegur:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Endurbyggður 0,4 km langur kafli á Bústaðahálsi.

766 **Brimnesvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Brimnes:
Fjárveiting var 0,1 m. kr. Greitt lán frá fyrra ári.

769 **Ásvegur:**
01 Efriás — Hólavegur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. Endurbyggður 0,8 km langur kafli framan við Efriás. Verkið unnið af Verktakanum h. f.

787 **Flókadalsvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Sigríðarstaðir:
Fjárveiting var 1,5 m. kr. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli um Syðstamó.

792 **Flugvallarvegur:**
01 Siglufjörður — Flugvöllur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. Undirbyggður var 0,6 km langur kafli, af Langeyri um Leirur, á Snorrabraut við Norðurtún.

83 **Grenivíkurvegur:**
02 Ystavík — Fnjóskadalsv.eystri:
Fjárveiting var 2,9 m. kr. Ekið var malarslitlagi í 0,5 km langan kafla um Hvamm. Öðrum framkvæmdum var frestað vegna veðurs.

814 **Staðarbakkavegur:**
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Byggður var 1,0 km langur kafli frá Flögu til suðurs. Eftir er að keyra í kanta og annar frágangur.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
03 Hrafnagil — Finnastaðavegur:
Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 1,2 km langur kafli frá Litla-Hóli að Finnastaðavegi. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Norðurverk h. f.

842 **Bárðardalsvegur vestri:**
01 Norðurlandsvegur — Hlíðarendi:
Fjárveiting var engin, en 0,3 m. kr. fengnar frá nærliggjandi nýbyggingum. Tengd var ný brú yfir Eyjadalsá með 0,4 km löngum kafla.

851 **Útkinnarvegur:**
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Endurbyggður var 1,1 km langur kafli frá Geirbjarnarstöðum að Leikskálaá.

852 **Sandsvegur:**
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Byggður var 0,5 km langur kafli frá Sandi og austur fyrir Berg.

98 **Djúpavogsvegur:**
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Unnið að undirbúningi fyrir klæðningu á 0,8 km kafla. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

931 **Upphéraðsvegur:**
01—02 Austurlandsvegur — Skeggjastaðir:
Fjárveiting var engin. Lán frá Landsvirkjun var 2,7 m. kr. Styrktir og endurbættir voru kaflarnir Setberg — Rauðilækur 2,5 km og Rauðilækur — Þorleifará 1,5 km. Samtals 4,0 km.
08 Hallormsstaður — Gunnlaugsstaðir:
Fjárveiting var 2,4 m. kr. Byggður var 0,9 km langur kafli milli Gunnlaugsstaða og Mjóaness. Eftir er frágangur og lagning slitlags.

937 **Skriðdalsvegur:**
Fjárveiting var 1,6 m. kr. Unnið var að styrkingu og endurbótum á 12 km löngum kafla frá Hvammi að Mýrum.

964 **Breiðdalsvegur:**
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Byggður var og styrktur 1,7 km langur kafli um Fagradalsháls.

982 **Flugvallarvegur Hornafirði:**
Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. 0,65 m. kr. Undirbyggður 0,7 km langur kafli frá Austurlandsvegi að Flugstöð.

VEGIR Í JAÐARBYGGÐUM.

612. **Örlygshafnarvegur:**
03 Um Örlygshöfn:
Fjárveiting var 1,0 m. kr. Lagður var 1,0 km langur kafli á milli Kattardals og Hnjóts.

635 **Snæfjallastrandarvegur.**
04 Utan Kaldalóns:
Fjárveiting var 3,7 m. kr. Endurbyggður var 1,8 km langur kafli innan Bæja og 1,3 km langur kafli innan við Kaldalón í framhaldi af kafla frá 1982.

745 **Skagavegur:**
02—04 Örlygsstaðir — sýslumörk:
Fjárveiting var 2,5 m. kr. Byggður var upp 4,1 langur kafli frá Digramúla að Víkum. Frágangi og byggingu er að öllu lokið, þó vantar 720 m upp á að tekist hafi að ljúka öllum kaflanum.

94 **Borgarfjarðarvegur:**
03 Eiðar — Steinvaðsvegur:
Fjárveiting var 2,3 m. kr. Framkvæmdum innan Hleinargarðs frestað en unnið að styrkingu og endurbótum á tveimur köflum á Vatnsskarði. Á háskarðinu 0,5 km og í Sprengibrekku 0,4 km. Samtals 0,9 km.

923 **Jökuldalsvegur:**
03 Búðará — Brú:
Fjárveiting var 2,3 m. kr. Byggður var 1,8 km langur kafli um Eiríksstaði.

924 **Jökuldalsvegur eystri:**
01 Refshöfði — Skeggjastaðir:
Fjárveiting var engin. Vinnulán 0,8 m. kr. skv. 2.3.0.2. Undirbyggður 2,2 km kafli milli Refshöfða og Garðár. Verkið unnið af verktakafyrirtækinu Steypusalan h. f. Neskaupstað.

Fskj. 2.4.1.—1.

BRÝR 10 M OG LENGRI
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

Laxá í Leirársveit (1):
Byggð var 23 m forspennt bitabrú í einu hafi. Kemur hún í stað lélegrar bogabrúar frá 1930.
Tengingu brúarinnar var frestað til 1984.
Fjárveiting var 5,9 m. kr.

Leirá í Leirársveit (1):
Byggður var 7 m steyptur bogi undir hárri fyllingu.
Fjárveiting var 2,8 m. kr.

Sanddalsá (1):
Byggð var 24 m forspennt bitabrú í einu hafi. Kemur hún í stað lélegrar bogabrúar frá 1928. Sökklar brúarinnar voru byggðir 1982.
Fjárveitingar voru 0,8 m. kr. 1982 og 3,3 m. kr. á þessu ári.

Ormsá hjá Brú (68):
Byggð var 11 m plötubrú í einu hafi. Kemur hún í stað lélegrar bogabrúar frá 1929.
Fjárveiting var 3,2 m. kr.

Auðólfsstaðaá (1):
Byggð var 8 m plötubrú í nýrri veglínu. Tengingu brúarinnar var frestað til 1984.
Fjárveiting var 2,2 m. kr.

Bægisá (1):
Byggður var 5 m steyptur bogi undir hárri fyllingu.
Fjárveiting var 2,2 m. kr.

Tinnudalsá (1):
Byggð var 60 m stálbitabrú með steyptu gólfi í tengslum við nýja veglínu.
Fjárveiting var 7,0 m. kr.

Fitjá í Víðidal (714):
Steyptur var sökkull undir nýja brú, sem ljúka á 1984.
Fjárveiting var 0,5 m. kr.

Krossá á Berufjarðarströnd (1):
Byggðir voru sökklar og stöpull undir nýja brú, sem ljúka á 1984.
Fjárveiting var 1,0 m. kr.

Fskj. 2.5.1.—1.

AÐALFJALLVEGIR.
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

F 22 Fjallabaksleið nyrðri:
Fjárveiting var 400 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 28 Sprengisandsleið:
Fjárveiting var 400 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 35 Kaldadalsleið:
Fjárveiting var 200 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 37 Kjalvegur:
Fjárveiting var 530 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var byggður langur kafli um Bláfellsháls, en megináhersla var lögð á framkvæmdir á syðri hluta leiðarinnar, þar sem miklar endurbætur voru gerðar á norðurhluta leiðarinnar vegna Blönduvirkjunar.

F 78 Skagafjarðarleið:
Fjárveiting var 200 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 82 Eyjafjarðarleið:
Fjárveiting var 350 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 92 Gæsavatnsleið:
Fjárveiting var 120 þús. kr. og var henni varið til almenns viðhalds á leiðinni.

Nd. **1072. Lög** [153. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

(Afgreidd frá Nd., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 804 (sbr.219).

ed. **1073. Lög** [123. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 962 (sbr. 765).

Ed. **1074. Lög** [167. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1049.

Sþ. **1075. Breytingartillaga** [111. mál]

við brtt. á þskj. 1003 [Áfengt öl].

Frá Friðriki Sophussyni.

Lokamálsgreinin orðist svo:
Atkvæðagreiðslan fari fram við næstu alþingiskosningar.

Ed. **1076. Lög** [341. mál]

um Íslenska málnefnd.

(Afgreidd frá Ed., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1048.

Nd. 1077. Breytingartillaga [306. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Á eftir 2. grein komi ný grein sem verður 3. grein og orðist þannig:

Í stað þeirrar lækkunar á sköttum innlánsstofnana, sem verður með samþykkt laga þessara, skal koma sérstakt og jafnhátt gjald á þær innlánsstofnanir sem skattalækkunar njóta samkvæmt lögum þessum. Reiknast gjald þetta samkvæmt þeim reglum sem áður giltu um skattlagningu þeirra til ríkissjóðs. Skal gjaldið halda verðgildi sínu og breytast í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. janúar 1984 að telja.

Tekjum af gjaldinu skal varið til dagvistarstofnana á árinu 1984 og framvegis og má það ekki verða til rýrnunar á öðrum fjárveitingum til dagvistarmála. Skal tekjum af gjaldinu úthlutað í réttu hlutfalli við fjárveitingu til einstakra stofnana á fjárlögum hverju sinni.

Nd. 1078. Breytingartillaga [305. mál]

við frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá Páli Péturssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1984 greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða eða fella niður innheimtu á ⅙ hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðsþóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 samkvæmt lögum nr. 40/1969.

Nd. 1079. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar hefur fjallað um breytingartillögu meiri hl. Tillagan er til bóta þar sem tekjutap ríkissjóðs verður minna en ella. Minni hl. telur þó fráleitt að lækka gjöld bankanna með þessum hætti og greiðir atkvæði gegn frumvarpinu.

Guðrún Agnarsdóttir er samþykk þessu nefndaráliti.

Alþingi, 21. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.	Kjartan Jóhannsson.

Nd. 1080. Breytingartillaga [221. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 3. gr. Síðari málsl. 4. mgr. orðist þannig: Ákvæði þessarar greinar taka einnig til veiðihúsa.

Nd. 1081. Breytingartillaga [301. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá Karvel Pálmasyni.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. bætist: Áður en undanþága er veitt skal ávallt leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags skipstjórnarmanna.

Nd. 1082. Breytingartillaga [302. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá Karvel Pálmasyni.

Aftan við 1. mgr. 5. gr. bætist: Áður en undanþága er veitt skal ávallt leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra.

Nd. 1083. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. telur að framkomnar upplýsingar sýni að þörf sé endurskoðunar ýmissa laga um skattskyldu innlánsstofnana, ekki síst í ljósi breytinga sem þegar eru orðnar og munu hugsanlega verða á næstu árum.

Stjórnarfrumvarp þetta mun hafa í för með sér lækkun á skattgreiðslum banka og annarra innlánsstofnana í ríkissjóð. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta mun einnig lækka tekjur ríkissjóðs verulega.

Í ljósi núverandi ástands ríkisfjármála, niðurskurðar á félagslegri þjónustu og áforma um stórauknar lántökur erlendis telur minni hl. fráleitt að skerða tekjur ríkissjóðs með þessum hætti.

Þótt skynsamlegt sé að huga að breytingum á skattalögum vegna bankakerfisins verður það að teljast ábyrgðarleysi og ögrun við fólkið í landinu að láta þær koma til framkvæmda núna.

Minni hl. leggur því til að frv. verði fellt.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar um þetta mál og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 21. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm.	Svavar Gestsson.	Kjartan Jóhannsson.

Nd. 1084. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Mál þetta barst nefndinni frá Ed. um hádegi s. l. laugardag. Hefur hún því haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið svo sem þurft hefði.

Við 1. umr. málsins í Nd. flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við lögin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum þessum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, stýrimanna og Vélskólans í Reykjavík, F.F.S.Í og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst."

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon munu skila séráliti. Stefán Valgeirsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt og styðja breytingartillögu samgönguráðherra, sem hann flytur á þskj. 1029, en hún hefur að geyma ákvæði um að atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. frv. skuli ekki taka gildi fyrr en frá og með 1. janúar 1985. Ætti með því að vinnast nægur tími til að skoða þessi mál öll nánar skv. fyrrgreindri yfirlýsingu samgönguráðherra. Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. maí 1984.

Friðjón Þórðarson, varaform.	Eggert Haukdal, frsm.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1085. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Mál þetta barst nefndinni frá Ed. um hádegi s. l. laugardag. Hefur hún því haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið. Við 1. umræðu í Nd. flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við lögin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum þessum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, stýrimanna og Vélskólans í Reykjavík, F.F.S.Í. og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágu til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst."

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir skila séráliti.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt, eins og það kom frá Ed.

Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. maí 1984.

Stefán Valgeirsson, form., með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson, frsm.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Eggert Haukdal.	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1086. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Þetta mál er í tengslum við 305. mál. Nefndin kvaddi á sinn fund Árna Kolbeinsson úr fjármálaráðuneyti, Sigurð Hafstein frá Sambandi sparisjóða, Þórð Ólafsson frá Seðlabankanum og Jónas Haralz. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá efri deild.

Alþingi, 21. maí 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.
	Halldór Blöndal.	

Nd. **1087. Nefndarálit** [301. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og fengið til viðtals við sig ýmsa aðila er málið varðar. Ljóst er að mikill ágreiningur er um efni frv. og bárust nefndinni eindregnar áskoranir um að fresta afgreiðslu þess. Koma þær óskir að hluta til fram í fylgiskjölum með nefndaráliti þessu.

Þá óttast ýmsir að þetta frv., verði það að lögum, verði síst til að greiða fyrir varanlegri lausn varðandi undanþágur frá skipstjórnarréttindum og veitingu þeirra.

Nokkur misbrestur virðist hafa orðið á að málið hafi borist öllum þeim aðilum til umsagnar sem eðlilegt hefði mátt teljast og er það ekki til þess fallið að stuðla að nauðsynlegri samstöðu um málið.

Einnig vill minni hl. samgöngunefndar átelja að samgöngunefnd Nd. skuli ætlað að afgreiða þetta mál á alls ónógum tíma.

Minni hl. samgöngunefndar leggur til að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ágreiningur er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frv., sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. maí 1984.

Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.

Fylgiskjal I.

BRÉF SKIPSTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS TIL SAMGÖNGUNEFNDAR NEÐRI DEILDAR.

Reykjavík, 20. maí 1984.

1. Skipstjórafélag Íslands óskar eindregið eftir því að frestað verði til haustsins afgreiðslu frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.
2. Í nefnd þeirri, sem samdi frumvarpið, var enginn fulltrúi skipstjórnarmanna (skipstjóra og stýrimanna). Aðeins einn maður var frá F.F.S.Í., sem var vélstjóri, en þó átti nefndin að fjalla um atvinnuréttindi beggja þessara starfsgreina. Hvaða erindi átti fulltrúi Sjómannasambands Íslands í nefndina?

3. S.K.F.Í. hefur ekki haft þetta frumvarp til umfjöllunar nema í nokkra daga. Félaginu hefur ekki gefist kostur á að fjalla um það sem skyldi. En við umfjöllun um frumvarpið er meðal annars nauðsynlegt að taka tillit til eftirfarandi:
   a. Alþjóðareglur (I.M.O. 1969) um mælingar skipa sem tóku gildi þann 18. júlí 1983.
   b. Samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um menntun og þjálfun skipstjórnarmanna (S.T.C.W.-samþykktin frá 1978) sem tók gildi þann 28. apríl síðastliðinn.
   c. Félög skipstjórnarmanna innan F.F.S.Í. hafa ekki haft tækifæri til að vinna að sameiginlegri niðurstöðu.
4. Skipstjórafélag Íslands er andvígt því að frumvarp um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum verði að lögum nú á þessu þingi þar sem viðurkennt er að þar eru veigamiklir punktar sem þurfa endurskoðunar við og viðurkennt er af ráðherra. Þess vegna sjáum við engin skynsamleg rök fyrir því að reka ófullburða frumvarp í gegnum háttvirt Alþingi og gera það að lögum núna. Við teljum engin þau tengsl milli frumvarpsins um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna annars vegar og frumvarpanna um fjarskipti og atvinnuréttindi vélstjóra hins vegar að þau megi ekki afgreiða hvert í sínu lagi.

Virðingarfyllst,

Höskuldur Skarphéðinsson. Loftur Hafliðason.
Sveinn H. Valdimarsson. Sigurður Hallgrímsson.
Benedikt H. Alfonsson.

Fylgiskjal II.

BRÉF SKIPSTJÓRAFÉLAGS NORÐLENDINGA TIL FORMANNS SAMGÖNGUNEFNDAR NEÐRI DEILDAR.

Akureyri, 17. maí 1984.

Skipstjórafélag Norðlendinga fer þess hér með á leit við yður, hr. formaður, að þér beitið yður fyrir að afgreiðslu á frv. til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum verði frestað til næsta löggjafarþings.

Í frumvarpinu felast viðamiklar breytingar á gildandi lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sem snerta munu hagi fjölmargra þeirra er undir þessum lögum munu starfa, ef samþykkt verða.

Félagið telur því eðlilegt, og raunar skylt, að félögum skipstjórnarmanna, samtökum þeirra og viðkomandi menntastofnun, verði sent frumvarpið til umsagnar áður en til endanlegrar afgreiðslu þess kemur.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipstjórafélags Norðlendinga,
Guðmundur Steingrímsson.

Fylgiskjal III.

BRÉF SLYSAVARNAFÉLAGS ÍSLANDS TIL SAMGÖNGUNEFNDAR EFRI DEILDAR.

Reykjavík, 16. maí 1984.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur verið bent á að fyrir háttvirtu Alþingi lægi frumvarp til laga um réttindi skipstjórnarmanna sem ætlunin væri að afgreiða með hraði nú fyrir þinglok. Jafnframt hefur verið fullyrt, m. a. í fjölmiðlum, að í frumvarpi þessu væri gert ráð fyrir að dregið yrði úr kröfum um menntun, reynslu og þjálfun skipstjórnarmanna.

Af ofangreindu tilefni vill Slysavarnafélag Íslands benda á að slysatíðni er hærri meðal sjómanna en hjá nokkurri annarri starfsstétt. Það telur að ein ástæða fyrir þessu sé einmitt sú að menntunar- og þjálfunarmál sjómanna séu ekki í nægilega góðu horfi og þurfi þar að gera auknar kröfur frá því sem nú er. Félagið hlýtur því að vara við öllum hugmyndum um það að draga hér úr kröfum og telur að við það mundi slysahætta við störf á sjó enn aukast.

Með allt þetta í huga beinir félagið því eindregið til háttvirtrar samgöngunefndar efri deildar og Alþingis að umrætt frumvarp verði ekki afgreitt án samráðs og umsagnar frá þeim aðilum sem um áratuga skeið hafa unnið að eflingu slysavarna á sjó og auknu öryggi sjófarenda.

Virðingarfyllst,
f.h. Slysavarnafélags Íslands

Hannes Þ. Hafstein, framkvstj. Haraldur Henrysson, forseti S.V.F.Í.

Fylgiskjal IV

Björn V. Gíslason, formaður Nemendafélags Stýrimannaskólans:

„LÖGBROT VERÐI AÐ LÖGUM GERT."

(Þjóðviljinn 10. maí 1984.)

Flestum er enn í fersku minni sú umræða sem átti sér stað í fjölmiðlum fyrir nokkrum vikum um undanþágur til skipstjórnar á íslenskum skipum. Óhætt er að fullyrða að mönnum kom á óvart hve auðvelt var og er að afla sér slíkrar undanþágu og undrun þótti hvað margar slíkar undanþágur höfðu verið veittar. En þá höfðu á einu ári verið veittar 600 undanþágur til skipstjórnar og auk þess nær 1000 sams konar til vélstjórnar, eða alls 1600 undanþágur til yfirmannsstarfa á íslenskum skipum á aðeins einu ári.

Mönnum ætti einnig að vera í fersku minni þau óhugnanlegu stórslys sem átt hafa sér stað á hafi úti á undanförnum mánuðum og árum og er víst að óhug sló að mörgum er opinbert var að 15—20 manns færust í sjóslysum á ári hverju og að á hverjum degi ætti sér stað að meðaltali eitt bótaskylt slys um borð í íslensku skipi.

Það er því ekki fráleitt að ætla að stjórnvöld sæju þessa bresti í réttinda- og öryggismálum íslenskra sjómanna og reyndu að bæta þar úr. Og víst hefur verið hafist handa.

Jafnhliða því sem samgönguráðuneytið hóf að gefa út haffærnisskírteini á óskoðuð skip í gegnum síma (en sá búnaður virðist nú vera eitt aðalstjórntæki ráðuneytisins samanber undanþáguveitingar eftir sömu leiðum) var á vegum Alþingis skipuð nefnd sem fjalla á um hvernig koma mætti í veg fyrir slys á sjó og er það af hinu góða.

Dregið úr kröfum

Og nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Frumvarp sem ætla mætti að lagt hafi verið fram til að stuðla að auknu öryggi sjómanna á hafi úti. En því er nú ekki fyrir að fara.

Frumvarp þetta gengur allt í þá átt að draga úr kröfum til skipstjórnarmanna, fækka yfirmönnum á íslenskum skipum og lögfesta undanþágur til slíkra starfa. Allt þetta stuðlar að auknu óöryggi sjómanna á hafi úti, sem ekki er á bætandi.

Sem dæmi um þær ráðstafanir, sem höfundar þessa frumvarps telja rétt að grípa til, er að fækkað verði yfirmönnum á nær öllum skipum, þannig t. d. að þar sem í dag eru tveir stýrimenn verði einn, þar sem nú eru þrír verði tveir o. s. frv.

Ástæðan fyrir því að menn segja svona lagað hlýtur að vera sú að þeir telji of marga siglingafróða menn vera um borð í skipunum! En er eitthvað sem gefur tilefni til að ætla að svo sé? Ég er nú hræddur um ekki!

Í skýrslu sjóslysanefndar fyrir árið 1982 er sérstakur kafli sem ber yfirskriftina „Strönd eru enn of tíð". Þar er sagt frá því að um þriðjungur þeirra slysa sem fjallað er um í skýrslunni sé vegna þess að skip hafi strandað eða tekið niðri. Jafnframt segir í þessum kafla sjóslysaskýrslunnar: „Í öllum þessum tilvikum verður að rekja óhöppin til óaðgæslu við siglingu. Ástæða er til að leggja áherslu á að þessi mál verði tekin sérstaklega fyrir í sjómannaskólunum, svo og hjá samtökum sjómanna, bæði yfirmanna og undirmanna."

Þeir frumvarpsmenn virðast ekki hafa miklar áhyggjur af þessari hlið málsins sem og ótal öðrum sem mér gefst því miður ekki tími til að drepa á hér. Þetta virðist allt vera svo augljóst ef menn aðeins hugsa pínulítið. T. d. eru íslensk fiskimið talin vera á einu erfiðasta og jafnframt hættulegasta hafsvæði í heimi. Gefur það tilefni til þess að óhætt sé að krefjast minni starfsreynslu og menntunar af þeim sem taka eiga að sér skipstjórnarstörf heldur en gert er í dag og fækka jafnfram siglingarfróðum mönnum um borð í skipunum? Flutningsmenn umræddS frumvarps hljóta að telja að svo sé.

Tvær undanþágur á hverri klukkustund

Eitt er það þó í þessu frumvarpi sem sker sig úr, þótt ótrúlegt sé, en það eru ákvæði varðandi undanþágur til skipstjórnar og um svokallaða „undanþágunefnd" sem í frumvarpinu fær heitið „mönnunarnefnd".

Eins og margsinnis hefur komið fram að undanförnu hefur samgönguráðuneytið verið óspart á að veita undanþágur til skipstjórnar, þó svo að slíkt sé með öllu óheimilt og er í rauninni ekkert annað en lögbrot. Það á víst að heita svo að þessi fræga „undanþágunefnd" fjalli vel og ítarlega um hverja beiðni um undanþágu og haft er fyrir satt að auðveldara sé að framfleyta sér á kauptryggingunni einni saman heldur en að sleppa í gegnum nálarauga nefndarinnar!

En raunin er auðvitað allt önnur eins og allir sjá ef nefndin er sögð afgreiða 1600 undanþágur á einu ári. Það þýðir m. ö. o. að ef nefndarmenn hafa ekkert annað gert en að veita undanþágur í 365 daga, 8 tíma á dag og án þess að fara í mat eða kaffi, þá hafa þeir veitt að jafnaði 2 undanþágur á klukkustund. Það sjá því allir að starf þessarar nefndar hlýtur að vera bæði ofurmannlegt og miskunnarlaust því að auk þess að afgreiða allar þessar undanþágur þá unnu nefndarmenn fullum fetum að þessu nýja og magnaða lagafrumvarpi.

Í margnefndu frumvarpi er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra fái heimild til að veita undanþágur, heimild sem eins og áður sagði er ekki fyrir hendi í dag. Eða með öðrum orðum: **Lögbrot samgönguráðuneytisins verði að lögum gerð!**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi nefnd sem fjalla á um undanþágubeiðnir (við vitum nú þegar um nokkra röska menn með mikla reynslu í slíkum störfum!) og ef svo ólíklega vildi til að nefndin synjaði slíkri beiðni „þá getur umsækjandi

borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra sem leggur endalegan úrskurð á málið," eins og segir í frumvarpinu.

Með þessu er hreinlega verið að gefa skít í það sem sjómenn, skipstjórnarmenn sem vélstjórar, sjómannafélög, kennarar og nemendur vélskólans og stýrimannaskólans, ásamt mörgum fleiri, hafa verið að halda fram varðandi undaþágumálið að undanförnu. **Þ. e. a. s. að stefnt verði að því að koma þessum undanþágum út úr heiminum sem fyrst!** Og svo til að kóróna allt þá er gert ráð fyrir því að tekið verði gjald af undanþáguhafa! Þetta er kannski ein leiðin til að fylla upp í „gatið" góða? Mér þætti gaman að vita hverjum datt í hug að gera mætti undanþágur til vél- og skipstjórnar að tekjulind fyrir ríkissjóð. Sá maður hlýtur að hljóta útnefningu til hugmyndaverðlauna ársins í ár! Ég mæli með honum!

Nei, það sem samgönguráðherra er að gera með þessu frumvarpi er í rauninni ekkert annað en að lækka „standardinn" hjá íslenskum sjómönnum, því að ef þetta frumvarp, eins og það er í dag, fer í gegnum þingið, þá munum við skjótast mörg ár aftur fyrir aðrar siglingaþjóðir hvað varðar menntun yfirmanna og öryggi siglinga. Höfum við efni á því?

Teflt á tæpasta vað

Það veit hver sá sem vita vill að í dag er þegar teflt á tæpasta vað með öryggi íslenskra skipa og sjómanna, eins og svo greinilega hefur komið í ljós að undanförnu. Því hljótum við að vona að afgreiðslu á frumvarpi til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sem nú liggur fyrir Alþingi, verði annahvort slegið á frest á meðan menn átti sig á ýmsum staðreyndum, eða þá að því verði hreinlega vísað frá fyrir fullt og allt.

Nd. 1088. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Þetta frv. er náskylt frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sem undirrituð leggja til að verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Enda þótt ljóst sé að ágreiningur er ekki jafn mikill um þetta frv. telja undirrituð eðlilegt að þessi tvö mál fylgist að og leggja því til að þetta frv. verði afgreitt á sama hátt og 301. mál með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem áríðandi er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frv., sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. maí 1984.

Kristín Halldórsdóttir, fundaskr., frsm.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nd. 1089. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.
Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Gunnar G. Schram og Guðmundur Einarsson.

Alþingi, 22. maí 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Friðrik Sophusson.
Halldór Blöndal. Ingvar Gíslason.

Nd. 1090. Frumvarp til laga [221. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 390 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

10. gr. orðist svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi, sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skal afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. áður en bygging sumarbústaða hefst.

Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum), sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging, sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til veiðihúsa.

Það telst vera sumarbústaðahverfi, þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

10. gr., d-liður (25. gr.), hljóðar svo:

Heimild landbúnaðarráðuneytisins þarf til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun félagsbúsins. Fara skal eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. um umsókn og meðferð hennar.

Það teljast vera félagsbú, þegar tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning skv. 27. gr. um að standa sameiginlega að búrekstri á einni eða fleiri jörðum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu allir búsettir á viðkomandi býli (býlum).

Hjón ein sér eða með ófjárráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. 2 ár.

Heimilt er að samþykkja tímabundna stofnun félagsbús vegna ættliðaskipta á jörð og er í reglugerð heimilt að víkja frá skilyrðum 5. mgr. 25. gr. og réttindum, skv. 1. mgr. 28. gr., varðandi slík félagsbú.

Um stærð á landi félagsbús skal fara eftir 23. gr. þannig að landið sé ekki minna en hver aðili félagsbúsins hefði stofnað nýtt býli.

Nd. 1091. Lög [261. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 895 (sbr. 483).

Nd. 1092. Lög [115. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1051 (sbr. 142).

Nd. 1093. Frumvarp til laga [301. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

Samhljóða þskj. 585 með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla, eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

16. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.

2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.

Í framangreindum tilvikum skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar varðandi öryggi og búnað skips.

17. gr. hljóðar svo:

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

18. gr. hljóðar svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrk til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

19. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmannanna.

20. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1985.

Nd. 1094. Frumvarp til laga [305. mál]

um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

1. gr.

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1984 greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. — Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða eða fella niður innheimtu á ⅙ hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðsþóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 samkvæmt lögum nr. 40/1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Nd. 1095. Lög [306. mál]

um breyting á lögum nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 859.

Nd. 1096. Lög [252. mál]

um fjarskipti.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 956 (sbr. 459).

Sþ. 1097. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1982.

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum 1982 urðu sem hér segir:

	Millj. kr.
Almennar hafnir	109.0
Reykjavíkurhöfn	26.2
Landshafnir	6.9
Ferjuhafnir	2.2
Samtals:	144.3

Árið 1981 voru heildarframkvæmdir í höfnum 105.0 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru tölur um framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, svo og stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum.

FRAMKVÆMDIR 1982 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Unnið var við hafnarhús og það gert fokhelt.

Í mars kom gröfuflekinn Grettir til Akraness og gróf upp úr skurði þeim, er sprengdur hafði verið fyrir stálþili við Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts í Lambhúsasundi. Grettir gróf úr skurðinum um 1 900 m³ af sprengdu efni og síðan um 16 000 m³ af leir og grjóti af svæðinu við væntanlegt stálþil og skipalyftu Þorgeirs og Ellerts. Að loknum skurðgreftrinum gróf Grettir upp sand utan hafnar, sem fluttur var með pramma Grettis og settur í skurðinn fyrir væntanlegt stálþil. Magn sands var um 3 000 m³. Síðan gróf Grettir úr væntanlegu smábátalægi fyrir miðjum botni hafnarinnar alls um 4 500 m³. Verki Grettis lauk 15. maí.

Undirbúningur reksturs stálþils í Lambhúsasundi hófst um miðjan apríl og um áramót var hægt að nýta nýja kantinn, þó að enn vantaði steyptan kant á þilið, lagnir og þekju. Er hér um 40 metra langan hafnarkant að ræða. Þetta verk var unnið af heimamönnum.

Pantaður var löndunarkrani smábáta og gerðar smábreytingar á landgöngubrú Akraborgar.

Byrjað var á fyllingu lands undir kolageymsluhús austan Sementsverksmiðjugarðs.

Malbikaður var vegarspotti frá bátabryggju að Faxabraut.

Framkvæmdakostnaður: 2 495 þúsund kr.

Borgarnes.

Byggður var 100 metra langur grjótgarður vestur af núverandi hafnarkanti. Magn grjóts varð 16 500 m³. Grjótið var tekið úr námu Vegagerðarinnar fyrir Borgarfjarðarbrú. Við þennan garð kemur væntanlegt stálþil. Verkið hófst 15. mars og lauk 7. maí. Lokið var við hafnarvog.

Framkvæmdakostnaður: 1 397 þús. kr.

Arnarstapi.

Löndunarvog og spil.
Framkvæmdakostnaður: 49 þús. kr.

Hellnar.

Tæknikostnaður: 0.4 þús. kr.

Ólafsvík.

Ekið var grjótvörn á fyrirstöðugarðinn í fremri hluta hafnarinnar, þar sem væntanlegt stálþil kemur síðar.

Verkið hófst 26. október 1982 og lauk 5. nóvember.

Unnið var við innsiglingarljós og merki dagana 23. nóvember til 27. nóvember en því verki var ekki alveg lokið. Eftir var frágangur raflagna og stilling ljósa.

Framkvæmdakostnaður: 449 þús. kr.

Grundarfjörður.

Haldið var áfram við lengingu Norðurgarðs. Í maí var gröfuflekinn Grettir dreginn til Grundarfjarðar frá Akranesi. Grettir hóf gröft 24. maí í nýju viðleguhöfninni. Efninu var lagt út við og framan við Norðurgarðinn. Vannst þannig uppfylling undir og í framlengingu Norðurgarðs og enn fremur dýpkun viðleguhafnarinnar. Grettir lauk greftri 13. júlí og hafði þá grafið upp um 39 000 m^3 af leir, sandi og möl.

Jafnframt dýpkun Grettis og útlagningu efnis í garðstæðið var 17. maí hafin útkeyrsla grjótgarðs fram af Norðurgarði og undirbúningur stálþilsreksturs. Um miðjan ágúst hófst svo rekstur stálþilsins. Unnið var til 22. nóvember. Þá var lokið rekstri og frágangi stálþils ásamt grjótvörn. Eftir var steyptur kantur, lagnir og þekja.

Mögulegt var að nýta kantinn þá strax, þar sem reknir voru niður bráðabirgðapollar, settar þybbur á þilið og lögð vatnslögn til bráðabirgða.

Auk efnisins, sem Grettir gróf í garðinn, voru keyrðir í hann um 35 000 m^3 af grjóti og kjarna.

Stálþilið er 106 metra langt og er hér um að ræða um 40 metra framlengingu á kanti skjólmegin eða austan megin Norðurgarðs og 40 metra stálþilskants sem kemur á enda hans.

Framkvæmdakostnaður: 13 163 þús. kr.

Stykkishólmur.

Haldið var áfram framkvæmdum í Skipavík við viðgerða- og vörukant. Steyptur var kantur á stálþilið og undirbúin þekjusteypa. Unnið var við þetta verk frá 17. maí til 31. ágúst.

Unnið var við viðgerð og endurbyggingu hluta gömlu hafskipabryggjunnar í Stykkinu.

Þetta verk var unnið að forgöngu heimamanna með tækniaðstoð og verkstjórn Hafnamálastofnunar. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessu samkvæmt áætlun en verkið þoldi enga bið. Verkið hófst í september og lauk 5. desember.

Framkvæmdakostnaður: 3 179 þús. kr.

Örlygshöfn.

Sett var grjótvörn utan á bryggjuna, sem er steyptur hafnargarður um 50 m langur. Magn grjóts var um 3 600 m^3. Grjótið var tekið úr urð í um 500 metra fjarlægð.

Framkvæmdakostnaður: 471 þús. kr.

Patreksfjörður.

Tæknikostnaður: 23 þús. kr.

Táknafjörður.

Keyrður var út garður framan við frystihúsið og vestan við núverandi bryggju.

Framan á þennan garð mun koma væntanlegt stálþil og ofan við hann verður fyllt undir athafnasvæði neðan frystihússins.

Magn grjóts og fyllingar í garðinum var 13 000 m^3. Efnið var tekið rétt utan við Sveinseyri í 1½ km fjarlægð.

Keypt var stálþil með festingum í 60 m langan stálþilskant. Verkið hófst 28. maí og lauk 16. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 2 808 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður o. fl.: 26 þús. kr.

Þingeyri.

Tæknikostnaður: 11 þús. kr.

Flateyri.

Þann 12. ágúst 1982 hóf dæluprammin Hákur dælingu í Flateyrarhöfn. Dældi Hákur úr nýju viðleguhöfninni. Það er rás í 4 m dýpi inn eftir höfninni og snúningssvæði innan við botn hafnarinnar við stæði væntanlegs stálþils.

Efnið var fínn sandur, mjög auðdælanlegur. Dælt var í fyllingu innan við nýju viðleguhöfnina.

Dælingu lauk 22. september, en þá hafði verið dælt upp 33 600 m^3.

Keypt var stálþil af Landsvirkjun.

Framkvæmdakostnaður: 3 757 þús. kr.

Suðureyri.

Verklok.

Smíðuð voru tvö innsiglingarmerki, en uppsetningu var ólokið.

Framkvæmdakostnaður: 128 þús. kr.

Bolungarvík.

Grettir kom til Bolungarvíkur 19. maí 1982 og gróf 70 m langan skurð fyrir væntanlegt stálþil við Grundargarð. Skurðurinn var grafinn niður á 9 m dýpi.

Einnig gróf Grettir í innri höfninni og við innsiglinguna. Gröftur nam alls 43 350 m³ af möl og sandi. Verki Grettis lauk 24. september.

Hluti Grundargarðs var breikkaður og síðan styrktur með grjótvörn. Efnisflutningar voru alls um 8 000 m³, þar af aðflutt efni um 1 100 m³. Verk þetta hófst 2. ágúst og lauk 2. september.

Settur var löndunarkrani.

Safnað var upplýsingum um öldulag með mælingum utan og innan hafnar.

Framkvæmdakostnaður: 5 285 þús. kr.

Ísafjörður.

Í febrúar var sett upp ljósamastur í Sundahöfn.

Í mars 1982 byrjaði Hákur aftur dælingu úr Sundahöfn, en hlé hafði orðið á dælingu þar frá nóvember 1981. Dælingu lauk 12. maí og hafði þá verið dælt upp 21 100 m³ úr væntanlegri vöruhöfn í Sundahöfn.

Efninu var dælt í uppfyllingu eða væntanlegt athafnasvæði vöruhafnar.

Lokið var við raflögn í togarakanti en við það var einnig unnið árið áður. Þar er nú möguleiki á landtengingu allra togara Ísfirðinga.

Þann 14. september var byrjað á lengingu Mávagarðs í Sundahöfn. Hann var lengdur um 62 metra og í það fóru 8 000 m³ af grjóti.

Vinnu var hætt í lok október. Enn er ólokið við 110 metra lengingu þessa garðs.

Framkvæmdakostnaður: 3 945 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður o. fl.: 34 þús. kr.

Norðurfjörður.

Hafinn var undirbúningur væntanlegrar hafnargerðar á Norðurfirði. Opnuð var grjótnáma við Leiti í Krossneslandi í 3—4 km fjarlægð. Unnir voru um 5 000 m³ af grjóti og það flokkað.

Verkið hófst 13. september og lauk 1. október.

Framkvæmdakostnaður: 903 þús. kr.

Hólmavík.

Efri hluti hafnargarðsins á Hólmavík var breikkaður og sett á hann grjótvörn að sunnanverðu. Norðan megin við þennan garð og næst landi var rekið niður stálþil 56 metra langt. Settir voru niður bráðabirgða pollar og þybbur. Er þilið því í notkun, þó enn vanti þekju, lagnir og steyptan kant.

Verkið hófst 26. apríl og lauk 2. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 2 321 þús. kr.

Hvammstangi.

Aðalhafnargarðurinn var breikkaður og lengdur um 30 metra með grjótvörn og grjótgarði. Í þetta fóru um 10 500 m³ af grjóti. Grjótið var tekið í námu um 2 km ofan við Þorpið. Verkið hófst 24. maí 1982 en var ekki að fullu lokið fyrr en 13. september. Að síðustu voru keyrðir um 500 m³ af grjóti í ystu grjótvörnina frá Hólabaki, þar sem opnuð hafði verið grjótnáma vegna Blönduóshafnar.

Framkvæmdakostnaður: 2 363 þús. kr.

Blönduós.

Unnið var að undirbúningi varanlegrar skjólhafnar á Blönduósi. Opnuð var grjótnáma í landi Uppsala í Þingi skammt frá Hólabaki. Unnir voru um 5 000 m³ af stóru grjóti, sem var flokkað og bíður flutnings í brimvarnargarð við Blönduós.

Verkið hófst 3. ágúst og lauk 10. september. Undirbúningur líkantilrauna vegna væntanlegrar hafnargerðar hófst í október og um áramót voru tilraunir hafnar.

Framkvæmdakostnaður: 1 707 þús. kr.

Skagaströnd.

Hafnar voru framkvæmdir við væntanlega dráttarbraut á Skagaströnd. Grettir kom til Skagastrandar 22. október og gróf rennu fyrir dráttarbrautina í innsta hluta hafnarinnar. Uppgrafið efni var að hluta sandur og erfið leirhella. Greftrinum lauk 29. október og höfðu þá verið grafnir 7 650 m³.

Framkvæmdakostnaður: 2 156 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Unnið var við endurbyggingu og lengingu sandfangara. Sandfangarinn var lengdur um 40 metra með grjótgarði, einnig var eldri hluti hans styrktur og hækkaður um 2—3 metra. Alls fóru í þetta 5 800 m³ af grjóti. Grjótið var tekið í Hegranesi í eldri námu. Verkið hófst 21. apríl og lauk 8. júní.

Framkvæmdakostnaður: 1 448.8 þús. kr.

Hofsós.

Settar voru nýjar þybbur á Norðurgarð. Kanttré var endurnýjað og fleira. Hafnargarðurinn er samt illa farinn og svo að hægt sé að gera við hann þarf að byggja grjótvörn á hann að utanverðu. Gröfuflekinn Grettir kom til Hofsóss 2. júní og gróf úr höfninni, það er upp með Norðurgarði og Ásgarði, alls 8 800 m³. Uppmokaða efninu var komið fyrir utan við Norðurgarðinn og mun þannig minnka magn þess grjóts er verður sett utan á hann á næstunni. Grettir lauk þessu verki 20. október.

Framkvæmdakostnaður: 1 511 þús. kr.

Siglufjörður.

Keyrður var út 100 m langur grjótgarður í væntanlegri smábátahöfn við gamla stálþilið frá síldarárunum innan við eyrina. Í þennan garð fóru um 4 000 m³ af grjóti.

Klætt var með grjóti á fjörukant innan við togarabryggjuna á um 30 metra kafla. Í þetta fóru um 1 300 m³ af grjóti.

Grjótið í þessi verk var tekið norðan við bæinn, við veginn í rúmlega 2 km fjarlægð.

Bætt var grjóti í enda „Brimbrjóts".

Verkið hófst 20. maí og lauk 20. júlí.

Unnið var einnig við endurbyggingu 45 metra langrar léttrar smábátabryggju vestan við togarabryggjuna. Verkið var hafið af heimamönnum og átti að vera kostað af þeim. Einungis átti að gera við umrædda bryggju, en þegar upp var staðið, var ekkert nothæft af eldri bryggjunni og ný bryggja byggð í hennar stað.

Þybbur og kantar voru endurnýjuð á Bæjarbryggju á um 100 metra kafla.

Framkvæmdakostnaður: 2 281 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var við grjótvörn á Norðurgarði. Grjótvörnin á ytri hluta hans var lengd um 40 metra og verður hún ekki lengri. Alls var hér um 3 600 m^3 af grjóti að ræða, það er milligrjóti og stóru grjóti. Grjótnámið var óhagstætt því að kjarninn nýttist ekki. Grjótið var tekið í gamalli námu austast í bænum. Verkið hófst 20. júlí og lauk 3. október.

Dælupramminn Hákur kom til Ólafsfjarðar 20. maí. Dældi hann úr hafnarmynninu og innan við það, alls um 18 650 m^3 af sandi. Dælingu lauk 12. júlí. Hér er um að ræða sand sem berst stöðugt inn í höfnina. Síðast var dýpkað þarna 1980 í maí þegar Grettir gróf upp um 10 000 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 4 580 þús. kr.

Dalvík.

Lokið var frágangi kants á nýja stálþilið. Aðallega var unnið við kanttré og fríholt. Einnig var unnið við að þétta fríholt á Suðurgarð. Vinna hófst um áramót og lauk um miðjan febrúar.

Framkvæmdakostnaður: 416 þús. kr.

Hrísey.

Tæknikostnaður o. fl.: 37 þús. kr.

Árskógssandur.

Tæknikostnaður o. fl.: 13 þús. kr.

Hauganes.

Tæknikostnaður o. fl.: 54 þús. kr.

Hjalteyri.

Raflagnir: 18 þús. kr.

Akureyri.

Settur var upp löndunarkrani smábáta í Sandgerðisbót. Lokið var við hafnarvog og vogarhús.

Nýi löndunarkanturinn við Útgerðarfélag Akureyringa var tekinn í notkun 24. september. Steyptur var 77 metra langur kantur og 300 m^2 þekja á stálþilið þar og gengið frá lögnum. Malbikaðir voru 770 m^2.

Lokið var við frágang lagna og bundins slitlags við viðgerðakantinn hjá Slippstöðinni. Sett voru upp tvö ljósamöstur.

Unnið var við þessi verk frá 4. janúar til 19. nóvember. Lokið var við raflögn í Oddeyrarbryggju í tengslum við flutning aðseturs flóabátsins Drangs þangað.

Unnið var að skipulagi Akureyrarhafnar af Arkitektastofunni á Akureyri. Skilað var áfangaskýrslu. Byrjað var á undirbúningi framkvæmda við gerð smábátahafnar í Sandgerðisbót.

Framkvæmdakostnaður: 3 953 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Lokið var við landgang úr grjóti út í bryggjuna þar. Fyrri landgangur, sem er úr timbri, var orðinn lélegur og þoldi ekki þunga umferð. Nýi landgangurinn myndar smábátadokk ásamt gamla landganginum. Verkið hófst 4. okt. og lauk 22. október. Grjótið var tekið að hluta úr malarnámi Vegagerðarinnar og úr skriðum við bæinn Ystuvík, alls um 3 500 m^3. Síðar var gamli landgangurinn skorinn sundur og klætt með timbri á enda og innan á hann, það er langbönd og þybbur, svo að hann nýtist sem trillukantur.

Framkvæmdakostnaður: 853 þús. kr.

Grenivík.

Unnið var áfram við nýja stálþilskantinn framan við frystihúsið.

Lögð var vatnslögn og rör fyrir væntanlega raflögn og raftengingu skipa. Steyptir voru tengibrunnar fyrir raflögn og tveir úttaksbrunnar á vatnslögn. Steypt var þekja alls um 920 m^2. Lagt var snjóbræðslukerfi undir helming þekjunnar.

Verkið hófst 10. maí og lauk 13. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 927 þús. kr.

Grímsey.

Í athugun var viðgerð eða ráðstafanir vegna þess, að þegar dýpkunarflekinn Grettir gróf þar í höfninni árið 1981, grófst 1—2 m niður fyrir undirstöður steypta hafnargarðsins, sem er eini viðlegu- og löndunarkanturinn í Grímsey.

Mjög var til bóta, að unnt var að dýpka upp með hafnarkantinum, þar sem grunnt er á klöpp víðast innan hafnarinnar. Sá böggull fylgdi samt skammrifi, að erfitt reynist að finna ódýra lausn á því vandamáli, að það grófst undan undirstöðum hafnarkantsins. Ekki reyndist unnt að finna ódýra lausn á þessu máli. Þegar ljóst varð, að fjárveitingar mundu ekki duga til varanlegra framkvæmda, var gripið til bráðabirgðaaðgerða með því að treysta kantinn með uppsláttarstoðum. Um leið var gert við slæmar holur í þekjunni á kantinum og skorið af pylsusteypu undir hafnarkantinum. Verkið hófst 14. júlí og lauk 21. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 442 þús. kr.

Húsavík.

Höfnin á Húsavík var prófuð í líkani í öldurannsóknarstöð Hafnamálastofnunar að Funahöfða í Reykjavík.

Ítarlegar rannsóknir voru gerðar á möguleikum til að minnka hreyfingu í höfninni, bæði með byggingu grjótvarnargarðs og innri mannvirkja. Athugaðir voru möguleikar á aðstöðu fyrir stærri skip eða allt að 20 000 rúmlestir. Þessum tilraunum var lokið í maímánuði. Á vegum heimamanna var haldið áfram byggingu dráttarbrautar fyrir allt að 250 þungatonna báta. Brautin var tilbúin til notkunar, þó að engin stæði væru enn byggð og bátar verði að standa í vagni brautarinnar meðan á viðgerð stendur. Framkvæmdum við dráttarbrautina lauk í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 4 546 þús. kr.

Þar af vegna dráttarbrautar: 4 141 þús. kr.

Hallbjarnarstaðakrókur.

Að frumkvæði heimamanna var grafið upp með hafnargarðinum að sunnanverðu og um leið myndaður skjólgarður fyrir sunnanáttinni. Skjólgarðurinn er að vísu veikur, en hefur þjónað sínu hlutverki og gerbreytt aðstöðunni þarna. Heimamenn sáu um verkið undir leiðsögn Hafnamálastofnunar. Verkið var unnið um mánaðamótin ágúst — september.

Framkvæmdakostnaður: 31 þús. kr.

Raufarhöfn.

Steyptur var 50 metra langur kantur á nýja stálþilið í bátahöfninni við kirkjuna. Einnig var steypt þekja og lagðar lagnir. Steypt var ljósamastursshús með tengingum fyrir vatn og rafmagn. Smíðuð voru möstur fyrir innsiglingarmerki. Uppsetningu þeirra er ólokið.

Byrjað var á 18 metra langri viðlegubryggju smábáta úr timbri í bátahöfninni gegnt stálþilinu.

Umræddar framkvæmdir voru unnar af heimamönnum undir umsjón og fyrirsögn Hafnamálastofnunar. Unnið var frá 16. ágúst til 11. desember.

Framkvæmdakostnaður: 1 681 þús. kr.

Bakkafjörður.

Sett voru legufæri í Gunnólfsvík að ósk heimamanna. Er það von þeirra að þar megi geyma bátana í suð- og vestlægum áttum, svo að komist verði hjá siglingu til Vopnafjarðar, þegar óliggjandi er í núverandi höfn í Bakkafirði.

Framkvæmdakostnaður: 514 þús. kr.

Vopnafjörður.

Byggð var 28 metra löng viðlegu- og löndunarbryggja úr timbri fyrir báta nokkuð innan við stálþilsbakkann í Ásgarði.

Steypt var þekja og kantur á gömlu steyptu bryggjuna við kaupfélagið. Alls 700 m^2 þekja.

Þessi viðgerð og endurbætur kaupfélagsbryggjunnar voru unnar af heimamönnum og fyrir frumkvæði þeirra, en með tækniaðstoð og undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 1 598 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Unnið var við rannsóknir á möguleikum til lausnar hafnarvanda Borgfirðinga.

Framkvæmdakostnaður: 195 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var við byggingu smábátahafnar framan við miðja byggðina sunnan óss Fjarðarár.

Keyrður var út garður utan um væntanlega dokk. Í það fóru um 8 000 m^3 af grjóti. Efnið var tekið í skriðum utan við bæinn.

Heimamenn sáu um þetta verk sjálfir, en undir tæknilegu eftirliti Hafnamálastofnunar. Verkið hófst í maí og stóð til nóvember með hléum.

Framkvæmdakostnaður: 1 132 þús. kr.

Neskaupstaður.

Steyptur var kantur á stálþilið í nýju höfninni, alls 138 metrar. Steypt var ljósamastursshús með tengingum fyrir rafmagn og vatn. Settar voru þybbur á stálþilið. Ólokið er að steypa þekju og lagnir. Verkið hófst 5. júlí og lauk 6. september.

Framkvæmdakostnaður: 1 685 þús. kr.

Reyðarfjörður.

Keyptur var löndunarkrani. Hann er enn óuppsettur.

Tæknikostnaður: 578 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Steyptur var kantur á nýja stálþilið við frystihúsið, alls 58 metrar. Einnig var steypt þekja 630 m², lagðar lagnir og gengið frá lýsingu. Enn er frágangi raflagnar ólokið. Verkið hófst 29. apríl og lauk 17. september.

Heimamenn endurnýjuðu hluta þekju gömlu bæjarbryggjunnar að eigin frumkvæði.

Framkvæmdakostnaður: 915 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Unnið var við endurbyggingu og endurbætur landgangs. Steypt var ný þekja alls 470 m². Steyptur kantur var endurnýjaður og sett á hann kanttré, 42 metrar, og nýjar þybbur. Verkið hófst 23. júlí og lauk 15. september.

Framkvæmdakostnaður: 880 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Gert var við gömlu timburbryggjuna og hún endurbyggð að hluta. Verkið hófst 21. júní og lauk 22. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 383 þús. kr.

Djúpivogur.

Steyptur var kantur 81 metrar að lengd á nýja stálþilið og hluti þekju, 500 m². Unnið var við lagnir, steypt ljósamastursbús með tengingu rafmagns og vatns. Sett var upp ljósamastur.

Ólokið er frágangi lagna og hluta þekju. Verkið hófst 17. maí og lauk 18. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 295 þús. kr.

Hornafjörður.

Unnið var við byggingu löndunar- og viðlegukants báta framan við gömlu verbúðirnar við Miklagarð.

Gamla bryggjan var rifin og fjarlægð. Keyrð var út 20—30 metra breið fylling úr sandi, alls um 8 000 m³. Stálþilið var rekið niður, alls 101 metra langt. Steyptur var á það kantur, 88 metrar, og gengið frá þybbum. Verkið hófst 11. mars og lauk 22. október.

Framkvæmdakostnaður: 4 888 þús. kr.

Dyrhólaey.

Unnið var við uppsetningu væntanlegs upptökubúnaðar smábáta við Kirkjufjöru austast í Dyrhólaey. Strengdur var burðarvír út í Stamp, sem er klettur um 300 metra frá landi. Byrjað var á uppsetningu dráttarspils. Gert var við skemmdir á veginum út í Dyrhólaey frá vetrinum áður. Sprengt var grjót í þetta verk úr berginu við væntanlega upptökuaðstöðu til að bæta brautina upp á bergið. Ýtt var þrisvar úr Dyrhólaós.

Framkvæmdakostnaður: 449 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Haldið var áfram framkvæmdum við skipalyftuna. Lokið var við uppsetningu lyftubúnaðar og stjórnstöðvar. Þessu verki lauk um mánaðamótin júní-júlí 1982. Skipalyftan var vígð í byrjun júlí með upptöku skuttogarans Sindra. Þótt skipalyftan sé þar með komin í notkun er ólokið byggingu færslukerfis á skipastæðum. Lokið er byggingu hliðarfærslugryfju og hliðarfærsluvagns, en ólokið er uppsetningu hliðarfærsluvéla. Þrjú stæði eru þegar byggð,

